Alþingi sett, og fyrsti fundur í sameinuðu þingi. Árið 1885, 1. dag júlímánaðar, var hið 6. löggefandi alþingi sett í Reykjavík. Fyrst söfnuðust allir alþingismenn, sem til þings voru komnir, ásamt landshöfðingja Bergi Thorberg, í alþingishúsinu, og gengu þaðan til guðsþjónustugjörðar í dómkirkjunni. Dómkirkjupresturinn, síra Hallgrímur Sveinsson, prjedikaði, og lagði út af 25. sálmi Davíðs, 4. og 5. v.

Að aflokinni guðsþjónustugjörð gengu menn aptur inn í alþingissalinn. Las þá landshöfðingi fyrst upp skipun konungs til sín um að setja þingið, svo hljóðandi:

«Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Lauenborg og Aldinborg.

Vora sjerlegu hylli!

Vjer veitum allramildilegast þjer, sem landshöfðingja Vorum yfir Voru landi Íslandi, vald til að setja hið reglulega alþingi, sem kemur saman miðvikudaginn 1. dag júlímán. næstkomandi, og átt þú þar að auki að birta alþingi boðskap Vorn, sem hjer með fylgir og dagsettur er í dag.

Þetta er vilji Vor.

Felandi þig guði!

Ritað á Amalíuborg 22. dag maímán. 1885.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

Til Vors elskulega
herra Bergs Ólafssonar Thorbergs, kommandörs af dannebrogsorðunni og dannebrogsmanns, Vors landshöfðingja yfir Íslandi».

Síðan las landshöfðingi upp boðskap konungs til alþingis, svo látandi:

«Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Lauenborg og Aldinborg.

Vora konunglegu kveðju!

Vjer færum alþingi hjartanlega þökk Vora fyrir þann vott um hollustu við oss og Vort konunglega hús, sem kemur fram í ávörpum þeim, er báðar þingdeildir hafa tjáð oss.

Fyrir viðleitni Vorrar stjórnar var gjörður verzlunar- og sjófarasamningur við Spán hinn 29. dag marzmánaðar 1884, þar sem og var gætt hagsmuna Íslands. Því miður hefur samningur þessi ekki náð gildi, vegna tálmana, er gjörðar hafa verið máli þessu frá hálfu ríkisþings Vors.

Apturför sú, er orðið hefur á almennri velmegun fyrir hallærisárin, lýsir sjer og í miður góðu fjárhagsástandi, er kemur fram í frumvarpi Vorrar stjórnar til fjárlaga fyrir 1886 og 1887. En Vjer höfum örugga von um, að landsmönnum muni takast með sparsemi, iðni og atorku að efla framfarir atvinnuvega landsins, og fá þannig fjárhirzlu sinn bættan innan skamms.

Með því að stofnun banka, er ætti við hag Íslands, mun vera öflugt meðal til að efla atvinnuvegina, felum Vjer alþingi sjerstaklega til íhugunar lagafrumvarp um stofnun landsbanka, er stjórn Vor mun leggja fyrir þingið.

Með lagafrumvarpi þessu og ýmsum öðrum frumvörpum hefur stjórn Vor leitazt við að verða við óskum þeim, er komið hafa fram á hinu síðasta alþingi.

Með innilegri ósk um að starfi alþingis verði landinu til hamingju og blessunar, heitum Vjer alþingi hylli Vorri og konunglegri mildi.

Ritað á Amalíuborg 22. dag maímán. 1885.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann

Að því búnu kvaðst hann í umboði konungs lýsa yfir því, að alþingi væri sett; stóð þá upp þingmaður Suður-Þingeyinga, Jón Sigurðsson, og mælti: «Lengi lifi konungur vor Kristján níundi!», og tóku allir þingmenn undir það í einu hljóði.

Þessir alþingismenn voru til þings komnir:

A. *Konungkjörnir:* 1. Pjetur Pjetursson, 1. konungk. þingm.; 2. Jón Pjetursson, 2. kgk. þm.; 3. Magnús Stephensen, 3. kgk. þm.; 4. Árni Thorsteinsson, 4. kgk. þm ; 5. Lárus E. Sveinbjörnsson, 5. kgk. þm.; 6. Hallgrímur Sveinsson, 6. kgk. þm.

B. *Þjóðkjörnir:* 1. Arnljótur Ólafsson, 1. þm. Eyfirðinga; 2. Ásgeir Einarsson, þm. Strandasýslu; 3. Benidikt Krisjánsson, þm. Norður-Þingeyinga; 4. Benidikt Sveinsson, 2. þm. Norður-Múlasýslu; 5. Egill Egilsson, þm. Mýramanna; 6. Einar Ásmundsson, 2. þm. Eyfirðinga; 7. Eiríkur Briem, 2. þm. Húnvetninga; 8. Eiríkur Kúld, þm. Barðstrendinga; 9. Friðrik Stefánsson, 1. þm. Skagfirðinga; 10 Grímur Thomsen, þm. Borgfirðinga; 11. Gunnlaugur Briem, 2. þm. Skagfirðinga; 12. Halldór Kr. Friðriksson, þm. Reykvíkinga; 13. Jakob Guðmundsson, þm. Dalamanna; 14. Jón Jónsson, þm., Austur-Skaptfellinga; 15. Jón Ólafsson, 2. þm. Suður-Múlasýslu; 16. Jón Sigurðsson, þm. Suður-Þingeyinga; 17. Lárus Blöndal, 1. þm. Húnvetninga; 18. Ólafur Pálsson, þm. Vestur-Skaptfellinga; 19. Sighvatur Árnason, 1. þm. Rangvellinga; 20. Skúli Þorvarðarson, 2. þm. Rangvellinga; 21. Tryggvi Gunnarsson, 1. þm. Suður-Múlasýslu; 22. Þórarinn Böðvarsson, 1. þm. Gullbr.- og Kjósars.; 23. Þórður Magnússon, 2. þm. Ísfirðinga; 24. Þorkell Bjarnason, 2. þm. Gullbr. og Kjósars.; 25. Þorlákur Guðmundsson, 1. þm. Árnesinga; 26. Þorsteinn Jónsson, þm. Vestmanneyinga; 27. Þorsteinn Thorsteinsen, 1. þm. Ísfirðinga; 28. Þorvarður Kjerúlf, 1. þm. Norður-Múlasýslu.

Ókomnir voru: Holger Clausen, þm. Snæfellinga, og Magnús Andrjesson, 2. þm. Árnesinga.

Landshöfðingi skoraði því næst á hinn 1. konungkjörna, Pjetur biskup Pjetursson, samkvæmt þingsköpunum, sem var elztur þingmanna, að ganga til forsetasætis, og gangast fyrir kosningu á forseta hins sameinaða alþingis. Tók biskupinn sæti í forsetastólnum, og kvaddi sjer til aðstoðar þingmann Barðstrendinga, E. Kúld, og þingmann Reykvíkinga, H. Kr. Friðriksson. Því næst stakk hann upp á, að velja þriggja manna nefnd til þess að rannsaka kjörbrjef þriggja hinna nýju þingmanna (5. og 6. konungkjörna þm. og þm. Austur-Skaptafellssýslu), og eptir nokkrar umræður var það samþykkt; fyrir kosningu urðu: Grímur Thomsen með 16 atkv., Árni Thorsteinson og Magnús Stephensen með 11 atkv. hvor. Nefnd þessi kaus sjer sem framsögumann Árna Thorsteinson. Nefndin taldi alla hina nýju þingmenn löglega kosna og voru kjörbrjef þeirra samþykkt, og unnu því næst hinir nýkjörnu þingmenn hinn lögboðna eið að stjórnarskránni.

Að því búnu skoraði forseti á þingmenn, að kjósa forseta hins sameinaða alþingis, og fjellu þau atkvæði þannig: Eiríkur Briem fjekk 11 atkv., Arni Thorsteinson, 9 atkv., Grímur Thomsen 6 atkv., Magnús Stephensen 5 atkv., H. Kr. Friðriksson og Pjetur Pjetursson 1 atkv. hvor.

Með því að enginn hafði hlotið meiri hluta atkv., var kosið á ný óbundnum kosningum, og fjellu þá atkvæði þannig: Eiríkur Briem 13 atkv., Árni Thorsteinson 10, Grímur Thomsen 8, Magnús Stephensen 4, H. Kr. Friðriksson 1. Þar eð enginn hafði fengið meiri hluta atkv., var kosið á milli þeirra tveggja, er flest höfðu atkvæði, og fengu þá Árni Thorsteinson og Eiríkur Briem 16 atkv. hvor. Rjeði þá hlutkesti, og varð Árni Thorsteinson forseti hins

sameinaða þings; gekk hann þá til forsetasætis og kvaddi þingmenn til að kjósa varaforseta, og fjellu þau atkvæði þannig: H. Kr. Friðriksson 11 atkv., Eiríkur Briem 8, Benidikt Sveinsson 7, Grímur Thomsen 4, Lárus Blöndal 2, Jón Pjetursson 1.

Með því enginn þessara hafði hlotið meiri hluta atkvæða, var kosið á ný, og hlaut H. Kr. Friðriksson 20 atkv., Eiríkur Briem 7, Benidikt Sveinsson 3, Grímur Thomsen 2, Lárus Blöndal 1. Varð H. Kr. Friðriksson þannig varaforseti hins sameinaða þings.

Því næst voru kosnir skrifarar hins sameinaða þings og hlutu kosningu: Eiríkur Kúld með 14 atkv. og Eiríkur Briem með 11 atkv. Næst þeim fengu Benidikt Kristjánsson 9 atkv. og Egill Egilsson 8.

Því næst var kosinn einn þjóðkjörinn þingmaður til efri deildar, í stað Stefáns heitins Eiríkssonar, fyrrum alþingismanns Austur-Skaptfellinga, og varð fyrir þeirri kosningu síra Jakob Guðmundsson, þingmaður Dalamanna, með 28 atkv.

Loks ljet forseti kjósa nefnd til að rannsaka ferðareikninga alþingismanna, og fjell sú kosning þannig: Einar Ásmndsson 17 atkv., Grímur Thomsen 10, Eiríkur Kúld 9, Tryggvi Gunnarsson 9, Arnljótur Ólafsson 8, Benidikt Kristjánsson 8, Magnús Stephensen 8.

Með því að eins E. Ásmundsson fjekk nægan atkvæðafjölda, var kosið aptur óbundnum kosningum og fjell þá kosningin þannig: Grímur Thomsen 20 atkv., Eir. Kúld 17, Tr. Gunnarsson 16, og urðu þessir þrír ásamt E. Ásmundssyni nefndarmenn. Næst þeim fengu flest atkv., M. Stephensen 18 atkv., en Arnljótur Ólafsson 13, og varð svo M. Stephensen nefndarmaður.

Síðan skiptist þingið, og gengu efri deildar menn í þingsal efri deildar.

Fyrsti fundur í efri deild, 1. júlí. Ár 1885, hinn 1. júlí, komu hinir konugkjörnu alþingismenn

1. Pjetur biskup Pjetursson,
2. Jón háyfirdómari Pjetursson,
3. Magnús yfirdómari Stephensen,
4. Árni landfógeti Thorsteinson,
5. Lárus yfirdómari Sveinbjörnsson,
6. Hallgrímur dómkirkjuprestur Sveinsson;

og hinir þjóðkjörnu alþingismenn

7. Ásgeir bóndi Einarsson, þm. Strandamanna;
8. Benidikt prófastur Kristjánsson, þm. Norður-Þingeyinga;
9. Einar umboðsm. Ásmundsson, 2. þm. Eyfirðinga;
10. Jakob prestur Guðmundsson, þm. Dalamanna;
11. Sighvatur hreppstjóri Árnason, 1. þm. Rangvellinga;
12. Skúli hreppstjóri Þorvarðarson, 2. þm. Rangvellinga,

saman í þingsal efri deildar alþingis.

Dr. Pjetur biskup Pjetursson gekk til forsetasætis sem aldursforseti og skoraði á deildarmenn að kjósa forseta. Hlaut biskup *Pjetur Pjetursson* kosningu með 11 atkv. Til varaforseta var kosinn landfógeti *Árni Thorsteinson* með 6 atkv. Skrifarar voru kosnir *Magnús Stephensen* með 9 atkv. og *Hallgrímur Sveinsson* með 8 atkv.

Forseti skýrði frá, að landshöfðingi hefði í brjefi, dags. sama dag, tilkynnt sjer, að hann ætlaði að leggja fyrir efri deild á væntanlegum fundi á morgun, 2. júlí, þau 8 lagafrumv. frá stjórninni, er nú skal greina:

1. Frv. til laga um hluttöku safnaða í veitingu brauða;
2. — — laga um stofnun borgaralegs hjónabands og uppfræðslu barna í trúarefnum, þegar eigi hvorttveggja foreldra hafa þjóðkirkjutrú;
3. — — laga sem hafa inni að halda ákvarðanir um lögreglu;
4. — — laga um lögtak og fjárnám án undirstöðu dóms eða sáttar;
5. — — laga um breytingu á mati nokkurra jarða í Rangárvallasýslu;
6. — — laga um innsetningu á skepnum;
7. — — laga um breytingu á 1. gr. í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla;
8. — — laga um að veita stjórninni heimild til að fyrirskipa, að auglýsingar þær, sem um er rætt í opnu brjefi 27. maí 1859, verði teknar upp í Stjórnartíðindin deildina B.

Annar fundur, 2. júlí, kl. 1 e. m. Allir á fundi nema Jakob Guðmundsson, Jón Pjetursson og Magnús Stephensen (er hafði tilkynnt forföll sín: annir við burtfararpróf í latínuskólanum þann dag og daginn eptir).

Landshöfðingi lagði fram stjórnarfrumvörp þau, 8 að tölu, er áður eru nefnd.

Þriðji fundur, 3. júlí. Allir á fundi.

Frumvarp til laga um stofnun borgaralegs hjónabands, og uppfræðslu barna í trúarefnum, þegar eigi hvorttveggja foreldra hafa þjóðkirkjutrú (sjá deildina C., bls. 52). 1. umræða.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að fela hinni háttvirtu deild mál þetta til ýtarlegrar íhugunar. Að öðru leyti skal jeg ekki orðlengja um það í þetta sinn, með því jeg gjöri ráð fyrir, að nefnd verði skipuð í því, en að eins láta mjer nægja að skírskota til athugasemdanna aptan við frumvarpið, er sýna, hversvegna stjórninni hafi þótt nauðsynlegt að leggja þetta mál fyrir þingið. Skal jeg svo fela hinni háttvirtu þingdeild málið til beztu meðferðar.

Hallgrímur Sveinsson: Af því að mál þetta er mjög þýðingarmikið, og því æskilegt, að menn fái tækifæri til að íhuga það ýtarlega og skoða það frá fleiri hliðum, þá vil jeg leyfa mjer að stinga upp á því, að sett verði 3 manna nefnd í málinu.

Eptir nokkrar umræður, er lutu að því hvort það væri samkvæmt þingsköpunum, að vísa málinu þegar til 2. umr. eða hvort fresta skyldi 1. umræðu, ef nefnd yrði kosin, bar *forseti* undir atkvæði, hvort nefnd skyldi setja, og var það samþykkt með 10 atkvæðum, og í hana kosnir: Jón Pjetursson með 8 atkv, Benidikt Kristjánsson með 7 atkv., Sighvatur Árnason með 5 atkv. Fyrstu umræðu síðan frestað.

Frumvarp til laga um hluttöku safnaða í veitingu brauða (C 63); 1. umr.

Jakob Guðmundsson: Um mál þetta hefur verið mikið rætt að undanförnu, að minnsta kosti á tveimur seinustu þingunum, og ætti því þetta að vera mönnum kærkomið. Jafnvel þótt því kunni að þurfa að breyta í ýmsum atriðum, mega menn þó vera stjórninni þakklátir fyrir, að hún hefur lagt málið fyrir þingið, og þar sem stjórnin segir sjálf í athugasemdum sínum við frv., að mjög æskilegt væri, ef tekizt gæti að verða á einu máli um skipun þessa máls, sem hefur verið fylgt fram með svo miklum áhuga, þá leyfi jeg mjer að stinga upp á 3 manna nefnd.

Forseti bar þá undir atkvæði, hvort nefnd skyldi kosin, og var það samþykkt. Í hana voru kosnir: Einar Ásmundsson með 8 atkv., Árni Thorsteinson með 7 atkv., Jakob Guðmundsson með 7 atkv. Fyrstu umr. var síðan frestað.

Frumvarp til laga um innsetning á skepnum (C 48); 1. umr.

Ásgeir Einarsson: Eins og menn muna, var mikið rætt um þessar greinar á síðasta þingi, og þó nokkur ágreiningur væri um þær, þóttu þær þó einhver hinn mest áríðandi og nauðsynlegasti þáttur í landbúnaðarmálinu. Jeg leyfi mjer því að stinga upp á, að 3 manna nefnd verði skipuð til að íhuga málið.

Síðan var nefnd samþykkt, og í hana kosnir: Árni Thorsteinson með 7 atkv., Ás-

geir Einarsson með 7 atkv. Sighvatur Árnason með 5 atkv. Fyrstu umr. síðan frestað.

Forseti gat þess, að þareð synodus yrði haldin á morgun, gæti eigi orðið fundur fyr en á mánudaginn, 6. júlí, kl. 1. e. m.

Fjórði fundur, mánudag 4. júlí. Allir á fundi.

Forseti gat þess, að tilkynning væri komin til sin frá nefnd þeirri, er þingd. hefði kosið til þess, að athuga frv. til laga um innseting á skepnum; var í þessa nefnd kosinn formaður Ásgeir Einarsson, og skrifari Árni Thorsteinsson; færi þessi nefnd því á flot, að 2 mönnum væri bætt við í nefndina, nefnil. hinum 3 kgk. þm. (M. St.) og 2. þm. Rangv. (Sk. Þ.); bar forseti þessa ósk upp til atkvæða og var hún samþykkt í einu hljóði.

Ennfremur skýrði forseti frá, að nefnd sú, er kosin hefði verið til að íhuga frv. til laga um hluttöku safnaða í veitingu brauða, hefði kosið formann Árna Thorsteinsson, en skrifara Einar Ásmundsson; en nefnd sú, sem kosin hefði verið til að íhuga frv. til laga um stofnun borgaralegs hjónabands o. s. frv., hefði kosið formann Jón Pjeturson og skrifara B. Kristjánsson.

Loks gat forseti þess, að hann hefði fengið brjef frá fundarstjóra á Þingvallafundi 27. júní 1885, þar sem hann í umboði fundsins sendi skýrslu um fundinn, prentaða í blaðinu Ísafold, — og mundi skýrslan verða lögð fram á lestrarsalinn.

Ennfremur hefði hann meðtekið sýslufundargjörðir úr Rangárvallasýslu, er mundu verða lagðar fram á lestrarsalinn; sömuleiðis skjöl viðvíkjandi selamálinu, er einnig mundu verða lögð fram á lestrarsalnum.

Þá var tekið til dagskrár:

Frumvarp til laga, sem hefur inni að halda ákvarðanir um lögreglu (C. 76); 1. umræðu.

Landshöfðingi: Í athugasemdum aptan við frv. þetta er nákvæmar gjörð grein fyrir því, hversvegna stjórnin hefir fundið ástæðu til að leggja þetta frv. fyrir þingið; í þessum athugasemdum er stuttlega drepið á ófullkomlegleika í þeim atriðum löggjafarinnar, sem snerta lögreglumál. Það hefur nefnilega opt áður komið fyrir, að menn hafa orðið að beita lögum, sem sumpart hefur þótt vafasamt, hvort gildandi væri hjer á landi, og sumpart eigi hafa verið sniðin eptir högum og þörfum landsins. Til að bæta úr þessum vandkvæðum hefur stjórnin lagt fyrir þingið frv. það, sem hjer liggur fyrir og sem hefur þá aðalákvörðun inni að halda, að innleiða lögreglusamþykktir eigi einungis fyrir kaupstaði, heldur einnig fyrir einstök lögsagnarumdæmi eða parta af lögsagnarumdæmum á landinu, ef það þykir nauðsynlegt eða hagfellt. Þetta er aðalstefna frv. Jeg vona, að hin h. þingd. viðurkenni, að frv. sje mikilsvert og verðskuldi það, að það sje alvarlega íhugað, og að með því sje greiddur vegur til að bæta úr annmörkum þeim, sem á eru í þessu efni. Jeg býst því við, að hin h. þingd., sem jeg ætla að hafi haft ofstuttan tíma og eigi nægilegt tækifæri til að kynna sjer málið, muni finna ástæðu til að setja nefnd í það, og ætla jeg því ekki að orðlengja frekar um það að sinni.

Jakob Guðmundsson: Eins og h. hæstv. ldsh. drap á, munu deildarmenn eigi hafa haft nægilegan tíma til að kynna sjer þetta frv., eða svo er um mig að minnsta kosti. Jeg efast nú ekki um, að frv. þetta muni vera sprottið af stjórnarlegri umhyggju fyrir velferð og rjettarfari landsins; en jeg fæ ekki dulizt þess, að mjer finnst frv. í dýpsta eðli sínu ekki byggt á rjettum grundvelli eða heppilegum. Jeg skal kannast við, að það gæti verið gagnlegt og nauðsynlegt meðal til þess, að efla og viðhalda reglu í bæjum; en það sem gjörir mig efablandinn, og það, sem mjer finnst ískyggilegt, er það, að mjer finnst það fara í öfuga stefnu við aðrar áþekkar samþykktir. Aðrar samþykktir, svo sem fiskiveiðasamþykktir og samþykktir um notkun afrjetta, byrja að neðan og halda svo upp á við, frá hreppsnefndum og sýslunefndum til amtmanna. Þeir, sem njóta, gjöra uppástungurnar. Mjer finnst því eitthvað öfugt við það, að nú í þessu frv. skuli áþekk samþykkt ganga að ofan niður á við. Hinar neðri stjórnir hafa eptir frv. að eins *tillögurjett*, án þess amtmaður eða landshöfðingi sjeu bundnir

við tillögurnar. Úr þessu myndast sjálfræði að ofan, þar sem hinar neðri stjórnir eru að eins ráðgefandi. Mjer dettur ekki í hug að efast um, að tilgangur stjórnarinnar með frv. sje góður; en af því málið er svo umfangsmikið, efast jeg um, að hægt verði að laga frv. svo, að það verði viðunandi eða von um að stjórnin samþykki það, eins og það mundi nú koma frá þinginu. Mjer finnst frv. ótímabært, og ræð til að það verði látið hvíla sig, í þeirri von, að slík lagasamþykkt komi af sjálfu sjer, þegar þjóðin finnur nauðsyn til hennar, eða þegar fengin er eðlileg og gagngjörð umbót á stjórnarskrá vorri og hinni innri landsstjórn. Jeg álít heppilegast fyrir hverja stjórn, að þegnarnir verði sem sjálfstæðastir og frjálsastir í andlegu tilliti, því þá vinnur þjóð og stjórn saman í bróðurlegri eindrægni andans, stjórninni til heiðurs og þjóðinni til farsældar og framfara.

Landshöfðingi: Jeg fæ ekki sjeð, að mótbárur h. þm. Dal. (J. Guðm.) sjeu á rökum byggðar, eða rjettlæti þá aðferð, að vísa þessu frv. nú þegar frá. Hinn h. þm. kannaðist við, að hann og aðrir þingdeildarmenn væri eigi búnir að kynna sjer frv. til hlítar; en til þess að hafa ástæðu til að vísa frv. á bug, þurfa hinir háttv. þingdm. áður að vera búnir að kynna sjer það nákvæmlega. Jeg skal leyfa mjer að benda h. deild á það, að þá galla, sem kynni að þykja á frv., er h. þingdm. innan handar að laga, og breyta frv. eins og betur þætti fara. Annars verð jeg að halda því fram, að jeg get ekki betur sjeð, en að frumvarpið gangi í frjálslega stefnu og sje hagkvæmlega miðað eptir högum og þörfum á hverjum einstökum stað, og heimili þeim stjórnarvöldum, sem ráða á hverjum stað, og þeir hafa bezta þekkingu á því, hvað bezt á við, nægileg áhrif á samþykktir þær, sem frv. gjörir ráð fyrir. Ef þm. Dal. (J. G.) þykir sýslunefndum og bæjarstjórnum ætlað of lítið vald, stendur honum frjálst fyrir að koma fram með breyttill. Jeg tek það aptur fram, að jeg ætla að mál þetta sje þess vert, að það sje nákvæmlega íhugað; en að vísa því nú þegar frá, án þess að skipa nefnd í það, verð jeg að álíta ógjörning, enda ber jeg eigi kvíðboga fyrir, að hin heiðraða þingd. muni gjöra það.

Benidikt Kristjánsson: Jeg get tekið undir með þm. Dal. (J. G.), að jeg eins og hann er eigi nægilega búinn að kynna mjer frv. þetta; að minnsta kosti verð jeg að játa, að jeg er ekki búinn að samlaga sannfæringu minni stefnu og grundvöll frv.; en mjer er samt spurn: Ef þarflegar og nauðsynlegar lagaákvarðanir fyrir lögreglustjórn vanta, hvert er þá eðlilegast að snúa sjer til að bæta úr? Er ekki eðlilegast að snúa sjer til hins löggefandi alþingis? Og ef horfið er frá alþingi, væri þá ekki eðlilegast, að bæjarstjórnir og sýslunefndir væru hinir fyrstu hefjendur þessa máls? En hverjir löggjafar eru nú hjer? Amtmenn og jafnvel lögreglustjórar. Og hvaða lagaákvarðanir eru settar hjer? Það eru ákvarðanir, sem varða miklu, sem ákveða mikla hegningu og fjárútlát. Mjer getur eigi dulizt það, að ef frv. yrði samþykkt, kæmist hin mesta ósamkvæmni inn í löggjöf vora. Og ef ráðríkir og óhlutvandir embættismenn ættu hlut að máli, gætu þeir beitt valdi sínu í ískyggilega og í þá stefnu, sem hættuleg væri fyrir þegnlegt frelsi. Jeg fyrir mitt leyti álít, að frv. gangi ekki í æskilega stefnu og álít það því skyldu mína, að greiða atkvæði móti því, að það verði þannig að lögum. Hins vegar álít jeg, að þingið færðist ofmikið í fang, ef það færi að reyna að breyta því þangað til það yrði viðunandi, því þá þyrfti alveg að breyta grundvelli þess og stefnu. Hitt ætla jeg þess vegna ráðlegra, að fella nú frv., því þá kæmi stjórnin aptur með annað nýtt frv. Jeg skal eigi neita því, að það kynni að vera nauðsynlegt að hafa lögreglusamþykktir miðaðar við staðarlegar kringumstæður; en þá þyrfti gangurinn að vera annar. Hjer eru löggjafarnir 3: alþingi með konungi, amtmenn, og lögreglustjórarnir sjálfir.

Landshöfðingi: Mjer virðist, að eigi fleiri af hinum háttv. þingdm. ætli sjer að taka til máls, og skal jeg því mæla fáein orð til varnar frv. þessu. Hinn h. þm. N-Þing. (B. Kr.) var yfir höfuð á sama máli og þm. Dal. (J. G.); en jeg gat eigi fundið að hann kæmi með neinar nýjar verulegar mótbárur gegn frv. Hinn h. þm. sagði, að ef stjórnin vildi koma fram með nýjar lagaákvarðanir um lögreglu, væri rjettast að stjórnin sneri sjer til alþingis. Hinn heiðraði þm. verður að gæta þess, að einmitt þetta gjörir stjórnin nú með frv. þessu, og á þann hátt, sem jeg ímynda mjer að menn verði að álíta haganlegan. Að þetta frv. geti leitt til gjörræðis, er ekki rjett. Hjer er í aðalatriðinu ekki verið að setja nýjar lög-

regluákvarðanir, heldur verið að leitast við að koma á samþykktum, sem miða til að efla og viðhalda góðri reglu, og þegar þess er gætt, hvaða atriði frv. einkum gengur út á — jeg skal á þessu stigi málsins ekki fara út í einstök atriði, en að eins benda á 2. gr. frv. — þá eru þessi atriði einmitt þess eðlis, að það sýnist eiga mjög vel við, að um þau sjeu gjörðar ákvarðanir með samþykktum, löguðum eptir því, sem hagar til á hverjum stað. Hinn h. þm. benti á, að það væri höfuðgalli á frv., að amtmönnum og lögreglustjórum væri ætlað að setja reglu um löggæzlu, en ekki bæjarstjórnum og sýslunefndum. Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að bæjarstjórnum og sýslunefndum er ætlað að hafa áhrif á samþykktir þær, sem frv. gjörir ráð fyrir; þeim er ætlað að koma fram með tillögur, sem hafa mikla þýðingu. Að öðru leyti liggur það beint fyrir, að þótt deildarmönnum kynni að þykja nauðsyn til bera að gjöra breytingu á frv., getur það samt komið að góðum notum. Jeg verð að halda því fram, að það væri æskilegt, að skipa nefnd til að íhuga frv. nákvæmar. Komist hin h. þingd. eptir nákvæma rannsókn að þeirri niðurstöðu, að frv. sje óhaganlegt, er ætíð nógur tími til að vísa því frá. Jeg hef það traust til hinna h. þingdm., að þeir muni rannsaka frumv. nákvæmlega áður en því er ráðið til lykta.

Jakob Guðmundsson: Jeg neita því engan veginn, að góðar reglur fyrir löggæzlu sjeu nauðsynlegar og að samþykktir þurfi til að styðja að því, að þessar reglur fáist; en hvað þetta frumv. snertir, þá get jeg ekki álitið það heppilegt, því auk þeirra höfuðgalla, er jeg áður hef tekið fram, verð jeg að telja það mjög varhugavert, að gripið sje svo mjög inn í hið sjerstaklega líf manna. Þannig virðast mjer ákvarðanirnar í síðara hluta 14. gr. ganga helzt til nærri heimilisrjettinum. Hins vegar er það sjálfsagt, að breyta má í meðferðinni ákvörðunum þeim, er menn eigi telja sem heppilegastar, og vil jeg því eigi vera á móti því, að málið gangi lengra áleiðis, svo það verði rannsakað í einstökum atriðum, ef ekki til annars, þá þó stjórninni til leiðbeiningar síðar meir. En hvað sjálfan mig snertir persónulega, þá finnst mjer jeg ekki vera fær um að koma málinu í æskilegt horf, og vil jeg því ekki leggja það til, að nefnd sje sett í því, að minnsta kosti mundi jeg ekki hæfur í slíka nefnd.

Alþt. 1885 A.

Lárus E. Sveinbjörnsson: Mjer virðist svo, sem hinir h. þingmenn, þm. N-Þing. (B. Kr.) og þm. Dal. (J. G.), sjeu eigi á móti ákvörðunum þeim um lögreglu, er frv. inniheldur, heldur að eins því, að samþykktirnar komi að ofan. Ákvarðanirnar sjálfar álíta þeir, að því er mjer skilst, báðir nauðsynlegar og góðar. En til þess að stjórnin geti sjeð vilja þingsins í þessu máli, og þá síðar, ef henni svo sýnist, samið annað frv., er taki tillit til skoðana þingsins, þá álít jeg nauðsynlegt, að þingd. taki málið til rannsóknar í einstökum atriðum þess, og vil jeg því leyfa mjer að stinga upp á 3 manna nefnd.

Sú uppást. var felld með 6 atkv. gegn 5, en málinu vísað til 2. umr. með sama atkvæðamun.

Frv. til laga um lögtak og fjárnám án undirstöðu dóms og sátta (C 101); 1. umr.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að vísa til athugasemdanna við frumvarp þetta. Að eins skal eg geta þess, að lög þau, er nú gilda hjer á landi um lögtak og fjárnám, eru að því leyti ófullkomin, að þau að eins innihalda aðalákvarðanir í þessu efni, en veita enga úrlausn í mjög mörgum einstökum tilfellum, er fyrir geta komið. Í Danmörku hafa nýlega verið samin lög um þetta efni, og hefur stjórnin samið þetta frv. í samhljóðun við þessi lög, að því leyti, er átt gat við þarfir og ástand Íslands. Þessi dönsku lög eru frá 29. marz 1873. Með því enginn efi getur verið á því, að lög þessi bæti úr verulegum göllum á hinni íslenzku löggjöf, þá er vonandi, að hin h. þingd. taki málið til ýtarlegrar meðferðar, svo að lög mættu verða sett um þetta efni, er væru löguð eptir þörfum landsins og yrðu að sem beztum notum. Af því jeg ímynda mjer, að nefnd verði skipuð og mjer þannig gefist tækifæri til að tala um málið síðar, ætla eg ekki að fara fleirum orðum um það í þetta sinn.

Jakob Guðmundsson: Jeg stend upp að eins til þess, að stinga upp á því, að 3 manna nefnd verði sett í málinu og að 1. umr. verði frestað.

Einar Ásmundsson: Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á því, að 1. umr. verði haldið áfram til loka, og málinu síðan vísað til 2. umr. og nefnd sett. Að öðru leyti vil jeg að eins bæta því við, að jeg álít mál

þetta mjög þarflegt og er mjer því umhugað um, að það verði vel og rækilega íhugað.

Nefnd samþ., og í hana kosnir:

L. E. Sveinbjörnsson með 10 atkv
Magnús Stephensen með 9 —
Hallgrímur Sveinsson með 6 —

Málinu síðan vísað til 2. umr.

Frv. til laga um breytingu á mati nokkurra jarða í Rangárvallasýslu (C 44); 1. umr.

Landshöfðingi: Frv. það um breytingu á jarðamati í Rangárvallasýslu, er hjer liggur fyrir, er samið eptir matsgjörð, er fram hefur farið á jörðum þessum samkvæmt lögum 8. dag nóvembermán. 1883. Í frv. liggur þá fyrir hið nýja mat, er álitið var nauðsynlegt eptir skemmdir þær, er ýmsar jarðir í Rangárvallasýslu hafa orðið fyrir hin síðustu ár. Þess ber þó að gæta, að síðan jarðamat þetta var samið, hafa enn orðið skemmdir á þeim jörðum, er hjer um ræðir, svo að mat það, er hjer liggur fyrir, í sumum greinum ef til vill ekki er samsvarandi hinu núverandi ástandi. Engu að síður mun mega álíta, að þetta mat leiðrjetti að miklu leyti þann verulega skakka, sem orðið hefur á gildi þessara jarða af völdum náttúrunnar. Það vill og mjög vel til, að báðir hinir h. þm. Rangv. (S. Á. og Sk. Þ.) eiga sæti hjer í deildinni. Þeir eru nákunnugir ástandinu í sýslunni og geta gefið skýringar um skemmdir þær, er orðið hafa á jörðum þar síðan matið fór fram. Þótt frv. þetta sje eigi yfirgripsmikið, álít jeg þó, að það gæti orðið til góðs, að sett yrði nefnd til að rannsaka það, og það ekki sízt, ef ástæða kynni að vera til þess, að víkja í einhverjum atriðum frá því mati, sem hjer liggur fyrir.

Sighvatur Árnason: Jeg skal fyrst leyfa mjer að benda á nokkrar prentvillur í frv., er jeg óska að hinir h. þingdm. vildu kynna sjer og leiðrjetta. Sjer í lagi er ein, er nokkuð kveður að, þ. e. í athugasemdunum um «Minnivelli». Sýslunefndin stakk upp á 9 hndr., eins og danski textinn rjettilega sýnir, en í íslenzka textanum standa 4 hndr. Hjer standa því 4 hndr. í stað 9 hndr. — Svo er lítil prentvilla á nafninu Ysjar fyrir Yrjar.

Þá verður víst að álíta það prentvillu, en ekki annað, er stendur við Neðrasel og Efrasel í athugasemdunum. Þar standa 3 álnir fyrir $^3/_{10}$ = 36 álnir. Það má víst ekki álíta þetta misskilning hjá stjórninni, sem þó er auðskilið hverjum manni. Undarlegt er það, að danski textinn hefur sömu villuna.

Þá vil jeg, sjer í lagi út af orðum landshöfðingja, minnast á, að jeg gæti sætt mig við frumv. eins og það er, ef eigi væri komið nýtt mál til sögunnar, sem er, að þessar sömu jarðir hafa nú skemmzt á ný, sumar mjög mikið og allar nokkuð. Jeg verð því með hinum hæstv. ldsh. að álíta það nauðsynlegt, að nefnd verði kosin. Því að öðrum kosti mun tæplega fást nægur undirbúningur með álitið á hinum nýju skemmdum. Mætti þá að minnsta kosti taka breytingar sýslunefndarinnar inn í frumv., því lengra verður, ef til vill, ekki mögulegt að fara úr því sem komið er. Þó mun jeg síðar, ef jeg ekki heyri neinar verulegar mótbárur frá hinum h. þingdm., koma fram með ýmsar fleiri breytingar. Þó málið sje eigi mjög yfirgripsmikið, vil jeg þó leyfa mjer að stinga upp á 3 manna nefnd; því yfirgripsminna sem málið er, því minni tíma þarf þá nefndin til að yfirvega það.

Nefnd samþ. og kosnir:

Sighv. Árnason með 8 atkv.
M. Stephensen með 4 —
Sk. Þorvarðsson — 4 —

Málinu vísað til 2. umr. í e. h.

Fimmti fundur, þriðjudag 7. júlí kl. 1. Allir á fundi.

Forseti skýrði frá, að hann hefði fengið skýrslu um, að í nefnd þeirri, sem skipuð var til þess að íhuga frv. til laga um breyting á mati nokkurra jarða i Rangárvallasýslu, væri Sighvatur Árnason kosinn formaður, en Magnús Stephensen skrifari; og í málinu um lögtak og fjárnám án undirstöðu dóms eða sátta L. E. Sveinbjörnsson form. og Hallgr. Sveinsson skrifari.

Ennfremur gat forseti þess, að komin væri til sín fundarskýrsla úr Dalasýslu, sem lögð mundi verða á lestrarsalinn.

Frumvarp til laga um breyting á 1. gr. laga 27. febr. 1880 um skipun prestakalla (C. 49); 1. umr.

Landshöfðingi: Breytingar þær á prestakallalögunum 27. febr. 1880, sem frv. þetta fer fram á, hefur reynslan sýnt að eru óumflýjanlega nauðsynlegar. Það fyrirkomulag á hlutaðeigandi brauðaskipun, sem lögin 27. febr. 1880 fyrir skipa, hefir sýnt sig að vera ómögulegt í framkvæmdinni. Hjer í frv. er því farið fram á breytingu, sem hlutaðeigandi hjeraðsfundur og aðrir, sem kennsl bera á, álíta nauðsynlega og hagkvæma. Frv. hefir þann kost, að það bakar landssjóði lítinn kostnað, en kemur betra skipulagi á viðkomandi brauð. Líti maður á lögin 27. febr. 1880, og beri það saman við frv., lítur að vísu svo út, að landssjóður missi 600 kr. með því fyrirkomulagi, sem frv. fer fram á; en þessi tekjumissir er ekki sannur, og hverfur í rauninni, þegar þess er gætt, að ómögulegt er, að framkvæma prestakallalögin í því efni, sem hjer er um að ræða. Mjer er kunnugt, að sumir deildarmanna þekkja nákvæmlega til á þeim stöðum, sem frv. á við, og býst jeg því við, að hin h. deild geti notið góðs af kunnugleik þeirra. Málefnið sjálft er einfalt og óbrotið, svo jeg fyrir mitt leyti álít, að ef til vill sje eigi nauðsynlegt að kjósa nefnd í það, þar sem deildarmenn munu eiga hægt með að gjöra sjer það ljóst án nefndar.

Einar Ásmundsson: Það er ekki langt mál, sem jeg ætlaði að tala um frv. þetta, því það er alls ekki meining mín, að vera á móti því; en jeg get ekki stillt mig um að geta þess, að mjer kemur það undarlega fyrir, að nú skuli enn vera á prjónunum brauðabreytingamál úr Húnavatnssýslu. Jeg man svo langt, að jeg hafði þá æru að vera í nefnd þeirri, sem 1878 var skipuð til að íhuga og undirbúa prestakallamálið. Árið 1879 kom þingið saman, og samdi, eins og menn muna, prestakallalögin. Jeg man ekki betur en að þau, að því er Húnavatnssýslu snerti að minnsta kosti, væru að mestu leyti samkvæm því, sem hjeraðsfundurinn þar hafði óskað. En þrátt fyrir þetta kom þó strax til þingsins 1881 ósk um breytingu, sem framgang fjekk. Nú skyldu menn ætla, að gott skipulag hefði verið komið á brauðin þar; en því láni er þó ekki að fagna; hjer er enn farið fram á breyting. Jeg get ómögulega gert að því, að jeg kann ekki við, að ár eptir ár, þing eptir þing sje verið að breyta brauðaskipun í sama prófastsdæminu. Á þinginu 1883 komu fram bænir um brauðabreytingar í Vestur-Skaptafells- og Eyjafjarðar prófastsdæmi. Jeg man það, að frv. um breytingu í Eyjafirði átti mjög erfitt uppdráttar, allt þangað til búið var að laga það svo til, að það var landssjóði kostnaðarlaust með öllu, þótt breytingin kæmist á. Hjer er farið fram á nýjan 600 kr. kostnað fyrir landssjóð og því get jeg ekki verið með. Ef frv. yrði vikið þannig við, að landssjóður slyppi hjá kostnaði, er jeg fús til að styðja það. Jeg vil styðja hverja breytingu, sem til batnaðar er, en landssjóðsins vegna get jeg eigi fellt mig við sífellt hringl og hrærigraut fram og aptur á hans kostnað, því landssjóðurinn getur ekki borgað í það óendanlega.

Ásgeir Einarsson: Mjer ætti eigi að vera ókunnugt um þetta mál, því að jeg er kunnugur í báðum sýslunum. Nágranni minn, h. þm. Eyf. (E. Á.), undraði sig yfir því, að þessar breytingarfýsnir skyldu koma upp í Húnavatnssýslu. Jeg verð því að tala fáein orð út af þessu. Þegar farið var að undirbúa brauðaskipunina í Húnavatnsprófastsdæmi, var að vísu fundur haldinn; en eins og vita má, þar eð hjeraðsfundirnir þá voru ekki lögákveðnir, var þetta enginn löglegur hjeraðsfundur, heldur nokkurs konar prívat-fundur; og aðalstefnan á honum var sú, að hrúga sem mestu saman af brauðunum, til þess að jafna þau, en varast útgjöld á landsjóð. En lakast hefur hlotizt af því, að alþingi hrapaði að því að afgjöra málið svo fljótt, illa undirbúið. Um þetta leyti stóð líka nokkuð sjerstaklega á með þetta mál í Strandasýslu. Það þótti ófært fyrir sama prestinn, að þjóna Prestsbakka, Eyri og Stað. Jeg man eptir því, að jeg talaði við sjera Þórarinn sál. Kristjánsson, sem var sannkallaður Ferða-Hannibal Íslands, og taldi hann ókleyft að þjóna Eyri frá Prestsbakka og Staðarsóknum að auki, en aptur hægast að þjóna Stað og Prestsbakka. Menn fóru þá að hugsa um að sameina Eyrarsókn við Tröllatungu, en presturinn þar var þá tekinn að gjörast gamall og bað sig undan þeginn. Með þessa brauðaskipun, sem hjer liggur fyrir, eru allir hlutaðeigendur ánægðir. Jeg talaði við prófastinn, og þóttist hann þess fullviss, að einhver mundi verða til að sækja um Tröllatungu þannig lagaða, ef 200 kr. uppbótin fylgdi, þó brauðið yrði mjög erfitt. En þar þarf vel að gæta að sambandinu, sem er milli þessarar brauðaskipunarbreytingar í Húnavatns- og Strandasýslum. Þessi breyting

hefði fyrir löngu verið borin fram úr Húnavatnssýslu. ef sambandið við Strandasýslu hefði ekki tafið fyrir, og jeg get fullvissað um, að það eru fyllstu orsakir til dráttarins. Strandasýslumenn höfðu nefnilega keypt jörðina Fell í Kollafirði fyrir harðindin og ætluðu sjer að reisa þar unglingaskóla. Svo þegar óærið kom, dofnaði þessi skólahugmynd og lagðist í dá, þangað til í fyrra, að fundur var haldinn á Borðeyri um eignir alþýðuskólastofnunar við Hrútafjörð. Sáu menn þá, að enginn kostur var að stofna skóla á Felli, og er í ráði að þeir slái sjer saman við skólastofnunina við Hrútafjörð, ef hún kemst á. Meðan á þessu stóð, urðu Húnvetningar að bíða, enda gjörði þeim það ekkert til, því að presturinn á Melstað vildi með engu móti ganga að sameiningunni, þegar Staðarbakki losnaði. En nú er þess að gæta, að bráðum verður að byggja kirkjuna á Staðarbakka. Skyldi nú svo fara, að einhver sækti um Melstað, ef hann losnaði, þó hann væri sameinaður Staðarbakka, þá yrði kirkjan á Staðarbakka óþörf og til einkis; en hana má til að byggja, því að hún er orðin óbrúkandi, og má ekki bíða þess, að Melstaðarbrauðið losni, sem varla verður meðan prestur sá lifir, sem þar er nú. Hefði ekki staðið svona á í Strandasýslu, hefðu Húnvetningar ekki orðið svona síðbúnir með þetta mál. Hvað peningaspursmálið snertir, þá mætti ef til vill leggja nokkuð meira á Melstað, en jeg þori samt ekkert um það að fullyrða, því mjer er ekki vel kunnugt um tekjur þess brauðs; það veit biskupinn betur en jeg. Einungis bendi jeg á þetta atriði, ef ástæða þætti vera til að leggja meiri áherzlu á það.

Jón Pjetursson: Jeg þykist vera kunnugur í Hrútafirði og Miðfirði; og mín sannfæring er, að það sje ómögulegt að þjóna Staðarprestakalli frá Húki; þar er yfir tvo þá verstu hálsa að fara, sem hugsast geta; jeg þarf ekki að lýsa þeim, því að allir þekkja Hrútafjarðarháls, og þó er hinn hálsinn næstum verri. Jeg er fyllilega sannfærður um, að enginn, sem til þekkti, mundi nokkurn tíma sækja um hið svokallaða Húksbrauð. En að því er Stað snertir, þá er hægt að þjóna honum frá Prestsbakka. Að vísu er nokkuð langt, ef fara þarf fram fyrir Hrútafjarðarbotn, en vegurinn er samt hinn bezti; en svo er þess gætandi, að prestinum er optast nær innan handar að stytta sjer þá mjög leið með því, að sæta fjöruföllum, eða fara, sem kallað er, «á fjörum»; auk þess sem hann allt af getur farið sjóveg yfir fjörðinn, sem er örmjór. Fyrst ef slík breyting og sú, sem frv. fer fram á, kæmist á, gæti verið nokkur von til, að prestar sæktu, ef brauðin losnuðu. Mjer finnst, ef menn á annað borð vilja hafa hjer presta og álíta þá nauðsynlega, — og hver vill það ekki? — að menn þá megi ekki horfa í einar 600 kr. Jeg fyrir mitt leyti mæli fram með frv. í alla staði og álít skiptingu á bæjunum milli Prestsbakka og Tröllatungu einkarhagfellda.

Sighvatur Árnason: Jeg verð að álíta það mjög óheppilegt, að vera að koma með þessar smáskammta-tillögur um breytingar á prestakallalögunum inn á þingið. Því þegar málið er tekið fyrir í þessum smáskömmtum, þá missist það tillit, er hafa mætti til brauðajöfnunar, ef tekin væru fyrir heil prófastsdæmi. Í öðru lagi verð jeg að minnast þess, að á síðasta þingi, 1883, komu fram ýmsar tillögur um breytingar á þessum lögum, en þær voru felldar af því, að þær íþyngdu landssjóði um nokkur hundruð króna. Jeg er nú einn af þeim, er vilja leggja sem minnst á landsjóð að framast er unnt, enda hefi jeg ekki annað á móti þessu máli en það, að landssjóður missir nokkur hundruð króna. Móti málinu eða breytingunni sjálfri er jeg þar á móti ekki. Til þess að þingmönnum úr viðkomandi hjeruðum gefist tími og tækifæri til að laga frv. svo, að útgjöld landssjóðs aukist ekki við það, vil jeg leyfa mjer að stinga upp á 3 manna nefnd í málinu. Nefnd þessi kynni þá að sjá einhvern veg til þess, að nema burt kostnaðinn með öllu, eða þá að minnsta kosti minnka hann svo, að frv. fremur yrði aðgengilegt.

Hallgrímur Sveinsson: Það er hægast að játa, að æskilegast hefði verið, að þinginu 1879 hefði tekizt að gjöra prestakallalögin frá 27. febr. 1880 svo fullkomin, að þau hefðu getað staðið óbreytt um langan aldur, já, helzt um aldur og æfi. En þegar þingið samþ. þessi lög, gekk það víst að því vísu, að það ekki hefði bætt úr öllum þeim annmörkum, er voru á brauðaskipun hjer í landi. Að þetta hefur ekki tekizt, er heldur ekki svo undarlegt, þegar þess er gætt, að lögin voru höfð fram með fylgi og hraða. A svo stuttum tíma var óhugsandi, að þessu vandasama og umfangs-

mikla máli yrði komið í viðunanlegt horf, eða skipað svo, að öllum líkaði. Reynslan hefur nú og sýnt og sannað, að mál þetta á ýmsum stöðum þarf umbóta við; en það þarf alls ekki að vera þinginu til óvirðingar eða niðrunar. Úr því nú reynslan hefur sýnt, að það fyrirkomulag, sem er, er á nokkrum stöðum óhagkvæmt, þá er ekki til neins að vera að líta til baka, og segja sem svo: Það var leitt, að þingið, er það samdi þessi lög, fyrir 5 árum síðan, eigi skyldi sjá það rjetta í þessu og þessu. Þegar því þeir menn, er kunnugastir eru, sýna og sanna, að lögin frá 27. febr. 1880 eru óhafandi í einhverju tilliti, þá vil jeg sinna umkvörtunum þeirra og bæta úr þörfinni, án þess að líta til hægri eða vinstri, þ. e., að svo miklu leyti, sem efni leyfa. Jeg verð sannarlega að álíta, að ef ekki er unnt að útvega prestakalli næga og góða þjónustu, þá megi ekki horfa í nokkur peningaútlát, svo sem 600 kr., til að útvega hana, því jeg verð að álíta þýðingarmeira, að prestakall fái fullnægjandi prestsþjónustu, en að viðlagasjóður stækki um nokkur fá hundruð króna.

Jeg hefi heyrt það tekið fram, að heppilegra mundi að taka fyrir heil prófastsdæmi í einu, til þess, jeg leyfi mjer að segja, að endurskoða brauðskipunina í þeim, því þá, segja menn, að landssjóður muni svo sem ekkert þurfa að missa, með því að bæta megi eitt brauð með öðru. Þetta getur virzt álitlegt í fljótu bragði; en jeg verð þó að álíta jafnvel þessa aðferð óheppilega og ópraktiska, fyr en reynslan er búin að sýna, hvernig brauðunum verði hagkvæmast skipað; eins verð jeg líka að álíta, að lítil von sje til þess, að meira verði heimtað af hinum betri brauðum, en nú er gjört. Flestir segja, að af hinum betri og beztu brauðum sje tekið ekki of lítið, heldur of mikið, til uppbótar hinum lakari.

Jeg verð þá að ætla, að ekki verði annað betra gjört við þetta mál, en að ráða því til lykta á þann hátt, er stjórnin hefur lagt það fram eptir ráðum og skýringum viðkomandi yfirvalda. Hvað það snertir, að kjósa nefnd til að íhuga málið, þá verð jeg að aðhyllast það álit hæstv. ldsh., að þessa gjörist ekki þörf. Mjer virðist ekki nema um tvennt að gjöra, annaðhvort að hafna frv. stjórnarinnar, eða aðhyllast það eins og það er í aðalatriðunum. Breytingum má eins koma að án nefndar, en að setja nefnd álít jeg óþarfa og að eins til að eyða tíma þingsins, sem ekki má styttri vera

Ásgeir Einarsson: Fyrra þm. Rangv. (Sighv. Á.) þótti það óheppilegt, að komið væri með málin í smápörtum til þingsins; en jeg er þegar búinn að skýra frá, hvernig á stendur með þetta mál, og hvað knúið hafi viðkomendur til að fá breytingar fram í þessum atriðum. Mig minnir heldur ekki betur, en að þm. sjálfur hafi komið með álíka smáparta fram á þingið. Var ekki svo t. d. 1883? Jú, þm. getur víst ekki neitað því! Það hugsaði jeg aldrei, að þessi h. þm. væri ófrjálslyndari en stjórnin. Henni ætti að vera, og er víst líka, eins annt um landssjóð og honum. Þessu víkur annars nokkuð undarlega við á þessum tímum, þegar svo mikið er talað um frelsi í kirkjulegum málum. Það væri skemmtilegt, að komast undir kirkjustjórn slíkra manna. Víst yrði ekki hægra að fá nauðsynlega peninga hjá slíkum en stjórninni. H. 6. kgk. þm. (Hallgr. Sv.) þótti helzt til mikið lagt frá hinum betri brauðum til hinna lakari. Þetta kann nú að vera; en þess ber að gæta, að hin lakari brauð eru flest á útkjálkum landsins, og stæðu eflaust laus árum saman, ef þau yrðu ekki bætt upp. Víst má við því búast, að bæta verði upp Hof á Skagaströnd, því enginn vill sækja um það, og enginn mun sækja um það að öðrum kosti. En það er annað verra við þessa borgun frá hinum betri brauðum, og það er, að borga verður í peningum. Það er peningagjaldið, sem flestum verður ókleyft, sem von er, þar sem prestar, engu fremur en aðrir, fá nokkurn eyri í kaupstöðunum. Annað mál væri, ef jarðir væru teknar frá hinum betri brauðum og lagðar til hinna lakari.

Einar Ásmundsson: Jeg vona, að enginn hafi skilið orð mín, er jeg talaði fyrir skemmstu, svo, að jeg sje mótfallinn þessu máli í sjálfu sjer. Jeg vil að söfnuðirnir komi sjer sem bezt og haganlegast fyrir í þessu efni. En það eru tveir hlutir, sem jeg er sár á: þ. e. peningar landssjóðs, sem mjög margt er með að gjöra, og tími þingsins, sem einnig er margt með að gjöra. Af þessum ástæðum þykir mjer það óhappalegt, að úr sömu prófastsdæmunum komi hvað eptir annað tillögur til breytinga á brauðaskipuninni. Það er alls ekki tiltökumál, þótt lögin frá 27. febr. 1880 hafi reynzt að sumu leyti óhagfelld; en hitt er tiltöku-

mál, að hjeraðsnefndir og sóknarnefndir eigi geta áttað sig á því ár eptir ár, hvernig brauðum verði haganlegast skipað, en eru að koma fram með breytingar á þessu þing eptir þing. Jeg tók svo eptir, að þm. Strand. (Ásg. E.) segði, að presturinn á Stað hefði komið með þá tillögu, að sameina Staðarsókn og Núpssókn, og presturinn hefði átt að vera og hefur hlotið að vera vel kunnugur um þessar slóðir. Jeg skal játa, að jeg er ekki vel kunnugur á þessum stöðum; en það veit jeg fyrir víst, að Staðar og Núpssóknir eru enn á sama stað og þær voru þá og hafa verið, svo erfiðleikarnir á því að sameina þær geta ekki vel verið meiri nje minni nú en fyrir fáum árum. Jeg tek það upp aptur, að það er leiðinlegt, að slíkar breytingatillögur skuli koma frá sama prófastsdæminu ár eptir ár, eða þing eptir þing. Allt öðru máli væri að gegna, þó að tillögur til breytinga kæmu úr þeim prófastsdæmum, er aldrei hafa látið til sín heyra síðan lögin voru gefin út 1880. Annars er jeg samdóma hinum h. 6. kgk. þm. (Hallgr. Sv.) um, að ekki sje þörf að setja nefnd í málinu, því það er í sjálfu sjer einfalt.

Sighvatur Árnason: Jeg held að þm. Strand. (Ásg. Ein.) hafi misskilið tölu mína, og það sem lakara er, misskilið, hvernig jeg hefi áður komið fram með tillögur til breytinga á brauðaskipuninni. Jeg hefi alls einu sinni komið með slíkar breytingar, eptir ósk hjeraðsfundar í prófastsdæminu, er samþykkt hafði breytingar þessar. Þetta eru þær einu breytingar á brauðamálinu, er jeg hefi farið fram á hjer á þingi. Þingmaðurinn hefði því átt að lesa betur í kjölinn, áður en hann bæri mjer þetta á brýn. Eins og jeg sagði áðan, er jeg ekki á móti þessu máli í sjálfu sjer, en vil helzt að landssjóður sleppi við öll útgjöld við þessar breytingar, því jeg ímynda mjer, að það sje vel mögulegt.

Jakob Guðmundsson: Jeg hefi enn ekki talað neitt í þessu máli, og ætlaði mjer heldur ekki að gjöra það meðan jeg hjelt að nefnd yrði kosin; en með því jeg heyri, að menn eru helzt á því, að nefnd sje óþörf, þá vil jeg með fáum orðum láta h. þingdm. í ljósi kunnugleika minn á þeim stöðum, sem hjer ræðir um, þ. e. Miðfirði og Hrútafirði. Allir kunnugir menn álíta það með öllu ótiltækilegt, að þjóna bæði Núpi og Stað. Það er yfir hálsa að fara, sem eru ófærir á sumrum, hvað þá á vetrum. Enginn mun heldur vilja kosta veg yfir þennan háls, sem er illslarkandi á sumrin og liggur svo hátt, og er því illviðrasamur á vetrum. Þetta veit jeg af eigin kunnugleika mínum, og sögnum annara.

Hvað þar á móti snertir Staðarbakka og Melstað, þá má segja, að þeir liggi báðir á sama stað; sama er þá að segja um kirkjurnar, þær eru hvor hjá annari. Það er nærri því hneykslanlegt, að sjá þessar tvær kirkjur standa svo nærri hvora annari, að ekki er nema örstutt bæjarleið á milli. En hitt er engu síður hneykslanlegt, að sjá prestinn sitja yzt úti á enda á prestakallinu. Hann yrði efalaust miklu sælli, þótt hann hefði 200 kr. minni tekjur, og sæti á haganlegri stað. Það hefur nú verið tekið fram, að Staðarbakkakirkja væri á fallanda fæti, og væri það undarlegt, ef ný kirkja yrði þá ekki reist á hentugri stað.

— Síðan var málinu vísað til 2. umr. með öllum atkvæðum, en uppást. um 3 manna nefnd felld með 9 atkv. gegn 2.

Frv. til laga um að veita stjórninni heimild til að fyrirskipa, að auglýsingar þær, er rætt er um í opnu bréfi 27. maí 1859, verði teknar upp í Stjórnartíðindin, deildina B (C 51.); 1. umr. Málinu orðalaust vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Frv. til laga um takmörkun á sölu áfengra drykkja (C. 113); 1. umr.

Flutningsmaður (Einar Ásmundsson): Frv. það, er hjer liggur fyrir, hef jeg verið beðinn að flytja þinginu af nokkrum kjósenda minna á Akureyri. Jeg vona, að það sje ljóst, að það gengur í þá stefnu, að takmarka ofdrykkjuna með því, að hindra hina takmarkalausu smá-sölu á ölföngum, er mjög greiðir fyrir henni. Jeg vona, að h. þingd. láti frv. njóta tilgangs síns og leyfi því að ganga í gegn um deildina, annaðhvort óbreyttu eða breyttu til bóta. Hjer koma fyrir nokkrar tölur, sem, eins og vant er og hlýtur að vera, eru teknar nokkuð að handahófi. Jeg mun ekki hafa á móti, að þeim sje breytt nokkuð, ef þær þykja annaðhvort of háar eða of lágar. Af því öllum mun ljós stefna og tilgangur þessa frv. og málið yfir höfuð að tala, þá ætla jeg ekki að fjölyrða um það að sinni.

Ásgeir Einarsson: Af því h. flutn-

ingsm. (E. A.) minntist á tölurnar, þá vil jeg að eins láta það álit mitt í ljósi, að mjer virðast 50 kr. vera mikils til of lágt gjald. Það þýðir, að minni hyggju, ekkert, í samanburði við þann hagnað, er slík smásala á vínföngum veitir.

Jakob Guðmundsson: Jeg verð heldur að mæla með því, að frv. þetta fái fram að ganga, ekki svo mjög af því, að jeg gjöri mjer von um, að minna verði eytt af vínföngum, þó þessar ákvarðanir nái lagagildi. En þó jeg sje veikrar vonar um þetta, þá verð jeg þó að vera málinu meðmæltur, af því jeg get ímyndað mjer, að drykkjuskapur yrði ekki útvortis eins hneykslanlegur, ef þessi takmarkalausa staupasala verður takmörkuð. Þá mundu færri hegða sjer eins ósiðlega í kaupstöðum og á mannamótum, og nú, og hin svívirðilega drykkja við búðarborðið hverfa, ef lögunum yrði samvizkusamlega framfylgt. Það er fyrir þessar sakir, að jeg vil mæla með því, að frv. fái fram að ganga.

Málinu vísað til 2. umr. með 8 atkv.

Sjötti fundur, 8. júlí kl. 1 e. m. Allir á fundi.

Forseti skýrði frá, að til sín væri komin 1) bænarskrá frá prestum í Múlasýslum um nefnd til að undirbúa kirkjumál, og 2) fundargjörðir á Grenjaðarstað; mundi hvorttveggja verða lagt fram á lestrarsalnum.

Þá var tekið til dagskrár.

Frv. til laga, sem hefur inni að halda ákvarðanir um lögreglu (C. 76); 2. umr.

Forseti gat þess, að frv. þetta skiptist eðlilega í 3 kafla. I. kaflinn næði yfir greinarnar 1—6, II. kafli yfir 7—12, og III. kafli yfir greinarnar 13—15. Bæri því að ræða hvern þessara kafla fyrir sig.

Árni Thorsteinson (varaforseti): Frv. þetta sigldi að vísu slæman byr, er það var hjer til 1. umr., en jeg ætla þó að mæla með því nú með nokkrum orðum. Þegar litið er til eldri lagaákvæða, er gilda um lögreglu hjer á landi, þá eru þau mjög ófullkomin og hvergi í einni heild, heldur á stangli hjer og hvar, og sum finnast þar, er maður sízt skyldi ætla að þau væru. Hinsvegar hefur ennfremur myndazt rjettarvenja, sem er á stundum óviss og ekki byggð á neinum föstum grundvelli. Tilskipun 24. jan. 1838 kvað svo á, að dönsk lög um sakamál og opinber lögreglumál skyldu gilda hjer á landi; en er þetta, sem von var, þótti ekki nægilegt eða nógu greinilegt, kom út kanselíbrjef 19. nóv. 1839, og er þar látið í ljósi, að þar sem íslenzk lög nái til, þar skuli þau gilda, en annars skuli fara eptir grundvallarreglunum í dönskum lögreglulögum, að því leyti, sem við verður komið. Stórt annað höfum vjer ekki í hinni íslenzku löggjöf að fara eptir í lögreglumálum. Það virðist því engin vanþörf, að fá slík lög í einni eða talsverðri heild, enda virðist þingið þegar hafa viðurkennt þessa þörf 1879, er líkt frv., — um gistingar- og veitingahús, samt lögreglusamþykktir — var rætt á þingi, þó það ekki yrði afgjört, mest vegna naumleika tímans, en engan veginn af því, að það fengi svo slæman byr hjer á þinginu.

Jeg vildi því óska, að menn yfirveguðu þetta frv. vel, áður en þeir kveða upp dóm sinn yfir því. Það hefur opt hljómað í eyrum manna, að það væri ekki sem vera skyldi, þegar stjórnin synjaði lagafrumvörpum þingsins staðfestingar; en mjer virðist þá líka, að hinir h. þm. hljóti að játa, að það sje viðurhlutamikið, að synja meðferðar á lagafrumvörpum þeim, er koma frá stjórninni, einkum þegar þau miða til að bæta úr verulegri þörf, eins og hjer á sjer stað. Jeg segi ekki þetta af því, að jeg ætli mjer að gjörast sjerstaklega talsmaður þessa frv.; jeg segi heldur ekki, að frv. þetta þurfi kann ske ekki breytinga í nokkrum atriðum; en jeg mæli með því af því, að mjer virðist full ástæða og þörf að fá lagaboð í þessa átt.

Það hefur verið fundið að því, að samþykktirnar ættu að koma að ofan en ekki að neðan; en jeg ímynda mjer, að þessu mætti vel hjálpa við, og helzt þannig, að hlutaðeigendur mættust á miðri leið; en þetta getur vel átt stað, ef þingið sinnir þessu máli. Það hefur enn fremur verið fundið að frv., að það hefði engar almennar ákvarðanir; en jeg sje ekki betur en að II. kafli þess innihaldi almennar ákvarðanir, sem eru góð undirstaða að byggja á. Þá hefur enn verið fundið að því, að stjórnin skammtaði sjer hjer of mikið vald í lögreglumálum. En 3. gr. frv. sýnir, að stjórnin ætlar ekki að ota hjer fram ófrjálslegum

lögum eða beita neinu kúgunarvaldi. Amtmaður á að semja frv. til samþykktarinnar, og skilst mjer meiningin ekki vera önnur en sú, þar sem fleiri kaupstaðir eru, en að sömu hendurnar vinni að því, að fá frv. til byrjunar fram í því horfi, sem bæjarstjórn svo geti lagað sem bezt eptir þörfum. Nákvæmar orðað væri kann ske, að hafa «atkvæði» hlutaðeigandi bæjarstjórnar heldur en «til álita», eins og í frumvarpinu stendur; en það er ljóst, að bæjarstjórnirnar ráða hjer miklu, þar sem þær geta átt atkvæði um, hvernig samþykktin skuli orðuð, og fullan fjárveitingarrjett. Það sem annars mest áherzla liggur á og mest er um að gjöra, er sú siðferðis- og tryggingarlöggjöf, er fæst með þessu frv., og því er fullkomin ástæða til að aðhyllast þetta mál. Bæjarstjórninni er gefið nægilegt frelsi í 3. gr., þar sem tekið er fram, að amtmaður skuli senda málið til landshöfðingja með sínum athugunum, því varla þarf að óttast, að amtmaður gangi neinum of nærri eða taki ekki nægilegt tillit til atkvæðis bæjarstjórnarinnar. Spursmálið er alvarlegt; þess ættu menn vel að gæta. Það er alveg nauðsynlegt að hafa eitthvað hreint og beint að halda sjer við, hvað sem upp á kann að koma. Kaupstaðirnir stækka óðum, og þar er opt margt og misjafnt fólk saman komið; þótt slíkar lögregluákvarðanir ef til vill í stöku atriðum sjeu eigi mjög nauðsynlegar vegna kaupstaðabúa sjálfra, þá eru þær það vegna aðkomandi manna, jafnvel sveitamanna og einkum og sjer í lagi útlendinga. Að síðustu hef jeg heyrt það haft á móti frv. þessu, að ákvarðanir þess gætu komið til að gilda fyrir land allt, og er gjört ráð fyrir því í 5. gr. En grein þessi sýnir, að stjórnin fer ekki langt út í það, þar sem sú grein segir, að amtmaður megi gjöra samþykktir fyrir aðra landshluta, *ef amtsráð*, að *fengnu áliti lögreglustjóra, hrepps- og sýslunefndar*, hafi komið með tillögu um það. Þetta er í stuttu máli, að lögreglusamþykktir verði samdar, ef þeir, er hlut eiga að máli, æskja þess; þá verður það gert að ráði amtsráðsins, og engum að nauðugu. Mjer sýnist jafnvel frv. gæti vel borið sig, þó að 5. gr. væri numin burt, til þess að friða menn. En það vil jeg segja, að ákvarðanir þessar eru alveg nauðsynlegar fyrir hina stærri kaupstaði og jafnvel líka fyrir hina minni, svo sem Seyðisfjörð, Hafnarfjörð, og Akranes o. fl. Þessa skoðun hefi jeg, en held henni þó ekki eins fast fram fyrir minni kaupstaði, sem fyrir þá hina stærri. Að öðru leyti get jeg ímyndað mjer, að ef ýms atriði þyrftu lagfæringar við, þá geti hún átt sjer stað þegar málið er íhugað frekar.

Skúli Þorvarðarson: Af því jeg talaði ekkert við 1. umr. fyrir meiningu minni um þetta mál, þá vil jeg nú með nokkrum orðum lýsa henni og tala lítið eitt um einstaka kafla þessa frv. Jeg hugsaði fyrst, að mál þetta væri ekki mikilsvert. En við nákvæmari íhugun og eptir að hafa heyrt umræður manna, hefi jeg sjeð, að málið er af sumum álitið mikilsvert og nauðsynlegt í mörgu tilliti, þó ýmislegt sje líka í þessu frv., sem úr hefði mátt fella eða breyta. Mjer finnst því óheppilegt, að þeir h. þm., sem hafa svo skarpa hugmynd um þörf þess, eins og lýsti sjer við 1. umr., skuli ekki hafa komið fram með breytingar á þeim atriðum, sem helzt var haft á móti í 1. umr. þessa máls, þ. e. við fjórar fyrstu greinarnar, að því er snertir hið litla vald, sem bæjarstjórnum, hrepps- og sýslunefndum þykir vera gefið. Jeg talaði ekkert um þessi atriði við 1. umr., af því að aðrir tóku þá fram einmitt það, sem var mín eigin skoðun í þessum atriðum.

Jeg er á sama máli og hinn h. varaforseti (Á. Thorst.) um það, að fella mætti 5. gr. burt, með því hún á við það almenna. Mjer finnst ekki, að hafa þurfi slíkar ákvarðanir nema á vissum stöðum, þ. e. í hinum stærri kaupstöðum. Hvað 6. gr. snertir, þá er svo um mig, eins og aðra fleiri, að jeg get ekki fellt mig við þessar flengingarákvarðanir, sem þar er gjört ráð fyrir. *(Hallgr. Sveinsson:* Hegningarlögin!). Það veit jeg vel, að flengingarhegning er við tekin í hinum almennu hegningarlögum; en þau hafa fremur á sjer einveldissvip. En þegar semja á ný lög, á það engan veginn við, að taka sjer til fyrirmyndar það, sem komið hefur í ljós að vera óhafandi eða óeðlilegt í hinum eldri lögum. Jeg tók svo eptir, að varaforseta (Á. Th.) þætti mikið varið í II. kafla frv. Ekki finnst mjer það í öllu tilliti. Mjer þykja að minnsta kosti ákvarðanirnar í 9. gr. vera mjög varhugaverðar; meira að segja, það er ekki laust við, að jeg verði að álíta, að hjer verði að ræða um stjórnarskrárbrot, ef frv. verður að lögum. Það er að minnsta kosti ísjárverð ákvörðun, að lögreglumenn skuli mega vaða inn í hús manna, þótt einhver

skrafi hátt inni eða einhver háyaði sje, og ef jeg ber þessa 9. gr. saman við 49. gr. stjórnarskrárinnar, þá fæ jeg ekki betur sjeð, en að hjer sje stjórnarskrárbroti nærri farið, enda finnst mjer síðari kaflinn mjög óviðfeldinn og einveldislegur, en jeg veit ekki hvernig bezt væri að leiðrjetta hann og aðra galla á þessu frv. Mjer hefur því dottið í hug, hvort þeir þingdm., er finna svo mikla þörf á lögreglulögum, ekki vildu búa til nýtt frv., þannig lagað, að ganga mætti að því. Það mætti víst vel takast, ef þeir vildu leggja fram sína góðu krapta til þess.

Lárus E. Sveinbjörnsson: Jeg get verið samdóma hinum h. varaforseta (Á. Th.) að því er snertir öll veruleg atriði þessa máls. Mikið ætla jeg mjer ekki að tala um frv. þetta að sinni, en að eins geta þess, að mjer finnst ekki allar ákvarðanir þess sem beztar eða heppilegastar. En til að laga þessar misfellur, sje jeg ekki annan veg, en að setja nefnd í málið, og vil því leyfa mjer að stinga upp á 3 manna nefnd.

Sú uppást. var felld með 6 : 5.

Benidikt Kristjansson: Það eru nú orðnar tvær ólíkar skoðanir, sem látnar hafa verið í ljósi á máli þessu, og það er sjálfsagt, að skoðanir þeirra, sem talað hafa um málið í dag, hafa farið í töluvert aðra stefnu, en þeirra, er töluðu við 1. umr. málsins. Hinn h. varaforseti (Á. Th.) hefur tekið það fram, að lögreglulög vor sjeu til að eins á stangli, og svari ekki nálægt öllum þeim spursmálum, er fyrir koma, og fyrir geta komið, og enn fremur segir hann, að rjettarvenjan sje hjer mjög svo á reiki. Þetta telur hann sem ástæðu fyrir því, að hann vill fá þessi lög samþykkt. Sjálfur get jeg ekki verið dómari í þessu máli. En jeg get og vil spyrja, hvort lagaskortur eigi að knýja menn til að samþykkja lög, sem ekki eru aðgengileg. Jeg vil heldur engin lög en alveg óaðgengileg lög. Jeg tók svo eptir, að varaforseti (Á. Th.) segði, að hjer væri að ræða um reglur fyrir góðu siðferði og hreinlæti og þar með heilbrigði manna. Jú, það er auðsjeð, að frv. stefnir að þessu í I. kaflanum, og það getur og verið, að þörf sje á þess konar reglum sumstaðar, t. d. í Reykjavík. Og jeg held líka, að ekki þurfi að gefa slíkar reglur á vanalegan löggefandi hátt, heldur megi koma þeim á með samþykktum á þeim stöðum, er þörf gjörist. En hvað það snertir, hvernig þær verða settar, þá vil jeg að bæjarstjórnir setji slíkar reglur og þær svo sje staðfestar af landshöfðingja, enda eru dæmi til slíks í öðrum málum. Jeg get ekki ætlað, að þetta sje röng skoðun, og það vona jeg að hver maður játi. Ef þar á móti væri að ræða um að semja veruleg lögreglulög, þá virðist mjer löggjafarvaldið ætti að semja slík lög, en ekki gefa yfirvöldunum leyfi til að semja þau. Eptir því, sem mál þetta liggur fyrir, get jeg með engu móti fallizt á það, nema með þeim breytingum, er byggi málið á öðrum grundvelli, og gefi því aðra stefnu, en hjer er farin. Til þess að koma málinu í þetta horf, vil jeg þó ekki ráða til að setja nefnd, heldur að samið væri nýtt frv., og þesss óska jeg að þá verði engin almenn lög samin um lögreglu, og jafnvel ekki nema fyrir Reykjavík. Að vísu þekki jeg ekki vel, hvernig til gengur með regluhald hjer í höfuðstaðnum, en það held jeg, að yfirvöldin annarstaðar hafi nógu mörg lagaákvæði, er þau þurfa að gæta, þótt ekki verði fleirum bætt við.

Landshöfðingi: Jeg skal játa það, að frv. þetta hefir mætt allt annari móttöku hjá hinum háttv. þingdeildarmönnum, en jeg bjóst við. Það er auðsætt, að tilgangur stjórnarinnar með þessu frv. er sá, að bæta úr skorti á lagaákvörðunum í vissri grein löggjafarinnar. Þessum tilgangi hefir að vísu eigi verið mótmælt; en eptir þeim undirtektum að dæma, sem málið hefir fengið, finnst mjer þessi tilgangur ekki vera nægilega viðurkenndur. Að minni ætlan hefði það verið heppilegast, eins og jeg áður hefi bent til, að kjósa nefnd í málið til þess að íhuga það nákvæmar og koma fram með þær breytingar, sem ástæða hefði þótt til. En nú hefir hin heiðraða deild gjört það með atkvæðagreiðslu ómögulegt, að setja nefnd, að minnsta kosti á þessu stigi málsins. Jeg álít, að frv. sje með þessu bægt frá þeirri meðferð, sem hefði verið heppilegust, en skoða það samt ekki svo, sem forlög þess sjeu þar með þegar afgjörð. Jeg vona, að hinir heiðruðu þingm. hugsi sig vel um áður en þeir felli það með öllu. Jeg get eigi álitið það rjett gjört af þessari deild, að fella frv. án þess að gefa neðri deildinni kost á að kynna sjer það og láta uppi álit sitt um það. Jeg vil leyfa mjer að benda hinni heiðruðu deild á, að það er enn tími til að laga frv. og gjöra breytingar við það, eptir því sem mönnum kynni þykja þörf á. Hinn h. varaforseti (Á. Th.)

hefir talsvert gengið inn á efni frv., og sýnt með ljósum rökum, að það mundi vinna þarflega rjettarbót á sínu svæði löggjafarinnar, ef það yrði að lögum. Mjer virðast mótbárur þær, sem komið hafa fram gegn því frá hálfu hinna h. þingdm., vera þannig vaxnar, að hægt mundi að kippa í lag þeim annmörkum, sem á frv. þykja vera. Þar sem menn hafa hreift þeirri mótbáru sem ástæðu gegn frv., að sýslunefndum og bæjarstjórnum og jafnvel amtsráðum væri ætlað of lítið vald til að ákveða um sampykktir þær, sem frv. ræðir um, þá get jeg nú að vísu ekki álitið, að svo sje; en ekkert væri hægra en að fá þessu hrundið í lag eða breytt. Hin helzta og þýðingarmesta mótbára, sem fram hefir komið gegn frv., virðist mjer fólgin í spurningunni um það, hvort ástæða sje til að takmarka ákvarðanir frv. við hina stærri kaupstaði, eða jafnvel einungis einn kaupstað, eða þá að láta þær ná til landsins alls. Þetta getur, að því er mjer virðist, verið álitamál, sem menn ættu að geta orðið á eitt sáttir um. Þetta atriði í frv. mætti þá laga með breytingartill. eða með því, að fella burt 5. gr., eins og h. varaforseti (Á. Th.) benti til, en ákvörðunin í þeirri grein gefur að eins kost á að koma á lögreglusampykktum fyrir utan kaupstaðina. Jeg skal lýsa því yfir, að úr því menn viðurkenna skort á lagaákvörðunum á þessu svæði löggjafarinnar, þá er mjer það lítt skiljanlegt, hvað það sje, sem menn hafi á móti frv. Ákvarðanir 2. gr. má laga ef þurfa þykir, eins og jeg hefi vikið á; en þær geta þó verið þarflegar. Jeg fyrir mitt leyti hlýt að álíta það eðlilegt og frjálslegt, að hin staðarlegu stjórnarvöld gjöri sampykktir, eptir því sem til hagar á hverjum stað. *Hvernig* sampykktirnar verði settar, má breyta, svo bæjarstjórnir, sýslunefndir og amtsráð fái frjálsari hendur og frekari ráð, ef það þætti við eiga. Jeg skal enn taka það fram, að það er ekki meining eða tilgangur frv., að auka embættisvaldið að ofan; heldur einungis sú, að bæta úr skorti á lögum, útvega lagaákvarðanir, sem eigi við á hverjum einstökum stað. Mjer finnst það mjög viðurhlutamikið fyrir deildina að fella frv., og læt þá von mína í ljósi, að hún eigi muni gjöra það, heldur muni við framhald eða frestun málsins gjöra við það þær breytingar, er þurfa þætti.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg skal leyfa mjer að lýsa því yfir, að jeg hefi kynnt mjer frv. þetta nákvæmlega, og að jeg nú, eptir að hafa gjört það, hefi eigi getað fundið þær ógnanir, sem sumir virðast finna, eigi fundir neinar grýlur í því, er mjer finnist að þurfi að fæla menn frá að aðhyllast það. Mjer er ómögulegt að sjá, að neitt það sje í þessu frv., er misbjóði frelsi manna eða takmarki það um skör fram. Menn verða vel að gæta þess, að sjerhver lög, sjerhver lagaákvörðun, sjerhver regla, sem sett er, takmarkar eða skerðir frelsi manna, og gjörir ekki allt leyfilegt eða mögulegt, heldur sumt óleyfilegt, sumt ómögulegt, og þetta er einmitt nauðsynlegt; en ef lögin, ákvarðanirnar, reglurnar ganga lengra en góðu hófi gegnir, þá fyrst takmarka þær frelsið að óþörfu. Jeg held að enginn þurfi að vera hræddur um, að þetta frv. sje frelsi manna of nærgöngult. Jeg er hræddur um, að menn sjái hjer torfærur, þar sem engar eru. Jeg hef heyrt, að sumir h. þingdm. finna það að 3. gr., að þar sje bæjarstjórnum, sýslunefndum, amtsráðum gefið of lítið vald. Þessu held jeg væri þó innan handar að breyta. Annars sje jeg alls enga ástæðu til að vera hræddur um, að annaðhvort landshöfðingi eða amtmaður mundi finna hjá sjer hvöt til að hrifsa til sín meira vald, en vera ber, og misbjóða frelsinu; og svo þegar sú ákvörðun er sett, að amtmaður skuli leita álita bæjarstjórna, þá er vitaskuld, að þessi ákvörðun er eigi sett af hræsni, heldur í þeirri sjálfsögðu meiningu, að amtmaður taki mjög verulegt tillit til álits bæjarstjórna og bregði ekki af eða víki frá því nema nauðsyn krefji. Þegar ennfremur allt á að sendast landshöfðingja, gefst honum gott tækifæri til að kynna sjer allt málefnið, og svo þegar hann á loks að senda það amtmanni til baka, verð jeg að álíta, að málið sje búið að fá nægilegan undirbúning og bæjarstjórnir og sýslunefndir hafi í raun-inni komizt að með tillögur sínar á 1. eða 2. stigi málsins. Hvað 5. gr. snertir, skal jeg að vísu játa, að mjer virðist hún síður nauðsynleg; samt er hjer engin hætta á ferðum, og hjer getur ekki orðið spursmál um, að landshöfðingi — ef jeg mætti svo að orði kveða — *valdbjóði* neinar sampykktir. Greinin segir: «ef amtsráðið hefir komið með tillögu um það og hefir áður fengið álit hlutaðeigandi lögreglustjóra, hrepps- og sýslunefndar, og landshöfðingi veitir sampykki sitt». Hjer er ekki gengið fram hjá neinum. Amtmaður fer víst

ekki upp úr þurru að finna upp á neinum ástæðulausum samþykktum; komi engin tillaga, gjörir amtmaður ekkert. Það hefur verið fundið 6. gr. til, að hún væri hörð. En hvað á að gjöra? Á að láta börn 10—15 ára alast þannig upp, að aldrei fái neina hegningu, hvað opt sem þau brjóta móti lögum og reglu, og hvaða ónáttúru sem þau sýna? Þessi hegning er líka mýkt í 14. gr., eins og líka sjálf 6. gr. segir, að «ef kenna megi yfirsjónina vöntun á hæfilegri umsjón foreldra eða annara, er barninu ganga í foreldra stað, þá skuli refsa þeim fyrir yfirsjónina, en eigi barninu». Greinin talar að eins um að refsa þeim börnum eða unglingum, sem refsingar þurfa. Og yfir höfuð sje jeg ekki neitt í frumv., sem sje hættulegt frelsi manna eða takmarki það um of; en jeg sje í því takmörkun á skaðlegu sjálfræði, og það tel jeg kost á því.

Forseti bar því næst I. kafla frv. upp til atkvæða og fjell atkvæðagr. þannig:

Fyrsta til 3. gr. var felld hver um sig með 6 atkv. gegn 5, og 4.—6. gr. með 6 atkv. gegn 4.

Þá kom til umræðu II. kafli frumvarpsins, 7.—12. gr.

Magnús Stephensen: Jeg sje forlög frv., og stend ekki upp til þess að halda uppi vörn fyrir því, heldur stend jeg upp til þess, að mótmæla þeim ummælum 2. þm. Rangv. (Sk. Þ.), að 9. gr. frv. sje brot á móti 49. gr. stjórnarskrárinnar. Jeg mótmæli því, að af stjórnarinnar hálfu sjeu lögð fyrir þingið frv., sem innihaldi stjórnarskrárbrot. Hefði þm. viljað lesa 49. gr. stjórnarskrárinnar alla, hefði hann líklega ekki komið með jafnþungan og ástæðulausan áburð. Í 49. gr. stjórnarskrárinnar stendur: «að ekki megi gjöra húsleit o. s. frv., nema eptir dómsúrskurði, ef lögin ekki gjöra sjerlega undantekning». Hjer er einmitt tilgangurinn, að setja lög sem gjöra sjerlega undantekning, ef fyrirmælin í 9. gr. frumv. á annað borð verða skoðuð sem undantekning undan 49. gr. stjórnarskrárinnar. Jeg held það þætti hart, að ef einhverstaðar í einhverju húsi væri hrópað eptir hjálp til að fyrirbyggja morð, og lögreglumenn, sem heyrðu hrópið, mættu ekki fara þangað inn, þegar þeir væri búnir að segja til sín og skýra frá erindi sínu. Sama er að segja um hávaða, óreglu og ef til vill áflog og áverka, sem komið getur fyrir í veitingahúsum; væri það brot móti stjórnarskránni, að lögreglan mætti komast þar inn og fyrir byggja slíkt? En jeg stóð ekki upp til þess að mæla með 9. gr. frv., heldur af því að jeg vildi ekki láta ummælum 2. þm. Rangv. (Sk. Þ.) ómótmælt.

Skúli Þorvarðarson: H. 3. kgk. þm. (M. St.) mun hafa tekið orð mín í nokkru fyllri meiningu, en þau voru töluð. Jeg sagði, að ef frv. yrði að lögum, þá áliti jeg að stjórnarskrárbrot yrði; fyr ekki. Jeg get ekki haft ábyrgð á því, þótt jeg hafi annan skilning en h. 3. kgk. þm. (M. St.).

Landshöfðingi: Varnarræða h. 2. þm. Rangvellinga (Sk. Þ.) sýnir, hve ómögulegt honum er að verja sig og mæla bót þeim orðum, er hann ljet sjer um munn fara; og þetta er eðlileg afleiðing þess, er menn hugsa sig lítið eða ekkert um áður en þeir tala stór orð. Þm. talaði um brot á stjórnarskránni, án þess líkast til að hafa lesið og því síður skilið 49. gr. stjórnarskrárinnar, í sambandi við 9. gr. frumv. þessa. Jeg vona þetta verði þingmanninum aðvörun um það, að tala ekki þannig framvegis um þá hluti, sem hann ber ekki skynbragð á og hefur ekki vit á að dæma um. Jeg sje forlög frv. og skal skjóta því til forseta, hvort hann finni ástæðu til að bera hinar aðrar greinir þess upp til atkvæða. Jeg skal ekki ásaka deildina fyrir meðferð hennar á frv., sem fekk þetta síðasta blómstur í ræðu 2. þm. Rangv. (Sk. Þ.); en jeg lýsi því yfir, að jeg álít, að deildin hafi hjer hafnað lögum, sem hefðu verið þörf fyrir landið, og beri ábyrgðina fyrir að hafa gjört það.

Jakob Guðmundsson: Við 1. umr. málsins gjörði jeg grein fyrir skoðun minni á frv. þess, og sýndi, eptir því sem jeg gat, hvers vegna jeg ekki gæti aðhyllzt það. Jeg hefi hugsað um málið síðan, og verð að játa, að jeg er sömu skoðunar enn. Jeg neita því ekki, að það gæti verið æskilegt, að ápekk lög og þetta væru til fyrir einn eða fleiri af hinum stærri kaupstöðum landsins, og fyndist mjer þá fara bezt á því, að einhverjir kunnugir og færir þingdm. byggju til stutt frv., bara með tilliti til Reykjavíkur, en sem eigi ætti við allt landið; og í því frv. finnst mjer ætti að byrja að neðan, því allir vita, að bæjarstjórnin með bæjarfógetanum vita bezt, hvað við bæinn á, og þekkja bezt, hvað hann þarfnast; en mjer finnst óeðlilegt, ef amtmaður eða landshöfð-

ingi mættu svo brjóta niður það, sem hin neðri völd hefðu álitið gott og haganlegt.

Sighvatur Árnason: Jeg ætla mjer ekki að fara út í frv., því það er búið að tala svo mikið með því og mót; en jeg ætla að eins að geta þess, að þar vakti fyrir mjer lík skoðun og þm. Dal. (Jak. G.) Það er hvorttveggja, að jeg álít þetta frv. óaðgengilegt, og í öðru lagi, að menn álíta þess ekki þörf, nema ef vera skyldi hjer í Reykjavík, og er hún þá svo vel mönnum skipuð, að henni ætti ekki að vera ofætlun að koma fram með frv. sem henni væri þjenanlegt í þessu efni. Þessu frv., sem hjer liggur fyrir, get jeg ekki verið með; en slíku frv., og jeg gat um fyrir Reykjavík, skyldi jeg fús að fylgja, ef það væri vel úr garði gjört.

Árni Thorsteinsson: Mjer bregður kynlega við það, að h. 2. þingm. Rangv. (Sk. Þ.) skuli nú, þegar hann og aðrir deildarmenn eru búnir að fella frv., sem hefði gefið mikilsvarðandi umbætur, að því er snertir siðferði, hreinlæti, heilsu o. fl., að hann nú skuli vera að koma með uppástungu um nýtt frv. Jeg er hræddur um, að þegar menn eru búnir að fá reynsluna fyrir sjer í því, hvernig deildin hefur tekið þessu þarfa og nytsama frv., og hvernig því hefur reitt af, þá sje lítil von um, að álíkt frv. frá einstökum mönnum mundi ná fram að ganga. Jeg eyði ekki fleiri orðum um síðari kafla frv., því jeg álít allt frv. fallið, en greiði þó atkvæði með því, sem eptir er, einungis til þess, að vera ekki með þeim, sem ekki vilja leyfa kaupstöðum og landsmönnum að fá lagaákvarðanir, sem efla siðferði og hreinlæti, og eru þeim til tryggingar og verndar, og yfir höfuð til þarflegra bóta.

Að umræðunni lokinni var gengið til atkv. um II. kaflann, og var hver grein hans um sig (7.—12. gr) felld með 6 atkv. gegn 5.

Loks voru greidd atkv. um III. kaflann, (13.—15. gr.), umræðulaust. Var 13. —14. gr. felld með 6 atkv. gegn 4 hvor, og 15. gr. með 6 : 3, en fyrirsögnin felld með 6 : 2.

Var frumvarpið allt þar með *fallið*.

Sjöundi fundur, 9. júlí kl. 1 e. m. Allir á fundi.

Forseti skýrði frá, að hann hefði fengið frá þingmönnum Rangæinga bænarskrá um uppgjöf á hallærisláni frá Rangárvallasýslu, er óskaðist afgreidd til neðri deildar og vísað til fjárlaganefndarinnar. Var það samþykkt án atkvæðagr.

Þá var tekið til dagskrár.

Frumvarp til laga um takmörkun á sölu áfengra drykkja (C. 113); 2. umr.

Flutningsmaður (Einar Ásmundsson): Jeg leyfði mjer við 1. umr. þessa frv. að óska þess, að h. þingdm. liti á góðan tilgang frv. og lofaði því að gang í gegn. Jeg leyfði mjer þá einnig að geta þess, að jeg væri eigi mótfallinn breytingum á því, ef einhverjum h. þingdm. kynni að detta í hug að koma fram með þær, og þær virtust vera frv. til bóta og kæmu fram í tíma. Ein slík breyt.till., sem hjer liggur fyrir, er fyrst nú komin í ljós, og getur því eigi orðið spurning um að hún komist að. Jeg hefi því engu að bæta við það, er jeg áður hefi sagt, en óska að heyra álit fleiri h. þingdm. um frumvarpið. Jeg vona svo góðs til deildarinnar, að hún ekki felli það, þótt svo kynni að vera, að það birtist í þeirri mynd, sem sumum kynni eigi að vera geðfelld. Það mætti líka laga frv. svo við 3. umr., að það yrði nær skapi þeirra.

Sighvatur Árnason: Jeg hlýt að játa, að mjer finnst þetta frv. sannur vandræðagripur, eins og það nú er, en jeg skal jafnframt kannast við það, að til grundvallar fyrir því liggi góð meining; þess ber vel að gæta, að það er mjög erfitt að setja lög um þetta efni, svo að notum verði. Jeg játa, að það er full þörf á að setja þröskuld gegn ofdrykkjunni, ef því yrði við komið. Jeg hefi því komið fram með nokkrar breyt.till. í þeim tilgangi, að laga frv., og af því jeg, sem sagt, álít tilgang þess góðan og vona að koma breyt.till. að síðar, þótt þær sökum naumleika tímans kæmust eigi nú að, greiði jeg atkvæði með því, að frv. gangi til 3. umræðu.

Forseti bar síðan frv. upp til atkvæða.

Var 1. gr. samþ. með 6 atkv. gegn 5; 2. gr. með 7 : 4; 3. og 4. gr. með 6 : 5.

Málinu síðan vísað til 3. umr. með 6 atkv. gegn 5.

Frumvarp til laga um afnám fyrirmæla í opnu brjefi 22. marz 1855 um selaskot á Breiðafirði (C. 127); 1. umr.

Flutningsmaður (Jakob Guðmundsson): Jeg þarf ekki að vera margorður, því jeg veit, að h. þingdm. er vel kunnugt efni frv. þessa, því það hefir verið mikið rætt á undanfarandi þingum. En nú er þess að gæta, að nú hafa miklu fleiri en nokkurn tíma áður óskað þess, að þingið vildi nema með lögum burt fyrirmæli opins brjefs 22. marz 1855 Hjer liggur fyrir beiðni frá flestöllum kring um Breiðafjörð, sem hlut eiga að máli, og yfir höfuð frá flestöllum lagnaeigendum. Málið hefur með miklum samtökum og fylgi verið nákvæmlega rætt heima í hjeraði. Það var rætt á svo kölluðum Þórsnesfundi 20. júní síðastl., og var fundurinn samhuga þeirrar sömu skoðunar, sem bænarskrárnar lýsa. Jeg skal til enn frekari skýringar geta þess, að fundurinn sendi með fundargjörðunum sem fylgiskjal aðrar fundargjörðir frá 14. júní 1875, sem fara hinu sama á flot. Og allir þeir, sem undir þess fundargjörð hafa skrifað, eru enn lifandi, nema einir tveir menn. Ennfremur fylgir málinu.... *(Á. Th.*: Við þekkjum skjölin, þau hafa legið á lestrarsalnum). Jæja. Jeg þarf þá ekki að telja þau nákvæmar upp. Jeg vildi einungis drepa á þetta til þess, að enginn skyldi hafa ástæðu til að undrast yfir því, að komið væri með inn á þingið skjal undirskrifað af dauðum mönnum. Jeg finn eigi ástæðu til að tala fleira í málinu að sinni, og ætla, að eigi sje nauðsynlegt, með tilliti til þess, að mönnum er málið svo ljóst, að skipa nefnd í það, en óska að það verði látið ganga til 2. umr.

Ásgeir Einarsson: Jeg ætla ekki að svara þm. Dal. (Jak. Guðm.) mörgu. Hann er á móti nefnd; en jeg man nú nokkuð langt fram í tíðina, og man jeg sjaldan eptir því, að nefnd hafi ekki verið kosin í mál, sem svona margar bænarskrár eru komnar um. Frv. fer nú reyndar ekki fram á annað en afnám opins brjefs 22. marz 1855. Það væri gott, ef þingið gæti ráðið máli þessu til lykta með sanngirni, án þess að skerða rjett nokkurra einstakra manna, sem vernda vilja eignir sínar og atvinnu. Orsökin til þess, að opið brjef 22. marz 1855 kom út, var sú, að menn óskuðu að fá eitthvert lagaboð, sem tryggðu atvinnuveg þeirra; því að þá var svo komið, að selalátrin urðu með engu móti varin fyrir skotum; millibilin milli selalátranna og skotstaðanna voru allt of stutt. Jeg skal geta þess, að jeg á von á bænarskrá, sem fer fram á allt annað, frá Eyjamönnum, sem ekki gátu af vissum örsökum verið til búnir með hana fyr en svo, að hún kæmi með næsta strandskipi.

Jeg skal svo snúa mjer með fám orðum að bænarskránum. Bænarskrárnar nr. 1 bera með sjer sjálfar, að þær eru skrifaðar með sömu hendi, nfl. manns, sem er í Stykkishólmi; svo hafa þær verið sendar út um alla heima og geima til þess að ná undir þær nöfnum þeirra, sem fáanlegir voru.

Bænarskráin nr. 2, sú, sem send hefir verið til Barðastrandarsýslu, er undirskrifuð af 13 manns, hvar af 8 nöfn eru með sömu hendi, og 3 með hendi herra Hafliða Eyjólfssonar, og allir þekkja, hvað hann hefur skrifað í blöðunum; 6 af þessum 13 hafa að nafninu til lítilfjörlegar vorkópalagnir, hvar af 3 eru eigi teljandi sökum þess, að skot hafa eyðilagt þær. Á þessa bænarskrá vantar dagsetningu.

Nr. 3 er bænarskrá úr Neshrepp innan Ennis; vantar dagsetningu. Í hvorugum Neshreppnum er nokkur lögn til og sjaldnast sjest þar selur. Jeg veit ekki til, að þeir Neshreppingar sjeu meiri föðurlandsvinir eða betur viti bornir en aðrir; að minnsta kosti hef jeg aldrei heyrt þeim hælt fyrir það.

Nr. 4 er ódagsett. Margir af þeim undirskrifuðu eiga nú orðið eigi lagnir, sem að nokkru er teljandi; því þeir eru búnir að eyðileggja þær með skotum.

Ef upp hefja skal opið br. 22. marz 1855, þá þarf að breyta tilsk. 20. júní 1849 15. og 16. gr., og að minnsta kosti hækka sektir um allt að 8-falt, og falli ½ sekt til uppljóstrarmanns. Ef opið brjef 22. marz 1855 er afnumið, mætti draga línu hálfa mílu í norður frá Gassaskerjum að Langeyjarnesi undir Klofningsfjalli og friða þannig sel allan, sem þar er fyrir norðan, og verður þá friðuð selaveiðin norðan til á Breiðafirði allt inn í botn á Gilsfirði. Selveiði að sunnan má telja hjer um bil eyðilagða af skotum, nema á Staðarfelli, og aðrar lagnir eru eigi teljandi á Hvammsfirði.

Selveiðin á Reykhólum er eptir 20 ára meðaltali árlega rúmlega 2000 kr., að frádregnum öllum kostnaði

Jeg skal geta þess, að þm. Barðstr. (E.

K.) hefir bænarskrá um, að selur sje friðaður í allri Barðastrandarsýslu, einnig á vesturfjörðunum, og er von á fleiri bænarskrám vestan að.

Mjer þætti það nú undarlegt, ef þingið færi að ráða þessu máli þannig til lykta, að það yrði til að eyðileggja og spilla atvinnuvegum manna. Allir vita, að jeg á ekki eina þúfu nje lögn í Eyjahreppi, svo ekki þarf mjer að ganga eigingirni til. En mjer finnst hver sanngjarn og samvizkusamur þingmaður verða að gæta þess, að eyðileggja ekki fyrir öðrum, hvar á landinu sem hann er. Jeg vil því samkvæmt því, sem jeg nú hefi tekið fram, stinga upp á því, að málinu verði frestað til 21. júlí, eða þá að öðrum kosti, að í Barðastrandasýslu friðist allur selur fyrir skotum, frá takmörkum Arnarfjarðar til línu, sem dregin er ½ mílu norður af Gassaskerjum á Klofningsfjallstá við Langeyjarnes, og að ennfremur verði gjörð breyting á 15. og 16. gr. tilskipuninnar 20. jan. 1849.

Jakob Guðmundsson (flutningsm.): Jeg veit, að öllum h. þingdm. er það kunnugt, að frv. um afnám þessa opna brjefs 22. marz 1855 um selaskot á Breiðafirði var rætt í Nd. Alþ. á síðasta þingi, og þeir muna eflaust, að það gekk í gegn í þingd. með miklum atkvæðafjölda, 18 atkv. Síðan kom málið til Ed., og voru þar margir með því. En þá kom einn h. þingd. fram með aðra nýja till., sem gjörði ekki annað en tefja fyrir málinu og spilla því. Það var að vísu barið gegnum Ed.; en er það kom í þessu nýja formi til Nd., var það fellt þar. Þetta hlýtur öllum hlutaðeigöndum við Breiðajörð að vera fullkunnugt. Hvað kemur þá til þess, að þeir einir senda bænaskrá til alþ., er vilja afnema þetta bann; en hinir, sem banninu vilja halda, gjöra ekkert til að gjöra þinginu kunnar þær ástæður, er þeir þykjast hafa fyrir að halda þessu banni? Það er óskiljanlegt fjör- og framkvæmdarleysi í máli, sem þeim, að sögn, á að vera svo annt um. Jeg fyrir mitt leyti álít það ekki tiltökumál, að fresta málinu og bíða eptir skjölum, sem engin vissa er fyrir eða jafnvel von um, að nokkru sinni muni koma.

Ásgeir Einarsson: Jeg er búinn að skýra frá, hvernig á því stóð, að skjölin gátu ekki orðið send til þingsins í tæka tíð. Eyhreppingar ætluðu að bíða eptir, að fundur yrði haldinn hjá þeim, en það fórst fyrir vegna þess, að þingmaður þeirra gat ekki af einhverjum orsökum komið á fundinn. Þeir urðu því að arka á nýjan leik og halda annan fund; en till. þess fundar geta ekki komið til þingsins fyr en með næsta strandsiglingaskipi. Jeg veit fyrir víst, að skjölin koma, því jeg hefi talað við áreiðanlegan mann úr Eyjahreppi, er fullvissaði mig um það. Mjer þykir því mjög hart og ófrjálslegt, ef mótpartinum ekki verður gefinn kostur á, að koma fram með sínar ástæður áður en málið verður til lykta leitt. Jeg vil ekki að neinum sje órjettur gjör. H. þm. Dal. (J. G.) getur þá fengið Hvammsfjörð sinn frían til að ala upp í laxa.

Lárus E. Sveinbjörnsson: Jeg álít, að selurinn sje sú skaðsemmdarskepna um allt land, bæði vegna fiskjar og laxins, að mesta nauðsyn sje að eyða honum sem mest. Jeg vildi því helzt, að hjer lægi fyrir frv., er gjörði selinn rjettdræpan fyrir öllu landi, og því mun jeg einnig gefa atkæði mitt með því, að hann verði gjörður ófriðhelgur í þessum hluta landsins.

Jakob Guðmundsson: Jeg þykist ekki þurfa að skýra þetta mál fyrir mönnum, því það er hverjum manni ljóst frá undanfarandi þingum. En það vil jeg segja að væri hraparlegt, ef fáeinir menn úr Vestur-Eyjahreppi gætu deytt málið með þögn og afskiptaleysi eða sett þingd. stólinn fyrir dyrnar, þegar skorað er á hana að leiða málið til lykta. Jeg vil því alls ekki, að nefnd verði sett, og því síður vil jeg fresta málinu um langan tíma, eins og einn þm. hjer í deildinni hefur mælzt til.

Málinu vísað til 2. umr. með öllum atkvæðum. Nefnd felld með 9 : 2.

Áttundi fundur, 10. júlí kl. 1 e. m. Allir á fundi.

Forseti gat þess, að til sín væri komin bænarskrá frá Dalasýslu um frest á borgun á hallærisláni, sem flutningsmaður óskaði, að send yrði fjárlaganefnd neðri deildar, og var það samþykkt.

Þá var tekið til dagskrár.

Frv. til laga um breytingu á 1. gr. í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla (C. 49); 2. umr.

Landshöfðingi: Við 1. umr. þessa máls tók jeg það fram, að bráð nauðsyn hefði komið stjórninni til að leggja frv. þetta fyrir alþ. Það var þá við sömu umr. tekið fram af nokkrum h. þingm., að það væri ekki skemmtilegt, að fá þetta mál, um skipun prestakalla, svona í brotum ár eptir ár inn á þingið. Jeg skal fúslega játa, að þetta er ekki skemmtilegt, en menn hljóta líka að játa, að gjöra verður fleira, en það eitt, er skemmtilegt er. Þegar nauðsynlegar ástæður eru til að rannsaka, hvort gjöra þurfi breytingar á þessum lögum, þá mega menn ekki leiða það hjá sjer, og þá getur rekið að því, að nauðsynin knýi til að breyta lögunum. Á breyttill. þeim, er fram eru komnar, sje jeg, að h. þingdm. hafa sinnt þessu máli rækilega, og hugsað um það. Á þessar breyttill. skal jeg nú lítið eitt minnast, og jeg get strax játað, að mjer virðast sumar þeirra góðar, en við sumar þeirra get jeg aptur á móti ekki fellt mig. Fyrst skal jeg minnast á breyttill. h. þingm. Eyf. (E. Á.). Það er viðaukatill. (C. 127), er byggist á sömu ástæðu og frv. sjálft, þ. e. á því, að nauðsyn sje að breyta prestakallalögunum. Breytingin er fólgin í því, að afnema þær 400 kr., er prestakallalögin ákveða að greiða skuli frá Laufásbrauði, ef prestssetrið Laufás missir við landamerkjadóm svo kallaðan Neshólma. Þessa breytingu álít jeg fyllilega nauðsynlega undir því skilyrði, sem til er tekið í till. Þó hefði jeg kunnað betur við, að breyttill. þessi hefði komið þá fyrst, er búið er að afgjöra til fulls, hvort prestssetrið missir hólmann eða ekki. Mjer er ekki kunnugt, hvað þessu máli líður, en sjálfsagt er nauðsynlegt, að þessi breyting komist á, ef hólminn verður dæmdur undan prestssetrinu með fullnaðardómi. Ef sú yrði aptur á móti raunin á, að Laufás hjeldi Neshólma, þá hefðu hjer verið sett lög, er aldrei fengju neina þýðingu. Þetta tek jeg þó ekki fram sem beina ástæðu á móti breyttill., heldur af því, að mjer finnst það óviðfeldið og óvanalegt, að semja lög um það, sem verið getur að aldrei eigi sjer stað.

Þá er að minnast á breyt.till. frá þremur h. þingdm. (C. 128). Fyrst er farið fram á þá breytingu við 1. gr. frv., að hækka afgjaldið frá Melstaðarbrauði úr 200 kr. upp í 500 kr. Þetta virðist mjer of hátt gjald, þegar gætt er að tekjum þessa brauðs, því jeg geng út frá því, að það sje ekki meiningin, að gjöra Melstaðarbrauð að litlu brauði, heldur að það verði, eins og það ávallt hefur verið, talið með hinum betri brauðum eða haldi áfram að vera gott brauð. Tekjur af Melstaðarbrauði (þ. e. af Melstaðar og Kirkjuhvamms sóknum) eru eptir hinu nýja brauðamati 2173 kr. 20 a., en ef draga skal frá 500 kr. eptir breyt. till., þá verða ekki eptir nema hátt á 1700 kr., og virðist mjer brauðið þá rýrt um of. Ef menn þar á móti halda 1. gr. stjórnarfrumvarpsins, er ákveður að greiða skuli frá brauðinu 200 kr., þá verður Melstaðarbrauð allt fyrir það all-gott brauð, fram undir 2000 kr. Jeg vil því leyfa mjer að leggja það til, að h. þingd. fallist á 1. gr. frv., en ekki á breyt.till. Sömu h. þm. fara og fram á, að aptan við 3. gr. frv. bætist sú ákvörðun, að greiða skuli frá Prestsbakkabrauði 200 kr. Jeg er hræddur um, að þetta sje ekki vel tiltækilegt. Með þessu árgjaldi er sú byrði lögð á brauðið, er naumast mun gjöra það aðgengilegt. Sama er að segja um Tröllatungubrauð í 3. breyt.till. sömu þingdm., er fer fram á að setja þær 200 kr., er prestakallalögin af 27. febr. 1880 ákveða þessu brauði úr landssjóði, niður í 100 kr. Að rýra þannig tekjur þessa brauðs tel jeg óráðlegt, því þó mestur hluti Óspakseyrarsóknar verði lagður til þess, þá aukast á hinn bóginn erfiðleikarnir við þjónustu þess mjög mikið. Jeg vil nú sjá úrslit breyt. till. þessara og geyma mjer að koma fram með breyt. till. til 3. umr., er fer meðalveg, ef þessi breyt.till. mót von minni verður samþykkt hjer í þingd.

Enn er að minnast á eina viðaukatill. frá h. þm. Strand. (Ásg. Ein.), er fer því fram, að aptan við 3. gr. bætist sú ákvörðun, að kirkjugjöld öll frá þeim 4 bæjum í Óspakseyrar sókn, er eiga að leggjast til Prestsbakka, gangi til Óspakseyrarkirkju hjer eptir sem að undanförnu (C. 128). Þetta finnst mjer vera óeðlileg og alveg óvanaleg ákvörðun. Ekkert getur verið eðlilegra, en að kirkjugjöldin frá þessum bæjum gangi til þeirrar kirkju, er þeir eiga kirkjusókn til. Þetta er líka það vanalega. Hitt er svo óeðlilegt og óvanalegt, að jeg get ekki fallizt á það. Jeg get heldur ekki sjeð, að gengið sje of nærri rjetti Óspakseyrarkirkju, þó hún missi þessi gjöld. Þá mætti fremur segja, að hallað væri rjetti þeirrar kirkju, er þessir bæir eiga að sækja til, ef kirkjutekjurnar af þeim ekki eru lagðar

henni. Það verður heldur ekki sagt, að kirkjutekjurnar sjeu í þeim skilningi órjúfanleg eign Óspakseyrarkirkju eða eiganda hennar,að sjálfsagt sje að bæta henni fyrir, þó lög verði gefin út, er rýra tekjur kirkjunnar.

Þá kemur viðaukatill. h. þm. N-Þing., er bætir nýjum ákvörðunum við frv., og sem sýnir, að menn viðurkenna fulla nauðsyn þess, að hreyfa við þessum lögum, jafnvel þótt æskilegast væri, að eigi þyrfti að snerta við þeim. Þessi viðaukatill. (C. 130) snertir Grenjaðastaðabrauð í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi, og er þar ætlazt til, að brauð þetta hafi sömu takmörk, sem ákveðin er í prestakallalögunum frá 1880. En höfuðbreytingin er í því fólgin, að greiddar verði frá brauðinu 1200 kr., í stað 1700 kr. í prestakallalögunum 27. febr. 1880, eða með öðrum orðum, að tekjur brauðsins verði 500 kr. hærri, en til er ætlazt í prestakallalögunum. Eptir hinu nýja brauðamati teljast tekjur þess brauðs um 1870 kr., að hinum áminnztu 1700 kr. frádregnum, en ef árgjaldið frá brauðinu yrði fært úr 1700 kr. niður í 1200 kr., yrðu tekjur brauðsins um 2370 kr. Í sjálfu sjer vil eg ekki segja, að þetta sje of stórt brauð; en jeg verð að geta þess, að jeg sje ekki nauðsyn til, að það verði svo miklu stærra en Melstaðarbrauð, sem áður var um rætt. Jeg sje ekki, að það sje neinn jöfnuður, að þetta brauð sje metið 2370, en hitt ekki nema 1600 kr. Mjer finnst að spara eigi landssjóði útgjöld að því er mögulegt er, og á því er byggð till. um að hækka árgjaldið frá Melstaðarbrauði, en hins vegar verður að gæta jafnaðar sem mest. Hefðu bæði brauðin verið látin vera um 2000 kr., þá virðist mjer það hefði verið nærri sanni, og jeg hefði þá getað fallizt á það. Að síðustu skal jeg gjöra þá aths., að þar sem í viðaukatill. stendur: «Grenjaðarstaðabrauð í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi tekur yfir hina núverandi Grenjaðarstaðasókn og Nessókn», og til er ætlazt, að þannig standi í lögunum, þá er þetta ekki nákvæmlega orðað, því að tilgreina verður sóknirnar, þær sóknir, sem eiga að mynda hið nýja brauð, eins og þær eru nú sem stendur. Skal jeg svo ekki fara fleirum orðum um málið að sinni, en leyfa mjer að vona, að h. þingd. taki tillit til þess, er jeg hefi sagt og lagt til í þessu máli.

Einar Ásmundsson: Jeg vil leyfa mjer að fara nokkrum orðum um breyt.till. þær, er jeg er við riðinn, og snerta mál það, er hjer liggur fyrir. Eins og kunnugt er, er ákveðið í prestakallalögunum frá 27. febr. 1880, að á svæðinu frá Miðfjarðarhálsi vestur að Steingrímsfirði skuli vera 4 prestaköll: Melstaðarprestakall, Staðarprestakall, Prestsbakkaprestakall og Tröllatunguprestakall. Tekjur þessara brauða eru til samans 5218 kr. 92 a. Nú þykir þessi brauðaskipun óhentug, og í frv. er stungið upp á breytingum, er miða til að gjöra hana hentugri, en þó er gjört ráð fyrir, að enn verði 4 prestar á þessu svæði. Nú virðist það undarlegt, ef hin hentugri brauðaskipun, sem stungið er upp á í frv., verður dýrari, en hin óhentugri var. Ef 4 prestar hafa í tekjur 5218 kr., meðan skipunin á brauðum þeirra er óhentug, þá sýnist svo, sem þessar tekjur væri nægilegar með hentugri brauðaskipun en áður, á sama svæði. Þegar tala prestakallanna er hin sama og svæðið hið sama, þá ættu líklega prestarnir að komast af með sömu tekjur. Ef tekin er meðaltalan af þessum 5218 kr. 92 a., sem öll 4 brauðin eru metin til samans, þá koma hjer um bil 1304 kr. á hvert prestakall. Jeg vil nú lýsa yfir því, að vjer 3 þm., er komum með breyt.till. (C. 128), tökum aptur breyt.till., er fer fram á að taka 100 kr. frá Tröllatungubrauði, en viljum þar á móti halda fast við tillögur okkar um árgjald frá Melstaðarbrauði og Prestsbakkabrauði. Yrði þá matið eptir frv. stjórnarinnar með breyt.till. okkar þriggja þm. á þessa leið: Tröllatunga með Felli og 10 bæjum í Óspakseyrarsókn fram undir 1000 kr.; þetta get jeg þó ekki ákveðið með vissu eða nákvæmlega, með því jeg veit ekki hversu miklar tekjur fást frá þessum 10 bæjum. *Prestbakki* með 4 bæjum frá Óspakseyrarsókn og Staðarsókn yrði un 1340 kr., þó að 200 kr. gengju frá eptir breyt.till. *Staðarbakkabrauð* með Núpssókn yrði 1308 kr., rúmar, og Melstaður með Kirkjuhvammi 1673 kr. 20 a., eptir að búið er að draga frá 500 kr. eptir breyt.till okkar.

Þetta mat virðist vera nærri sanni; þyki þessu óhaganlega skipað, þá má enn breyta til og koma upphæðunum öðruvísi niður. Jeg mun ekki verða á móti því, ef að eins ekki nema 100 kr. leggjast á landssjóð fram yfir það, sem ákveðið er í prestakallalögunum.

Loksins skal jeg leyfa mjer að minnast á breyt.till. mína um að afnema það

400 króna árgjald, er með prestakallalögunum er ákveðið, að greiða skuli af Laufásbrauði, ef prestssetrið missir svo kallaðan Neshólma (C. 127). Þetta er varphólmi, sem nú með landamerkjadómi hefur verið dæmdur frá prestsetrinu. Arðurinn af honum mun svara 400 kr. Presturinn, sem nú er í brauðinu, sókti um brauðið og var veitt það rjett áður en Neshólmi fjell frá því. Presturinn sókti um brauðið og var veitt sjálfsagt í þeirri veru, að hann fengi tekjur brauðsins óskertar. Það er því sjálfsagt, að hann verði ekki látinn missa neins í, þó hólminn gangi frá. Jeg skal fúslega játa, að það er ekki meira en svo viðkunnanlegt, að þessi ákvörðun sje tekin upp í frv. Það væri ef til vill rjettara, að hún hefði komið í sjerstöku frv., með því ekki er enn þá fullkomlega víst, að þessi ákvörðun nokkru sinni komi til greina. Mjer stendur á sama, hvort ákvörðunin verður tekin inn í þetta frv., því jeg tek hana þá upp aptur í öðru sjerstöku frv., ef hún verður felld. Vera má, að þeim, sem kunnugir eru, þyki Laufás svo tekjumikið brauð, að ekki þurfi að bæta það upp, þó það missi hólmann. En hvað sem því líður, þá á sá prestur, sem nú þjónar brauðinu, fullt tilkall til uppbótar, ef svo fer. Ætla jeg svo ekki að fara fleirum orðum um málið að sinni. Hinir aðrir, er fram hafa komið með breyt.till., munu tala fyrir þeim.

Ásgeir Einarsson: Það er kannske ekki gott að fást við breyt.till. mína (C. 128), sem er sprottin af vilja til að gjöra það mögulegt, sem var ómögulegt eptir lögunum 27. febr. 1880, nefnil. að þjóna brauðunum á þessu svæði, sem hjer er spurning um. Mjer er nú ómögulegt að skilja í, hvernig það getur orðið mögulegt, að viðhalda Eyrarkirkju, ef breyt.till fellur. Það geta allir getið nærri, hvað tekjur af 10 bæjum muni hrökkva. Kirkjan er máske stærri en hún nauðsynlega þarf, ef þessir 4 bæir fara; en það bætir ekki úr skák. Og svo þætti víst viðfeldnara og kröfum tímans samboðnara, að hafa kirkjuna úr timbri, eins og hún er nú, þegar hún þyrfti að endurbyggjast, heldur en að hrúga upp einhverjum moldarkofa. Jeg get ekki sagt, hvort það er lögum gagnstætt eða ekki, að leggja þessa 4 bæi frá Eyrarkirkju eða fylgja breyt.till. Því verða lögspekingarnir úr að skera. Eptir skýrslu þeirri, sem þm. Eyf. (E. Á.) gaf, er Tröllatungubrauðið verst farið. Það verður þó erfitt brauð, yfir Bitruháls að sækja. Jeg ætti að þekkja þann háls; svo opt hefi jeg yfir hann farið. Jeg veit sannarlega ekki, hvernig jeg á að gefa atkvæði mitt í þessu máli, ef breyt.till. mín fellur. Mjer þætti það sárt, ef kirkjan niðurníddist og yrði ekki haldið við sómasamlega. En hvaða stjórnar- eða lagareglur gildi í þessu tilliti, er mjer ókunnugt um, og vona jeg því, að hinn hæstv. ldsh. skýri frá því, ef þær eru í veginum. Það, sem jeg hefi gjört í þessu máli, hefi jeg gjört eptir beztu sannfæringu. Í frv. er ekkert um það, að bæta kirkjunni hallann, en þar sem hún er prívat-manns eign, þá held jeg sannarlega, að ekki megi rýra tekjur hennar, þó þessir bæir gangi frá henni. Læt jeg svo út talað um þetta að sinni, en vona, að h. þingdm. líti á hið sanngjarna og finni hið rjetta í þessu efni.

Jakob Guðmundsson: Jeg vildi að eins sýna álit mitt um viðaukatill. h. þm. Strand. (Ásg. E.) í sambandi við það, sem h. hæstv. ldsh. hefir látið í ljósi viðvíkjandi því, að kirkjugjöld frá 4 bæjum, sem frv. fer fram á að leggist til Prestsbakka, skuli hjer eptir sem hingað til leggjast til Óspakseyrarkirkju. Jeg er samdóma h. hæstv. ldsh. um það, að það sje eitthvað óeðlilegt og óviðfeldið, að bæir þessir gjaldi til annarar kirkju en þeirrar, sem þeir heyri undir, og þetta ætla jeg líka að sje óvanalegt, en á hinn bóginn get jeg þó ekki neitað því, þegar jeg lít til þess, hvernig kirknaskipun og söknaskipun er til orðin að fornu, þá verð jeg að álíta það bæði óeðlilegt og jafnvel ólöglegt, að taka þá bæi eða gjöld þeirra frá kirkjum bótalaust, sem í þeirri kirkjusókn hafa verið. Eins og menn vita, var áður fyrri engin afmörkuð söknarskipun, bæirnir voru ekki bundnir við neina vissa kirkju, einstakir menn byggðu kirkjurnar á sinn kostnað, og síðar ákváðu svo biskuparnir söknartakmörk; út úr þessu myndaðist sú rjettarvenja, að menn fóru að álíta það skyldu kirkjueiganda, að viðhalda kirkjunni; en þessi skylda getur því að eins við haldizt, að hin forna söknaskipun haldist óbreytt. Mjer hlýtur eins og h. þm. Strand. (Á. E.) að finnast það hart fyrir Óspakseyrarkirkjueiganda, að missa kirkjugjöld af hinum 4 umræddu bæjum, og þar sem jeg einnig er ldsh. samdóma um, að eitthvað væri óeðlilegt við það, ef viðaukatill. þm. Strand. (C. 128) kæmist að, finnst

mjer, að hjer þurfi að grípa til einhvers annars úrræðis, og verð jeg fyrir mitt leyti að álíta eðlilegast og sanngjarnast, að landssjóðurinn bætti hallann, sem hlutaðeigandi kirkja yrði fyrir.

Jeg skal þessu næst leyfa mjer að minnast lítið eitt á samanburð hins hæstv. landshöfðingja á Grenjaðarstaðar og Melstaðarbrauðum. Landshöfðinginn kunni því illa, ef Melstaður yrði hjer eptir ekki betra en meðalbrauð; síðan minntist hann á Grenjaðarstað og bar saman muninn, sem yrði á Grenjaðarstað og Melstað, ef breyt. till. kæmist að. Jeg skal nú ekki neita því, að munurinn í raun og veru yrði talsverður; en það yrði þá líka í sannleika ekki óeðlilegt. Jeg vil leyfa mjer að minna menn á, hvernig brauð þessi hafa að fornu mati verið. Grenjaðarstaður hefir verið, ef jeg man rjett, eitt af hinum 4 beztu brauðum landsins; Melstaður hefir að vísu verið álitið gott brauð, en þó ekki metið hærra en svo, að það hefir verið í flokki með betri brauðum, og því ekki nærri eins gott og Grenjaðarstaður. Jeg sje því enga ósamkvæmni í því, þótt nokkur munur yrði, auk þess sem það yrði að álítast *með öllu óbærilegt og óhugsandi, að greiða 1700 kr. af Grenjaðarstaðarbrauði í peningum*, enda hefir viðaukatill. nú farið fram á, að greiðslan skuli vera í jörðum eða jarðarafgjöldum, eptir því sem mögulegt sje. Jeg verð yfir höfuð að ætla, að tillagan sje ekki ósanngjörn, og jeg skal geta þess, að úr því menn á annað borð eru að breyta því, sem forfeðurnir hafa sett, og einstakir menn gefið að fornu, þá virðist mjer að menn verði að breyta á sem eðlilegastan og sanngjarnastan hátt og horfa ekki í smámuni. Aðalreglan álít jeg eigi að vera sú, að hafa þau brauð tekjuhæst, sem eru á óaðgengilegustu stöðunum, en aptur þau brauðin tekjuminnst, sem vel eru í sveit komin. Þegar jeg var ungur, hefði jeg heldur viljað tekjulítið brauð í miðri sveit, en tekjuhátt útkjálkabrauð.

Það er siðferðisleg skylda, að láta söfnuðina njóta sem mests jafnrjettis. Prestarnir eru til fyrir söfnuðina, söfnuðirnir ekki fyrir prestana. Prestarnir eru ekki neyddir til að sækja, en söfnuðirnir eru neyddir til að hafa presta.

Benidikt Kristjánsson: Jeg hefi komið fram með viðaukatill. við frv. (C. 130), og finn því ástæðu til að tala nokkur orð, þótt jeg reyndar viti, að h. þingdeildarm. hafi lesið skjöl málsins, sem legið hafa á lestrarsalnum. Jeg skal leyfa mjer að minnast á nokkrar tölur, sem hjer standa. Tölur þessar eru settar eptir nákvæmlega sundurliðuðum reikningum yfir tekjur brauðanna og eru því áreiðanlegar. Það, sem fyrst mætir manni, er það, hvernig kjörum Grenjaðarstaðarprests yrði varið eptir prestakallalögunum 27. febr. 1880. Eptir þeim lögum á hann að greiða af hendi nokkuð hærri uphæðir, en þær sem hann tekur inn í embættistekjur sínar. Jeg vona, að deildin sjái, hvernig kjörum þess prests er háttað, sem þarf að innheimta hjá örsnauðum mönnum eigi einungis sínar eigin tekjur, heldur mikið annað, þess prests, sem hefir eigi brjóst í sjer til að ganga hart eptir eða beita fjárnámi. Jeg get gefið deildinni þær upplýsingar um margar af jörðum Grenjaðarstaðarprestakalls, að þeim er þannig háttað, að leigumáli þeirra er mjög hár, og að öll líkindi eru til að ómögulegt verði að leigja þær framvegis fyrir sama leigumála og hingað til. Til stuðnings þessari skýrslu minni skal jeg geta þess, að sumar þessara jarða voru í hinni gömlu jarðabók metnar 20 hdr., en hafa eptir hinni nýju jarðabók hrapað niður í 7 hdr., án þess þó að þær hafi orðið fyrir skemmdum af sandfoki eða vatnagangi. Auðvitað er, að eptir því sem þessar jarðir hafa ápreifanlega rýrnað, eptir því hafa prestarnir Grenjaðarstaðar orðið að færa niður afgjöldin, og þó má jeg fullyrða, að þau eru enn hærri en afgjöld annara jarða að tiltölu í þeim sveitum. Þessi 2 sameinuðu brauð hafa alls í tekjur kr. 3686,79 ; frá þessari upphæð dregst fyrst fyrir svonefndan «þriggja marka ómaga», samkvæmt hæstrjettardómi, 80 kr.; því næst gengur frá fyrir sóknartekjur af Þverársókn og prestsmötu til Helgastaða 180 kr. Þá er að telja árgjald af brauðinu 1700 kr., og loks má telja, ef presturinn á að sjá um greiðslu árgjaldsins, innheimtulaun, sem yrðu um 102 kr. Eptir þessu dragast 2062 kr. frá ofannefndum 3686,79, svo eptir verða sem tekjur prestsins 1624,79. Jeg hef að vísu farið fram á það í viðaukatill., að presturinn mætti borga árgjaldið með jarðarafgjöldum; því prestakallinu fylgja margar kirkjujarðir. Þessar jarðir sumar hverjar liggja einmitt innan takmarka þeirra prestakalla, sem eptir prestakallalögunum 27. febrúar 1880 eiga að fá uppbót, og

sýnist því liggja beint við, að þessar jarðir, er hin nýja skipun kemst á, verði lagðar til þessara brauða í stað uppbótarinnar úr landssjóði, annaðhvort eptir páverandi afgjaldi þeirra jarðanna, eða öðru sanngjörnu afgjaldsmati. Menn kunna nú að segja, og því hefir verið hreift hjer í deildinni, að Grenjaðarstaður yrði ærið gott brauð, ef viðaukatill. næði fram að ganga. Eptir breyt.till. yrði tekju-upphæð þess, ef presturinn á að svara árgjaldinu í peningum og honum reiknast innheimtulaun, 2124 kr. 79 a.; en ef árgjaldið yrði útlagt í jörðum og honum engin innheimtulaun reiknuð, þá 2226 kr. 79 a.; er þannig auðsætt, að Grenjaðarstaður verður ekki betra brauð en áður, heldur öllu fremur tekjurýrara. Jeg þekki að sönnu eigi með vissu hina núverandi tekjuupphæð Grenjaðarstaðar, en þykist þó mega fullyrða, að hún sje nokkuð hærri í rauninni en hún er talin hjer. Jeg vil minnast þeirra orða þm. Dal. (J. G.), að tekjur brauðanna eru fyrir söfnuðina, en ekki fyrir prestana eingöngu. Jeg skildi þessi orð þannig, að því betri tekjur sem brauðin hefðu, þess betri prest gætu þau átt von á að fá. *(Jakob Guðmundsson:* Já, og þess heldur vissu fyrir að fá prest). Jeg bæti því við, að til grundvallar fyrir breyt.till. minni liggur samhuga ósk allra sókna, sem hjer eiga hlut að máli, og hlutaðeigandi hjeraðsfundar. Það verður einnig að leggja á metaskálarnar, að brauðið verður umfangsmikið og örðugt brauð. Það hefur og frá alda-öðli verið eitt með landsins beztu brauðum. En álitið gjörir máske ekki mikið til, ef það hefir engar afleiðingar. En hjer leggur álitið krófu á prestana, þá krófu, að sýna meiri rausn. Brauðið liggur á þeim stað, þar sem krófurnar verða þungbærar. Það liggur í þjóðbraut. Öllum langferðamönnum, útlendum og innlendum, þykir sjálfsagt að koma þar við, og jafnvel hafa þar lengri og skemmri dvöl. Ef h. þingd. skyldi sýnast svo, sem jeg vildi reyna að færa árgjaldið niður meir en góðu hófi gegndi, væri betra að fá litla eða minni niðurfærslu á því en enga. En jeg get sagt svo mikið, að söfnuðirnir kvíða fyrir því, að enginn muni um brauðið sækja, ef það skyldi losna, að minnsta kosti enginn, sem hefði vit og þekkingu á því, eins og það nú er. Jeg er og sömu skoðunar; þótt jeg hefði verið ungur prestur, hefði mjer ekki einu sinni dottið í hug að sækja um það, þótt jeg hefði verið á rýru brauði. Það er og alkunnugt og næg reynsla fyrir, að ómögulegt er að fá peninga út í reikning hjá kaupmönnum, þótt maður eigi tvöfalt eða ferfalt inni við það sem um er beðið, og er eigi ástæða til að ætla, að þetta fari batnandi fyrst um sinn.

Það snertir að vísu eigi mig, að tala um breyt.till. annara þm. En af því, að það liggur fyrir mjer, að greiða atkv. um þær, skal jeg sjer í lagi láta í ljósi skoðun mína um breyt.till. h. þm. Strand. (Á. E.), að því er snertir þessa 4 bæi, sem leggjast eiga til Prestsbakka frá Óspakseyrarsókn. Mjer er það ekki kunnugt, að eptirgjöf eða loforð sjeu fengin fyrir því hjá eiganda Óspakseyrarkirkju, að kirkjan sleppi þessum bæjum eða tekjum af þeim, og ef slík eptirgjöf eða samþykki er ekki fengið, tel jeg það sjálfsagt, að kirkjueigandinn hafi krófu til endurgjalds, og álít jeg vafalaust, að landssjóður verði að binda sjer þann bagga á herðar, að greiða endurgjald þetta, ef engin lagaákvæði eru gerð til að afstýra því. Ef jeg vissi fyrir víst, að Prestsbakkakirkja þyrfti ekki teknanna með af þessum bæjum, hefði jeg viljað, að málinu yrði svo skipað, að umráðandi Prestsbakkakirkju tæki að vísu við tekjunum af bæjunum, en greiddi aptur eiganda Óspakseyrarkirkju einhverja fjárhæð, sem sanngjarnt þætti að greiða.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. 3 þingmanna við 1. gr. (C. 128, þingskjal nr. 39) var felld með 6 atkv. gegn 5; en 1. gr. frv. (C. 49) óbreytt samþ. með öllum atkv.

Önnur gr. frv. samþ. óbreytt í einu hljóði.

Þriðja gr. frv. samþ. óbreytt með 10 atkv.

Viðaukatill. 3 þingmanna við 3. gr. (nr. 39) samþ. með 6 : 5.

Viðaukatill. Ásgr. Einarssonar við sömu gr. (nr. 43) samþ. með 6 : 4.

Þriðja gr. öll· með þessum viðaukum samþ. með 8 atkv. gegn 3.

Fjórða gr. frv. óbreytt samþ. með öllum atkv.; breyt.till. 3 þingmanna við hana (nr. 39) tekin aptur.

Breyt.till. nr. 38 (C. 127) felld með 6 : 5. Viðaukatill. nr. 45 fyrri hlutinn til 1200 kr. samþ. með 7 : 4, og síðari hluti með 9 atkv.

Fimmta gr. frv. samþ. í einu hljóði.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Frumvarp til laga um að stjórninni veitist heimild til að fyrirskipa, að auglýsingar þær, sem rætt er um í opnu brjefi 27. maí 1859, verði teknar upp í stjórnartíðindin deildina B. (C 51); 2. umr.

Landshöfðingi: Jeg var eigi viðstaddur þegar deildin hafði mál þetta til 1. umr., því jeg varð þá að vera viðstaddur við umræðu annars máls í neðri deildinni, og skal jeg því nú leyfa mjer að gjöra að eins fáar athugasemdir. Í athugasemdunum við frv. er tekið fram, hver sje tilgangur stjórnarinnar með því, og orsökin til þess, að hún hefir lagt þetta frumvarp fyrir þingið. Þar er sagt, að með því að eigi sje trygging fyrir því, að jafnan muni koma út í Reykjavík þjóðblað, er vel sje lagað til þess, að birta opinberar auglýsingar í, hafi þótt rjett að æskja heimildar til þess að birta þær í B-deild stjórnartíðindanna. Einungis ef þannig stendur á, einungis ef það er nauðsynlegt, sem alls eigi er sagt að verði, kemur til þess að birta auglýsingar í stjórnartíðindunum. Jeg skal geta þess, að útgáfu stjórnartíðindanna mætti þá haga þannig, að þau kæmu út tíðar eða með jafnara millibili en annars, t. d. einu sinni á hálfum mánuði í hálfum örkum. Snertandi útbreiðslu stjórnartíðindanna og þar af leiðandi það, hvort auglýsingar á þennan hátt yrði nægilega kunnar, skal jeg geta þess, að stjórnartíðindin eru send til allra sókna og hreppa, svo það ætti að vera nægileg trygging fyrir því, að auglýsingarnar gætu orðið almenningi kunnar á reglubundinn hátt. Loks skal jeg geta þess, að það fer svo fjarri því, að þessi tilhögun baki kostnað, að hún miklu fremur getur minnkað kostnað þann, sem útgáfa stjórnartíðindanna hefur í för með sjer, þótt ekki verði tekin há borgun fyrir auglýsingarnar.

Jakob Guðmundsson: Eptir því sem jeg fjekk skilið landshöfðingjann, gat jeg ekki fengið út aðra meiningu en þá, að til þessarar heimildar yrði einungis tekið ef á þyrfti að halda, ef nauðsyn krefði, þannig að ef það kæmi fyrir að ekkert blað yrði gefið út í Reykjavík, sem hægt væri að birta í auglýsingar, þá skuli birta þær í stjórnartíðindunum. Einmitt með þessum skilningi og í þessari meiningu gef jeg atkvæði með frv.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 10 atkv. — Málinu vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Níundi fundur, 11. júlí kl. 1 e. m. Allir á fundi.

Frumvarp til laga um takmörkun á sölu áfengra drykkja (C. 113); 3. umr.

Flutningsmaður (Einar Ásmundsson): Það eru framkomnar breyt.tillögur við frv. þetta, sem jeg er viss um, að eru sprottnar af viðleitni til að gjöra frv. hentugra. Jeg hef ekki margt um þær að segja, og vil einungis lýsa yfir því, að jeg fellst á breyt.-till. þessar (C. 138) og ætla ekkert að hafa á móti þeim.

Jón Pjetursson: Jeg veit að frv. þetta er sprottið af góðum rótum, en mjer finnst samt sem áður, að það sje ekki byggt á rjettum grundvelli. Tilgangur þess er sjálfsagt sá, að fyrirbyggja drykkjuskap. En jeg get ómögulega skilið, að það sje rjett, að þvinga menn, eða gjöra þeim ómögulegt að drekka, með lögum. Á siðferðið á að verka ekki með lögum, heldur með því að bæta hugarfarið, og einmitt í þessa stefnu ganga bindindisfjelögin. Auk þessa finnst mjer það æðihart, að banna mönnum að smakka einstöku sinnum betri vín, nema þeir kaupi 40 potta, eða, sem sama er, 50 flöskur. Jeg skal t. d. nefna «kampavín». Það er naumast hætt við því, að menn drekki opt ofmikið af því. Viðvíkjandi breyt. till., skal jeg geta þess, að jeg get ekki fellt mig við þær; hví skyldu menn mega kaupa 1 pott, en ekki eina flösku? Niðurstaðan verður sú, að sá sem vill kaupa eina flösku verður neyddur til að kaupa part úr annari til. Eða er það hins vegar, þegar maður gætir að hinni breyt.till., ekki hart, að menn endilega skuli þurfa að kaupa 10 potta, og fara allt af að reiða með sjer 10 potta kúta, að jeg ekki tali um 40 potta kút. Svo er og eins að gæta, jeg get ekki betur sjeð, en að eptir frv. geti menn haft í frammi alls konar brögð og brellur. Getur skeð, að einhver finni upp á því, að segjast kaupa 50 flöskur hjá kaupmanninum, biðji hann svo að geyma þessar 49, en taki aldrei nema eina, náttúrlega eptir samkomulagi. Auk þess getur kaupmaðurinn látist gefa svo og svo mikið. Jeg yfir höfuð get ekki

skilið, að frv. leiði til góðs. Mjer liggur miklu fremur við að segja, að það geti í stað þess að sporna við drykkjuskap, einmitt aukið hann, því það getur opt komið fyrir, að maður ætlaði að kaupa sjer 1 pela, en yrði neyddur til að kaupa eina flösku að auki, = 4 pela, og það sjá þó allir, að drukknari verður maður af fjórum pelum, en einum. Jeg skal svo ekki fjölyrða meir um þetta, en tek það enn fram, að jeg get ekki sjeð, að frv. geti orðið vegur til að sporna við ofdrykkju.

Jakob Guðmundsson: Úr því á annað borð er farið að ræða þetta frv., skal jeg leyfa mjer að vekja athygli manna á því, að breyt.till sú, sem jeg var með til að gjöra (C. 138), var sprottin af viðleitni okkar til þess að fara nokkurs konar meðalveg millum upphaflega frv. og breyt.till. 1. þm. Rangv. (C. 128). Við hugsuðum nfl., að þó að frv. þetta vitanlega gæti engan veginn spornað við því, að menn gjörðu sig seka í ofdrykkju, þá mundi þó 10 potta takmarkið hafa einn kost við sig, þann sem sje, að það hamlaði mönnum frá smádrykkju í kaupstöðunum við búðarborðið, sem þykir vera svo ósæmileg. Við vissum það, að ofdrykkja er alstaðar slæm og hneykslanleg, en það er þó skárra að skömminni til, að drekka sig fullan heima, en á almannafæri í kaupstöðum. Viðvíkjandi uppfærslu okkar á leyfisbrjefagjaldinu, skal jeg geta þess, að tilgangur okkar með henni var sá, að vinna þó það með frumvarpinu, þótt það aldrei næði þeim tilgangi sínum að sporna við ofdrykkju, að á ofneyzlumenn skyldi lagður nokkurs konar tollur. Þessi uppfærsla er því eiginlega ofneyzlutollur og bendir til víntollsins. Að við settum, að gjaldið skyldi renna í landssjóð, en ekki til sveitar- eða sýslusjóðs, kom til af því, að við hugsuðum, að sveitarstjórnir, bæjarstjórnir og sýslunefndir myndu ljúfari á að veita leyfið, og það stundum kannske ástæðulítið, ef þær ættu von á einhverju í aðra hönd. Mjer er heldur eigi vel kunnugt um, nema þetta sje í samræmi við það, sem á sjer stað í öðrum líkum tilfellum, t. d. með gjald fyrir leyfisbrjef til verzlunar. *(M. St.:* Nei, það gjald rennur ekki í landssjóð). Jæja, hvað sem um það er; jeg held þó að frv. sje vísir til þess, að hafa hemil á víndrykkju á opinberum stöðum.

Ásgeir Einarsson: Mjer skildist ræða hins háttv. 2. kgk. þm (J. P.) svo, sem honum virtist frv. koma að litlum notum sökum þess, að hægt yrði að fara í kringum það, og datt mjer þá í hug orð Örsteds gamla, hins mikla lögspekings Dana: að aldrei hefði þau lög verið til undir sólunni, sem ekki hefði mátt fara í kringum. Jeg sje það vel, að það má fara í kringum frv.; en jeg held samt, að það mundi afstýra ósið í sveitinni, ef það næði fram að ganga, þeim ósið t. d., að hafa vínsölu á mannamótum, uppboðsþingum o. fl., sem nú er farið að viðgangast og lögreglustjórar leyfa. Það kvað svo rammt að slíkri vínsölu á einum stað, að jeg hef heyrt þess getið, og mun eitthvað hæft í vera, að prófastur einn hafi flutt hjeraðsfund á annan stað, af því honum hafi þótt þeir fá sjer heldur mikið til uppörfunar áður fundurinn væri haldinn. En ef ákvarðanir frv. kæmust á, gæti það ekki borgað sig fyrir nokkurn mann, að kaupa leyfið fyrir svona hátt gjald til að hafa veitingar einn einasta dag. Um hin önnur atriði læt jeg ótalað, því jeg álít að þetta sje mest um vert.

Magnús Stephensen: Jeg vildi leyfa mjer að spyrja h. þm. Strand. (Á. E.), hvar það sje, að lögreglustjórar leyfi brennivínssölu á mannamótum. Mjer er ekki kunnugt um, að nokkur lög heimili lögreglustjórum að veita slíkt leyfi, og yfir höfuð er hvergi leyfi til að hafa brennivínssölu, nema á veitingastöðum, og það að fengnu leyfi amtsins. Það væri því fróðlegt, að fá hjá þm. upplýsingar um, hverjir þeir lögreglustjórar sjeu, sem þm. átti við.

Ásgeir Einarsson: Það er í þeirri sýslu, sem jeg er í. Menn hafa víst haldið, að lögreglustjórinn hefði vald til að leyfa svo lítið. Það er gott að vita, hvað sjeu lög og ekki lög, hjá þeim, sem löglærðir eru.

Jakob Guðmundsson: Jeg vildi vekja athygli á því, að jeg er hræddur um, að þm. Strand. (Á.E.) hafi misskilið þetta umrædda lögreglustjóraleyfi. Jeg er hræddur um, að þingm. kalli, að lögreglustjórinn hafi leyft það sem hann ekki hefur bannað, eða með öðrum orðum, liðið, án þess að reisa skorður við (*Á. E.:* Það kalla jeg nú leyfi.).

Árni Thorsteinsson: Jeg skal leyfa mjer að taka fram, að ef menn ætla sjer að leggja band á einhvern atvinnuveg, hvort sem það er verzlun eða annað, þá verður að vera yfirgnæfandi ástæða til þess; að minnsta kosti verður ávinningurinn að vera því meiri, því þyngra sem bandið liggur á.

þm. Strand. (Á. E.) vitnaði til Örsteds, eins og optlega áður. Við þekkjum allir þá setningu og vitum allir, að hún er sönn opt og tíðum. Jeg held nú, eins og hjer í salnum hefir verið tekið fram, að frv. sje engin vörn móti ofdrykkju. Jeg ætla, að eina vörnin móti henni væri það, ef hjá mönnum væri hægt að mynda almenna meðvitund um það, hve hneykslanleg og skaðleg ofdrykkja er. Jeg vildi svo gjarnan styðja að hverri þeirri tilraun, sem gjörð væri til að sporna móti henni; en mjer þykir það mjög leiðinlegt, að þetta frv. er þannig úr garði gjört, að eg örvænti um að nokkur veruleg gagnsemi til að minnka ofdrykkju geti með því á unnizt, svo að jeg get með engu móti greitt atkvæði með því, og skal jeg því ekki vera margorður. En jeg stóð upp eiginlega einungis af því, að þm. Strand. (Á. E.) var að nefna þann kost frv., að það spornaði við brennivínssölu á uppboðsþingum og öðrum almennum mannfundum til sveita. Í þessu mætti mjer hinn hreini og góði innri maður þm., sem jeg hvergi gat orðið var við um daginn, þegar hann var með til þess að eyðileggja nytsamt frumvarp um lögreglu, sem hefði verið til stórvægilegra umbóta fyrir reglusemi, siðsemi og þrifnað, einkum í kaupstöðunum, og jafnvel til sveita, ef menn hefðu óskað þess, eins og hann nú játar að ekki hefði verið óþarfi.

Breyt.till. frá J. Guðmundssyni, Ásgeiri Einarssyni og B. Kristjánssyni (C. 138) við 1. gr. samþ. með 6:4; breytingin við 2. gr. samþ. með 6 : 2; og breytingarnar við 3. gr. samþ. með 6 atkv.

Magnús Stephensen, Hallgr. Sveinsson og L. E. Sveinbjörnsson óskuðu, að nafnakall væri haft um frv., og sögðu

já:

Ásgeir Einarsson,
Benedikt Kristjánsson,
Einar Ásmundsson,
Jakob Guðmundsson,
Sighvatur Árnason,
Skúli Þorvarðarson;

nei:

Hallgrímur Sveinsson,
Magnús Stephensen,
Árni Thorsteinsson,
Jón Pjetursson,
L. E. Sveinbjörnsson.

Frumv. var þannig samþ. með 6 : 5, og kvað forseti það verða sent forseta Nd.

Frumvarp til laga um afnám fyrirmæla í opnu brjefi 22. marz 1855 um selaskot á Breiðafirði (C. 127); 2. umr.

Flutningsmaður (Jakob Guðmundsson): Jeg vona, að jeg þurfi ekki að geta þess, að prentvilla hefur komizt inn í frv. Allir h. þingdm. hafa víst tekið eptir því, að eptir: «Opið brjef 22. marz 1885» í sjálfri ákvörðuninni, vantar orðin: «um selaskot á Breiðafirði»[1]. Jeg vona, að prentvilla (!?) þessi verði því ekki til fyrirstöðu, að málið komi fyrir í dag, enda má laga þessa villu til 3. umr.

Forseti: Jeg vona, að enginn h. þingdm. hafi á móti því, að málið verði tekið fyrir á fundinum, þó þetta vanti inn í.

Ásgeir Einarsson: Jú, jeg hef á móti því!

Forseti leitaði þá atkvæða um, hvort málið mætti koma fyrir, og var það samþykkt.

Ásgeir Einarsson: Þegar frv. þetta var síðast til umræðu hjer í deildinni, var jeg búinn að tala tvisvar, þegar h. 5. kgk. þm. (L. E. Sveinbjörnsson) hóf sína minnilegu snjallræðu hjer í þingd., þegar hann ljet þá greypilegu skoðun í ljósi, að rjettast væri, að selurinn væri rjettdræpur fyrir öllu landi. Þá datt mjer í hug máltækið: «Nýir vendir sópa bezt». En mjer datt líka annað í hug, einkum af því það var lögfræðingur, sem ræðuna hjelt; mjer datt í hug 50. gr. stjórnarskráarinnar. Það mundi ekki koma í bága við hana, að sópa svo greipum um eignir manna? Mjer þætti það greypilegt, að láta drepa bótalaust selinn hjá manni, sem á selalátur innst við land á Breiðafirði, þess manns, er jeg gat um á dögunum, að hefði 2000 kr. í nettóinntektir. Óðalsbóndinn, sem byrjaði að rita um þetta mál í blöðunum í vetur, vildi víst líka helzt að selurinn væri gjörður útlagur og rjettdræpur um allt land, en hann sleppti náttúrlega að sýna fram á, hvernig birta ætti honum útlegðardóminn. Hann ljet sjer þó nægja í greinum sínum, að lofa öðrum sel að lifa, en þeim sem til næðist við afnám «opna brjefsins». Óðalsbóndinn ritaði í blöðunum um þann þúsundfalda ábata, er leiddi af eyðileggingu selsins á vest-

1) Þessi orð vantaði í handrit þingmannsins. Er því villan honum að kenna, en ekki prentuninni.
Skrifstofustjóri alþingis.

urfjörðunum Arnarfirði og Patreksfirði og þeim fjörðum, að fiskigöngurnar hefðu aukizt svo áþreifanlega á þessum fjörðum, og væri það allt seladrápinu að þakka. Hvað þennan þúsundfalda ábata snertir, er leiða muni af afnámi opna brjefsins, eins og líka var talað um í neðri deild þingsins, er málið var þar síðast til umræðu, þá er hann og verður raunar aldrei annað en spádómur. Þrátt fyrir þennan þúsundfalda ábata kom til þingmannsins bænarskrá um að friðhelga allan sel í Barðastrandarsýslu, einmitt frá Arnfirðingum. Menn segja, að það sje selnum að kenna, einkum vöðusel, að fiskigöngurnar hafa minnkað sumstaðar, meðan vöðuselur kom til landsins. Nú eru Arnfirðingar komnir á þá meiningu, að síðan fiskigöngur minnkuðu, sje orsökin, að vöðuselurinn hafi áður rekið eða fælt fiskinn inn á firði, líkt og við Grímsey í vor. Jeg skal nú ekki leggja neinn dóm á þessar skoðanir, en mjer detta í hug orð Gustavs Vasa til þegna sinna: «Þegar þurkur er, er oss kennt um; þegar regn er, er það oss að kenna». Þess konar dómar sýna bezt hviklyndi manna og óskynsemi, er þeir kenna öllu um, þegar eitthvað breytist til óhagnaðar. Þegar þessi vitleysa er komin inn í menn, þá er kannske ekki svo auðvelt að bola henni burtu aptur. Vaninn er ríkur. Hleypidómarnir upprætast ekki nema við vaxandi menntun alþýðu. Þegar jeg hugsa um, hverju menn kenna þverrun fiskigangnanna, þá detta mjer í hug orð Snorra goða, er hann sagði: «Hverju voru goðin reið, er hjer brann hraun það, er nú stöndum vjer á?». Það hefur nú verið rætt svo mikið um þetta mál að undanförnu, og nú síðast í vetur ritað um það í blöðunum, svo mönnum ætti að vera það kunnugt orðið, enda ætla jeg mjer ekki að tala meira að sinni, en leyfa mjer samt, þó seint sje, að stinga upp á 3 manna nefnd. Jeg býst nú reyndar við, að hún verði felld, en jeg gjöri það samt, vegna tillögu hins 5. kgk. þm. (L. E. Svb.).

— Sú uppástunga var felld með 7 atkv. gegn 3, en frumvarpið með áorðnum breytingum samþykkt með 8 atkv., og vísað til 3. umr. með 9 atkv.

Frumvarp til laga um löggildingu verzlunarstaðar við Óspakseyri í Strandasýslu (C. 128); 1. umr.

Flutningsmaður (Ásgeir Einarsson): Það má nú raunar virðast vera að bera í bakkafullan lækinn, að vera að bæta ofan á þá hrúgu af verzlunarstöðum, er löggiltir voru á síðasta þingi, og þó eru fleiri bænir komnar um nýjar löggildingar, en þessi ein. Það hefur áður fyr komið til tals heima í hjeraði, að fá þennan stað löggiltan, en jeg hef ávallt fremur ráðið frá því, og þess vegna hef jeg ekki borið hann fram fyr en nú, enda er jeg kunnur að því, að vilja fara varlega í að löggilda smákauptún á víð og dreif, sem, ef til vill, getur eitthvað illt af hlotizt, nfl. drykkjuskapur. Í þetta sinn gat jeg þó ekki skorazt undan að fara með þessa bæn til þingsins. Málið hafði sem sje verið borið upp á sýslufundi; þar var það rætt, og álitið nauðsyn, að fá því framgengt. Þar er líka mjög góð höfn, og talsvert betri en á Borðeyri. En það voru þó engan veginn gæði hafnarinnar, er komu mjer til að taka málið að mjer, heldur það eitt, að menn vildu fá Coghill til að taka þar fje. Höfnin er nógu djúp og góð fyrir gufuskip. Þar hefur áður legið gufuskip, er verið var að mæla flóann. Jeg ímynda mjer, að þingið neiti eigi að löggilda þennan stað nú, þar sem það á síðasta þingi tók alla 10 staði, er upp voru bornir, til löggildingar. Þar sem nú fleiri löggildingar eru á ferðinni, þá sjest, að hjer er sá straumur, sem þingið ekki getur stöðvað. Þó hefði jeg fyrir mitt leyti heldur viljað, að kjósendur mínir hefðu fallið frá þessum verzlunarstað; en hins vegar er þeim vorkunn, þótt þeir vilji fá það fram; því að reka fje svo hundruðum skiptir inn á Borðeyri, er mjög svo torvelt og kostnaðarsamt, þar sem leiðin er sumstaðar 3 þingmannaleiðir, hvað þá þegar þeir neyðast til að reka fjeð suður í Stykkishólm. — Og af þessari þýðingarmiklu ástæðu verð jeg að mæla fram með málinu.

Benidikt Kristjánsson: Nú má segja, að «ekki er lengi að skiptast veður í lopti», því mig minnir ekki betur, en að h. þingm. Strand. (Á. E.) stæði á síðustu þingum fast á móti löggildingu verzlunarstaða. Jeg skil því ekki, hvers vegna hann er að koma með frv. um að löggilda verzlunarstað á Óspakseyri. Jeg get heldur ekki sjeð, að það sje nein ástæða, að löggilda þennan stað sem verzlunarstað, þó að hentugt sje að reka þangað fje til útskipunar, því jeg ímynda mjer, að Coghill og hver sá, er keypt hefur

borgarabrjef, geti með fullri lagaheimild siglt til lausaverzlunar á hvern stað, sem er, og þá eins á þessa höfn. Ef h. þm. Strand. (A. E.) og Strandamönnum sjálfum er annt um að fá vínföng flutt inn á þennan stað, þá get jeg skilið, að þeir vilji fá löggiltan verzlunarstað á Óspakseyri. En jeg get ekki trúað því, að þetta sje ástæðan, því að það er kunnugt, að h. þm. Strand. fremur vill reisa skorður við ofdrykkju og óreglu, en efla hana. Það er þó ekki svo að skilja, að jeg sje á móti því, að löggilda þar verzlunarstað, ef jeg sje að þörf gjörist, enda væri það ósamkvæmni af mjer, sem talinn er að hafa stutt að því manna mest, að margir staðir yrðu löggiltir verzlunarstaðir. En ástæða sú, er þm. Strand. taldi fyrir þessari löggildingu, þýðir, eptir mínum skilningi, ekki neitt, þar sem sigla má á þessa höfn til slíkrar verzlunar hvort sem er.

Ásgeir Einarsson: Jeg vil þá leyfa mjer að skora á h. lögfræðinga þingd., að fræða mig um, hvort það sje rjett, að hverjum kaupmanni sje leyfilegt að sigla á þessa höfn til verzlunar. Því sje svo, þá er jeg ánægður, og gef ekkert um, að Óspakseyri verði löggiltur verzlunarstaður, því mig langar ekki til, að styðja að brennivínssölu og brennivínskaupum, hvorki þar nje annarsstaðar.

Jakob Guðmundsson: Jeg vildi að eins leyfa mjer, að vekja athygli h. þm. Strand. (Á. E.) á því, að það er engan veginn næg ástæða að falla frá þessu frv., um löggilding verzlunarstaðar á Óspakseyri, þó Coghill hafi borgarabrjef, og þar með leyfi til að reka lausaverzlun á þessum stað, hvort sem hann verður löggiltur eða ekki; því það er ekki víst, hversu lengi vjer höfum viðskipti við hann. Það geta líka komið fleiri en hann, sem vilja reka verzlun á þessum stað. Af þessum sökum er það, að jeg einmitt greiði atkvæði mitt fyrir því, að þetta frv. h. þm. Strand. (Á. E.) nái fram að ganga. Jeg vil, að þm. sje sjálfum sjer samkvæmur, og falli ekki frá, heldur haldi frv. örugglega fram.

Einar Ásmundsson: H. þm. Strand. (Ásg. Ein.) skoraði á lögfræðinga þingd., að gefa sjer skýringu á því, hvort hver og einn mætti sigla til verzlunar á ólöggiltar hafnir; en þar sem þeir þegja, verða «steinarnir að tala». Jeg hefi ekki verið á því, að fjölga mjög löggiltum höfnum, og sjer í lagi síðan þau lög komu út um árið, er leyfa sveitaverzlun, ef sýslunefnd samþykkir það. Því síðan mega allir verzla hvar sem vera skal, ef menn hafa borgarabrjef, og einhverja fasta verzlun. Munurinn á löggildri og ólöggildri höfn er þá enginn annar en sá, að á ólöggildri höfn má enga áfenga drykki selja, og enginn verzla þar, sem ekki hefur verzlunarleyfi. Ástæða h. þm. Strand. (Á. E.) fyrir löggilding þessari var sú, að hann vildi fá fullkomið leyfi til að mega reka þangað fje til verzlunar, en að maðurinn, sem hann nefndi á nafn, hefði hvergi fasta verzlun og ekki borgarabrjef. Ætli hver, sem vill kaupa og selja á Bitrufirði, getti ekki keypt sjer borgarabrjef, ef hann vill? Það ímynda jeg mjer, nema hann sje bláfátækur; en þá getur hann heldur ekki af þeirri orsök byrjað neina verzlun, er verzlun geti heitið. Það getur verið, að sumir ímyndi sjer, að skipstjórar þori ekki að leggja skipum sínum þar, sem ekki er löggild höfn. En jeg ímynda mjer þó, að enginn skynsamur maður haldi, að botninn í höfninni breytist neitt eða batni við eintóma löggilding. Menn hafa og einatt komið með það sem öflugustu ástæðu fyrir þessum mörgu löggildingum hafna, að engin ábyrgð fengist á skipum, nema þau sigldu einungis á löggildar hafnir. En jeg hefi sjeð nokkur ábyrgðarbrjef, þar sem þetta er hvergi tekið fram. Hitt er eðlilegt, að þeir sem skipin eiga, setji það skilyrði, að ekki sje legið á þeim við land, nema þar sem notandi skipalega er og haldbotn, en ekki þar sem bersýnilegur háski er að leggja skipum. Þó jeg nú verði að vera á móti mínum háttvirta sessunaut í máli þessu, þá skal jeg þó ekki vera á móti því, að frv. komist til 2. umr., ef menn vilja hugsa sig betur um það þangað til.

Málinu vísað til 2. umr. með 6 : 3.

Til laga til þingsál. um að mæld verði uppsigling á Hvammsfjörð (C. 137); hvernig hana skuli ræða.

Forseti stakk upp á, að hafa *eina umr.* um þessa þgsál., og var það samþ. í einu hljóði.

Tíundi fundur, mánudag 13. júlí, kl. 1 e. m. Allir á fundi.

Frumvarp til laga um hluttöku safnaða í veitingu brauða (C. 63); framh. 1. umr.

Framsögumaður (Jak. Guðmundsson): Þó að nefndarálitið um hluttöku safnaða í veitingu brauða (C. 128) sje í fáum orðum, þá er þó í ástæðum nefndarálitsins skýrt tekin fram stefna nefndarinnar. Af því jeg vona, að þingd. sje þetta ljóst, þá ætla jeg mjer ekki að fjölyrða um það. Að eins skal jeg leyfa mjer að geta þess, viðvíkjandi þeim tveimur breyt.till. hins hæstv. ldsh., er hjer liggja fyrir (C. 147), að jeg álít þær hentugar, og meira að segja, fremur til bóta. Vil jeg því fyrir mitt leyti fallast á þær

Hallgrímur Sveinsson: Jeg fyrir mitt leyti verð að láta í ljósi, að mjer virðist full ástæða til fyrir þingið að vera stjórninni þakklátt fyrir þetta frv., sem svo verulega fullnægir óskum landsmanna og þingsins. Mjer virðist stjórnin hafa gefið söfnuðunum þann rjett, sem þingið hafi ástæðu til að óska og þeir muni gjöra sig ánægða með. Að vísu eru í nefndarálitinu tekin fram atriði, er miða til að auka það frelsi, er stjórnin hefur veitt með frv., en jeg er þó meðmæltur þeirri stefnu, er nefndin hefur farið, og vil fylgja nefndarálitinu að því er snertir þessar breytingar, í þeirri von, að þær verði því ekki til fyrirstöðu, að málið öðlist staðfestingu á sínum tíma, því jeg álít, að frv. verði betra þannig breytt, en það upphaflega var. Jeg þarf ekki að taka fram, hvaða kosti hluttaka safnaða í veitingu brauða hafi. Um það hefur svo mikið verið rætt og ritað áður. Í fáum orðum má segja, að þessi hluttaka hljóti að glæða hið andlega líf í söfnuðunum; þetta frelsi byggist og á náttúrlegum rjetti safnaðanna og jafnvel á fornum lagarjetti. Að vísu dylst mjer ekki, að ýmsir ókostir hljóta að verða á þessu nýja fyrirkomulagi. Af því hlýtur t. a. m. að leiða talsverðan drátt á veitingunni. En söfnuðirnir vita, að hverju þeir ganga, og þegar þeir vilja sætta sig við hann, þá er ekkert um að tala. Það hefur líka verið tekið fram, að með þessu fyrirkomulagi mundu einstakir menn ráða meiru, en almenningur; að einstakir menn mundu fá nokkurs konar einkarjett til brauðanna. Afkomandi prests, er lengi og vel hefði þjónað brauði, mundi fremur fá brauðið, er það losnaði, en einhver ókunnur og óskyldur hinum fráfarandi presti, jafnvel þótt hann hefði betri hæfilegleika. Sá mundi fremur ganga fyrir, er ætti vini og frændur í söfnuðinum. En þetta er ókostur, sem einnig getur komið fram við aðrar veitingar. Menn ganga að honum vísum, og það er vonandi, að hann verði aldrei að stórvægilegum baga. Það hefur enn verið talið sem ókostur, að minni hluti hlyti að myndast við kosningarnar, er ekki mundi ávallt gjöra sig eins ánægðan með úrslitin eins og þegar embættisvaldið sjálft veitti brauðin. En minni hluti hlýtur alstaðar að geta komið fram, og menn verða í þessu sem öðru að venja sig við að gjöra sjer að góðu, þótt þeir verði undir. Þetta, er jeg nú hefi tekið fram, eru engin stórvægileg atriði. En það er eitt atriði, sem mjer virðist meira um vert í þessu máli, og sem jeg vil leyfa mjer að vekja máls á. Það er um það, hvort sá kosningarmáti, sem hjer er gjört ráð fyrir, sje sá bezti. Í frv. er gjört ráð fyrir beinum eða almennum kosningum, þar sem ákveðið er, að allir þeir skuli hafa atkvæðisrjett á kjörfundum, er sjeu fullra 25 ára og hafi atkvæðisrjett á safnaðafundum. Menn kynnu að spyrja, hvort ekki væri fullt eins heppilegt að kjósa prestinn með *óbeinum eða tvöföldum kosningum;* að það væri að eins nokkurir vissir menn, sem kvaddir væri til að kjósa prestinn, t. a. m. sóknarnefnd sú, er síðast hefur verið valin, eða sóknarnefndin að nokkum öðrum viðbættum, eða þá, í þriðja lagi, ný nefnd, er valin væri einmitt í þessu skyni. Jeg, fyrir mitt leyti, held, að tvöfaldar kosningar færi fullt eins vel úr hendi. Jeg hygg, að 3, 5 eða 7 mönnum veitti hægra að rannsaka og dæma um umsókarbrjefin, en öllum fjöldanum; þeir mundu betur geta talað sig saman og leitað sjer upplýsinga um viðkomendur. Jeg er hræddur um, að menn í söfnuðunum yfir höfuð að tala muni ekki gjöra sjer mikið far um að kynna sjer umsóknarbrjefin, jafnvel þótt þau liggi til sýnis ákveðinn tíma, og þeir þannig hafi átt kost á því. Jeg er hræddur um, að fjöldinn byggi ekki atkvæði sitt á nægilegri yfirvegun, þegar menn sjálfan kosningardaginn koma á kjörfundinn úr ýmsum áttum. Jeg vil þó að eins leyfa mjer að vekja máls á þessu; en jeg hugsa mjer ekki frekara en svo að koma með neina breyt.till. á þessu, nema jeg heyri, að fleiri sjeu sömu skoðunar. Í sambandi

við þetta vil jeg leyfa mjer að leita upplýsingar um, hver sje meiningin, þar sem sagt er í kosningarlögunum sjálfum, að þeir skuli hafa atkvæðisrjett, er *gjaldi* til prests og kirkju. Er það meiningin, að allir skuli hafa atkvæðisrjett, er *gjalda skulu*, án tillits til, hvort þeir *hafa* goldið eða ekki, eða þeir einir, er goldið hafa það ár? Þá er enn eitt, er jeg vildi mega fá skýringu á. Jeg veit ekki, hvort meiningin er, að kjörstjórnin skuli að eins vera *ein* fyrir allt prestakallið, eða að vera skuli jafnmargar kjörstjórnardeildir eins og sóknirnar eru margar. Sje hið síðara meiningin, þá verð jeg að álíta það óþarfa, að hafa meira en eina kjörstjórnarnefnd. 5. gr. frv. virðist mjer mætti orða ljósara, en gjört er í frv. En af því ekki mun eiga við að fara út í einstakar greinar á þessu stigi málsins, skal jeg ekki fara lengra út í það. Að síðustu skal jeg leyfa mjer að vekja máls á því, hvernig fara eigi að, ef kjörfundur, er prófastur hefur stefnt til, ónýtist, sem vel getur hugsazt, t. d. vegna illviðra eða á vetrardag; sjálfsagt er þá meiningin að boða nýjan fund, en það er hvergi tekið fram í frv. með berum orðum. Eins og jeg þegar hefi tekið fram, er jeg máli þessu mjög hlynntur, og mjer þykir vel, að það er komið til þingsins frá stjórninni sjálfri. Breytingar nefndarinnar vil jeg aðhyllast, í þeirri von, að þær mæti ekki mótsöðu frá stjórnarinnar hálfu; en mjer þætti illt, ef rýmkun nefndarinnar á kosningarfrelsi safnaðanna yrði til þess, að stjórnin rjeði frá að það yrði samþykkt.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að láta það í ljósi, að nefndin hefur tekið yfir höfuð að tala vel í þetta mál, þar sem hún að eins í litlu verulegu hefur vikið frá grundvallarreglu stjórnarinnar. Þegar jeg tala hjer um grundvallarreglu, þá meina jeg þá grundvallarreglu, að veitingarvaldið er hjá konunginum eða þeim stjórnarvöldum, sem hann felur það, en söfnuðunum jafnframt gefin veruleg hluttaka í veitingu brauðanna. Þessari grundvallarreglu finnst mjer nefndin yfir höfuð hafa fylgt í uppástungum sínum. Breytingar nefndarinnar að því er snertir það atriði, er að eins tveir sækja um embættið, finnst mjer ekki raska þessari grundvallarreglu, því söfnuðinum er þá og í eiginlegum skilningi heimilað, að kjósa á milli þessara tveggja. Því atriði er þó ekki raskað, að veitingarvaldið er hjá konungi og þeim, er hann felur það. Því þó umsækjendur sjeu ekki nema tveir, þá er það hið sama sem að stjórnarvaldið veiti öðrum þeirra embættið, er það segir við söfnuðinn: «Hjer eru tveir umsækjendur, kjósið annan, og honum skal veitt embættið». Aptur finnst mjer nokkuð öðru máli að gegna, þegar um það tilfelli er að ræða, að aðeins *einn* sækir um prestsembættið, og þannig ekki er milli fleira að velja. Hjer virðist mjer nefndin ekki hafa haldið nógu fast við grundvallarreglu frv. Nefndin játar líka, að í þessu tilfelli sje vandasamt úr að ráða, hvaða ákvarðanir sjeu heppilegastar. Jeg hefi því leyft mjer að koma með breytingaratkvæði við breyt.uppást. nefndarinnar. Þessu breytingaratkvæði hefur verið útbýtt í byrjun þessa fundar, og vona jeg því að það geti komizt að til umræðu. Jeg hefi þar leitazt við að sameina breytingar nefndarinnar við þá grundvallarreglu, er frv. stjórnarinnar byggist á. Eptir uppást. nefndarinnar fær söfnuðurinn of mikið vald, þar sem hann getur ráðið því, að í brauðið verði ekki skipaður sjerstakur prestur, jafnvel þótt vel hæfur maður sje til, sem kostur er sá, ef söfnuðurinn vill heldur fá þjónustu hjá nágrannapresti. Það getur vel hugsazt, að söfnuðurinn kunni að hafa mætur á nágrannaprestinum, en þekki ekki umsækjandann. Það getur verið ungur kandídat frá prestaskólanum, vel hæfur til prestsskapar. Söfnuðurinn vill þá kannske heldur nágrannapresturinn, þótt engin ástæða sje til að setja út á umsækjanda, og þjónusta hans sem sjerstaks prests hlyti að verða meir fullnægjandi en hins, er áður hefði annars embættis að gæta. Yfir höfuð þykir mjer það ísjárvert, að láta það geta komið fyrir, að manni verði hafnað eða bægt frá prestsembætti, er hefir góða hæfilegleika og býðst til að takast þjónustu á hendur, þegar brauðið engan annan sjerstakan prest getur fengið. Vegna þess er það, að jeg hefi komið með breytingaratkvæði um, að veitingarvaldið skuli leita *tillögu* safnaðarins um, hvort hann heldur kjósi að brauðið verði veitt þessum eina umsækjanda, eða prestsþjónustan fyrst um sinn falin nágrannapresti. Jeg hefi kallað það „*tillögu*“, til þess að tákna, að atkvæði safnaðanna í þessu efni ekki væri bindandi fyrir veitingarvaldið. Jeg álít það auðsætt, að ef veitingarvaldið gæti sjeð, að söfnuðurinn hefði sennilega ástæðu fyrir því, að vilja komast hjá að taka umsækjanda fyrir prest sinn, heldur kjósa þjón-

ustu nágrannaprests, þá kemur hitt til greina, að láta söfnuðinn fá nágrannaprest sinn, eða setja þar prest um stundarsakir, ef hann býðst. Mjer þykir því þessi uppást. nefndarinnar ísjárverð, og þætti illa farið, ef hún yrði samþykkt og þá málinu til falls. Því eins og viðurkennt hefur verið hjer í þingd., hefur stjórnin með frv. sínu viljað veita söfnuðunum verulega og alvarlega hlutdeild í veitingu brauða. Jeg get því ekki sjeð, að þó söfnuðurinn, þegar að eins einn sækir um brauðið, hafi ekki eins fullkomna hlutdeild í veitingu þess, eins og þegar fleiri sækja, jeg get ekki sjeð að honum sje misboðið; — heldur orsakast þetta af ástandi og atvikum, sem enginn fær viðgjört, og jeg skal taka það fram, að þessi tillögurjettur, sem jeg hefi stungið upp á, er miklu fyllri hlutdeild í veitingu brauða, en söfnuðirnir nú hafa eptir gildandi lögum, er veita sóknarnefndum rjett til að mæla með umsækjendum. Hjer eiga tillögurnar að koma fram eptir ákveðnum reglum og á ákveðin hátt og hafa því fyllri þýðingu. — H. 6. kgk. þm. (H. S.) vjek á, að æskilegra mundi, ef til vill, að viðhafa tvöfaldar kosninnar í þessu máli. Á þetta get jeg ómögulega fallizt. Jeg held vilji safnaðanna komi fram á fyllri hátt við beinar en við óbeinar kosningar, og að söfnuðurinn hljóti þá í heild sinni að una betur við úrslitin. — Hvað það snertir, hvernig að skuli fara, ef kjörfundur ferst fyrir, þá er það sjálfsagt, að prófastur stefnir til nýs fundar. Jeg hefi enn fremur leyft mjer að stinga upp á breytingu á þeirri ákvörðun nefndariðnar, að sá eða þeir, er kynnu að valda því, að kosning yrði ógild, skyldu bera kostnað þann, er af því leiddi. Jeg vil að þessi ákvörðun falli burtu, því jeg ætla að það muni opt erfitt að segja, hverjum slíkt hefur verið að kenna. Kostnaðurinn getur heldur aldrei orðið neitt verulegur, því þegar málið er sent prófasti aptur með næstu póstferð, þá er kostnaðurinn ekki annað en hinn litli burðareyrir undir brjefið. Og þótt hjer sje einnig átt við þann kostnað, sem talað er um í 11. gr., þá er hann heldur ekki svo verulegur, að hlutaðeigandi sjóð muni um að greiða hann. Jeg ímynda mjer helzt, að sjaldnast verði unnt að benda á þann eða þá menn, er það hafi verið að kenna, að kosningarnar urðu ógildar. Það getur verið, að ekki hafi komið svo margir á fundinn, að hann gæti haft löglegt gildi, en að saka kjörstjórnina um það, finnst mjer ekki rjett, eða að ætlast til, að hún neiti að taka við atkvæðum, þótt fá sjeu, því þessi fáu atkvæði geta gefið veitingarvaldinu bendingu um vilja safnaðarins, og þannig haft áhrif á veitinguna, þó þau hafi ekki fullt gildi.

Jakob Guðmundsson: Við framhald þessarar 1. umr. finn jeg ekki ástæðu til að tala fleira eða meira, en þau fáu orð, sem jeg talaði í upphafi, er jeg minntist á breyt.till. hæstv. landsh. Jeg gat þess, að mjer fyndist þær báðar til bóta, og jeg verð að endurtaka það, að jeg felli mig við þær, því önnur þeirra gengur í enn frjálslegri stefnu en nefndarálitið. Hin breyt.uppást. fer einnig betur en nefndarálitið og gefur meiri trygging fyrir framgangi frv., sem allir óska eptir.

— Málinu vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

Frumvarp til laga um breyting á mati nokkurra jarða í Rangárvallasýslu (C. 44); 2. umr.

Framsögumaður (Sighvatur Árnason): Eins og drepið er á í nefndarálitinu (C. 135), þótti nefndinni betur við eiga, til þess, að koma á samkvæmni við jarðabókina, að breyta formi frv., sem ekki hefði þurft efnisbreytinganna vegna. Viðvíkjandi hinum fáu efnisbreytingum, sem nefndin hefur leyft sjer að gjöra, skal jeg geta þess, að þær eru samkvæmar uppástungum sýslunefndarinnar, sem getið er um í aths. við frv. Og þessar beytingar samtals færa matið á jörðunum niður aðeins um 7,6 hdr., sem hljóta að álítast smámunir einir. Jeg skal geta þess, að mjer er það persónulega kunnugt, að þessar jarðir, sem stungið er upp á að færist niður um þetta lítilræði, hafa allar orðið fyrir meiri og minni skemmdum síðan matið var gjört. Og til sýslunefndarinnar kom skrif um þetta úr Landmannahreppi eptir að matið fór fram, sem fór fram á að taka þessar nýju skemmdir til greina, en þessi beiðni hefir eigi getað fengið framgang sökum þess, að allan formlegan undirbúning vantaði til þess að meta jarðirnar á ný. Ennfremur gjörði nefndin dálitla breytingu á 2. gr., nfl. þá, að fella burt síðari lið hennar, sem snertir þann litla tíundarhluta, sem byggist á lækkun matsins. Það er nú reyndar að líkindvitaskuld, að þeir prestar, sem nú eru í

brauðum þessum og hlut eiga að máli, eigi eptir strangasta rjetti heimtingu á, að fá sína tíund eptir jarðabókinni, en það er á hinn bóginn ósanngjarnt, að taka gjald af því, sem ekki er lengur til. Svo er líka athugandi með Stóruvalla og Oddabrauð, sem lækkunin snertir mest. Að því er Stóruvelli snertir, þá er þetta brauð nú óveitt, og alls engin líkindi til, að það verði veitt, áður en þessi lög kæmu út, og þá kemur ekki til að breytingin ríði í bága við þetta prestakall. Um Odda er deildinni það kunnugt, að fyrir þinginu liggur uppást. frá stjórninni um, að ljetta árgjaldinu af brauðinu. Ef þessi uppást., eins og vonlegt er, nær fram að ganga, fær presturinn, sem þar er fyrir, þennan sinn litla skaða bættan. Enn svo er enn Breiðabólstaður; það er nokkur lækkun á 3 jörðum, sem þessu prestakalli heyrir til, sem hjer er um að ræða. Jeg skal geta þess, viðvíkjandi þessu atriði, að eptir því sem jeg þekki þann prest, sem hjer á hlut að, mundi hann ekki gjöra kröfu til þessara fáu fiska, þó hann hefði lagaheimild til þess, sem þannig eru algjört byggðir á sandi. Og loks er að gæta þess, að lækkunin snertir ennfremur Kross og Eyvindarhóla, en sú lækkun er svo lítilfjörleg, að hún getur ekki komið til greina. Jeg held, að jeg þurfi ekki að tala fleira fyrir frv., því jeg vona að það fái góðan byr.

Landshöfðingi: Eins og h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) tók fram, eru þær breytingar, sem nefndin hefir gjört á frv. stjórnarinnar, ekki verulegar, en þó að vísu nokkrar. Jeg hefði helzt óskað, að nefndin hefði viljað hvíla við jarðamatið eins og það stendur í frv. Af athugasemdunum aptan við frv. sjest, að stjórnin á'eit, að það lægi nær, að fylgja mati hinna tilkvöddu matsmanna, en uppást. sýslunefndarinnar. Jeg skal í sambandi við þetta geta þess, að það er að minnsta kosti miklum vafa bundið, hvort lögin frá 20. nóv. 1883 leyfa sýslunefndum að gjöra nokkra matsbreyting, og hvort ekki liggur beinna við, að skilja þau svo, að þau ætlist til, að sýslunefndir láti einungis álit sitt í ljósi um matið, og votti að það hafi farið löglega fram, o. sv. frv. En það er nú á hinn bóginn auðsætt, að þótt sýslunefndina skorti heimild til að ákveða dýrleika jarðanna, þá hefir þó löggjöfin þá heimild, þótt þar með yrði vikið frá mati matsmannanna. Jeg verð að lýsa yfir því, að þótt hitt hefði verið æskilegra, eins og jeg þegar hefi drepið á, að nefndin hefði látið frv. halda sjer óbreytt, get jeg þó ekki álitið breytingarnar þess eðlis, að þær þurfi að vera frv. til fyrirstöðu, og hvað snertir uppást. nefndarinnar um það, að síðari hluti 2. gr. falli burt, þá er hvorttveggja, að hjer er um smámuni að ræða (þótt sanngirni mæli sjálfsagt með, að hlutaðeigandi embættismenn missi ekki af tekjum sínum), og svo hitt, að þótt þessir gjöri kröfu til endurgjalds, og sú krafa þætti á rökum byggð, þá myndi það ekki verða þung eða tilfinnanleg byrði fyrir landssjóð, að endurgjalda hlutaðeigendum þann tekjumissi, er yfirgnæfandi ástæða þætti vera til að bæta þeim upp. En eins og h. framsögum. (S. Á.) tók fram, snertir slík uppbót ekki hið lausa brauð. Jeg finn svo eigi ástæðu til, að fara fleirum orðum um þetta mál, en læt þá ósk mína í ljósi, að það nái fram að ganga, eins og það nú liggur fyrir.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr., orðuð eptir tillögum nefndarinnar (C. 135), samþ. í einu hljóði; 2. gr. síðari liður samþ í einu hljóði, en fyrri liður 2. gr. var samþykktur með orðum nefndarinnar með 10 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Forseti gat þess, að nokkrir deildarmenn hefðu óskað þess, að næsta máli á dagskránni: frv. til laga um breytingu á 1. gr. í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla, yrði frestað til 18. *júlí;* kvaðst hann, þótt þingsköpin heimiluðu forseta rjett til slíkrar frestunar, vilja skjóta því til atkvæða deildarinnar, og var það samþykkt í einu hljóði.

Frumvarp til laga um að veita stjórninni heimild til að fyrirskipa, að auglýsingar þær, sem rætt er um í opnu brjefi 27. maí 1859, verði teknar upp í stjórnartíðindin deildina B. (C. 51); 3. umr.

Frumvarpið samþ. umræðulaust í einu hljóði, og síðan afgreitt til neðri deildar.

Frumvarp til laga um breyting á lögum 17. marz 1882 um friðun fugla og hreindýra (C. 130); 1. umr.

Flutningsmaður (L. E. Sveinbjörnsson): Jeg skal fyrst leyfa mjer að geta þess, að samkynja frv. var á ferðinni í Nd.,

en eptir upplýsingum, sem jeg í þessu augnabliki hefi aflað mjer, hefir flutningsmaður þar tekið það aptur. Jeg skal í öðru lagi geta þess, að í næst síðustu línu er prentvilla; þar vantar inn í «laga». Og loks, að það er skakkt í frv., þar sem talað er um friðun lunda og fílunga, að þar ætti að standa «31. júlí», ekki 20. ágúst. Það á ekki við á þessu stigi málsins, að jeg ræði um hinar einstöku greinir frv., eða sýni, hvers vegna hin einstöku friðunartakmörk eru sett þannig. Jeg skal einungis geta þess, að tilgangur með sjerhverri friðun er sá, að auka og margfalda það, sem friðað er og útvega sem mestan arð af því. Þetta gjöra ekki þau friðunarlög, sem nú gilda, sumpart vegna þess, að friðunartíminn eptir þeim er oflangur, því — svo jeg nefni dæmi — sumir farfuglar, sem eru friðaðir til 20. ágúst, eru þá annaðhvort farnir eða orðnir svo styggir, að ómögulegt er orðið að ná þeim; slík friðun er því einungis fyrir útlendinga, en ekki fyrir landsmenn. Jeg er að vona að h. deild fallist á frv. og álít þá fyrst tíma til kominn að verja það, er mótmæli hafa komið fram gegn því. Það er auðvitað, að jeg geymi mjer rjett til þess að koma fram með breytingu við hina síðastnefndu villu, ef þingdeildin ekki fellst á að skoða hana sem prentvillu.

Sighvatur Árnason: Úr því á annað borð er farið að hreifa þessu fuglamáli, skal jeg leyfa mjer að gjöra stutta athugasemd. Jeg játa það, að 1. gr. laga 17. marz 1882 sje engan veginn svo úr garði gjörð, sem æskilegt sje, og mjer þykir það eigi ólíklegt, að þetta frv. bæti úr skák í því tilliti, sjer í lagi ef breyting yrði gjörð á friðunartakmarki sumra fugla, eins og t. d. lunda. Fleiri breytingar mætti telja, sem jeg álít þarflegar, en ætla ekki að tala meira um þær í þetta sinn, þar eð jeg líklegast kem með breyt.till. síðar.

Ásgeir Einarsson: Þó mjer sje farið að leiðast þetta fuglamál og þó jeg viti, að engin lagaboð undir sólinni sje eins mikið farið í kringum og sje eins hægt að fara í kringum eins og þessi friðunarlög, skal jeg þó tala fáein orð. Jeg segi ekki, að það sje altjend gjört af illvilja, heldur af því menn þekkja ekki fuglana; hversu margir ætli þekki fiskiönd frá almennri önd á löngu skotfæri? Sumir fuglar standa hjer í frv., sem mjer virðist óþarfi að telja, t. d. snjótitlingurinn. Enginn maður gjörir honum mein, nema kötturinn, og held jeg því að hann mætti missa sig úr tölunni. Ennfremur er mjer ekki ljóst, hvort álptin er talin með hræ- eða gripfuglum eða ekki. Hún er nokkurs konar gripfugl, því hún rífur upp gras. Þó svartbakurinn sje ekki nefndur sjerstaklega, mun hann eiga að teljast með gripfuglakyni; en því er þá máfurinn ekki í sama flokk? Því hann gjörir sama tjón æðarvarpinu, þó hann hafi minni krapta en svartbakurinn. Viðvíkjandi rjúpnaveiðinni sýnist mjer hún of snemma látin byrja, því þær halda sig stundum svo lengi upp til fjalla í góðri veðurátt. Annars er jeg ekki rjúpnabani og vil ekki eyðileggja blessaða skepnuna; það er ekki svo mikið til af þeim eptir frostaveturinn mikla.

Lárus E. Sveinbjörnsson: Þingm. Strand. (Á. E.) sagði, að *„enginn maður nema kötturinn* gerði snjótitlingunum mein». Í öðru lagi sagði þm., að sjer væri að minnsta kosti ekki ljóst, hvort svanir væru taldir með gripfuglum eða hvort þeir væru friðaðir eða ekki. En í frv. stendur: «svo er og um svani» o. s. frv. Í þriðja lagi var hann í efa um, hvort svartbakur og máfar væru taldir með. Í frv. stendur: «Þessir fuglar eru ekki friðaðir á neinum tíma árs: hræ- og gripfuglar, bjargfugl, máfar, gæsir og helsingjar». Jeg tek þetta fram til að sýna, að þm. hefur alls ekki litið í frv.

— Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Tillaga til þingsályktunar um að mæld verði uppsigling á Hvammsfjörð (C. 137); ein umr.

Flutningsmaður (Jakob Guðmundsson): Jeg vona, að þessi tillaga þurfi ekki að kosta neinar sjerlegar umræður, og finn ekki ástæðu til að tala neitt frekar, því jeg veit, að allir eru samdóma um, að sjálfsagt sje að ítreka bæn þessa eða ósk, sem áður hefir verið borin fram. Einungis dettur mjer í hug, hvort ekki mundi rjettara að bæta inn í tillöguna orðunum: «sem allra fyrst». Annað hef jeg ekki að athuga.

— Tillagan var samþykkt í einu hljóði, og afgreidd síðan til neðri deildar.

Ellefti fundur, þriðjudaginn 14. júlí kl. 1 e. m. Allir á fundi.

Frumvarp til laga um stofnun borgaralegs hjónabands og uppfræðslu barna í trúbrögðum, þegar eigi hvorttveggja foreldra hafa þjóðkirkjutrú (C. 52); framh. 1. umr.

Framsögumaður (Benidikt Kristjánsson): Af því að þetta er framhald 1. umr., get jeg verið mjög stuttorður; og skal jeg þá stuttlega ítreka það, sem drepið er á í nefndarálitinu (C. 140), að nefndin var á sama máli og stjórnin um það, að þörf væri á lögum í sömu stefnu og frv. gengur. Nefndin var því samdóma stefnu frv., en leyfði sjer að eins að gjöra nokkra viðauka, sem ganga dálítið lengra en frv., og rýmka rjettarsvæði það, sem það nær yfir; enda virtist nefndinni svo. sem ákvæði frv. svöruðu eigi fyllilega til þess tilgangs, sem stjórnin hefur haft með því, og sem hún sjálf hefur tekið fram í athugasemdunum við frv. Þar er tekið fram, að allmargir safnaðarmeðlimir í einu prestakalli landsins hafi sagt sig úr þjóðkirkjunni og tekið sjer sjerstakan prest, og þessir menn geti því eigi, eptir hinum núgildandi lögum, gengið í löglegt hjónaband. Eptir íslenzku útleggingunni á frv. virtist nefndinni að minnsta kosti vafasamt, hvort frv. innihjeldi ákvæði um borgaralegt hjónaband fyrir þessa menn; en þetta getur aptur verið sprottið af því, að þýðingin er ekki nákvæm. Þar stendur í nfl.: þjóðkirkjutrú, í staðinn fyrir þjóðkirkju, eptir hinum danska texta. Eins og menn vita, er ágreiningur þeirra manna, sem hjer er um að ræða. ekki sprottinn af trúarmismun. Þeir hafa sömu þjóðkirkjutrú, þótt þeir hafi sagt sig úr þjóðkirkjunni, og því ná ákvæði frv. eigi til þessara manna. Hins vegar gæti verið spurning um, hvort þessir menn eru í rauninni fyrir utan þjóðkirkjuna, eða í henni; að minnsta kosti var lagt fyrir síðasta þing frv. til laga um rjett fríkirkjumanna innan þjóðkirkjunnar. Jeg fyrir mitt leyti get nú ekki álitið, að slíkir söfnuðir sjeu til, því þess konar verður að dæmast andlega, en ekki líkamlega, og mjer finnst, að undir eins og menn ekki þýðast löggjöf þjóðkirkjunnar, sjeu menn fyrir utan hana. Það hefur því allmikla þýðingu í þessu tilliti, að íslenzki textinn hefði verið nákvæmar orðaður. Færi jeg að tala ýtarlegar um málið, er jeg hræddur um, að það kynni að leiða til þess, að jeg kæmist inn á einstök atriði, en það á ekki við á þessu stigi málsins.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg verð að segja, að eins og mjer finnst þing og þjóð mega kunna stjórninni þakkir fyrir frv. þetta, sem reisa á skorður við því, að 47. gr. stjórnarskrárinnar sje lengur sem dauður og marklaus bókstafur, en útvega þeim mönnum, sem það annars ekki gætu fengið, kost á að ganga í löglegt hjónaband, — eins og mjer finnst — segi jeg — stjórnin eiga þakkir skilið fyrir frv., þannig á jeg að hinu leytinu bágt með að þakka nefndinni fyrir frammistöðu hennar og meðferð hennar á málinu. Jeg bjóst við, að h. framsögum. (B. Kr.) mundi halda uppi vörn fyrir meðferð nefndarinnar á frv. En í stað þess gat hann þess að eins lauslega, að nefndin hefði leyft sjer að gjöra *dálitinn viðauka.* Hann sagði, að nefndin væri samþykk stjórninni um stefnu frv., og viðaukatillagan væri samkvæm grundvallarreglum frv., eins og athugasemdirnar sýndu. En nú skil jeg ekki; jeg get með engu móti sjeð, að nefndin sje samþykk stefnu stjórnarfrumvarpsins. Jeg verð að segja: Nefndin er ósamþykk stefnu þessa frumv. og tillögur hennar ósamkvæmar grundvallarreglum þess, því þegar nefndin algjörlega umsteypir frv., þá getur hún ekki verið samþykk stefnu þess, eða stjórnarinnar. Hvaða mál var nefndinni fengið? Stjórnarfrumvarp, sem heitir: «Frumvarp til laga um stofnun borgaralegs hjónabands og uppfræðslu barna í trúarefnum, *þegar eigi hvorttveggja foreldra hafa þjóðkirkjutrú*". Minn skilningur er sá, þegar annaðhvort eða bæði eru eigi í, heldur fyrir utan þjóðkirkjuna. Svona frv., leggur stjórnin fyrir deildina, deildin kýs þessa háttvirtu herra í nefnd til þess að íhuga frv., segja álit sitt um það og gefa deildinni nauðsynlegar leiðbeiningar og bendingar um málið. En hvað gjörir svo nefndin? Jeg verð að leyfa mjer að segja, að hún gjöri sitt ýtrasta til að leiða deildina á villigötur. Hún kemur með alveg nýtt frv.: frv. til laga um stofnun borgaralegs hjónabands og uppfræðslu barna, án nokkurrar takmörkunar. Nefndin hefur, ef jeg mætti svo að orði kveða, stýft höfuðið af frv.; hún hefur numið í burt þá höfuðákvörðun og skilyrði, sem allt frv. byggist á. Nefndin hefir því komið með nýtt frv., segi jeg. Stjórnin segir, að frv. sje ætlað handa þeim, sem ekki geti eptir hinum gildandi lögum

gengið í löglegt hjónaband, handa þeim sem sjeu fyrir utan þjóðkirkjuna; en nefndin segir: Það skal einnig vera handa þeim, sem eru innan vebanda þjóðkirkjunnar. Jeg segi: nefndin hefur að miklu leyti svipt oss hinni blessunarríku kirkjulegu vígslu, þessari hátíðlegu athöfn. Eða hvernig hljóðar nefndarálitið? Hjer lesum vjer: «frv. til laga um stofnun borgaralegs hjónabands og uppfræðslu barna». Hjer er allt komið út í loptið, grundvöllurinn og skilyrðið burtu. Framsögum. (B. Kr.) sagði með mjög vægum orðum, að nefndin hefði fundið ástæðu til að *rýmka rjettarsvæði það*, sem frv. næði yfir. En í stað þess að rýmka það lítið eitt, tekur hún allar skorður burt. Jeg sje með engu móti, að hún eigi þakkir skilið fyrir það. Því verður ekki neitað, að hún hefir leitazt við að klæða þetta sitt nýja frv., þennan fósturson sinn, í sem snyrtilegastan búning, en sje þessi fóstursonur nefndarinnar flettur klæðum, finnst ekki snefill af frv. því, sem nefndinni var fengið; það er orðið að hreinum umskipting í höndum hennar. Jeg þekki ekki, hvaða umboð frá deildinni, hvaða heimild yfir höfuð nefndin hefir til þessarar meðferðar á frv. Frv. gengur út frá því að útvega þeim mönnum sem eru fyrir utan þjóðkirkjuna, rjett, sem þeir ekki hafa. Nefndinni lízt svo vel á þennan rjett, að hún vill, að þeir einnig skuli fá hann, sem eru í þjóðkirkjunni. Hjer liggur til grundvallar misskilningur á rjettinum. Hvaða rjett er hjer um að ræða? Hjer er að ræða um *neyðarástand*, um *undanþágu* fyrir einstöku mann, ekki rjett, er snerti alla þjóðina. Þjóðkirkjumenn þurfa ekki þennan rjett; þeir geta komizt í hjónaband án hans. Hjer er nefndin að gefa rjett þeim, sem ekki þurfa hann. Það mætti alveg eins segja, að af því að löggjöfin heimila, þeim mönnum, sem eigi geta forsorgað sig og sína, að snúa sjer til sveitarstjórnarinnar um fjárstyrk, að það væri eitthvað viðkunnanlegra og frjálslegra að veita öllum, undantekningarlaust, háum sem lágum, ríkum og fátækum, þennan rjett til að snúa sjer til sveitarstjórnar. *(Jón Pjetursson:* Kemur þetta nokkuð málinu við?). Jeg vona jeg hafi leyfi til að nefna það til samanburðar. Jeg hef áður sagt, að nefndin hafi stýft höfuðið af frv., og jeg bæti við: ef hún skilar því ekki aptur, og lætur það á sinn rjetta stað, vona jeg að deildin hjálpi frv. sem fyrst til þess, að fá hvíld í gröfinni, við hliðina á frv. um lögregluákvarðanir, sem til sællar minningar var að velli lagt hjer í deildinni um daginn. Hafi þá verið ástæða til að ætla, að um óþörf lög væri að ræða, þá er sannarlega ástæðan meiri nú. Hafi andi þess frv. þótt óþægilega austurlenzkur og einrænn, hvað á þá að segja um þennan kalda, ókirkjulega anda í frv. nefndarinnar? Má jeg ennfremur spyrja: Hver hefur beðið um lög um borgaralegt hjónaband innan þjóðkirkjunnar? Jeg hefi sjeð fjöldamörg skjöl á lestrarsalnum, þar sem mýmargur þjóðvilji frá flestum eða öllum hjeruðum landsins lætur sig í ljósi; en hvernig sem jeg hefi leitað, hefi jeg ekki sjeð svo mikið sem *brot* af þjóðvilja, er fari í nokkuð líka stefnu og breytingar nefndarinnar. Hafi svo verið, að frumvarp í sömu mynd og það sem stjórnin nú leggur fyrir, hafi mætt þungum undirtektum á þingi 1877 í neðri deildinni, af því það þá hafi þótt rýmka heldur mikið til, hvernig halda menn þá, að þessu frv. muni reiða af, ef það skyldi hafa þann byr hjer í deildinni, að það loks sigldi hjeðan til neðri deildarinnar undir flaggi borgaralegs hjónabands yfir höfuð? Jeg er helzt á því, að þá mundi fara líkt um það og frv. sem hjer var nýlega samþykkt um takmörkun á sölu áfengra drykkja, og sem jeg heyri sagt, að hafi logn·zt þar út af rjett áðan. Jeg held líka, að menn verði yfir höfuð ekki mjög innteknir í þessari borgaralegu vígslu, og mjer er ómögulegt að skilja, hvernig menn hugsa sjer, að hún geti jafnazt við hátíðlega kirkjulega athöfn. Jeg skal enn geta eins, nfl. þessarar *gjörðabókar*, sem hjer er nefnd. Jeg þekki ekki þessa bók. Jeg veit loks ekki, hvort menn finna samræmi í sjálfu frv. Fyrirsögnin er: frumvarp til laga um stofnun borgaralegs hjónabands, og uppfræðslu barna. Hvernig uppfræðslu? Borgaralega, eða yfir höfuð? Þar um er ekkert sagt. Með frv. þannig lög uðu gef jeg ekki atkvæði, og vona deildin hjálpi því til að komast sem fyrst undir græna torfu.

Jón Pjetursson: Jeg þykist of góður til að svara ræðu hins 6. kgk. þm. (H. S.) og ákúrum þeim og mjer ligggur við að segja skammaryrðum, sem hann valdi nefndinni. Jeg skil ekki í, að þm. græði annað við hana, en það, að sýna, hve mikill ræðumaður hann sje. Jeg skal geta þess, að við prentunina hafði fallið aptan af á þess-

um tilvitnaða stað, sem hann gerði svo mikið úr, orðinn: «í trúarefnum.»[1] Hefði hann viljað sjá uppkastið, hefði hann getað sannfært sig. (*Hallgr. Sveinsson:* Hvað varðar mig um uppköst?). En þetta hefur framsögumaður gleymt að geta um. Hinn 6. kgk. þm. (H. Sv.) sagði, að nefndarfrv. kollvarpaði stjórnarfrv. Mjer þykir gaman að sjá, hvernig hann fer að sýna það með rökum. Það er hægt að tala út í bláinn, rjett til þess að sýna mælsku sína, og án þess að hafa ástæðu. Hvað efnið snerti, var hann allt af að stagast á því, að nefndarfrv. kastaði alveg stjórnarfrv. Nei, það breytir í hreint engu stjórnarfrv.; það einungis bætir við það. (*Magnús Stephensen:* Svo?). Að minnsta kosti get jeg með engu móti sjeð, að nefndin eigi þessar ákúrur skilið. Mjer þætti gaman að sjá það sýnt, að nefndarfrv. breyti stjórnarfrumvarpinu. Það gefur einungis rýmra svæði í sama anda og stjórnarfrv. Jeg veit ekki, hvaða hneykslunum nefndarfrv. á að geta valdið. Getur ekki maður, sem er í þjóðkirkjunni, viljað ganga í borgaralegt hjónaband? Eða væri ekki lafhægt að fara í kringum ákvæði stjórnarfrv.? Getur ekki hver, sem vill, gengið til sýslumanns eða bæjarfógeta og sagzt vera kaþólskur og heimtað borgaralega vígslu? (*Hallgrímur Sveinsson*: Einungis þeir, sem vilja leika sjer með trúarbrögðin). Jeg kalla það ekki að leika sjer með trúarbrögðin, þótt maður segðist vera kaþólskur til þess að geta komizt hjá kirkjulegri hjónavígslu. Maður skyldi nærri því ætla, að h. 6. kgk. þm. (H. S.) hjeldi, að hjónabandið væri sakramenti, eins hjá oss og kaþólskum, og álíti það þýðingarlaust, ef prestur ekki gefi saman. Þessar hörður ákúrur, sem hann hefur valið nefndinni, eru náttúrlega sprottnar af vandlætingu vegna trúarbragðanna, og skal jeg svo ekki tala frekar, þar eð jeg heldur ekki nú má ganga inn á einstök atriði á þessu stigi málsins.

Framsögumaður (Benedikt Kristjánsson): H. 6. kgk. þm. (H. Sv.) byrjaði ræðu sína á því, að hann hefði vonazt eptir, að framsögum. nefndarinnar (B. Kr.) hefði þegar í upphafi tekið að verja álit nefndarinnar eða halda vörn uppi fyrir frv. hennar. Þetta áleit jeg sem framsögum. að væri of snemmt, er jeg fyrst tók til máls, já, meir að segja það: gat alls ekki átt við, var jafnvel ómögulegt, þar sem þá engin sókn var komin fram af hendi h. þingdm. Nú hefur h. 6. kgk. þm. (H. Sv.) hafið sókn móti nefndinni, og hana hafa allir heyrt. Það er því fyrst nú, að ástæða er fyrir nefndina að halda vörn uppi fyrir áliti hennar. Þó jeg sem framsögum. ætli mjer nú að takast á hendur að halda vörninni uppi, þá get jeg fullvissað h. þingdm. um, að ræða mín verður ekki nálægt því eins löng eins og sóknarræða sú eða ströffunarræða, er þessi þm. hjelt yfir nefndinni. Að eins skal jeg leyfa mjer að drepa á nokkur atriði í ströffunarræðu h. þm. og leitast við að sýna, að þau eru byggð á hreinum misskilningi. Jeg held, að allir, sem orð hans heyrðu, hafi skilið þau svo, að hann hafi álitið, að enginn, hvorki nefndin nje neinn, hefði nokkurt leyfi til að ganga út fyrir takmörk stjórnarfrv. eða til að breyta því í neinu. Þetta álit hans lýsir sjer bezt, er hann spyr, hver hafi gefið nefndinni heimild eða umboð til að víkja frá stjórnarfrv. eða auka nokkru við það. Jeg hugsaði, að sá h. þm. hefði svo ljósa hugmynd um stöðu þingmanna sem þingmanna, að hann vissi, að þeir í engu eru bundnir við vilja annara eða kreddur, heldur beri þeim í einu og öllu að fara eptir sinni eigin beztu samvizku; fyrir þessari skoðun eru skýlaus ummæli stjórnarskrárinnar. Með þessu hygg jeg að miklu sje svarað í ströffunarræðu þeirri, er nefndin varð að sæta af hálfu þessa h. þm. Hann sagði, að nefndin hefði farið út fyrir þann grundvöll, sem stjórnin hefði sett í frv. sínu. Þetta er satt, og nefndin hefur líka viðurkennt það fyllilega í ástæðunum fyrir áliti sínu. Hún hefur með berum orðum tekið það fram, að hún álíti ástæðu til að rýmka rjettindasvið það, sem frv. hefur afmarkað. Hver getur bannað nefndinni að hafa þessa skoðun, hver getur bannað henni að leggja það til, að þetta rjettindasvæði verði rýmkað? Svari h. þm. því! Jeg er viss um, hann svarar því aldrei. Hann, getur það ekki. Á hverju byggist þá þessi langa og harðorða ströffunarræða? Þar sem hann sagði, að þetta frumvarp stjórnarinnar, væri einungis komið fram til þess að bæta úr neyðarástandi, þá má játa því; en eptir frv. stjórnarinnar verður að eins svo lítið sem ekki bætt úr því neyðarástandi, sem er, en ekki úr því, sem fyrir kann að koma. Úr þessu fannst nefndinn eðlilegt að bæta, með því að ákveða þjóðkirkjumönnum sama rjett, sem stjórnarfrv. veitir þeim, sem

1) Orðin vantaði í handritið. — Skrifst.stj. alþ.

ekki eru þjóðkirkjutrúar. Það tilfelli er sannarlega ekki óhugsanlegt, að einhverjir af einhverjum ástæðum, sem þeim þykja gildar, með engu móti þykist, samvizku sinnar vegna, geta þegið kirkjulega eða prestshjónavígslu, og þeir eru sannarlega þegar til, sem hafa þá skoðun, að til þess að ganga í hjónaband þurfi ekki hina kirkjulegu vígslu; meira að segja, þeir eru til, sem segja, að hin kirkjulega vígsla eigi alls ekki við. Stjórnin hefur líka með frv. sínu sýnt, að hún játi, að hjónabandið geti verið lögmætt án kirkjulegrar vígslu. Þessa skoðun þarf þá enginn, að mínu áliti, að fyrirverða sig fyrir, nje álíta, að mönnum, er hafa þessa skoðun, sje alveg óverðugt að vera lúteranar. Þessum mönnum, sem hafa þá skoðun, að kirkjuleg hjónavígsla eigi ekki við, og sem samvizku sinnar vegna ekki geta þegið hana, vildi nefndin líka hjálpa til að geta gengið í hjónaband, er veitti þeim öll borgaraleg rjettindi. Í þessu er þá fólgin sú mikla óhæfa, er nefndin hefur unnið. Þessi rýmkun á rjettindasviði því, sem stjórnin hefur sett, telur h. 6. kgk. þm. (H. S.) nefndinni svo ósamboðna, að hann lætur dynja yfir hana hin hörðustu ströffunarorð. Jeg vona, að allir sanngjarnir menn álíti, að hann hafi verið helzt til harðorður, og hann hefði getað sparað sjer að góðum mun ávítanir sínar.

Þar sem hann sagði, að hann í öllum þeim bænarskrárfjölda og fundagjörðum, er legið hefðu og lægju fyrir þm. úr öllum áttum landsins, hvergi hefði fundið neina beiðni um að þetta mál yrði tekið fyrir, þá legg jeg ekki mikla áherzlu á það, enda vona jeg að þm. játi, að þm. sje skylt að gjöra meira en það eitt, er þeir eru beinlínis knúðir til. Vjer eigum ekki að vera svo sjerhlífnir að láta knýja oss eða reka til þess, sem gjöra ber og gjöra þarf, líkt eins og lið Xerxes Persakonungs, er rekið var fram. Auk þess, sem þingið á að taka það fyrir og ræða það, sem því er falið af þjóðinni, auk þess á þingið að vera leiðandi og leiðbeinandi fyrir þjóðina. Því getur h. 6. kgk. þm. (H. Sv.) víst ekki neitað. Að minnsta kosti lítum vjer, þjóðkjörnir þm., svo á stöðu vora. Yfir höfuð að tala efast jeg um, að h. þm. geti bent á, hversvegna það sje óhæfa, að lútersk hjón taki borgaralega vígslu. Sjálft hið heilaga Nýja Testamenti bindur hvergi hjónavígsluna við kirkjulega vígslu. En annað mál er það, að kristindómurinn helgar hjónabandið, það er auðvitað, eins og hann helgar og verndar allt hið borgaralega fjelag, allt hið borgaralega líf. Sje hin borgaralega vígsla þá engin óhæfa, heldur miklu fremur nauðsynleg í sumum tilfellum, sem þm. sjálfsagt játar með stjórninni sjálfri, hvað er þá á móti því, að til sjeu lög, er heimili þessa vígslu í þessum tilfellum, jafnt hvort sem þau koma fyrir í þjóðkirkjunni eða utan hennar? Af því þm. mun hafa líka reynslu sem kennimaður, eins og jeg, þá vil jeg að síðustu leyfa mjer að spyrja, hvort hann hafi aldrei gefið saman hjón, sem hann hafi haft fulla ástæðu til að álíta, að lítið hugsuðu um það orð, er hann flytti frammi fyrir þeim, heldur ljeti það sem vind um eyrun þjóta, eða máske annað verra? Jeg tel hann lukkulegan, hafi hann aldrei haft þessa reynslu. En komi þetta fyrir, eigum vjer þá að neyða menn til að hlaða synd á synd ofan, neyða menn til að gjöra gabb og háð að nafni drottins? Þau lög, sem eins og neyða menn til að syndga, álít jeg vjer eigum að afnema hið bráðasta.

Hallgrímur Sveinsson: Svo jeg taki þá fyrst það, sem næst liggur, þá vil jeg svara hinni síðustu spurningu h. framsögum. (B. K.) því, að jeg get ekki neitað því, að mjer hafi stundum flogið í hug, að allir kæmu ekki fram fyrir altarið til hjónavígslu með sem hreinustu hugarfari eða lotningu fyrir guði sem vera ber. En jeg vil þá aptur spyrja h. framsögum.: Er það ráðið til að sporna við þessu, að sleppa algjörlega beizlinu af öllu, og gefa mönnum alveg lausan tauminn með það, hvort þeir komi í guðshús eða ekki? Sje það ráðið, þá held jeg bezt sje að aftaka alla þjóðkirkju. Hún kreppir æfinlega einhverstaðar að þeim, sem vilja fara út í yztu æsar frelsisins, eða öllu heldur sjálfræðisins. Þá skal jeg víkja að því, sem jeg hefi áður tekið fram, að menn álíta sjer helzt skylt að bera það fram á þingið, er þeir hafa verið beðnir að koma fram heima í hjeruðum, hvort sem þm. sjálfum finnst veruleg ástæða til þess eða ekki. Til að sanna, að þetta, sem jeg nú segi, sje ekki gripið úr lausu lopti, ætla jeg muni nægja að vísa til hinna mörgu frumvarpa, sem 1. þm. Skagfirðinga fyrir skemmstu hefir flutt inn á þingið. H. framsögum. hlýtur víst að játa, að þm. taki minni hlutann beinlínis upp hjá sjálfum sjer. Hversvegna þá að taka þetta mál upp hjá sjálfum sjer, og biðja

um lög um það, sem er svo langt frá, að þjóðin hafi nokkru sinni látið á sjer heyra, að hún vildi, að miklu fremur má álykta af því sem fram hefur komið í þessu máli hjer á þingi áður, að það atriði sje móti vilja og tilfinningu þjóðarinnar. Fyrir 8 árum síðan var fyrir h. Nd. frv. um borgaral. hjónaband þeirra einna, er væru fyrir utan þjóðkirkjuna. Nd. áleit sjer þá misboðið með þessu máli. Hvernig mun hún þá líta á þetta mál, er gefur *öllum* rjett til að hafna hinni kirkjulegu vígslu, ef hinn sami andi ríkir í deildinni sem þá? Ef menn vilja hlusta á mig litla stund, vil jeg gefa stuttan útdrátt af áliti nokkurra h. þm. í þeirri deild þá um borgaral. hjónaband. Á þingi 1877 sagði einn prófastur í Nd: «Það «væri ótilhlýðilegt af þingi og stjórn að «gefa mönnum undir fótinn og óbeinlínis «hvetja þjóðina til að hafna hinni ytri guðs-«þjónustu við hinar hátíðlegustu athafnir». Sami prófastur sagði, «að það væri nóg »sjálfræði í kirkjul. málefnum, þó ekki væri «gefið tilefni til þess með lögum». Annar prófastur sagði, að «það væri gott að taka «sjer snið eptir Dönum og öðrum þjóðum í «því sem betur færi, en ekki í því, sem illa «færi»; og átti hann þar við þetta frv. um borgaral. hjónaband. Einn h. þm. sagði að slíkt mál væri til að «veikja trú manna «og auka trúardeyfð». Enn einn þm. sagði, að «hann sæi enga ástæðu til að gefa und-«anþágur frá almennum kristilegum skyldu-«lögum. Þetta lagaboð mundi hneyksla «margar guðhræddar sálir, án þess að gjöra «nokkrum manni gagn». Þetta sagði þessi þm., og var hann eins geistlegur eins og við, h. framsögum. og jeg.

H. formaður nefndarinnar (J. P.) neitaði því, að nefndarálitið gengi á móti grundvallarreglu stjórnarfrv. Jeg vil ekki þræta við þm., en skjóta því til h. þingd., hvort ekki sje samt svo í raun og veru sem jeg hefi sagt. Fyrirsögn stjórnarfrv. er þessi: Frv. t. laga um stofnun borgaralegs hjónabands og uppfræðslu barna í trúarefnum, *þegar eigi* hvorttveggja foreldra hafa þjóðkirkjutrú. Gildir þetta frv. um aðra, en *þá, sem ekki hafa þjóðkirkjutrú?* Ef nefndin hefur nú komið með frv., sem tekur yfir *allt annað* og meira en þetta, er það þá byggt á sama grundvelli og hitt? Hjer þarf þá ekki frekari sannana við. Það er orðið *„þegar“* eða *ef*, sem öll áherzlan liggur á hjá stjórninni. Hún vill leyfa borgaral. hjónaband, *þegar* eða undir því skilyrði, að viðkomendur ekki hafi þjóðkirkjutrú. Sami þm. sagði, að það væri ekki rjett af mjer að kalla það *„að leika með trúna“*, þegar maður, sem er í þjóðkirkjunni, kemur til sýslumanns eða bæjarfógeta, og vinnur það til, til að geta fengið borgaralega vígslu hjá honum, að segja að hann sje t. d. kaþólskur. Þegar hann svo er kominn í hjónabandið, er hann orðinn lútherskur aptur. Komi nú til þess, að hann giptist *tvisvar* eða *þrisvar*, þá verður hann *tvisvar* eða *þrisvar* kaþólskur, og svo lútherskur þess á milli. Slíkt sálarástand get jeg ekki skilið. Jeg verð að skoða þetta sem leik með trúna. Aptur vil jeg neita því, að jeg skoði hjónabandið sem sakramenti. Bæði hafði jeg lært það áður, að lútherstrúarmenn skoði það ekki sem sakramenti, og svo hefi jeg lesið það í hinum góða kirkjurjetti hins h. þm. Jeg skoða hjónabandið ekki sem sakramenti; hinn heiðraði þm. þarf ekki að bera áhyggju fyrir því! Til þess að staðfesta skoðun mína á borgaralegu hjónabandi, vil jeg að endingu, með leyfi þingd., gefa stutta þýðingu úr Siðfræði hins sæla Sjálandsbiskups Martensens, er hann talar um borgaral. hjónaband. Hann segir svo: «Það «*hlýtur* að skerða virðinguna fyrir helgi «hjónabandsins, þegar ríkið hættir að skoða «hjúskapinn í anda kristindómsins, og lætur «hvern sjálfráðan um kirkjulega vígslu, — «þegar yfirvaldið gefur mönnum kost á að «losast við það, að hjónabandið sje helgað «með guðsorði og bæn, en að eins heimtar, «að löglegur samningur sje gjörður. Það «má einu gilda, hversu hárfint menn reyna «að greina hvað frá öðru, og hversu ljósar «skýringar sem menn gefa um þetta efni: «það er ekki að *hugsa* að synda fyrir það «sker, að allur almenningur leggi þann «skilning í slík boð frá yfirvaldanna hálfu, «að gefið sje undir fótinn, að hafna hinni «kirkjulegu vígslu, þar eð hennar eigi þurfi «og hún hafi enga verulega þýðingu, og eigi «í raun og veru ekki við á þessum tímum. «Því verður ekki neitað, að svo hörmulegt «*getur* ástandið orðið, að menn neyðist til, «þótt illt sje, að lögleiða borgaralegt hjóna-«band, það er að skilja, sje allur þorri þjóðar-«innar genginn af kristinni trú, og sokkinn «niður í vantrú.» Er það þetta ástand, sem menn vilja innleiða? Ennfremur segir hann: «En það verður þá og vottur um «gjörspilltan aldarhátt. En á meðan slíkt

«almennt trúleysi ekki hefur rutt sjer til «rúms, verður að kalla það með öllu ótil-«hlýðilegt, að gjöra borgaralegt hjónaband «að almennri reglu, og ætlast til þess, að «öll þjóðin skuli laga sig eptir örfáum ut-«anþjóðkirkjumönnum eða trúleysingjum, «sem verða að hafa borgaralegt hjónaband. «Með slíku steypa menn kristilegum hugs-«unarhætti, virðingunni fyrir kristilegum «siðum, sem komnir eru frá forfeðrunum, «og vinna þannig að því, að flýta fyrir því, «að menn gangi af trúnni». (Martensen, Ethik II, 2, 29—30.).

Ásgeir Einarsson: Jeg hafði hugsað mjer að tala fáein orð, ekki sem vís, heldur sem fávís, til þess að fá leiðbeining og fræðslu hjá þeim, sem vitrari eru. Þegar jeg sá nefndarálitið, fór jeg að hugsa um allar þessar mörgu ritgjörðir, sem dunið hafa yfir í blöðunum, um það, hvað trúarlífið væri dautt og ávaxtarlaust, og kennt um harðstjórnarvaldi því, sem kirkjan sje nú í, af því hún sje ríkiskirkja. Það er nú ekki meining mín, að jeg endilega haldi svo fast við öll frv. frá stjórninni; en jeg sje ekki, að nefndin hafi tekið fram neina grein í þessu frv., sem glæði trúarlíf í kirkjunni. Þegar talað er um innleiðslu borgaralegs hjónabands í þjóðkirkjunni, finn jeg að vísu eina ástæðu, sem kynni að mæla með því, þá, að stundum er verið að kaupa þessi dýru stofubrullaup, en þess þyrfti ekki, ef borgaralegt hjónaband kæmist á. En við þessi stofubrullaup hefur aldrei verið farið svo langt, að ekki mætti hafa guðsorð um hönd, eða að öllum helgisiðum hafi verið hafnað. Þegar eitthvert fyrirtæki er byrjað, hví skyldi þá ekki mega og eiga að biðja guð um blessun og vernd til þess? Það er ekki langt á að minnast: áður en þetta þing var sett, var haldin guðsþjónusta, og guð beðinn að blessa iðju þess. Mjer dettur nú í hug hinn mikli Gustav Adolf Svíakonungur. Það er sagt um hann, að hann hafi byrjað hvert fyrirtæki með bæn til guðs, og endað það með þakkargjörð. Og hvert fyrirtæki er nú alvarlegra og helgara, en hjónabandið? Það er fóturinn undir velfarnan mannsins tímanlega, og máske eilíflega; og jeg get ekki sjeð, hvað getur verið ánægjulegra fyrir brúðhjónin, en að haldin sje bæn yfir þeim um blessun og náð frá guði, og presturinn leggi sína blessun yfir þau. Það hefur verið sagt, að sumir myndu lítið hugsa um hvað talað væri, og ganga með veraldlegu hugarfari inn að altarinu. Getur verið, að sumir kunni þeir að finnast. En jeg segi nú fyrir mig, að jeg man enn inntakið úr hjónavígslunni minni, og jeg hef alltaf munað það, og það hefur opt og ætíð flogið mjer í hug, einkum í raunum og mótgangi lífsins. Já, jeg hef nærri því við hverja athöfn lífsins hlotið að minnast þess. Mjer er textinn enn í fersku minni. Hann er svona (það er að segja eptir gömlu Waisenhúsbiblíu-útleggingunni, — en nú er búið að breyta til): *„I krapti drottins, drottins, þá geng jeg fram“.* Jeg man svo langt, mjer þótti vænt um þennan texta, og hefur opt þótt síðan. Og jeg get ómögulega haldið, að jeg sje einn á bandi, að jeg sje öðruvísi en aðrir, og sje einn svona gerður. Jeg er líka á skoðun h. 6. kgk. (H. Sv.), að það hefði verið miklu viðkunnanlegra, að það hefði þá komið bænarskrár um þetta frá þjóðinni, og það hefði legið fyrir, að þetta væri virkilegur vilji þjóðarinnar, eins og t. d. með prestakosningarmálið; því kæmu slíkar bænarskrár, þætti mjer líkara til, að þjóðinni væri meiri alvara með það. Jeg er á því, að hin kirkjulega athöfn hafi meiri áhrif, og sje miklu hátíðlegri og alvarlegri, en þó sýslumaður brýni fyrir brúðhjónum borgaralegar skyldur þeirra; og jeg þarf ekki að taka það fram, að við þessa lögreglustjóra-vígslu er sneitt hjá öllu guðsorði. Jeg skoða hjónabandið sem mjög fagurt og þýðingarmikið fyrirtæki, og jeg get með engu móti mælt með því, að þessari fögru og hátíðlegu athöfn í kirkjunni sje sleppt. Hún tekur ekki svo langan tíma, og kemur ekki svo opt fyrir á mannsæfinni, — einu sinni eða tvisvar.

Framsögumaður (Benidikt Kristjánsson): Það eru að eins fá orð, sem jeg ætla að bæta við það, er jeg hefi áður talað. Jeg vona að h. þingd. og öðrum hljóti þó að vera það ljóst, að í frv. nefndarinnar sje gengið út frá því, að hin kirkjulega vígsla sje og skuli vera hin almenna regla við hjónabönd; en frv. heimilar undantekningu frá þessari reglu. Hvað komið hafi nefndinni til að ákveða, að undantekning mætti eiga sjer stað, er jeg búinn að margtaka fram, og enn hefur enginn borið á móti, að þau tilfelli geti komi fyrir, er gjöri það æskilegt, já nauðsynlegt, að hafa slíka undantekning. Ástæður nefndarinnar, að dæmi

geti komið, hafi komið og sjeu þegar fyrir hendi til þess, að menn geti ekki þýðzt hina kirkjulegu vígslu eða sjeu svo veikir í trúnni, að þeir baki sjálfum sjer meiri synd með því að ganga í kirkju, en að láta það ógjört, eru enn óhraktar. Hafi prestinum allt til hjónavígsludagsins ekki tekizt að snúa huga og hjörtum hjónaefnanna frá vantrú og hálfvelgju, þá ímynda jeg mjer, að það takist ekki við sjálfa hjónavígslu-athöfnina. Þau orð, er h. 6. kgk. þm. (H. S.) hafði eptir hinum »sæla« Sjálandsbiskupi Martensen, geta, svo fögur sem þau annars eru, ekki sannfært mig um, að neitt skaðlegt geti leitt af þessari ákvörðun, er nefndin hefur tekið inn í frv.; því, jeg tek það upp aptur, þegar hjónaefnin annaðhvort vegna vantrúar eða annars, ekki þykjast geta tekið kirkjulega vígslu, þá má það virðast engu að síður æskilegt, að þau þó geti komizt í hjónaband, og eina meðalið til þess er hin borgaralega vígsla. Að neyða þau til að ganga undir lög kirkjunnar í þessu atriði, væri að eins til þess, að gjöra illt verra. Þm. Strand. (Á. E.) skal jeg benda á, að hin kirkjulega vígsla er nokkuð annað og meira en bæn og guðsorða heyrn, og þó er það ábyrgðarhluti að lesa og heyra guðsorð umhugsunarlaust, hvað þá heldur þegar menn draga dár að því orði, er menn heyra og lesa. Þetta er ábyrgðarhluti, segi jeg, eins og það er ábyrgðarhluti, t. d. að biðja guð að fyrirgefa sjer syndirnar, en taka þó ekki það áform, vinna það helga loforð Guði, að stríða á móti syndinni af öllum mætti. Með því auka menn nýrri synd við fjölda sinna synda. Gefi hin kirkjulegu lög tilefni til þess háttar synda, hvað skal þá um þau segja? Mjer liggur í ljettu rúmi, þó margir hneykslist á því, að jeg hefi verið með til þess, að ráða h. þingd. til að taka þessa ákvörðun, sem um er verið að ræða, upp í frv. Samvizka mín bauð mjer það og sannfæring mín, en það er ekki ráðlegt að breyta móti sannfæring sinni.

Lárus E. Sveinbjörnsson: Jeg álít frv. stjórnarinnar alveg nauðsynlegt vegna þess, að þeir, er ekki hafa þjóðkirkjutrú, geta að öðrum kosti ekki gengið í hjónaband. Viðaukaákvörðun nefndarinnar um að láta lögin ná til allra er á hinn bóginn alveg óþörf, og mjer virðist alls ekki ráðlegt, að þingið semji eða samþykki ótilhvatt af þjóðarinnar hálfu slík lög og þessi, er snerta að eins eða að mestu leyti tilfinningarlíf manna. Þegar um hrein tilfinningamál er að ræða, álít jeg að þjóðin eigi fyrst að láta til sín heyra, og að þingið eigi þá fyrst að semja lög um slík mál, er þjóðin sjálf finnur þörf á þeim. Allt öðru máli er að gegna um mörg önnur mál, svo sem atvinnumál o. fl.

Ásgeir Einarsson: Það eru að eins fá orð, er jeg vildi mæla út af ræðu h. framsögum. (B. Kr.). Hann sagði, að hjónavígslan væri meira en bænahald. Það vissi jeg mikið vel. Hún er líka áminning og innsigli borgaralegra rjettinda. Þar sem hann sagði, að það væri ábyrgðarhluti, að gefa tilefni til þess með hinum kirkjulegu lögum, að menn gengi í guðshús með óhelgu hugarfari, heyrðu guðsorð með hviklyndi og bæðu umhugsunarlaust, þá vil jeg spyrja: Hver getur haldið vörn á því, að allir komi þangað með því hugarfari, sem vera ber? Hver getur sagt við nokkurn mann, er í kirkju gengur eða í kirkju stendur: Þú hræsnari, þú hugspillti maður, drag þú skó þína af fótum þjer, því sá staður, er þú stendur á, er heilagur? Hver getur yfir höfuð að tala dæmt manninn, er hann ekki hefur látið sitt vonda hjartalag í ljósi? Stendur það ekki óhaggað, að enginn veit hvað með manninum býr, nema mannsins andi, sem í honum er.

Jakob Guðmundsson: Jeg vil alls ekki bera á móti því, að manninum sje nauðsynlegt að byrja öll sín fyrirtæki með bæn og trausti til guðs. Jeg veit líka, að guðsorð og bænin hefur góð og minnileg áhrif á marga menn. Góð hjónavígsla getur líka vissulega haft sín góðu áhrif. En þegar jeg tala um athöfnina sjálfa, hina kirkjulegu vígslu, þá dylst mjer ekki, að þeir eru margir, er hneykslast á ýmsu í henni. Menn þekkja hvað lesið er upp í guðsorði fyrir hjónunum. Það er ýmislegt af þessu, sem menn hneykslast á. Jeg þarf ekki að nefna, hvað það er; menn munu finna það sjálfir eða hafa heyrt það. Þó get jeg getið þess, að mönnum finnst leiðinlegt að hlusta á það orð, er talar um vald mannsins yfir konunni, eða þegar verið er að hrella konuna með því, að hún vegna synda sinna hljóti að fæða sín börn með harmkvælum. Þetta mætti nú kannske laga, ef mönnum svo sýndist; en hingað til hefur því ekki verið hreyft opinberlega eða alvarlega. Annars er jeg fyrir mitt leyti ekkert hræddur, um að neinn sannkristinn maður

í þjóðkirkjunni muni vanrækja að biðja prest sinn um að vígja sig í hjónaband, þótt lög væri til, er heimiluðu honum að fá vígslu á annan hátt. Jeg get því heldur ekki ímyndað mjer, að það geti haft nein siðferðislega skaðleg áhrif fyrir þjóðkirkjuna, þó frv. nefndarinnar yrði lög.

— Málinu var vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Frumvarp til laga um afnám fyrirmæla í opnu brjefi 22. marz 1855 um selaskot á Breiðafirði (C. 127); 3. umr.

Flutningsmaður (Jakob Guðmundsson): Jeg veit ekki betur, en að búið sje að svara fyllilega þeim litlu mótmælum, er mál þetta hefur fengið. Að svo komnu máli ætla jeg mjer því ekki að mæla fleira.

— Frumvarpið var samþykkt með 9 atkv., og afgreitt síðan til neðri deildar.

Annar fundur í sameinuðu þingi, þriðjudaginn 14. júlí, kl. 5 e. m. Allir á fundi nema Arnljótur Ólafsson og Jón Pjetursson.

Forseti (Á. Th.) gat þess, að hann hefði fengið tilkynningu um, að í nefnd þeirri, er kosin hefði verið til að endurskoða ferðakostnaðareikninga þingmanna, væri kosinn formaður Magnús Stephensen og skrifari Einar Ásmundsson.

Var þá tekið til dagskrár, og kom til umræðu:

Ályktun um, hvernig ganga skuli til framkvæmdar á 2. og 3. gr. í reglum um gjöf Jóns Sigurðssonar (C. 134)

Forseti (Á. Th.): Þetta mál er nú eiginlega innanþingsmál, en er þó svo almenns eðlis, að það verður rætt í heyranda hljóði, ef enginn h. þm. hefur neitt á móti því. Það er nú fyrst, að fundur um þetta efni verður haldinn, af því, að sjóðurinn er nú kominn í fast horf og orðinn fær til að framkvæma sitt ætlunarverk samkv. 2. og 3. gr. í «Reglum um gjöf Jóns Sigurðssonar 27. apr. 1882». Í reglum þessum er ákveðið, að innstæða sjóðsins skuli haldast óskert, en vöxtunum varið til verðlauna fyrir vel samin vísindaleg rit viðvíkjandi sögu landsins og bókmenntum, lögum þess, stjórn og framförum, og enn fremur er ákveðið, að alþingi skuli velja, í hvert skipti og það kemur saman, 3 menn, sem kveði á um, hver njóta skuli verðlaunanna. Án þess jeg láti mína eigin skoðun í ljós, álít jeg rjett að þingið taki málefni þetta til íhugunar, og ber þess þá fyrst að geta, að varla mun til þess geta komið, að nefnd eptir 3. gr. reglanna skuli nú kjósa — það er fyrst þegar á að úthluta verðlaununum — heldur að um það verði rætt, hvernig verðlaunabeiðslu, væntanlegri verðlaunaúthlutan og fyrirkomulagi öllu skuli haga. En af því ekki er komin nein uppást. um málefni þetta, eða kosningu nefndar, skal það tekið fram, að, ef til þess kemur, verður að gjöra það eptir vanalegum þingskaparreglum.

Jón Ólafsson: Jeg vil að eins leyfa mjer, að leita upplýsingar um, hve miklir vextir eru komnir af þessum sjóði, og hve miklu má verja til útbýtingar verðlauna; í öðru lagi, hvort jeg hafi ekki skilið h. háttv. forseta rjett, að álit hans væri, að heppilegast væri að kjósa nú að eins nefnd til að íhuga, hvernig verðlaunaútbýtingum skuli hagað, hvort veita skuli einum eða fleirum verðlaun t. d. hærri og lægri verðlaun fyrir beztu og næst beztu ritgjörð, eða tvenn verðlaun jöfn, t. d. sitt fyrir hvort verkefni, og hvort greinirnar eru valfríar, eða hvort þingið í hvort skipti skal ákveða, hvað næst skuli rita um. Er það ekki heppilegast, að nú sje kosin nefnd til þess að koma fram með tillögur um þetta?

Forseti: Þm. hefur komið með uppást. um nefnd og verður hún borin strax upp til atkvæða, og málinu frestað, nema sú ætlan mín hafi verið rjett, að hann eigi hafi ætlað að stöðva umræðurnar, en þá verður uppástungan um nefnd borin fram eptir að umræðunum er lokið. Eg hef lagt málið fram fyrir h. þing.

Landshöfðinginn: Jeg ætla einungis að hreifa því, hvort ekki muni nauðsynlegt að kjósa nefnd til þess að semja framhaldsreglur, sem innihaldi nákvæmari ákvarðanir um, hvernig verja skuli vöxtunum af sjóði þessum, því reglur þær, sem settar hafa verið í stofnunarskrá sjóðsins, ákveða að eins, hverjir ráða skuli útbýtingunni og fyrir hvað veita skuli verðlaun, en vantar að öðru leyti allar *sjerstakar* reglur viðvíkjandi þessu efni.

Jón Ólafsson: Fyrst enginn kemur

með tillögu annar, þá vil jeg samkvæmt því, er jeg áðan vjek að og samkvæmt því, er h. hæstv. landsh. benti til, leggja það til, að 5 manna nefnd verði sett til þess að koma með tillögur til þingsályktunar um mál þetta, sem svo skulu ræddar síðar á á þessu þingi.

Tr. Gunnarsson stakk upp á 3 manna nefnd.

ATKVŒÐAGR.: Nefndarkosning var samþykkt með 29 atkv., og þriggja manna nefnd samþ. með 22 atkv.

Þessir hlutu kosningu:

Magnús Stephensen með 12 atkv.
Einar Ásmundsson — 11 —
Tr. Gunnarsson — 11 —

Forseti: Jeg vil leyfa mjer í áframhaldi af þessari umr. að vekja máls á, hvort ekki eigi við að ákveða við þetta tækifæri, hvernig ræða skuli uppást. nefndarinnar, þegar þær koma, því samkv. þingsköpunum má enga tillögu ræða á sama fundi og ákveðið er hvernig hana skuli ræða. Af því engin uppástunga kemur fram leyfi jeg mjer að stinga upp á einni umræðu.

H. Kr. Friðriksson: Jeg verð að telja rjettara, að hafa tvær umr.; því að það kann að þykja ástæða til að koma með breytingaratkv. við ályktun nefndarinnar og umræðurnar geta gefið tilefni til þess, og sting jeg því upp á 2 umr.

Var það samþykkt með 23 atkv.

Tólfti fundur í efri deild, miðvikudag 12. júlí, kl. 1 e. m. Allir á fundi.

Forseti las upp brjef frá Þorvaldi Thoroddsen og ljet útbýta prentaðri «Skýrslu til alþingis 1885» frá honum.

Frumvarp til laga um breyting á mati nokkurra jarða Rangárvallasýslu (C. 135); 3. umr.

Framsögumaður (Sighv. Árnason): Með því að engar breyt.till. hafa komið fram við frv. þetta síðan það var seinast til umræðu, og málið yfir höfuð að tala ekki hefur mætt neinni sjerlegri mótstöðu eða mótbárum hreyft, finn jeg ekki ástæðu til að fara fleirum orðum um það, en vona að h. þingd. samþykki það nú til 3. umr., svo það geti komizt til Nd.

ATKVŒÐAGR.: Frv. samþ. í einu hljóði og afgreitt til Nd.

Frumvarp til laga um innsetning á skepnum (C. 48); framh. 1. umr.

Framsögumaður (Árni Thorsteinsson): Frv. þetta var lagt fyrir þingið 1883 í landbúnaðarlagafrumvarpinu. Þm. muna hvernig þá fór, og þó að nefndin þættist sjá fyrir, að þetta frv. stjórnarinnar mundi fara sömu leið, hefir hún ýtarlega rætt málið á ný og því gjört allt, sem í hennar valdi stóð, til að hrinda þessu máli í betra horf (nefndarálit C. 143). Allt fyrir það þótt nefndin hafi íhugað þetta frv. eins vel og henni var unnt, gat hún þó ekki breytt því til verulegra bóta. Að nefndinni ekki hafi þótt neinn hægðarleikur að bæta frv., sjest bezt af frv. því, sem næst er á dagskránni. Þessi tvö frv. eru svo ólík, að ekki eru nema tvær ákvarðanir, sem eru líkar í báðum. Jeg ætla svo ekki að tala meira um þetta stjórnarfrv., ef þingd. samþ. að taka næsta mál fyrir. Þegar nefndin hefur dirfzt að leggja nýtt frv. fyrir deildina, svo sem til einhvers konar tilraunar, þá dylst henni ekki, að það ekki er fullgilt eða svo boðlegt sem vera skyldi, en það er sem bezt mátti verða eptir vandlega íhugun á svo stuttum tíma. Nefndin vonar svo góðs af h. þingd., að hún leyfi frv. hennar að komast svo langt, að það verði rætt í einstökum atriðum, ef stjórnarfrv. verður fellt.

ATKVÆÐAGR.: Frv. fellt frá 2. umr. í einu hljóði.

Frumvarp til laga um helgi lands fyrir ágangi af skepnum (C. 144); 1. umr.

Árni Thorsteinsson: Jeg álít óþarft að tala um þetta frv. að sinni eða á þessu stigi. Að þessu sinni vil jeg því að eins benda á tvær prentvillur í frv. Í 3. gr., næst síðustu línu stendur «verður» fyrir «varðar», og í síðustu línu sömu gr. «sett» fyrir «sekt».

Jón Pjetursson: Frv. það, er nú liggur fyrir, er alveg nýtt frv., er ekki styðst í neinu verulegu við frv. stjórnarinnar «um innsetning á skepnum»; en þm. hafa fullan rjett til að koma með ný mál, þó mjer hafi heyrzt á sumum þingmönnum, að þeir hefðu það ekki. Jeg vil leyfa mjer að taka það fram, að mjer líkar ekki þetta frv. í alla staði. Það hefur alveg yfirgefið okkar fornu lög. Eins og hjer hagar til, hefur sam-

beit að nokkru leyti tíðkazt og viðgengst enn manna á milli. Þegar nú nágranni ekki vill hafa sambeit við mann, á hann eptir vorum fornu lögum að bjóða þeim, sem á land á móti honum, að hlaða landamerkjagarð. Í þeim landbúnaðarlögum, er nú gilda fyrir Danmörku, er alveg sama ákvörðun, sem þessi forna ákvörðun Jónsbókar, og þó er hægra að gæta þess í Danmörku, að fjenaður gangi ekki á annars manns landi. Ef hvorugur treystist nú til að hlaða landamerkjagarð, þá er annað ráð, og það er, að heimta ítölu búfjár í haga, svo hvorugur hleypi meiru fje í haga, en skynsamir menn dæmdu að landið þyldi. Mátti þá hver hafa sína ítölu í haga eptir stærð jarðarinnar, t. d. ef einn áttti 1/3 af jörðu en annar 2/3, þá átti sá að hafa tvöfalt meira fje í haga, en hinn. Það mun og víst hafa verið svo, að þar sem sambeit hefur verið milli tveggja jarða, hefur hvorugur ábúendanna mátt hafa meiri pening, en hagar hans leyfðu. Þá var enn ráð til að verja land sitt, ef annar ei gætti fjenaðar síns, svo hann gekk á land manns, en það var að lögfesta land sitt. Varð þá sá, er yfirgang veitti, að greiða hinum sekt og skaðabætur. Þetta þótti þó óeðlilegt, og varð því að endurnýja lögfestuna á 12 mánaða fresti; annars fjell hún burt. Eptir þessu frv., sem hjer er um að ræða, á þar á móti hver að passa sitt á sínu landi. Jeg vil ekki tala um, hvaða skaða nágrannar geta gjört hvorir öðrum eptir þessum lögum. Hver einn getur tekið skepnur annars manns, og rekið þær inn á sitt land, án þess nokkur viti, og þegar þær eru þangað komnar, rekur hann þær heim til sín, og skorar á eiganda, að hirða þær innan ákveðins tíma; hann geti fengið þær aptur, ef hann borgi svo og svo mikið fyrir usla þann, er fjeð hafi gjört. Borgi hann nú ekki þetta gjald innan þess fastsetta tíma, þá fer hinn til hreppstjóra eða lögreglustjóra, og lætur selja fjenaðinn á uppboði. Svo setur hann upp svo og svo mikinn kostnað fyrir ferðir, skaðabætur, fyrir grasnám, usla o. s. frv. Jeg get ekki sjeð annað, en að svona skráð lög orsaki eilífan ófrið milli nágranna; því eins og þessi tekur fje hins til sín, og lætur hann svo leysa það út, eins mun hinn aptur vilja hefna sín á honum, og gjalda honum í sömu mynt. Þetta er svo gagnstætt hinum fornu lögum vorum, og því, sem einlægt hefur við gengizt, og því, hvernig hjer hagar til á landi, og er svo langt frá, að bæta úr því, sem er, að jeg með engu móti get gefið því atkvæði mitt.

Árni Thorsteinson: H. 2. kgk. þm. (J. P.) á þakkir skilið af nefndinni fyrir athugasemdir sínar, því þær sýndu og sönnuðu í fyllsta máta, hversu erfiðan starfa nefndin hefur haft á hendi, þar sem hún átti að þræða þann veg, að málið yrði aðgengilegt. Hann tók það fyrst fram móti nefndinni, að hún hefði ekki haldið sjer við forn lög. Nefndin ætlaði að halda sjer við forn lög, að svo miklu leyti, sem mögulegt væri. Hún tók sjer þannig til fyrirmyndar tvær aðalreglur úr Jónsbókar-lögum. Önnur reglan er úr Jónsbókar Landsleigubálki, 24. kap., um það, að «hver maður á vöxt á sinni jörðu»; og er grundvallarreglu þessari fylgt fastlega fram alstaðar í Jónsbók. Allar þessar mörgu ákvarðanir miða sig að því, að hver fái fullar skaðabætur, er á eign hans er gengið. Hin reglan í Jónsbók, er nefndin hefur fylgt, er að gjöra mönnum sektir, þegar sjerstök atvik liggja til þess, á nokkuð líkan hátt og hinar fornu landnámssektir. Þessum reglum hefur nefndin reynt til að framfylgja í frv. sínu, án þess þó að vilja fylla það með allt of mörgum ákvörðunum. Allt fyrir það hefur nefndin sýnt heiðarlega viðleitni í að sneiða eigi hjá ákvæðum Jónsbókar, t. a. m. 1. gr. um afrjettarfje og beit ferðamanna. En þegar tala er um forn lög, þá er ógnarlega erfitt að finna takmarkið, hvað skuli taka og hverju sleppa. Sumir kynnu t. a. m. að vilja álasa nefndinni fyrir, að hún tók ekki ákvarðanir 37. kap. Landsleigubálks Jónsbókar um þingreið: «Ei skulu þingmenn heldur en aðrir menn æja í engjum bænda» o. s. frv. Sem sagt, það er erfitt að finna, hvað skuli taka og hvað ekki taka. Jeg er viss um, að nefndin og öll þingd. yrði hinum h. 2 kgk. þm. (J. P.) þakklát, ef hann fyndi einhvern veg til að bæta frv. eða gæti komið með breytingartill., er leiddu nýjar heppilegar ákvarðanir inn í frv., t. a. m. um löggarða, sem væri breytt eptir núverandi þörf. Allir mundu þakka honum fyrir þessar tillögur. Hann hafði það á móti ákvörðununum um uslafjeð, að það væri sett inn og selt, ef það eigi yrði leyst út, og hann sagði að af þessu leiddi geysimikill kostnaður. Kostnaðurinn yrði hjer sjálfsagt mikill fyrir hlutaðeiganda; en það

hefur líka ávallt kostnað í för með sjer, að ná rjetti sínum, og eigi meiri í þessum málum en öðrum, jafnvel minni eptir frv. nefndarinnar. Ef hann ekki vill hafa þessar ákvarðanir, hverjar vill hann þá setja í staðinn, er gjöri mönnum minni kostnað? Ef h. þm. gæti komið með viðauka, eptir hverjum að ná mætti rjetti sínum á kostnaðarminni hátt, væri það æskilegt, og nefndin skyldi verða manna fúsust að fallast á þær. Þá fann hann það að, að eilífan ófrið mundi leiða af þessum ákvörðunum. Við því má ætíð búast, er ný lög eru innleidd. Jeg veit ekki, hvort meiri ófriður hlýzt af þessum lögum, en öðrum. Jeg segi ekki, að ekki hefði mátt finna heppilegri ákvarðanir, en ófriðurinn mundi ekki verða minni, þó bætt yrði inn í ákvörðunum um, hvar löggarða skyldi hafa eða ákvörðunum um sambeit, ítölu búfjár í haga o. s. frv.

Jakob Guðmundsson: Það er að eins fátt eitt, er jeg vildi tala um þau tvö atriði, er h. 2. kgk. þm. (J. P.) hafði á móti frv. nefndarinnar. Hann fann það að:

1. að nefndin hefði sleppt ákvörðunum um löggarða;
2. að hún hefði sleppt ákvörðunum um ítölu í haga.

Hvað hið fyrra atriðið snertir, þá er jeg samdóma h. varaforseta (Á. Th.), að 2. kgk. (J. P.) og hver einn ætti þakkir skyldar, ef hann fyndi mögulegleika til þess að koma inn í frv. heppilegum og tímans þörfum samsvarandi ákvörðunum um löggarða. En þetta atriði þarf vandlegrar umhugsunar við. Það getur auðveldlega staðið svo á, að annar nábúinn sje mjög vel efnum búinn og hafi næga krapta til þess að sínu leyti að hlaða löggarð; hinn aptur á móti er bláfátækur, og því með öllu ófær um það. Á hinn ríki þá að geta skyldað hinn fátæka til að hlaða slíkan garð á móti sjer? Það held jeg mundi mjög hæpið, og varasamt að setja slíkar ákvarðanir. Það er heldur ekki önnur eins framtaksemi í mönnum nú sem fyr með garðhleðslu, þegar menn jafnvel hlóðu göngugarða. Viðvíkjandi hinu atriðinu, um ítölu í haga, þá skal jeg taka það fram, að þar sem nábúarnir koma sjer saman um sambeit í haga, þar þarf engar ákvarðanir um ítölu; en þar sem þeir ekki koma sjer saman um sambeit, eða hvað þeir skuli hafa í haga hver fyrir sig, þá væri æskilegt, að þeir hefðu samþykkt um að hafa ítölu í haga, eða ef þeir ekki kæmu sjer saman um þetta, að þeir þá tæki gjörðarmenn, er ákveði, hve mikla tölu þeir skyldu hafa í haga hver fyrir sig. Jeg get því ekki álitið neina *brýna* nauðsyn til, að hafa lög, er skyldi þá til að hafa ítölu í haga. Að öðru leyti verð jeg að álíta, að nefndin hafi þrætt vel hin fornu lög. Það kann að vera, að breyta mætti frv. í smáatriðum; en jeg er viss um, að ákvarðanir þess bæta mikið úr því ástandi, sem nú er.

Sigfvatur Árnason: Það eru að eins þessi tvö atriði, er h. 2. kgk. þm. (J. P.) og h. þm. Dal. (J. G.) ræddu, er jeg vil fátt eitt á minnast. 2. kgk. þm. hafði það sem ástæðu á móti frv., að það innihjeldi engar ákvarðanir um löggarða. Jeg legg nú ekki mikla áherzlu á þessa vöntun, enda lá það ekki fyrir nefndinni, að bæta úr henni. Þess ber líka að gæta, að á landi hjer hagar víða svo til, að ómögulegt er að setja löggarða. Við það munu þeir kannast, er þekkja ástandið út um landað. Svo getur það líka komið fyrir, sem h. þm. Dal. (J. G.) tók fram, að þótt það væri mögulegt öðrum, er það ómögulegt hinum. Hvað hitt atriðið snertir, að koma hefði átt í frv. ákvarðanir um ítölu í haga, þá skal jeg taka það fram, að jeg fyrir mitt leyti álít þess helzt þörf, að hafa ítölu í haga þar, sem fleiri búa á sömu jörðinni, en síður þar, sem að eins einn býr á hverri jörð. Skyldi jeg ásamt h. varaforseta (Á. Th.) vera h. 2. kgk. þm. (J. P.) *innilega* þakklátur, ef hann gæti komið hentugri grein inn í frv., í þá átt, að menn skyldu hafa ítölu í haga, þar sem fleiri búa á sömu jörð. Gætum vjer fengið hentug lög um það, væri það mjög æskilegt. Um það eru að vísu til ákvarðanir að nokkru leyti í Jónsbók, en þær eru ekki vel haganlegar. Stjórnarfrv. um innsetning á skepnum fór ekkert út í þessi atriði, og því fór nefndin ekki út í þau; það lá þá ekki fyrir, að taka slíkar ákvarðanir inn í frv. nefndarinnar, og vonandi að nefndin fái ekki ámæli, þó hún færi ekki lengra, en stjórnarfrv. Gæti h. 2. kgk. þm. (J. P.) komið góðri viðaukagr. inn í frv. um þetta síðara atriði, þá væri það góð bót á löggjöfinni, og allir mundu kunna honum þakkir fyrir.

Jón Pjetursson: Jeg held, að þm., sem síðast talaði, hafi misskilið mig, er jeg talaði um landamerkjagarða. H. þm. Rangv. (S Á.) sagði, að land væri víða svo á sig komið, að ómögulegt væri að hlaða þar

landamerkjagarð. Getur vel verið. En skyldi þá nokkrum detta í hug, að skora á annan, að hlaða garð á móti sjer, ef þeim væri það ómögulegt? Jeg held lögin þurfi ekki að gjöra ráð fyrir slíku. En æskilegt álít jeg, að lög væri til, er leyfðu einum að skora á annan að hlaða móti sjer landamerkjagarð. Slíkar ákvarðanir eru í núgildandi lögum í Danmörku, og er það sannarlega merkilegt, að til skuli vera í Danmörku lög, sem eru líkari okkar fornu lögum, en þessi, sem hjer birtast í frv. nefndarinnar.

H. þm. Dal. (J. G.) setti það dæmi, að annar væri ríkur, hinn fátækur. Hinn ríki gæti hlaðið garð að sínu leyti, en hinn alls ekki. Þá þótti honum ósanngjarnt, að hinn ríki gæti skyldað hinn fátæka til að hlaða á móti sjer. Má jeg spyrja: er þetta að styðja að framtaksemi og framförum í landinu? Hinn ríki dugnaðarmaður, sem vel getur hlaðið landamerkjagarð, mætti eptir þessu ekki gjöra það, af því nágranni hans er svo fátækur eða óduglegur, að hann getur það ekki. Þegar annar getur hlaðið, en hinn ekki, hvernig á þá að fara að? Það er sjálfsagt að annaðhvort verður sveitarstjórnin að styrkja hinn fátæka til að fá lán til garðhleðslunnar, eða þá hann verður að þola það bótalaust, að fjenaður hins vel meganda gengur inn á land hans. Hinn fátæki má með engu móti geta varnað því, að hinn efnaði bæti og verji sitt. Slík lög gætu ekki álitizt að styðja að framförum og eflingu búnaðar. Menn hafa talað um, að æskilegt væri, ef inn í þetta frv. gætu komizt heppilegar ákvarðanir um garðhleðslu; en það er ómögulegt að koma þeim inn í þetta frv. Það yrði þá að gefa út sjerstök landbúnaðarlög, er taki yfir þessa og fleiri ákvarðanir, svo sem um ítölu og lögfestu.

Jakob Guðmundsson: Jeg ætlaði, er jeg stóð upp áðan, einmitt að minnast á sambeit. H. þm. Rangv. (S. Á.) tók það fram, að það kæmi helzt fyrir, að hafa sambeit, þar sem væri tvíbýli eða þríbýli. Það er sjálfsagt, að þar sem svo stæði á, yrði að hafa sambeit. En það er víðar, t. a. m. þar sem hjáleiga liggur undir stærri jörð, og beitarlandið er óskipt, þó túni og slægjum sje skipt. Þar er, eins og eðlilegt er, alveg nauðsynlegt að hafa ítölu í haga, ef einhver sýnir yfirgang. Að þessu tvennu frátöldu: *að* fleiri en einn búi á sömu jörð, og *að* hjáleiga liggi undir jörð, álít jeg, að löggjöfin ekki geti gefið sig við sambeit. H. 2. kgk. þm. (J. P.) hefur nú aptur minnzt á garðhleðsluna. Ef garðhleðsla væri ákveðin með lögum, þá álít jeg nauðsynlegt, að ákveðið væri, hvort það væri ábúandinn eða garðeigandinn, er kosta skyldi garðinn. Þá kæmi og enn eitt atriði til skoðunar, sem sje það, við hvað miða skuli lengd þá, er hver fyrir sig skal hlaða. (*Jón Pjetursson* (lágt): «til helminga»). Það var góð upplýsing, sem þm. hvísladi að mjer. Hann segir: «til helminga». Nú þekki jeg 40 hdr. jörð og 7 hdr. kot, er saman liggja, og þá á sá, er býr á 7 hdr. kotinu, að hlaða til jafns við hinn á 40 hdr. jörðinni. Jeg vona, að allir sjái, hvað þetta er ósanngjarnt. Eðlilegra virðist, að garðhleðsla hvers um sig fari eptir jarðamagninu.

Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Frumvarp til laga um verzlun lausakaupmanna annarstaðar en á löggiltum höfnum (C. 147); 1. umr.

Einar Ásmundsson: Það, sem kom mjer og tveimur öðrum h. þm. (B. K. og Á. E.) til að flytja þetta frv., er hjer er til umræðu, fyrir h. þingd., eru þessar, mjer liggur við að segja, endalausu bænir alstaðar að frá landsmönnum um löggilding nýrra og nýrra verzlunarstaða. Fyrir 6 árum voru hjer á þingi samin ný lög, er rýmkuðu mikið til í verzlunarefnum. Aðalhvötin til að semja þau lög var sú, að þá þyrfti ekki þessar takmarkalausu löggildingar á nýjum verzlunarstöðum; bænir um það efni mundu þá fremur fara fækkandi. En sú hefur ekki raunin á orðið, því þær hafa komið, eigi að eins jafnmargar síðan, heldur margfalt fleiri, en nokkru sinni áður. Jeg kannast fúslega við, að þó verzlunarmagnið sje lítið í landinu, og því eigi þörf á mörgum verzlunarstöðum, þá er landið þó svo stórt og strjálbyggt, og því erfitt að flytja vörur á mörgum stöðum, að nauðsyn er á, að geta fengið vöruflutninga víða að ströndum landsins. Með lögum þeim, er vjer höfum, «um verzlun og siglingar á Íslandi», er öllum fastakaupmönnum leyft að flytja og verzla með alls konar vörur, nema áfenga drykki, alstaðar í hverri vík kring um land allt, og á hinn bóginn er hverjum manni heimilt, að stofna sveitaverzlun, þar sem sýslunefnd vill veita leyfi til þess. Þetta leyfi til verzlunar sýnist þá að vera býsna rúmt. En nú er þó eptir, að leyfa lausakaupmönnum að sigla til verzlunar á

aðrar en löggiltar hafnir, til þess að verzlunarleyfi sje svo óbundið, sem frekast má verða. Það, að þetta hefur hingað til ekki verið leyfilegt, hefur komið mönnum til að óska, að æ fleiri og fleiri hafnir yrðu löggiltar. Það gæti auðvitað orðið mjög hentugt fyrir landsmenn, og sparað þeim mikinn kostnað, ef vörur væru fluttar á sem flesta staði, sem eigi eru löggiltir, eins og fastakaupmenn hafa nú leyfi til að gjöra, og sem þeir líka allopt eru farnir að gjöra. En það eru fleiri, en fastakaupmenn, sem verzla hjer við land. Allmargir lausakaupmenn koma á hverju ári á skipum sínum til verzlunar, beina leið frá útlöndum, bæði með trjávið og aðrar vörur, og eins, nú á síðari árum, til að kaupa hesta og sauðfje. Bændum kemur vel, að geta haft viðskipti við þessa menn sem næst heimili sínu, og það geta margir því að eins, að lausakaupmönnum sje leyft að verzla víðar en á löggiltum höfnum. Í sjálfu sjer er venjulega ekkert á móti því, að menn komi hestum, sem seldir eru útlendum lausakaupmönnum, á næstu löggilta höfn. En það er verra með sauðfje. Það kemur ekki til verzlunar með það, fyr en á haustin, og þá eiga bændur víða afar-erfitt með, að komast með sauðfje á hinar löggiltu hafnir, þar sem stór vötn, há fjöll og aðrar torfærur eru á leiðinni, en veðrátta þá opt farin að spillast. Það stendur enn fremur víða svo á, að hægra er að skipa út sauðfje á ólöggiltri höfn, en löggiltri. Þannig hefur t. a. m. staðið á því, að þm. Strand. (Á. E.) hefur fyrir hönd kjósenda sinna óskað þess, að Bitrufjörður yrði löggiltur verzlunarstaður. Yrði nú þetta frv. að lögum, get jeg fullyrt, að h. þm. Strand. (A. E.) vill taka sitt löggildingarfrumvarp aptur. Sama vona jeg mundi verða um mörg önnur frv., er fara fram á löggildingu, og lögð hafa verið fyrir Nd. þingsins í þetta skipti. Jeg vona því, að mönnum sýnist það bæði rjett og eðlilegt, að lögin leyfi einnig lausakaupmönnum flutning og verzlun á öðrum en löggiltum höfnum, enda er þá vonandi, að bænir um nýjar löggildingar minnki, eða hverfi þá með öllu. Þá er eptir að minnast á eitt atriði, og það er, að þeim, sem verzla á ólöggiltum höfnum, er bannað að selja áfenga drykki. Jeg held nú, að mönnum þyki það almennt ekki svo tilfinnanlegt band, og fæstir munu af þeirri ástæðu hafa óskað eptir löggildingu, að minnsta kosti ekki þm. Strand. (Á. E.). Enn er annað atriði, sem hugsa verður eptir. Eptir gildandi lögum verða öll skip, sem koma beina leið frá útlöndum, fyrst að koma á löggilta höfn; en það hlýtur að verða því meiri vandkvæðum bundið, að fá hæfa menn til að hafa eptirlit og annast um tollheimtu, sóttvarnir o. s. frv., sem fjöldi hinna löggiltu hafna verður meiri. Ef nú þetta frv. yrði að lögum, þá eru líkindi til, að löggiltum höfnum mætti fremur fækka aptur, en að þær þyrftu að fjölga.

Sighvatur Árnason: Jeg stend ekki upp af því að mjer detti í hug að mæla á móti þessu frv. Það er að eins ein aths., sem jeg vildi leyfa mjer að hreyfa. Þegar maður kaupir leyfi til verzlunar, eptir þessu frv., þá skilst mjer svo, sem hann megi ekki verzla annarstaðar en innan þess sýslufjelags, er hann kaupir leyfisbrjefið í. T. d. þegar maður kaupir leyfisbrjef til verzlunar í Gullbringusýslu, en vill svo fara á aðra höfn við Faxaflóa, t. d. til Akraness, sem er í annari sýslu, þá verður hann að kaupa nýtt leyfisbrjef. Þetta kann nú að þykja nokkuð hart og ófrjálslegt, og ef til vill mun fáum þykja það tilvinnandi. En ef mönnum sýnist, mætti víst breyta þessu, og jafnvel því með, hver skuli gefa út leyfisbrjef, og að borgunin rynni í landsjóð.

Flutningsmaður (Einar Ásmundsson): Þó jeg hafi ekki í svipinn við hendina lög frá 7. nóv. 1879 um verzlun og siglingar, man jeg ekki betur — og jeg held jeg megi fullyrða að svo sje — en að þau kveði svo á, að leyfisbrjef þau til verzlunar, sem fastakaupmenn fá, sjeu miðuð við þann eina stað, sem hina föstu verzlun á að reka. Þetta frv. er því samkvæmt þessu ákvæði laganna, þó því víki nokkuð öðruvísi við; hjer er leyfið bundið við eitt umdæmi, þ. e. það svæði, sem sýslunefnd hefir umráð yfir, og sem ekki fellur alstaðar saman við sýslutakmörk, því í sumum sýslum eru tvö sýslufjelög. Leyfið veitir kaupmanninum heimild til hafa fasta verzlun á einum stað, en lausaverzlun alstaðar þar sem hann vill. Frv. þetta ætlast til, að lausakaupmaður fái leyfi til að verzla eingöngu í einu hjeraði á löggiltum stöðum, en áður hafa þeir að lögum heimild til að verzla á öllum löggiltum stöðum. Frv. vill ekki fara svo langt, að gefa lausakaupmönnum rýmri rjett en fastakaupmönnum, en mjer virðist vel við eiga, að lausakaupmenn hafi í þessu til-

liti sem næst jafnrjetti við hina fõstu, því jöfnuður góður allur er. Jeg vil fullt eins vel hlynna að fastakaupmönnum og hinum lausu og jeg vona að 1. þm. Rangv. (S. Á.) hugsi sig vel um áður en hann gjörir breyt. till. í þá stefnu, sem hann minntist á.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg vildi einungis leyfa mjer, að skjóta þeirri spurningu til h. flutningsm. (E. Á.), hvort gjald það, sem frv. ákveður fyrir verzlunarleyfisbrjefið, skuli lúkast í eitt skipti fyrir öll eða á hverju ári, meðan lausaverzlun er rekin. Jeg get hugsað mjer, að sami lausakaupmaðurinn reki verzlun á sama stað kannske í 50 ár, og þá virðist mjer gjaldið nokkuð lágt, þegar tekið er tillit til þeirra hlunninda, sem leyfið hefur í för með sjer; jeg vil því leyfa mjer, að skjóta því til h. flutningsmanns, hvort eigi mundi tiltækilegra, að ákveða gjaldið fyrir eitt og eitt ár í senn, og setja það svo nokkuð lægra. Jeg get þessa einungis sem athugasemdar flutningsmanni til hugleiðingar, ef hann síðar skyldi finna ástæðu til að taka tillit til hennar.

Flutningsmaður (Einar Ásmundsson): Jeg skal gjarnan í sameiningu við þá h. þm., sem með mjer hafa komið með frv. þetta, hugleiða bendingar h. 6. kgk. (H. Sv.)

— Málinu vísað til 2. umr. með 19 atkv.

Frumvarp til laga um hluttöku safnaða í veitingu brauða (C. 63); 2. umr.

Framsögumaður (Jakob Guðmundson): Eins og deildinni er kunnugt, kom fram breyt.till. við nefndarálitið (C. 128), fyrst frá hinum hæstv. landsh. (C. 147), og lýsti jeg því yfir við 1. umr., að jeg feldi mig við breytingar hans, einkum af því það virðist svo, sem önnur þeirra heldur rýmki rjett safnaðanna. Að því er snertir breyt.till. h. 6. kgk. (H. S., C. 156.), get jeg ekki sjeð, að þær sjeu í neinu verulegu annað en orðabreytingar, sem mjer virðast sumpart gjöra lítið til, en sumpart vera heldur til batnaðar. Jeg skal t. d. nefna hina fyrstu, að í stað «hin lögákveðna» komi «ákveðna». Mjer datt strax í hug, að þm. hefði hjer haft fyrir augum, að hjer væri bezt að sleppa þessu „*lög*“, þar ekki væri kannske auðið að benda á nein eindregin lög um auglýsingarfrest brauða, þar sem hann fremur mun byggjast á sjórnarbrjefum og venju. Að því er aðra breytinguna snertir, verð jeg að segja að mjer finnst hún heldur til fyllingar því sem nefndarálitið sagði; þar sem stungið er upp á þeirri breytingu við 3. gr. frv., að eptir orðin «valin úr» bætist við:» og bæði o. sv. fr., þá sje jeg ekkert á móti þessu. Sumar breytingarnar sje jeg ekki, að hafi neina eiginlega þýðingu, eins og t. a. m. «2 vikur» í stað «14 daga». *(Hallgrímur Sveinsson:* Betri íslenzka). Satt er það. Yfir höfuð hef jeg ekkert sjerlegt út á breyt.till. að setja.

Hallgrímur Sveinsson: Eins og framsögum. (J. G.) tók fram, eru þær breytingar, sem jeg hefi leyft mjer að stinga upp á, mestmegnis orðabreytingar, sem jeg áleit að gjörðu málið sumpart rjettara, sumpart ljósara, og sumpart liðugra. Það sem jeg breytti «hinn lögboðni» og hinn «lögákveðni» í hinn ákveðni, þá er það rjett, að mjer gekk það til, sem h. þm. Dal. (J. G.) gat til. Það vakti einnig fyrir mjer, að það gæti komið fyrir, að æskilegt yrði, að auglýsingarfresturinn í einstöku tilfellum yrði lengdur, og væri þá nauðsynlegt, að eigi væri fastara um hnútana búið en svo, að stjórnarvöldin gætu það. Að því er snertir breytingaratkv. undir tölul. 2, þá er það ofurlítil efnisbreyting, sem mjer finnst heldur til bóta. Það getur hugsazt, að yfirvaldið tæki það svo strangt, að ef einhver smá formgalli, sem ekki þyrfti að hafa nein áhrif á úrslit málsins, kæmi fyrir við kosningarnar, þá yrði málið allt sent heim, en kosningarnar að efninu til yrðu allar hinar sömu. Breytingin vill gjöra við því, að yfirvaldið gjöri þetta eigi, þar sem þeir gallar eigi væru á, er raskað gætu kosningunum eða úrslitum þeirra. Viðvíkjandi 4. breyt.-till., þá styttir hún dálítið 7. breyt.till., og er að mjer finnst einungis nokkuð liðugar orðuð. Meiningin sama. Breyt.till. við 11. gr. er sumpart liðugri, sumpart rjettari. Mjer fannst viðkunnanlegra, að hafa hið almenna orð «jafnaðarsjóður», í stað hins ópekkta orðs «niðurjöfnunarsjóður».

Landshöfðingi: Við framhald 1. umr. þessa máls ljet jeg í ljósi skoðun mína yfir höfuð á nefndaráliti þessu, og jeg tók þó fram, hvers vegna jeg fyndi ástæðu að gjöra breytingaratkvæði það er nú liggur hjer fyrir. Jeg þarf því nú eigi að vera margorður, heldur skal jeg einungis ítreka það, sem jeg sagði fyr viðvíkjandi breytingaratkvæði mínu við 4. niðurlagsatriði nefndarálitsins, nefnilega það, að meining mín væri að girða

fyrir, að söfnuðir gæti, þegar að eins einn sækti, hafnað þeim manni, sem í alla staði yrði að álítast hæfur til þess að vera prestur safnaðarins. Eptir nefndarálitinu hefur söfnuðurinn þennan rjett, eða með öðrum orðum getur hafnað hæfum presti, ef ekki nema einn sækir. En eptir mínu breytingaratkv. hefir söfnuðurinn ekki þennan rjett, heldur hefir aðeins í þessu tilfelli tillögurjett, sem vitaskuld yrði álitinn að hafa mikla þýðingu, og sem sjerlegt tillit yrði tekið til, nema yfirgnæfandi ástæður gerðu annað nauðsynlegt. Það getur hugsazt, að einhver söfnuður t. d. hefði tekið svo miklu ástfó-tri við nágrannaprest sinn, að hann vildi eigi þýðast umsækjandann, án þess þó að geta með rökum nokkuð út á hann sett, og að þessi söfnuður þannig heldur kjósi nágrannaprest, þótt sú þjónusta ekki gæti orðið nema ófullkomin, heldur en að taka sjerstakan prest, þótt óaðfinnanlegur væri; en þetta virðist ekki mega eiga sjer stað.

Hvað breytingar nefndarinnar að öðru leyti snertir, þá get jeg fallizt á þær, og álít þær eigi þurfa að vera frv. til fyrirstöðu. Að því er snertir breyt.till. h. 6. kgk. þm. (H. Sv.), þá er sama að segja um um þær. Það eru að mestu leyti einungis orðabreytingar. Þó finnst mjer að orðin «sjeu eigi þeir gallar» o. s. frv. í breytingaratkv. við 3. niðurlagsatr. nefndarinnar hefðu helzt ekki átt að koma fram. Jeg verð að álíta að það beri að heimta að fylgt sje ákvörðunum í 8. gr. frv., en mjer virðist heldur dregið úr þeim með breytingaratkvæði þessu. Það er einnig sjálfsagt, að þó þetta ekki standi, geta gallarnir verið svo óverulegir, að alls enga nauðsyn bæri til að tillit verði tekið til þeirra. Þessi breyting virðist mjer gjöra ákvarðanirnar óljósari, þótt jeg hins vegar játi, að hún sje ekki þess eðlis, að hún gjöri frv. óhafandi eða geti ekki átt sjer stað. Jeg skal svo bæta því einu við, að jeg álít það mjög mikils varðandi, að breytingaratkvæði mitt við 4. niðurlagsatr. nefndarinnar fái fram að ganga.

Ásgeir Einarsson: Jeg hef átt nokkurn þátt í þessu máli á undanfarandi þingum, eins og svo margir fleiri. Jeg gjöri nú ráð fyrir að jeg verði nú einn af þeim, sem þykir þetta frv. skakka nokkuð frá því, sem þjóðin hefur óskað, og vildi jeg því með fám orðum benda á það, sem mjer þykir að. Mjer þykir stjórnin vera nokkuð stórtæk í 2. gr.; þar er úrkastað þangað til 2 (*Margir*: 3) eru orðnir eptir. Nú sækja kannske einir 6 eða 8 eða fleiri um eitthvert brauð, og þá þykir mjer það nú heldur af skornum skammti, frelsið, sem söfnuðirnir fá, þegar þeir einungis mega velja um 2 af öllum umsækjendunum. En það verður samt með þessi lög eins og t. d. skipið; það er mikið komið undir því, hvernig því er stýrt. Þessi lög verða öll undir því komin, hvernig þeim verður beitt. Þau verða öll komin undir veitingarvaldinu. Ef það brúkar þau vel og rjettilega, er talsverð rjettarbót í þeim. En mjer finnst, að það geti nú út af því brugðið, að söfnuðirnir viðurkenni, að veitingarvaldið beiti þessum lögum frjálslega, þó að því sjálfu finnist það gjöra það. Jeg tek dæmi: Tveir prestar gamlir og verðugir sækja um brauðið, og sá þriðji ungur, um sama brauðið. Veitingarvaldið lætur annan hinn aldraða og verðuga ganga fyrir, en nefnir úr þann unga, þó söfnuðurinn vildi hann helzt. Þetta getur veitingarvaldið vel eptir lögum þessum; þá finnst söfnuðinum gengið rjetti sínum of nærri og vekur það óánægju. Jeg kann heldur eiginlega ekki við ástæður stjórnarinnar, þar sem hún segist ekki álíta gjörlegt að sleppa veitingunni alveg við söfnuðina, af því prestarnir þurfi einnig að gegna mörgum öðrum opinberum störfum. Nú sækja 4 til 6 prestar um eitthvert brauð, og þá verður sumum þeirra kastað úr, af því þeir verða ekki álitnir eins færir og hinir um að gegna þessum opinberu störfum. Þeir geta ekki komizt þar að, en geta sjálfsagt verið prestar í öðrum brauðum; þetta finnst mjer ekki vera samkvæmni. Hitt er þá annað aðalatriði í ástæðunum, að ef veitingarvaldið er svipt því, að taka þátt í veitingu brauða, geti það ekki haft þá umsjón um kirkjumál, sem því sje á hendur falin, og hafi ábyrgð stóra á kirkjumálum, eins og vera ber; en jeg held að veitingarvaldið út í Danmörku, optast ókunnugt, geti ekki stýrt kirkjulegum málefnum eins og vera ber. Hvernig ætli veitingarvald út í Danmörku geti sjeð um að brauðunum sje forsvaranlega þjónað, að þau verði ekki niðurnídd, að þau standi ekki prestslaus um lengri eða skemmri tíma. Þetta á forsvaranleg stjórn að gjöra. Þó jeg hafi hreift þessum athugasemdum og tjái þessa galla, ætla jeg mjer ekki að vera móti frv. Jeg ætla líka, að stjórnin og máske meir sá háttvirti landshöfðingi eigi

þakkir skilið fyrir, hvað málið er þó komið lengra á leið, en leit út fyrir síðast á þingi.

Skúli Þorvarðarson: Jeg skal eigi tala margt í þessu máli; umræðurnar um það er þegar orðnar svo langar; einungis skal jeg lýsa því yfir, að mjer þykir stjórnin eiga viðurkenningu skilið fyrir það, hvað hún hefur slakað til í þessu máli frá því sem hún hefur haldið föstu um mörg ár, og neitað staðfestingu þeirra laga, sem þingið hefir samþykkt 1881 og 83 í sama efni; og jeg vildi því óska þess, að frv. næði fram að ganga. Þessar litlu breytingar, sem komið hafa við frv., finnast mjer allar eðlilegar og frv. til bóta. Jeg verð að játa, að mjer getur eigi annað sýnzt, en það sje eðlilegt, að söfnuðurinn megi kjósa sjer annan umsækjanda, þegar um tvo er að velja. Mjer finnst breytingar nefndarinnar við 10. gr. talsvert athugaverðar, og mjer finnst það mjög ísjárvert, að hafna einum umsækjanda, þegar ekki er á fleirum völ. Jeg er því með öllu samþykkur breytingaratkv. h. landshöfðingja. Þessi nágrannaprestaþjónusta verður ætíð ófullkomin og ónóg, og stundum mestu vandræði með að fá hana. Auk þessa bólar líka á þeirri skoðun, sem sýnist vera á rökum byggð, að sá söfnuður, sem innir prestinum af hendi allar skyldur og skil, eigi líka heimtingu á óskertri þjónustu hans; ef deildin samþykkti breytingaratkv. landshöfðingja, gæti maður líka verið vissari um, að málið fengi framgang og stjórnin samþykkti frv. með áorðinni breytingu. Jeg ætla mjer svo ekki að orðlengja um þetta frekar, en vildi einungis láta mína meiningu í ljósi.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg vil leyfa mjer út af ummælum h. þm. Strandam. (Á. E.),sem mjer heyrðist stefna að því, að fjarlægð veitingarvaldsins, þegar það er út í Danmörku, gæti valdið eða hlyti að valda drætti á veitingu brauðanna, að geta þess, að jeg skil frv. þetta þannig, að með því sje stigið verulegt spor til þess að nálgast þær óskir þjóðarinnar, að draga sem mest völdin inn í landið sjálft, og að með því sje þó nokkur vissa fengin fyrir þessu. Landshöfðingi og biskup eru búsettir hjer á landi og þeir verða þó að álítast að hafa verulegust áhrif á veitinguna, og það einnig, þótt nokkur brauð sjeu veitt í Danmörku. Mjer finnst hjer stigið verulegt spor til þess að færa veitingarvaldið sjálft nær landinu eða inn í landið. Viðvíkjandi þeim efa, sem látinn hefur verið í ljósi yfir því, að breytingar nefndarinnar kynnu að valda frv. mótstöðu, þá skal jeg leyfa mjer að geta þess, að það er gleðilegt, að h. ldsh. hefir lýst því yfir, að stjórnin gangi að þeim. Og jeg álít, að stjórnin eigi þakkir skilið fyrir það, hve aðgengilegt frv. nú er orðið. Jeg vil láta þessa viðurkenningu sjást gagnvart þeim að vísu vægu álasorðum, sem komið hafa fram gegn stjórninni fyrir það, að frv. færi eigi nógu langt í kosningarfrelsinu. Viðvíkjandi breytingaratkv. mínu við 3. niðurlagsatr. nefndarinnar, sem h. ldsh. þótti ísjárvert, þá er mjer að vísu ekki kappsmál með það, þótt jeg haldi, að hentugra væri, ef það kæmist að.

Jón Pjetursson: Mjer getur eigi annað skilizt en að eptir frv. þessu liggi beinast við, að stjórnin í Danmörku hætti að veita nokkurt brauð hjer á landi, en landsh. veiti þau öll.

Landshöfðingi: Jeg skal lýsa því yfir, að frv. gjörir enga breyting á því, hver veitir brauðin. Hinar gildandi ákvarðanir um þetta standa alveg óhaggaðar.

Sighvatur Árnason: Jeg skal játa það, að frv. þetta feli í sjer mikla rjettarbót fyrir þjóðina; en jeg skal líka játa, að óskir þjóðarinnar ganga þó lengra en það. Jeg skal leyfa mjer að láta það álit mitt í ljósi, að það sje skynsamlegra fyrir þingið, að taka nú á móti frv. þessu, þótt gallar sjeu á því. Ef til vill má laga gallana síðar. Mjer getur eigi dulizt, að mikið vantar á, að um rjett safnaðanna sje rýmkað eins og æskilegt væri. Eptir 2. gr. verður niðurstaðan sú, að þó svo 10 prestar sæki um brauð, fær söfnuðurinn að eins að velja um 3. Jeg álít samt, sem sagt, rjettara að fallast á frv., og það því fremur, sem málið hefur átt erfitt uppdráttar hingað til. Jeg skal svo geta þess, að mig skal ekki undra, þótt hinn 6. kgk. þm. (H. Sv.) sje þakklátur fyrir þetta frv., fyrst hann var þakklátur í gær fyrir frv., sem minna var í varið.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frv. (C. 63) samþ. í einu hljóði. Breytingaruppást. nefndarinnar við 2. gr. frv. var samþ. í einu hljóði með breytingu þeirri, er Hallgr. Sveinsson hafði við hana gjört (C. 156), og sem samþykkt var með 10 atkv. Var með því felld 2. gr. svo orðuð, sem hún var í

frv. 3. gr. Breytingar Hallgríms Sveinssonar við 3. gr. frv. voru samþykktar, hin 1. með 8 atkv., og 2. og 3. með 9 atkv.; síðan var 3. gr. með áorðnum breytingum samþ. í einu hljóði. 4. gr. óbreytt samþ. í einu hljóði. 5. gr. Breyting Hallgríms Sveinssonar nr. 7 samþykkt með 10 atkv. og síðan 5. gr. samþ. með þeirri breytingu í einu hljóði. 6. gr. óbreytt samþ. í einu hljóði. 7. gr. óbreytt samþ. í einu hljóði. 8. gr. Breyting Hallgríms Sveinssonar nr. 8 samþ. með 9 atkvæðum, og síðan var 8. gr. með breytingum samþ. í einu hljóði. 9. gr. Breyting nefndarinnar nr. 3 *a.* við 9. gr. var samþ. í einu hljóði. Breyting landsh. nr. 1 (C. 147) var samþ. með 10 atkv. og breyting Hallgr. Sveinssonar nr. 2 samþ. með 7 atkv.; breyting nefndarinnar nr. 3 *b.* með áorðnum breytingum samþ. í einu hljóði, og síðan 9. gr. samþ. í einu hljóði. 10. gr. Breyting ldsh. nr. 2 samþ. með 10 atkv. Breyting H. Sveinssonar nr. 3 samþ. með 10 atkv. Síðan var breyting nefndarinnar nr. 4 með áorðnum breytingum samþ. í einu hljóði, og var þar með 10. gr. frv. fallin. 11. gr. Breyting Hallgr. Sveinssonar nr. 9 var samþ. með 10 atkv., og var þar með fallin 11. gr. frv. 12. gr. samþ. með 10 atkv. Fyrirsögnin samþ. í einu hljóði. Frv. með áorðnum breytingum samþykkt í einu hljóði.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Frumvarp til laga um breyting á 1. gr. í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla (C. 139); 3. umr.

Framsögumaður (Einar Ásmundsson): Ja, jeg hef ásamt 2 öðrum h. þm. leyft mjer að gjöra nokkrar breytingar við frv. og skal nú fara um þær fáum orðum (C. 157):

Fyrst og fremst höfum við lagt það til, að tillagið frá Melstaðarbrauði verði sett 350 kr. Eins og kunnugt er, er það í brauðaskipunarlögunum, þar sem Staðarbakkasókn er talin með, sett 800 kr. Með breytingum þeim, sem frv. þetta gjörir á brauðaskipunarlögunum, er tilgangurinn sá, að gjöra brauðaskipunina þar í hjeraðinu hentugri, en þetta bakar aptur landssjóði kostnað. Jeg hefi áður leyft mjer að minnast á þetta atriði og þarf því ekki að fjölyrða um það nú. Jeg hefi, eins og menn muna, áður lagt það til, að tillagið yrði 500 kr. og fært rök að því, að brauðið yrði sæmilegt fyrir því. Samt sat við það tillag, 200 kr., sem í stjórnarfrv. stendur, og nú stingum við upp á, að farinn sje meðalvegur og tillagið sett 350 kr. Okkur getur eigi annað sýnzt, en að 200 kr. tillagið sje heldur lágt, í öllu falli þegar tekið er tillit til þess mats, sem samið var til undirbúnings undir brauðaskipunarlögin. Í annan stað höfum við gjört orðabreytingar við 3. gr. viðvíkjandi þessum 4 bæjum, sem eiga að leggjast frá Ospakseyrarsókn til Prestsbakka. Það liggur nú í hlutarins eðli, að sóknarmenn verða að gjalda öll kirkjugjöld sín til þeirrar kirkju, sem þeir sækja til. Okkur er ekki annað kunnugt, en að Prestsbakkakirkja sje vel efnuð og fær um að borga til Óspakseyrarkirkju. Okkur virtist ranglátt, að svipta Óspakseyrarkirkju, sem er einstaks manns eign, tekjum þeim, sem henni nú bera. Okkur þótti auðsætt, að eigandi kirkjunnar mundi ef til vill neyðast til að höfða mál til skaðabóta og að öllum líkindum vinna það. Aðalbreytingin í þessari tillögu okkar er meir innifalin í orða- en efnisbreyting.

Í þriðja lagi kemur hjer enn breyt.till., lík annari, sem áður kom fram, en þó í annari mynd. Hún er um eptirgjöf á árgjaldi af Laufáss prestakalli. Svo er mál með vexti, að Laufás hefir haldið hólma einum, sem ágreiningur hefir verið um; það var höfðað mál um þetta efni, og með landamerkjadómi haustið 1883 var hólminn dæmdur undan Laufási; þessi missir skerðir ekki lítið tekjur prestsins frá því, sem þær voru þegar hann fjekk brauðið. Landamerkjadóminum var að vísu skotið til landsyfirrjettarins; þótt langt sje um liðið er þó enn ekki sökum ýmsra atvika og óvæntra tálmana búið að kveða þar upp dóm í málinu um það, hvort landamerkjadómurinn skuli gildur eða eigi. Sökum þessarar óvissu stendur þetta „*ef*“, þetta skilyrði fyrir því, að tillagið falli burt. Ef Laufás heldur ekki hólmanum, er nauðsynlegt að ljetta þessum 400 kr. af prestakallinu, og mun það nú sem stendur láta mjög nærri, að arðurinn af hólmanum svari til þessarar upphæðar; en haldi Laufás hins vegar hólmanum,

kemur ekki til þessa. Mjer er kunnugt um, að presturinn hefir ekki goldið árgjaldið af brauðinu nú í tvö ár, og sumir kunna að álíta það ótilhlýðilegt og óforsvaranlegt, að yfirstjórn kirkjunnar skuli ekki hafa gengið stranglega eptir því, en hins vegar hefði það hlotið að sýnast ranglátt og ósanngjarnt að gjöra það, þegar þannig hagaði til. Við höfum reynt að gjöra tilraun til að bæta úr þessu, með þessari till. okkar. Ef Laufás heldur hólmanum er ekkert misst, en ef eigi, er eptirgjöfin ekki nema sanngjörn. Á þessari till. og hinni fyrri er sá munur, að eptirgjöfin er nú miðuð við hinn núverandi prest, en er ekki eptirgjöf um aldur og æfi, eins og farið var fram á í hinni fyrri tillögu.

Landshöfðingi: Jeg verð að segja, að þótt mjer þyki að vísu aðgengilegra, að árgjaldið frá Melstað verði sett 350 kr. en 500 kr., þá verð jeg þó að halda því fram, að 350 kr. sje enn of hátt, ef brauðið á að geta kallast gott brauð, og held því, að betra og æskilegra væri, að h. deild vildi láta frv. halda sjer, eins og það var samþykkt við 2. umr., með 200 kr. árgjaldi. Jeg skal, með tilliti til breytingarinnar við 3. gr., geta þess, að jeg felli mig betur við breytingaratkv., en frv., eins og það var samþykkt við 2. umr. Mjer finnst það fara betur, að kirkjugjöld frá þeim bæjum, sem ætlast er til að lagðir verði frá Óspakseyri til Prestsbakka, verði látin ganga til Prestsbakkakirkju, en úr sjóði þessarar kirkju verði aptur greitt endurgjald fyrir þessi gjöld til Óspakseyrarkirkju. Þar sem hinn h. þm. Eyf. (E. Á.) hreyfði því, að Óspakseyrarkirkjueigandi mundi hafa lagarjett til slíks endurgjalds, þá er jeg að vísu eigi samdóma h. þm. í þessu efni; því þess ber að gæta, að þó frv. þegar það er orðið að lögum rýri tekjur kirkjunnar, og það þótt hún sje prívatkirkja, þá hefir löggjöfin heimild til að gjöra það, án þess það sje skylda að endurgjalda; hitt er annað mál, hvort sanngirni eigi mæli með endurgjaldi. Mjer er nú ekki nákvæmlega kunnugt um efnahag Óspakseyrarkirkju og get því ekki með vissu sagt, hvort hún sje fær um að missa tekjurnar af þessum 4 bæjum, þótt það sje reyndar líklegt, að eptir því sem söfnuðinum fækkar, eptir því megi kirkjan vera heldur minni, og verði því ekki eins kostnaðarsöm fyrir eigandann.

Með tilliti til breyt.uppást. um eptirgjöf á árgjaldinu af Laufási, skal jeg taka það fram, að jeg álít breytingaruppást. þessa nauðsynlega, svo framarlega sem rýrnun verður á tekjum prestakallsins á þann hátt, sem hjer er gjört ráð fyrir. Þó jeg áður gjörði þá athugasemd, að það væri eitthvað óviðfeldið, að vera að setja lagaákvarðanir um það, sem óvíst væri og efasamt, hvort nokkurn tíma kæmi fyrir, þá minnir mig ekki betur en að jeg gæti þess um leið, að þetta atriði væri þó ekki svo verulegt, að það þyrfti að verða frv. til fyrirstöðu. Þess skal jeg samt geta, að mjer þykir það galli á breyt.till., að hún skuli vera miðuð við tíð þess prests, sem nú er, því þá er auðsætt, að málið verður að koma fyrir þing eptir næstu prestaskipti. Við 2. umr. var það samþykkt, að leggja 200 kr. árgjald á Prestsbakka. Jeg gat þess þá, að mjer virtist þetta gjald lagt ófyrirsynju á brauðið, að það mundi óaðgengilegt með slíku afgjaldi, og þeirrar sömu meiningu er jeg enn. Hefði verið mögulegt, að koma enn breytingum að, hefði jeg óskað, að það hefði verið gjört.

Benedikt Kristjánsson: Jeg hef lítið að segja; en af því að jeg er hjer undir breyt.till ásamt 2 öðrum h. þm., skal jeg leyfa mjer fáar athugasemdir. Jeg skal þá geta þess, að þótt breytingartillaga okkar verði samþykkt, verður Melstaður engan veginn lítið brauð. Það verður fyrir það á 1900 kr., og brauð í fyrsta flokki. Jeg sje því enga nauðsyn til að minnka árgjaldið niður úr 350 kr., og það því síður, sem brauðið er vel í sveit komið, bújörð góð og hlunnindi góð af varpi, sem víst mætti vera brauðinu til mjög verulegra bóta, ef vel væri með farið og þar hafður stöðugt maður, sem varpið er. Enn er þar laxveiði, sem síðustu árin gefur æ meira og meira af sjer og er hún þó ekki tekin til greina við mat brauðsins. Mjer hlýtur því að finnast, að árgjaldið sje alls eigi ofhátt sett 350 kr. Jeg skyldi svo orð hins hæstv. ldsh., sem hann legði ekki mikla áherzlu á breytingaratkv. okkar um þessa 4 bæi, sem leggjast skulu frá Óspakseyri til Prestsbakka, og jeg skildi ldsh. svo, sem hann áliti, að eigandi Óspakseyrar hefði engan lagarjett til endurgjalds. Þetta er lagaspurning, sem jeg eigi treysti mjer til og ætla mjer eigi að ráðast í að leysa úr. En jeg get þó eigi dulizt þess, að það lítur svo út fyrir mínum augum, sem eignarrjetturinn

hafi svo mikla helgi, að hann sje skertur, ef eigandi Óspakseyrarkirkju fær ekkert endurgjald. Jeg verð líka að ætla, að það sje eigi svo lítill tiltölulegur tekjumissir, sem kirkjan yrði fyrir. Jeg hefi sannar spurnir fyrir, að kirkjugjöld af þessum bæjum muni vera nokkuð há. Það eru nokkuð fjárríkir menn, sem þar búa, og svo kvað það hafa verið tvíbýli á sumum þessara jarða. Það má því að líkindum ráða, að lausafjártíund af þessum bæjum mundi eigi nema svo litlu, að ótöldum 2 ljóstollum af sumum *hverjum* bæjunum. Að Óspakseyrarkirkja, eins og h. ldsh. benti á, gæti verið miuni eptir en áður, getur verið og ekki verið. Ef það þyrfti að endurbyggja kirkjuna, yrði hún líklegast að vera úr timbri og mætti svo verða, að eigi verði tiltök að byggja hana minni en hún annars þyrfti, svo hún væri fær um að þola veður, úr því hæðin yrði að vera svo mikil, að hún væri samboðin guðs húsi. Að því er snertir breyt.till. um eptirgjöf á árgjaldi Laufáss, skal jeg geta þess, að jeg álít að hinn núverandi prestur verði ekki látinn bera þann tekjumissi, er brauðið hefur orðið fyrir, án þess hann fái endurgjald fyrir eða losist við árgjaldið. En að árgjaldinu yrði ljett af um aldur og æfi, álít jeg eigi ástæðu til. Laufás er metið yfir 2000 kr. og má heita gott brauð. Jeg held að naumast þyrfti að bera kvíðboga fyrir því, að enginn prestur mundi vilja um það sækja. Það eru líka líkindi til, að tekjur þess muni vaxa með tímanum, þegar mönnum lærist að nota betur hlunnindin af æðarvarpinu.

ATKVÆÐAGR.: Breytingartillögurnar nr. 84 (C. 157) 1. tl. samþ. með 8 atkv.; 2. tl. *a.* samþ. með 9 atkv., *b.* samþ. með 7 atkv.; 3. tl. samþ. með 9 atkv. Frv. allt með áorðnum breytingum samþ. í einu hljóði og afgreitt síðan til Nd.

Þrettándi fundur, fimmtud. 16. júlí, kl. 1 e. m. Allir á fundi.

Frumvarp til laga um stofnun borgaralegs hjónabands, og uppfræðslu barna í trúarefnum, þegar eigi hvorttveggja foreldra hefur þjóðkirkjutrú (C. 52); 2. umr.

Landshöfðingi: Við framhald 1. umr. þessa máls komu fram ýtarlegar og röksamlegar mótbárur móti þeim breytingum, sem nefnd sú, er h. deild kaus til að íhuga stjórnarfrv., hafði ráðið til (nefndarálit C. 140). Hin h. nefnd hafði fundið ástæðu til að koma fram með nýtt frv. (C. 141), sem fer í aðra stefnu og er á öðrum grundvelli byggt, en frv. stjórnarinnar. Frv. stjórnarinnar er gjört í þeim tilgangi, að fullnægja ákvörðununum í 47. gr. stjórnarskrárinnar, þeim ákvörðunum, «að enginn megi neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum rjettindum sakir trúarbragða sinna», og er þetta gjört í líkingu við það, sem gjört hefir verið í Danmörku með lögum 13. apríl 1851, til þess að fullnægja tilsvarandi ákvæðum í grundvallarlögum Dana. En stjórnin fann enga ástæðu til að fara lengra en þetta, að fara lengra en nauðsynlegt var til þess að fullnægja orðum og anda stjórnarskrárinnar í þessu atriði. Þegar mál þetta var hjer á þingi 1883. var þingið því mótfallið, af því að þá þótti engin nauðsyn á því vera að fá því framgengt. En nú er allt annað komið í ljós hjá nefndinni. Nefndin vill eigi einungis, eins og stjórnarfrv. fer fram á, setja ákvarðanir um borgaralegt hjónaband fyrir menn utan þjóðkirkjunnar, heldur vill hún og setja almennar ákvarðanir um borgaralegt hjónaband einnig fyrir þá, sem eru innan þjóðkirkjunnar. Slík uppást. frá nefndinni hlýtur að virðast mjög merkileg og mjer finnst hún yrði að vera byggð á mjög sterkum rökum, ef hún ætti að geta rjettlætzt. En hver eru svo þessi rök? Eru það raddir frá þjóðinni? Liggur fyrir almenn ósk frá þjóðinni um að losast við hina kirkjulegu hjónavígslu? Mjer er ekki kunnugt að svo sje, og jeg má fullyrða, að það er ekki, enda hefir nefndin ekki einu sinni borið það fyrir og ekki byggt á því. Hver eru þá þessi rök? Eru þau fólgin í því, að nefndarmenn lítilsvirði hina kirkjulegu athöfn og vilji eyða henni sem mest? Það skyldi maður ekki halda, eptir því að dæma, hvernig nefndin er skipuð. En því erfiðar verður að finna ástæðu til þessarar kynlegu nýbreytingar frá nefndinni. Einn af hinum háttvirtu deildarmönnum — mig minnir og jeg má fullyrða að það var h. þm. Dal. (J. G.) — kom fram með það, sem ástæðu, að það mundi hneykzla suma, að heyra það, sem eptir hinni kirkjulegu venju er lesið yfir brúðhjónunum við hjónavígslur. Jeg held ekki, að þm. hafi sagt, að það hneyksl-

aði sig, en hann taldi það sem *ástæðu*, að það hneykslaði aðra, og því lítur óneitanlega svo út, sem þm. þyki þessi orð rituingarinnar, sem vant er að lesa upp við þess konar tækifæri, eitthvað hneykslanleg. Annars hefði hann ekki fundið ástæðu til, að brúka það fyrir ástæðu, sem ekki er ástæða. Jeg skal játa það, að mjer þykir þessi mótbára hins háttvirta þm. móti hinni kirkjulegu hjónavígslu næsta merkileg. Jeg skal aptur taka það fram, að þessi nýbreytni nefndarinnar er því undarlegri, sem engar raddir hafa heyrzt í þá átt (og það er svo langt frá því, að svo hafi verið) og hún er því óviðfeldnari, sem það sýnist engin ástæða vera til að setja sjerstaka reglu fyrir Ísland í þessu tilliti, sjerstaka reglu og frábrugðna því, sem á sjer stað í öðrum hlutum ríkisins. Af þessu hlýtur að leiða, að frv. getur ekki náð samþykki konungs, þar sem það ekki er samkvæmt grundvallarreglum þeim, sem stjórnin fylgir, — að setja sjerstök lög hjer í kirkjulegum málefnum, án sjerstakrar nauðsynjar, og frábrugðin grundvallarreglum þeim, sem gilda annarstaðar í ríkinu. Jeg ímynda mjer nú og jeg hefi þá von, að frv. nefndarinn nái ekki samþykki h. deildar, eða í öllu falli ekki þingsins. Aptur á móti skal jeg lýsa því yfir, að jeg telli mig við breytingar h. 6. kgk. (H. S.; C. 156), því jeg sje ekki betur, en að þær sjeu byggðar á sama grundvelli og stjórnarfrv., og raski í engu stefnu þess, en sje heldur til bóta.

Framsögumaður (Benedikt Kristjánsson): Að jeg stend upp, er ekki til þess, að vekja þrætugyðjuna, heldur til þess, að tala höglega um málið. Jeg get ekki betur sjeð, en að ágreiningur sá, sem risið hefur um nefndarfrv., og valdið allhörðum ummælum, sje sprottinn af misskilningi á málinu sjálfu. Það er að segja: menn hafa í fljótu bragði álitið, að nefndin hafi ráðið til annara og meiri breytinga á frv. en hún í raun og veru hefur gjört. En áður en jeg tala ýtarlegar um málið, skal jeg taka það fram, sem jeg gleymdi að geta um við 1. umr. málsins, að það hefur af vangæzlu fallið orð aptan af fyrirsögn frv. Nefndin ætlaði sjer í engu að breyta fyrirsögn frv., nema því einu, að setja lesmerki öðruvísi. Hún ætlaði sjer einungis að taka höggið (,) burt á eptir «trúarefnum», en setja það á eptir orðunum «borgaralegs hjónabands», og hefur nefndin í hyggju, að koma með breyt.-till. við 3. umr., til að lagfæra þetta. Því næst skal jeg geta prentvillu í 11. gr. síðast. Þar stendur «alþýðlegur skóli», en nefndin setti «alþjóðlegur skóli», sama sem nefnt er opinber skóli í stjórnarfrv.

Jeg skal svo vekja máls á því, hvort breyt.till. (C. 156) þær, sem fyrir liggja, eigi við þessa umr. að takast til greina, eða við 3. umr. Ef sú skyldi vera meiningin, að þær ættu að takast til umræðu og atkvæða, verð jeg að óska, að þessari umræðu sje frestað. Breytingarnar eru ekki þýðingarlitlar og því mjög örðugt fyrir þm. að átta sig á þeim, er til atkvæðagreiðslu kemur. Jeg finn ekki ástæðu til, að fara fleiri orðum um málið að sinni.

Forseti: Samkvæmt 23. gr. þingskapanna má bera breytingartill. við breytingartill. upp í byrjun sama fundar, sem umræðan á að fara fram á. Þetta er breytingartill. við nefndarálit, og kemur það því nokkuð í sama stað niður, þó þær verði nú ræddar, og sje jeg ekki annað, en það sje samkvæmt þingsköpunum, en samt skal jeg bera þetta undir atkvæði deildarinnar ef vill.

Framsögumaður (Benedikt Kristjánsson): Jeg ítreka ósk mína um, að umræðunum verði frestað.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg hef ekkert á móti fresti, þótt jeg reyndar álíti, að breyt.till. sjeu eigi svo margbrotnar, að ekki sje hægt að átta sig á þeim strax.

— Eptir ósk framsögum. var umr. síðan frestað til næsta dags, svo að þm. fengi kost á að kynna sjer framkomin breytingaratkv.

Frumvarp til laga um breyting á lögum 17. marz 1882, um friðun fugla og hreindýra (C. 130); 2. umr.

Flutningsmaður (L. E. Sveinbjörnsson:) Það eru komnar fram breytingartill. við frv. þetta frá h. 1. þm. Rangv. (S. Á.). Fyrsta breytingartillagan (C. 159) er sú, að á eptir «fiskiendur» skuli bætt inn í «hrafnsendur». Þessari breyting er jeg ekki samdóma, 1., af því, að hrafnsendur gjöra engan skaða, þær stinga sjer sjaldan, taka því ekki síli og eru sjaldan í ám, nema þar sem hólmar eru og þær verpa. 2., er jeg mótfallinn breytingunni af því, að hrafnsendur gjöra gagn, og skal jeg til upplýsingar geta þess, að það sem við köllum hrafns-

endur eru kallaðar duggendur við Mývatn og er þar einhver arðsamasta varpöndin. 3., er jeg mótfallinn breytingunni af því, að við Mývatn eru til endur, sem þar eru nefndar hrafnsendur, og sem ekki eru til á Suðurlandi. Mývetningar mundu því ekki skilja frv. að þessu leyti, ef breytingartill. kæmist að, og hún mundi yfir höfuð valda misskilningi. Önnur breytingartill. þm. er sú, að í stað «lundi og fýlungi — 20. ágúst» komi «lundi skal friðaður frá 1. marz til 20. júní, og fýlungi frá 1. marz til 20. ágúst». Jeg sagði við 1. umr. að í stað 20. ágúst ætti að vera 31. júlí. Jeg hef ekkert móti breytingartill. að því er hið síðara friðunartakmark snertir. Aptur álít jeg hið fyrra takmarkið miður heppilegt, og það af þeirri ástæðu, að lundi er aldrei kominn hingað til lands 1. marz. Sá fugl kemur eigi hingað til lands fyr en um sumarmál. Mjer finnst það því lýsa vanþekkingu, og því vera til athlægis, að friða fuglinn með lögum áður en hann kemur. Að því er friðunartakmarkið fyrir fýlungann snertir, hef jeg ekkert móti því. Þm. er víst kunnugra um fýlungann en mjer.

Þriðja breyt.till. þm. er það, að á eptir «máfar» bætist inn í «veiðibjöllur og skarfar». Jeg skal með tilliti til þessa geta þess, að veiðibjallan er það sama sem á vestur- og norðurlandi almennt er kallað svartbakur, og veldur því breytingartill. vanskilningi eða miskilningi, enda er hún óþörf, því svartbakurinn er af máfakyni, og nær því orðið «máfar» í frumvarpi mínu til hennar; og þótt nú ekki svo væri, væri hún samt ófriðhelg, því telja má hana til gripfugla, þar sem hún jetur lifandi æðarunga, þó ekki sje hún í náttúru- eða fuglafræðinni talinn meðal ránfugla. Jeg skal ennfremur bæta því við, að jeg er ekki mótfallinn viðbótinni um skarfinn, og ætla jeg svo ekki að tala fleira að sinni.

Sighvatur Árnason: Það var ekki svo að skilja, þó jeg kæmi fram með breytingartill. þessar, að jeg jeg ætlaði að gjöra kappsmál út úr þeim, sjerílagi af því að sinn er siður í landi hverju og sömu fuglarnir eru ekki ávallt nefndir sama nafni heldur sínu nafninu í hverju hjeraði landsins. En jeg held jeg kynni þó betur við að minnsta kosti eptir því, sem tilhagar hjer á suðurlandi, að breytingarnar haldi sjer. Yfir höfuð álít jeg, að það hafi ekki verið vel heppilega gjört af h. flutningsmanni (L. E. Svb.), að koma fram með frv. í þessa stefnu, því jeg álít að það eigi ekki við, að setja almenn lög um veiðar, svo sem fuglaveiðar, er nái yfir allt land. Þegar menn fara út í þá sálma rekur hvað sig á annað, af því svo ólíkt hagar til í hinum ymsu hjeruðum landsins. Jeg er ekki mikið fyrir lög um slíkt, sem snertir bjargræðisvegi manna. Jeg vildi heldur að þær reglur sem nauðsyn kynni að þykja að settar yrðu, væru gjörðar með samþykktum fyrir vissa landshluti. Jeg er því flutningsmanni ekki þakklátur fyrir þetta frv., þó jeg viðurkenni að það bætir heldur 1. gr. laga 17. marz 1882 og sje eigi óhafandi úr því á annað borð eru til lög um þetta efni. Jeg fer ekki lengra út í upptalninguna við 1. og 3. gr., en held því fast, að viðauki minn undir 2. tölulið um friðun lunda og fýlunga verði látinn halda sjer. Flutningsmaður (L. E. Svb.) fann það til, að friðunartakmarkið væri sett of snemma, þareð fugl þessi væri ekki kominn til landsins 1. marz; en mjer finnst það þá ekki gjöra svo mikið til, þó maður hafi vaðið fyrir neðar sig. Jeg ætla svo eigi að fara fleirum orðum um þessa breytingartillögu mína, því flutningsmaður hafði lítið á móti henni, fyr en jeg heyri hvort aðrir verða til að andmæla henni.

Árni Thorsteinsson: Þar sem h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) sagðist ekki vera flutningsm. þakklátur fyrir frv., finnst mjer það skylda mín, að mínu leyti að tjá honum þakkir fyrir það, um leið og jeg ætla mjer að gjöra fáar athugasemdir. Jeg skal þá fyrst leyfa mjer að óska, að þegar málið kemur til atkvæða, verði hver málsgrein borin upp fyrir sig. Eptir minni skoðun hefir nefnilega fyrsta málsgreinin ekki mikla þýðingu og álít jeg rjett að hún falli burt. Um aðra málsgreinina, þar sem ræðir um spóa og lóur, þá skal jeg lýsa yfir því, að jeg er í öllu verulegu samþykkur henni; þó vil jeg skjóta því til h. flutningsm., hvort ekki mundi heppilegra og forsjállegra að orða hana öðruvísi með tilliti til þess, að spóarnir munu tæplega vera komnir hingað til landsins um 20. apríl. Eptir minni ætlun og reynslu koma þeir jafnaðarlegast ekki fyr en í vikunni fyrir krossmessu. Jeg vil benda á þetta, þótt jeg ætli mjer ekki, að koma með neitt sjerstakt breyt.atkv. í þá átt. Viðvíkjandi hinum öðrum fuglum, sem frv. nefnir, hef jeg ekki margt að athuga;

einungis skal jeg geta þess, að þar sem seinast í greininni eru taldir bjargfuglar og máfar, þá ímynda jeg mjer að með máfunum sje hjer talið það sama sem sumstaðar kallast ritur eða skeglur, og sem þá ekki eru friðhelgar almennt, og held jeg að þetta sje ekki heppilegt. Það er víða talsverð ritutekja og þyrfti fugl þessi því að vera friðaður um varptíma. Ritan verpir í björgum og byrjar að safna í hreiður sín um Krossmessu og heldur því fram næsta hálfa mánuðinn fyrir Jónsmessu; þá flýgur hún upp í landið og það alllangt, til þess, að safna stráum eða grasi í hreiðrið. Hún gefur þá á sjer gott skotfæri og þyrfti hún því að vera friðuð á þessum tíma. Jeg vildi gjarnan óska, að hún í frumvarpinu væri sett inn á milli lunda og fýlunga. Jeg álít frv. yfir höfuð rjettarbót og kann flutningsmanni., eins og jeg upphaflega sagði, þakkir fyrir það. Jeg vona að hann taki þessar athugasemdir mínar til íhugunar, sem jeg hef komið með án þess jeg treysti mjer þó til að dæma fullkomlega og skýlaust um málið.

ATKVÆÐAGR.: Þar eptir var gengið til atkvæða um breytingartill. 93 frá Sighvati Árnasyni og var tölul. 1 felldur með 7 móti 3, tölul. 2. samþ. með 8 atkv., tölul. 3. orðin veiðibjöllur samþ. með 6 : 5 að viðhöfðu nafnakalli vegna óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu:

Já:

B. Kristjánsson,
E. Ásmundsson,
Jakob Guðmundsson,
Jón Pjetursson,
Sighv. Árnason,
Skúli Þorvarðarson;

en hinir allir *nei*.

Orðið *skarfur* í tölul. 3 var samþ. með 7 atkv. Síðan var frv. allt samþykkt með áorðnum breytingum: 1.—5. málsgrein hver um sig með 10 atkv., og 6. með 11 atkv. (í einu hlj.).

Málinu vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Frumvarp til laga um stofnun landsskóla á Íslandi (C. 147); 1. umr.

Flutningsmaður (*Benedikt Kristjánsson*): Jeg þarf ekki að mæla mikið fyrir frv. þessu, því það eru engin nýmæli hjer á þinginu. Frv. þetta er að öllu samhljóða því frv., sem var flutt hjer á þingi sumarið 1883, að því einu undanskildu, að hjer er ráðherra Islands falið að semja reglugjörð skólans. Jeg hefi rifjað upp fyrir mjer sögu málsins, en af því að jeg veit að hinum h. þm. er hún kunnug, álít jeg eigi þörf að skýra frá henni nú; það vita allir að þetta mál hefur frá því það hófst í öndverðu og þangað til nú, jafnan verið á dagskrá þingsins, eða að minnsta kosti á dagskrá þjóðarinnar. Þegar jeg les bæði ráðherrabrjef 28. febr. 1880, er mótmælir lagaskólafrv. alþingis 1879, og þá sömuleiðis ráðgjafabrjef það frá 31. marz 1884, sem á að skýra frá ástæðum fyrir synjun frv. þess, er kom frá síðasta þingi, þá get jeg ómögulega fundið fullgildar ástæður fyrir synjuninni, nema ef það skyldi vera það, að ráðgjafinn álítur það ofætlun fyrir landshöfðingja að semja reglugjörð fyrir skólann. Konungurinn, sbr. aulýsing kgs 8. júní 1863, hefur áður látið þá ósk í ljós, að honum þætti æskilegt, að lagaskóli kæmist hjer á undir eins og fje til að kosta skólann væri fyrir hendi, og jeg ætla að þetta væri þegar alþingi hafði ekki fjárforráð sín; á því tímabili sinnti kirkju- og kennslustjórnin talsvert málefninu, og engri ástæðu í móti skólanum var annari hreyft en fjeskortinum. Að vísu hefur stjórnin síðan komið fram með ýms andmæli í ráðherrabrjefum þeim, er jeg nefndi og talið ýmsa annmarka á lagaskólafrumvörpum þingsins; en þessi andmæli virðast að hefðu þá einnig átt að eiga við frv., sem samþykkt var um stofnun læknaskóla 11. febr. 1876; þessi lög hafa það eitt inni að halda, sem stendur í þessu frv.; álít jeg, að þær ástæður, sem stjórnin hefur komið með á móti frv, sjeu þess vegna ekki gildar nje þyrftu að tálma synjuninni, enda lít jeg svo á, að það, sem stjórnin telur vanta í frv., eigi í rauninni ekki heima í því, heldur ætti það að eiga heima í reglugjörð skólans. Að minnsta kosti ákveða t. d. læknaskólalögin ekkert um burtfararpróf af lærða skólanum, sem skilyrði fyrir inntöku í læknaskólann, heldur stendur það í reglugjörð skólans; sama má segja um flest atriði, sem stjórnin hefur fundið að frv. þingsins 1879 og 1883. Jeg finn ekki ástæðu til að tala nú um þörfina, sem á því er að stofna lagakennslu. Þar er svo opt búið að minnast á það, svo það er líklegt, að þótt jeg færi að skýra frá henni, mundi jeg þó eigi koma

með neina nýja þörf, sem ekki væri áður búið að nefna. Jeg vona að deildin líti svo á málið, að hún finni ástæðu til að lofa því að ganga til 2. umr. Nefnd í máli þessu álít jeg ekki nauðsynlega, en verið getur að einhverjir h. þingdm. kynnu að vilja koma fram með breytingaratkv.

Landshöfðingi: Þar sem h. flutningsm. tók það fram, að þetta mál, sem hjer liggur fyrir, hefði lengi verið á dagskrá þings og þjóðar, þá skal jeg geta þess, að þetta er ekki nákvæmlega rjett. Hjer er frv. til laga um *landsskóla*, en málið um landsskóla er ekki gamalt á dagskrá þingsins. Hin fyrri frv., sem fram hafa komið á þinginu, hafa verið um *laga*-skóla. Hjer er því um verulegan mismun að ræða. Eins og tekið er fram í ráðgjafabrjefi því, sem h. flutningsm. vitnar til, og sem dags. er 31. marz 1884, var ekki annað nýmæli í frv. þingsins 1883, en stofnun lagakennslu. Jeg skal viðvíkjandi málinu í heild sinni skírskota til brjefs þessa. Þar er framsett skoðun stjórnarinnar á málinu þá, og jeg skal bæta því við, að stjórnin hefur sömu skoðun á því enn. Það er svo langt frá því, að þær ástæður, sem tekið er fram í brjefi þessu, að væru til fyrirstöðu því, að frv. yrði samþykkt, sjeu nú burtu fallnar, að það er nú eptir ástandinu og útlitinu í landinu, að því er kostnaðinn snertir, nóg ástæða til að ráðast ekki í ný kostnaðarsöm fyrirtæki, sem, þótt æskileg kynnu að vera í sjálfu sjer, ekki eru óhjákvæmilega nauðsynleg, en sem hafa í för með sjer veruleg útgjöld. Jeg verð því að ætla, að nú sje eigi hentugur tími til að koma með frv. um dýrar og kostnaðarsamar stofnanir, án —jeg vona það sje ekki ofdjúpt tekið í árinni — brýnnar nauðsynjar. Jeg held að það sje eigi svo tilfinnanleg nauðsyn til nýrra laga um þetta mál, að það sje ástæða til að halda út í það, þegar eins stendur á í landinu og nú, og það því síður sem þetta ástand er svo ískyggilegt, að allar líkur eru til að tekjur landssjóðs rýrni að mun, og að á hann komi útgjöld, í tilefni af harðærinu, sem jafnvel í augum þeirra, sem þykir mikilsvert um lagakennslu, verða að álítast óhjákvæmilegri, en kostnaðurinn við lagakennslu. Jeg vildi helzt að mál þetta kæmist að vísu eigi lengra, en býst þó naumast við að deildin yfir höfuð sje á þeirri skoðun, að hætta við málið á þessu stigi. Það er ekki svo að skilja, að jeg sje mótfallinn því, að málið verði ýtarlega yfirvegað, að í það verði kosin nefnd eða því vísað til 2. umr. En jeg verð að álíta, að það sje æskilegt, að sú yfirvegun leiði til þess, að vísa málinu frá að þessu sinni.

Ásgeir Einarsson: Það munu víst fæstir búast við að jeg tali í þessu máli, því jeg er ekki nærri því að vera lögfróður. En jeg hef haft mikla kunnugleika á málinu því jeg hef heyrt um það talað allan þann tíma, sem liðinn er síðan á alþingi 1847. Áður hefur þingið ekki farið lengra en út í lagakennslu, en nú er um landsskóla að ræða, og fannst mjer þessi sameining, sem þannig ætti að verða, vera málinu til fyrirstöðu í augum hins háttv. ldsh., og svo þótti honum það aðalástæða í móti frv., að það mundi verða svo kostnaðarsamt, að fá þennan landsskóla. Jeg tók nú eptir því í prestakosningarmálinu, að deildin hliðraði mikið til við stjórnina og fór eins konar meðalveg milli vilja þjóðarinnar og vilja stjórnarinnar, til þess að ná samkomulagi. Nú dettur mjer í hug, hvort það mundi ekki geta skeð, að h. flutningsm. (B. Kr.) sæi sjer fært, eða fyndi eitthvert ráð til að fara nú einhvern miðlunarveg og hafa frv. eitthvað sviplíkt því og það var hjer einu sinni fyrrum, þegar Monrad biskup var ráðgjafi og stjórnin lofaði því að gefa lagaskóla þegar vissa væri fyrir því, að peningar væru til til þess; þá lofaði stjórnin að málið skyldi fá framgang. Nú benti h. ldsh. á, að ekki væru til peningar til kostnaðar landsskólahalds, en jeg get nú reyndar ekki vel skilið það, að það geti nú verið mótbára frá stjórninni, úr því að fjárhagsskilnaðurinn er kominn. Mjer dettur nú í hug, hvort flutningsm. eigi geti sjeð sjer fært að slaka eittvað til, svo málið þar við gæti komizt á einhvern rekspöl. Jeg hef allt af verið hlynntur þessari lagakennslu, og því fremur, sem jeg hef heyrt marga skynberandi menn segja, að það væri mjög nauðsynlegt, að lagakennslan yrði innlend, og þetta verður því nauðsynlegra, sem íslenzkum lögum fjölgar sífellt í landinu. Það hefur líka verið kvartað yfir því, að það væri mjög erfitt fyrir kennarana við háskólann í Kaupmannahöfn að kenna hin íslenzku lög, af því þá skorti nægja þekkingu á þeim. Jeg skal svo loks geta þess, að þessi orð mín eru einungis bending, sem jeg vildi gefa, en ekki sprottin af því, að

jeg þykist hafa næga þekkingu á málinu.

Flutningsmaður (Benidikt Kristjánsson): Mjer er ekki ljóst, hvaða miðlunarveg h. þm. Strand. (Á. E.) hefur hugsað sjer í þessu máli. Þess vegna get jeg heldur ekki sagt neitt ákvarðað í þessu efni. Mjer skildist svo sem þessi sami þm. hefði þá skoðun, að landsskóli yrði ollandi meiri kostnaðar, en ef hann hjeti blátt áfram lagaskóli. En þessu víkur í raun og veru allt öðruvísi við. Prestaskólinn, sem deild af landsskólanum, verður hinn sami sem nú, eptir þessu frv.: sömu kennslugreinir, sömu kennendur, sami kostnaður. Læknaskólinn verður og hinn sami, sem nú: sömu kennslugreinir, sömu kennarar, sami kostnaður. Lagaskólinn, sem skóli út af fyrir sig, hefur heldur ekki minni kostnað í för með sjer, en lagaskóli sem deild í landskólanum. Þar þarf sömu tölu kennara, sömu kennslugreinir, sama kostnað, hvort sem skólinn verður út af fyrir sig, eins og presta- og læknaskólinn eru nú, eða hann verður ein af þremur deildum landskólans. Það er því svo langt frá, að breyting sú, sem þm. talar um að orðið hafi á þessu máli á síðustu árum, baki landsjóði nokkurn kostnað. Þvert á móti sparar þessi tilhögun landssjóði nokkuð fje, þ. e. að því leyti, sem lögnemar á landskólanum geta notið sömu kennslu hjá sama kennara í forspjallsvísindum: hugsunarfræði og sálarfræði, sem prestaskólinn nú veitir einn, en læknaefni einnig nú verða aðnjótandi og ætlast er til að lögnemar einnig fái aðgang að. Þetta samband skólanna hefur því alls engin fjárútlát í för með sjer, heldur eru þessar þrjár kennslustofnanir í andlegu vísindalegu sambandi sín á milli. Það er hið vísindalega líf, sem sameinar þær. Nafnið gjörir það eitt til, að það er til fjesparnaðar og til bóta í andlegu eða vísindalegu tilliti. Það var einu sinni tekið sem ástæða til að synja máli þessu staðfestingar, að þingið hefði horfið frá því fyrirkomulagi, er það áður hafði tekið, að nota yfirdómarana fyrir kennara við lagaskólann, og spurningin um þetta sama hefur valdið því einu sinni eða tvisvar, að málið var ekki útrætt á þingi. Það er auðvitað, að þetta fyrirkomulag mundi spara landssjóði nokkurt fje; en á hinn bóginn verður ekki á móti því borið, að það er töluvert ópægilegt fyrir yfirdómarana, að vera kennarar við slíkan skóla, sem gjörði þá háða hinu umboðslega valdi; það er ekki samboðið þeirri helgi og því sjálfstæði, sem dómurunum er ætluð í stjórnarskránni, sem er, að þeir skuli óháðir hinu umboðslega valdi. Það hefur verið tekið fram, að þetta mál væri nú borið upp á óhentugum tíma, þar sem fremur væri þörf á fjársparnaði. Jeg verð þó að segja, að þó óneitanlega sje hart í ári og nóg við fje landsjóðs að gjöra, þá er hagur landsjóðs þó ekki svo bágborinn, að hann þurfi að aptra því, að þetta mál komist fram, svo framarlega sem það álízt að vera nauðsynjamál. Að nauðsyn þessa skóla eða lagakennslu hafi farið minnkandi, eins og sumir hafa látið sjer um munn fara, get jeg með engu móti fallizt á. Þvert á móti fer hún að mínu áliti vaxandi ár frá ári. Það er nú orðið nokkuð langt síðan kennendur við háskólann í Kaupmannahöfn álitu það ekki sitt meðfæri, að kenna íslenzk lög. Þetta hlýtur nú að hafa orðið örðugra síðan, við það, að íslenzkum lögum hefur stórum fjölgað síðan Ísland fjekk sjerstakt löggjafarþing, og löggjöfin síðan hefur orðið meira innlend en áður. Það er þá það fyrsta, sem verður að hugsa fyrir, að fá þá kennara, er þekkja íslenzk lög, íslenzka löggjöf; þetta er aðalatriðið. Þá hefur því verið barið við, að kennslukrapta vantaði, þeir væru engir til hjer á landi, er færir væru um að kenna lögspeki á þessum skóla. Þessu víkur þó nokkuð undarlega við, þegar það er látið í veðri vaka á öðru leytinu, að þeir, sem læra á hinum æðri menntastofnunum hjer, prestaskólanum og læknaskólanum, ekki komizt til jafns við háskólamenn að lærdómi, eins verði og um þá er nema lög á lagaskóla hjer, af því þeir hjer sjeu svo afskekktir frá framfarastraumi hins menntaða heims. Afskekktir eru þeir, það er víst, en um mismun í þekkingu þeirra og háskólamanna ætla jeg mjer ekki að fara að dæma í þetta sinn, en jeg vil spyrja, hverrsvegna er þá þeim, sem lært hafa lög erlendis, ofætlun að kenna lög hjer, þar sem þeir þegar, er þeir byrja kennsluna, vita miklu meira en hinir þurfa að kunna þegar þeir fara frá skólanum? Þess utan læra þeir þó eins og aðrir um leið og þeir kenna. Nei, það hlýtur að vera einhver hulin ástæða, einhver ástæða, sem enn hefur ekki komið í ljós, sem veldur því, að stjórninni ekki hefur verið geðfellt að útvega staðfestingu konungs á lagafrv. um þetta mál.

Og það getur líka verið, að það sje hin sama ástæðan frá þjóðarinnar hálfu, sem komið hefur henni til að óska eptir lagaskóla. Ef til vill er þessi hulda ástæða ein og hin sama hjá þjóð og stjórn. Jeg veit að margir hinir beztu menn út um land álíta lagaskóla vera skilyrði fyrir því, að landið næði fastri og sjálfstæðri stefnu í lagaskipun og rjettarfari.

Jakob Guðmundsson: Það er einmitt þetta síðasta atriði, sem flutningsmaður benti á, sem jeg sjálfur hefi heyrt marga greinda menn, skynsama bændur, leggja áherzluna á, þegar um lagakennsluna er að ræða; þeir hafa álitið þjóðerni Íslendinga meira bundið við þjóðernislega lagakennslu, en aðrar vísindagreinir. Þeir þykjast í þjóðernislegu tilliti sjá minni skaða, þó prestaefni og læknaefni hefðu lært í útlendum skóla, hjá útlendri þjóð, en að lögfræðingar gjöri það; og víst er það, að álíta má lögin að vera ytri búning þjóðlífsins. Menn hafa fyrir löngum tíma síðan þótzt sjá, að það vekti fyrir hinni dönsku stjórn, að Íslendingar yrðu ekki eins samrýndir Dönum, ef þeir hættu að leita til háskólans. En menn verða að gæta þess, að nú eru allt aðrir tímar, en þá. Þó sá tími hafi einu sinni verið, að menn vildu flytja alla Íslendinga suður á Jótlandsheiðar, þá mundi engum detta slíkt í hug nú. Nú er allt orðið breytt. Jeg verð að ætla að stjórnin vilji nú sannarlega efla hið íslenzka þjóðerni út affyrir sig, af því hún sjái, að það sje bezt og hollast að efla hvert einstakt þjóðerni sem bezt, svo það verði sem sjálfstæðast, því þar við eflist líka heildin sem bezt.

Lárus E. Sveinbjörnsson: Hinum h. þm. Strand. (Á. E.) þótti það helzt móti þessu máli, að nú væri farið fram á landsskóla í stað lagaskóla. Það sem hann sagði um þetta, get jeg að miklu leyti verið honum samdóma um, og einmitt með fram af þeirri ástæðu, er hann tók fram, að með þessu fyrirkomulagi yrði skólinn langt um kostnaðarsamari. Þó flutningsmaður (B. K.) vildi ekki gjöra mikið úr kostnaðinum við þessa stofnun, og skoðaði sambandið að eins sem andlegt, þá held jeg þó að hann verði að gjöra svo vel að láta það vera líkamlegt líka. Landsskóli hlýtur að hafa mikinn kostnað í för með sjer; auk annars þarf að byggja handa honum sjerstakt hús. Á hinn bóginn álít jeg, að lagakennsla í lagaskóla sje, ef ekki nauðsynleg nú sem stendur, þá þó æskileg, enda virðist þetta að vera almenn skoðun hjer á landi, og hún er þó þess verð, að tekið sje mikið tillit til hennar. En málið er vandasamt og þarf vandlegrar íhugunar. Jeg vil því leyfa mjer að stinga upp á því, að þriggja manna nefnd verði skipuð í málinu og 1. umr. frestað.

Forseti bar það undir atkvæði, hvort nefnd skyldi setja; var það samþykkt, og kosnir: Benidikt Kristjánsson með 7 atkv., Lárus E. Sveinbjörnsson með 7 atkv. og Einar Ásmundsson með 5 atkv. Var 1. umr. síðan frestað.

Frumvarp til laga um stækkun verzlunarstaðarins á Seyðisfjarðaröldu (C. 120); 1. umr.

Málinu umræðulaust vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Frv. til laga, er banna niðurskurð hákarls í sjó milli Straumness og Skagatár á tímabilinu frá 15. október til 15. apríl (C. 157); 1. umr.

Flutningsmaður (Asgeir Einarsson): Mál þetta var rætt svo mikið á síðasta þingi, að það hlýtur að vera mönnum fullkunnugt orðið. Jeg þarf því ekki að tala margt um það, sízt strax, meðan jeg ekki hefi heyrt nein mótmæli. Eins og menn víst muna, var málið lagað nokkuð í Nd. með breyt.till., og hefi jeg samið þetta frumvarp með hliðsjón þessara breytinga. Að málið fjell í Nd. var fyrir óhöpp, sem jeg vona að ekki komi fyrir nú, ef það fær að komast þangað aptur. Mál þetta hefur lengi verið áhugamál Strandamanna. Jeg get í þessu efni vitnað til h. 2. kgk. þm. (J. P.); hann man eins vel og jeg, hvílíkur að var áhugi manna á því í hans sýslumannstíð í Strandasýslu. Hann aðstoðaði einmitt sjálfur menn til að koma á prívat-samþykktum í þessu niðurskurðarmáli. — Síðan lög um fiskiveiðar á opnum bátum komu út, hefur ekki verið hægt að koma á fundum í hjeraði, er hefðu fullkomið gildi í þessu efni. Það hefur því ekki verið hægt að koma á samþykktum um niðurskurð á þessu svæði, enda nær Ísafjarðarsýsla inn í flóatakmarkið, og er því, sem sagt, ekki hægt fyrir Strandamenn eina að halda fundi til samþykkta, er hefðu fullt gildi innan þessara takmarka. Strandamenn hafa því ráðið af, að láta málið ganga þennan veg. Að undanteknum

h. 2. kgk. þm. (J. P.) er enginn hjer kunnugri þessu máli. Við getum báðir borið um, hvílíkt áhugamál það er Strandamönnum. Það er álíka með þetta mál og fiskiveiðasamþykktirnar hjer í flóanum. Fiskileysið hjer í vetur og vor hafa menn kennt því, og sjálfsagt með rjettu, að takmarkið var ekki komið. Skal jeg svo ekki tala meira um málið að sinni, en vona að enginn mæli á móti, að það fái fram að ganga. Ef menn álíta frv. ekki sem bezt í öllu tilliti, vona jeg að megi laga það, en málið sjálft er lífsspursmál fyrir Strandamenn.

Árni Thorsteinson: Þegar frv. líkt þessu var til umræðu í þessari þingd. á síðasta þingi, minnir mig ekki betur, en að jeg fengi ofanígjöf hjá h. flutningsm. (Á. E.) fyrir það, að jeg ekki talaði neitt um það við 1. umr. Jeg ætla því nú að gjöra honum það til vilja, að gjöra nokkrar almennar athugasendir við málið. Í frv., er kom um þetta efni 1883, var farið fram á að stofna eins konar ríki út af fyrir sig, er væri vel út búið í alla staði í hákarlalegu tilliti. **Takmörk** þessa hákarlaríkis voru þá Straumnes og Langanes; en nú eru þau talsvert þrengri, þar sem ríkið á að ná að eins milli Straumness og Skagatár. Það alvarlegasta í þessu máli er þó það, hvort það í raun og veru er löggjafarmál eða samþykktarmál. H. flutningsm. sagði, að erfitt væri að koma á samþykktum í hjeraði í þessu máli. Það gefur að skilja, að svo sje, þar sem meiri hluti þeirra, er ætti að gjöra þessa samþykkt, ekki eru alveg eins mikið við mál þetta riðnir og hinir færri, sem stunda hákarlaveiðarnar. Það getur því ekki verið þeim eins mikið áhugamál eins og hinum, er mál þetta beinlínis snertir. Það er því óheppilegt og ef til vill ekki rjett, að slík atriði, sem þessi, skuli vera samþykktarmál. Þegar menn heima í hjeruðum geta ekki orðið á eitt sáttir eða komið sjer saman í þessu máli; þegar í hjeraði er erfitt að fá $^2/_3$ hluta atkvæða til að gjöra samþykktina um málið, þá má geta nærri, hve varlega það er gjörandi og viðurhlutamikið fyrir þingið að gefa út lög um þetta efni; það er þó talsvert hægra fyrir menn í sjálfu hjeraðinu að kynna sjer málið og fá einhverja fasta skoðun um það, en fyrir oss hjer á þingi. Þess ber og að gæta, og á það legg jeg mesta áherzluna, að samþykktum þeim, sem gjörðar eru eptir lögum 14. des. 1877, má breyta með sömu aðferð og samþykktin var gerð, þegar er menn sjá að eitthvað er fremur skaðlegt en gagnlegt í samþykktunum. Þetta er ekki eins hægt, ef sjerstök lög eru um sama efni. Það getur orðið dráttur á því, að þeim lögum verði aptur breytt til batnaðar eða þá af numin, þó þau þyki óhafandi. Ef eitthvað er hæpið, eitthvað, sem hætt er við, að maður flaski á, þá er það betra að hjeraðsmenn sjálfir gjöri það, en að þingið villist á því. Þeir geta ekki ætlast til að vjer látum leiða oss í ófæran sjó, og tökum oss þá ábyrgð á hendur, er þeir sjálfir færast undan. H. flutningsm. (Á. E.) vill nú, að hákarlaríki þetta nái frá Straumnesi til Skagatár, en á síðasta þingi vildi hann hafa ríkið talsvert stærra: frá Straumnesi að Langanesi. Þetta sýnir, að málið er vart á föstum rökum byggt. Eitthvað er líka undarlegt með hegningarákvarðanir frv.; það, sem varðar hegningu á svæðinu milli Skagatár og Straumness, það varðar engri hegningu fyrir utan þessi takmörk. Þeir, sem skera niður hákarl á þessu svæði, og lenda svo innan þessara takmarka, sæta sektum, en þó þeir skeri niður á umræddu svæði, ef þeir að eins lenda fyrir fyrir austan eða vestan takmörkin, sleppa við allar sektir. En þó ýmislegt megi finna að frumv., þá getur það sjálfsagt tekið bótum í meðferðinni, og því vil jeg ekki vera á móti því, að það fái fyrst og fremst að ganga til 2. umr., en jeg bind þetta loforð mitt þó þeim skilyrðum, að flutningsm. takmarki hákarlsríkið að vestan við Geirólfsgnúp á Ströndum. H. flutningsm. hefur víst heldur ekki haft neitt umboð frá Ísfirðingum til að flytja vesturtakmörk ríkisins inn fyrir þeirra landamæri. Þeir geta, ef þeim sýnist, takmarkað niðurskurð hjá sjer eptir lögunum 14. des. 1877, og þurfa ekki þm. Strand. til að flytja það mál. Vilji þm. hafa sitt mál fram, ræð jeg honum að breyta takmörkunum.

Loksins ætla jeg að leyfa mjer að gjöra eina eða tvær athugas. við frumv. Það er yfir höfuð vel frá frumv. gengið, og auðsjeð, að þingvanar hendur hafa um það fjallað; þó eru á því dálitlir sýnilegir smágallar. Það er þá fyrst, að í fyrirsögn frumv. stendur: «15. október til 15. apríl», en í 1. gr. frv. «1. nóvember til 14. apríl». Á báðum stöðunum á þó víst að vera sama takmark, eða sama tímabilið, en hvort tímabilið flutningsm. hafi hugsað sjer sem hið rjetta, veit jeg ekki. Annarihvorri tölunni verður

að breyta, og það getur hann sjálfur gjört. Þá vil jeg minna h. flutningsm. á að tiltaka nákvæmlega hvað langt hákarlsríkið skuli ná: það verður að ákveða, hvort það skuli ná að línu, sem dregin er yfir Geirólfsgnúp að Skagatá eða frá Straumnesi á Skagatá. Ef nú dregin er bein lína frá Straumnesi á Skagatá, þá nær sú lína yfir Geirólfsgnúp. Þetta gjörir aptur, að Geirólfsgnúpur því fremur getur verið vesturtakmarkið, eins og jeg vildi áðan. Þetta, sem jeg nú hefi tekið fram, vona jeg að h. flutningsm. (Á. E.) taki ekki sem óþarfa aðfinningar, heldur sem leiðbeiningar, sprottnar af velvilja við sjálfan hann og umhyggju fyrir velfarnan ríkis hans.

Flutningsmaður (Ásgeir Einarsson): Jeg held mig vanti bæði mælsku og minni til að svara öllum athugasemdum h. varaforseta (Á. Th.). Hann byrjaði fyrst á að tala um, að óráðlegt væri fyrir þingið að ráða máli þessu til lykta, þar sem það væri komið frá einstöku hjeraði og snerti að eins mjög lítinn hluta landsins, og bar það meðal annars fyrir, að þingmenn, sem væru sinn úr hverjum landsfjórðungi, gætu ekki verið þessu nægilega kunnugir. Þetta þykir mjer undarleg mótbára. Þingmaðurinn veit þó, að margopt koma á þing mál, er að eins snerta einstaka hluta landsins. Hvernig var ekki um lundann áðan? Það verður þó að trúa mönnum til að þeir skýri rjett og samvizkusamlega frá þessum málum, er þeir flytja. Það væri nógu laglegt þing, þar sem umræður manna ekki gengi út á annað, en tortryggja hvor annan. Jeg veit ekki betur en jeg sje búinn að skýra frá, hvers vegna samþykktum ekki hafi orðið komið á í hjeraði. Jeg játa að jeg hefði helzt óskað að línan yrði miðuð við Geirólfsgnúp, en jeg tók það fram á þinginu 1883, að það hefði enga þýðingu að miða við Geirólfsgnúp. Mótstöðunennirnir eru á öðru svæði. Að öðru leyti skal jeg geta þess, að jeg reyndi að fá mótmælendur á fund, en gat ekki fengið menn til að sækja hann, enda er það ekkert spaug, eins og h. 2. kgk. þm. (J. P.) veit. Það er ekkert spaug og enda ekki á sumrum að sækja slíkan fund t. d. úr Trjekyllisvík. H. varaforseti sagði enn fremur, að jeg mundi ekki hafa neitt umboð frá Ísfirðingum að flytja þetta mál, að því er þá snerti. Það er satt; umboð hef jeg ekkert frá þeim, en þess gjörist heldur ekki þörf. Þeir skipta sjer alls ekkert af veiðunum þegar að Straumnesi er komið. Þeir fara ekki með lifur inn í Strandaflóa. Þar sem varaforseti talaði um ósamhljóðan í tímabilinu, sem nefnt er í fyrirsögninni og 1. gr. frv., þá er það auðsjen ritvilla. Tímabilið á að vera eitt og hið sama í fyrirsögninni og 1. gr. frv. Jeg gef svo ekki meira um málið að sinni. Öllum bendingum og leiðrjettingum á þessu frv. mun vel og þakksamlega taka, ef jeg sje að þær eru á rökum byggðar og framsettar með alvöru. Að endingu skal jeg óska þess, að menn hugsi alvarlega um þetta mál áður en menn fella það, því það má trúa mjer til þess, að það er Strandamönnum mesta áhugamál, já lífsspursmál, engu síður en fiskiveiðasamþykktin hjer við Faxaflóa er þeim lífsspursmál, er við þann flóa búa.

Sighvatur Árnason: Jeg játa fúslega, að jeg hefi heyrt það almennt viðurkennt, að niðurskurður á hákarli væri skaðlegur fyrir hákarlaveiðarnar. Engu að síður finnst mjer það ekki eiga við fyrir þingið, að semja svona sjerstakleg lög, og sjerílagi er það varhugavert þá, þegar hjeraðsbúar sjálfir ekki geta komið sjer saman um málið; því er naumast ætlandi til að þingið geti ráðið því til lykta eða hætt sjer út í málið. Yfir höfuð er svo um alla atvinnuvegi, að það er varhugavert fyrir þingið að takmarka þá svona sjerstaklega. Jeg vildi þá helzt að mál þetta heyrði undir fiskiveiðasamþykktir. En til þess að menn fái kost á, að íhuga þetta mál betur, vil jeg með atkvæði mínu stuðla að því, að málið komizt til 2. umr.

— Málinu vísað til 2. umr. með 8 atkv.

Fjórtándi fundur, föstudaginn 17. júlí, kl. 1 e. m. Allir á fundi.

Forseti gat þess, að hann eptir samráði við forseta neðri deildar hefði tekið kandídatana Þorleif Jónsson og Jón Sveinsson til innanþingsskrifara í deildinni, til að hvíla hina 2 skrifara, er upphaflega voru teknir, cand. theol. Jóhann Þorsteinsson og cand. theol. Morten Hansen. Enn fremur skýrði hann frá, að í nefndinni um landsskóla væri Benidikt Kristjánsson kosinn formaður og L. E. Sveinbjörnsson skrifari.

Frumvarp til laga um stofnun borgaralegs hjónabands, og uppfræðslu barna í trúarefnum, þegar eigi hvorttveggja foreldra hafa þjóðkirkjutrú (C. 52); framhald 2. umr.

Benidikt Kristjánsson: Í málefni þessu var frestað 2. umr., af því að breyt.-till. komu fram í því, og hin heiðraða deild áleit nauðsynlegt, að athuga breytingarnar, áður en gengið væri til atkvæða. Jeg skal þess vegna leyfa mjer að fara nokkrum orðum um breytingar þessar (C. 159), og ætla jeg þá fyrst að snúa mjer að fyrirsögn frv. Hinir h. breytingarmenn hafa viljað taka af skarið og sýna þegar með breyt.till. þessari þær breytingar, sem þeir fara fram á. Að vísu hef jeg ekkert út á þær að setja, en orðatiltækið seinast í fyrirsögninni: «þegar eins er um foreldra þeirra», virðist mjer óviðkunnanlegt; en jeg álít eigi vert að fást um það. Þar næst sný jeg mjer að breytingunni við 1. gr., og er um hana ekkert verulegt að segja, annað en það, að hún á að koma frv. stjórnarinnar í samt lag aptur, og þótt nefndin hafi «sniðið af því höfuðið», að koma höfðinu á aptur. Hin 3. breyting, sem stungið er upp á, er: að orðin: «ef þau í nokkru eru», það er að skilja í trúarfjelagi, falli burt. Ef þessi orð eru tekin burt, skal jeg geta þess, að sú breyting getur gefið tilefni til misskilnings þess, að, ef maður er í engu kirkjufjelagi, þá hefði maður eigi rjett til að ganga í borgaralegt hjónaband. 4. breytingin við 3. gr. er fólgin í því, að í staðinn fyrir orðin: «prestakalli því», komi: «sókn þeirri». Í sumum prestaköllum getur þessi breyting haft nokkra þýðingu, að nefndin setti «prestakall» í staðinn fyrir «sókn», af því, að til eru þau prestaköll og þær kirkjusóknir hjer á landi, sem mjög er erfitt fyrir prest og söfnuð að sækja til kirkjufunda, auk þess sem enn eru nokkrar þær kirkjur, sem sjaldan ber að messa á; er þar því mjög sjaldan guðsþjónusta, einkum á vetrum; og að binda birtingu hjónabandsins við sókn brúðarinnar, eins og stjórnarfrv., gat haft mikinn drátt í för með sjer. Við þessa grein er og gjörð sú breyting: «sjeu hjónaefnin eigi», í stað: «ef hjónin eigi eru», og er það, ef til vill, prentvilla. (*Hallgrímur Sveinsson:* Nei). Jeg vek að eins athygli á því. Þar sem stendur «hjón» í staðinn fyrir «hjónaefni», þá er það synd hins daglega máls, nefndarinnar og stjórnarfrv. Í daglegu máli er sagt: «að gefa saman hjón», sem í þeim talshætti er sama sem hjónaefni. 5. breyt.till. breytir 8 daga fresti í viku, og álít jeg það ekkert gjöra til, ef það er íslenzkulegra. Aptur á móti álít jeg slæma breytingu, að setja «prestsþjónustubók» í stað «gjörðabókar», eins og prestar hjeldu bók um það, hvenær þeir þjónustuðu sjúka og ellihruma; en úr því að þessi breyting var gjörð, hefði einnig átt að gæta þess í 8. gr.; en nefndin gekk út frá því, að bæjarfógetar og sýslumenn hefðu bækur, sem þá væru nefndar gjörðabækur; en af því, að þessi breyting var eigi gjörð í 8. gr., þar sem talað er eigi einungis um bók fógeta og sýslumanns, heldur og þjóðkirkjupresta, verður eigi annað álitið, en breyt.till. sje ónákvæm í þessari grein og ekki í samhljóðun. — Þá kem jeg til 6. breytingartillög. við 7. gr., og er hún fólgin í því, að aptan við er bætt orðunum: og viðurkenndur er að landslögum. Þessi breyting finnst mjer eigi viðfelldin, og hefði mjer þótt viðfelldnara að segja: viðurkenndur af *stjórn* landsins eða eins og lög ákveða. Við 7. gr. kemur 7. viðaukatillagan: «senda skal sóknarpresti brúðarinnar skýrslu um vígsluna» í stað: «segja skal sóknarpresti búðarinnar frá vígslunni», og álít jeg þessa breytingu til bóta þá litið er til þessa tíma, þótt orðið: að segja, sje samkvæmt Jónsbókarmáli. — Næst er 10. breytingartillagan við 10. gr. og getur hún álitist heppilegri og einkum af því, að greinileg lestrarmerki hafa vantað. Jeg læt hjer nú staðar numið með að tala um breytingarnar, en get þess að eins, að bæði jeg og samnefndarmenn mínir geta fallizt á þær sumar hverjar. Áður en jeg sezt niður, skal jeg drepa á orð landshöfðingja við 2. umræðu máls þessa, þar sem hann sagði, að tilgangur stjórnarinnar með frumv. hefði verið sá, að fullnægja 27. gr. stjórnarskrárinnar: «Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum rjettindum fyrir sakir trúarbragða sinna etc.». Þegar jeg legg áherzlu á þessi ummæli stjórnarskrárinnar, er það álit mitt, að eigi sje hjer að eins að ræða um menn, sem væru utan kirkju, og eigi er það tilgangur frumv. að fullnægja 47. gr. stjórnarskrárinnar, og eigi er það heldur til þess að bæta úr neyðarástandi Reyðfirðinga, því að þá greinir eigi á við þjóð-*trúna*, heldur er aðgreining þeirra að eins fólgin í annarlegum siðum. Það geta verið þeir menn til, sem hafa þá tilfinningu,

og jeg bæti við þá trúarskoðun og vilja, að þeim þyki eigi við eiga, að innganga kirkjulegt hjónaband, og þegar þvílíkt á sjer stað, hygg jeg eigi rjett, að slíkir menn skuli sviptast rjettindum fyrir þessa sök og að krófum þessum væri í alls engu sinnt; jeg get heldur eigi ímyndað mjer, að stjórnin hafi ætlað að safna glóðum elds yfir höfuð Reyðfirðingum, er hafa skilið við þjóðkirkjuna. Við 1. umræðu þessa máls var vitnað til eins guðsfræðings og ýmsra þingmanna, sem töluðu um þetta mál fyrir 8 árum, en skoðanir þeirra manna geta eigi ráðið tillögum þingmanna nú, ef þeir hafa rjetta skoðun á stöðu sinni sem þingmönnum, eða bundið sannfæringu þeirra, og að koma með slíkt, er líkt og að berjast með eldskörungum. Það hefur verið tekið fram, að stjórnin mundi eigi geta fallizt á nefndarálitið, og að slík lög ættu sjer eigi stað í Danmörku; en því skyldi maður vantreysta stjórninni eða því að slík lög gæti komizt á hjer á landi, þar sem Ísland hefur sjerstaka löggjöf og hefur æskt þessa? Þegar stjórnin sampykkti rjett Reyðfirðinga, mátti vita, að þá gæti hún eigi synjað einstökum mönnum um sama rjett er þeir standa nær eptir stjórnarskránni. Það er varla hugsandi, að ætla henni þá ósamkvæmni, að synja þeim, sem standa nær, þess rjettar, er hún veitir þeim, er standa fjær. Það er heldur ekki köllun þingmanna, að glápa stöðugt á stjórnina, sem er fjarlæg og því verður ekki sjeð hvernig lítur út, heldur er það skylda þeirra að horfa nær og líta að eins á það sem þeim sanngjarnast finnst, rjettast og happasælast. Að einblína á stjórnina finnst mjer sama sem að horfa á sól í heiði; afleiðing hvorttvegga er sjóndepra, þó sín sje með hvoru móti og álít jeg eigi rjett að ætla sjer að finna þar alla reglu fyrir hugsunum sínum, orðum og gjörðum.

Sighvatur Árnason: Jeg hef eigi ásett mjer að tala mikið í þessu máli, en af því að málið hefur verið illa leikið af hinum 6. kgk. þm., (H. Sv.), þá verð jeg að leyfa mjer að fara nokkrum orðum um það. Það hefur verið sagt, að nefndin hafi kastað stjórnarfrumv., en komið með alveg nýtt í staðinn; en slíkt er misskilningur, ef eigi rangfærsla, því að í nefndarálitinu er að eins rýmkað um rjett þann, sem fólginn er í stjórnarfrumv.; stjórnarfrumv. veitir svo lítil rjettindi, eptir því sem nú á stendur, að það virðist vera fyrir Mormóna eina; en hinir 3 h. deildarmenn hafa breytt þessu með breyt.till. 2. tl. við 1. gr. með orðunum «utan þjóðkirkju». Nú eru það að eins Reyðfirðingar, sem hafa brotizt úr þjóðkirkjunni, sem koma þá til sögunnar að geta fært sjer þetta til nota, og eptir því sem nú stendur, á frumv. með breytingartillögunni að eins við þessa tvo hópa, Mormóna og Reyðfirðinga, (*L. E. Sveinbjörnsen:* og kapólska); verið getur að vísu, að fleiri bætist við með tímanum, en þeir eru ekki enn til staðar. Það hefur verið sagt, að borgaralegt hjónaband mundi deyfa trúarlífið; eptir því sem á stendur nú hjer á landi, er eigi hægt að segja annað, en það sje verulega dauft, en þótt svo sje, er það víst, að hingað til hefur eigi borgaralegt hjónaband verið orsök til deyfðar trúarlífsins, heldur aðrar ástæður. Jeg gjöri alls eigi lítið úr kirkjulegri vígslu, ef hjónin hafa kristilegt hugarfar við þá athöfn, en met hana vettugi, ef það er eigi, því að þá álít jeg, að hjónin komi þar að eins til að «hæða herra sinn, með hegðun líkamans tóma». Þeir menn gætu verið til, þótt í þjóðkirkjunni sje, og innlifaðir henni, sem álitu borgaralegan sáttmála mikilvægan og vildu því heldur halla sjer að borgaralegu hjónabandi, en kirkjulegri vígslu, sökum hinnar fjárhagslegu hliðar, sem þeim þá um leið þætti betur tryggð með því móti, og álít jeg því rjett, að þeim mönnum væri heimilt að hallast að borgaralegu hjónabandi, og get því eigi álitið þann viðauka við frumv. neitt hættulegan.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg skal leyfa mjer að minnast á þær breytingar, sem jeg og 2 samdeildarmenn mínir höfum komið fram með (C. 159). Er þá fyrst að minnast á fyrirsögn frumvarpsins eða 1. breytinguna við hana. Fyrirsögnin fyrir frumvarpi stjórnarinnar er orðuð þannig, að það *má* skilja hana svo, að borgaralegt hjónaband sje eigi bundið við það, að annað eða bæði hjónaefnanna sjeu utanþjóðkirkjutrúar; en það *þarf* eigi að lesa frumv. lengi, til að sjá, að það er þó eigi meiningin, heldur er eptir stjórnarfrumv. borgaralegt hjónaband beinlínis bundið við það, að hvorugt hjónaefnanna eða eigi nema annað þeirra hafi þjóðkirkjutrú, eins og sjá má á 1. gr. frv. En til þess að fyrirsögnin svaraði skýlaust til efnis frumv., höfum vjer komið með þessa breytingu á henni; og það því fremur, sem fyrirsögnin á stjórnarfrv. sjálfsagt af vangá

miðar við það, að hafa eigi þjóðkirkju-*trú*, í stað þess, sem hlýtur að vera tilætlunin, að vera *utan* þjóðkirkju, t. d. eins og Reyðfirðingar. Þetta vildum vjer einnig laga.

Framsögumaður minnist á 47. gr. stjórnarskrárinnar. Af henni vildi hann leiða, að stjórnarfrumv. gæfi engan nýjan rjett; en satt að segja skildi jeg eigi útskýring hans. Hann sagði, að stjórnarfrv. veitti eigi Reyðfirðingum rjett til að nota borgaralegt hjónaband, með því að þeir hefðu þjóðkirkjutrú, þótt eigi væru þeir í þjóðkirkjunni. En eptir breytingartillögunum er það eigi vafasamt, að Reyðfirðingar hafa rjett til að nota borgaralegt hjónaband. Framsögumaður sagði, að það væri vert að gefa gaum að því, ef einhver, þótt í þjóðkirkjunni væri, vildi eigi aðhyllast kirkjulega vígslu, hvort sem þetta svo ætti rót sína að rekja til einhverrar einnar eða fleiri af greinum vitundar vorrar: tilfinningarinnar, viljans eða skynseminnar, og þess vegna ætti að rýmka rjett manna til borgaralegs hjónabands. En jeg verð að segja það, að það er ofætlun fyrir þessa h. deild og þingið allt, að ætla sjer að gefa lög, sem hvergi komi nærri tilfinning nokkurs þeirra manna, sem hlýða eiga, eða vilja þeirra. Og fari nefndin annars að rýmka til af þessum rökum, hefir hún vissulega farið of skammt. Margir kunna t. d. að ætla, að skírnin sje eigi svo mikilsverð sem kirkjan metur hana, eða að hún sje enginn sáluhjálparvegur. Úr því nú nefndin hefur viljað vera svo tilhliðrunarsöm við þá, sem geta eigi aðhyllzt kirkjulega vígslu, þótt þeir sjeu í þjóðkirkjunni, þá er — liggur mjer við að segja — undarlegt, að nefndin skyldi eigi einnig vilja gefa mönnum rjett til að afnema skírnina. Sama má og segja um ferminguna. Nefndin hefur þó eigi gefið mönnum rjett til að afnema hvorki skírnina nje ferminguna. Og það þori jeg að fullyrða, að aldrei verður 47. gr. stjórnarskrárinnar skilin svo: að enginn skuli neins í missa af borgaralegum rjettindum sökum *tilfinninga* sinna.

Jeg skal þá aptur snúa mjer að breyt. till. Um fyrirsögnina hef jeg þegar talað. 2. breyt.till. við 1. gr. fer í þá átt, að hrinda frv. í það horf, sem vjer álítum bezt og sem jeg bæði við 1. umr. og nú hef skýrt frá, að eptir mínum skilningi væri hið eina rjetta í þessu máli, enda er þessi breyting bein afleiðing af breytingunni á fyrirsögninni.

3. tl. fer fram á, að orðin: «ef þau í nokkru eru» falli burt. Jeg kann ómögulega við að þessi orð standi. Að gjöra ráð fyrir því, að menn sjeu eigi í nokkru trúarfjelagi, getur vakið hneyksli; engin meining raskast, einskis er misst, þótt orðin falli úr. Að því er snertir 3. tl., þá er það meiningin, að eins og lýsing á að fara fram í *sóknar*-kirkju brúðarinnar, þannig fari birting sú, sem hjer ræðir um, fram á kirkjufundi í sókn brúðarinnar, svo að þessi ákvörðun sje í rjettri samhljóðun við það, sem nú er.

«Hjónaefnin» í staðinn fyrir «hjónin» er betra mál. Eins er um breytinguna í 5. tl.: vika í staðinn fyrir «8 dagar»; það er íslenzkulegra.

Hvort haft er «prestþjónustubók» eða «gjörðabók» tel jeg eigi miklu skipta; þó kann jeg betur við orðið «prestþjónustubók»; það er almennt notað orð og táknar hið sama sem «ministerialbók», þar sem ritað er í fæðingar, skírnir, fermingar, hjónabönd og mannalát. Það er eigi laust við hártogun, þar h. framsögum. sagði, að «prestþjónustubók» gæti misskilizt þannig, að orðið ætti að benda á, að í hana væri rituð sjúkraþjónusta, enda er eptir því, sem jeg bezt veit, sjúkraþjónusta eigi rituð í sjerstaka hók. Þótt orðinu: «gjörðabók» sje eigi í 8. gr. breytt í «prestþjónustubók», þá kemur við það engin ósamkvæmni, því að í 8. gr. þýðir orðið eigi «ministerialbók» presta, heldur einmitt gjörðabók sýslumanna og bæjarfógeta (sbr. 6. gr.).

Framsögum. kunni ekki við 6. tl., sem fer fram á þá viðbót: «og viðurkenndur er að landslögum». Honum fannst, að standa hefði átt: «og viðurkenndur af stjórninni að landslögum». Hjer liggur eigi áherzlan á, *hver* hafi viðurkennt, heldur á því, að hlutaðeigandi prestur sje *viðurkenndur*. Með viðbótinni höfðum vjer Mormóna í huga. Ef prestur þeirra gæfi saman hjón, þá væri sú vígsla lögleg eptir nefndarfrv. *(Jón Pjetursson:* Frv. allt á alls eigi við Mormóna. Þeir hafa ósiðsama trú og kenna siðleysi). Jú, jeg verð að segja, að eins og stjórnarfrv. *beinlínis* hefur Mormóna fyrir augum, svo sem ástæður þess berlega taka fram, svo mun Mormónum, að minni ætlan, eigi verði neitað um almenn borgaraleg rjettindi. Jeg vík aptur að því, sem jeg var að tala um, að eptir nefndarfrv. 7. gr. væri hjónavígsla Mormónaprests gild; en jeg get alls

eigi verið með, að slíkt skuli eiga sjer stað. Þar á móti væri ekkert á móti, að kaþólskur prestur gæti gefið saman hjón með lagalegu gildi, ef hjer væri kaþólskur flokkur, því að hann væri þá sjálfsagt viðurkenndur. Jeg vona, að deildin fallist á breytinguna.

9. tl. fjellst framsögum. á og sama er að segja um 10. tl., enda kemur orðið «tafarlaust» þar mjög illa við. Jeg hef þannig reynt að færa rök fyrir breytingunum. Skal jeg því hverfa frá þeim, og snúa mjer að þeim orðum h. h. framsögum., þar sem hann talar um, að mönnum væri hættulega starsýnt á stjórnina og skoðanir hennar, og benti á, að slíkt mundi valda andlegri sjóndepru. Jeg veit eigi, hvort hann meinti þau orð til mín, svo sem að jeg væri á hættulegum vegi í því efni, og mundi við það líða tjón á sjón minni líkt og sá maður, sem einblínir í sólina, eins og framsögum. komst svo fagurlega að orði. Jeg skal játa það, að samlíkingin er fögur, en hins vegar get jeg ekki játað, að hún eigi við mig; að minnsta kosti geta skoðanir mínar á þessu máli engan veginn gefið tilefni til þess. Þar sem þm. Rangv. (Sighv. Árnason.) setti Reyðfirðinga á bekk með Mormónum, þá gerði hann hinum fyrnefndu svo lágt undir höfði, að jeg verð að mótmæla þeim ummælum sem ómaklegum. Þar sem hinn sami þm. (Sighv. Árnas.) sagði, að sumir kynnu að leggja svo mikla áherzlu á hina borgaralegu hlið hjónabandsins, að þeir vildu heldur láta vígja sig borgaralegu hjónabandi en kirkjulegu, til þess að vera vissir um, að rjettargildi hjónabandsins væri öruggt, þá fæ jeg með engu móti skilið það. Að verzlegur embættismaður mundi ganga betur eptir öllum skilríkjum hjónabandsins og tryggja það betur en prestar nú gjöra, fæ jeg eigi skilið. Og þegar reynslan er tekin til vitnis, sjest, að valdsmenn eða verzlegir embættismenn eru eigi öllu óskeikulli en prestar. Það hefur enda opt komið fyrir að verzlegir embættismenn hafa sætt aðfinningu og jafvel sektum fyrir embættisgjörðir sínar, því að þeim getur yfir sjezt sem öðrum. Ef einstökum mönnum kann að finnast kirkjuleg vígsla óviðkunnanleg, á það rót sína að rekja til tilfinningarinnar, og fyrir hana er eigi auðvelt að gefa lög. Vera kann, að sumir gangi til kirkjulegrar vígslu með nokkurs konar óbeit á hinni kirkjulegu athöfn; en vera kann, að presturinn gæti þá talað svo hjartnæmt, að hinir sömu menn snerust til rjettrar viðurkenningar á sannleikanum. En slíkt mundi þó eigi verða við borgaralega vígslu. Að vísu kann það að vera óþægilegt fyrir prestinn, að vita, að einhver gengi með kulda eða trúardofa og trúleysi til hinnar kirkjulegu vígslu; en einmitt það væri svo langt frá því, að það ætti að aptra prestinum frá að halda með hinni kirkjulegu athöfn, að það ætti miklu fremur að vera honum hvöt til að halda fast við hana, ef verða mætti, að hann með kenningu guðsorðs gæti leitt hlutaðeiganda á rjetta leið; enda kennir Páll postuli, að menn eigi að prjedika «bæði í tíma og ótíma». Svo fögur sem sú hugsun er, að neyða engan til kirkjulegra athafna, þá kann vel að vera, að þvingunin geti orðið til blessunar, því að það gæti vel hugsast, að hjónaefni, sem hefðu eigi komið í guðshús síðan þau voru staðfest, þangað til þau gengju inn að altari drottins til að vígjast í hjónaband, að þau þá snerust á rjetta leið og einmitt þessi athöfn yrði til að leiða þau á sáluhjálparveg.

Þeir, sem kvarta um deyfð í trúarefnum, ættu að íhuga það vel, að þeir vinna trúarlífinu ekkert gagn með því að senda þetta frumvarp út á meðal landsmanna sinna í því sniði, sem hin heiðraða nefnd vill láta það hafa.

Benidikt Kristjánsson: Jeg ætla mjer að hverfa aptur til þeirrar breytingar í breytingartillögunum, að «gjörðabók» er breytt í «prestsþjónustubók»; ef samkvæmi hefði átt sjer stað í breyt.till., þá hefði sú breyting einnig átt að vera í 8. gr. *(H. Sv.:* Nei, því í 8. gr. er gjörðabók sama sem sýslumannsbók). Jæja, það kemur í sama stað niður. Mjer kom það undarlega fyrir, þegar h. 6. kgk. þm. jafnaði skírn og fermingu við hjónavígslu, því að skírn er sakramenti, en fermingin helg athöfn, sem stendur í nánu og eðlilegu sambandi við barnaskírnina; en hvað er hjónabandið? Það er að eins borgaralegs eðlis og leiðir þá af því, að það þarf eigi kirkjulega vígslu, eða að minnsta kosti er það eigi að sjálfsögðu, að hennar þurfi við. Það getur að sönnu vel verið, að kirkjuleg vígsla eigi mjög vel við allan fjölda þjóðkirkjumanna, enda útilokar frv. nefndarinnar hana alls eigi; en hversu mikil þýðing, sem lögð er í hjónabandið, er þó eigi hægt að neita því, að það er borgaralegt. Hjónabandið er byggt á ást, sem er náttúrugáfa, sem þarf að endurfæðast og

helgast, svo hún verði að náðargáfu, en hjónabandskærleikurinn, hve fullkominn sem hann verður fyrir verkanir andans, verður eigi annað eða meira, en vinátta milli góðra manna, eða hinn almenni kristilegi kærleikur, og meira að segja getur það átt sjer stað, að þessi sjerstaki hjúskaparkærleikur jafnvel leiði frá hinu algilda kærleikslögmáli; hjónin hugsa opt meira um sitt eigið gagn og vinna fremur fyrir sig en náungann; en jeg ætla mjer eigi að fara út í guðfræðislegar eða heimspekilegar skoðanir í þessu máli og læt því hjer staðar numið. Þar sem jeg áður talaði um, að mönnum væri starsýnt á stjórnina, og hinn h. 6. kgk. þm. (H. Sv.) tók orð mín sem sneið til sín, þá var það misskilningur af honum, og hefur hann eigi gáð að því sambandi, sem orðin voru töluð í. Orðin voru töluð almennt og áttu að eins að brýna fyrir þingd., að það ætti eigi að hafa áhrif á þingmenn, þótt stjórnin væri á öðru máli en þeir, en það stóð í engu sjerstöku sambandi við h. 6. kgk. þm. (H. Sv.).

Jón Pjetursson: Ræður manna nú hafa eigi gengið út á að gefa nefndinni ákúrur, eins og um daginn. Þá var henni borið á brýn, að hún hefði komið með nýtt frumvarp, en kollvarpað stjórnarfrumv., gengi í allt aðra stefnu og byggði á allt öðrum grundvellli. Enn fremur var henni gefið að sök, að engar raddir hefðu heyrzt frá þjóðinni um, að þær breytingar, sem nefndin fór fram á, væru æskilegar. Það er víst eigi auðið að sanna, að nefndarálitið fari í aðra átt en stjórnarfrv., heldur er það með öllu byggt á sama grundvelli. Þegar frumvarpinu ekki er annaðhvort með öllu kastað af þinginu, eða samþykkt eins og það er, þá er þrennt mögulegt: 1. að menn kasti kafla eða köflum úr því, og setji ekkert í staðinn; 2., að menn kasti kafla eða köflum úr því, og setji annað í staðinn; og 3. að menn taki frumvarpið með öllu óbreytt, en bæti nýjum ákvörðunum við. Hina síðustu aðferð hafði nefndin. Nefndin breytti eigi efninu í frv. Hún byggði alveg á sama grundvelli sem stjórnin. Stjórnin telur það eigi stríða móti góðu siðferði nje trúarbrögðum þjóðkirkjunnar, að gefa mönnum rjett til að vígjast borgaralegu hjónabandi. Þetta er grundvöllur stjórnarinnar. Hinn sami er grundvöllur nefndarinnar fyrir viðaukanum. Stjórnin hefur að svo stöddu eig viljað ganga lengra en nauðsynlegt var, en nefndin áleit, áð úr því borgaralegt hjónaband á annað borð væri innleitt, þá ætti að gjöra þjóðkirkjumönnum eins hátt undir höfði eins og utanþjóðkirkjumönnum, eða að gjöra þá eigi rjettarminni. Stjórnin getur varla að minni hyggju haft á móti nefndarfrv., úr því eigi er vikið frá grundvelli hennar. Það er eins og að þeir, sem talað hafa á móti þessum viðauka nefndarinnar, haldi, að allir láti vígja sig borgaralegu hjónabandi, ef þetta yrði samþykkt. (M. St. og H. Sv.: Nei, nei, það er ekki rjett). Það lítur þó sannarlega svo út. Og hvers vegna vilja menn takmarka leyfið til borgaralegs hjónabands, úr því að allir geta fengið rjett til þess með því, að segjast vera utan þjóðkirkju? Það væri nær að gefa öllum rjett til að vígjast borgaralegu hjónabandi, er vildu, til þess að menn þyrftu ekki að segja sig úr þjóðkirkjunni, til þess að fá rjett til þess. Þessir 3 herrar, sem komið hafa fram með breytingartill. við nefndarfrv., hafa þó ekki alveg komið frv. í sama horf, sem stjórnarfrv. er í; fyrirsögnin hjá þeim er allt önnur en íslenzki textinn á stjórnarfrv.,—íslenzki textinn, segi jeg, því að það er sá eini texti, sem kemur oss við.

Breytinguna við 2. gr. get jeg ekki fallizt á, *(M. St.:* Þarf ekki, það er nóg að að fallazt á 1. gr.); að fella burtu orðin: »ef þau í nokkru eru», er víst ekki rjett, því ef þau væru numin burt, gætu þeir menn, sem eigi væru í nokkru trúfjelagi, alls eigi vígzt borgaralegu hjónabandi, eða með öðrum orðum: þeim væri fyrirmunað að ganga í hjónaband. Þannig væri t. a. m. með atheista. Eptir 4. tl. á að setja «sókn» í staðinn fyrir «prestakall», — «til þess samkvæmt orðum 6. kgk. (H. Sv.) að láta þá birting, sem hjer ræðir um, nálgast sem mest hið núverandi fyrirkomulag með lýsingarnar» – Það er til konungsbr. 7. des. 1827, sem lögleiðir tilskipun 30. apr. 1824 hjer á landi; í 14. gr. stendur: «Brudevielse tilfalder altid Sognepræsten for den Menighed, hvor af Bruden er Medlem». Þetta hafa menn ávallt skilið svo hjer á landi, að lýsa mætti ekki að eins í sóknarkirkju brúðarinnar, heldur og á öðrum kirkjum prestakallsins, enda er slíkur skilningur alveg nauðsynlegur, og samkvæmur hinum eldri lögum landsins, því að ef ekki mætti lýsa annarstaðar en í sóknarkirkju brúðarinnar, þá gæti svo farið, að 3 mánuðir liðu milli lýsinganna, af því að svo sjaldan

væri messað þar, bæði vegna ótíðar á vetrum og líka vegna þess, að presturinn hefði svo margar kirkjur, o. sv. frv. En ef 3 mánuðir liðu á milli lýsinga, þá er það sama sem að aldrei hefði verið lýst, og yrðu þær að byrja að nýju upp aptur og aptur, eða með öðrum orðum: brúðarefnið yrði að flytja burt úr sókninni. 7. tl. álít jeg góðan. (*M. St.*: Góðan?). Já, átti jeg að álíta hann vondan?

9. tl. breytir «eru ekki tekin» í «eiga ekki að takast», og lítur út fyrir að það sje bannað, að þau takist upp í þjóðkirkjuna. (*J. G.*: Misskilningur. *M. St.*: Það liggur ekki í orðunum. *Forseti* hringir). Það getur verið, að jeg skilji það ekki rjett. Ekki skal jeg vera að þrefa um orðið «prestþjónustubók»; það getur haft margar merkingar, þetta orð «prestsþjónusta».

Hallgrímur Sveinsson: Jeg skal leyfa mjer með fáum orðum að víkja að nokkrum atriðum í ræðu h. framsögum. (B. Kr.). Honum þótti samlíking mín um skírn og ferming ekki geta átt við það, sem nefndin hefði gjört í þessu máli. Meining mín með þessari samlíkingu var að benda á, að nefndin, eptir þeirri stefnu, er hún hafði tekið í þessu máli, hefði í rauninni farið of skammt. Jeg áleit, að úr því hún setti þá ákvörðun inn í frv., að allir, hvort sem þeir hefðu þjóðkirkjutrú eða ekki, gætu fengið borgaralega vígslu, ef þeir einhverra orsaka vegna ekki þættust geta tekið kirkjulega vígslu, þá hefði hún samkvæmt þessu einnig átt að ákvarða, að þeir, er hefðu eitthvað á móti skírn eða fermingu, gætu látið vera að láta skíra eða ferma börn sín. Þessi samlíking þótti framsögum. ekki geta staðizt, með því allt öðru máli væri að gegna um skírnina, er stæði miklu hærra og væri kirkjunni meira nátengd, en hin, hjónavígslan. Jeg verð þó að segja, að ef það er ótækt, að hin kirkjulegu lög þvingi þá til að taka kirkjulega vígslu, er einhverra orsaka vegna hafa svo mikið á móti henni, að þeir ekki þykist geta tekið hana, þá er það ekki minni þvingun, að neyða þá til að láta skíra börn sín, er enga trú hafa á skírninni eða skoða hana alveg ónauðsynlega. Þvingunin er þá í rauninni því óhæfilegri, sem um háleitara efni er að ræða. Samlíkingin styrkir mitt mál, en veikir það ekki. Þar sem framsögum. sagði, að eptir frv. stjórnarinnar væri nýr og meiri rjettur veittur þeim, er væru utan þjóðkirkju, en þeim, sem væru í þjóðkirkjunni, þá verð jeg að segja, að ef *hann* ekki skilur, að þeim sje veittur *minni* rjettur, þá á *jeg* eins bágt með að skilja, að rjetturinn sje *meiri*. Jeg segi, að það sje neyðarkostir, sem hjer ræðir um og á að bæta úr. Hann sagði, að stjórnin hlyti að verða í vanda stödd, ef hún veitti þennan rjett þeim einum, er ekki hefðu þjóðkirkjutrú, en ekki þeim, er væru í þjóðkirkjunni; þessu skal jeg svara blátt áfram, án þess að viðhafa háfleyg orð eða heimspekileg. Jeg segi: þetta *hefur* stjórninni tekizt í Danmörku nú í full 30 ár. Þó þessi rjettur, að ganga í borgaralegt hjónaband, sje þar að eins veittur þeim, er ekki hafa þjóðkirkjutrú, þá hafa aldrei orðið nein vandræði úr því. Annaðhvort hlýtur þá vera, að hin danska þjóð sje meira dofin og dauð í andlegum efnum, en hin íslenzka, og mun þó ekki á bætanda, eptir því sem opt er látið heyrast, *eða* stjórnin er þá miklu öflugri heldur en framsögum. hyggur hana vera. Það hefur verið tekið fram, að frv. nefndarinnar væri ekki annað frv. en frv. stjórnarinnar Það væri að eins rýmra; viðauki nefndarinnar gjörði ekki það að verkum, að frv. hennar yrði að álíta sem nýtt frv. Jeg segi: Ef frv. nefndarinnar gengur út fyrir grundvöll stjórnarfrumvarpsins, þá segi jeg, að það sje nýtt frv. Nú tekur stjórnin fram í ástæðunum fyrir sínu frv., að «halda skuli kirkjulegri hjónavígslu sem almennri skuldbindandi reglu», sjálfsagt fyrir alla, sem eru í þjóðkirkjunni. Má jeg spyrja: verður það svo eptir 1. gr. nefndarfrv., er segir: „*Rjett er* að veraldlegir valdsmenn gefi hjón saman og hefur slíkt hjónaband fulla löghelgi, *þótt kirkjuleg vígsla eigi komi til*“. Jeg veit ekki, hvað getur verið ljósara en það, að grundvelli stjórnarfrumvarpsins er með þessum orðum algjörlega raskað. Hvernig sem að verður farið, mun *aldrei* takast að skoða frv. nefndarinnar *sem viðauka*. Það er og verður nýtt frv., byggt á allt öðrum grundvelli. Það hefir verið sagt, að eptir breyt.till. okkar 3 þm. væri trúleysingjum ómögulegt að innganga borgaralegt hjónaband. Má jeg lesa upp 1. gr. frv., eins og hún verður með breytingum okkar: «Rjett er, að veraldlegir valdsmenn gefi þau hjón saman, er annað eða bæði eru utan þjóðkirkju, og hefur slíkt hjónaband fulla löghelgi, þótt kirkjuleg vígsla eigi komi til». Svona verður greinin með breytingum okkar.

Nú segi jeg, að trúleysingjar sjeu utan þjóðkirkju, og eigi því eptir 1. gr. fulla heimtingu á borgaralegu hjónabandi, og það allt eins þótt orðin: «ef þau í nokkru eru» falli burt. Trúleysingjar geta, — því held jeg föstu — eptir 1. gr. með breytingum okkar, fengið borgaralegt hjónaband. Um fyrirsögnina er það enn að segja, að nefndin hefur tekið hana breytingarlaust með sömu «kommum», jafnfáum og jafnmörgum, sem fyrirsögn stjórnarfrv., en við höfðum tekið svo eptir, að nefndin ætlaði einhverju að breyta. Getur þessi fyrirsögn nefndarinnar átt við frv. nefndarinnar? Eins og jeg vil mæla með því, að breyt.till. okkar 3 þm. verði samþykktar, eins fastlega vil jeg leggja það til, að frv. nefndarinnar verði felld. Sjer í lagi leggjum við áherzlu á 1. og 2. tl. breyt.till., og jeg verð að segja fyrir okkur alla þrjá, að ef þingd. fellir þessa tl., þá föllum við frá hinum öðrum breytingum, því þær eru þá þýðingarlaus orð.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. Hallgr. Sveinssonar, Magnúsar Stephensens og L. E. Sveinbjörnsons (C. 159), tl. 2 við 1. gr. nefndarinnar felldur með 6 atkv. móti 5, að við höfðu nafnakalli, og sögðu þessir *já:* Hallgr. Sveinsson, Magnús Stephensen, Árni Thorsteinsson, Ásgeir Einarsson, L. E. Sveinbjörnsson; en *nei* sögðu: B. Kristjánsson, E. Ásmundsson, Jakob Guðmundsson, Jón Pjetursson, Sighvatur Árnason, Skúli Þorvarðarson.

Eptir þá atkvæðagr. tóku uppástungumenn allar hinar breytingarnar aptur. Voru síðan allar einstakar greinar í aðal-breytingaruppástungum nefndarinnar (C. 141) samþykktar hver um sig með 6 atkv.

Breytingartill. nefndarinnar nr. 110 (C. 156) var samþykkt með 7 atkv. Var stjórnarfrv. þar með fallið.

Málinu þannig breyttu vísað til 3. umr. með 8 atkv.

Frumvarp til laga um helgi lands fyrir ágangi á skepnum (C. 144); 2. umr.

Benedikt Kristjánsson: Jeg játa, að frv. þetta er miklu betra, en samkynja frv. um innsetning á skepnum, er fyrir skömmu síðan var felld hjer í deildinni, og því er jeg á því, að vel sje leggjandi rækt við það. Frv. er í öllum aðalatriðum mjer að skapi. Þó get jeg ekki neitað því, að mjer finnst það í einstökum atriðum nokkuð íhugunarvert, og því vil jeg vekja máls á, hvort ekki mætti breyta því eða bæta það nokkuð. Jeg segi ekki þar með, að jeg hafi verulega hvöt til að bera fram breyt.till. við það; enda veit jeg ekki, hvort jeg gæti fengið aðra deildarmenn með mjer til að gjöra það; og vil jeg því sjer í lagi snúa athugasemdum mínum til h. nefndar, er kom fram með þetta frv. Það er auðsætt, að nefndin gjörir greinarmun á ágangi á land annars manns að ósjálfráðu og af ásettu ráði. Jeg játa líka, að það er mikið rjett, þó að það hljóti eins að valda eigandanum ábyrgð, að fjenaður hans gangi á land annars manns, honum ósjálfrátt. Í tilliti til ákvarðana 1. og 2. gr. hef jeg því ekkert sjerlegt að athuga. Þegar kemur til 3. gr., þá hef jeg það að athuga, við fyrstu línuna, að orðin «eigi sök á» muni í rauninni hafa aðra þýðingu, en hjer mun til ætlazt. Þegar jeg las greinina fljótlega yfir, fannst mjer orðin: «að eiga sök á», standa þar í merkingunni: «að vera valdur að því, sem saknæmt væri». En eptir þeirri málsbrúkun, sem mjer er kunn, hafa þessi orð aðra þýðingu, þ. e. «að vera sakareigandi» = «sá, er getur átalið annan fyrir brot á einhvern hátt». Jeg segi ekki, að jeg fari rjett í þessu, en vil skjóta því til h. nefndar, hvort ekki muni ástæða til að breyta þessum orðum. Sakareigandi er víst sá, sem hefur rjett á að kvarta og leita rjettar síns fyrir það, sem annar hefur brotið á móti honum. Hvað 4. gr. snertir, get jeg ekki annað en álitið, að ákvarðanirnar í niðurlagi 1. kafla sjeu nokkuð harðar og óákveðnar. Í næstu málsgrein, þar sem nefnt er «uslafje», hef jeg það að athuga, að jeg er í vafa um, hvort þetta orð sje hjer rjett valið um fjenað, sem gjörir usla, en annarstaðar í frv. er það nefnt «uslafjenaður», og það orð get jeg fellt mig við. «Uslafje» finnst mjer þar á móti liggja nær því, sem í Jónsbók er nefnt «uslagjöld». Í sömu gr., næst síðustu málsgrein, er settur 3 mánaða fyrirvari fyrir eiganda, þegar gjört er ráð fyrir, að hann sje ekki þekktur, til að útleysa uslafjenað, eða veita móttöku andvirði hans, hafi hann verið seldur. Mjer þykir engin nauðsyn til, að tiltaka fyrirvarann svona stuttan, sízt þar sem í sömu gr. næst á undan er settur 12

mánaða frestur frá uppboðsdegi fyrir eignarrjetti og innheimtu á andvirði hins selda. Hvers vegna má þá ekki birta auglýsingarnar fyr, þar sem upp á svo langan tíma er að hlaupa? Það er óparft, að láta auglýsinguna dragast þangað til, að að eins 3 mánuðir eru eptir, þar til rjetturinn til að krefjast andvirðis fyrir hinn selda fjenað er fyrntur. Ákvæði 5. gr. finnast mjer nokkuð hörð, þar sem sagt er, að rjett sje þeim, er fyrir usla verði, að leggja hald á uslafjenað, þangað til hann hefur fengið fullar skaðabætur. Þessi ákvörðun finnst mjer heldur hörð, því heldur sem gjöra má ráð fyrir, að nokkuð langur tími gangi til að fá dóm eða úrskurð um, hve miklar skaðabætur eigandi skuli greiða. Þessi ákvörðun virðist líka í mótsögn við 6. gr. hjer á eptir. Við 7. gr. datt mjer í hug, að ástæða kynni að vera til að spyrja, hvort þörf væri á þessari grein. Mjer kom þetta í hug, af því að jeg hjelt, að ákvarðanir hennar væru þegar til; en jeg er ekki svo kunnugur hinu almenna rjettarfari, að jeg geti sagt það með vissu. Sje hjer átt við eitthvert sjerstakt rjettarfar, þá er auðvitað þörf á gr. Jeg tek það að endingu fram aptur, er jeg sagði áðan, að jeg er engan veginn mótfallinn þessu frv., þó jeg hafi gjört við það þessar fáu athugasemdir. Þessar athugasemdir læt jeg mig ekki varða svo miklu, að jeg fari að ráðast í að fá menn með mjer upp á von og óvon til til að koma fram með breyt.till. í þá átt, sem jeg hef bent til. Nefndinni, sem gjört hefur allt svo vel, treysti jeg hins vegar til að taka athugasemdir mínar til greina, að því er við á.

Árni Thorsteinson: Mjer finnst þessi h. þm. (B. Kr.) ætlast til of mikils, er hann vill láta nefndina eina gjöra endurbætur á þessu máli. Það er enginn færari um það en h. þm. sjálfur, og enginn mun fúsari en nefndin, að aðhyllast bótatilraunir hans, einkum að því er snertir breytingar hans í orðfærislegu tilliti, sem sjálfsagt munu á rökum byggðar. Jeg skal svo ekki fara neitt frekar út í hið málfræðislega, og ekkert ýtarlega út í athugasemdir hans yfir höfuð að tala. Það, sem hann fann að, er ekki svo stórvægilegt, að ekki megi leiðrjetta það í frv., einkum þar sem eiga má það víst að verða aðnjótandi hans góðu aðstoðar og nákvæmni. — Hann fann helzt að 4. gr. og sagði, að ákvarðanir hennar væru bæði nokkuð harðar og óákveðnar. Í þessu get jeg þó ekki verið h. þm. alveg samdóma. Jeg held ekki neitt geti kallazt hart í því, þó sá, er fyrir ágangi hefur orðið, gefi hreppstjóra eða lögreglustjóra glögga lýsingu og mark á fjenaðinum, eða segi, að hann vilji losast við yfirgang. Svo framarlega sem menn vilja komast hjá því, að lögin veki ófrið eða nágrannakrit, eins og h. 2. kgk. þm. (J. P.) sagði, að þau myndu gjöru, þá álít jeg sterka nauðsyn til að maður lýsi því yfir fyrir lögreglustjóra, að maður vilji losast við ágang, og með því að auglýsa þetta fyrir lögreglustjóra, þá fær hann í sínar eigin þarfir og hinna annara, sem málið skiptir, fullkomlega sönnun fyrir, hvernig allt hefur gengið til. Hvað það snertir, að á einum stað stendur «uslafje» fyrir «uslafjenaður», þá má vel vera, að það geti misskilizt, og því sje rjettara að breyta því. Þar sem hann sagði, að 3 mánaða fyrirvari frá auglýsingardegi væri of stuttur í samanburði við annaðhvort missiris eða hálfs árs innlausnarfrestinn, þá getur verið, að hann hafi nokkuð fyrir sjer í því í fyrsta áliti. En nefndin setti þetta 3 mánaða takmark af því, að víða gengur langur tími til að koma auglýsingum í blöðin. Því setti nefndin þennan frest nokkuð stuttan, en ætlaði þó, að hann væri hæfilega langur; þegar menn búa í miklum fjarska frá þeim stað, þar sem blöðin eru gefin út, þá gengur langur tími til þess fyrir þá, að koma í blöð þessum auglýsingum um uslafje, er þeir hafa tekið fast eða selt. Taki maður sem dæmi, að uslafje væri selt norður á Hornströndum og auglýsa yrði söluna í Reykjavík, þá er nauðsynlegt, að fresturinn, innan hvers tíma auglýsingin sje prentuð, sje veittur eigi lengri en sem frekast verður komizt af með. Með þann 3 mánaða frest, er nefndin hefur sett, er mjer eigi mjög fast í haldi, en nefndinni fannst hann hæfilegur. Þá fannst honum heldur hörð ákvörðunin í 5. gr. og virtist hún vera í bága við 6. gr. Þetta get jeg þó eiginlega ekki fundið. Að sá, sem leggur hald á fjenað, er gjört hefur ágang á landi hans, eigi að gæta þessa fjenaðar svo vel, að eigandi ekki hafi ástæðu til að ásaka hann fyrir það, finnst mjer eðlilegt og engin nýmæli. Ákvarðanir um þetta eru svo almennar, og útiloka alls ekki gildi ýmissa eldri ákvarðana, er finna má í lögum. Loks vakti hann máls á því, hvort

ákvörðun 7. gr. mundi vera þörf. Væri ákvörðun þessi nýmæli, áleit hann hana þarflega, en væri ekkert sjerlega nýtt tekið fram með henni, áleit hann hana óþarfa. Jeg skal fullyrða, að hún að nokkru leyti er nýmæli og að ekki muni veita af þessari ákvörðun. Að lögreglustjóri kveði á um skaðabætur, er í mörgum tilfellum nauðsynlegt til að afstýra óþarfaþrætu og málskostnaði, og mun það opt geta áunnizt með þessu móti. Að endingu skal jeg þakka h. þm. N.-Þing. (B. Kr.) fyrir hans velviljuðu athugasemdir, bæði þær er snerta sjálfar ákvarðanir frv. og hið málfræðislega. Jeg hefði helzt óskað, að hann hefði komið með breyt.till. Um það, sem hann hefur tekið fram, mun jeg fá tækifæri til að bera mig saman við nefndina, til þess að það, er hann hefur tekið fram, verði til greina tekið.

Jón Pjetursson: Jeg þarf reyndar ekki að tala í þessu máli, því jeg sje, að það verður samþykkt hjer í deildinni. Jeg hef ekki svo mikið móti frv. í sjálfu sjer; en held samt, að það veki nágrannakrit og ófrið manna milli, ef strax má taka skepnur manns fastar, er þær koma á annars land; svo hefur það og mikinn kostnað í för með sjer, því sá, sem skepnurnar á og þær verða settar inn fyrir, verður að kaupa þær út. Og svo er annað, sem jeg vildi minnast á; frv. segir, að eigandi skepnanna skuli borga fyrir grasnám. En hvað mikið? Það er hvergi sagt. Maðurinn verður þá að fá nágranna sína til þess að meta það; þetta kostar hann einnig mikil umsvif. Jeg held nú, að það sje ekki víst, að hver og einn hafi ætíð peninga til að leysa fjenað sinn út; svo úr þessu geta orðið vandræði. Jeg ímynda mjer líka, að út úr þessu gæti spannizt það, að sá er sett væri fje inn fyrir, vildi hefna sín, mæla í sama mæli og setja aptur inn fyrir nágrannanum. Jeg held það sje heldur ekki ætíð svo þægilegt, að ábyrgjast, að skepnur manns geti ekki komið í annars manns land; það yrði að minnsta kosti nokkuð kostnaðarsamt; þá yrði hver maður að hafa inni skepnur sínar á nóttunni, eða láta sitja yfir þeim dag og nótt, og yrði það nokkuð útdráttarsamt, því einn mann þyrfti til að passa kýrnar, annan til að gæta hrossanna og hinn þriðja til að sitja yfir sauðfjenu. En þessi fjarskakostnaður kynni, ef til vill, að verða hvöt fyrir menn til þess að hlaða vörzlugarða. Jeg játa, að tilgangur frv. er góður, en jeg held, að af því leiði samt mörg óþægindi. Það væri ekki þægilegt, að láta setja inn fyrir sjer kýr sínar og halda þeim í vörzlu. Sumt þyki mjer of óákveðið, eins og þar sem stendur «hæfilegur frestur». Það eru mikil rjettindi komin undir því, hvað langur þessi hæfilegi frestur sje, og geta orðið deildar meiningar um það. Jeg held, að betra væri að tiltaka tímann, svo sem viku eða eitthvert annað takmark. Að öðru leyti er jeg eigi mótfallinn frv.

Jakob Guðmundsson: Viðvíkjandi því, sem h. 2. kgk. (J. P.) tók fram, að það mundi verða kostnaðarsamt, að láta passa skepnur sínar svo, að þær hvorki á nóttu eða degi gerði nágrannanum skaða og svo að eigandanum bakaðist eigi kostnaður af útkaupi á þeim, þá skal jeg geta þess, að jeg álít, að þetta sje satt. En ef menn aptur gæta þess, hversu mikill skaði hlýzt af því, hve lítt skepnur almennt eru passaðar, þá held jeg að þessi kostnaður muni opt jafngilda pössunarkostnaðinum, og jafnvel stundum verða meiri. Ef menn gættu þess, hve mikill skaði hlýzt af því, að hross eru eigi pössuð, svo að þau ýmist ganga í slægjulandi eða málnytupeningshögum, hversu mikill skaði hlýzt af því, að mikið ferst af skepnum einmitt af því þær eru ekki passaðar, þá mundu menn sjá, að þessi kostnaður, sem menn yrðu fyrir samkvæmt frv. þessu, mundi nema miklu minna en hinn. Jeg hef nokkra reynslu fyrir mjer í þessu. Það er vani fyrir vestan, að kýr ganga hirðingarlausar; svo rása þær um allt, flokkast saman frá mörgum bæjum, kannske 50 — 60 í hóp, eru svo aldrei með ró í haganum og gjöra ekki hálft gagn. Ef menn nú legðu saman af 2—3 bæjum og fengju einhvern til að sitja yfir þeim, mundu þær gjöra ólíkt meira gagn. Ef regla með betri skepnupössun kæmist, á mundi það margfalt borga sig. Jeg hef, meira að segja, heyrt kunnuga og skynsama menn segja, að þegar fjeð var um árið, sökum fjárkláðans, passað eða vörður hafður á því á fjöllunum, þá hafði sá kostnaður borgað sig, af því fjeð hafi þá haft minna tækifæri til að rása og verið vænna af þeim sökum og minna tapazt af því. Jeg held því að þessi kostnaður þurfi ekki að vera nein gryla. Það sem hinn sami þm. drap á viðvíkjandi vörzlugörðum eða að frv. mundi styðja að því, að þeir kæmust á, þá væri það að sönnu æskilegt, ef þeir kæmust á þar, sem kringumstæður leyfa; en jeg held, að það sjer ekki hentugt, að skipa

neitt fyrir um þá með lögum. Mjer finnst frv. mikil rjettarbót, ef því er rjettilega framfylgt, og mæli því fram með því.

Jón Pjetursson: Þegar jeg gæti þess, að kostnaður þessi kynni að verða meðal til að koma á landamerkjagörðum og öðrum vörzlugörðum eða að hann kann að verða hvöt fyrir ábúendur til að knýja hvor annan til að koma þeim upp, þá held jeg að jeg geti frv. atkv. mitt, því tilgangur þess er auðsjáanlega góður.

Ásgeir Einarsson: Það er ekki í fyrsta sinn, að h. 2. kgk. þm. (J. P.) hleður þessa andlegu merkjagarða. Jeg get ekki skilið, að nokkrum manni með viti, sem ferðazt hefur um landið og ekki haft augun aptur, skuli geta dottið það í hug að hlaða landamerkjagarða um landareign hverrar jarðar, hversu víðlend sem hún er. Þm. Dal. (J. G.) hefur svarað svo vel mótbárum hans um kostnaðinn, að jeg þarf ekki að gjöra það; en hitt veit jeg vel, hvernig menn almennt passa skepnur sínar og hve þungar búsifjar menn opt verða að þola af ágangi. Jeg get nefnt dæmi. Nágranni einn ljet opt kýr sínar fara yfir kvísl eina yfir í engjar nágrannans, sem bjó á jörðinni hinum megin kvíslarinnar. Maðurinn sem engjarnar átti, kvartaði yfir að kýrnar eyðilegðu engjarnar fyrir sjer. Nei, það dugði nú ekki mikið. Loksins verður hann leiður, tekur kýrnar og ætlar að láta reka þær heim til sín. Þá kemur maður frá hinum bænum, auðmjúkur, og biður um að fá kýrnar. Já, en þetta varð til þess, að þær voru passaðar betur eptir en áður. Svona gengur það. Jeg get tilfært annað dæmi. Jeg vissi mann, sem hlóð saman heyi niður á engjum og gerði kringum það, svo það skyldi geymast þar veturinn yfir. Svo komu hestar nágrannans og brutu það hvað eptir annað upp, og þessu linnti ekki fyrr en maðurinn, sem heyið átti, tók hestana fasta. Þetta sýnir, hvað skeytingarlausir menn eru að láta skepnur sínar ekki einungis ganga á öðrum, heldur einnig skemma fyrir öðrum. En eptir þetta komu hestarnir ekki. Að því er það snertir, hve sanngjörn garðahleðslan sje, dettur mjer nú í hug það, sem amtmaður Melsteð segir í ritgjörð sinni, að hvort mönnum mundi ekki þykja það harðstjórn nú á tímum, að gjöra þessa garðahleðslu að skyldu. Það er líka allt öðru máli að gegna með garðahleðslu nú en áður. Stungan er nú alveg eyðilögð á mörgum stöðum, sem áður var góð stunga á. Og svo er mjög erfitt að fá garðana almennilega griphelda. Jeg hef sjeð kindur stökkva upp á háa hlöðuveggi. Jeg hef líka sjeð hesta fara yfir háa túngarða, og skemma þá um leið. Jeg ætla svo ekki að fjölyrða meir, en tek það loks fram, að jeg er orðinn langleiður á þessu merkjagarðastagli, sem ekkert getur orðið í framkvæmdinni.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með 10 atkv., en allar hinar greinarnar hver um sig og fyrirsögnin með öllum (11) atkvæðum. Síðan var í einu hljóði samþykkt, að málið gengi til 3. umr.

Frumvarp til laga um skipun nefndar til að ræða kirkjumál (C. 160); 1. umr.

Flutningsmaður (Benedikt Kristjánsson): Jeg gjöri ráð fyrir, að deildinni komi eigi frv. þetta á óvart, því jeg veit, að allir muna, að jeg kom með hjer á þingið í hitt eð fyrra uppást. um sjerstakt kirkjuþing. Menn munu einnig muna, að þá var kosin nefnd í málið og að sú nefnd stakk aptur upp á 7 manna nefnd, 6 sem hjeraðsfundir áttu að kjósa, og 1, sem konungur átti að kjósa og sem átti að vera sem sjálfkjörinn formaður nefndarinnar. Af þessu hlýtur það að liggja ljóst fyrir, í hverju þessar uppást. voru frábrugðnar frv. þessu. Auk þess sem mjer hefur verið annt um mál þetta í sjálfu sjer, hefur mjer gefizt sjerstök hvöt til að koma nú með það fram á þing, og þessi hvöt liggur í áskorun frá klerkafundi í Suðurmúlaprófastsdæmi og Norðurmúla og tilmælum frá umboðsmanni fundar þessa. Klerkafundur þessi hafði snúið sjer til synodusar með tilmæli um, að synodus vildi annast um að slík nefnd yrði skipuð. En synodus skoraðist undan, og það eptir því, sem jeg fæ sjeð, af góðum rökum, að vera miðill þessa máls við alþing. Jeg hefi að vísu, um leið og jeg eptir tilmælum nefnds umboðsmanns tók að mjer flutning þessa máls, gjört þá breytingu, að jeg í stað 5 manna nefndar hefi sett 9 manna nefnd, með öðrum orðum: jeg hef fjölgað nefndarmönnum. Það var farið fram á, að 1 maður yrði valinn fyrir hvern landsfjórðung. Mjer virtist betur fara, að 2 væru kosnir fyrir hvern landsfjórðung, nl. 1 andlegrar stjettar maður og 1 af leikmannastjett. Þegar jeg gjörði þetta, þá

vakti það fyrir mjer, að það gæti orðið óvíst, af hvaða stjett nefndarmenn yrðu kosnir; mætti svo fara, að annaðhvort fjelli kosningin á tóma presta eða tóma leikmenn. Þetta virtist mjer í hvorttveggja tilfellinu óheppilegt, og af því jeg vildi tryggja báðar stjettirnar, presta og bændastjett, sá jeg ekki önnur ráð, en að fjölga tölunni. Fyrirstaðan móti þessu gæti helzt verið kostnaður sá, er af svonà fjölskipaðri nefnd risi fyrir landssjóð, því hann yrði að vísu nokkuð meiri en ella. En jeg vil taka fram, að það er ekki rjett, að sýta um fje, þegar um þarfleg fyrirtæki er að ræða. Allt svo ætti þetta ekki að verða frv. fótakefli, heldur hitt, að menn *vilji* ekki, og álíti fyrirtækið óþarft eða að minnsta kosti ekki brýna nauðsyn bera til þess, eins og jeg veit að andmælendur þess muni gjöra, í öllu falli þeir, sem máske viðurkenna, að það gæti verið æskilegt, en segja sem svo: Hvað getur nefndin gjört? Að því er til kirkjunnar og hins veraldlega valds kemur, þá er, segja þeir, allt svo samfast og samgróið, að ómögulegt er að greiða það í sundur. Þar fæst hvergi endir, engin samkomumót finnast, allt er í bendu. En sýna þessir menn ekki einmitt með þessum ummælum, að þörfin er mikil fyrir hendi í þessu máli? Ef menn nú fyrir þessar sakir ættu að leggja árar í bát, er jeg hræddur um, að menn yrðu þá einnig að sleppa því, að leggja stund á að vera evangeliskur, að vera lútherskur. Jeg hygg, að það sje eitt, sem heyri kirkjunni til, annað sem heyri ríkinu til. En svo jeg hverfi frá þessu, ber jeg ekki það vantraust til deildarinnar, að hún álíti enga þörf á nefnd. Jeg vantreysti eigi deildinni svo, að hún álíti að hjer sje um verk að ræða, sem ómögulegt sje fyrir mannlegan krapt að fjalla um, að hjer sje sá hnútur, sem Alexander mikla þurfi til að höggva. Í sambandi við þetta skal jeg taka fram, að hver sem lítur á menntunarstraum og menntunarstefnu heimsins nú, hlýtur að sjá, að kirkjunni hefur aldrei verið meiri hætta búin en nú. Allt gengur út á — það þarf ekki að líta djúpt í strauminn til að sjá það — tímanlega hagsmuni, auðsæld, munuð, nautn. Í stjórnarlegu tilliti verð jeg að vera alveg á máli eins merks guðfræðings, sem fyrir skömmu hefir verið vitnað til hjer í salnum, nl. Martensens biskups, að með stjórnarskránni sje í þessu tilliti komið í sama óefnið hjá okkur og hjá Dönum komst við grundvallarlagasetninguna. Að svo mæltu hefi jeg það traust til deildarinnar, að hún virði frv. svo mikils, að hún lofi því að minnsta kosti til 2. umr. Jeg álít ekki þörf á nefnd, þar sem málið er svo kunnugt frá því á þinginu 1883.

Jakob Guðmundsson: Jeg er einn með fleirum þeirrar skoðunar, að það þurfi að leiðrjetta margt að því er snertir hið innra og ytra kirkjulega ástand, án þess jeg ætli mjer að útlista í þetta sinn, í hverju jeg haldi að þessar innri og ytri leiðrjettingar eigi að vera fólgnar. Jeg vil því styðja að því, að nefnd verði skipuð, en þegar um það er að ræða, að skipa nefnd, þá er tvennt til: annaðhvort að konungur setji nefnd milli þinga, og þingið veiti fje til kostnaðarins út af nefndinni, eða þá að landsmenn sjálfir kjósi menn í nefndina, og það finnst mjer betur við eiga og vil því mæla með því; en vildi þá setja það fyrir skilyrði, sem h. flutningsm. benti á, að hún yrði samansett af lærðum og leikmönnum; þá væri síður hætt við neinni einstrengingslegri stefnu hjá henni; hún yrði og að líkindum löggjafarvaldinu á síðan til meiri leiðbeiningar. Hvað kostnaðinn snertir, yrði hann að vísu nokkur, en ekki fjarskalegur. Jeg get naumast hugsað mjer, að kostnaðurinn fyrir 9 menn yrði meiri en 4—5 púsund kr., og get jeg ekki kallað það sjerlega mikið, og þó hann yrði meiri, gæti sá kostnaður borgað sig, ef nefndin gæti gefið leiðbeiningar um hið innra og ytra ástand kirkjunnar, einkum þó það ytra; því það liggur í augum uppi, að gæti nefndin gefið þessar leiðbeiningar, við víkjandi hinu ytra, jeg meina í fjárhagslegu og ökonómisku tilliti, mundi landið vinna það upp með tímanum, og kannske margfallt meira, þótt landsjóður yrði að leggja út kostnaðinn til bráðabyrgða.

— Málinu vísað til annarar umr. með 7 atkv.

Uppástunga til þingsályktunar um Spánarsamning, hvernig ræða skuli.

Uppástunga forseta um að hafa eina umr. um hana, var samþykkt.

Fimmtándi fundur laugardaginn 18. júlí, kl. 1 e. m. Allir á fundi.

Forseti gat þess, að ritstjórar blaðanna

Ísafoldar og Suðra hefðu brjeflega óskað að fá leyfi til að sitja í herbergi við hlið fundarsals deildarinnar, og hefði hann leyft, að þeir mætti sitja við fremri dyr hliðarherbergisins hægramegin við forsetastól.

Frumvarp til laga um hluttöku safnaða í veitingu brauða (C. 164); 3. umr.

Framsögumaður (Jakob Guðmundsson): Síðan mál þetta var síðast til umr., hafa engar breytingar komið fram við það, og sje jeg því enga ástæðu til að ræða það frekar.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í einu hljóði og afgreitt til Nd.

Frumvarp til laga um breyting á lögum 17. marz 1882 um friðun fugla og hreindýra (C. 165); 3. umr.

Flutningsmaður (L. E. Sveinbjörnsson): Jeg get látið mjer frv. lynda eins og það nú liggur fyrir, og finn því ekki ástæðu til að tala meira um það, en jeg þegar hefi gjört.

Sighvatur Árnason: Jeg skal að eins leyfa mjer að minna h. flutningsm. á, að prentvilla sú, er jeg benti á síðast, að væri í síðustu málgrein, er enn óleiðrjett. Þar stendur enn eins og menn sjá: Með lögum þessum er *„1. gr. 17. marz“* 1882 o. s. frv. í st. f. 1. gr. *„laga“* 17. marz 1882 o. s. frv. Orðinu «laga» þyrfti því að bæta inn í.

ATKVÆÐAGR.: Forseti leitar samþykkis deildarinnar til að mega leiðrjetta ofangreinda prentvillu í frv., og fjekk það.

Frv. síðan samþykkt í einu hljóði og afgreitt til Nd.

Frumvarp til laga um verzlun lausakaupmanna annarstaðar en á löggiltum höfnum (C. 147); 2. umr.

Flutningsmaður (Einar Ásmundsson): Við flutningsm. (E. Á., B. Kr., Á. E.) höfum leyft okkur að koma með breyt.till. (C. 165) við frv., og höfum við gjört það bæði eptir bendingu ýmsra h. þm. og af því að okkur sjálfum sýndist frv. fara betur með þessum breytingum. Í frv. er gjört ráð fyrir, að lausakaupmenn, er vildu verzla annarstaðar en á löggiltum höfnum, yrðu að kaupa til þess leyfisbrjef, er hefði gildi að eins fyrir það sýsluhjerað, er það væri keypt í, og að það veitti verzlunarleyfið um ótakmarkaðan tíma í þessu hjeraði. Nú vilja flutningsm. breyta þessu svo, að lausakaupmaður fái leyfisbrjef hjá einhverjum sýslumanni eða bæjarfógeta, er gefi honum rjett til að verzla hvar sem hann vill við strendur landsins, en að eins um eitt ár, eða það ár, sem leyfisbrjefið er keypt, og borgi hann fyrir slíkt leyfisbrjef að eins 25 kr., er gangi í landsjóð. Jeg ímynda mjer, að jeg þurfi ekki að mæla með þessari breyt.till., því jeg vona að það sje ljóst, að hún muni verða haganlegri þá er til framkvæmdanna kemur, en frv. sjálft, eins og það nú er.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till., þingskjal nr. 106 (C. 165) samþ., stafl. *a* í einu hljóði, og stafl. *b* með 10 atkv.; 1. gr. þannig breytt og 2.—4. gr. óbreyttar samþ. hver um sig í einu hljóði. Fyrirsögnin sömul. samþ. í einu hljóði.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Frumvarp til laga um stækkan verzlunarstaðarins á Seyðisfjarðaröldu (C. 157); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. orðalaust í einu hljóði, og vísað til 3. umr. með 10 atkv.

Sextándi fundur, mánudag 20. júlí kl. 1 e. m. Allir á fundi.

Frumvarp til laga, er banna niðurskurð á hákarli í sjó milli Straumness og Skagatáar á timabilinu frá 15. okt. til 15. apríl (C. 157); 2. umr.

Flutningsmaður (Ásgeir Einarsson): Jeg hef áður gert breyt.till. (C. 172) við þetta frv., en tek hana aptur. Jeg hef og gjört aðra breyt.till., og það er að eins hún, sem hjer kemur til skoðunar (C. 179). Í till. 1. stendur «Geirhólms», en á að vera «Geirólfsgnúps». Þetta mál er mikið áhugamál Strandamanna, og þeir þurfa einmitt að fá tryggingu fyrir því, sem frv. fer fram á, að hákarli verði ekki sleppt í sjó á umræddu tímabili og umræddum stöðum. Þessa trygging geta þeir eigi fengið á annan hátt betur, en að snúa sjer til þingsins. Þótt þeir vildu koma á samþykktum um þetta efni, þá er þeim það mjög erfitt. Þeir yrðu þá fyrst og fremst að koma sjer saman við Ísfirðinga, en þeir hafa þegar sína samþykkt um hákarlaniðurskurð, sem

þeir yrðu ófúsir að breyta, en getur ekki átt við á Strandaflóa. En auk þess þyrftu þeir að koma sjer saman við Húnvetninga um samþykktina, en Húnavatnssýsla liggur í öðru amti, svo að sú samþykkt þyrfti langan tíma til að komast á. En ef þetta frv. yrði samþykkt, gætu þau lög komið að haldi þegar í vetur, svo að ekki þyrfti að fara fyrir Strandamönnum að vetri eins hörmulega og í vetur var. Um hina aðra breyt.till. skal jeg ekki tala; þingmenn hafa þær fyrir sjer.

Sighvatur Árnason: Eins og jeg gat um við 1. umr., þykir mjer varúðarvert að semja lög á svo sjerstöku svæði, eða með öðrum orðum, svona sjerstök lög, og það því fremur, sem hjer hefur eigi komið fram nein ósk um þetta efni frá Húnvetningum. Það mætti þó varla minna vera, en að þingið fengi að vita skoðun þeirra á þessu máli, og þá fyrst eru nokkur tiltök um, að samþykkja þetta frv. Þótt ýmsir erfiðleikar sjeu á samþykkt um þetta, vil jeg þó heldur láta þetta mál bíða, en fara að samþykkja þetta frv.

Flutningsmaður (Ásgeir Einarsson): Þm. Rangv. (Sighv. Á.) ætlast víst ekki til að honum sje trúað, úr því að hann vill ekki trúa mjer. Húnvetningar eru sannarlega með þessu frv. Um það get jeg útvegað skýrslu hjá sýslumanninum í Húnavatnssýslu. Þótt þetta sje almennur vilji, geta verið 1 eða 2, sem skera niður, en það er nóg til að spilla veiðinni, og hefur af þessu hlotizt mikill skaði opt og einatt.

Landshöfðingi: Það er mín skoðun, að eðlilegast sje, eins og þm. Rangv. (S. Á.) tók fram, að leiða þetta mál til lykta með samþykkt meðal hjeraðsbúa sjálfra. Ef það er eindregin skoðun hjeraðsbúa, að þetta sje mikið nauðsynjamál, þá geta þeir komið á samþykkt um þetta efni. Jeg get eigi sjeð neina erfiðleika, sem geta verið því til fyrirstöðu, og satt að segja furðar mig á, að slík samþykkt skuli ekki vera komin á fyrir löngu, ef þetta er brýn þörf. Það er óheppilegt, að fara að semja lög um þetta efni, af því að lög 14. des. 1877 ganga út frá því, að bezt sje, að hjeraðsbúar sjálfir skipi fyrir um þess konar mál með samþykktum sín á milli. Tel jeg rjett, að fylgja því, og bezt eiga við, að fella þetta frv.

Flutningsmaður (Ásgeir Einarsson): H. landshöfðingi var eigi staddur hjer við 1. umr. þessa máls, og er hann því ekki kunnugur þeim skýrslum, sem jeg gaf þá. Ef ætti að komast á samþykkt um þetta mál, þá þurfa Strandamenn að koma sjer saman við Ísfirðinga og Húnvetninga, og er ekkert spaug að fá upp lögmæta fundi, til þess að ræða þetta mál, og þótt það væri hægt, þá dregst það svo í tímann, að sú samþykkt kæmi eigi fyr en seint og síðar meir. Jeg get ekki sjeð neitt á móti, að semja lög um þetta mál, því fremur sem þau yrðu lík samþykktinni, sem svo mikið hefur verið talað um að ætti að komast á. Jeg gjöri það ekki að gamni mínu, að berjast fyrir þessu. Það er ekkert mál, sem mjer liggur þyngra á hjarta, en einmitt þetta mál, og vona jeg því, að h. deild samþykki frv.

Einar Ásmundsson: Jeg vil ekki vera á móti þessu frv., svo framarlega sem það er í raun og veru nauðsynlegt. Ef breyt.till. flutningsm. verður samþ., nær það ekki til annara en Strandamanna og Húnvetninga, enda er til í Ísafjarðarsýslu samþykkt, sem gildir fyrir alla sýsluna, um bann gegn niðurskurði hákarls mikinn hluta vetrarins. Flutningsm. segir, að Strandamenn og Húnvetningar sjeu hvorirtveggja á sama máli um, að nauðsynlegt sje að banna niðurskurð hákarls á vetrum. Hvað getur þá verið á móti því, að þeir gjöri samþykkt um þetta mál. Þeir þurfa eigi að vera í sameining um hana, heldur geta þeir gjört sína samþykktina hvorir út af fyrir sig, ef þeim er það þægilegra, og mjer þykir undarlegt, að þeir hafa eigi þegar gjört það, ef það væri þeim áhugamál. Jeg get raunar ekki sjeð, að semja þurfi lög um þetta efni, en þó skal jeg gefa atkv. mitt með frv., ef jeg sje nægar sannanir fyrir því, að Strandamenn og Húnvetningar sjeu almennt samþykkir því, sem frv. þetta fer fram á, og eru yfir höfuð á eitt sáttir í þessu máli. En sjeu þeir það eigi, getur verið mjög athugavert að samþykkja frv. Vera kann, að þm. Strand. geti gefið nákvæmari upplýsingar, áður en þriðja umræða fer fram.

Jón Pjetursson: Jeg veit ekki, hvort það heyrir undir þingið, að semja lög um fiskiveiðar fyrir utan landhelgi. Eptir minni skoðun heyrir slíkt beinlínis undir samþykkt.

Magnús Stephensen: Það er eitt atriði í þessu máli, sem vert er að athuga og ekki hefur komið fram í umræðunum hjá

h. þingdm., og það er það, að lög 14. desbr. 1877 ná að eins til fiskiveiða á *opnum skipum*. Nú nær þetta frv. eigi að eins til hákarlaveiða á opnum skipum, heldur og til hákarlaveiða á *þilskipum*, samkvæmt 1. gr. í breyt.-till. Það er því einmitt þetta atriði, að það nær til þilskipaveiða, sem gjörir það að verkum, að hjeraðsbúar geta eigi sjálfir komið á samþykkt um málið, og eptir því hefur þm. Strand. rjett fyrir sjer.

Flutningsmaður (Ásgeir Einarsson): Einmitt af því, að um veiði þilskipa er að ræða, er ómögulegt að gjöra samþykkt um það.

Landshöfðingi: Það er öldungis rjett, sem h. 3. kgk. þm. (M. St.) sagði, að eigi verða gjörðar samþykktir um þilskipaveiðar. En jeg skil frv. svo, að það eigi einkum við hákarlaveiðar á *opnum skipum*, eptir þeim tíma að dæma, er niðurskurður má aldrei eiga sjer stað. Veiðarnar á opnum skipum er hjer bersýnilega aðalatriðið. Það er víst eigi venjulegt, að þilskip sjeu úti á tímabilinu frá 1. nóv. til 14. apr. Með samþykkt má fá aðalatriðið fram, þótt eigi verði samþykktin jafnvíðtæk sem frv. h. þm. Strand. (Á. E.).

Flutningsmaður (Ásgeir Einarsson): Það þarf ekki nema eitt skip til að spilla veiðinni gjörsamlega og þess vegna er nauðsynlegt, að þilskipin megi ekki heldur sleppa hákarlaskrokkum í sjó.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. 128 (C. 179) 1. tl. við 1. gr. frv. samþ. með 9 atkv.; 1. gr. frv. þar með fallin; 2. við 2. gr. samþ. með 9 atkv.; 2. gr. frv. þar með fallin; 3. gr. samþ. með 9 atkv; 4. gr. samþ. með 8 atkv.; 5. gr. samþ. með 9 atkv.; 6. gr. samþ. með 9 atkv. Breyt.till. 128, 3. tl. samþ. með 8 atkv.; 4. tl. samþ. með 9 atkv.

Síðan var málinu vísað til 3. umr. með 8 atkv.

Frumvarp til laga um stofnun borgaralegs hjónabands og uppfræðslu barna í trúarefnum, þegar eigi hvorttveggja foreldra hafa þjóðkirkjutrú (C. 170); 3. umr.

Framsögumaður (Benidikt Kristjánsson): Nefndin hefir leyft sjer að gjöra nú við 3. umr. þessa máls breytingar við frv. þetta frá því, er það var samþykkt við 2. umr. Breytingar þessar (C. 176) snerta ekki efni frv., heldur eru þær orðabreytingar, sem miða til að koma glöggar orðum að meiningu frv. og til þess, að láta málið fara betur. Jeg veit, að deildinni eru eigi breytingar þessar með öllu ókunnar, þar sem jeg hlýt að ætla, að menn muni kannast við, að breytingarnar eru teknar, flestar þeirra að minnsta kosti, úr breytingartillögum nokkurra háttvirtra þingmanna, sem komu fram við 2. umr., en voru teknar aptur fyrir þá sök, að fyrsta breytingaratkv., sem innihjeldu efnisbreytingu, voru felld við atkvæðagr. Það er nú búið að ræða svo mikið um málið, að jeg álít eigi þörf að skýra það glögglegar, þar sem jeg hlýt að gjöra ráð fyrir því, sem sjálfsögðu, að deildinni sjeu ljósar þær ástæður, sem teknar hafa verið fram með og mót frv. þessu og sjerstaklega breytingum þeim, sem nefndin hefur ráðið til að gjörðar yrðu á frv. stjórnarinnar. Jeg skal að eins í fám orðum — og kannske með öðrum orðum en áður, — þótt það verði eigi nema ítrekun, taka fram skoðun nefndarinnar, þá skoðun, sem hefir ráðið breytingum þeim, sem hún hefur gjört. Nefndin gekk út frá því, að hjónabandið væri í eðli sínu borgaralegt, og sá því ekkert á móti því, að sú athöfn, sem það væri stofnað með, væri veraldleg, og þannig áleit nefndin sjálfa stofnun hjónabandsins ekki kirkjulega athöfn, heldur leit hún svo á, að kirkjan ætti þá fyrst að byrja að hafa afskipti af því, þegar *búið* væri að stofna það. Hjónabandið er borgaraleg tilskipun, sem, eins og allt, borgarlegt og ekki borgaralegt, á að helgast og fullkomnast fyrir krapt orðsins. En þegar þess er gætt, að hjer er einungis stungið upp á að leyfa undanteking frá hinni vanalegu kirkjulegu vígslu, ef þess að sjerstökum ástæðum yrði óskað af hjónaefnunum, þá vonast nefndin til að deildinni sje það ljóst, að nefndin hefir haft alla virðingu fyrir «tradition» kirkjunnar. Jeg hef áður tekið fram, að það er ekki tilgangurinn að leggja niður reglu, sem hefir átt og á sjer stað, ekki tilgangurinn að valdbjóða neitt, sem mönnum kynni að að vera ógeðfelt, heldur er tilgangurinn að leyfa undantekning, þegar þess yrði óskað af einstökun hjónaefnum, hvort sem nú væri af trúarkreddum eða af eðlilegri skoðun á málinu sjálfu; jeg held eigi, að það sje fjarstætt skyldu löggjafarinnar, að leysa eða losa um hnútana, sem leggja óeðlileg höpt á menn, þegar ekki er farið lengra en hjer er gjört, þegar eigi er hætt við hneykslí sökum vana-trúrækni eða af öðrum ástæðum. Jeg ætla að bezt sje að fara eptir því, sem eðli-

legast er, gæta hófs en forðast allt flas. Snúum okkur í þá stefnu, sem við álítum rjettasta, þar sem viðurkenning sannleikans er fyrir. Að öðru leyti læt jeg þess getið, að hjer er frá nefndarinnar hálfu eigi annað en lítilfjörleg viðleitni á að gefa ríkinu það, sem ríkisins er og kirkjunni það, sem kirkjunnar er, viðleitni til þess frá kirkjunnar hálfu að sleppa því, sem hún hefir haldið, en sem henni eigi ber eptir eðlilegu lögmáli.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg stend enn upp í þessu máli, þó jeg, eptir því, sem áður hefir farið fram, viti það fyrirfram, að það verði einungis mjer til óhugnaðar, en skrifurunum til þreytu. Það, sem fram hefir farið í þessu máli, hefur sýnt, að hjá meiri hlutanum hefir myndazt sterk sannfæring, sem hefir verið varin með miklu fylgi móti skoðunum minni hlutans. Jeg hef að mínu leyti barizt fyrir minni skoðun og haldið fram þeirri stefnu, sem jeg álít rjettasta og hollasta vera, en jeg verð með tilliti til ummæla hins h. framsögumanns (B. Kr.) í þessu máli hjer í salnum um daginn að mótmæla því, að jeg hafi í vörn minni glápt á stjórnina eða haldið fram hennar skoðunum; nei, jeg reyndi að byggja á þeim grundvelli, sem mjer fannst sannastur og rjettastur. H. framsögumaður lagði, að því er mjer heyrðist, áherzlu á það, að aðferð nefndarinnar væri stillileg og gætin. Mjer heyrðist hann segja, að nefndin hefði lagt alla stund á að gæta hófs, en forðast flas. Menn skyldu því halda, að þegar talað er svo, væri það svo að skilja, að nefndin hefði eigi ráðizt í neinar stórkostlegar breytingar á frv. stjórnarinnar, eigi stigið neitt stórkostlegt stig í stefnu, sem því væri gagnstæð og á grundvelli, sem því væri ósamþýðanlegur; en jeg vonast þó til þess, ef annars nokkuð tillit er tekið til þess, sem talað er með rökum, að deildinni, af því, sem jeg hef tekið fram við hinar fyrri umræðu þessa máls, sje orðið það fullljóst, að hjer er stigið stórkostlegt stig. H. framsögum. (B. K.) sagði, að nefndin hefði eigi viljað höggva of nærri kirkjunni, hún hefði, svo jeg taki mjer hans orð í munn, «viljað gefa kirkjunni það sem kirkjunnar væri, og ríkinu það, sem ríkisins væri». En hver er þessi ræða? Er hjer ekki tekið frá kirkjunni það, sem hennar er? Það er þó einmitt mergurinn málsins, að nefndin gjörir sig seka í því, sem hún segist forðast. H. framsögum. lagði áherzlu á, að hjónabandið væri borgaralegt, eða einungis borgaraleg athöfn. Jeg verð að leyfa mjer að mótmæla því, að svo sje. Eða hvað er borgaralegt? Sje það svo, að það sje það, sem mest snertir hið ytra í fyrirkomulagi þjóðlífsins, en sem lítið snertir trú, lítið snertir siðgæði; sje þetta svo, og jeg held að fáir muni neita því, þá fellur það ekki sem bezt saman við hjónabandið, hvað sem framsögumaður segir. Hjónabandið er gömul stofnun, gjörð eptir guðlegri fyrirskipun, það er minnzt á það í Gamla Testamentinu og einnig hinu nýja. Jeg veit, að h. framsögumaður ekki neitar því. Sjálfur Kristur segir, þar sem hann talar um hjónabandið: «hafið þjer eigi lesið?», o: í Gamla Testamentinu. Það er þá auðsætt, að hjer eiga við þau orð hans á öðrum stað: «Jeg er eigi kominn til að afţaka lögmálið, heldur til að fullkomna það». Eins og þannig hjónabandið hvílir á «religiös» eða trúarlegum grundvelli, og hefir þýðingu fyrir hið religiösa og siðferðislega, þannig hefir það í sannleika þýðingu fyrir hið kirkjulega og sjerstaklega hið siðferðislega líf. Hvernig getur þá framsögum. og nefndin sagt, að hjónabandið sje að eins borgaralegt? H. framsögum. mun nú, sjer og sínum málstað til stuðnings, vitna til kirkjuföðurs vors Lúthers. En jeg verð að taka það fram, að yfir höfuð verður maður, til þess að geta skilið rjett og dregið rjettar ályktanir, að gæta að sambandi því, sem hvert mál stendur í. Eins er hjer. Það verður að taka til greina samband það, sem orð Lúthers standa í. Þar sem hinn mikli kirkjufaðir nefnir hjónabandið verzlegt eða borgaralegt, þá stendur svo á því, að hann er að hefja mótmæli gegn páfatrúarmönnum, móti því að hjónabandið sje sakramenti. Hann er að mótmæla því, að páfakirkjan taki að sjer ótakmörkuð umráð yfir öllum samböndum manna. Hjónabandið er í eðli sínu bæði kirkjulegt og borgaralegt. Ríkið hefur því sitt að segja, kirkjan líka sitt; þess vegna verður, eins og framsögum. sagði, að gefa kirkjunni sitt, ríkinu sitt, eptir hinni algildu reglu: «Keisarans það keisarans er og guði hvað guðs er». En jeg býst við að framsögum. muni og kunna að segja, að hjónabandið hafi verið til, áður en kristindómurinn hófst, og það sje því ekki grundvallað á kristindómnum. Rjett er það. Það vitum við allir, að hjónabandið var til á

undan kristindómnum, hjá þeim þjóðum, sem vjer köllum heiðnar þjóðir, í fornöld. En — athugum þessar þjóðir. Voru þær án trúar, þótt yfir þær hefði eigi skinið ljós kristindómsins? Nei, þær höfðu trú, þótt ófullkomin væri. Og það vitum vjer, að fornþjóðirnar settu hjónabandið í náið samband við sína trú, og hví skyldum vjer þá eigi einnig, og það miklu fremur, setja hjónabandið í samband við vora fullkomnu kristnu trú? Orð hins h. framsögumanns: að gefa ríkinu það sem ríkisins er, geta að vísu skilizt svo, að hann þá einnig vilji gefa kirkjunni það sem kirkjunnar er; en helzt hefði jeg þó getið mjer til, að fyrir honum hefði vakað aðskilnaður ríkis og kirkju. En þó svo færi, að ríki og kirkja yrðu aðskilin, get jeg ekki sjeð, að ástæða sje til að álíta, að hjónabandið yrði að öllu leyti ríkisins, að það sje svo öldungis borgaraleg stofnun, að kirkjan hafi ekkert að segja. Þegar ríki og kirkja væri aðskilin, gæti jeg hugsað mjer tvær athafnir við stofnun hjónabandsins, aðra borgaralega, hina kirkjulega, en báðar jafn nauðsynlegar, jafn sjálfsagðar. ▲ H. framsögum. sagði enn fremur, að þetta frv. eins og það liggur nú fyrir frá nefndinni, gæfi að eins þeim kost á borgaralegu hjónabandi, sem sjerstaklega óskuðu þess. Jeg sje eigi, að hjer sje um neina slíka undantekning að ræða; hjer er *öllum* veittur ótakmarkað rjettur til að ganga í borgaralegt hjónaband, skilyrðislaust, og jeg er hræddur um, að þegar svona mikið er búið að losa um, þá muni þeir eigi verða svo fáir, sem noti tækifærið, og snúi sjer frá kirkjunni, og get jeg ekki skilið, að það á neinn hátt verði þeim til blessunar.

Jeg skal, til þess að sýna, hvert álit og helgi hjónabandið hafi haft hjer á landi, leyfa mjer í sambandi við ummæli því viðvíkjandi, sem jeg benti á um daginn, — leyfa mjer að tilfæra nokkur orð eptir merkan höfund. Í Kirkjurjetti vorum stendbls. 105: «enda er það mjög eðlilegt, að hjúskapurinn sje byrjaður hátíðlega, í nafni drottins, þar eð brúðhjónin verða, við að giptast saman, háð hvort öðru á óteljandi vegu, er engin veraldleg lög geta náð yfir». Á bls. 124 í sömu bók stendur: «Við hvert hentugt tækifæri eiga prestarnir að leitast við að innræta söfnuðum sínum virðingu fyrir hjónabandinu og hversu það sje heilagt». Jeg er alveg samdóma höfundi þessara orða, sem er hinn háttvirti yfirdómstjóri, eins og kunnugt er, og er jeg viss um, að framsögum. (B. Kr.) mun ekki kalla hann *eldsköruug*. Jeg veit að hinn háttv. höfundur hefur ritað svo sem hann reit af sannfæringu, og til þess að úlþýða hjónabandið og helgi þess eptir lögum kirkjunnar fyrir prestaefnum. Hvað það snertir, er framsm. talaði um að leysa bönd, sem legðu óeðlileg höpt á menn, þá verð jeg að mótmæla því, að það sje rjett að kalla hina kirkjulegu vígslu óeðlilegt hapt. Mjer heyrðist framsögum. enn fremur tala eitthvað í þá átt, að kirkjan ætti að skila því aptur, sem hún einusinni hefði — ef til vill með litlum rjetti — hrifsað til sín. Hjer er þá, að minni ætlun, verulegur misskilningur hjá framsögum. Kirkjan hefur ekkert hrifsað til sín af rjetti ríkisins, heldur víkur þessu þannig við, að *ríkið, valdstjórnin, hefir falið prestinum* að fremja hjónabandsathöfnina einnig frá hinni borgaralegu hlið. Það kemur meðal annars fram í þessu máli, sem opt hefir verið tekið fram, að prestarnir eru eigi einungis þjónar kirkjunnar, heldur jafnframt að ýmsu leyti umboðsmenn hins borgaralega yfirvalds, og jeg verð að ætla, að kirkjan hafi enga ástæðu til að afsala sjer þessu umboði, er engin kallar eptir því. Jeg verð enn að taka fram, að jeg þekki ekki þær raddir einstakra manna í þjóðkirkjunni, því síður heilla flokka eða safnaða, er heimti slíkt, er heimti að losast við hina kirkjulegu vígslu, þessa fögru og helgu athöfn, sem er svo samkvæm þeirri trú, sem vjer játum. Það getur heldur ekki verið annað en gleðilegt fyrir brúðhjónin, að standa frammi fyrir altari drottins á hinni alvarlegu og hátíðlegu stund og heyra þar lýst blessun yfir sig og fyrirtæki sitt. Það mættu vera undarlegar tilfinningar, sem gjörðu hjónunum þetta þungbært. Jeg skil þær ekki, og jeg verð að lýsa því yfir, að eins og jeg er ekki jafn hlynntur öllum *tilfinningum*, þannig get jeg ekki verið með þeim, sem vilja losa menn í þjóðkirkjunni við hina kirkjulegu athöfn. Hinn h. þm. Strand. (Á. E.) lýsti með fögrum og viðkvæmum orðum hjer í salnum um daginn þeim tilfinningum, sem hjónavígslan hefði vakið hjá honum, og hversu hann varð hrifinn við það tækifæri; en komist þetta frv. svo langt, að verða að lögum, hafa færri tækifæri til þess hjer eptir en áður að njóta sömu blessunar og hann af hjónavígslunni.

Úr því jeg stóð upp á annað borð, vil jeg minnast á breyt.till. þá, sem hjer liggur fyrir, þótt h. framsögum. hafi tekið af mjer mesta ómakið í því tilliti. Hann gat þess, að þær væru að mestu teknar eptir breyt.till. okkar 3 þm., er við gjörðum við 2. umr. málsins, en sem við tókum aptur af því, að við fundum ekki ástæðu til og höfðum enga hvöt að laga frv. í smærri atriðum, úr því aðalbreytingartillaga okkar var felld. Jeg greiði nú atkv. gegn frv., af því það fer allt öðru fram, en jeg get fallizt á; en ef jeg snerist einnig móti mínum eigin fyrri breyt.till., kynni að verða sagt, að það bæri ekki vott um mikla ræktarsemi; jeg mun því greiða atkv. með þessum breyt.till., og kann nefndinni þakkir fyrir það, að hún hefir tekið þær að sjer; sem fósturbörnum hennar veit jeg að þeim verður lífs auðið. Viðvíkjandi 1. breyt.till. skal jeg geta þess, að orðið *„um“* gjörir hvorki til nje frá. Meining nefndarinnar er auðsjen, þegar litið er á 1. gr.

Loks leyfi jeg mjer, að geta þess, með tilliti til þeirra ummæla h. framsögum. (B. Kr.), þar sem hann sagði við 2. umr. þessa máls, að jeg berðist með *„eldskörungum,“* er jeg nefndi ummæli nokkurra h. þm í Nd. 1877, að jeg bar alls eigi orð þeirra fram sem sönnunargögn fyrir sjálfu málinu, heldur kom jeg með þau til þess, að benda á, að öll líkindi væru til, að frv. þannig lagað ætti skömmu lífi og láni að fagna, ef það kæmist niður í Nd. Og hverjir eru svo þessir eldskörungar, sem framsögum. svo kallar? Það eru 4 eða 5 háttvirtir þm. úr Nd.; sumir sitja þar enn, sumir eru dánir; og svo er það loks hinn sálaði Sjálandsbiskup Martensen. Orð þessara manna hafði jeg tilfært, en til allrar hamingju nefndi jeg ekki nöfn þeirra, svo það getur ekki verið álitið svo, að það sje mjer að kenna, þótt skörungsnafnið, í þessari miður virðuglegu merkingu, skyldi festast við þá. Og að því er sjerstaklega snertir Sjálandsbiskup, þá er hann nú kominn undir græna torfu, svo nokkurn veginn vissa er fengin fyrir því, að ekki frjettir hann nafngiptina — þetta fagra nafn, sem honum hefir verið valið í h. Ed. á alþingi Íslendinga 1885. Mjer fyrir mitt leyti þætti bezt og þægilegast, ef jeg mætti ímynda mjer að þetta orð hefði hrotið h. framsögum. af vörum sem óviljandi gífuryrði. En að þessi ummæli h. framsögum. um hluttöku mína í hinum andlegu vopnaviðskiptum þinglífsins falli mjer fremur þungt, má nærri geta, þar sem hann er embættisbróðir minn, og miklu eldri og vanari þm. en jeg. Honum hlýtur því að vera til þess trúandi, að gjöra greinarmun á því, hvort barizt er með svörtum eldskörungum eða andans fáguðu vopnum.

Jakob Guðmundsson: Jeg hef ekki talað mikið um þetta mál hjer á þinginu enn sem komið er. Við 2. umr. þess drap jeg að eins með fáum orðum á, að mjer væri það kunnugt, að sumum mönnum þættu nokkuð óviðfelldnar sumar þær setningar, er prestum væri gjört að skyldu að lesa fyrir brúðhjónunum við hjónavígsluna. Hinn hæstv. landsh. minntist nokkuð á þessi orð mín við aðra umr., og þótti það undarlegt, að jeg skyldi bera það hjer fram, að sumir jafnvel hneyksluðust á sumum þeim orðum, er lesin væru við hjónavígsluna. Hann sagði á þá leið, að jeg mundi varla geta komið með það sem ástæðu móti frv., þótt aðrir hneyksluðust á þessum orðum, svo framarlega sem jeg ekki hneyksla ðist á þessum orðum sjálfur. Það, sem jeg tók fram í þessu efni, var blátt áfram það sem jeg hafði heyrt aðra tala; jeg fór ekkert út í það þá, hvort jeg hneykslaðist á nokkru við hjónavígsluna eða ekki, og fer ekki enn út í það. Jeg tók orðum hæstv. ldsh. með rólegu jafnaðargeði, með því mjer er jafnljúft að vera skriptasonur eins og skriptafaðir, því jeg gat ekki skilið hin hógværu ummæli ldsh. á þá leið, að honum virtist ummæli mín hjer í nokkurn máta mjer óverðug sem presti. Þessi ummæli hæstv. ldsh. hafa heldur ekki breytt neitt atkvæði mínu í þessu máli, því jeg mun enn sem fyr greiða atkvæði með frv. nefndarinnar. En með því jeg enn ekki hefi tekið greinilega fram ástæður mínar fyrir því, hvers vegna jeg hefi stutt og vil styðja að því, að frv. þetta gangi fram hjer í deildinni, þá vil jeg nú gjöra það með fáum orðum og rökstyðja þannig mitt atkvæði.

Af andmælendum viðbótar nefndarinnar hefur heyrzt sú ástæða móti viðbótinni, að eigi hafi heyrzt raddir utan af landinu, er óskað hafi slíkra ákvarðana. Þessar raddir hefi jeg heldur ekki heyrt; en einmitt af því að jeg ekki hefi heyrt þessar raddir, en þær á hinn bóginn geta hafa komið fram fyrir því, þá fannst mjer rjettara og heppilegra, að þessi fámenna deild ekki felldi þessar ákvarðanir burtu, en leyfði málinu

að komast niður í hina fjölmennari neðri deild, sem eðlilega betur getur opinberað þjóðarviljann að því leyti sem hún er $^2/_3$ hlutar þingsins, þó jeg hafi ekkert tillit til þess, að hjer í deildinni eru ekki nema $^1/_6$ hluti hinna þjóðkjörnu þingmanna. Einmitt af því jeg er í vafa um, hvort slíkar raddir hafi komið fram, eða hvort þjóðarviljinn er með eða móti þessum ákvörðunum, vil jeg að málinu sje hleypt niður í hina fjölmennu neðri deild, því að ef hún verður á móti þessum ákvörðunum, þá er það skýr vottur þess, að málið er enginn þjóðarvilji, en verði hún með þeim og lögleiði þær, þá er meiri ástæða til að halda, að þjóðarviljinn sje fyrir þeim. Fallist h. Nd. ekki á þetta frv., þá getur ekki hjá því farið, að hún taki upp frv. stjórnarinnar með einhverjum lítilfjörlegum breytingum, því aðalatriðið er þó það, að þeir, sem utan þjóðkirkju eru, fái að njóta þeirra rjettinda, sem stjórnarfrv. veitir. Á slíkt frv. mun jeg þá fallast með ljúfu geði. Jeg þykist þá hafa sýnt fram á, af hverjum ástæðum jeg greiði atkvæði með því að þetta nefndarfrv. fái að komast hjeðan til Nd.

Ásgeir Einarsson: Jeg ætlaði mjer ekki að tala meira í þessu máli, en jeg gjörði hjer á dögunum; en síðan hefur komið nýtt atriði fyrir, sem kemur mjer til að láta enn í ljósi skoðun mína á þessu máli. Þetta atriði er það, að nafnakall var við haft um frumv. í heild sinni við 2. umr. Af nafnakallinu sjer þjóðin, hverjir hafa verið með og hverjir mót. Þegar menn nú sjá mitt nafn meðal þeirra, er vilja hafna breytingunum í þessu máli, þá get jeg ímyndað mjer, að margir, sem frjálslyndir þykjast vera, muni segja á þessa leið: «Nú er gamli Ásgeir orðinn barn aptur, að hann skuli ganga í hinn ófrjálslegri flokkinn og neita svo miklu frelsi í kirkjulegum efnum», frelsi, sem kannske er undirstaða þess mikla frelsis, sem nú er verið að skrifa svo mikið um. Mjer þykir leitt að þurfa að segja, að jeg hneykslast á því, að þessir ágætu guðfræðingar, sem mest hafa talað í þessu máli, skuli ekki geta orðið á eitt sáttir um það, hvort hjónabandið er kirkjuleg athöfn eða eingöngu borgaraleg athöfn. Jeg álít mig, því miður, ekki færan um að greiða þetta prætuefni; en að kirkjan hljóti að hafa hjer meira en minna að segja, virðist mjer ljóst af þessum orðum: «Það, sem guð hefur samtengt, má maðurinn ekki sundurskilja».

Jeg get ekki haft aðra meiningu, en þá, að kærleikur hjónanna eigi að byggjast á guðs kærleika, eigi að vera samtengdur af hinum eilífa kærleika. Allt á að vera hjónunum sameiginlegt; hvort sem það er sorg eða gleði, meðlæti eða mótlæti, sem mætir þeim, þá eiga þau að njóta þess eða bera það sameiginlega. Á dögum gleðinnar og meðlætisins eiga hjónin að vera með einum anda í að þakka guði fyrir lánið, sem hann veitir þeim, og biðja hann að halda þeim vakandi, svo þau ofmetnist ekki og gleymi honum ekki, sínum skapara. Á dögum sorgar og mótlætis þurfa þau ekki síður að sameina sínar bænir til guðs um náð og styrk til að bera krossinn, um þolinmæði í mótlætinu. Slík andleg sameining og hluttaka hinna elskandi hjartna hefur eptir fyrirheiti meistara vors óendanlega blessun í för með sjer, því hann hefur sjálfur sagt: «Þar, sem tveir eða þrír eru saman komnir í mínu nafni, þar vil jeg vera mitt á meðal». Er hjónabandið þá utan við kirkjuna? Ekki sýnist frelsari vor álíta, að hjónabandið eigi ekkert skylt við kirkjuna, því þegar hann tekur fram sinn brennandi kærleika til kristni sinnar, tekur hann einmitt samlíkingu af hjónabandinu. Hann kallar sjálfan sig brúðguma, en kristnina brúði. Jeg get með engu móti fallizt á þeirra skoðun, sem segja, að hjónabandið sje eingöngu borgaralegt, því það er vissulega fullt eins kirkjulegt sem borgaralegt. Kristilegt hjónaband er undirstaða undir velferð fjelagsins. Hjónin eiga að upp ala börn sín. Veiti þau þeim kristilegt uppeldi, þá blessast fjelagið; uppali þau börnin ókristilega, vanblessast fjelagið; það sýkist þá og ruglast. Það er undarleg kenning, já, í mínum augum háskaleg kenning, sem segir, að rjett sje, að þeir, sem eitthvað þykjast hafa á móti guðsorði, er flutt er í kirkjunni, verði undanþegnir því með lögum að sækja guðs hús. Þeim, sem gæta eiga guðs hjarðar á jörðinni, er þó kenning þessi sjer í lagi ósamboðin. Að segja, að þeir, er vilja vera lausir við að ganga í kirkju og heyra guðs orð, skuli láta það vera, þeir geti í því efni hagað sjer eins og þeim gott þyki, er sama sem að segja að kirkjan sje til einungis fyrir hina guðræknu, en ekki fyrir hina trúardaufu eða trúarlausu, en jeg held sannarlega að hún sje og eigi að vera fyrir báða, því hún er eptir eðli sínu *hjálpræðis*meðal, sem guð hefur stofnað hjer á jörð-

unni. Hverjir þurfa nú hjálparinnar við? Eru það hinir heilbrigðu eða hinir sjúku, hinir rjettlátu eða hinir ranglátu? Þessu þarf enginn ófullkominn, dauðlegur maður að svara. Kristur, höfuð kirkjunnar, segir sjálfur: «Heilbrigðir þurfa ekki læknis við, heldur þeir, sem sjúkir eru», og enn segir hann: «Jeg er ekki kominn til að kalla rjettláta heldur rangláta til apturhvarfs». En með hverju kallar hann oss? Með orði sínu, sem hvergi er betra tækifæri til að heyra, en í kirkjunni, guðs húsi. Mun þá rjett að gefa mönnum tækifæri til að koma aldrei í kirkju? Eru óhugsanlegar tvær manneskjur, er lifað hafi eins og án guðs í heiminum? Það dettur víst engum í hug. Ef þessar persónur skyldu vera maður og kona, er vildu eigast, mundu þau þá eptir að þessi lög eru út komin fremur innganga kirkjulegt eða borgaralegt hjónaband? Jeg tel víst þau tæki það síðara. Ef þessi lög þar á móti ekki væru til og þau neyddust til að taka kirkjulega vígslu, er það þá óhugsanlegt eða ómögulegt, að þau fari burtu úr kirkjunni aptur með guð í hjartanu, brennandi löngun eptir hans náð, og bæn um, að hann vilji vera með þeim í heiminum, og að þau megi verða með honum í himninum? Sje þetta ekki óhugsanlegt, þá er það hugsanlegt; sje það eigi ómögulegt, þá er það mögulegt. Mjer liggur því við að segja, að hjer sjeu menn að rembast við að hafa fram lög, sem, ef til vill, úti loki marga frá guðs ríki! Hver veit, hvenær eða við hvaða atvik maðurinn snýst frá illu til góðs? Það eru margar sannar sögur um það, að fá orð og smá atvik hafi snúið syndaranum frá villunni til sannrar iðrunar og apturhvarfs. «Veit maður, hvenær haninn galar», og samvizkan í brjósti syndarans, og frelsarinn á andlegan hátt lítur til syndararans og verkar iðrun hans og apturhvarf? Jeg held því föstu, að fá tækifæri muni vissari og betri, til að vekja þverbrotnar persónur til að hugsa um sitt sálarástand, og leiða þau á rjetta leið, en hjónavígslan. Presturinn getur og, ef hann þekkir þessar persónur, valið þau orð heil.ritingar til ræðuefnis, er bezt við eiga, og honum þykja kröptugust til að mola steinhjörtun, og blíðust, til að laða þau að guði. En yfir höfuð að tala getur enginn dauðlegur maður dæmt sinn bróður, eða bent á einn vissan, og sagt: «Þú ert maðurinn». Hver vill taka metaskálarnar úr hendi þess, sem einn rannsakar hjörtun og nýrun, og segja: «Þarna er hann». Margir álíta, að kirkjurækni sumra sje ekki guðrækni; þetta dirfist jeg fyrir mitt leyti ekki að segja. Jeg er kirkjurækinn, einmitt af því, að jeg vil leitast við að vera guðrækinn. Jeg tel kirkjuræknina afleiðing af guðrækninni, eins og verkin eru talin afleiðing af trúnni.

Af því jeg ímynda mjer, að sumir kynnu að hafa gott af því, — hver þekkir alla vegi hins góða hirðis, að leiða hina frávilltu sauði; jafnvel ein býfluga hefur orðið verkfæri til að vekja guðlausan syndara til iðrunar og apturhvarfs, — vil jeg að síðustu lesa upp nokkur orð, sem spámaðurinn Haggai talar í drottins orða stað, um kirkjurækninа. Hann segir: «Þjer sáið miklu, en «safnið litlu; þjer etið, en verðið þó eigi «saddir; þjer drekkið, en verðið þó eigi af-«þyrstir; þjer klæðið yður, en verðið þó ekki «varmir; þó einhverjum yðar græðist fje, þá «er sem hann láti það í götótta pyngju ... «Þjer væntið mikils, en fáið lítið í aðra «hönd, og þó þjer flytjið það heim, þá blæs «jeg það í burt; og hvers vegna? segir «drottinn allsherjar vegna míns húss, sem «þjer látið standa í eyði» (Hagg. 1, 6 og 9.).

Jeg ætla svo ekki að tala meira í þessu máli. Allt, sem jeg hjer hefi sagt, hefi jeg talað af frjálsri hjartans sannfæringu minni; það verður líka mín eina líkn, hafi jeg farið villt í þessu máli, og líka þeirra, sem hafa verið á gagnstæðri skoðun, hafi þeir farið eptir sannfæringu samvizku sinnar, og eiði þeim, er þeir hafa unnið að stjórnarskránni, þá eru þeim til afsökunar þessi orð Krists, þegar hann var nelgdur á krossinn: «Faðir, fyrirgef þeim, því þeir vita ekki hvað þeir gjöra».

Benidikt Kristjánsson: Jeg ætlaði mjer ekki að tala meira, en þegar jeg sje, að menn enn misskilja frv. og stefnu nefndarinnar, þá verð jeg enn að sýna fram á hið sanna. Jeg bjóst sannarlega ekki við að menn litu svo á þetta frv., að það tæki til alls hins trúarlega og kirkjulega lífs; þessvegna get jeg með engu móti skilið, hvað þm. Strand. (Á. E.) er að fara, þegar hann er að tala um, að það miði til að spilla trúrækni og kirkjurækni. Þó nú þm. Strand. (Á. E.) líti svona á þetta mál eða þessi marg-umræddu atriði frv., þá vona jeg að aðrir sjái, að nefndin hefur ekki viljað loka kirkjudyrunum fyrir neinum manni. Þetta frv. snertir því alls ekki trú- og kirkju-

rækni. Það er að eins þetta eina atriði, sem nefndin vill láta mönnum frjálst: hún vill að menn geti kosið, hvort heldur menn vilja, kirkjulega eða borgaralega hjónavígslu. Nefndin gjörði sannarlega ráð fyrir hinni kirkjulegu vígslu sem aðalreglu.

H. 6. kgk. þm. (H. Sv.) sagði, að kirkjan ætti virkilega að hafa rjett til að tala með í hjúskaparmálum. Jeg neita því ekki. Hún hefur líka sannarlega rjett til að tala með. Hún verður að gefa öll hjón saman, sem óska þess eptir landslögum, og henni ber að vaka yfir hverri sál, helga og blessa hjónin, eins og hvern einstakan og fjelagið allt. En kirkjan fær nú sem stendur líka að tala með, þar sem hún, að minni meiningu, helzt ætti ekki að tala með Hún er bendluð við lagaþras, prætur og deilur milli hreppa o. s. frv. Það ætla jeg þó ekki kirkjulegt, að láta slíkt hvíla á þjónum kirkjunnar. — Þar sem h. 6. kgk. þm. (H. S.) sagði, að jeg hefði sagt, að kirkjan hefði hrifið til sín vald, sem henni ekki bar, heldur heyrði undir framkvæmdir ríkisins, þá er það ekki annað en hreinn og beinn misskilningur á orðum mínum. Það lá alls ekki í þeim neitt slíkt, er hugsanlegt var að gæti gefið ástæðu til slíks skilnings. Jeg hafði alls ekki gjört mjer hugmynd um slíkt, heldur lá það miklu fremur í huga mínum, að ríkið hefði fengið kirkjunni í hendur þennan rjett eða hlutverk, sem ekki væri hennar. Þeir, sem talað hafa móti þessu frv., segjast ekki hafa látið mótmæli sín móti nefndinni í ljósi að eins af því, að ákvarðanir hennar væru óheppilegar í sjálfu sjer, heldur af því, að landsmenn hefðu enn ekki látið í ljósi óskir sínar um að fá þeim lögum breytt, er binda hjónabandið við hina kirkjul. vígslu. Þetta getur verið mikið rjett frá almennu stjórnarmiði, þegar lögin ná til allra, og setja reglu, sem allir eiga að fara eptir. En það á sjer hjer ekki stað. Það er langt frá, að nefndin hafi viljað troða upp á menn neinum breytingum á þessum lögum. Frv. segir að eins: Þjer megið fá borgaralegt hjónaband, *ef þjer viljið* og *kjósið* það fremur en kirkjulega hjónavígslu. Jeg held jeg hafi því rjett til að segja enn að nýju, að nefndin hafi ekki komið með neinar stórvægilegar breytingar; hún hefur að eins viljað losa óeðlileg höpt. Hvað því við víkur, að hjónabandið sje guðleg stofnun, þá skal jeg ekki neita því, að svo sje í vissu tilliti og vissum skilningi, því eptir Gamla Testamentinu skipaði guð hjónabandið; en það er að gætandi, að þá voru vorir fyrstu foreldrar ekki fallnir. Að Kristur og kristindómurinn bjóði hjónabandið, held jeg fari fjarri, en Kristur og kristindómurinn gjörir jafnan ráð fyrir því sem á sjer stað í mannlífinu. —Skal jeg svo ekki tala meira um þetta mál, en að eins láta í ljósi gleði mína yfir því, að h. þm. Strand. (Á. E.) hefur fundið svo mjög til ágætis hjúskaparins; en hefði líka mátt taka það fram, að það sem sannur kristilegur kærleikur verkar og vekur í hjónabandinu, það verkar hann líka og vekur í hverri annari sambúð og samfjelagi. Hann gjörir hverja sambúð, hvert fjelag ágætt.

Forseti áleit, að nóg væri búið að ræða þetta mál, og bar upp, hvort umr. skyldi hætta; var það samþykkt.

ATKVGR.: Breyt.till. 122 (C. 176) 1. tl. samþ. með 6 atkv., og hinir töluliðirnir allir, 2.—7., samþ. hver um sig með 8 atkv.

Frumv. í heild sinni með áorðnum breytingum var samþ. með 6 atkv. gegn 5, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu *já:* B. Kristjánsson, E. Ásmundsson, Jakob Guðmundsson, Jón Pjetursson, S. Árnason, S. Þorvarðarson; en *nei:* H. Sveinsson, M. Stephensen, Á. Thorsteinsson, Á. Einarsson, L. E. Sveinbjörnsson.

— Var málið síðan afgreitt til Nd.

Frumv. til laga um helgi lands fyrir ágangi af skepnum (C. 144); *3. umræða*

Um frv. urðu engar umræður og var þá gengið til atkvæða um breytingartillögurnar.

Breyt.till. nr. 116 (C. 171) við 1., 3. og 4. gr. var samþ. hver um sig með 10 atkv. Frv. með áorðnum breytingum var samþykkt með 10 atkv. og kvað forseti það mundi verða sent til forseta neðri deildar.

Frumv. til laga um skipun nefndar til að ræða kirkjumál (C. 160); 2. umræða.

Framsögumaður (Benidikt Kristjánsson): Af því að engin mótmæli hafa komið fram móti frv. þessu, þá þarf jeg eigi að tala langt um það; jeg hef líka áður skýrt frá ástæðunum fyrir frv. þessu. Jeg gjöri mjer í hugarlund, að hin fyrirhugaða nefnd, ef þingið staðfesti lög um hana, og legði fje

til kostnaðar við hana, mundi geta komið töluverðu góðu til leiðar, þótt vinnutími hennar yrði eigi lengri en fimm vikur. Jeg gjöri ráð fyrir að fjarlægir nefndarmenn kæmu hingað með gufuskipinu, í júlí, og færu aptur síðast í ágúst, og gætu þeir þá, eptir núgildandi póstskipsáætlun, haft hjer 5 vikna setu. Jeg veit eigi, hvort það ætti við, að h. deild kæmi fram með tillögur um, hversu miklu fje skyldi varið handa þessari nefnd; en að öllum líkindum hygg jeg að það fje mundi verða fyrir neðan 4000 kr., þótt gjört sje ráð fyrir eins miklum ferðakostnaði og eins háum fæðispeningum eins og alþingismenn hafa.

Landshöfðingi: Jeg get eigi sjeð, að skipun þessarar nefndar sje nauðsynleg. Þessi nefnd á að hafa það einkennilegt við sig, að hún á að vera skipuð með lögum, en hingað til hefur það þótt nóg, að stjórnin setti slíkar nefndir eptir áskorun þingsins. Jeg get eigi sjeð nokkra nauðsyn á þessari nefnd, því að kirkjumál geta sem önnur mál komizt á alþing vort, án þess að lögskipuð nefnd þurfi til að undirbúa þau. Ætlunarverk þessarar nefndar er einnig mjög óákveðið og yfirgripsmikið; það er sagt, að nefndin eigi að ræða, og gjöra uppástungur, um endurbætur á stjórn þjóðkirkjunnar, lögum, og fjemálum hennar. Hjer er ekki bent á, í hvaða stefnu nefndin á að ganga, eða, hverjar uppástungur hún eigi að gjöra, og hún á því að finna þær út sjálf. Engar líkur eru heldur til, að stjórnin leggi mál fyrir þessa nefnd, til meðferðar, heldur fyrir þingið, eins og hingað til. Nefnd þessi mundi heldur eigi hafa lítinn kostnað í för með sjer, þótt hann gæti orðið ef til vill minni en h. flutningsm. (B. Kr.) gjörði ráð fyrir. Nefndin gæti ef til vill orðið skipuð að eins 3 mönnum; ef hjeraðsfundir t. d. á öllu landinu kysu hina sömu menn, þá yrði nefndin eigi skipuð nema 2 mönnum, auk biskupsins hinum 3. Ef kosnir yrðu 3 eða 4, yrðu í nefndinni 4 eða 5, en af þessu muni kostnaðurinn að sönnu verða minni. Jeg vildi drepa á þetta, til að sýna bæði, að nefndin ef til vill, kostaði eigi svo mikið, og að það gæti átt sjer stað, að hún yrði eigi eins fjölskipuð, eins og ætlazt er til. Þótt þessi nefnd verði skipuð, hygg jeg að árangur hennar verði lítill, jafnvel þótt hún vær skipuð 9 mönnum. Starf hennar og allt ætlunarverk er einnig, eins og jeg tók fram, í lausu lopti. Það var ekkert á móti því, að láta þetta mál ganga til 2. umr, en nú álít jeg það orðið nógu gamalt, og ætti því að stytta því aldur, og láta það eigi lifa lengur.

Framsögumaður (Benidikt Kristjánsson): Jeg hef heyrt á ummælum h. landshöfðingja, að honum geðjast eigi að frv., en þó hef jeg eigi verið svo lánsamur, að geta orðið honum samdóma, og álít því eigi rjett, að stinga því þegjandi í vasa minn aptur, en það er á valdi hinnar h. deildar, hvað hún gjörir við það. Jeg get búizt við hvorutveggju, bæði að hún álíti það nógu gamalt, og vilji því slátra því, eða þá að hún vilji leyfa því að proskast betur og lifa. Það er að vísu satt, að það eru nokkur nýmæli, að nefndin skuli eigi vera konungleg eða skipuð af stjórninni; en ef svo væri, væri nefndin eigi rödd frá söfnuðunum eða þeirra hálfu. Um ætlunarverk nefndarinnar er að sönnu eigi fastákveðið, en nefndin getur varla verið í vafa um, hvað hún eigi að starfa; tillögur og vilji safnaðanna gætu komið þar fram, og hún athugað þær. Þessu vildi jeg að lögin gætu eigi aptrað. Yfir höfuð vildi jeg, að nefndin hefði frjálsar hendur, og að löggjafarvaldið dragi ekki úr hinu frjálslega fyrirkomulagi og störfum nefndarinnar. Hvað sem nefndin gjörði, vonast jeg þó eptir, að það væri rödd safnaðanna, og vil með gleði gefa mig undir þá rödd, þótt það jafnvel kostaði nokkra sjálfsafneitun. Þar sem h. ldsh. gjörði ráð fyrir minni kostnaði, en jeg gjörði, þá er að sönnu eigi með öllu hægt að neita því, að frv. kann að vera svo óljóslega orðað, svo að skilja megi svo, að hjeraðsfundir yrðu samtaka í því, að kjósa eina 2 menn fyrir alla fjórðunga landsins; en eptir anda frv. er meiningin sú, að hver hjeraðsfundur innan hvers ákveðins fjórðungs kysi 2 af íbúum landsfjórðungs síns, og kæmi þá fram hin rjetta tala. Mjer þykir líka mjög ótrúlegt, að þeir kysu utanfjórðungmenn, en það er hæðarleikur að lagfæra það í frv., svo ekki þurfi að kvíða því, að allir hjeraðsfundirnir kysu eigi 2 hina sömu menn.

— Síðan var gengið til atkæða og fjellu þau svo, að 1. gr. var felld með 7 atkv. móti 4; var nafnakall haft og sögðu þessir

nei:

Hallgrímur Sveinsson,
Magnús Stephensen,

Árni Thorsteinson,
Ásgeir Einarsson,
Jón Pjetursson,
L. E. Sveinbjörnson,
Skúli Þorvarðarson.

Já sögðu:

Benidikt Kristjánsson,
Einar Ásmundsson,
Jakob Guðmundsson,
Sighvatur Árnason,

Þar með var allt frv. *fallið*.

Frumvarp til laga um aðflutningsgjald af kaffi, kaffirót og alls konar sykri, og um afnám ábúðar- og lausafjárskatts og útflutningsgjalds af fiski og lýsi, að frátekinni síld (C. 163); 1. umr.

Flutningsmaður (*Jakob Guðmundsson*): Þingd. er kunnugt, að fyrir þingið eru komnar óskir um afnám ábúðar- og lausafjárskatts. Flestum hlýtu að þykja ísjárvert, að afnema þessar tekjur landssjóðsins, ef menn eigi setja neitt í stað þeirra, svo að landssjóður missi eigi í við það. Þess vegna verður að hugsa um, hvað á að koma í staðinn. H. deild er kunnugt, að þetta mál liggur fyrir í Nd., en ráðin til þess að útvega landssjóðnum eitthvað í stað ábúðar- og lausafjárskattsins eru þar allt önnur, en þau, sem jeg kem nú fram með. Ráð Nd. er að útvega landssjóðnum eigi meira en helming þess, er hann missir við afnám ábúðar- og lausafjárskattsins; og er það *ein* ástæðan til frv. þessa, sem á að reyna að koma með ráð mót því.

I frv. þessu er eigi að eins farið fram á afnám ábúðar- og lausafjárskattsins, heldur og afnám útflutningsgjalds af fiski og lýsi, og sprettur það af því principi, að það er óeðlilegt, að leggja útflutningsgjald á vörur, sem fram leiðast í landinu sjálfu, en miklu eðlilegra, að leggja toll á aðfluttar en útfluttar vörur, og er það regla allra hagsýnna og menntaðra þjóða. Þær leggja helzt útflutningsgjald á þá vöru, sem þeim er skaðlegast að missa og flytja út; en eðlilegast er að leggja gjald á þá innfluttu vöru, sem er ónauðsynlegust eða ofmikið brúkað af. -- Ráðin til að útvega landssjóðnum jafnmikið fje eru eindregin, því að eptir verzlunarskýrslum hin síðustu ár nægir þessi tollur fullkomlega. Ábúðar- og lausafjárskatturinn er nú í fjárlögunum 30,000 kr., útflutningsgjaldið af fiski og lýsi að meðtalinni síld 36,000 kr.; en af síldinni hefur í undanfarin 3 ár að meðaltali útflutningsgjaldið verið 19,000 kr., en að eins 17,000 af fiski, en eptir frv. verður aðflutningsgjaldið yfir 68,000 kr., en þegar þar frá drag-2% í innheimtulaun, þá verða eptir um 67,000 kr.. Jeg vonast eptir að h. deild skilji stefnuna í frv., og þótt þetta frv. sje ólíkt frv., sem komið hefur fram í Nd., vonast jeg þó til, að h. deild láti frv. ganga til 2. umr., og ef svo langt kæmist, að frv. Nd. kæmist upp í Ed., að bæði frv. væru þá borin saman og ástæðurnar fyrir þeim báðum athugaðar. Bæði frv. ganga í þá sömu stefnu, að afnema ábúðar- og lausafjárskattinn, en frv. hjer fer að eins lengra, með því að stinga upp á að afnema útflutningsgjald af fiski; en af þessu hvorutveggja sjest, að þetta er ósk og vilji almennings, enda bera þær fundarsamþykktir, sem þinginu hafa borizt víðsvegar af landinu, órækan vott um það. H. deild hlýtur því að hlynna að *þessari* ósk landsmanna, en um leið að vilja hvað skynsamlegast virðist, til að útvega fje í landssjóðinn aptur og bæta upp missi hans. Jeg ætla því eigi að ræða lengur um þetta mál að sinni, en vonast eptir að h. deild lofi því til 2. umr.

Magnús Stephensen: Af þeirri ástæðu sem flutningsm. (J. G.) tók fram, að tvö frumv. í þessa stefnu væru á leiðinni, þykir mjer heldur snemmt að ræða þetta frv. nú, heldur færi betur að láta það bíða, og ræða frumvörpin síðan bæði tvö saman. Með því að samþykkja þau sitt í hvoru lagi, væru mynduð tvenn lög um sama efni. Menn tala opt um þjóðviljann, jafnvel þótt menn geti efast um hann, ef menn eru eigi því kunnugri; en það er víst eigi efamál, að það er þjóðarvilji, að losast við ábúðar- og lausafjárskattinn, því að allir menn eru svo, að þeir vilja losast við skatta. Þetta frumv. dembir á nýjum skatti, sem kemur niður, ekki einungis á þeim, sem losast við ábúðar- og lausafjárskattinn, heldur leggst einnig á aðra skattgjaldendur, sem ekki eru losaðir við neinn skatt, er fyrir er. Þessi ósamkvæmni, þessi ónærgætni við stóran flokk af skattgjaldendum: að demba á þá nýjum álögum, til þess að geta losað aðra skattgjaldendur undan þeirra álögum, er sá galli á frv., er gjörir það í mínum augum óaðgengilegt, eins og það er. Jeg vil samt eigi leggja það til, að frv. sje nú þegar fellt,

heldur hitt, að kosin sje 5 manna nefnd, sem íhugi, hvor stefnan, hjer eða í Nd., er betri, en jeg kann eigi við, að þau sjeu rædd sitt í hvoru lagi. Sú nefnd ætlast jeg því til að taki við frv. Nd., þegar það kemur til þessarar deildar.

Árni Thorsteinsson: Jeg er mótfallinn nefnd, og vil helzt fella frv. strax. Þá hefur maður frjálsari hendur, þegar frv. um afnám ábúðar- og lausafjárskatts og að líkindum um útflutningstoll, kemur frá Nd., Starfi nefndar í þessu máli yrði alveg árangurslaus, ef maður aðhyllist frv. frá Nd. og gæti þá komið fyrir, að nefndin væri búin að verja til þess allmiklum tíma, einkum við útreikninga og undirbúning á málinu, en það tekur langan tíma. Jeg vil því helzt leggja til, að þm. (J. G.) taki frv. aptur, eða að öðrum kosti, að það verði fellt.

Sighvatur Árnason: Jeg ætla ekki að tala margt að þessu sinni, en álít bezt eins og 3 kgk. (M. St.) stakk upp á, að nefnd sje sett í málið, en nefndin fari ekki að starfa, fyr en frv. Nd. er komið, sem þá yrði að líkindum vísað til nefndarinnar í þessu máli Úr því að menn eru farnir að taka fyrir þessi tollamál, hvert af öðru, þá verð jeg að segja, að þetta frv. er næst geði minu, sjer í lagi ef það fengi nokkrar breytir í þá átt sem mjer hefir komið til hugar.

L. E. Sveinbjörnson: Af því, að það var nú þegar sagt, sem jeg ætlaði að segja, skal jeg að eins leyfa mjer að mæla með nefnd.

— Síðan var uppástunga um að kjósa nefnd og fresta 1. umræðu samþykkt með 6 atkv. Þessir hlutu kosningu:

Magnús Stephensen með 8 atkv.
Einar Ásmundsson — 7 —
Sighv. Árnason — 7 —
Árni Thorsteinsson — 6 —
Benidikt Kristjáns. — 6 —

Seytjándi fundur, þriðjudaginn 21. júlí, kl. 1 e. m. Allir á fundi.

Frumv. til laga um verzlun lausakaupmanna annarstaðar en á löggiltum höfnum (C. 177); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. umræðulaust samþ. með 10 atkv. og sent Nd.

Frumv. til laga um stækkun verzlunarstaðarins á Seyðisfjarðaröldu (C. 157); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. orðalaust samþ. í einu hljóði, og afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

Frumv. til laga um prentsmiðjur (C. 172); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu umræðulaust vísað til 2. umr. með 10 atkv.

Tillaga til þingsályktunar um að mæld verði uppsigling á Hvammsfjörð (C. 172); 1. umr.

Flutningsmaður (Jakob Guðmundsson): Jeg hafði leyft mjer að gjöra breytingu við tillögu þessa um að mæld verði uppsigling á Hvammsfjörð, sem h. Nd. nú hefur sent aptur til þessarar deildar. Breyt.-till. mín (C. 195) varð of naumt fyrir, þar sem henni var útbýtt fyrst nú, svo hún kemst naumast til umræðu, nema þingd. vilji svo vel gjöra að leyfa það. Nd. hefur bætt inn í tillögu mína um mæling á Hvammsfirði tillögu um að einnig verður mældur Húnaflói, sjerstaklega með tilliti til hafnarstæða við Borðeyri o. s. frv. Í sjálfu sjer hefi jeg ekkert á móti þessari breyt.till. Nd., en hún kemur fram á miður hentugan hátt. Fyrirsögn tillögunnar frá Nd. samsvarar alls ekki sjálfri breyt.till. þessar deildar, þar sem hún bætir inn í tillöguna Húnaflóa m. m., en lætur þó hina upphaflegu fyrirsögn halda sjer. Svo hefur Nd. sleppt úr tillögunni, sem hjer var samþ., því atriði, að mælingin skyldi hafa sjerstakt tillit til gufuskipa; en jeg álít það þýðingarminna, þó þessu um gufuskipin væri sleppt. Jeg hafði tekið tillöguna rjett eins og hún var samþ. á þinginu í hitt eð fyrra, og hefi nú leyft mjer að breyta henni aptur í sama horf. Jeg vona h. þingd. leyfi breyt.till. þessari að komast að, og samþ. hana.

Magnús Stephensen: H. flutningsm. (J. G.) gat þess, að í Nd. hefði svæði það, sem hin upphafleg tillaga til þingsályktunar náði yfir, stækkað, með því bætt hefði verið inn í hana ályktun um mæling á Húnaflóa m. m., og hann tók það einnig fram, að Nd. hefði ekki breytt fyrirsögninni samkvæmt þessari viðbót. Mjer skildist svo, sem h. flutningsm. (J. G.) segði, að hann

ætlaði að bæta úr þessu eða hefði bætt úr því. Þetta get jeg þó ekki sjeð að hann hafi gjört, því þótt sú breyt.till., sem hjer liggur fyrir, verði samþ., þá verður sama ósamkvæmnin í fyrirsögninni eptir sem áður. Breyt.till. er rangt orðuð. Fyrirsögninni er þar alls ekki breytt. *(Jakob Guðmundsson:* «Jú, það stendur þarna»). Gæti h. flutningsm. betur að, þá skilur hann sjálfsagt og sjer, að það er rjett, sem jeg segi. *(Jakob Guðmundsson:* «Jú, það er öldungis rjett, nú sje jeg það). Þar að auki kemur breyt.till. of seint, svo hún kemst að rjettu lagi ekki til atkvæðagreiðslu á þessum fundi. Jeg vil því ráða flutningsm. til að biðja um, að máli þessu verði frestað, svo till. verði leiðrjett.

Flutningsmaður (Jakob Guðmundson): Með því að jeg sje, að það er rjett athugas., sem h. 3. kgk. þm. (M. St.) hefur gjört, þá vil jeg mælast til þess, að máli þessu verði frestað um stund.

Árni Thorsteinsson: Með því jeg sje, að flutningsm. ætlar sjer að færa allt á bezta veg með þessa þingsályktunartill., vil jeg leyfa mjer að vekja máls á því, að jeg álít það ekki heppilegt, að mælingin skuli miðuð sjerstaklega við gufuskip. Þessu atriði hefur Nd. sleppt, en flutningsm. (J. G.) vill taka það upp aptur. Hvort er það meining flutningsm., að uppsiglingin skuli mæld sjerstaklega fyrir stór eða lítil gufuskip? Rjettast held jeg hann gjörði í að sleppa alveg þessari breytingu, því að uppsiglingu þarf að mæla ekki að eins fyrir stór, heldur og lítil gufuskip. Jeg set svo, að lítið gufuskip kæmist á gang á Breiðafirði, þá þyrfti að vera búið að mæla fjörðinn sjerstaklega fyrir það, með því að mæla minni dýptir á firðinum. Mjer finnst því sú breyting eigi heppileg, og vil ráða flutningsm. að nema hana burt, sem óþarfa, gagnslausa og enda villandi.

Flutningsmaður (Jakob Guðmundsson): Jeg skal taka það upp aptur, sem jeg sagði áðan, að jeg hefi tekið tillöguna upp eins og hún var samþ. á þinginu 1883. Ástæður h. varaforseta (Á. Th.) fyrir að sleppa því, að uppmælingin fram fari sjerstaklega fyrir gufuskip, skil jeg ekki. Mjer finnst, að ef mælt er fyrir hin meiri skip, þá sje undir eins mælt fyrir hin minni. Að öðru leyti skal jeg taka það fram, að jeg vil feginn mega ráðfæra mig við þá h. þm., sem talað hafa í þessu máli, um breytingar og lagfæringar á tillögunni.

Árni Thorsteinsson: Það er sjálfsagt, að þar sem dýpið er mælt fyrir hin stærri skip, þar er það líka mælt fyrir hin minni. Þar sem skip, er ristir 15 – 20 fet, getur komizt, þar kemst líka lítið skip, er ristir 3 fet, en þar með er ekki sagt, að ekki þurfi sjerstaklega að mæla hið minna dýpi fyrir hið litla.

Ásgeir Einarsson: Jeg veit ekki betur en að á sjókortinu sje markað dýpi hvers staðar, líkt og mörkuð er hæð fjallanna á hinum fullkomnari landkortum. Jeg held því óþarft sje fyrir oss, að segja þeim neitt fyrir um það. Að minnsta kost var svona farið að, þegar mældur var Húnaflói um árið, þó því reyndar væri sleppt að mæla það sem mest reið á.

Forseti bar þá upp til atkv., hvort fresta skyldi þessu máli, og var það *samþ.*

Þingsályktunartillaga um Spánarsamning (C. 162); ein umr.

Árni Thorsteinsson: Jeg þykist vita, að það muni ekki rísa miklar umræður út af máli þessu; það er svo einfalt og óbrotið í sjálfu sjer, að allir munu strax geta áttað sig á því; en jeg vona að deildin skiljist ekki svo við það, að enginn verði til að tala um það, svo mikið nauðsynjamál, sem það er. Vjer höfum nú í 10 ár haft frelsi í okkar sjerstöku málum, og jafnframt átt kost á að taka þátt í þeim málum, sem eru sameiginleg með Islandi og Danmörku, þótt eigi höfum vjer gjört það eða notað rjett þann, er vjer höfum til þess eptir nákvæmari tilhögun að taka þátt í sameiginlegum málum. Það mál, sem hjer liggur fyrir, er sameiginlegt mál, mál sem einkum snertir Ísland, en þó jafnframt Danmörku. Hjer er um einhvern helzta og bezta atvinnuveg landsins að ræða, sem ætti að geta tekið mjög miklum, kannske óútreiknanlegum framförum, ef vel væri á haldið. Það eru fá af þeim spursmálum, er liggja á því svæði, sem er sameiginlegt fyrir Ísland og Danmörku, sem eru jafnáríðandi og þetta, þar sem um það er að ræða, að vjer Íslendingar, ásamt með Dönum, fáum að njóta jafnrjettis á Spáni við aðrar þjóðir, jafnrjettis að því, er snertir fiskisölu vora þar. Af því, að vjer höfum nú eigi þetta jafnrjetti, töpum vjer stórfje á ári hverju, í rauninni meiru en tillaginu úr ríkissjóði Dana. Þetta

fje er að vísu ekki tekið frá neinum sem beinlínis gjald, en þar sem það er tollgjald, er hefir áhrif á fiskverðið, þá er það hreinn og beinn skaði, sem vjer verðum fyrir, í samanburði við þær þjóðir, sem hafa náð hlunnindasamningum við Spánarveldi. Setjum nú svo, að eigi sje flutt út úr landinu meir en 20 þúsund skpd. af fiski á ári, til Spánar. Tollurinn af þessu, sem Spánverjar taka fram yfir það sem þeir heimta af samningsþjóðum, nemur þetta frá 100 til 120 þúsund kr. á ári. Þessari upphæð er því svo gott sem fleygt í sjóinn, að því er oss Íslendinga eða verzlunarmenn vora skiptir; hún er því alveg töpuð fyrir oss. Önnur spurning kemur og til greina, sem er mjög alvarlegt atriði í þessu máli, og sú spurning er það, að sá fiskur, sem hingað til hefir verið verkaður á Íslandi, hefur verið álitinn betri og haft sjerstakan markað út af fyrir sig, hvaðan hann hefir verið seldur til Spánar. Það væri því mjög háskalegt, ef markaðurinn breyttist. Ef Norðmenn, sem hafa náð hlunnindasamningi við Spán t. d. færu að finna upp á því, að taka fiskinn, flytja hann til Noregs og blanda honum þar saman við sinn eiginn, til þess að koma á hann nafninu íslenzkur fiskur, þá er auðsjeð hvað af því mundi leiða, að Norðmenn tækju fiskinn, og höndluðu með hann í sambandi við sinn eiginn fisk. Það mætti að vísu segja að hægt vær að þekkja fiskinn eptir einkennum sínum, t. a. m. flatningu. En ef svo Norðmenn tækju upp á því, að breyta til um flatningu, þá mundi þeim hægt, að gjöra aðskilnað fiskjarins opt og tíðum þvínær ómögulegan, og þá fjelli að líkindum íslenzkur fiskur í verði. Jeg hefi nú að eins skoðað málið frá íslenzku sjónarmiði. En jeg sje eigi, þótt þingið skori á ráðgjafa Íslands, að neyta allra meðala til þess að hrinda málinu sem fljótast og bezt í lag, að það sje gjört eingöngu fyrir Island. Spurningin er einnig, eins og jeg tók fram, alvarleg fyrir Danmörku, því það er mjög líklegt, að íslenzkur fiskur, sem hjeðan hefir verið fluttur til Danmerkur sem aðalmarkaðs, verði framvegis fluttur á annan sölumarkað, og þá er það, að markaðurinn haldist sem fyr, einnig nauðsynlegt eða gagnlegt fyrir Danmörk. Það getur nefnilega hinni dönsku verzlunarstjett bæði beinlínis og óbeinlínis hag. Jeg efast eigi um að ráðgjafinn gjöri það sem frekast er unnt og h. landshöfðingi styrki að því af alefli, að þetta mikilsvarðandi mál, sem hefur svo verulega þýðingu fyrir verzlun vora, komist í gott horf. Og um leið og alþingi sendir sín kröptugu meðmæli með því, er það ósk vor, að ráðgjafanum heppnist með viturleik og fylgi að sigra þá miklu erfiðleika, sem eru á því að ná hlunnindasamningum á Spáni, svo að þetta áríðandi mál verði til lykta leitt á sem haganlegastan hátt fyrir oss. Jeg vona einnig að endingu, að mismunandi skoðanir, sem menn kunna að hafa í Danmörku í þeirra pólitisku efnum, verði eigi látið sitja í vegi fyrir framkvæmd slíks nauðsynjamáls; það má ekki vera, þar sem vjer Íslendingar eigum mestan hlut að máli.

ATKVÆÐAGR.: Tillagan samþ. í einu hljóði, og afgreidd síðan til landshöfðingja sem þingsályktun frá alþingi.

Átjándi fundur, miðvikudaginn 22. júlí, kl. 1 e. m. Allir á fundi.

Frumvarp til laga um lögtak og fjárnám án undirstöðu dóms og sáttar (C. 101); framh. 1. umr.

Framsögumaður (Magnús Stephensen). Eins og sjest á nefndarálitinu (C. 173) hefur nefndin ráðið h. deild til að fallast á frumv. stjórnarinnar með þeim fáu efnisbreytingum, sem nefndin hefur leyft sjer að stinga upp á, enda mun engum blandast hugur um, að það sje allmikil rjettarbót, ef það verður að lögum. Inn í frv. nefndarinnar hafa slæðzt ýmsar prentvillur. Skal jeg nú þegar geta þeirra og biðja h. þingdm. að leiðrjetta þær hvern hjá sjer. Í 1. gr. 2. staflið er punktur á eptir orðunum: «sveitar- og bæjarfjelaga», en á að vera komma. Í 6. tölul. stendur: «í málum staðfestum» o. s. frv., en á að vera: «í skilnaðarskilmálum staðfestum». Í tl. 10. á «með venjulegri lögtöku» að vera «með venjulegri lögsókn», og seinna í sama tölul. «neyta lögtöku» að vera «neyta lögtaks». Í 4. gr. a. «embættisskyldu» að koma í stað «embættisskyldum». Í niðurlagi 6. gr. á orðið «er» á milli orðanna «með» og «talin» að falla burt.

Þegar þetta frv. er borið saman við núgildandi lagaákvæði um þetta efni, sjest, að með frv. er farið fram á allmiklar breytingar frá því sem nú er. Samkvæmt opnu

brjefi 2. apríl 1841 þarf ávallt yfirvaldsskipun, sem nefnd er lögtaksskipun, sem undirstöðu fyrir lögtaki, og er það ýmist amtmaður, ýmist hlutaðeigandi sýslumaður, sem á að gefa þessa skipun; þ. e. amtmaður þegar lögtakið á fram að fara í Reykjavík eða fyrir sköttum til landssjóðs í sveitum, en sýslumaður ella, og að því er til lögtaksskipunarinnar kom, gátu dómstólarnir áður en stjórnarskráin kom út, ekki lagt dóm á, hvort yfirvaldið hefði í lögtaksúrskurðinum haldið sjer fyrir innan embættistakmörk sín eða ekki.

Í annan stað er lögtak nú framkvæmt af fógeta að eins í Reykjavík, en í sveitum af hreppstjóra. Eptir núgildandi lögum er það vafasamt, hvernig að skal fara með áfrýjun á lögtaksgjörð, sem framkvæmd er af hreppstjóra. En eptir þessu frv. er lögtak og það, er að því lýtur, að eins dómstörf. Fógeti framkvæmir lögtakið; en þó má hreppsstjóri gjöra lögtak í sveit, ef fjárkrafan er eigi yfir 50 kr. að upphæð og lögtakið er eigi gjört í fasteign. Er þannig verksvið hreppsstjóra í þessu efni takmarkað. Svo er bein ákvörðun um, að til fógeta skal snúa sjer, ef óánægja kemur fram um lögtak hreppstjóra. Enn fremur er ákveðið, í hverjum tilfellum áfrýja megi. Eptir 1. gr. má taka fleiri skuldir og gjöld lögtaki, en verið hefur. Er það að mörgu leyti nauðsynlegt. Það er og mikið varið í II. kafla frumv., því að hingað til hefur leikið mikill vafi á um fjárnám á skuldum þeim, er þar ræðir um, því að menn hefur greint á um, hvort fara hefur mátt í því efni eptir tilskipun um fjárforráð ómyndugra 18. febr. 1847 eða ekki. En með þessu frv. er allur vafi aftekinn.

Af því að þetta er 1. umr., skal jeg ekki fara út í breytingarnar eða einstök atriði í þessu máli í þetta sinn.

Jón Pjetursson: Er ekki prentvilla í 12. gr. frv., þar sem stendur: «um lögmæti gjörðarinnar»? Mjer finnst, að þar ætti ekki að standa «lögmæti», heldur «ólögmæti».

Framsögumaður (Magnús Stephensen): Mjer finnst það ekki gjöra mikið til, hvort haft er orðið: «lögmæti» eða «ólögmæti» eptir því frá hvers sjónarmiði það er skoðað, lögtaksbeiðandans eða þess, er orðið hefur fyrir lögtakinu. Annars snertir þetta einstök atriði, sem eigi má fara út í við 1. umr.

Einar Ásmundsson: Jeg þykist fullviss um, að þingmenn sjeu h. nefnd þakklátir fyrir það, að hún hefur farið bætandi hendi yfir frv. og breytt því að málinu til mjög svo mikið til bóta; gjöri jeg mjer í hugarlund, að það hafi eigi verið fljótgjört verk. Mjer þykir sorglegt að vita til þess, að þingið skuli þurfa að verja tíma og störfum til þess, að laga og leiðrjetta málið á frv. þeim, er frá stjórninni koma, eins og einatt hefur komið fyrir. En þótt jeg sje nefndinni mikillega þakklátur fyrir þennan starfa hennar, þá finnst mjer þó málið enn á einstökum stöðum eigi svo lipurt og ljóst, sem æskilegt væri; vildi jeg mega vænta þess, að h. nefnd taki enn einstök orð í frv. til hugleiðingar. Sjer í lagi væri æskilegt, að 1. gr. væri yfirfarin af nýju, með því líka að sjerstaklega í henni eru margar ritvillur. Jeg ætla nú eigi að fara út í efni frv., heldur að eins drepa á eitt atriði, en það er auglýsingarhátturinn á fjárnámsgjörð, sem fram á að fara. Það hefur verið venja, þegar t. d. um fjárnám kirkjugjalda er að ræða, að fylgja opnu brjefi dags 2. apríl 1841, að aðvara skuldunauta 8 dögum fyrir fjárnámið með auglýsingu á kirkjufundi, án þess að nokkur þeirra sje sjerstaklega nefndur á nafn; þessu er nú breytt í frv., og ákveðið, að lögtakið skuli birt skuldunaut af stefnuvottum; en að birta hverjum einstökum skuldunaut lögtakið, þegar þeir eru margir t. d. í einni sókn, hlýtur að verða erfitt og kostnaðarsamt; álít jeg eigi eiga vel við að íþyngja kirkjuverjum nje hreppstjórum með þessu starfi, þar eð laun þeirra hvorra fyrir sig eru venjulega eigi mikil. Jeg veit heldur eigi til, að hin áðurnefnda venja hafi komið að klandri, svo þess vegna þurfi að breyta henni. Það getur nú verið, að jeg í einhverju misskilji þessa breytingu í frumv., en jeg vildi að eins víkja að því, hvort eigi mundi rjettast, að ákvæðin um breytingu lögtaks yrðu hin sömu í sveit og í kaupstað.

Framsögumaður (Magnús Stephensen): Það er alveg rjett, sem h. þm. (E. Á.) sagði, að opinber gjöld verða tekin lögtaki, eigi að eins í kaupstöðum, heldur líka til sveita eptir almennri auglýsingu, og án þess skuldunautar sjeu nafngreindir, og að hvorki í sveit nje kaupstað þarf að birta slíkt fjárnám með stefnuvottum, en að þessu er breytt í frv., svo að birta þurfi hverjum einstökum lög-

takið með stefnuvottum. Verið getur, að sú birtingaraðferð sje erfið og fyrirhafnarsöm fyrir lögtaksbeiðanda, en hún er þó betri, hvað gjaldanda snertir, heldur en auglýsingar á kirkjufundum. Þegar auglýsingar eru almennar og enginn sjerstakur tiltekinn, sem lögtak á að gjöra hjá, eins og er á kirkjufundum, þá er það samvizka hvers eins, sem á að segja honum, hvort auglýsingin snerti hann. Birting fjárnáms á kirkjufundi er heldur engin trygging fyrir, að gjaldgreiðendur fái að vita um það, því að opt líður langur tími svo, að eigi er messað; getur og verið að gjaldgreiðandi sje eigi við kirkju, þegar lögtakið er birt, og fái svo eigi að vita um birtingu þess, fyr en seint og síðar meir. Þótt þessi birtingaraðferð, sem frv. fer fram á, sje erfiðari, álít jeg hana þó betri; með henni gefst gjaldgreiðendum beinlínis tilefni til að borga skuldir sínar, og komast hjá lögtaki.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Frumvarp til laga, er banna niðurskurð á hákarli í sjó milli Geirhólms í Strandasýslu og Skagatár í Húnavatnssýslu á tímabilinu frá 1. nóvember til 14. apríl (C. 191); 3. umr.

Framsögumaður (Ásgeir Einarsson): Við frv. þetta hafa nú síðast komið fram breytingaruppástungur, nefnil., að í stað «Geirhólms» er komið «Geirólfsgnúpur» alstaðar í frv. og fyrirsögn þess, og að aptan við 2. gr. er bætt nýrri málsgrein. Um breytingartillögur þessar (C. 198) þarf jeg eigi að tala, en vonast að eins eptir, að allir fallist nú á frumv. þetta, og þótt það hafi orðið fyrir mótbyr, þá sigli það nú blíðan byr að lendingunni, og vona jeg að engin brimskefla grandi því, heldur berist það með blíðum og beinum byr inn í lendinguna.

ATKVÆÐAGR.: Síðan var gengið til atkv. um breyt. 145 (C. 198): 1. tl. samþ. með 9 atkv.; 2. tl. samþ. með 8 atkv.

Frv. með áorðnum breyt. samþ. með 8 atkv. og kvað forseti það verða afgreitt til forseta Nd.

Frumvarp til laga um stofnun landsbanka (C. 188); 1. umr.

Landshöfðingi: Frv. það um landsbanka, er hjer liggur fyrir, hefur nú gengið gegn um h. Nd. og er í öllu verulegu samhljóða því frv., er stjórnin lagði fyrir h. alþingi. Málið sætti mjög litlum mótbárum, og því var yfir höfuð vel tekið í h. Nd., þar sem það hefur verið samþ. þar svo að segja óbreytt í öllum *verulegum atriðum*. Að eins örfáar af þeim breytingum, sem Nd. hefur gjört, hafa nokkra verulega þýðingu. Jeg er viss um, að h. þingdm. hafa kynnt sjer rækilega þetta mál, sem mönnum er svo umhugað um, eins og hefur sýnt sig á næst undanfarandi þingum. Jeg ímynda mjer, að ekki muni þurfa að verða miklar umr. um þetta mál í þessari h. þingd., því jeg geng út frá því, að þessari deild eins og Nd. þyki æskilegt, að mál þetta fái greiðan framgang á þessu þingi. Það væri því og æskilegast, að þessi deild gjörði sem minnstar breytingar á frv., svo að ekki verði hætt við, að þær yrðu málinu til fyrirstöðu. Það á ekki við að fara út í einstök atriði málsins við þessa umr. þess, og því sleppi jeg því nú, nema að því leyti sem jeg vil leyfa mjer að drepa á hinar helztu efnisbreytingar, sem frv. stjórnarinnar hefur tekið í Nd. Það er fyrst, að upphæð seðlanna hefur verið breytt í 50, 10 og 5 krónur úr «100, 50 og 10 krónum» í frv. stjórnarinnar. Það er önnur efnisbreyting, að Nd. hefur ákveðið, að framkvæmdarstjóri og fjehirðir skuli setja veð fyrir embætti sínu. Þessar breytingar eru nokkuð mikils verðar, einkum hin fyrri, en jeg skal fela h. þingd. að taka þessar breytingar, eins og frv. yfir höfuð að tala, til beztu meðferðar.

Jakob Guðmundsson: Jeg veit að það á ekki við að fara út í einstakar greinar málsins á þessu stigi þess, en af því hæstv. landsh. minntist á 2 höfuð-efnisbreytingar, er mál þetta hefði fengið í Nd., þá vil jeg leyfa mjer að benda á enn eina efnisbreyting, sem hefur nokkra þýðingu. Það er ákvörðunin í 2. gr.: «eptir að 5 ár eru liðin» o. s. frv. Jeg tek þetta fram að eins til þess, að þingdm. skuli taka það til íhugunar.

ATKVÆÐAGR: Frv. vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Nítjándi fundur, fimmtudaginn 23. júlí, kl. 1 e. m.

Frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaðar við Óspakseyri í Strandasýslu (C. 128); 2. umr.

Flutningsmaður (Ásgeir Einarsson): Jeg finn eigi ástæðu til að fara nú mörgum orðum um þetta mál. Eins og deildinni er kunnugt, er komið fram nýtt frv. um verzlun lausakaupmanna, sem veitir þeim í öllum aðalatriðum sama rjett og öðrum til verzlunar annarstaðar en á löggiltum höfnum, að því einu undanskildu, að þeir megi eigi selja brennivín. Mjer er það frv. kært, og jeg mundi því eigi halda þessu frv. fram, ef jeg hefði vissu fyrir að hitt gengi í gegn. Jeg þori ekki nú að taka frv. það, sem hjer liggur fyrir, aptur, meðan jeg ekki veit, hvernig hinu frv. byrjar gegnum Nd. Þeir sem hafa haft samskonar frv. og þetta til flutnings, hafa ekki tekið þau aptur. Jeg vildi því mælast til þess, að deildin lofaði frv. til 3. umr. Það er þá hægt fyrir mig að taka það aptur, ef jeg sje að hitt gengur gegnum Nd.

ATKVÆÐAGR.: Frv. fellt með 6 atkv. gegn 5.

Frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaðar við Þórshöfn í Gullbringusýslu (C. 157); 1. umr.

Um frv. var umræðulaust gengið til atkv. og var það fellt með 6 atkv. gegn 5.

Frumvarp til laga um löggilding nýrra verzlunarstaða (C. 165); 1. umr.

Engar urðu umræður og var frv. fellt með 6 atkv. gegn 3.

Frumvarp til laga um nýjan þingstað á Úlfljótsvatni í Grafningi í Árnessýslu (C. 127); 1. umr.

Magnús Stephensen: Frv. þetta er eigi langt og jeg er í sjálfu sjer eigi móti því að það verði samþykkt. Svo stendur á, að landshöfðinginn hefur samþykkt, að Grafningshreppur mætti vera sjerstök manntalsþinghá með þingstað að Úlfljótsvatni, en að því er dómþinghá snertir, skyldi standa við sama og áður, og það er einmitt þessu, sem frv. breytir. Það breytir nefnilega einungis því, hvar dómþing megi halda í hreppnum. Jeg er þessu engan veginn mótfallinn. En það er einungis eitt lítið orð í frv., sem hneykslar mig. Við bjer í deildinni höfum gert okkur mikið far um, að ganga sem bezt frá og vanda sem mest málfæri á frv. þeim, sem deildin hefur haft til meðferðar, og sjerstaklega hefur verið lögð áherzla á, að laga málið á frv. stjórnarinnar. Mjer finnst að það sje eigi rjett, að gjöra hinum öðrum frv. hærra undir höfði í þessu tilliti, en stjórnarfrv. Hjer í frv. stendur «rjettarþinghá». Það orð kann jeg ómögulega við. Þar ætti að standa «dómþinghá,» og þótt mjer þyki leiðinlegt að senda frv. aptur til Nd., held jeg þó að jeg geti ekki stillt mig um að koma fram með breyt.till. í þessa stefnu við 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Uppástunga forseta um, hvernig ræða skuli uppástungu til þingsályktunar um umsjón og fjárhald kirkna (C. 163).

Eptir uppástungu forseta var samþykkt með öllum atkvæðum, að hafa skyldi eina umr.

Tillaga til þingsályktunar um að mæld verði uppsigling á Hvammsfjörð (C. 172); ein umræða.

Flutningsmaður (Jakob Guðmundsson): Jeg vona jeg þurfi ekki að tala fyrir þeirri litlu breytingu, sem gjörð hefir verið (C. 195). Hún er auðsjáanlega til þess gjörð að laga fyrirsögnina og koma á samkvæmni milli hennar og efnisins í ályktaninni.

ATKVÆAGR.: Breyttill. 142 (C. 195) var samþykkt með öllum atkvæðum hvor liðurinn fyrir sig. Kvað forseti þá málið verða sent aptur til Nd. í því formi sem það nú hefði fengið.

Tuttugasti fundur, föstudaginn 24. júlí, kl. 1 e. m. Allir á fundi.

Forseti gat um, að 3 bænarskrár: 1. frá Þistilfirðingum um löggildingu á Viðarvík í Þistilfirði, dags. 20. júní 1885, 2. frá bændum í Ásmundarstaðasókn í Presthólaprestakalli um, að losa þá við 30 kr. gjald til prestsins að Presthólum, dags. 22. maí 1885, og 3. úr norðurhluta Þingeyjarsýslu um að stofnað verði sjerstakt læknishjerað milli Hafralónsár og Jökulsár í Axarfirði, dags. í aprílmán. 1885, yrðu lagðar fram á lestrarsalinn.

Frumvarp til laga um lögtak og fjárnám án undirstöðu dóms eða sáttar (C. 101); 2. umr.

Framsögumaður (Magnús Stephensen): Það er tekið fram í nefndarálitinu (C. 173) að efnisbreytingar þær, sem nefndin hefir gjört á frv. stjórnarinnar, sjeu eigi margar nje miklar, en jeg skal þó, h. deildarmönnum til glöggvunar, leyfa mjer að skýra frá, í hverju þær sjeu fólgnar (C. 262). Allar þessar efnisbreytingar eiga heima í 1. gr. Fyrsta breytingin er á 2. lið 1. gr. Í frv. stjórnarinnar stendur: «Eptirstöðvar af gjöldum af fasteignum landssjóðs». Nefndin vildi gjöra lögtaksleyfið yfirgripsmeira og láta það einnig ná til sveitar- og bæjarsjóða, því henni fannst engin ástæða til að láta þá sjóði vera rjettlægri en landssjóð, enda eru þeir í 1. lið greinarinnar settir jafnhliða honum. Í öðru lagi hefir nefndin gjört talsverða breytingu á 4. lið 1. gr., en sú breyting er að áliti okkar nefndarmanna eigi efnisbreyting. Í frv. stendur «gjöld fyrir konungleg leyfisbrjef, eða sem gefin eru út af stjórnarráðinu eða landshöfðingja». En nefndin hefir sett einungis «leyfisbrjef» sökum þess, að henni var eigi kunnugt um, að ráðgjafinn eða landshöfðinginn *gæfu út* nokkur leyfisbrjef, sem gjalda ætti fyrir; og hefði frv. meint þau leyfisbrjef, sem ráðgjafinn og landshöfðinginn afhenda og geyma, en sem gefin eru út í nafni konungs, þá þótti nefndinni vanta í að geta þeirra leyfisbrjefa, sem amtmenn afhenda, svo sem er um mörg konungleg leyfisbrjef; auk þess eru enn leyfisbrjef, sem bæjarfógetar og sýslumenn gefa út, svo sem lausamennskuleyfisbrjef, og borgarabrjef. Nefndinni fannst alveg eins ástæða til. að gjöld fyrir slík brjef yrði leyft að taka lögtaki eins og fyrir hin.

Þá er því næst að geta breytingar, sem nefndin hefir gjört á 6. lið. 1. gr. Þar hefir nefndin bætt inn í á eptir «stjúpbarni» orðunum «er móðir þess er á lífi», eða eins og stendur í breytingarúppástungum nefndarinnar: «meðan móðir þess er honum gipt». Eptir dönskum lögum hafa stjúpforeldrar sömu uppeldisskyldu við stjúpbörn sín og foreldar við börn sín. Eptir íslenzkum lögum er þetta eigi eins. Sá maður, sem er t. d. giptur konu, sem átti barn áður en hún gekk að eiga hann, er skyldur að annast stjúpbarn sitt meðan konan lifir í hjónabandi með honum. Deyi hún, eða skilji þau að lögum, fellur skyldan burt. Nefndin var hrædd um, að ef orð frv. stæðu óbreytt, mundi það leiða til þess misskilnings, að foreldrum og stjúpforeldrum yrði blandað saman, þannig að stjúpforeldrunum yrði ætluð sama uppeldisskylda og foreldrunum eptir íslenzkum lögum. Fyrir þessar sakir settum við þennan viðauka. Vitaskuld er, að meðan móðir barnsins er gipt stjúpa þess, er hann skyldur að annast það, en þegar hún deyr, hverfur skyldan. Viðbótin er því einungis til að gjöra ákvarðanina ljósari.

Loks hefir nefndin bætt inn í nýjum lið, 9. liðnum, álagi eptir úttekt samkvæmt lögum 12. jan. um bygging, ábúð og úttekt jarða, því okkur þótti engin ástæða til, að sá lögtaksrjettur, sem þar er veittur, yrði felldur burt.

Aðrar efnisbreytingar en þessar álítur nefndin að hún hafi eigi gjört; en skyldi einhverjum h. deildarmanni sýnast, að hún samt sem áður hafi gjört fleiri efnisbreytingar, hefir henni orðið það óvart. Það er auðvitað, að þegar málinu á frv. er breytt alveg frá rótum, þá getur litið svo út, sem frv. sje orðið æðiólíkt því upphaflega. Þetta hefir nefndin sjeð. Hún hefir leitazt við, að stytta málið og rýma burt setningum, sem eptir eðli dönskunnar eru nauðsynlegar til útskýringar, en sem verða óþarfar eptir íslenzkunni. Eptir bendingum h. þm. Eyf. (E. Á.) um að laga málið einkum á 1. gr. frv., hefur nefndin borið sig saman við hann, og hann hefur verið henni hiálplegur með að laga málið. Með hans aðstoð hafa breyt.till. þær verið gjörðar, sem hjer var útbýtt í gær. Í þeim eru engar efnisbreytingar, heldur eru þær einkum til þess gjörðar að kljúfa sundur setningar, sem áður voru um of saman bendlaðar í frv.

Einar Ásmundsson: Mig langar til að spyrja h. framsögum. (M. St.), hvort nefndin hugsi sjer, að þegar 9. lið sje skotið inn í, þá sje þar með gjörð breyting á lögum 12. jan. 1884 um bygging, ábúð og úttekt jarða. Í 33. gr. þessara laga segir svo: «Fráfarandi greiði álag til viðtakanda að aflokinni úttektargjörð, en greiði hann eigi þegar álagið, gjöri úttektarmenn lögtak til lúkningar álaginu í munum þeim, sem fráfarandi á á jörðunni». Þetta skil jeg svo, að lögtakið eigi þá þegar fram að fara án frests eða birtingar. En þetta er ef til vill misskilningur. En eptir nefndarfrv. virðist mjer tilætlunin vera, að lögtakið ekki megi framfara nema stefnuvottar birti það líka áður en á að framkvæma það. Jeg leyfi mjer að óska skýringar um þetta atriði hjá h. framsögum.

Framsögumaður (Magnús Stephensen): Jeg skal svara h. þm. Eyf. (E. Á.) því, að jeg skil lög 12. jan. 1884 33. gr. eins og hann. Nefndin hefur ekki íhugað nægilega, að reglur þær, sem settar eru í frv., geta ekki að öllu leyti átt við lögtak á álagi, eptir því sem ráð er gjört fyrir í nefndum lögum. Hins vegar er það, ef til vill, heppilegra, að láta þær reglur gilda um lögtaksrjett á álagi, sem þar eru settar. Ef h. deild kæmist að þeirri niðurstöðu, að þetta ætti betur við, er jeg fús til að gjöra slíkan viðauka, sem nauðsynlegur væri til að sýna, að 33. gr. laga 12. jan. 1884 haldi sjer óbreytt; því haldi frv. sjer eins og það nú er, álít jeg sjálfsagt, að það breyti ákvæðum greinarinnar.

Benedikt Kristjánsson: Af því, að jeg skil svo umræðurnar, sem einhver breyting kunni enn að verða gjörð við frv. það, sem nú er til umræðu, skal jeg leyfa mjer að drepa á breytingar, sem jeg álít sumar heldur til bóta. Jeg skal fúslega játa, að nefndin hefur leyst verk sitt vel af hendi, bætt málið á frv. og gjört nauðsynlega viðauka. Á hinn bóginn dylst jeg þess eigi, að það er mjög örðugt að breyta svo frv., að málið á því yrði nokkurn veginn eptir óskum, enda get jeg eigi sagt, að það sje enn orðið, og jeg vil segja, að það sje hjer um bil ómögulegt, að það verði eins og æskilegt væri, nema frv. yrði alveg umsteypt og það skrifað upp af nýju. Þetta er ekki svo að skilja, að jeg beri á móti því, að frv. hafi batnað, og sje að málinu til nokkurn veginn viðunandi. Jeg vil einungis drepa á nokkur atriði, sem mjer finnst kannske þurfa að breyta eða bæta um. Í 1. gr. 2. lið eru talin upp gjöld, sem lögtaki megi taka; þar er talað um gjöld af fasteignum landssjóðs, sveitar og bæjarfjelaga. Mjer dettur í hug, hvort ekki mætti setja í samband við þessi gjöld, gjöld af kristfjárjörðum; enn þau gjöld má álíta mjög líkt ástatt með og gjöld til sveitarsjóða; kristfjárjarðirnar eru, eins og menn vita, gjafir, og gjöld af þeim eru því lík gjöldum af fasteignum sveitar- eða bæjarsjóða, en þurfa samt að skoðast dálítið öðruvísi, og gjöld af þeim geta því ekki falizt inn í orðatiltæki frv.: gjöld af fasteignum sveitarsjóða. Það er að mjer virðist ekki eins háttað með kristfjárjarðir og jarðir sem keyptar hafa verið fyrir fje sveitarsjóða.

Í 4. lið 1. gr. hafa verið löguð orðatiltæki, en síðar í sama lið kemur sama orðatiltæki fyrir og er ólagað enn. Þetta hefur að vísu litla þýðingu, en færi þó betur að það væri einnig lagað á seinni staðnum. *(Magnús Stephensen:* Hvað er það?*).* Staðfestum; svo sama orðið stendur sem apposition í stað relativsetningar á síðari staðnum. Jeg ætlaði einnig að leyfa mjer að stinga upp á, hvort ekki væri ástæða til að gjöra efnisbreyting við 7. gr. Þar er sagt, að lögtaksbeiðandi þurfi ekki að vera viðstaddur, en í 8. gr. er gjört ráð fyrir sókn og vörn við lögtaksgjörðina og að lögtaksbeiðandi komi fram eða sje viðstaddur. Jeg sje að þetta þarf að valda löngum fresti, og að það er sjálfum lögtaksbeiðandanum en ekki mótpartinum til skaða, ef hann kemur ekki; hann á frjálst að koma og ekki koma, og má því sjálfum sjer um kenna. En jeg álít ekkert á móti því, að lögtaksbeiðandanum sje gjört að skyldu að vera sjálfum viðstöddum eða þá umboðsmanni hans; annars veldur það, að enginn mætir frá hálfu lögtaksbeiðanda, fógetanum umsvifa og gjörir töf á lögtakinu. Þá vildi jeg loks skjóta því til h. nefndar, hvort hún hefði nokkuð á móti því, að fella burt síðustu málsgrein 13. gr., frá orðunum: «enda». Mjer virðist hjer vera bent á tilfelli, sem ekki er gott að komast til rjettrar niðurstöðu í; mjer finnst ákvæði málsgreinarinnar tekin úr lausu lopti og eiga ekki við hjer. Mjer finnst orðin mættu missast úr frv. Eins og h. deild hefur heyrt, eru þessi atriði eigi þýðingarmikil í sjálfu sjer, og mjer ekki neitt kappsmál með þau.

Jakob Guðmundsson: H. þm. Eyfirð. (E. Á.) hefur minnzt á 9. tölulið 1. greinar og álitið að ákvæði 1. gr. að því er snerti þennan 9. tölul. næmi úr gildi 33. gr. laga 12. jan. 1884 um bygging, ábúð og úttekt jarða, en jafnframt vakið máls á, hvort heppilegra mundi að fylgja í þessu efni lögunum frá 12. jan. 1884 eða nema þau úr gildi með þessu frv. Jeg fyrir mitt leyti held að betur fari á því að halda ákvörðun laganna af 12. jan. 1884 í þessu atriði. Jeg ætla að þá er þessi síðast nefndu lög voru samin, hafi það verið haft fyrir augum, að ábúandi gæti flutt sig langt í burt, í annað hjerað, og er þessi ákvörðun, að taka álagið strax lögtaki, þá auðvitað gjörð til þess að sporna við því, að ábúandi gæti haft allt sitt langt á burt með sjer. Það er líka auðsjeð, að mjög erfitt mun að ná

munum fráfaranda, þegar hann hindrunarlaust er búinn að flytja þá í annað hjerað. Reglulegt löghald verður heldur ekki sett á eignir fráfaranda nema sýslumaður sje til staðar, en hann getur opt verið í svo mikilli fjarlægð, að ekki sje hægt að ná til hans í tæka tíð. Jeg vil því ekki að lögunum af 12. jan. 1884 um bygging, ábúð og úttekt jarða sje breytt í þessu tilliti.

Jón Pjetursson: Það verður víst að álíta að prentvilla sje í 12. gr. nefndarfrv. Í greininni er ákveðið, að ef sá, sem tekið hefur verið lögtaki hjá, hafi önnur mótmæli gegn lögtakinu, en þau, að ekki hafi mátt taka lögtaki hjá honum að lögum, eða lögtaksaðferðin hafi röng verið, þá sje «honum rjett mál að höfða í hjeraði *um lögmæti* gjörðarinnar». Mjer finnst orðið *um* ekki geta staðizt hjer, heldur ætti að standa *„gegn* lögmæti» o. s. frv. Að höfða mál *um* lögmæti gjörðarinnar er sama sem að höfða mál um það, að gjörðin hafi verið lögmæt. Þetta getur ekki verið rjett, enda gagnstætt danska textanum í stjórnarfrumv.: kan han ..... «indbringe Spörgsmaalet om disse Indsigelsers Gyldighed» o. s. frv. Þegar þar á móti er haft *„gegn"* lögmæti o. s. frv., þá er gengið út frá því, að gjörðin sje ekki lögmæt. Jeg álít því að hjer eigi að standa «gegn», en ekki «um».

Framsögumaður (M. Stephensen): Jeg veit eigi hvort jeg hefi skilið h. þm. N-Þing. (B. Kr.) rjett. Jeg veit ekki hvort hann ætlaðist til að nefndin kæmi með þær breytingar, er hann benti til í ræðu sinni, eða hvort hann ætlaði að gjöra það sjálfur. Í sjálfu sjer er það auðvitað sama, hver gjörir það. H. þm. getur hvort sem er borið sig saman við nefndina um þessar breytingar, og hún þá íhugað með honum, hvort ástæða sje til að taka þær til greina að öllu eða nokkru leyti. H. þm. N-Þing. (B. Kr.) fann það að frv. nefndarinnar, að það næði ekki til gjalda af kristfjárjörðum o. fl.; en jeg skal taka það fram, að nefndin áleit ekki holt að þenja frv. of langt út. Yrði þetta tekið til greina, þá gæti annar komið og krafizt þess, að frv. tæki einnig til gjalda af eignum sjóða og ýmsra stofnana o. s. frv. Sami þm. meinti víst að nefndin hefði leiðrjett í 3. lið 1. gr. appositionina: staðfestum og samþykktum, en ekki í 4. lið, þar sem og stendur «staðfestum». Það getur verið álitsmál, hvort betur kynni að fara á því, að hafa málið eins á báðum þessum stöðum, og mætti þá breyta því. Þar sem þm. áleit að rjettara mundi að skylda lögtaksbeiðanda til að vera viðstaddan er lögtakið færi fram, þá verð jeg þvert á móti að álíta, að slík ákvörðun væri ekki heppileg, því afleiðingin yrði sú, að lögtak færi þá ekki fram, er lögtaksbeiðandi ekki væri viðstaddur; og það gæti auðveldlega komið fyrir, að lögtaksbeiðandi *gæti ekki* verið viðstaddur, nje heldur neinn í hans stað. Gjöldin eru líka opt svo lítil, sem taka á lögtaki, og þó svo dreifð, að hart væri að gjöra lögtaksbeiðanda að skyldu að vera viðstaddur, er þau væru tekin. Jeg tek til dæmis, ef taka ætti lögtaki marga ljóstolla, þá væri lögtaksbeiðanda gjörð óþarflega mikil fyrirhöfn, ef hann skyldi skyldur til að vera viðstaddur á hverjum bæ í sveitinni, þar sem ljóstollurinn væri tekinn lögtaki. Hitt er auðvitað, að þó lögtaksbeiðandi ekki sje skyldur til þess eptir lögum að vera viðstaddur, þá getur hann verið það og mun optast verða það, enda er það honum sjálfum fyrir beztu. Að lögtaksgjörðinni geti orðið frestað eptir 8. gr. ef lögtaksbeiðandi ekki er viðstaddur, er nokkuð, sem lögtaksbeiðandi veit. Ef hann þá ekki mætir þegar lögtaksgjörðin fer fram, verður það hans skaði, en ekki annara. En að gjöra honum að skyldu að vera viðstaddur, álít jeg sem sagt óþægilegt. — Hvað snertir athugasemd h. þm. N-Þing. (B. Kr.) við niðurlag 13. gr., þá get jeg ekki verið honum samdóma um, að rjett sje að sleppa niðurlagi þessarar greinar. Það getur auðveldlega komið fyrir, að skuldunautur hafi í höndum skjöl eða önnur skilríki, er sjeu honum næg vörn móti lögtaksbeiðanda, en að hann þá af stríðni eða til að fella lögtaksbeiðanda á eptir ekki vilji leggja þessi skjöl fram. Jeg set, að hann hefði í höndum kvittun fyrir því, að skuld sú, er taka ætti lögtaki hjá honum, væri borguð, en vildi ekki leggja hana fram, til þess síðar að geta komið fram ábyrgð á hendur lögtaksbeiðanda. Þeir sem hafa fengizt við málaferli, vita vel, að skuldunautar opt ekki vilja koma fram með vörn sína, þegar í upphafi, en geyma hana til þess, að gjöra skuldheimtumanni allt sem óþægilegast eptir á. Hvað 9. tölul. 1. gr. snertir, þá er hægt að laga hann eptir því sem þingdm. óska, án þess að breyta frumv. Það mætti vel bæta við töluliðinn nokkrum orðum um

að með lögtak á álagi eptir úttekt skuli fara eptir reglum, er gildi um það í lögum 12. jan. 1884, um bygging, ábúð og úttekt jarða.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. 154 (C. 202) 1.—6. tölul., hver um sig, samþ. í einu hljóði. — 1. gr. frumv. nefndarinnar með áorðnum breytingum samþykkt í einu hljóði. 2.–16. gr. óbreyttar, hver um sig. samþ. í einu hljóði. Fyrirsögnin samþ. í einu hljóði. Málinu vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Frumvarp til laga um aukinn rjett kvenna (C. 195); 1. umr.

Forseti gat þess, að þar sem frumvarp þetta væri breyting eða viðbót við stjórnarskrána, en væri þó ekki samkvæmt 20. gr. þingskapanna nefnt «frumvarp til stjórnarskipunarlaga», þá bæri sjer samkvæmt sömu grein þingskapanna að vísa þessu máli frá. Hann lýsti því þess vegna yfir, að hann vísaði frv. frá.

Frumvarp til laga um prentsmiðjur (C. 172); 1. umr.

Magnús Stephensen: Jeg get ekki sjeð, hvaða rjettarbót er í þessu frv. um prentsmiðjur, sem komið er hingað frá Nd. Það eru sjerstaklega tvö atriði, er þetta frv. beinist að: 1. hvað þurfi til þess að mega setja prentsmiðju, og 2. hvaða skyldur hvíli á prentsmiðjueigendum, einkum með tilliti til þess, að láta til bókasafna eintök af því, sem þeir prenta.

Hvað fyrra atriðið snertir, þá veit jeg ekki til að það hafi hingað til verið neinum erfiðleikum bundið, að fá leyfi til að setja prentsmiðjur, og svo get jeg ekki sjeð, hvers vegna gjöra eigi mun á veitingu þessa leyfis í kaupstöðum og utan kaupstaða, eða hvers vegna borga eigi fyrir leyfið í kaupstöðum, en fá það ókeypis í sveitum eða utan kaupstaða. Þennan mismun get jeg ekki skilið. — Hvað hið síðara atriðið snertir, þá er það kunnugt, að nú eru ýmsir prentsmiðjueigendur hjer á landi, sem engin skylda hvílir á, að láta «exemplör» af bókum, er þeir prenta, til bókasafna hjer á landi, en verði frv. þetta samþ., þá er með því lagt gjald á þessa menn, sem ekki hefur á þeim hvílt áður. Gjald þetta er að vísu ekki mikið eða tilfinnanlegt, en þó er mikið spursmál um, hvort rjett sje að leggja það á þá. Að þeim, er hjer eptir fá leyfi til að setja á stofn prentsmiðjur, sje gjört að skyldu að láta exemplör af bókum þeirra til helztu bókasafna á landinu, álít jeg þar á móti gott og sanngjarnt, en til þess þarf ekkert lagaboð. Það má hæglega taka það fram í leyfisbrjefi þeirra. Jeg get ekki skilið, að ástæða sje til að setja lög um það, sem aldrei hefur verið neinum erfiðleikum bundið að fá án laga.

Viðvíkjandi frv. sjálfu skal jeg taka það fram, að jeg álít að málsgreinin: «Mál um brot gegn lögum þessum», o. s. frv. ætti heldur að koma aptan við 3. gr. Þar sem í 1. gr. er ákveðið, að sá, er vilji fá leyfi til að setja prentsmiðju, skuli fullnægja «skilyrðum þeim, er til þess þurfa, að verða kaupstaðarborgari, og leysa borgarabrjef», þá finnst mjer þessi ákvörðun geta valdið misskilningi. Það er ekki hægt að sjá, hvort hjer er átt við borgarabrjef í sama skilningi eins og til handiðnar, sem borgað er með 2 kr., eða við borgarabrjef til verzlunar, sem eptir verzlunarlögunum frá 1879 þarf að leysa með 50 kr. Jeg álít enga þörf á lögum sem þessum, og get því ekki gefið frv. atkvæði mitt, og álít betur fara, að þingd. ljeti það ekki fara lengra.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. felld með 6 atkv. móti 5. Atkvæðagr. sú reyndist í fyrstu óglögg, og var því við haft nafnakall; sögðu þessir *já:* B. Kristjánsson, Einar Ásmundsson, Jakob Guðmundsson, Sighvatur Árnason, Skúli Þorvarðarson. *Nei* sögðu: Hallgr. Sveinsson, Magnús Stephensen, Árni Thorsteinsson, Ásgeir Einarsson, Jón Pjetursson, L. E. Sveinbjörnsson.

2. gr. var felld með 6 atkv. móti 5.

3. gr. var felld með 6 atkv. móti 5.

4. gr. fallin að sjálfsögðu.

Frumvarpið þar með *fallið*.

Frumvarp til laga um rjett hreppsnefnda í fátækramálum (C. 146); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumvarpinu orðalaust vísað til 2. umr. með 8 atkv.

Uppástunga til þingsál. um umsjón og fjárhald kirkna (C. 163); ein umr.

ATKVÆÐAGR.: Uppástungan umræðulaust samþ. í einu hljóði, og afgreidd síðan til landshöfðingja.

Tuttugasti og fyrsti fundur, laugardaginn 25. júlí, kl. 1 e. m. Allir á fundi.

Frumvarp til laga um stofnun landsskóla á Íslandi (C. 147); framh. 1. umr.

Framsögumaður (L. E. Sveinbjörnsson): Nefnd sú, er þessi þingd. setti til að íhuga frv. til laga um landsskóla, hefur í áliti sínu (C. 200), er liggur fyrir þingd. í dag, tekið fram ástæður sínar fyrir því, að hún hefur horfið frá málinu um landskóla. Að vísu eru ástæður nefndarinnar stuttlega teknar fram í álitinu, en þó að vorri ætlun nægilega til þess, að h. þingdm., sem málið er fyrir fram svo kunnugt, geti sjeð, að álit nefndarinnar er á rökum byggt. En auk þeirra ástæðna, sem nefndin hefur tekið fram móti landsskóla, má enn nefna, að ýmsir agnúar, sem ráðherrabrjefið frá 30. marz 1884 segir að hafi verið á landsskólafrumvarpi þingsins 1883, eru enn að mestu leyti á þessu frv., sem hjer liggur fyrir, að því undanteknu, að í þessu frv. er ákveðið, að ráðherrann skuli semja reglugjörð fyrir skólann, en í lögunum, er þingið samdi 1883, var það landshöfðingi, er semja átti reglugjörðina. Jeg álít að öðru leyti ekki þörf að tilgreina frekar ástæður nefndarinnar fyrir áliti sínu, en læt mjer nægja í því efni að skýrskota til nefndarálitsins sjálfs.

Jakob Guðmundsson: Jeg fyrir mitt leyti er h. nefnd þakklátur fyrir þær upplýsingar, sem hún í ástæðum sínum hefur gefið mjer; sjer í lagi er jeg henni þakklátur fyrir, að hún hefur upplýst mig um það, að við háskólann í Kaupmannahöfn væri búið að nema burt hina verklegu kennslu í lögfræði. Þetta þótti mjer gott að fá að vita, því satt að segja hefur mjer ekki dottið í hug, að nein slík breyting væri komin á lagakennsluna þar. Jeg hefi hingað til haldið með lagaskólastofnun eða landsskóla með lagaskóladeild, af þeirri ástæðu, að jeg hefi vitað og verið sannfærður um, að lögnemar ekki hafa getað numið *íslenzk* lög við háskólann. En einmitt þessi ástæða nefndarinnar sannfærir mig enn betur um bráða nauðsyn á lagakennslu hjer á landi, er bæði væri vísindaleg og verkleg. Á hinn bóginn get jeg ekki ætlað, að þótt þessi stofnun hjeti landsskóli, þá yrði kennslan á honum í lögfræði í neinu tilliti önnur, en þó hann hjeti lagaskóli. Jeg get því ekki sjeð, að neinir agnúar geti á því verið að stofnunin verði kölluð landsskóli. Nafnið sjálft gjörir að minni hyggju ekkert til í þessu tilliti, enda hefur stjórnin heldur ekki tekið *það* fram í ástæðum sínum fyrir synjuninni á staðfestingu laganna frá 1883, að skólinn átti að bera nafnið landsskóli. Það eru allt aðrir agnúar, sem stjórnin þóttist hafa fram að færa. Þar sem h. framsögum. (L. E. Sv.) sagði, að þeir sömu agnúar væru nú á þessu frumv. um landsskóla, sem stjórnin hefði tekið fram að væru á lögum þingsins 1883, að því undanskildu, að í þessu frumv. væri ákvarðað, að ráðherrann skyldi semja reglugjörð fyrir skólann í stað þess að lög þingsins 1883 fálu það landshöfðingja, þá getur það verið rjett, en jeg ímynda mjer að stjórnin teldi þessa sömu agnúa vera á málinu, þó það hjeti lagaskóli. Mjer finnst því engin veruleg ástæða fyrir nefndina að breyta nafninu vegna þessa. Þar sem nefndin aptur á móti talar um kostnaðinn, er verði svo mikill við stofnun landsskóla, þá er það miklu meiri ástæða. Jeg játa það, að það hlýtur að hafa talsverðan kostnað í för með sjer, ef skólunum verður öllum slengt saman í eina heild, því þá þarf auðsjáanlega að byggja hús fyrir stofnanina. En þó, ef til vill, ekki væri ástæða til að byggja hús strax fyrir lagaskóla einan, þá mundi þó reka að því fyr eða seinna, enda mun það vera almenn skoðun, að jafnvel prívatmenn spari með því að eiga sjálfir sín íbúðarhús. Jeg get því með engu móti gengið frá atkvæði mínu fyrir landsskóla. En fari svo, að það mál verði fellt hjer í deildinni, þá greiði jeg fúslega atkvæði mitt með lagaskólafrumvarpinu, því aðalatriðið er þó það, að fá komið á innlendri lagakennslu, undir hverju nafni sem svo skólinn gengur.

Framsögumaður (L. E. Sveinbjörnsson): Mjer fannst h. þm. Dal. (J. G.) ekki gjöra nægan greinarmun á landskóla og lagaskóla í ræðu sinni. Í frv. því, sem hjer liggur nú fyrir, er að eins að ræða um landsskóla. H. þm. vildi ekki gjöra mikið úr agnúum þeim, sem ráðgjafabrjefið tekur fram að verið hafi á landskólalögum þingsins í hitt eð fyrra, en jeg held maður verði þó að taka nokkurt tillit til þeirra. Jeg skal leyfa mjer að lesa upp nokkrar línur úr nefndu ráðgjafabrjefi af 31. marz 1884. Þar stendur meðal annars: «Þannig verður «hvorki sjeð af frv. nje umræðunum, hvort það «á að vera skilyrði fyrir að geta orðið em«bættismaður á Íslandi, að hafa tekið próf við

«landskólann, eða hvort kandídatar frá «Kaupmannahafnarháskóla einnig eiga aðgeta «orðið það, eins og hingað til, og eigi er «heldur hægt að sjá, hvort burtfararpróf frá «lærða skólanum skuli heimtað sem skilyrði «fyrir að mega njóta kennslu á landskólan-«um og taka próf í honum» o. s. frv. Um þetta er ekkert í frv., og þó er nauðsynlegt að vita eitthvað um það. Mjer er því ekki hægt að skilja, hvernig h. þm. Dal. (J. G.) getur aðhyllzt frv., eins og það er nú úr garði gjört. Jeg segi ekki að frv. sje ábótavant í þessu efni einungis af því, að stjórnin hefur tekið það fram, heldur af því að það er mín eigin sannfæring, að frv. innihjeldi þessar og þvílíkar ákvarðanir. Mjer finnst það ekki nema náttúrlegt að þingið fari eptir tillögum og bendingum stjórnarinnar, þegar það sjer að þær eru á rökum byggðar, eins og ætlast má til að stjórnin fari eptir því sem þingið vill, þegar einhver skynsemi er í því. Hvað snertir nafnið landsskóli að öðru leyti, þá gat nefndinni ekki annað en þótt það ótækt á þeirri stofnun, sem, eins og 1. gr. frv. sýnir, á að vera fyrir íslenzk embættismannaefni, og hefur nefndin greinilega tekið fram ástæður sínar fyrir þeirri skoðun sinni. Landsskóli er ekki annað en annað nafn á háskóla, en á slíkri stofnun er nú á tímum öll áherzlan lögð á hina vísindalegu kennslu. Hin verklega kennsla í lögfræði, er áður var kennd við Kaupmannhafnarháskóla, er nú ekki alls fyrir löngu numin burt. *(Jakob Guðmundsson.* «Í hverju var hin verklega kennsla fólgin?). Verklega kennska var fólgin í því að kenna mönnum að semja og skrifa ýms juridisk skjöl, semja dóma o. fl. Til hennar gengu 2 missiri, og var það einhver hæstarjettardómari, er hafði þá kennslu á hendi. Eptir því sem tímar hafa liðið fram, hafa menn meir og meir hneigzt að því, að kennslan við háskólann («Universitetet») ætti að vera eingöngu vísindaleg. Í Danmörku hagar aptur svo til, að kandídatar þeir, er útskrifast frá háskólanum, eru svo margir, að þeir geta ekki fengið embætti fyr en seint og síðar meir. Þeir neyðast þá til að leita sjer atvinnu á annan hátt; ganga þá margir í þjónustu hjá bæjarfógetum, yfirrjettar-málafærslumönnum, hæstarjettar-málafærslumönnum o. fl. Þannig fá kandídatarnir þá smátt og smátt svo mikla verklega æfingu, að þeir verða hæfir til embætta; þó er það alls ekki gjört að skilyrði fyrir að fá embætti, að menn skuli hafa haft þessar verklegu æfingar.

Benidikt Kristjánsson: Mál það sem hjer liggur fyrir tekur að mestu til mín, eða meira til mín en annara h. þingdm., þar sem jeg var flutningsmaður frv. þess, sem nefndin hefur ráðið til að breyta og gefið annað nafn. Jeg verð nú að gjöra þá játningu, að jeg hefi verið samþykkur meðnefndarmönnum mínum í að gjöra þessar breytingar, að jeg hefi fundið ástæðu til að hverfa frá mínu fyrra frv. og fallast á frv. nefndarinnar, og það fyrir þá sök, að skóli sá, er nefndin vill hafa, getur fullnægt sömu kröfum, sem landsskóli. Aðalmismunurinn er fólginn í nafni skólanna, en jeg get ekki sjeð, hvað nafnið í rauninni gjöri til málanna. Aðalatriðið er þó ætíð það, hvernig skólinn skuli vera, hvert ætlunarverk hans skuli vera, og hver rjettindi þeir hafa, er á honum nema. Aðalástæðan fyrir að sleppa nafninu «landsskóli» er þó það, að almennt er blandað saman í meðvitund manna landsskólahugmyndinni við hugmyndina um háskóla (Universitet). Mjer finnst að það hljóti að vera ljóst, að þó lagaskólinn sje settur í samband við læknaskólann og prestaskólann, þá verði að skoða hann sem deild í þessum eina skóla, og að þessar 3 deildir geti ekki að svo stöddu borið nafnið háskóli. Að því er jeg ætla, mun heldur ekki, hvorki á læknaskólanum nje prestaskólanum, ætlazt til að veitt sje nein veruleg vísindaleg kennsla, nema í forspjallsvísindum, og þó nú að lagaskólinn ekki verði settur í samband við þessa skóla, þá geta þeir, sem á lagaskólann ganga, allt eins haft aðgang að hinni vísindalegu kennslu, sem tengd er við prestaskólann, kennslunni í forspjallsvísindum. Jeg held því að tiltækilegra sje að velja þessari lærdómsstofnun auðmýktarmeira nafn, en nafnið «landskóli» er, og kalla hana lagaskóla, eins og þær æðri menntastofnanir, sem til eru, eru kallaðar læknaskóli og prestaskóli. Þar fyrir er ekki loku fyrir skotið, að lærdómsstofnanir þessar, síðar meir, er þær hafa náð meiri þroska og áliti, geti sameinast í einn skóla, er beri nafnið landsskóli með rentu. En tími til þess er enn eigi kominn, og er því betra að skólarnir hafi hver sitt auðmýktarnafn, en að þeir gangi allir undir einu hefðarlegu nafni, og kafni svo undir því. Á hinn bóginn get jeg ekki lagt eins mikla áherzlu á mótbárur stjórnarinnar móti landsskólalög-

um þingsins 1883, eins og margir aðrir h. þingdm., því að jeg get ekki betur sjeð, en að ýms þau atriði, sem stjórninni þótti vanta í lögin, megi eins vel álítast að heyra undir reglugjörð skólans, eins og lögin sjálf, og jeg legg því síður áherzlu á þetta, sem engin ákvæði eru í lagaskólalögunum, sem stjórninni þótti vanta í landsskólalögin. Þó játa jeg auðvitað, að það sje sjálfsögð skylda þingsins, að laga sig eptir vilja stjórnarinnar í því sem það álítur betur fara, og hyggilegra er fyrir þingið að laga sig eptir því, sem fer fullt eins vel hjá stjórninni og þinginu. Að endingu skal jeg lýsa því yfir, að jeg hefi þá von, að stjórninni muni í öllu falli þykja það fyrirkomulag og það nafn, sem nefndin hefur gefið stofnun þessari, geðfeldara, enda þótt jeg verði að játa, að jeg ekki hafi orðið þess var, að stjórnin hafi haft neitt sjerstaklega á móti nafninu «landsskóli». En þeir munu ekki svo fáir, sem hafa á móti nafninu, þó stjórnin gangi frá. Jeg óska og vona, að nefndarfrv. finni náð hjá h. þingdm., því fremur sem það ber vott um meira lítillæti, en mitt upprunalega frumv.

Jakob Guðmundsson: Það getur verið, að lítið gjöri til, hvort nafnið stofnun þessi ber. En það verð jeg að segja, að þær ástæður, sem fram hafa verið færðar móti nafninu landsskóli, eru í mínum augum ekki svo sannfærandi, að jeg geti fallið frá að gefa landsskólanum atkvæði mitt. Sjer í lagi finnst mjer sú ástæða h. þm. N.-Þing. (B. K.) ljettvæg, að skólar þessir geti ekki sameinast í eina heild undir nafninu landsskóli, *af því* að kennslan á læknaskólanum og prestaskólanum sje ekki vísindaleg, nema að því leyti, sem forspjallsvísindin eru kennd á þeim. Þessi ástæða er ljettvæg, segi jeg, því jeg get ekki skilið, að stjórnin hafi nje geti frádæmt læknaskólanum nje prestaskólanum alla vísindalega kennslu, nema að því er forspjallsvísindi snertir. Jeg er ekki svo kunnugur læknaskólanum, að jeg geti vel dæmt um, hvort kennslan er þar meira verkleg en vísindaleg, en kennsluna á prestaskólanum þykist jeg þekkja, og jeg þoli ekki, að þeim skóla sje frádæmd öll vísindaleg kennsla. Þvert á móti var svo, þegar jeg gekk á prestaskólann, og eins mun enn, öll kennsla þar vísindaleg, þegar frá er dregin kennimannleg guðfræði, sem kalla má «praktiska» eða verklega kennslugrein. Einmitt af því að slíka kennslu vantar á háskólanum, ganga flestir háskólakandídatar á stofnanir, þar sem praktisk guðfræði er kennd, svo sem að semja ræður, bera þær fram o. s. frv. Eins og kennslan er sannarlega vísindaleg á prestaskólanum, eins þykist jeg vita, að hún að miklu leyti muni vera það á læknaskólanum líka, einkum síðan að skólatíminn var lengdur, og kandídötum þaðan var gjört að skyldu, að vera um tíma við verklegar æfingar á fæðingarstofnuninni í Kaupmannahöfn. Jeg vona líka, að í lagaskóladeildinni á landsskólanum mundi verða kennt meira en «praktisk» lögfræði, meira en að gefa út stefnur, semja málfærsluskjöl og dóma, gefa skriflegar skýrslur o. s. frv. Jeg ímynda mjer, að kennslan þar yrði vísindaleg að nokkru leyti. Vegna alls þessa er jeg þá jafnfastur á því sem áður, að halda með landsskóla-nafninu.

Ásgeir Einarsson: Ef sá málsháttur er sannur, að «tvisvar verður gamall maður barn», þá er hinn líka sannur, að «bragð er að þá barnið finnur». Jeg vil nú helzt ekki tala um þennan «landsskóla», því jeg hef aldrei skilið þessa blessuðu landsskólahugmynd. Jeg held það megi þenja þennan landsskóla eins og hrátt skinn. Má ekki heimfæra undir hann alla skóla og allt sem kennt er á landinu? Eða á hann að eins að ná yfir þessar þrjár kennslustofnanir: prestaskólann, læknaskólann og hinn fyrirhugaða lagaskóla? Eins og menn vita, voru það kandídatar frá Kaupmannahafnarháskóla, sem fyrstir manna vöktu máls á þörfinni um *lagaskóla*, og rituðu um hana, og síðan hafa ýmsir þingmenn nú í 40 ár barizt fyrir að fá þennan skóla. Meðal þessara hefur sá h. þm., sem komið hefur með þetta nafn fram á þingið í hitt eð fyrra, verið einna fremstur í flokki með að fá lagaskólann, og haldið hina heztu ræðu um hann, sem jeg hef heyrt. Það er líka aðgætandi, að stjórnin hefur aldrei leyft eða gefið von um, að vjer gætum fengið annað en lagaskóla. Annars er það engin von, að jeg sje fróðari en h. þm. Dal. (J. G.); mjer datt heldur ekki í hug, að við háskólann væri hætt að kenna praktiska lögfræði. Þó hefur sýslumaður, sem annars er vel að sjer í lögfræði, sagt mjer, að hann hefði ekki getað orðið hreppstjóri hjer á landi strax eptir að hann kom frá háskólanum, nema hann hefði fyrst stúderað sig inn í störf hreppstjóra og

skyldur af íslenzkum lagabókum. Jeg er sem áður eindregið með því, að halda fram lagaskólanum, en hafna þessu heiðarnafni, landsskóli, enda álít jeg betra að vera það sem maður sýnist, en að sýnast vera hvað maður ekki er. Jeg vil heldur hafa lágan sess, sem jeg sit vel í, en háan sess, sem jeg sit illa í. Jeg get ekki annað en verið nefndinni þakklátur fyrir, að hún hefur ráðið til að fella þetta nafn, landsskóli, en tekið upp aptur stefnu þingsins að undanförnu og ráðið til að þingd. tæki til meðferðar frv. um lagaskóla, sem meiri von er til að stjórnin samþykki. Þó jeg hafi sjálfur ekki mikinn skilning á þessu máli, þá hefi jeg nú í mjög mörg ár heyrt margar langar og snjallar ræður gáfaðra þingmanna, og af þeim sannfærzt um, að lagakennsla væri nauðsynleg hjer á landi.

Benedikt Kristjánsson: Jeg vil að eins spyrja h. þm. Dal. (J. G.), hvort hann sje ekki samdóma nefndinni um, að það sje aðalatriðið, hvað kennt verði á skólanum og hvaða rjett þeir eiga að hafa, sem læra á skólanum. Jeg ætla, að í hinu nýja frv. nefndarinnar sje gjört ráð fyrir sömu kennslu, sem í hinu fyrra, og að þeim sem læra á stofnun þessari, sje veitt sömu rjettindi í hinu nýja frv., sem í hinu eldra. Jeg held því að það sje rjettast gjört fyrir okkur, að leggja ekki of mikla áherzlu á nafnið eintómt, eða meiri áherzlu á það, en aðal-efni málsins sjálfs.

ATKVÆÐAGR.: Frv. fellt frá 2. umr.

Frumv. til laga um stofnun lagaskóla á Íslandi (C. 200); 1. umr.

Framsögumaður (*L. E. Sveinbjörnsson*): Eins og vonandi er, að h. Ed. sjái, hefur nefndin gjört sjer allt far um, að komast í þessu máli hjá þeim ásteytingarsteinum, sem stjórnin að undanförnu hefur þótzt sjá í því. Það, sem nefndin hefur gjört í þessu efni, hefur hún engan veginn gjört í blindni, eða af því að *stjórninni* hafi þótt nauðsynlegt, að taka þessi atriði til greina, heldur af því, að nefndin sá, að aðfiuningar stjórnarinnar voru byggðar á góðum ástæðum. Þegar nefndin nú sá, að aðfinningar stjórnarinnar höfðu við gild rök að styðjast, þá var sjálfsagt fyrir hana að taka þær til greina, einkum þar sem henni er *mjög umhugað* um, að mál þetta fái góðan framgang. — Stjórnin hefur fundið það að lögum þingsins, um lagaskóla á Íslandi: í fyrsta lagi að kandídatar frá lagaskólanum skyldu hafa jafnan aðgang að embættum í landinu, sem lögfræðiskandídatar frá háskólanum í Kaupmannahöfn. Jafnvel þótt nefndin áliti, að lögfræðingar frá lagaskólanum gætu staðið lögfræðingum frá háskólanum fullkomlega á sporði í lagaþekkingu, að minnsta kosti þeirri lagaþekkingu, sem þarf til þess að geta orðið góður og nýtur veraldlegur embættismaður á Íslandi, hefur hún þó viljað komast hjá þessari aðfinningu stjórnarinnar framvegis, og því látið alveg óákveðið um rjettindi lagaskólamanna í þessu tilliti, en leyft veitingavaldinu sjálfu að ráða því, hverjum hún veitti embættið fremur kandídötum frá háskólanum, eða kandídötum frá lagaskólanum. Í öðru lagi hefur það verið haft á móti lagaskólastofnuninni, að kennslukrapta vantaði. Það er rjett, þá vantar sem stendur, úr því ekki er lengur spursmál um að fela yfirdómendum kennsluna á stofnuninni. En hversu lengi vantar þessa krapta? Ekki lengur en 2 eða kannske 3 ár. Þegar menn vita, að lagaskólinn á að komast á stofn, þá munu hinir beztu og efnilegustu ungu menn, er tekið hafa próf við háskólann, halda áfram að kynna sjer íslenzk lög, og önnur lög, svo þeir geti orðið hæfir til að kenna á þessari stofnun. Vegna þessa hefur nefndin ekki viljað ákveða, hvenær lagakennslan skuli byrja. Skólinn á þá að komast á, þegar unnt er, og ekki fyr. Í þriðja lagi hefur stjórnin sagt, að engin þörf væri á lagaskóla á Íslandi. Þegar stjórnin skilur það við «þörf», að nægilega mörg embættismannaefni sje til, þá er það rjett. En «þörf» í þessu sambandi er ekki einungis það, heldur er þörfin einnig fólgin í því, að *fá góða og* hagkvæma kennslu, sjerstaklega í íslenzkum lögum. Jeg er sannfærður um, að það kemur mest upp á mennina sjálfa, sem á skólann ganga, að hverju gagni hann verður, því alstaðar í heiminum má afla sjer hinnar beztu og varanlegustu þekkingar af bókum, og þá eins hjer við þennan skóla, eins og Kaupmannahafnarháskóla. Vjer nefndarmenn höfum því viljað halda þessu máli fram, að vjer lítum mest á þörf þess fyrir landið sjálft. Í fjórða lagi hefur stjórnin haft kostnaðinn sem mótbáru. Það er satt: kostnaðurinn við þessa stofnun verður talsverður. En um þetta atriði segi jeg það eitt, að vilji þingið leggja fje til, þá sje jeg ekki neina ástæða fyrir stjórnina til að andæfa á

móti því, eða til fyrir þá sök eina að fallast ekki á stofnun lagaskóla. Þegar vjer tökum, og það fúslega, tillit til skoðana stjórnarinnar í þessu máli að öðru leyti, þá virðist mjer að vjer getum fyllilega vænzt þess, að hún taki tillit til vilja vors að því þetta atriði snertir. Jeg þykist þá hafa tekið fram hinar helztu ástæður stjórnarinnar móti þessu máli, og bent á, hverjar þeirra nefndinni hefur þótt á rökum byggðar, og því tekið til greina við samning þessa frumv., og hverjar hún ekki hefur getað aðhyllzt í öllu tilliti.

Jakob Guðmundsson: Jeg var búinn að gjöra grein fyrir því, að jeg vildi heldur aðhyllast frumv. um landskóla, en jeg tók það jafnframt fram, að ef það fjelli, mundi jeg greiða atkvæði með lagaskólafrumv. engu að síður. Nú er landsskólinn fallinn, og þarf jeg því ekki að taka það upp aptur, að jeg greiði fúslega atkvæði mitt fyrir máli, því, er nú liggur fyrir. Jeg skal að eins bæta því við, að jeg er nefndinni þakklátur fyrir, að hún hefur komið fram með þetta frumv., og sjerstaklega er jeg h. framsögum. (L. E. Sv.) þakklátur fyrir, hve röggsamlega hann hefur greint frá ástæðum nefndarinnar með og mót ástæðum stjórnarinnar í þessu máli. Það, sem hann tók fram í þessu efni, er svo öldungis samkvæmt minni skoðun, að jeg vildi feginn hafa sjálfur talað það, sem hann talaði.

Skúli Þorvarðarson: Jeg fyrir mitt leyti vil ekki gjöra neitt kappsmál úr nafni því, sem sú stofnun, er hjer ræðir um, ætti að bera. Aðalatriðið er það, eptir minni skoðun, að stofnuninni verði hagað þannig, að hún mætti verða landi og lýð til verulegs og varanlegs gagns og sóma. Jeg legg mesta áherzlu á það, að íslenzkir lögfræðingar nái sem mestri og fullkomnastri þekkingu í íslenzkum lögum, rjettarvenju og rjettarfarsreglum, svo unnt verði að fá nýta íslenzka menn í þau embætti, er lögfræðingar eru skipaðir í. Jeg ímynda mjer líka, að heppilegra muni vera fyrir þingið, að halda sjer við *lagaskólann*, því að fremur eru líkindi til, að það nafn bæti fyrir málinu, svo það innan skamms nái samþykki stjórnarinnar til samþykkis konungs. Jeg verð því að vera einlægur með nefndarfrumvarpinu, þegar til míns atkvæðis kemur.

Magnús Stephensen: Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að jeg er í flestum atriðum samþykkur h. framsögum. (L. E. Sv.), og hinum öðrum h. nefndarmönnum, og er því yfir höfuð meðmæltur frv. nefndarinnar; sjerstaklega er jeg samdóma framsögumanni og nefndinni um það, að það mundi gjöra talsvert gagn, ef íslenzk lagakennsla kæmist á í landinu, einkum ef henni yrði hagað dálítið öðruvísi en lagakennslu við háskólann í Kaupmannahöfn, og lögð yrði meiri áherzla á, að veita þeim námsmönnum, er hana notuðu, meiri verklega lagakunnáttu, en gjört er við háskólann, t. d. ef þeim yrði kennt að skrifa stefnur, semja sóknar- og varnarskjöl, búa til skiptagjörðir og dæma dóma; eins ef þeim væru kenndar helztu reglur fyrir skattheimtum og reikningsfærslu. Um þessi atriði er jeg framsögumanni og nefndinni samdóma. En hjer er annað atriði, sem mjer að hinu leytinu virðist þörf að athuga, og það er kostnaður sá, sem af lagaskóla þeim, er frv. nefndarinnar ræðir um, mundi rísa fyrir landssjóð. Það eru margar þarfir, sem nú kalla að, og sem baka landssjóði kostnað. Og jeg verð því að álíta, að það sje vert að athuga, hvaða þarfir sjeu brýnar, hvort landssjóður geti fullnægt öllum þörfum, og, ef eigi, þá hverjar þarfir sjeu brýnastar og nauðsynlegastar, svo þeim verði fullnægt fyrst. Jeg held ekki, þótt jeg viðurkenni gagnsemi innlendrar lagakennslu, að hún sje nú okkar brýnasta þörf. Þegar gætt er að ástandinu í landinu, að atvinnuvegunum, að árferðinu, að fátæktinni, að öllum þeim bænarskrám um fjárframlög til ýmsra fyrirtækja, sem nú koma inn á þingið, þá finnst mjer, að þingið verði að gæta að því, hvort landssjóður hefur efni á að greiða allt þetta fje. Jeg veit, að h. deildarmönnum er kunnugt, að það er komin inn á þingið bænarskrá um 80 þúsund krónur af landssjóði til brúargjörðar yfir Ölfusá. Jeg gjöri ráð fyrir, að enginn álíti slíkt fyrirtæki ónauðsynlegt, og þó sje jeg, að sumir þm. krossa sig fyrir slíkum útgjöldum fyrir landssjóð. Þá er og komin bænarskrá um 100 þúsund króna lán til þilskipaútvegs og fiskiveiða. Jeg sje, að menn einnig krossa sig fyrir þessu. Bæði þessi útgjöld miða til eflingar atvinnuvegum landsins. Menn geta að vísu sagt, að þetta frv. fari hvorki fram á 80 þúsund nje 100 þúsund, og það er satt, að sjálft frv. fer einungis fram á 6100 kr. útgjöld fyrir landssjóð; en hjer fylgir meira, en í fljótu

bragði sjest. Það þarf meira handa stofnuninni en launin ein handa kennurunum, og mjer er óhætt að fullyrða, að þegar til kemur veitir ekki af 8000 kr. og það ekki í eitt skipti fyrir öll, heldur árlega, um aldur og ævi. Þessi upphæð svarar til vaxta af 200 þús. krónum og er sú upphæð stærri en hinar báðar upphæðirnar, 80 þús. og 100 þús., til samans teknar. Ef þingið nú vill samþykkja 80 þús. kr. útgjöld til brúargjörðar á Ölfusá og 100 þúsund kr. útgjöld til þilskipaútvegs og svo loks lagaskólann m. fl., sem hann hefir í för með sjer, þá hefur það lagt 400 þúsund króna byrði á landssjóð, og jeg vildi þá spyrja: Hefur þingið það traust á landssjóði, að það haldi, að óhætt sje að verja svona miklu fje frá honum? Munu þeir þingmenn, sem sitja nú á þingi í síðasta sinni á þessum kjörtíma, hugsa út í það, hversu erfitt þeir gjöra þeim, sem á eptir þeim koma á þingbekkinn, ef þeir nú leggja svona mikið fje fram? Mjer finnst ástæða til að íhuga það nákvæmar, hvort ekki mundi hollara að bíða og vita, hvort ástandið í landinu batnaði ekki, áður en svona stórkostleg útgjöld verða lögð á landssjóð.

Framsögumaður (L. E. Sveinbjörnsson): Jeg skal svara h. 3. kgk. þm (M. St.), sem nú settist niður, því, að nefndin tók til íhugunar kostnaðinn við lagaskólahaldið og minntist einnig á hinar sömu upphæðir, sem h. þm. nefndi, nfl. 80 þús. kr. til brúargjörðar yfir Ölfusá og 100 þús. kr. til þilskipakaupa. Nefndin áleit bæði þessi fyrirtæki sjerlega nauðsynleg; þótt henni kannske virtist þau vera enn nauðsynlegri en stofnun lagaskóla, vildi hún þó eigi fresta því að byrjað yrði á slíku fyrirtæki. Það var líka skoðun nefndarinnar, að landssjóði væri eigi ofvaxið að borga kostnað þann, sem lagaskólinn hefði í för með sjer, enda væri eigi sagt, að hann yrði neinn á þessu fjárhagstímabili, og einmitt af þessu, einmitt af því, að nefndinni þótti óvíst, hvenær lagaskólinn gæti byrjað, setti hún engar ákvarðanir um byrjun hans í frv. Nefndinni var heldur eigi ókunnugt um ástandið hjer á landi nú, og hún gleymdi heldur eigi að taka tillit til þess, hvernig atvinnuvegum landsins nú er háttað. En eins og atvinnuvegirnir eru fljótir til að rýrna, þannig eru þeir og mjög fljótir (jeg segi ekki eins fljótir) til að taka við sjer aptur. Jeg veit t. d. fyrir norðan, að þar er landbúnaðurinn mjög fljótur að ná sjer. Á svo sem 2 góðum árum má heita að hann sje kominn í samt lag, þótt hann hafi verið farinn mjög að hallast. Eins er hjer fyrir sunnan, þótt í 4 ár hafi verið fiskilítið, heyrast engar umkvartanir, ef vel aflast hið 5. og 6. Jeg finn svo eigi ástæðu til að svara fleiru, en get þess, að nefndin heldur sinni stefnu fastri enn sem komið er.

Jakob Guðmundsson: Þar eð jeg heyri þá skoðun útbreidda hjer í deildinni, að það sem mest á ríði af öllu, það sje það, að efla atvinnuvegi landsins, þá skal jeg geta þess, þótt jeg engan vegin ætlist til, að menn skilji mig svo, sem jeg álíti efling atvinnuveganna lítils umvarðandi, að jeg hefi einnig heyrt þá skoðun útbreidda og það meðal bænda upp í sveit, að það sje önnur efling, önnur framför jafn-nauðsynleg og jafn dýrmæt; og þessi efling er efling andlegra framfara, efling þjóðlegs atgjörfis andans. Og þessi andlega efling má sín meira, en 80 þúsund krónur, já meira en 100 þúsund krónur, og hún gefur miklu meira af sjer í rentur en nokkur upphæð, sem svarar af sjer 8000 kr. í rentu. Þess vegna hneykslar það mig, þegar jeg heyri lærða menn, sem ættu að hafa betur vit á, hvaða áhrif þjóðleg menntun hefur á þjóðlegar framfarir, þegar jeg heyri þá vilja fresta því, sem horfir til þjóðlegrar menntunar og framfara. Hvað geta þessar krónur? Þær eru ómenntuðum manni, liggur mjer við að segja, sama sem rögum manni langt vopn. Jeg vona að hin skynsamari skoðun bændanna sigri og að stjórnin gleðji sig við að sjá, að slík skoðun, er beri vott um menntunarást alþýðu, sje almenn á Íslandi.

Ásgeir Einarsson: Því hefur áður verið barið við, móti lagaskóla hjer á landi, að margur kandídat frá háskólanum hafi orðið embættismaður hjer, og hafi sjálfur bætt sjer upp það sem hann hefur vantað í því verklega, og þess vegna þyrfti ekki verklega íslenzka lagakennslu; en mest hefur það verið haft á móti lagaskóla á Íslandi, að svo margir stúdentar læri við háskólann, að ekki sje þörf á lagaskóla hjer á landi. En raunin er ólygnust. Það má segja, ekkert er nýtt undir sólunni. Getur það ekki komið fyrir nú eins og áður hefur komið fyrir, að ekki verði til íslenzkir menn í þessi lögfræðisembætti, og svo verði að taka danska menn í þau? Það eru þó 3 danskir menn

í þess konar embættum nú, sem ekki fara neinar sjerlegar sögur af. Og jeg held, að varla nokkur íslenzkur, þótt eitthvað mætti að finna, yrði svo fáfróður, að þekkja ekki æðarkollu frá öðrum fugli. Svo er það eitthvað óviðfelldið, að þurfa að hugsa til þess, að slíkir menn skuli hafa hleypt inn hjá sjer yfir 20 þúsund krónum, sem mjer er sagt að einn sýslumaður hafi gjört, og óvíst sje hvort nokkurn tíma fáist. Jeg held þessar liðugu 20 þúsund krónur mundu höggva æði mikið skarð í lagaskólakostnaðinn, og það er þó sagt, að þetta fje sje enn ógoldið. En jeg ætla mjer ekki að dæma þennan sýslumann. Jeg skal snúa mjer að öðru. Kostum við ekki ærnu fje til Möðruvallaskólans? Og hvaða gagn gjörir hann svo? Jeg held, að þeir sem frá honum koma, sjeu þó ekki svo sprenglærðir. Ekki geta þeir staðið fyrir búnaðarskólum, og mjer er næst að halda, að þeir geti ekki orðið annað en barnaskólakennarar eða búðarlokur. Menn segja, að lagaskólinn verði svo dýr. Það þurfi að launa 2 kennara o. s. frv. Það hefur nú ekki allt af verið horft í þess háttar. Það hefur ekki allt af verið reiknaður út höfuðstóll, sem svaraði til þess, sem lagt er út, þegar embættismönnum hefur verið við bætt eða hækkuð laun þeirra, Jeg skil yfir höfuð ekki í, að þessi stofnun skuli mæta meiri mótbárum, en aðrar þýðingarminni stofnanir áður. Það er satt, sem h. 3. kgk. þm. (M. St.) sagði, það er mikils um vert, að hugsa um sjávarútveginn. En mjer þykir menn hafa sofið heldur lengi. Það er langt síðan að Ísfirðingar og Eyfirðingar fóru að taka framförum í sjómennsku og kunna sjálfir að hjálpa sjer. Hefði stjórnin hjer áður meir tekið betur undir stofnun sjómannaskóla, hefðum við verið komnir betur á veg. En það er ekki nóg að eignast skip. Það þarf einhvern til að stýra því. Jeg held hjer eigi við, »að þeir ætli sjer að eignast skip, þó enginn kunni að sigla». Mjer dettur í hug, þegar þessi hallærislán koma, hvort það mundi ekki borga sig eins vel, að kaupa þilskip fyrir nokkuð af þeim, eins og að láta lánið vera jetið upp heima í aðgjörðaleysi. Jeg held þetta hefði verið hægðarleikur, hefði formenn verið til, og það gat skeð, að eins mikil björg hefði orðið að því eins og hallærislániuu. Jeg ætla svo ekki að fjölyrða meir, en tek það fram, að jeg vil með engu móti hnekkja máli þessu, sem verið hefur á prjónunum síðan alþing fyrst byrjaði, og vona jeg að deildin sjái af þessum orðum mínum, hvernig atkvæði mitt mun falla.

Landshöfðingi: Jeg hef áður lýst yfir hjer í deildinni, hver væri skoðun stjórnarinnar á þessu máli. Jeg skal samt sem áður leyfa mjer að taka það enn fram, að stjórnin álítur þetta mál, eptir því ástandi sem nú er, og sjerstaklega þegar litið er á hversu mörg embættismannaefni eru til, ekkert nauðsynjamál, og þegar af þessari ástæðu vona jeg að h. deild álíti eigi hentugan tíma til að leitast við að fá því frekara framgengt. H. 3 kgk. þm. (M. St.) tók fram, að þarfir landsins væru margar, en hagur þess að hinu leytinu mjög bágborinn, og verð jeg að vera þessu fyllilega samdóma og álíta, að það sje varúðarvert, að þyngja svo verulega á landssjóði, sem gert yrði ef þetta frv. yrði að lögum; og þótt h. framsögum. (L. E. Sv.) áliti, að landssjóður mundi geta uppfyllt aðrar hinar brýnustu þarfir, sem fyrir hendi eru, og einnig staðizt kostnað við stofnun lagaskóla, verð jeg þó að efast um, að þetta sje rjett; h. framsögum. (L. E. Sv.) tók það og fram, að á þessu fjárhagstímabili mundi ekki þurfa að búast við, að skólastofnunin bakaði landssjóði mikinn kostnað. Það getur verið og er enda líklegt, að svo yrði eigi. En jeg verð að efast um, að það sje rjett, að setja á fót stofnun, sem óvíst er hvort getur borið sig og sem líklegt er að landssjóður muni ekki geta kostað, þó að byrðin eigi verði mjög þung nú um sinn, þar sem ekki er hægt að segja, hve mikil gjöld það ástand, sem nú er í landinu, muni baka landssjóði. Þó hagur landssjóðsins sje nú nokkurnveginn viðunanlegur, er ekki hægt að segja, hvernig hann muni verða, ef ekki ástandið batnar því fyr. Með tilliti til þessa verð jeg að álíta það mjög ísjárvert að ráðast í mjög kostnaðarsöm fyrirtæki, sem ekki eru beinlínis nauðsynleg til að halda í horfinu og til að koma landinu upp í fjárhagslegu tilliti eða bæta úr í því efni. Jeg vil engan veginn gjöra lítið úr óskum alþýðu, sem h. þm. Dal. (J. G.) lagði svo mikla áherzlu á; en jeg held að það sje ekki rangt eða ofhart að orði kveðið, þótt jeg segi, að alþýða manna beri betur skynbragð á annað en það, hvernig kennslu embættismanna-efna eigi að vera til hagað. Jeg get því fyrir mitt leyti engan veginn lagt mikla þýðingu í, þótt sagt sje, að þetta sje mikið áhuga-

mál fyrir alþýðu og jeg held jafnvel að þeir, sem slíkt segja, gjöri nokkuð meira úr þessum alþýðuóskum, en í raun og veru á sjer stað.

Jeg skal eigi á þessu stigi málsins ganga inn á hinar einstöku greinir frv., en jeg skal fúslega játa það, að h. nefnd hefur sett málinu eðlilegri og hyggilegri takmörk, en það áður hafði, þegar ræða var um stofnun landsskóla. En jeg verð að halda þeirri skoðun fram, að þetta sje ekki það nauðsynjamál, sem nú beri að kosta kapps um að fá framgengt án tillits til ástands landsins. Málið er enn á sínu fyrsta stigi og enn er umhugsunartími nægur til þess, að íhuga málið nákvæmar. Það er ekki meining mín, að það verði stöðvað nú við 1. umr. Það er nógur tími og tækifæri til þess við 2. umr.

Framsögumaður (L. E. Sveinbjörnsson): Það gat eigi annað enn glatt mig að heyra undirtektir h. landshöfðingja, að hann andmælti frv. þessu eigi mikið. Það atriði, að hann sagði, að stofnun lagaskóla væri eigi neitt nauðsynjamál, er í rauninni nátengt spurningunni um kostnaðinn. Meining h. landshöfðingja er auðsjáanlega sú, að eigi sje fært að koma stofnun þessari á fót sökum kostnaðarins. Jeg verð að halda því föstu, að ef þingið vill veita fje til fyrirtækisins, þá vona jeg svo góðs til stjórnarinnar, að hún verði ekki á móti því.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg skal játa það, að það mun vera rjett, sem h. landshöfðingi benti á, að óskir manna um að fá innlenda lagakennslustofnun sjeu hjá sumum eigi sem ljósastar. Jeg skal játa það, að ýmsir sjeu þeir, af þeim sem óska eptir lagaskóla í landinu, er eigi gjöri sjer nógu ljósa grein fyrir þörfinni og hafi eigi fullkomlega glögga hugmynd um, hver kostnaður útheimtist til þess, að fullnægja þörfinni, en jeg verð samt að taka það fram, að jeg ætla að í fáum eða engum málum hafi óskir landsmanna verið stöðugri og þrálátari en einmitt í þessu máli. Síðan þing hófst, eða nú um 40 ár, hafa þessar óskir um innlenda, íslenzka lagakennslu sífellt látið á sjer bæra. Og þessar óskir, þær hafa eigi komið frá neinum einstökum flokki, eigi frá alþýðu manna eingöngu, heldur einnig og það mest frá þeim, sem vissu hvað þeir sögðu, sem frá annari hálfu áttu bezt að kunna að meta kosti íslenzkrar lagakennslu og að hinu leytinu sáu agnúana við vöntun hennar. Jeg ætla, að það hafi verið lagamennirnir og laganámsmennirnir, sem fyrst og mest hafa haldið þessum óskum fram Hefðu þessar óskir komið fram einu sinni eða tvisvar, hefði mátt segja: Þeir vita eigi hvers þeir þurfa. Þeir vita ekki hvað þeir biðja um. Þeim er það ekki fyllilega ljóst, hvað það kostar, sem þeir biðja um. En nú hefur óskin komið hvað eptir annað, hún hefur — ef jeg má taka svo til orða — læst sig inn í allan þjóðlíkamann. Það er orðin almenn ósk í flestum eða öllum flokkum þjóðarinnar, að vilja fá 3 æðri kennslustofnanir, nefnilega lagaskóla, sem uppfylling við lækna- og prestaskóla. Mjer finnst því veruleg ástæða til að hafa þessar óskir fyrir augum. Ef menn geta með góðum rökum sagt í sumum tilfellum: Þetta styðst eigi við óskir landsmanna, þess vegna á eigi að veita það, hví skyldu menn þá eigi á hinn bóginn leggja sjerstaka áherzlu á það, sem mönnum er kunnugt að er almennur áhugi á? Jeg hlýt í þessu máli að leggja mjög mikla áherzlu á, að óskir landsmanna bera það kröptuglega fram.

Að öðru leyti skal jeg geta þess, að mjer virðist nefndin hafa leyst vel og heppilega þarflegt verk af hendi. Hún hefur haft sjálfsafneitun til að hafna nafninu «landsskóli», sem óneitanlega liggur nærri háskólahugmyndinni, en er þó ekki alveg hið sama, og í stað þessa landsskóla hefur hún valið auðmýktarmeira nafn *„lagaskóli“*, bæði vegna þess, að lagakennslan er hjer óneitanlega mergurinn málsins, og líklega með fram til þess, að nafnið skyldi eigi af nýju verða nokkurs konar ósýnilegur þröskuldur fyrir framgangi málsins hjá stjórninni. Jeg er þeim h. deildarmönnum samdóma, sem álíta nafnið lagaskóli betra. Og þó menn þegar stundir líða fram og landinu yxi fiskur um hrygg, kynnu að vilja eignast «landsskóla», hvaða örðugleikar skyldu þá á því verða, að sameina þessar 3 stofnanir, prestaskólann, læknaskólann og lagaskólann, í eina heild eða setja þær í nánara samband? Slík heild gæti þó að vísu eigi heitið háskóli. Kostnaðurinn við þessa stofnun yrði að vísu allmikill, eins og hinn h. 3 kgk. (M. St.) hefur bent á, en þetta hljóta allir þeir að hafa vitað, sem sífellt hafa haldið áfram að biðja. En jeg fyrir mitt leyti verð að álíta, að kostnaðurinn eigi ekki að ráða úrslitunum, ef málið annars er þarflegt og gott. Jeg skal hins vegar

fúslega játa, að eptir samanburði h. 3 kgk. (M. St.) á þessum kostnaði og öðrum stór-útgjöldum, sumpart ráðgjörðum, sumpart máske þegar samþykktum, þá virðist kostnaðurinn að vísu ægilegur. En hversu rjett og satt sem það er, að viss árútgjöld svari til rentna af þessum og þessum höfuðstól, þá er og hitt víst, að það verður í reyndinni ljettara að svara rentum en höfuðstól. Jeg ímynda mjer, að þinginu færi að blandast hugur, ef það ætti nú þegar að svara út 200 þús. kr. til lagaskólastofnunar; en aptur ætla jeg, að vextir af þessari upphæð sjeu engan veginn óviðráðanlegir fyrir þjóðina. H. framsögum. (L. E. Sv.) gat þess og, að naumast þyrfti við því að búast, að kostnaður út af þessari stofnan kæmi á landssjóð á þessu fjárhagstímabili. Það er nú að vísu satt, að það er engin vissa fyrir því, að hið bága ástand, sem nú er, muni nú þegar fara að batna. Það er mögulegt, að það haldi áfram enn um hríð; en vjer verðum að vona, að þótt hagurinn eigi batni nú þegar, að þess verði þó eigi langt að bíða, að þessi apturför í atvinnuvegum landsins hverfi, og atvinnuvegunum fari að þoka áfram aptur. Ef menn allajafna hafa þetta bága ástand, sem nú er, fyrir augum, þá eru það ekki þessi útgjöld ein, sem menn verða að vera deigir við. Það þarf einnig að gæta mikillar varkárni við fleiri útgjöld, svo sem t. d. brúargjörðina á Ölfusá og lánið til þilskipaútvegsins og jafnvel mörg önnur smærri fyrirtæki. Jeg skal engan veginn neita því, að bæði þessi fyrirtæki sjeu hagvænleg í sjálfu sjer og miði til þess að hrinda fram atvinnuvegum landsins og efla velmegun þess, einkum þó þilskipakaupin; en með tilliti til brúargjörðarinnar skal jeg geta þess, að jeg ætla talsvert efasamt, hvort arður að slíku fyrirtæki muni koma svo fljótt. Menn vita, að þess konar fer hægt og hægt að borga sig; menn vita og, að þessar 80 þúsundir hafa margar aðrar þúsundir í för með sjer, sem útheimtast til þess að brúin geti komið að fullum notum, með eðlilegri vegalagningu en nú er. Og þó munu margir ætla að gefa atkvæði sitt með þessum útgjöldum. Jeg verð líka að álíta, að tillitið til báginda landsins megi ekki gjöra menn allt of hugdeiga, þegar um eitthvert það fyrirtæki er að ræða, sem álítast verður að miði til verulegra bóta, sem veruleg þörf sje á, sem hafi verulega gott í för með sjer. Að lagaskólans sje veruleg þörf, að hann miði til verulegra bóta og að hann mundi hafa verulegt gagn í för með sjer, ætla jeg að vona að almennt sje viðurkennt. Það hefir verið kvartað um, að agnúar væru á því ástandi, sem hingað til hefur verið. Það hefur stundum þótt bera út af því, að þeir hinir ungu námsmenn, sem farið hafa til háskólans í Kaupmannahöfn, til að fullkomna þar nám sitt, hafi komið heim aptur í eins góðu ástandi og með eins gildan menntasjóð og æskilegt hefði verið og búast mátti við. Og það hefur verið reiknað út, að kandídatarnir væru orðnir æðidýrir, þegar þeir koma heim, og því verður víst ekki neitað, að hver slíkur heimkominn kandídat, einkum ef vera skyldi með minni árangri en æskilegt væri, er harla dýr fyrir landið.

Án þess að ganga inn á einstök atriði í þeim reikningum, sem menn hafa samið um þetta efni, skal jeg ennfremur taka fram þá ástæðu, að þegar hjer væri kominn á fót menntaskóli fyrir laganemendur, sem stæði jafnfætis prestaskólanum og læknaskólanum, þá ætla jeg að mundi myndast náttúrleg samkeppni milli þeirra, sem sigldu til háskólans til að nema þar meir vísindalega lögfræði, og hinum, sem gæfu sig við laganámi hjer heima. Þessi samkeppni mundi stuðla til þess, að menn stunduðu námið með meira fjöri bæði hjer heima, þar sem nemendur mundu kosta kapps um að gjöra stofnuninni sem mestan sóma, svo hún stæði eigi hinum á baki, og eins við háskólann, því þar mundu nemendurnir reyna að sýna yfirburði þá yfir hina, sem þeir vilja afla sjer með yfirgripsmeiru námi þar. Jeg held því, að sú ástæða, sem stjórnin hefur tekið fram gegn lagaskóla í landinu, nefnil. að íslenzk embættismannaefni hætti að sigla og verða háskólamenntunar aðnjótandi, sje eigi á fullum rökum byggð. Það þyrfti víst ekki að óttast fyrir, að engir yrðu til að sækja háskólann. Það mundu margir sigla fyrir því, til þess að gjöra sig aðgengilegri fyrir hin þýðingarmeiri og vandasamari embætti, með því að afla sjer yfirgripsmeiri menntunar í Kaupmannahöfn, þar sem menntunarstraumurinn óneitanlega rennur harðari og aflmeiri en hjer hjá oss. Landið mundi þannig fá vel undirbúin embættismannaefni í hin vandasamari embætti, og hins vegar mundi því vera vel þjent með að fá unga efnilega menn frá lagaskólanum hjer í hin vandaminni og lægri embætti,

og gangi menn út frá því, að prófinu yrði háttað líkt og líkar krōfur gjörðar og við prestaskólann og læknaskólann, mundi eigi vera ástæða til, að kvíða því, að lögfræðingar frá lagaskólanum yrðu eigi hæfir til að gegna flestum lögfræðisembættum hjer á landi. Og þótt vjer með auðmýkt yrðum að játa, að lagaskólinn yrði eigi eins vísindalegur og háskólinn, þá megum vjer þó ekki gleyma því, að hann yrði að nokkru leyti vísindalegur. Hann mundi ekki yfirgefa öll vísindi, því «vísindin efla alla dáð». Það er eitt, að fara sem lengst má verða í hina vísindalegu stefnu, og láta hið verklega eiga sig; annað að fara nokkru skemur, og taka það verklega með jafnframt. Hið verklega hefur mjög mikla þýðingu fyrir lífið, og fræðsla í því þess vegna hverjum manni nauðsynleg. Jeg ímynda mjer, að allir, sem ekki hafa fengið hana, en strax hafa komizt í embætti eptir próf, hafi skjótt fundið, máske á 3. eða 4. degi eptir að þeir fara að gegna embættinu, að það var þeim mjög bagalegt, að þeir hefðu engrar verklegrar tilsagnar eða fræðslu notið og enga æfingu haft. Jeg hef reynsluna fyrir mjer. Jeg kom þó ekki beint frá háskólanum. Jeg hafði fengið nokkra verklega æfingu, en fann það þó, þegar til kom, að jeg hafði ástæðu til að óska, að jeg hefði orðið meiri verklegri fræðslu aðnjótandi. En menn hafa orðið að sætta sig við að bæta því sjálfir við smámsaman, sem þeir ekki hafa fengið, þegar kennslu-stofnunin hefur verið búin að setja á þá stimpil fullkominnar þekkingar til að taka móti embætti.

Með þessum athugasemdum vil jeg hafa gjört grein fyrir því, hvernig jeg ætla að gefa atkv. mitt. Jeg vona að þingið reisi landssjóði ekki hurðarás um öxl, þó fyrirtækið nái fram að ganga.

Magnús Stephensen: Jeg vona, að enginn h. deildarmanna hafi skilið mig áðan svo, sem jeg væri mótfallinn lagaskóla, því jeg tók það einmitt fram, að jeg áliti hann æskilegan í sjálfu sjer. Jeg vakti einungis máls á því, hvort eigi væru aðrar enn brýnni þarfir landsins. Nú hefir h. framsögum. skýrt frá, að nefndin hafi íhugað allan þann kostnað, sem fyrir landssjóði liggur. Hann er viss um, að landssjóður getur lagt fram brúarkostnaðinn og þilskipalánið, ásamt öllum öðrum óhjákvæmilegum útgjöldum, og svo loks kostað lagaskólann. Fyrst svona er, fyrst nefndin vill ábyrgjast, að landssjóður geti þetta allt, þá gef jeg glaður atkvæði mitt með þessu frv. við allar umræður. Og jeg get loks eigi annað en samglaðzt þm. Rangv. yfir því, að brúarmálið, sem þeim hefur legið svo mjög á hjarta, skuli vera komið svona vel á veg.

Framsögumaður (L. E. Sveinbjörnsson): Mjer finnst það vera misskilningur hjá hinum h. 3. kgk. (M. St.), að nefndin hafi rætt brúarmálið. Það er ekki meiningin, að nefndin hafi gefið nokkurt loforð um brú, ekki heldur hitt, að hún þekki svo vel *status* landssjóðsins, að hún geti fullyrt, að landssjóður geti allt, þar á meðal borgað út 180 þús. kr., heldur var hitt meining nefndarinnar, að þó þingið fjellist á brúar- og þilskipakostnaðinn, myndu þessar 8000 kr. ekki verða landssjóði ofvaxnar fyrir það.

— Málinu vísað til 2. umr. með 10 atkv.

Frumvarp til laga um nýjan þingstað á Úlfljótsvatni í Grafningi í Árnessýslu (C. 127); 2. umr.

Enginn tók til máls og bar þá forseti framkomna breytingartillögu undir atkvæði og því næst frv. sjálft.

Breyt.till. 159 (C. 203) 1. tl. samþ. með 10 atkv., 2. tl. samþ. með 10 atkv.

Frv. með áorðnum breytingum samþ. með 10 atkv.

— Málinu vísað til 3. umr. með 10 atkv.

Tuttugasti og annar fundur, mánudaginn 27. júlí, kl. 1 e. m. Allir á fundi.

Frumv. til laga um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar (C. 216); 3. umr.

Framsögumaður (Magnús Stephensen): Eptir bendingum, sem nefndin fjekk frá h. þm. Eyf. (E. Á.), hōfum við gjört viðaukatillögu við 9. tölulið 1. gr. (C. 227) í þá átt, að allt standi við hið sama, sem lögin 12. jan. 1884 um bygging ábúð og úttekta jarða ákveða um lögtak á álagi eptir úttekt. Jeg vona að viðaukatillagan sje svo ljóslega orðuð, að það sje auðsjeð, að frv., þótt það annars breyti hinum gildandi lagafyrirmælum um lögtak, þá láti það þó ákvarðanirnar í 33. grein laganna 12. jan. 1884

standa óhaggaðar. Það hafa fleiri háttv. þm. látið í ljósi ósk um, að ákvarðanir þessar fengju að standa, og vona jeg því að d. verði eigi þessari viðaukatill. mótfallin.

Í annan stað skal jeg geta þess, að það eru komnar fram breyt.till. frá 3 h. þm. (C. 223). Nefndin hefir vandlega íhugað þær, og verð jeg í umboði hennar að lýsa því yfir, að hún getur ekki mælt með þeim. Fyrsta breyttill. er við 2. lið 1. gr. Þar er farið fram á, að bætt verði inn í á eptir orðunum «og bæjarfjelaga» «svo og gjöld af eignum þeim, sem til guðsþakka eru lagðar, svo sem kristfjárjörðum og kirkjujörðum». Jeg get nú ekki sjeð, að það sje heppilegt að þenja út lögtaksleyfið á 2. lið, og sjerstaklega eigi eins langt og breyt.till. fer fram á. Jeg skal játa, að jeg hefði vel geta fellt mig við, og ekkert á móti því haft, þótt 2. liður hefði alls eigi staðið í frv. Jeg kannast við, að það sje óeðlilegt, að lögtak á gjöldum af fasteignum landssjóðsins skuli eigi sæta sömu kjörum, og gjöld af fasteignum prívatmanna; en þetta fyrirkomulag hefir viðgengizt síðan 1829, svo nú er kominn nokkurs konar hefð á lögtak á gjöldum landssjóðsins, og sýnist það því síður ísjárvert, að ákvarðanir á 2. lið fái að halda sjer. En þegar jeg svo kem til þessarar viðaukatillögu, þá skal jeg geta þess, að að því leyti sem hún ræðir um að bæta inn í gjöldum af kristfjárjörðum, þá hefir hún að vísu minni þýðingu, því kristfjárjarðir eru ekki margar; en að því leyti, sem hún gengur út á það, að bæta inn gjöldum af kirkjujörðum, þá hefir hún meiri þýðingu. Hjer er eigi einungis um þær kirkjur að ræða, sem eru beneficia, heldur einnig um þær, sem eru bændakirkjur. Það kann nú í fljóti bragði að sýnast nokkuð líkt ástatt með gjöld af kirknaeignum og gjöld af landsjóðseignum. Og það er satt, það er líkt ástatt með þau að því leyti, að hvortveggja renna til opinberra þarfa. En það er aptur mjög mikill munur á fasteignum landssjóðs og fasteignum kirkna. Fyrst og fremst hafa jarðir landssjóðs alveg sjerstaka byggingu. Þær eru byggðar fyrir peninga upp á lífstíð, vanalega með mjög vægum kjörum og betri kjörum en aðrar jarðir. Aptur eru kirkjujarðirnar byggðar um vissan áratíma, líkt og bændaeignir, og þess utan er afgjald þeirra ákveðið í þessum og þessum aurum, eða hvaða aurum sem vera skal. Enn má segja, að mismunurinn sje fólginn í því, hve dýrt kirkjujarðirnar sjeu leigðar. Greindir menn hafa sagt mjer, að engar jarðir væru tilltölulega eins dýrt leigðar og þær. Þetta allt ætla jeg að valdi því, að eigi sje ráðlegt, að láta kirkjur hafa þennan lögtaksjett. Þær eru, eins og jeg gat um, margar, og jeg held að hreppstjórar og fógetar fái nóg lögtök að annast, þótt þær gangi frá. Jeg legg því mjög á móti þessari viðaukatill., sem jeg álít að spilli greininni og frv. yfir höfuð, og jeg skal lýsa því yfir, að jeg met hana svo miklar skemmdir á frv., að jeg greiði hiklaust atkvæði móti því í heild sinni, ef hún skyldi verða samþykkt.

Þá kem jeg að breytingunni við 7. gr., að eptir orðin «í peningagjald» bætist: «ef gjaldið er ákveðið í þeim aurum, sem verðlagsskrá leggur verð á; en að öðrum kosti» o. s. frv. Þessi breyting hefir að vísu eigi mikla þýðingu, en jeg held jeg geti samt ekki lagt með henni. Því hún hefir óbeinlínis í sjer fólgna bendingu um það, að þegar aurarnir sjeu nefndir í verðlagsskránni, þá skuli verðlagsskrárverð þeirra takast til greina. Heimfæri jeg þetta afgjald til kirkjujarða, getur niðurstaðan orðið sú, að ef einhver ekki stendur í skilum, t. d. með leignagjald eða smjör, þá hljóti hann að geta komið ár sinni svo fyrir borð, að hann komist af með að borga það með peningum eptir verðlagsskrá. Kirkjueigandi eða prestur hefur byggt honum með þeim skilmálum, að hann borgaði í smjöri, en nú er gangverð smjörs hærra en verðlagsskrárverð. Maðurinn sjer hann hefir hag af að selja smjörið og borga með peningum. Hann borgar ekki smjörið, lætur byrja á lögtaki, en forðar sjer undan því með því, að borga þá peninga. Þetta hef jeg á móti breyttill. og jeg álít hana að minnsta kosti óþarfa. Jeg álít nóga trygging í því, að fógeti og hreppstjóri meti; þeir eru heldur eigi einir um hituna, því þeir hafa rjettarvottana með sjer til að meta þá aura, sem þurfa kynni að snúa í peninga.

Að því er snertir breyttill. við 12. gr., að í stað «um lögmæti» komi «gegn lögmæti», þá kom þessi breyting til tals við 1. og 2. umr. þessa máls og fjekk þá ekki mikla áheyrn. Jeg fyrir mitt leyti álít hana eigi til bóta, af því, að jeg þekki ekki, að þetta að «höfða mál gegn» sje haft í þessu sambandi. Jeg þekki ekki þetta «gegn» nema gegn manni. Jeg höfða mál gegn

Jóni Jónssyni um skuld, en ekki gegn Jóni Jónssyni gegn skuld. Aptur er það auðvitað, að «um lögmæti» er um það, hvort lögtaksgjörningurinn sje lögmætur eða ekki. Mjer er ómögulegt að sjá, að þetta geti valdið misskilningi. Viðvíkjandi þeirri breyt.till., að niðurlagið í 13. falli burt, þá hef jeg við 2. umr. tekið fram, að jeg álít það eigi æskilegt.

Jeg skal því að svo mæltu, fyrir mína og nefndarinnar hönd, leggja mjög á móti því, að h. deild fallist á 1. breyt.till. og sömuleiðis heldur ráða til að fella hinar síðari.

Landshöfðingi: Jeg get í öllu tilliti verið samdóma h. framsögum. (M St.) um breyt.till. nefndarinnar, og get yfir höfuð fellt mig vel við þær. Hvað snertir breyt. till. þær, sem hjer liggja fyrir frá 3 h. þingdeildarm., þá skal jeg fyrir mitt leyti ekki leggja mikla áherzlu á þær, nema breyt.till. við 2. lið 1. gr. Sú breyt.till. virðist mjer ísjárverð, og næsta varúðarvert fyrir deildina að fallast á hana. Jeg held, meira að segja, að ef hún kæmist að, mundi hún geta spillt svo fyrir málinu, að það ónýttist. Það er nauðsynlegt, að áreiðanlegur grundvöllur sje fyrir lögtaksgjörð, og út frá því er gengið í ákvörðunum í frv. stjórnarinnar, og sett nauðsynleg skilyrði í því tilliti. Þessa er gætt, þótt stjórnarfrv. ræði einungis um lögtaksheimild fyrir gjöld af jörðum landssjóðsins, þar sem bygingarbrjefin, sem fyrir þeim hafa verið samin, hafa verið ýtarlegar yfirveguð áður en þau hafa verið löggilt til afnota við bygging þjóðjarða. Eins og h. framsögum. (M. St.) tók fram, eru jarðir landssjóðsins byggðar öðruvísi en aðrar jarðir. Viðbótin, sem breyt.till. fer fram á, snertir kirkjujarðir og kristfjárjarðir, og að því er aptur snertir kirkjujarðirnar, nær lögtaksreglan, eptir breyt.till., ekki einungis til þeirra jarða, sem eru beneficeraðar, heldur einnig til bændakirkjujarða, og þannig verður lögtaksheimildin þanin oflangt út. Það væri hjer um bil eins lítil ástæða, að minni hyggju, til að setja þessar ákvarðanir um bændakirkjujarðir, eins og að láta slíkar ákvarðanir ná einnig til allra prívatmannajarða annara. En jeg verð að halda því fram, að það sje engin vissa fyrir, að byggingarbrjef fyrir slíkum jörðum sjeu svo regluleg, að lögtak verði byggt á þeim. Auk þess á lögtak að vera fremur undantekning en regla. Jeg er því mjög á móti þessari breyt.till., sem þeirri, er gæti orðið til fyrirstöðu og spillt fyrir því, að haganlegar og nauðsynlegar ákvarðanir frv. næði fram að ganga. Um hinar aðrar breyt.till. hefi jeg þegar látið álit mitt í ljósi, og finn því síður ástæðu til að tala nákvæmar um þær, sem h. framsögum. (M. St.) hefur skýrt þær svo ýtarlega. Jeg álít þær, sem sagt, ekki þýðingarmiklar; en finn heldur enga ástæðu til, að þeim verði bætt við. Jeg óska helzt, að þær mættu falla burt, því jeg ætla æskilegast, að eigi yrðu gjörðar fleiri breytingar við stjórnarfrv., en nauðsyn krefur.

Benidikt Kristjánsson: Jeg álít það taki til mín, að «argur er sá, sem engu verst», ef jeg ekki tek til máls, og því álít jeg mjer skylt, að færa nokkra vörn fyrir breyt.-till. þeim, sem hjer liggja fyrir frá mjer og 2 öðrum h. þm. Fyrsta breyt.till. er við 2. lið 1. gr. frv., þess efnis, að lögtaki megi taka gjöld af kristfjárjörðum og kirkjujörðum, eins og af jörðum landssjóðsins og jörðum þeim, sem tilheyra bæja- eða sveitasjóðum. Framsögum. (M. St.) hefir farið þeim orðum um breyt.till., að hún spilli frv. og þenji lögtaksrjettinn oflangt út, og jeg ætla það sjálfsagt, að það væri spillandi, ef svo væri, að lögtaksrjetturinn yrði þaninn meira út, en góðu hófi gegndi. Það væri því kannske ekki svo fjarri, að íhuga, hvort þau gjöld, sem hjer er bætt við, eru annars eðlis en þau, sem frv. nefnir. Fyrst er þá að minnast á kristfjárjarðirnar. Jeg veit að þær eru nokkuð annað en jarðir sveitasjóða og bæjarsjóða, og einnig annað en jarðir landssjóðsins. En þegar jeg ber kristfjárjarðirnar saman við jarðir þær, sem keyptar eru fyrir fje sveitarsjóðanna, þegar ástæða finnst til að gjöra þá arðberandi, þá get jeg ekki sjeð að munurinn sje svo mikill. Kristfjárjarðirnar eru gefnar til þess að bæta úr eymd og þörf hinna svokölluðu guðs volaðra, stundum fátækra hreppa, fátækra ekkna eða munaðarleysingja. Sveitarsjóðajarðirnar eru einnig keyptar til þess, að bæta úr þörf og eymd fátækra í sveitinni. Kristfjárjarðirnar eru, eins og framsögum. tók fram, heldur fáar, og virðist mjer sú ástæða heldur með en mót breyt.till. Jeg tek það upp aptur: þegar jeg ber saman gjöld af kristfjárjörðum og gjöld af jörðum sveitarsjóðanna, get jeg eigi sjeð svo verulegan mun á þeim, að eigi sýnist rjett að gjöra þeim báðum jafnhátt undir höfði. Jeg er jafnvel hneigður til að

setja kristfjárjarðirnar skör framar í þessu tilliti, því að þær eru bundnar við innilegri og betri hvatir mannlegs hjarta, en þær jarðir, sem sveitarsjóðirnir eiga. Þá skal jeg snúa mjer að kirkjujörðunum. Það hefur verið tekið fram gegn breyt.till., að þessar jarðir væru svo margar, að lögtak á gjöldum af þeim mundi gjöra fógetum svo mikið ómak. Jeg get nú ekki sjeð, að lögtak geti undir nokkrum kringumstæðum verið nema til þess einmitt að spara ómak, því lögtak er allajafna brotaminna en lögsókn og dómar. Og hverjir eru það, sem fá þessi gjöld? Embættismenn. Það er búið að segja það áður í greininni, að tekjur þeirra megi taka lögtaki. Það verður nú eigi varið, að prestar eru embættismenn, og gjöld af kirkjujörðum eru einmitt tekjur þeirra. Hví skyldi nú ekki mega taka tekjur þeirra lögtaki, eins og annara embættismanna? Meginhluti af tekjum þeirra er opt og víða mestmegnis fólginn í gjöldum af kirkjujörðum. Það hefur enn fremur verið haft sem mótbára, að ábúð á kirkjujörðum væri völt, að þær væru dýrt leigar og byggingarbrjefin ekki sem bezt úr garði gjörð. Jeg verð að segja, að það, að jörð sje dýrt leigð, eigi ekki að hamla lögtaki, því hvað er leigumáli jarða? Það er frjáls samningur milli landsdrottins og landseta, og þó hann kunni að vera harður fyrir annan málsaðila, þá hefur hann þó sinn fulla lagarjett. Samningurinn hlýtur að vera hreinn og beinn, falslaus og svikalaus, og hefur því sinn fullkomna rjett. Að byggingarbrjefin sjeu miður vel úr garði gjörð, getur maður ekki præsúmerað, og af því verður ekki fyrirfram ályktað, að þau ekki hafi sitt fulla gildi. Jeg man ekki betur, en að stipsyfirvöldin eða biskup gæfu hjer um árið form fyrir byggingarbrjefi kirkjujarða, og jeg má fullyrða, að prestar fylgja því. Það hefur enn verið tekið fram sem mótbára, að afgjaldið eptir kirkjujarðir væri ákveðið í landaurum. Þessi mótbára held jeg að hafi litla þýðingu, þegar þess er gætt, að frv. sjálft einmitt gjörir ráð fyrir fjárnámsgjörð á landaurum, sem hreppstjóri og fógeti meti til peningaverðs. Jeg fyrir mitt leyti get ómögulega, hvað feginn sem jeg vildi, sannfærzt af orðum h. framsögum. Hann tók það líka fram — jeg nú var nærri búinn að gleyma því, — að ef breyt.till. kæmist að, gæti sá, sem gjalda ætti í landaurum, smeygt sjer út úr því að gjöra það, með því, að borga í peningum lægri upphæð eptir verðlagsskrárverði. Nei, þetta get jeg heldur ekki skilið. Sá, sem ekki hefur goldið í landaurum, hefur ekki goldið, þ. e. ekki goldið svo sem gjalda bar, ekki goldið eins og um var samið (*M. St.*: Breyt.till. við 7. gr.). Það er allt annað mál, þegar til fjárnáms kemur.

Viðvíkjandi 2. breyt.till. okkar við þau ákvæði frv., er gjöra ráð fyrir, að fógetinn eða hreppstjóri snúi landauragjaldinu í peninga, en í breyt.till. er farið fram á, að lögkvaddir virðingarmenn kveði á um fjehæðina, þá er það hvorttveggja, að hvorki fógeti nje hreppstjóri er virðingarmaður, nje heldur sagt, að hreppsjóri sje viðstaddur fjárnámsgjörðina. Meining breyt.till. er sú, að það sje betra og rjettara, að sá, sem lögtakið framkvæmir, blandi sjer ekki inn í það, að meta til peningaverðs landaura, þegar þeir eru ekki öðruvísi en í landaurum, og eigi verðlagðir í verðlagskrá. Jeg viðurkenni, að þetta geti verið dálítill ómaksauki, en mjer finnst í rjettarlegu tilliti fara betur á því. Breyt.till. getur því held jeg engan veginn spillt frv. eða spillt fyrir frv. Frv. stendur allt að einu í aðalheild sinni á sama grundvelli sem það stóð á þegar það kom frá stjórninni. Þetta allt eru að eins lítilfjörlegar breytingar, sem jeg verð að álíta að eigi betur við.

Því næst skal jeg minnast á breyt.till. við 13. gr., um að niðurlag hennar falli burt. Mjer finnst þetta niðurlag óviðkunnanlegt. Hjer er lögtaksbeiðandi skoðaður eins og einhver aumingja bjálfi, sem ekki geti farið með rjett sinn án þess honum verði að voða. Jeg hreifði því við 2. umr., að jeg felldi mig ekki við þetta niðurlag. Framsögum. kom með dæmi, sem átti að sanna nytsemi þess. Hann sagði, að það gæti skeð, að lögtakspolandi væri búinn að borga, án þess lögtaksbeiðandi vissi af því, því lögtakspolandi vildi ef til vill leyna því af hrekkjum. Já, jeg skil ekki vel, að þetta geti átt sjer stað, að lögtaksbeiðandinn viti ekki, hvort hinn hefur greitt gjald sitt rjettum hlutaðeiganda eða eigi. Jeg get eigi annað hugsað, en ef eigi rjettum hlutaðeigandi sje greitt, þá sje að skoða gjaldið sem ógreitt. Þetta ákvæði finnst mjer því eins og að hvetja lögtaksbeiðanda til þess, að beita rjetti sínum ósleitulega gagnvart lögtakspolanda, en hitt getur eigi valdið lögtaksbeiðanda neinnar ábyrgðar, þótt hann sæti lögtaks fyrir goldinni skuld. Það er

auðvitað, það hljóta að vera til, og munu vera til almennar lagaákvarðanir um, að óþörf prætugirni baki ábyrgð, svo sem t. d. málskostnað, og mjer finnst rjettast að láta hvíla við þær ákvarðanir, sem eru í lögum um þetta efni.

Þá skal jeg ekki tala margt um eina breyt.till., sem enn er ónefnd, nefnilega að setja «gegn» í st. «um» í 13. gr. Það má tala bæði með og mót þessari breytingu. Það er talað um að hefja mál gegn einhverjum og mjer finnst gegn geta átt við fleira, en persónu. Dómar eru að vísu æfinlega *um* lögmætið, en málshöfðun og sókn *gegn*. Mjer finnst heldur rjettara að hafa þó gegn hjer; *um* er fremur um verknaðinn, síður um persónuna, sem verknaðinn vinnur.

Jakob Guðmundsson: Viðaukatill. við 2. tölul. 1. gr. fer fram á, að bæta inn í gjöldum af kristfjárjörðum og kirkjujörðum. Það getur nú verið, að hjer sje nokkuð líkt á komið með báðum flokkum jarða þessara og að kirkjujarðirnar geti að því leyti heitið kristfjárjarðir, sem þær óneitanlega eru gefnar fyrir Krists skuld til viðurhalds kirkjum og prestum. En jeg geng út frá því sem vísu, að hjer sje ekki meiningin sú, að þessar hvorutveggju jarðir sjeu það sama. Kristfjárjarðirnar eru eptir almenningsáliti einkum þær jarðir, sem ætlaðar eru og gefnar hafa verið hinum svo nefndu guðs voluðu, fátækum hreppum, ekkjum og munaðarleysingjum. Það er því nokkuð annað mál með þær en kirkjujarðir, og jeg get ekki sjeð neina ástæðu móti því, eða fundizt það neitt óeðlilegt, þótt tekjur fátækra væru háðar sama rjetti og tekjur hins opinbera. Annað mál finnst mjer þetta að nokkru leyti vera um kirkjujarðirnar, einkum bændakirkjujarðir. Tekjur af benifiskirkjujörðum eru sama eðlis og aðrar tekjur presta, sem þeim er heimilt að taka lögtaki, og að því leyti sýnist mjer í rauninni ekkert á móti því, að lögtakið næði til kirkjujarða afgjalds, hvað benefiseruðu kirkjujarðirnar snertir. En nú hefir reynslan sýnt, að þetta lögtaksleyfi, sem prestum er heimilað, er mjög sjaldan og af mjög fáum notað, af því að prestar hika sjer við, þótt þeir hafi lagarjettinn, að nota sjer hann í þessu tilliti, sökum þess, að þeir vita, að skoðanir alþýðu eru svo ófullkomnar, að henni finnst hart og prestunum óverðugt, að beita lögtaki, þótt þeir hafi alveg rjett fyrir sjer. Jeg get sagt fyrir mig: jeg hef tvisvar fengið leyfi til að taka lögtaki gjöld hjá tveimur mönnum, sem tregðuðust við að borga. En jeg er ekki farinn að láta taka lögtakið enn. En lögtaksleyfið hafði samt þau áhrif, að annar borgaði, en hinn hefir ekki borgað enn þann dag í dag. Nei, menn hika sjer vegna almenningsálitsins við lögtakinu. Ef nú lagaboðið væri nokkuð útvíkkað, að því er snertir lögtakið, þá lægi nær að láta það ná til beneficeraðra kirkjujarða en til bændakirkjujarða. Þessar beneficeruðu jarðir eru að því leyti að minnsta kosti frábrugðnar hinum, að byggingarbrjef þeirra eru meir háð því opinbera en byggingarbrjef bændakirkjujarða. Jeg hef ekki einungis undir minni umsjá beneficeraðar jarðir, heldur einnig bændakirkjujarðir, og veit jeg fyrir víst, að hið opinbera skiptir sjer ekkert af byggingu bændakirkjujarðanna og þær koma prestinum eiginlega ekki við, nema að því leyti sem hann fær prestsmötu af þeim, en prestsmötuna getur hann látið taka lögtaki hjá jarðeiganda, þótt þessi lög ekki komi. Yfir höfuð, hefði liðurinn verið svo sundurgreindur, að mögulegt hefði verið að aðgreina kirkjujarðir og kristfjárjarðir, hefði jeg gefið atkvæði með kristfjárjörðunum, en móti kirkjujörðunum, sjer í lagi bændakirkjujörðunum.

Einar Ásmundsson: Það er búið að tala margt og mikið með og mót í máli þessu; jeg hef því að eins litlu við að bæta, en vildi lýsa yfir skoðun minni á einum eða tveimur atriðum. Jeg vona þá í fyrsta lagi, að engum blandist hugur um, að samþykkja breyt.till. nefndarinnar, sem jeg verð að álíta til mikilla bóta, með því að hún gengur í þá stefnu, að ákvarðanir, sem þingið setti í hitt eð fyrra um lögtak á álagi jarða, haldist óbreytt. Viðvíkjandi þeim breyt.till. frá 3 h. þm., sem hjer liggja fyrir, verð jeg að segja, að jeg er mjög nálægur skoðun h. 3. kgk. (M. St.) að því er snertir hina fyrstu breyt.till. að minnsta kosti. Jeg þykist sjá, að það sje athugavert jafnvel að leyfa lögtak á gjöldum eptir þjóðjarðir, og jeg hefði, ef breyt.till. hefði komið fram í þá stefnu, að nema burt allan 2. lið 1. gr., helzt hallazt að því, að gefa atkvæði með þeirri breytingu. En hins vegar játa jeg það, að venjan, 50—60 ára venja, helgar þessa ákvörðun frv. að nokkru leyti, þótt jeg satt að segja álíti hana heldur óvenju. Og einmitt af þessari skoðun minni

finnst mjer það því fremur ísjárvert, að leyfa að taka lögtaki gjöld, sem eru byggð á frjálsum samningi milli tveggja málsaðila. Jeg held því jeg greiði atkvæði móti þessari breyt.till., þó mjer sannarlega falli það þungt að þurfa að vera móti svo góðum mönnum og vinum mínum, sem h. uppástungumenn eru.

Að því er 2. og 4. breyt.till. snertir, þá legg jeg ekki mikla áherzlu á þær, og get líklega gert h. uppástungumönnum það til geðs, að greiða atkvæði með þeim. Að því er aptur snertir 3. breyt.till. um breytinguna á *„um“* í *„gegn“* í 12. gr. frv., þá er jeg hræddur um, að h. uppástungumenn hafi komið með þessa breytingu alveg óvart, því jeg get ekki betur sjeð, en að frv. sje spillt með því, ef hjer kemst inn í það *„gegn“* í st. f. *„um“*. Jeg veit að vísu, að það er orðið að venju að segja: «að höfða mál gegn enhverjum»; en jeg verð samt að ætla, að það sje eigi sjerlega gott mál. Við, sem nú erum orðnir gráir af hærum, höfum svo margsinnis, eða ættum svo margsinnis að hafa lesið fornsögur vorar, hljótum að hafa tekið eptir því, að þar er aldrei talað um mál «gegn» einhverjum, heldur «á hendur» einhverjum. Það er orðatiltæki, sem kemur svo þrásækilega fyrir í vorum fögru og merkilegu fornsögum. Það er heldur aldrei sagt gegn nú á dögum, ef eins er ástatt og hjer, þegar eigi er um menn heldur málefni að ræða. Jeg ímynda mjer, að hver viti borinn maður, og sjálfur h. uppástungumenn, mundi hlægja að því, ef einhver segðist höfða mál gegn landamerkjum, eða gegn rjetti einhvers manns til einhvers hlutar og fram eptir þeim götunum, og það væri þó sama sem það er breyt.till. fer fram á. Hjer á því við að hafa *um*. Það er efamál, sem á að dæma *um*. Lögtaksbeiðandinn þykist viss *um*, að hann hafi rjett. Lögtaksþolandinn efast *um*, að svo sje. Þeir deila *um*, hvor rjettara hafi, og dómarinn dæmir *um* ágreininginn milli þeirra. Hvernig sem málinu er velt fyrir sjer, verður fyrirsetningin *um* alstaðar fyrir manni. Jeg held því, eins og jeg tók fram, að breyt.till. þessi hafi komið einhvern veginn óvart, og jeg vil skjóta því til uppástungumannanna, hvort þeir eigi vilji spara deildinni ómak með að fella hana og taka hana nú aptur.

Jón Pjetursson: Hvað snertir breyt.till. okkar 3 þm. við 1. gr. 2. lið um, að bæta inn í að leyft verði að taka lögtaki gjöld af kristfjárjörðum og kirkjujörðum, þá get jeg ekki annað sjeð en að það sje alveg rjett, að láta þessar jarðir njóta sömu rjettinda og aðrar opinberar eignir, eins og h. þm N.-Þing. (B. Kr.) hefir svo snilldarlega sýnt fram á. Mjer sýnist það virkilega undarlegt, að prestar skuli eigi mega eiga eins hægt með og aðrir embættismenn að ná tekjum sínum. Mjer finnst það skylda stjórnarinnar og þingsins, að sjá um, að prestum sje eigi gjört lægra undir höfði, og gjöld af kirkjujörðum heyra þó sannarlega undir tekjur prestanna. Eins finnst mjer viðaukinn við 7. gr. mjög eðlilegur, og þarf jeg eigi að tala fleira um hann, þar sem h. þm. N.-Þing. (B. Kr.) hefur varið þessa breyt. till. með góðum og gildum rökum. Þá skal jeg minnast á breyt.till. við 12. gr. Þessi grein hljóðar svo í nefndarfrv.: «Hafi sá, er fyrir lögtaki hefur orðið, önnur mótmæli gegn því en þau, að eigi hafi mátt skuldina lögtaki taka að lögum, eða lögtaksaðferðin hafi röng verið, er honum rjett að höfða mál í hjeraði *um* lögmæti gjörðarinnar» o. s. frv. Það er þó merkilegt! hann á að höfða mál um lögmæti gjörðarinnar! um það, að lögtakið hafi verið lögmætt. Í danska textanum stendur orð, sem svarar til þess, að sá, sem lögtakið er gjört hjá, geti höfðað mál um «gildi mótmæla sinna gegn lögmæti gjörðarinnar», en þar stendur ekki: um ógildi mótmæla sinna gegn lögmæti lögtaksins, sem von er til. Mjer sýnist, að ef maður endilega vildi halda orðinu *um*, þá varð að standa þar á eptir «ólögmæti» lögtaksins, en ekki «lögmæti» þess. H. þm., sem hafa mælt móti breyt.till., þykjast ekki hafa sjeð «þetta gegn» nema gegn mönnum. Þeir sömu herrar hafa víst ekki lesið frv. vel. Það stendur hjer í upphafi greinarinnar «gegn því». Jeg verð yfir höfuð að lýsa því yfir, að ef þetta «gegn lögmæti gjörðarinnar» hneykslar aðra, þá hneykslar þetta «um lögmæti gjörðarinnar» mig. Mjer sýnist þetta «um lögmæti» vera þvert á móti því, sem stendur í danska textanum, og yfir höfuð óhafandi.

Benedikt Kristjánsson: Þegar jeg talaði áðan gleymdist mjer að geta bændakirknanna, þegar jeg minntist á kirkjur. Jeg skal fúslega játa, að um bændakirkjujarðir eru nokkru öðru máli að gegna, og að tekjur af þeim eru ekki embættistekjur nokkurs manns, og því á ekki við að brúka sömu á-

stæður um þær, sem eiga við kirkjujarðir, sem liggja undir prestaköllin. En jeg get samt sem áður eigi sjeð, að það sje nein óhæfa, að taka gjöld af þeim lögtaki, sjerstaklega þegar gætt er að sambandi því, sem þær standa í við kirkjuna. Kirkjurnar eru ordnar til í fornöld af guðræknisþörf manna og jarðirnar hafa verið gefnar þeim til viðurhalds, er þær voru reistar. Auðvitað er, að þeir, sem nú eiga kirkjurnar, þurfa ekki að hafa sama hjarta sem þeir er byggðu fyrst kirkjur og lögðu jarðir til þeirra; en þeir hafa ábyrgð gagnvart kirkjustjórninni; þeir verða að ábyrgjast að kirkjurnar sjeu nógu stórar, og hæfilegar til guðsþjónustu. Og hvaða veð setja þeir fyrir því, að þeir gegni þessari ábyrgð? Jarðirnar, þær eru einmitt veðið. Kirkjueigandinn hefur ekki ótakmarkaðan eignarrjett eða umráð yfir jörðunum. Hann má ekki selja þær nje veðsetja öðrum, sem frjálsa og óbundna eign sína, því þær standa einmitt sem veð fyrir því, að hann uppfylli skyldur sínar við kirkjuna. En hvaða rjett hafa svo kirkjueigendurnir aptur móts við skylduna? Já, jeg verð að segja það, ef þeir ekki fá sama rjett og aðrar stofnanir með tilliti til lögtaksins, þá finnst mjer þeir verði hart úti. Hjer er ekki um ranglát gjöld að ræða. Hjer er einungis um það að ræða, að beita lögtaki þegar ekki er staðið í skilum, einungis um það að ræða, að gjöra ljettara fyrir að ná gjaldi og hafa sterkara aðhald og jafnframt kostnaðarminni aðferð jafnvel fyrir gjaldendur sjálfa. Jeg mundi eigi hafa farið fram á þessa breyt.till., ef eigi stæði það sem stendur á undan í frv. Mjer finnst ósamkvæmni að fella breyt.till., en samþykkja tölulidinn, eins og hann nú er.

Jakob Guðmundsson: Jeg skal bæta stuttri athugasemd við það, sem jeg sagði áðan, er jeg gjörði mun á beneficeruðum kirkjujörðum og bændakirkjujörðum eða prívatkirkjujörðum. Þegar jeg lít til gjaldanna af þessum svonefndu beneficeruðu kirkjujörðum, sje jeg, að jeg get gjört mjer ljettara fyrir með innheimtu á þeim, en öðrum gjöldum, því ef einhver þrjótur er, sem ekki vill borga þau hin önnur gjöld, sem á honum hvíla, þá hef jeg engin ráð til að ná þeim hjá honum nema margbrotna og flókna málssókn. Jeg get ekki rekið hann burt úr sveitinni. En ef jeg hefi byggt jörð ábúanda, sem ekki stendur í skilum, þá er mjer allt af hægt með fullum lagarjetti að byggja honum út samkvæmt lögunum um bygging, ábúð og úttekt jarða; svo prestinum er ætíð innan handar að losa sig við þennan gjaldþrjót, og þarf ekki að sitja með hann án enda. Og þótt nú ekki presturinn hafi þennan fljóta og greiða veg, hefur hann samt annan lagaveg, svo hann þarf engan veginn að missa af hinum öðrum tekjum sínum, þótt hann geti eigi náð þeim á þennan hátt. Hann getur eptir öðrum lagaákvæðum náð rjetti sínum. Jeg get ekki fremur vorkennt prestum eða hverjum öðrum embættismönnum að ná inn jarðarafgjöldum sínum, en prívatmönnum að ná inn afgjöldum sinna jarða, og það því síður, ef þeir geta fengið gjafsókn. (*Magnús Stephensen:* Hætt nú). Jæja; þetta sem jeg nú hef sagt, styrkir mig heldur í þeirri skoðun, að það mundi hollast að að hliðra sjer hjá lögtaki á kirkjugjöldum.

Sighvatur Arnason: Jeg skal ekki vera margorður. Það er búið að ræða svo mikið um þessar breyt.till. og h. þm. N.-Þing. (B. Kr.) er búinn að halda svo rækilega svörum uppi fyrir þeim. Það er einungis viðvíkjandi einu atriði, sem talað hefur verið um, nefnil. lögtaksrjetti á gjöldum af bændakirkjueignum, að jeg vildi gjöra stutta athugasemd. Breyt.till. þessar ganga nú vitanlega lengst að því er til lögtaks á gjöldum af bændakirkjueignum kemur. H. þm. N.-Þing. tók fram, að eigendur þessara kirkna hefðu ábyrgð á kirkjunum og fl. Enn skal jeg geta þess, að þeir verða líka að svara prestsmötu af kirkjukúgildunum, og það er svo sem auðvitað, að ef ábúandinn greiðir hana ekki, þá á presturinn aðgang að eiganda kirkjunnar. Og jeg gjöri ráð fyrir, að flestir kirkjueigendur finni það skyldu sína, að gjalda prestinum smjörleigur þær, sem honum ber, þótt þeir eigi fái leigur með skilum af jörðum sínum; þessir kirkjueigendur verða líka mörgum sinnum að lána kirkjunum fje, úr sínum eigin vasa, svo hundruðum króna skiptir, og líða það rentulaust svo og svo mörg herrans ár, þangað til kirkjan er loksins búin að borga það með tekjum sínum. Mjer finnst það því hart, ef bændakirkjur fá ekki sama rjett og aðrar kirkjur. Auk þess er enn að gæta þess, að gjöld þessi eru að sumu leyti, eins og tekið hefur verið fram, einn hluti af tekjum prestsins, og yfir höfuð finnst mjer, að þótt ákvæði frv. gengi fram hvað tekjur kirkna snertir yfir höfuð, að þau mundu gefa

mönnum mikla hvöt til að standa í skilum, en vitaskuld er, að lögunum yrði aldrei beitt nema gegn þeim, sem þrjózkuðust við að gjalda það sem gjalda ber.

Framsögumaður (Magnús Stephensen): H. þm. N.-Þing. (B. Kr.) hefur ekki sannfærzt af orðum mínum, og jeg bjóst heldur ekki við því. Hann er vanur að vera búinn að hugsa svo vel um hvað eina, hvort sem það snertir lög eða önnur málefni, er fyrir koma, áður en hann kemur inn í þingsalinn, að varla er hugsandi að aðrir geti haft aðrar rjettari skoðanir, en hann. Hann hefur líka opt komið með svo merkilegar og einkennilegar skýringar á lögum, að það hefur ekki verið fyrir okkur, sem köllum okkur lagamenn, að hrekja þær. Að því er snertir breyt.till. hinna þriggja þingm. (B. Kr., J. P. og S. Á.) við 1. gr. stafl. 2, þá get jeg verið samþykkur því, sem h. þm. Dal. (J. G.) sagði um hana. Ef tillögumenn ekki hefðu látið lögtaksrjettinn ná lengra, en til kristfjárjarða, þá hefði frv. ekki verið svo mjög spillt. En þar sem þeir vilja einnig láta hann ná til bændakirkjujarða, þá álít jeg málinu þarmeð alveg spillt. H. þm. Dal. (J. G.) hefur tekið svo vel fram ástæðurnar fyrir þessari skoðun okkar, að jeg þarf ekki að dvelja lengur við þær. Ef afgjaldið af bændakirkjujörðum væri lagt til kirkjuporzíónarinnar, þá gæti jeg gengið inn á skoðun h. þm. Rangv. (S. Á.); en nú er ekki svo, því að kirkjueigendur gjöra ekki grein fyrir afgjaldinu, en geta farið með það sem prívat-eign sína. Jeg ætla að geta þess viðvíkjandi orðuninni á breyt. till. við þennan tölul., að hún mun geta valdið misskilningi. Þegar breyt.till. er bætt inn í 1. gr. frumv., stafl. 2., verður stafliðurinn svona: «Gjöld af fasteignum «landssjóðs, sveitar- og bæjarfjelaga, svo og «gjöld af eignum þeim, sem til guðsþakkar «eru lagðar, svo sem kristfjárjörðum og «kirkjujörðum, þegar eptirrit af lögtaks-«beiðninni hefur verið birt» o. s. frv. Það lægi, að því er mjer virðist, næst, að skilja þetta svo, sem orðin: «þegar eptirrit» o. s. frv., ættu einungis við kristfjárjarðir og kirkjujarðir, en ekki við fasteignir landssjóðs, sveitar- og bæjarfjelaga, sem verður þó að álítast aðalatriðið. Um hinar aðrar breyt.-till. álít jeg nægilega rætt. Á eina þeirra vil jeg þó lítið eitt minnast. Það er stungið upp á því, að endir 13. gr.: «enda sje það» o. s. frv., falli burtu. Það kom fram við 2. umr., að h. þm. N-Þing. (B. Kr.) gat ekki hugsað sjer, að það gæti komið fyrir, að lögtakspolandi hefði í höndum kvittun frá rjettum hlutaðeiganda, sem lögtaksbeiðandi vissi ekki af. Mig getur ekki annað en furðað á því, að hann, sem kemur með svo margar skarpar lagaskýringar, skuli ekki getað hugsað sjer svo einfalt tilfelli. Ef verða embættismanna-skipti, t. a. m., er það þá óhugsandi, að eptirmaðurinn viti ekki af kvittun, sem fyrirrennari hans hefur gefið manni fyrir goldinni skuld, og krefji hann svo aptur um skuldina? Ef svo sá, sem kvittunina hefur í hendi, er nógu illgjarn, mundi hann þá ekki geta komið ábyrgð á hendur embættismanninum? Jeg skal taka annað dæmi: Arfleifandi getur hafa gefið manni kvittun fyrir skuld, án þess að hafa skrifað út skuldina í bókum sínum; erfingi eða skiptaráðandi álítur svo skuldina óborgaða, en sá, er kvittunina hefur í hendi, leggur hana ekki fram, til þess að geta komið ábyrgð á hendur skiptaráðanda. Jeg gæti nefnt mörg önnur tilfelli. *(Benidikt Kristjánsson:* «Þá er bókfærslan ekki góð!») Bókfærslan þarf ekki að vera vond fyrir það. Það gæti víst auðveldlega komið fyrir, að jafnvel prestar gleymdu að stryka út hjá sjer ljóstoll, sem þó væri greiddur og þeir hefðu gefið kvittun fyrir. Breyt.till. sömu þm. við 7. gr. sje jeg ekki að hafi mikla þýðingu. Þm. N.-Þing. (B. Kr.) hefur talað opt um, að í frv. væri gjört ráð fyrir landauragjaldi, en það stendur hvergi í frv. Hjer mun einkum vera átt við 5. stafl. 1. gr., þar sem talað er um gjald, sem landsjóður o. s. frv. hafi orðið að greiða «til að bæta úr vanrækslu einstakra manna á lögboðnum útvegunum, aðgjörðum, vinnu eða kvöðum». Þetta eru þó ekki landaurar. Það er einungis, ef viðaukatill. um kirkjujarðir kemst að, að fyrst verður ástæða til að hafa sjerstaka virðingarmenn til að meta landaurana til peningagjalds. Önnur tilfelli eru ekki svo margbrotin, að fógetar geti ekki sjálfir breytt gjaldinu í peninga.

ATKVÆÐAGR.:

Breyt.till. (182) við 1. gr., tölul. 2. felldur með 7 : 3
— (188) við 1. gr. tölul. 9. samþ. með 11 atkv.
— (182) við 7. gr. samþ. með 7 atkv.
— — — 12. gr. felld með 8 : 3
— — — 13. gr. samþ. með 6 : 5

Frumv. með áorðnum breytingum samþ. í einu hljóði, og verður það afgreitt aptur til Nd.

Frumv. til laga um stofnun landsbanka (C. 188); 2. umr.

Benidikt Kristjánsson: Þar sem þetta er 2. umr. þessa máls, er það að vísu nokkuð seint að vekja máls á breytingum við það, og allt of seint að hugsa til þess hjeðan af að koma með neinar verulegar breytingar á því. Samt sem áður hefi jeg hugsað mjer að vekja máls á nokkrum breytingum við frv., er mjer virðast ekki óheppilegar, heldur til bóta, og það vill svo vel til, að þær breytingar, sem jeg hugsa mjer að hreifa, snerta ekki efnið verulega. Þær snerta að eins laun þeirra, er bankanum eiga að stýra, og þeirra, er starfa eiga við hann. Fyrst vil jeg þá minnast á laun framkvæmdarstjóra. Frv. ákveður honum 2000 kr. laun. Því verður víst ekki neitað, að ætlunarverk þessa embættismanns verður bæði umfangsmikið og vandasamt, og jeg vona að allir játi, að vandfenginn muni maður, sem taki að sjer þetta starf, og leysi það af hendi svo vel verði. Jeg get því ekki skilið, að 2000 kr. nægi til að gjalda þeim manni, sem þarf að vera svo vel að sjer í öllu því, er að bankastörfum lýtur, að hann sje í öllu vaxinn því ætlunarverki, er honum verður falið. Jeg get ekki skilið, að slíkur maður láti sjer lynda þessi laun. Jeg get ekki skilið, að nokkur maður geti haft slík störf í hjáverkum, eða að gjörlegt sje að fela slík störf nokkrum þeim manni, sem hefur nokkur önnur veruleg störf á hendi. Ætlunarverk hans er mjög margbrotið. Hann á að kaupa víxilbrjef, ávísanir m. m., sem allt er vandasamt og aðgæzluvert. Hann verður að gæta þess vandlega, að ekki tapist fje og engin vanskil verði. Á hinn bóginn álít jeg, að launin eigi að samsvara hæfilegleikum mannsins, sem starfið tekst á hendur, og að þau eigi að vera svo ríflег, að engin freisting sje fyrir hann að fara ljettúðarlega eða sjerdrægnislega með starf sitt. Þegar nú þess utan þar við bætist, að hann á að setja veð fyrir embætti sínu, þá virðist því síður eiga við, að skammta honum launin svo að segja úr hnefa. Laun framkvæmdarstjóra eru sett lægra en allra annara veraldlegra embættismanna, að undan skildum læknunum, og munu þó jafnvel þeir hafa eins mikil eða jafnvel meiri laun, þegar þess er gætt, að þeir fá sjerstaklega fyrir læknisstörf sín. Mjer kemur til hugar, að laun framkvæmdarstjóra ættu, «ef þau eiga að geta kallazt viðunanleg», að vera 3000 kr., eða $^2/_3$ hærri, en þau eru ákveðin í frv.

Þá kemur annar maður, sem og á að hafa þýðingarmikið starf við bankann. Hann er í frv. nefndur bókari. Ætlunarverk þessa manns er líka vandasamt og margbrotið, og mun nægilegt handa einum manni, þótt dugandi sje. Ef laun þessa manns, eins og þau eru ákveðin í frv., eru borin saman við laun þeirra manna, er hafa líkum störfum að gegna, t. a. m. eru bókhaldarar við margbrotna og stóra verzlun, þá vona jeg allir játi, að þau sjeu mjög svo af skornum skammti. Þessum manni eru ætlaðar 1000 kr. Jeg hefði nú helzt haldið, að 2000 kr. væru ekki of há laun handa honum. Þá er þriðji maðurinn, sem starfa á við bankann. Það er fjehirðir. Mjer er nú ekki ljóst, hversu umfangsmikil störf þessa manns verða. Jeg get ímyndað mjer, að þau verði umfangsminni en störf þess, er jeg nefndi hjer næst á undan. Í þá stöðu mun að eins þurfa ráðvandan og reglusaman mann. Laun hans þurfa því, ef til vill, ekki að vera mjög há, og hann getur kannske þess utan haft önnur störf á hendi. En þar sem hann líka á að setja veð, virðist ástæða vera til að ákveða honum ríflег laun. Mjer dettur fljótlega í hug, að engar öfgar muni vera, þó honum væru ætlaðar 1500 kr. Þá er ennfremur í frv. gjört ráð fyrir tveimur mönnum, er sjeu í bankastjórninni. Það eru hinir svo nefndu gæzlustjórar, sem eiga að vera aðstoðarmenn framkvæmdarstjóra, og hafa umsjón með framkvæmdum hans. Jeg gjöri ráð fyrir, að störf þeirra við bankann verði sem viðauki við önnur störf þeirra, en mjer getur þó ekki dulizt, að laun þau, sem þeim eru ætluð, eða 500 kr. til hvors, sjeu of lág. Þessir menn verða með alhuga að fylgja öllum störfum bankans og framkvæmdum; þeir þurfa að vera menn, er hafa, sem menn segja, «bein í nefinu», það verða að vera menn, sem hvorki líta til hægri eða vinstri, þeir þurfa að vera gætnir menn og mjög vel kunnugir öllum störfum og framkvæmdum bankans. Jeg ætla það engar öfgar, þó þeir fengi allt að 800 kr. hvor um sig. Það er auðvitað, jeg sæki það ekki með neinu kappi, að fá þessar breytingar

fram, enda get jeg ekki komið þeim að, ef engir h. þingdm. álíta ástæðu til að taka þær til greina, og skrifa undir breyt.till. um þetta efni.

Sighvatur Árnason: Jeg efast ekki um að máli þessu verði vel tekið hjer í þingd. og að því verði yfir höfuð að tala breytt sem minnst, enda álít jeg það bezt, að breyta því sem allra minnst, en lofa reynslunni að sýna, í hverju því er helzt ábótavant. Þegar reynslan hefur sýnt, í hverju stofnaninni er ábótavant, þá er tími til umbóta. Þó skal jeg leyfa mjer að geta þess, að sama vakti fyrir mjer sem h. þm. N-Þing. (B. Kr.), einkum að því er laun framkvæmdarstjóra snertir. Jeg ímynda mjer, að sá, sem stjórna á þessari þýðingarmiklu stofnun, og gegna öllum þeim vandasömu og umfangsmiklu störfum, er fylgja bankastjórninni, megi alls ekki, sem menn segja, fráskáka sjer. Hann verður að vera vakinn og sofinn yfir störfum bankans, sem eru svo þýðingarmikil fyrir land og lýð. Hann verður að gæta hagsmuna bankans og þar með landssjóðs og landsins alls í öllu tilliti, svo framarlega sem allt á að fara vel. Þetta má ekki hugsa sjer í hjáverkum. Jeg verð því að vera h. þm. N-Þing. (B. Kr.) samdóma um, að laun þessa manns sjeu ákveðin helzt til lágt. Hvað hina aðra starfsmenn bankans snertir, þá mæli jeg ekki eins með uppástungum sama þm. að því er snertir laun þeirra. Það er vitaskuld, að bókari hefur mikils að gæta og að hann verður æfinlega að vera við hendina. Þó get jeg hugsað mjer, að 1000 kr. sjeu viðunanleg laun handa honum, en allt það minnsta munu þau vera.

Gæzlustjórarnir aptur á móti þurfa ekki æfinlega að vera til staðar, hvenær sem eitthvað er starfað í bankanum. Þeir munu naumast þurfa að koma þar nema á vissum tímum til að hafa gætur á framkvæmdum bankans, og svo öðru hverju til að vita, hvernig sakirnar standa. Jeg ímynda mjer því, að þeim sje í frv. ákveðin nægileg þóknun. Verði fleiri þingdm. á því, vil jeg fremur vera því meðmæltur, að bætt verði við framkvæmdarstjórann, svo fremur verði vissa fyrir því, að góður maður og dugandi fáist til að taka það starf að sjer. Jeg verð jafnvel að efast um, að slíkur maður fáist að öðrum kosti.

Landshöfðingi. Jeg get fúslega fallizt á skoðun h. þm. (B. K. og S. Á), að því leyti sem þeir álíta, að laun þeirra, er starfa eiga við bankann, ekki sjeu há, heldur miklu fremur lág. Þau eru of lág, ef ekki er gengið út frá því, að embættismenn bankans jafnframt geti haft önnur störf á hendi, en á þessu eru ákvarðanir frumvarps stjórnarinnar byggðar, eins og stjórnin hefur tekið fram í ástæðum sínum fyrir frv. Hvort það sje ekki gjörlegt, að ætlast til að framkvæmdarstjóri, bókari og fjehirðir við bankann hafi jafnframt önnur störf á hendi, er enn óreynt. Það verður reynsla hins ókomna tíma að sýna og sanna. Jeg held þó að störf þessara manna verði ekki, að minnsta kosti ekki fyrst um sinn, svo yfirgripsmikil, að þau geti ekki vel sameinast við önnur störf; jeg held þau verði ekki svo mikil, að menn í öðrum embættum geti ekki jafnframt gegnt þessum störfum. Hins vegar er það vitaskuld, að ef þinginu lízt að hækka laun þessara manna, þá verður því hægra fyrir stjórnina að fá menn til að gegna þessum störfum. En þess ber að gæta, að því hærri sem launin verða, því meiri byrði hefur bankinn að bera og því erfiðara verður honum gjört að komast af, og því meiri verður byrði landssjóðs, ef illa fer. Jeg hefi því þá von, að ekki sje svo nauðsynlegt að auka við launin, eins og h. þm. N.-Þing. (B. K.) álítur að sje. Aptur skal jeg fúslega játa, að launin eru sett allt það lægsta. Að íþyngja embættismönnum bankans með veðsetningu, álít jeg, fyrir mitt leyti, enga ástæðu til, og til þess er heldur ekki ætlazt í frv. stjórnarinnar. Ákvörðunin um það var sett inn í frv. í h. Nd., og þó jeg leitaðist við, að fá henni rýmt burtu aptur, þá heppnaðist það ekki. Jeg held þó ekki að æskilegt sje eða nauðsynlegt að nema þessa ákvörðun úr frv. hjer í þingd., því að ákveða mætti svo lágt við, að það ekki þyrfti að verða til sjerlegrar tálmunar við útvegun á mönnum til að takast þessi störf á hendur, enda kom það líka fram í umræðum manna í Nd., að ekki væri ætlazt til að hafa veðið neitt hátt. Að öðru leyti veit jeg ekki, hvort h. þm. N.-Þing. (B. K.) hefur haft í hyggju að koma með breyt.till. í þá átt, sem hann talaði, til 3. umr. Ef svo er, verður tækifæri til að tala nákvæmar um þessi atriði síðar.

Jakob Guðmundsson: Hvað við víkur hækkun á launum embættismanna við bankann, þá eru tillögur þeirra, er mælt hafa fram með henni, á miklum rökum byggðar;

sjer í lagi þó þegar til framtíðarinnar kemur. Allra fyrst verður bankinn máske ekki mjög mikið brúkaður, en störfin við hann aukast eðlilega, eptir því sem tímar líða fram, og hann verður meira og meira notaður. Þó bankinn, sem vonandi er, komist á á þessu fjárhagstímabili, mun þó eigi verða nein vandræði að fá menn til að gegna þessum störfum. Skyldi reynslan þar á móti sýna, að ekki sje hægt að halda þessum mönnum, vegna þess, hve laun þeirra eru lág, þá er tími og ráð fyrir þingið, að færa þau upp. Það er rjettast að sjá fyrst, hvað bankinn þolir, og því get jeg ekki lagt það til, að launin verði hækkuð nú að sinni.

ATKVÆÐAGR.: Hver ein-tök grein frv. fyrir sig og fyrirsögnin samþ. í einu hljóði, nema 25. gr. með 10 atkv. Frumv. síðan vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Frumv. til laga um friðun hvala (C. 215); 1. umr.

Árni Thorsteinsson: Það, sem þetta frv. hefur inni að halda, eru engin nýmæli, þar sem líkt frv. og þetta var rætt á síðasta þingi, og frv. nú kom inn á þetta þing frá stjórninni, er fer í líka átt. Þó eru öll þessi frv. mjög mismunandi. Frv. stjórnarinnar inniheldur «nokkrar ákvarðanir um hvalveiðar», er einkum lúta að því, að síldarveiðar verði ekki hindraðar; svo inniheldur það og bann gegn því, að útlendingar stundi hvalveiði í landhelgi. Þetta frv. um «friðun hvala» er nú allt öðruvísi, þar sem það eru friðunarlög á hval um vissan tíma ársins. Jeg álít, að það þurfi sjerstakrar og nákvæmrar íhugunar við, áður en máli þessu er ráðið til lykta. Það er sumt í því, sem mjer finnst nokkuð ósamstætt, og fleiri grundvallarreglum er hjer hrúgað saman, sem koma í stríð hvor við aðra. Allir hvalir skulu eptir þessu frv. friðhelgir um vissan tíma í landhelgi, nema í ísvökum sjeu. Hnýsur og höfrungar og marsvín skulu þó ekki vera friðhelgir, jafnvel ekki um síldarveiðatímann. Það má reka hvali upp og bana þeim með skutlum, en alls ekki skjóta þá nema í ísvök sje. Í stjórnarfrv. eru útlendingum alveg bannaðar allar hvalveiðar í landhelgi. En eptir þessu frv. verða Íslendingar sjálfir þess utan að krossfesta sitt eigið hold, þar sem þeir heldur ekki mega stunda hvalveiðar í landhelgi. Að þessu sinni ætla jeg þó ekki frekar að rekja ósamstæður þessa frv., með því líka þetta er 1. umr. málsins, en jeg vil leggja það til, að þriggja manna nefnd verði kosin að þessari umr. lokinni.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 6 atkv. — Nefnd samþ., og í hana kosnir: Árni Thorsteinsson með 9 atkv., E. Ásmundsson með 8 atkv. og Ásgeir Einarsson með 5 atkv.

Frumv. til laga um rjett kvenna (C. 216); 1. umr.

Flutningsmaður (Sighvatur Árnason): Máske rætist á þessu litla frv., að «fall er fararheill». Það hefur áður fallið hjer líkt frv. Jeg vona að menn álíti þetta frv. þó að minnsta kosti meinlaust, þó jeg sjálfur álíti að það með tímanum geti gjört mikið gagn. Eins og kunnugt er, hefur kvennfólk hjer á landi hingað til ekki átt kost á neinni verulegri menntun og mannrjettindum, það er að segja í borgaralegu tilliti. Það er vitaskuld, að þær hafa lagalegan rjett í því tilliti að koma fram á borgaralegan hátt ýmislega, sem lög gjöra ráð fyrir; en það er allt of lítið. Til að mennta kvennfólkið er að eins kominn vísirinn með kvennaskólunum, og með lögunum af 9. jan. 1880 er að eins byrjað á því í litlu að stuðla að því, að stúlkum verði kennt jafnframt sem piltum að skrifa og reikna. I þriðja lagi hefur kvennfólkinu verið sómi sýndur með lögum af 12. maí 1882, er leyfa sjálfstæðum kvennmönnum að kjósa á safnaðarfundum, til hreppsnefnda, sveitar- og bæjarstjórna. Menn mega ekki furða sig á því, þótt þær konur sjeu fáar, er hingað til hafa notað sjer þennan rjett, því að í fyrsta lagi eru þær ekki svo margar, sem lög þessi ná til. Það eru að eins þær, sem standa fyrir búi, eða eru sjálfstæðar á annan hátt. Í öðru lagi ber þess að gæta, að það, sem lengi hefur legið í dvala, það vaknar seint. Það líður langur tími þangað til það fær líf og fjör. Fyr er ekki að hugsa til að sjálfsmeðvitundin vakni, til að nota sjer sinn rjett. Sama kunna menn nú að segja um það, sem hjer er um að ræða, það, að veita konum rjett til að ganga undir próf við latínuskólann og að ganga á prestaskólann og læknaskólann, að þær muni naumast nota sjer þennan rjett, þótt þær fengi hann, fyrst um sinn. En von-

andi er þó, og það má telja víst, að þær vakni með tímanum og noti hann þá smátt og smátt. Lengra ætla jeg ekki að fara út í frv. að svo vöxnu máli, fyr en jeg heyri, hvernig deildin tekur undir það. Jeg vona frv. fái að ganga til 2. umr., svo færi gefist að hugleiða það betur.

Magnús Stephensen: H. flutningsm. (S. Á.) segir, að frv. þetta sje «meinlaust». Það er það víst líka. Meinlaust er það, en það er líka einstaklega gagnslaust, því, satt að segja, veitir það kvennfólkinu *engin* rjettindi fram yfir þau, sem það hefur. H. flutningsm. hefur víst ekki haft ljósa hugmynd um, hvað það væri, sem hann eiginlega ætlaði að fara fram á í frv. Þar sem hann sagði, að kvennfólk hjá oss hefði ekki mikinn rjett, að það hefði jafnvel ekki almenn mannrjettindi, þá neita jeg því *harðlega*, að svo sje. Mig furðar stórlega á því, að nokkur skuli láta sjer slíkt um munn fara hjer í þingsalnum. Þetta frv. er líka í beinni mótsögn við slík ummæli, því, ef það, sem hjer er farið fram á, eru þau fyrstu og helztu rjettindi, sem kvennfólkið vantar og þarf að fá, þá eru þau sannarlega ekki mikil. Eptir því, sem fyrirsögnin er orðuð, skyldi maður hugsa, að kvennfólkið ætti að fá mikinn rjett með þessu frv. Fyrirsögnin er: «Um rjett kvenna». Maður skyldi þá hugsa, að á eptir færi löng upptalning á rjettindum, er kvennfólk skyldi verða aðnjótandi. Það fer nú fjarri, að svo sje. Rjetturinn er einungis þessi, að konum skuli heimilt að taka próf við latínuskólann, ganga á presta- og læknaskólann og taka þar próf. Með öðrum orðum: það er rjettur, sem þeim aldrei hefur verið meinaður. Jeg er sannfærður um, að hvenær sem stúlka kemur og biður um að mega taka próf við þessa skóla, þá fær hún það strax. En það, sem þær ekki hafa rjett til og þyrfti lög um, er að fá embætti, eptir að hafa tekið prófin, hvort sem er á prestaskólanum eða læknaskólanum. Það, sem þetta frv. fer fram á, snertir því málefni, sem engin lög þarf um, en umboðsvaldið getur veitt þegar þess er farið á leit við það. Frv., eins og það er orðað, er því með öllu gagnslaust. Hefði h. flutningsm. aptur á móti komið með frv. um að auka fjárforræðisrjett giptra kvenna, þá hefði jeg verið honum þakklátur fyrir það, og gefið því mitt atkv.; en fyrst frv. fer ekki lengra en þetta, þá verð jeg að ráða h. þingd. til að hafna því strax sem gagnslausu og óþörfu.

Flutningsmaður (Sighvatur Árnason): Það má kannske segja, að jeg sje fáfróður um rjettindi kvenna sem annað; en það var aldrei mín meining, að kvennfólk væri rjettlaust. Að öðru leyti skal jeg gjarnan vera þakklátur h. 3. kgk. þm. (M. St.) fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf mjer viðvíkjandi því, að konum væri leyfilegt að að taka þessi próf. Þær verða þó víst að sækja um leyfi til slíks. Vera kann, að hann sje svo velviljaður stúlkunum, að hann sem stiptsyfirvald veiti þeim leyfi slíkt sem hjer ræðir um; en vitaskuld er, að hans nýtur ekki æfinlega við. Jeg hefi hingað til haldið, að lagaboð þyrfti um þennan rjett, sem hjer ræðir um; en vitaskuld er, að ef þess þarf ekki með, þá þarf ekki heldur þessara laga með. En þar sem hann tók fram, að laga þyrfti til þess, að kvennfólk gæti fengið embætti, þá álít jeg slíkt of snemma upp borið nú. Þótt það kunni nú að vera í sjálfu sjer óþarft, að fá frumv. þettta gjört að lögum, þá vona jeg þó, að það, þótt lítið sje, gefi námfúsum kvennmönnum mikla hvöt til að nema og læra, þar sem það gæti sjeð af lagaboðinu, að þeim væri opnaður aðgangur að skólunum, og þá tel jeg það þó vinna mikið gagn. Jeg vil taka til dæmis, að vel menntað kvennfólk er í öðrum löndum orðið kennarar og læknar, já framúrskarandi læknar. Jeg vil líka taka það fram, að kvennfólk hjer á landi hafi hæfilegleika á við karlmenn og geti orðið framúrskarandi í ýmsum greinum engu síður en þeir, sjer í lagi sem læknar. Þó ekki sje að tala um, að þær nái t. d. læknisembættum, þá má telja víst, að þær geti fyr gjört gagn, en þær fá embætti. Að minnsta kosti munu nóg dæmi til þess, að praktíserandi læknar hafa ekki gjört minna gagn en þeir, sem í föstum embættum hafa verið. Hvað sem öðru líður, vona jeg þó, að frumv. verði ekki fellt strax, en fái að komast til 2. umr.

Ásgeir Einarsson: Það hefur lengi verið mín meining, að nota ætti alla krapta þjóðarinnar, bæði hina andlegu og hinn líkamlegu, er að gagni mættu verða. Reynslan og veraldarsagan hefur sýnt og sannað, að í þeim löndum, þar sem kvennfólkið hefur fengið að njóta sín, fengið að framast og menntast, hefur það verið engu síður gáfað en karlmennirnir. Okkar fornu sög-

ur sýna líka, að hjer á landi hafa kvennmenn í fornöld verið helztu læknar og það mjög góðir. Mjer heyrðist h. 3. kgk. þm. (M. St.) segja, að kvennfólk hjer á landi mætti, ef það vildi, taka próf við latínuskólann, og eins ganga á presta- og læknaskólann. Þetta þykir mjer góð upplýsing og hvöt fyrir kvennfólkið að gefa sig við bóknenntum. En á hinn bóginn verð jeg að segja, að jeg kann aldrei við, hvað nein rjettindi snertir, að vera að veita það, sem menn aldrei vilja svo nota sjer á eptir. Því satt að segja þykir mjer sárleiðinlegt, að heyra og lesa í blöðunum, að hjer í Reykjavík, í þessu fjölmenna plássi, þar sem svo auðvelt er að sækja kjörfundi, skuli annaðhvort ein eða engin koma á slíka fundi af 30—40, sem til þess hafa rjett, og í sveitum alls engin. Meðan þær ekki nota betur þann rjett, sem þeim er veittur, get *jeg* ekki mælt með því, að frelsi þeirra sje aukið í þessu tilliti. Annars var jeg búinn að teikna hjá mjer og ætlaði að minnast á það, sem h. 3. kgk. þm. (M. St.) benti á með tilliti til fjárforræðis giptra kvenna. Það væri sannarlega ekki vanþörf á að auka rjettindi kvenna að því er þetta atriði snertir. Mjer hefur opt sárnað að sjá, hversu aumlega sú kona er farin, er á mann, sem sóar ranglega bæði sínum og hennar efnum, og hún má horfa á slíkt grátandi, ef til vill með heilan barnahóp hungraðan. Mjer hefur sárnað að sjá og vita til þess, að slík kona skuli vera alveg rjettlaus gagnvart ósvífni mannsins. Hefði ekki legið svona mörg mál fyrir þinginu, hefði jeg reynt að koma með frumv., er miðaði til þess að bæta úr þessu sorglega rjettleysi konunnar, og jeg veit ekki, hvað jeg kynni að gjöra enn, ef jeg sæi að menn vildu styrkja þetta góða málefni.

Jakob Guðmundsson: Hjer liggur ekki fyrir að ræða um annað, en að veita konum rjett til að taka próf við latínuskólann, og eins að mega ganga á prestaskólann og læknaskólann, og taka þar próf. Nú hefur h. 3 kgk. þm. (M. St.) tekið fram, að konur hefðu lagaheimild til þessa, og þegar svo er, þá sýnist liggja beint fyrir, að ekki þurfi þessa frumv. við. Því fer miður, að gáfaðar stúlkur ekki skuli hafa notað sjer þennan rjett til að ná svo mikilsverðri menntun; það væri sannarlega mikið framfarastig, ef þær vildu einhverjar ganga þennan veg. Einn h. þm. (S. Á.) hefur tekið fram, að ef stúlkur tæki próf við læknaskólann, gætu þær orðið praktíserandi læknar. Jeg skal taka það fram, að það er einn barnaskóli á landinu, barnaskólinn á Ísafirði, sem ákveðið er um, að forstöðumaðurinn við hann skuli hafa tekið próf við prestaskólann. Ef slíkir skólar yrðu nú fleiri, sem gjörðu það að skilyrði, að kennarinn við þá skuli hafa gengið á prestaskólann, þá gætu konur eins komizt að þeim. Jeg verð annars að álíta það gott, að þetta frv., þótt það í sjálfu sjer kunni að vera óþarft, hefur komið til umtals hjer á þinginu. Það hefur víst engum dottið í hug, að vogandi væri að stynja því upp, að fá leyfi til þess, sem hjer um ræðir; en nú sjá menn þó af þingtíðindunum, að það er fullkomlega leyfilegt.

Hallgrímur Sveinsson: Af því jeg er orðinn sannfærður um það af umræðunum, að frumv. þetta er óþarft, álít jeg ekki rjett að vera að eyða hinum dýrmæta tíma þingsins til að ræða það. Mjer finnst rjett að fella það strax, til þess, að h. þm. Strand. (Á. E.) geti fengið frekara ráðrúm til að koma með frv. í þá átt, sem hann benti til, og sem sannarlega er miklu meiri þörf á, en þessu frv. Þó kvennfólkið hefði þörf fyrir þann rjett, sem þetta frv. vill veita því, og þessi rjettur fengist, þá er hitt þó miklu meira vert, sem h. þm. Strand. (Á. E.) hefur ráðgjört að bera fram. Fjárforræðisrjettur giptra kvenna er margfallt nauðsynlegri rjettur, og vil jeg fúslega styðja að því, að þingið veitti rjettarbót í þessu efni hið fyrsta. Jeg hefi sjálfur fleirum sinnum sjeð, hve sorglega rjettlaust kvennfólkið er gagnvart karlmönnunum, þegar til fjárforræðis kemur. Að öðru leyti er jeg samdóma þm. Dal. (J. G.) í því, að með þeim umræðum, sem hjer eru nú orðnar, sje það áunnið, að kvennfólkið hafi fengið að vita, að því verði ekki meinað að ganga undir próf við latínuskólann, og þá væntanlega eigi heldur að menntast á presta- og læknaskólanum, ef til kæmi. En jeg verð þó að segja, að þörfin virðist ekki hafa verið mikil til slíks, þar sem ekki ein einasta kona hefur nokkru sinni farið þess á leit. Því það kostar þó ekki mikið að spyrja sem svo: «Er mjer leyfilegt að taka próf við þennan eða þennan skóla». Mjer finnst því lög, eins og þessi, verða æði langt á undan þörfum tímans, og jeg er á móti öllum slíkum lögum. Jeg vona jeg verði

ekki fyrir þessi orð mín álitinn að vera óvinveittur kvennfólkinu eða mótdrægur eðlilegum rjettarkröfum þess fremur en h. þm. Rangv. (S. Á.), sem sjálfsagt hefur gengið gott eitt til, að vilja auka rjettinni kvennfólksins með þessu frv.

Ásgeir Einarsson: Jeg stend upp að eins til að lýsa því yfir, að jeg álít rjettast, ef menn á annað borð vilja sinna þessu máli, að setja í því þriggja manna nefnd, en vilji menn ekki sinna því, þá þarf eðlilega enga nefnd, en þá er líka rjettast að fella það strax.

Flutningsmaður (Sighvatur Árnason): Það getur vel verið, að við umræðurnar um þetta mál sje það komið í ljós, sem ekki var áður kunnugt; en nú vil jeg fara lengra. Jeg vil nú taka það gefið, að kvennfólkið hafi rjett til að ganga á þá skóla, sem frv. þetta ræðir um og taka próf við þá. En vantar þá ekki mikið til að kvennmenn fengi sama rjett á þessum skólum, sem karlmenn hafa, þó þær fái ásamt þeim að hlýða á kennsluna og taka prófin? Mundu þær fá ölmusu eins og þeir? (*Magnús Stephensen:* Því ekki það!). Jeg efast þó um að þær fengi slíkt án laga.

Hvað viðvíkur hinu, að veita giptum konum meira sjálfstæði viðvíkjandi fjárhag sínum, þá er jeg auðvitað mjög hlynntur því, að það gæti fengið framgang. Ef mönnum sýndist það gæti átt við, að taka ákvarðanir um það, þá vil eg fúslega styðja að því; en jeg held það geti ekki átt við þetta frv. H. 6. kgk. þm. (H. S.) áleit, að þetta mitt frv., sem jeg enn held fast við, væri of snemma upp borið. Vera má að svo sje, en sama er að segja um margt annað, sem upp hefur verið borið á þingi og samþykkt af því. Margt slíkt hefur ekki verið notað fyrst í stað nærri sem skyldi, en smáfærzt í lag með tímanum, og má taka sem gefið, að því seinna sem byrjað er á því og því, að því seinna kemst það í gang. Dæmi munu til þess, að á kosningarfundi til sýslunefnda og jafnvel til alþingis hafa ekki komið nema $^1/_{10}$ eða $^1/_{20}$ af þeim, sem kosningarrjett hafa haft. Þó sjest nú, og því fer betur, að kjörfundir eru æ betur og betur sóttir, svo þetta er allt af að færast í lag. Jeg man þá tíð, að ekki mættu nema 6 menn á kjörfundi til alþingis að Leiðvelli í Skaptafellssýslu, sem kvæðið var um gjört forðum, og veit jeg þó ekki betur, en að Skaptfellingar sæki nú slíka fundi álíka og menn í öðrum kjördæmum landsins. Tíminn verður að færa slíkt í lag. Það má ekki leggja árar í bát og hætta að vekja fólkið og hætta að opna því aðgang til frelsis og frama, þótt það skilji ekki strax, hvað því er fyrir beztu. Fyrst verður að opna dyrnar, til þess menn sjái að inngangurinn er vís. Ef jeg væri handviss um, að þetta leyfi, sem hjer ræðir um, heyrði undir valdstjórnina, þá skyldi jeg ekki halda frv. fast fram, en af því jeg er ekki enn þá handviss um þetta, þá hverf jeg ekki frá frv. að svo stöddu

Einar Ásmundsson: Jeg vil leyfa mjer að lýsa yfir því, að jeg er of mikill kvennavinur til þess, að jeg geti fengið af mjer að fella þetta frv. frá 2. umr. Jeg álít, að h. flutningsm. eigi þakkir skilið fyrir *fyrirsögn* frv., já sannarlegar þakkir, því hún er vissulega fögur. Aptur þyki mjer honum hafa tekizt miður með frv. sjálft, en jeg vona hann lagi það, og til þess fær hann tíma, ef málið kemst til 2. umr.

Futningsmaður (Sighvatur Árnason): Jeg vil vera með því, að setja nefnd til að íhuga frv., því jeg er ekki viss um, eptir því, sem umræðurnar hafa fallið, að frv. komist fram svona eins og það er lagað, til 2. umr. Jeg leyfi mjer því að stinga upp á, að sett verði þriggja manna nefnd að þessari 1. umr. lokinni.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 8 atkvæðum.

Nefnd var samþ. með 6 atkv., og í hana kosnir:

Sighvatur Árnason með 7 atkv.
Einar Ásmundsson með 6 atkv.
Árni Thorsteinson með 5 atkv.

Tuttugasti og þriðji fundur, þriðjudag 28. júlí, kl. 1 e. m. Allir á fundi, nema þingmaður Strandamanna (Ásg. E.).

Forseti gat þess, að í nefndinni í málinu um rjett kvenna væri kosinn formaður Árni Thorsteinsson, en Sighv. Árnason skrifari, og í nefndinni um frumvarp til laga um friðun hvala Árni Thorsteinsson formaður og Einar Ásmundsson skrifari.

Frumv. til laga um útflutningstoll af

landvarningi og um afnám ábúðarskatts og lausafjár (C. 121); 1. umr.

Jakob Guðmundsson: Jeg vil leyfa mjer að leggja það til, að frv. þessu verði vísað til nefndar þeirrar, er hefir til meðferðar sams konar frv. frá þessari deild. Bæði málin hafa það sameiginlegt, að í þeim er stungið upp á að losa menn við nokkra vissa skatta. En að því leyti. sem þau skilur á um, hverjir skattar skulu koma í staðinn, þá er bezt að nefndin athugi, hverja skatta helzt sje tiltækilegt að taka. Það verður enginn færari um það, en þessi nefnd, sem skipuð er bæði mörgum og góðum mönnum úr deildinni.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. var að vísa málinu til nefndar þeirrar, er skipuð var í málinu um aðflutningsgjald af kaffi o. s. frv.

Frumvarp til laga um lagaskóla á Íslandi (C. 200); 2. umr.

Framsögumaður (L. E. Sveinbjörnsson): Mál þetta fjekk svo góðar undirtektir við 1. umr., að jeg finn ekki ástæðu til að mæla frekar með því.

ATKVÆÐAGR.: Frv. allt samþ., hver gr. um sig, með 9 atkv. og fyrirsögnin sömuleiðis.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Frumvarp til laga um rjett hreppsnefnda í fátækramálum (C. 146); 2. umr.

Magnús Stephensen: Frumv. þetta er enginn nýr gestur hjer í deildinni. Það kom hingað frá h. Nd. í hitt eð fyrra, og var þá rætt hjer og því breytt ekki svo lítið; síðan var það sent Nd. aptur, en henni leizt ekki að taka breytingar vorrar deildar til greina, heldur felldi frumv. Nú er það sent hingað aptur alveg eins og það var samþ. í Nd. í hitt eð fyrra áður en það kom hingað. Nd. hefur því enn ekki þóknazt að taka minnsta tillit til tillaga þessarar deildar í málinu. Það voru þó sumir hjer í deildinni, sem ekki hjeldu að það væri óhafandi eins og það kom frá Nd., en jeg var þá og er enn svo óheppinn, að jeg get ekki fallizt á það. Mjer þykir það í ýmsum atriðum bæði miður heppilegt, og ófrjálslegt. 1. gr. fer fram á, að gjöra hvern þann ómyndugan, eða svipta þann fjárforráðum, sem þiggur af sveit, en eptir að hann er hættur að þiggja sveitarstyrk, fær hann, eptir sömu grein, fullan rjett til að fara með eigur sínar eins og hann vill. Jeg á ekki hægt með að skilja, hvaða gagn er að því, þó hreppsnefndum sje veittur sá rjettur, að þær megi svipta þann fjárforráðum, sem kemst á sveit. Ef sá, sem ekki er kominn á sveit, en sjáanlegt er að muni komast það, ef hann heldur áfram ráðleysi sínu, væri sviptur fjárforræði, áður en hann væri búinn að sólunda öllum eigum sínum, þá gæti það þó orðið til þess, að sporna við því, að hann fjelli dýpra. Það væri þó að byrgja brunninn áður en barnið er dottið ofan í hann; en að svipta mann fjárforræði, eptir að hann er búinn eyða öllum eigum sínum og kominn á sveit, það virðist mjer vera gagnslítið. Sá sem er gjörður ómyndugur, missir að vísu umráð yfir eigum sínum, en ef hann eignast t. a. m. fyrir vinnu sína peninga, þá verður hann ekki sviptur öllum umráðum yfir þeim; þeir verða ekki sóktir til baka frá þeim, sem hinn ómyndugi selur þá í hendur. Í annan stað fær hinn ómyndugi aptur umráð eigna sinna, óðara en hann hættir að þiggja af sveit. Setjum þá svo, að maður, sem sviptur hefur verið fjárforræði, fái góðan hlut einhverja vertíð, þá tilkynnir hann sýslumanni, að nú þurfi hann ekki lengur að þiggja af sveit, og verður hann þá strax myndugur, og þá er ekkert sem aptrar honum frá að eyða á stuttum tíma því sem hann hefur unnið sjer inn og komast svo strax á sveitina aptur. Með 2. gr. er hreppsnefndum gefin myndugleiki til að skylda þurfamenn til að fara í vist eða vinna hverja viðunanlega vinnu. Þetta er nokkuð, sem alls ekki er nýtt. Hreppstjórar, eða nú hreppsnefndir, hafa eptir gildandi lögum nóg ráð til að halda iðjuleysingjum, sem þiggja sveitarstyrk, til almennilegrar vinnu. Fátækrareglugjörðin 8. jan. 1834 5. gr. veitir hreppsnefndum einmitt þennan rjett gagnvart þurfamönnum, sem 2. gr. þessa frv. og eru þessar ákvarðanir engu betur orðaðar í þessu frv., en í fátækrareglugjörðinni. Það er þó eitt sem nú er orðið breytt. Eptir áminnztri reglugjörð getur hreppstjóri fengið sveitarómaga, er ekki vill hlýða áminningum hans og fyrirskipunum, dæmdan til líkamlegrar refsingar, ef hann ekki vill hlýðnast honum. Nú er sjálfsagt komin fangelsisbegning í staðinn. Þetta frv. setur nú dagsektir í stað þeirrar refsingar, sem nú gildir. Til hvers er að heimta af þurfamanni dagsektir? Ef hann hefur peninga

til að borga þær með, þá þarf hann líklega ekki að vera á sveit. Geti hann nú ekki borgað dagsektirnar, þá á hann sjálfsagt að afplána þær, og þá er komið að því sama. En hvað mikið getur það kostað að láta hann afplána sektina? Setjum svo, að þurfamaður austur í Skaptafellssýslu ætti að afplána slíkar dagsektir, er sýslumaður hefði úrskurðað honum; það yrði þá að senda hann hingað til Reykjavíkur til að taka út einfalt fangelsi eða vatn og brauð. Það getur orðið dýrt með þessu móti. Þó jeg hafi tekið dæmi úr Skaptafellssýslu, þá er það víðar, sem það yrði kostnaðarsamt, að láta menn aplána sektir sínar. Það, sem mjer þykir vera kostur við þetta frv., er það, að það nær ekki yfir land allt. Sumum þykir það nú skrítið, að önnur lög skuli eiga að gilda í þessu efni í sveitum, en í kaupstöðum, en þeir sem hafa samið það og samþykkt, vilja nú hafa það svona. Þeir hafa ekki einu sinni viljað taka til greina viðauka þessarar deildar við fyrirsögn frv. á síðasta þingi, sem ljet það grípa einnig yfir kaupstaðina. Mjer þykir það kostur við frv., að það nær hvorki til Reykjavíkur, Isafjarðar nje Akureyrar; en mestur kostur hefði mjer þótt, ef það einungis hefði náð til Húnavatnssýslu, þar sem það var getið, fætt og alið.

Jakob Guðmundsson: Þar sem h. þm. (M. St.), sem nú settist niður, færði það til gegn frv. þessu, að það væri seint að byrgja brunninn, þegar barnið væri dottið ofan í, að það væri seint að gjöra menn ómynduga þegar þeir væri komnir á sveitina og orðnir öreigar, þá skal jeg leyfa mjer að taka það fram, að það þarf ekki ætíð að vera samfara, að menn verði að fá meiri eða minni sveitarstyrk, og að þeir sjeu öreigar. Menn geta þegið af sveit og haft þó nokkur dálítil efni að minnsta kosti undir höndum. Jeg tek dæmi. Maður, sem er fátækur, á 8 eður 10 börn. Hann getur haft dálítið búhokur, en kemst þó ekki af með fjölskyldu sína; hann fer til sveitarstjórnar og biður um styrk. Nú sjer sveitarstjórnin, að hann muni geta baslað af með dálítinn styrk, með því að halda áfram búhokri sínu; en hitt kosti miklu meira, að taka allt hyskið upp, því maðurinn og konan geti þó eigi unnið fyrir meiru en einu eða í mesta lagi tveimur börnum. Sveitarstjórnin velur því þann kostinn, sem henni virðist haganlegri, og lætur manninn heldur halda áfram búhokrinu, en fara í vist eða húsmennsku. Jeg þekki mörg dæmi til slíks. Jeg veit þess mörg dæmi, að menn eru látnir hanga við, þótt þeir þiggi af sveit og hafi nokkuð undir höndum, kannske talsvert meira en kúgildin. Nú skyldu þess háttar menn spila svo illa úr, þótt auðsjeð væri, að þeir gætu komizt af með miklu minni styrk, en þann er þeir fá, ef ekki væri óspilsemi og ónytjungskap um að kenna. Það er líka reynsla fyrir því, að sumir óráðsmenn, úr því þeim einu sinni er komið á það, að lifa af annara fje, heimta sífellt meir og meir. Það er líka stundum eins og menn alveg breyti ráðlagi sínu og aðförum, þegar þeir fara að verða upp á aðra komnir; því það sjest opt, að sumir, sem hafa furðanlega bjargazt við lítil efni áður, fara þá alveg að leggja hendur í skaut og árar í bát og hugsa sem svo: sveitarsjóðurinn er ekki of góður til að styrkja mig. Já, meira að segja, það hefir heyrzt og sjezt, að þegar sveitin hefur ráðlagt þessu fólki að brúka minna af óhófsvöru, þá hefur það tekið upp á því, að verja að vísu sveitarstyrknum til nauðsynja, en aptur því, sem það hefur sjálft undir höndum, til að kaupa fyrir það óhófsvöru. Jeg veit líka, því miður, ofmörg dæmi til þess, að þess háttar fólk situr sig úr færi með atvinnu. Er nú ekki eðlilegt, að sveitarstjórnirnar hefðu einhver ráð, til að hafa tilsjón með þessu fólki og nota vinnu þess? Mjer er ekki ókunnugt um ástandið í þessu tilliti. Jeg hefi sjálfur sem prestur fundið það skyldu mína, að láta fátæka þurfamenn sitja fyrir vinnu og það á þeim tíma, sem hentugastur, var fyrir þá, og þegar þeir hvorki höfðu neitt annað að gjöra, nje neitt ofan í sig. Jeg hef því miður rekið mig á það, að sumir hafa verið þeir, sem ekki hafa viljað þiggja vinnu, sem hvorki hafa viljað vinna sjer inn nje vinna af sjer lítilfjörleg gjöld, og það þótt máske hinir efnaðri grípi fegins hendi við því. Hvað sem því þessu frv. líður og þó ákvörðunum þess kunni að vera ábótavant, þá finnst mjer aðalgrundvöllurinn, sem það hvílir á, vera mikið góður, og jeg get ekki álitið það rjett af deildinni, að fella það, í stað þess að breyta því og laga það, svo það næði sínum góða tilgangi. Þar sem h. 3. kgk. (M. St.) tók það fram, að það væri kostur við frv., að það næði eigi til kaupstaða, þá álít jeg nú þetta ókost, og þvert á móti nauðsynlegt, að það næði líka til

kaupstaða. Yfir höfuð legg jeg mjög með því, að þingd. lappi upp á og lagi frv., svo það nái fram að ganga.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. felld með 5 atkv. gegn 5; 2. gr. samþ. með 6 atkv gegn 5; 3. gr. samþ. með 6 atkv.; 4. gr. samþ. með 6 atkv. Fyrirsögnin felld með 5 atkv. móti 5, og frv. þannig álitið fallið.

Frumvarp til laga um sjerstaka dómþinghá í Grafningshreppi (C. 228); 3. umr.

Magnús Stephensen: Jeg ætla að geta þess, að breytingar þær á frv. þessu, sem jeg kom fram með við 2. umr. ásamt h. þm. Eyf. (E. Á.), miðuðu einungis til þess, að laga málið og orðfærið á frv. En hvort sem það nú er prentvilla eða með vilja gjört á skrifstofunni, þá er frv. nú breytt frá því, er við gengum frá því; «á» er hjer sett í stað þess sem rjettara er og betur á við «að Úlfljótsvatni». Það er ekk meining mín, að það þurfi sjerstaka breytingaruppástungu til að laga þetta, heldur get jeg þessa nú, svo að mönnum skuli eigi koma það á óvart, þó það verði lagað sem prentvilla.

Jón Pjetursson: Jeg vildi mega spyrja: skyldi það ekki vera prentvilla þetta «dómþinghá»; jeg skil ekki og þekki ekki það orð; jeg veit hvað þinghá er; dómþinghá ætti þá að vera einhver tegund af þinghá.

Magnús Stephensen: Ef hinn háttv. þm. (J. P.) hefði lesið Stjórnartíðindin, hefði hann getað sjeð af landshöfðingjabrjefi því frá 21. nóvbr. 1883, sem vitnað hefir verið til við fyrri umræður þessa máls, að þar er sagt, að Grafningshreppur skuli vera manntalsþinghá útaf fyrir sig, en skuli ekki vera sjerstök dómþinghá.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í einu hljóði, og kvað forseti það mundu verða sent forseta Nd. til að leggjast fyrir þá deild.

Á meðan á umræðunum stóð í þessu máli, kom þm. Strandamanna á fundinn.

Forseti stakk upp á að hafa eina umræðu um tillögu til þingsályktunar um ábyrgðargjald fyrir póstsendingar (C. 188), og var það samþykkt í einu hljóði.

Tuttugasti og fjórði fundur, miðvikudag 29. júlí, kl. 1 e. m. Allir á fundi, nema þm. Dalam., sem þó kom í byrjun umræðu í öðru máli dagskrárinnar.

Frumvarp til laga um stofnun landsbanka (C. 188); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. var orðalaust samþ. í einu hljóði, og afgreitt síðan til ldsh. sem *lög frá alþingi*.

Tillaga til þingsályktunar frá nefndinni í bankamálinu (C. 188); ein umr

Árni Thorsteinsson: Jeg ætla að leyfa mjer að fara fáeinum orðum um tillögu þessa, meðfram af því, að marga furðar á því, að tillaga eins og þessi skuli koma fram úr þeirri átt, sem hún er komin frá, og er þetta að vísu ekki undarlegt, þar sem sumir þykjast finna ástæðu til að óttast fyrir, að breyting sú, sem með stofnun banka er fyrir höndum á peningaviðskiptunum, orsaki meiri peningastraum út úr landinu en áður, og jeg skal taka það fram, að þessi ótti er kannske ekki með öllu ástæðulaus, þótt jeg alls eigi vilji eigna honum mikla eða verulega þýðingu. Peningaforðinn í landinu er bundinn eða takmarkast af ýmsum öðrum atriðum en þessu, svo það verður ekki alveg nauðsynlegt einmitt þess vegna, að gjöra slíka ákvörðun, sem þessa, sem nú er farið fram á. En það er önnur ástæða sjerstaklega, sem mjög mælir með þessari þingsályktunartillögu, og sú ástæða er fólgin í því, að burðargjald undir peninga eða verðsendingar er sett svo lágt, að landssjóðurinn má búast við töluverðum halla, ef óhöpp skyldu vilja til. Eptir hinum núgildandi reglum er það svo, að ábyrgðargjaldið í landinu sjálfu er 5 aurar fyrir hverjar 100 kr. eða þeirra virði. Í Danmörku aptur 12½ eyrir fyrir hverjar 100 kr. og fyrir póstávísun 40 aurar fyrir 100 kr. Þetta vill segja svo mikið, að með jafnhárri peningasending með hverri ferð og ef gjaldið þannig er jafnt, að til þess að landsjóður vinni upp skaða þann, sem hann yrði fyrir í einstakt skipti, þyrfti að senda fjárhæðina hjer á landi 2000 sinnum, til Danmerkur 800 sinnum, og póstávísanir til Hafnar 250 sinnum. Með þessu vildi jeg einungis sýna, að nauðsynlegt er að tryggja nokkru betur en nú er gert fyrir því, að landssjóði yrði ekki háski búinn, þegar óhöpp vilja til. Jeg gjörði ráð fyrir, að þegar sent væri 800 sinnum, þá væri upphæðin ávallt jöfn, en ef nú svo óheppilega vill til, að verðsendingar glatast með

ferðinni þar sem þær eru mestar eða jafnvel í mörgum tugum þúsunda króna, hvernig fer þá? Þá væri það ekki um skör fram, að alþingi gjöri ályktun sem þessa. Póstávísunum er að vísu minna hætt, því það er mest að nafninu til, að þær eru sendar til útlanda, en peningaflutningur eigi nema stöku sinnum. Það væri nú sjálfsagt ekki haganlegt, að tryggingargjaldið yrði ákveðið með fullri upphæð. Minna mætti nú gagn gera. Jeg álít því mikla ástæðu til að fallast á þessa þingsályktunartillögu, einkum af því að landssjóði að öðrum kosti gæti verið mikil hætta búin ef illa tækist til; svo er og hitt líka talsverð ástæða, að með ályktuninni takmarkast heldur peningasendingar út úr landinu, því það borgar sig þó síður, ef gjaldið er haft hærra. Eitt kann jeg reyndar ekki við í ályktuninni, að þingið skori á ráðgjafann að hlutast til um, að ábyrgðargjaldið sje hið sama fyrir peninga eða verðsendingar og póstávísanir, og er það af því, að semja verður við hina dönsku póststjórn um, hversu mikið gjaldið skuli hækka, en jeg ímynda mjer að meiningin sje sú, að ráðgjafinn hlutist til um, að ná samningi, sem veiti oss meiri tryggingu í þessu efni, þannig að ráðgjafinn gangi að samningi, þótt verðsendingarnar verði ekki alveg tryggðar eins og hjer er farið fram á. Jeg hefði nú að vísu kunnað betur við, að gjald á póstávísunum jafnframt yrði sett nokkuð niður, en það er tími til stefnu með það. Jeg er sem sagt mikið meðmæltur tillögunni, einkum af þessum ástæðum, sem jeg nú hef drepið á.

ATKVÆÐAGR.: Till. samþ. í einu hljóði og kvað forseti hana mundu verða afgreidda til landshöfðingja sem *þingsályktun frá alþingi*

Tuttugasti og fimmti fundur, fimmtudag 30. júlí, kl. 1 e. m. Allir á fundi, nema þm. Dal., sem þó kom á þing við byrjun umræðu annars máls á dagskrá.

Frumvarp til laga um stofnun lagaskóla á Íslandi (C. 200); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. var umræðulaust samþykkt með 9 atkvæðum og kvað forseti málið mundu verða sent til forseta Nd. til að leggjast fyrir þá deild.

Frumvarp til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1880 og 1881 (C. 199); 1. umr.

Magnús Stephensen: Hin heiðraða Nd. hefur samþykkt þetta frv. til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1880 og 1881 alveg eins og það kom frá stjórninni, nema hvað hún hefur fært gjaldalið 2. B. niður um 49 kr. 7 a. Eins og menn muna, voru það að eins 4 liðir í stjórnarfrv. því, sem lagt var fyrir þingið 1883, sem eigi voru samþykktir hjer í deildinni í hitt eð fyrra við 3. umr. málsins, en málið komst þá eigi til einnar umr. í Nd. Fyrst af þessum breytingum var breyting á 1. lið gjaldanna, sem hjer í deildinni var settur niður um 117 kr. 35 a. Viðvíkjandi þessari niðurfærslu skal jeg að eins benda á, að í nefndarálitinu frá Nd. er alveg gengið fram hjá henni, og einungis minnzt þeirra breytinga, sem Nd. gjörði 1883, eða sem þar voru þá samþykktar, en alls eigi tekið tillit til breytinga Ed. — Önnur breytingin, sem Ed. gjörði í hitt eð fyrra, var á gjaldlið 2. B, sem hún færði niður um 49 kr. 7 a. Þriðja breytingin var á 9. útgjaldalið, sem færður var niður um 127 kr. 63 a. Þessi upphæð stóð í sambandi við aðgjörð á Reykjavíkurdómkirkju, en þessi upphæð er síðar veitt með fjáraukalögum, svo gjaldliðurinn má standa óbreyttur eins og hann er í stjórnarfrv. Þá er fjórða breytingin á gjaldlið 10, sem færður var niður um 10,585 kr. 77 a. Þessi upphæð snerti gjöld til Möðruvallaskólans, kostnað við byggingu leikfimishúss og áhaldakaup, og niðurfærslan var gjörð sökum þess, að nægilega reikninga yfir kostnað þennan vantaði. Yfirskoðunarmenn landsreikninganna fengu eigi að sjá þessa reikninga, því þeir komu eigi fyr en yfirskoðunarmennirnir höfðu lokið starfi sínu, en í nefndarálitinu segir, að landshöfðinginn hafi ljeð nefndinni reikninga þessa til athugunar, og má líka af nefndarálitinu ráða, að hinn umboðslegi endurskoðandi hafi endurskoðað þá. Nefndarálitið telur þau reikningsskil, sem þannig eru gefin, nægileg. Þessi deild verður nú annaðhvort að gjöra, að taka reikningsskilin gild, eins og gjört er í nefndarálitinu, eða setja nefnd til að íhuga málið nákvæmar. Jeg fyrir mitt leyti ber ekki það vantraust til nefndarinnar í Nd., að jeg álíti nauðsynlegt að skipa nú nefnd hjer í deildinni, þótt

æskilegt kynni að vera að mönnum gæfist tækifæri til að kynna sjer betur reikninga þá, sem hjer er um að ræða, áður en þeir samþykkja útgjaldaliðinn.

Ásgeir Einarsson: Jeg verð að fallast á það, sem h. 3. kgk. þm. (M. St.) sagði, að bezt væri að setja nefnd vegna þess, að fyrst reikningarnir komu ekki í tæka tíð til yfirskoðunarmannanna, finnst mjer þessi deild eins þurfa að kynna sjer málið, og Nd.

Árni Thorsteinsson: Mjer finnst það geta komið til álita, hvort ekki ætti að útvega álit yfirskoðunarmannanna viðvíkjandi þessum upphæðum. Hjer vantar reikningslega skýrslu fyrir um 10 þúsund króna, viðkomandi Möðruvallaskólanum. Þingið kann að vísu að geta sjeð með nefndarinnar augum, en deildin ætti einnig eða jafnvel öllu fremur að sjá með yfirskoðendanna augum.

Landshöfðingi: Með tilliti til þessa atriðis, sem síðast var minnst á, skal jeg taka það fram, að það er að vísu satt, að yfirskoðunarmenn landsreikningsins 1880 og 1881 ekki hafa haft til eptirsjónar reikninga Möðruvallaskólans, en jeg álít samt að þetta atriði í landsreikningunum hafi þó komið undir álit yfirskoðunar. Það kemur opt fyrir, að skírteini vantar, þegar landsreikningarnir eru yfirskoðaðir. En þegar þau koma seinna, eru þau látin þinginu í tje til að fylla það skarð, sem vantaði, þegar landsreikningurinn var yfirskoðaður. Þetta atriði ímynda jeg mjer ekki að sje svo flókið, að þingið geti ekki áttað sig á því, án þess það fái nýjar tillögur frá yfirskoðunarmönnum landsreikninganna. Allar þessar skýrslur, er snerta Möðruvallaskólann: reikningarnir, með athugasemdum endurskoðanda, svörum hlutaðeiganda, tillögum og úrskurðum, hafa verið látnir nefnd þeirri í tje, er h. Nd. setti í þessu máli, og hefur hún haft allar þessar skýrslur sjer til hliðsjónar og glöggvunar á málinu. Þessar sömu skýrslur er jeg nú fús til að láta þessari h. þingd. í tje. Verði nefnd sett hjer í deildinni, fær hún þessi skjöl í hendur, og hvort sem er má leggja þau fram þingdm. til athugunar milli 1. og 2. umr. Það getur verið, að nefnd tefji of mjög fyrir málinu, en varla þó svo, að málið geti ekki orðið útrætt. Þó nefnd verði sett, ímynda jeg mjer, að hún komi ekki með neinar tillögur, er gjöri það að verkum, að málið þurfi að ganga til Nd. aptur.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði. Nefnd felld með 5 : 5.

Frumvarp til laga um fiskiveiðar fjelaga í landhelgi (C. 223); 1. umr.

Landshöfðingi: Jeg vil leyfa mjer að vekja athygli h. þingd. að því, að fyrirsögn þessa frumv. samsvarar ekki fyllilega efni þess. Það hefur farizt fyrir, að koma lögun á hana til 3. umr., sem þó sjálfsagt var meiningin í neðri deildinni. Fyrirsögnin er: «Fiskiveiðar fjelaga í landhelgi», í staðinn fyrir að eins: «fiskiveiðar í landhelgi». Frumv. sjálft hljóðar um meira, en fiskiveiðar fjelaga, því það hljóðar einnig um fiskiveiðar einstakra manna. Að öðru leyti skal jeg taka það fram, sem hinum h. þingdm. og er kunnugt, að frá stjórninni komu í þetta sinn til þingsins tvö frumvörp um fiskiveiðar, annað, sem hafði inni að halda ákvarðanir um fiskiveiðar fjelaga í landhelgi, og hitt um bátafiski á fjörðum. Ákvarðanir, sem þessi tvö frumv. innihalda, eru nú komnar inn í þetta eina, sem hjer liggur fyrir, í þeirr mynd, sem neðri deild setti þær í, en þessar ákvarðanir eru hjer mjög breyttar orðnar frá því, er þær voru í hinum tveimur frumv. stjórnarinnar. Frumvarp stjórnarinnar um fiskiveiðar í landhelgi var byggt á þeim grundvallarreglum, að fiskiveiðar í landhelgi, hvar sem væri í ríkinu, væru jafnt heimilar öllum þegnum Danakonungs; og þessi grundvallarregla er eptir stjórnarinnar skilningi samkvæm eldri íslenzkum lögum. Þetta frumv., sem hjer liggur fyrir, fer í allt aðra átt, þar sem fiskiveiðar í landhelgi eru eingöngu áskildar þeim, sem búsettir eru í landinu; þó eru undantekin hlutafjelög, er heimilt er að reka þar síldarveiðar með vissum skilyrðum. Þessi er hinn verulegi munur á þessu frumv. og frumv. stjórnarinnar. Stjórnin áleit ekki rjett, að takmarka rjett hinna annara þegna til fiskiveiða í landhelgi hjer við land meira en nauðsynlegt væri til þess, að landsmenn sjálfir gætu stundað þenna atvinnuveg sinn án þess að bíða skaða við fiskiveiðar annara þegna Danakonungs. Á því er og byggð aðalákvörðunin í hinu öðru frumv. stjórnarinnar um bátafiski, að takmarka fiskiveiðar á fjörðum, þegar hagsmunir landsmanna heimta það, en ekki fara lengra í því efni, en nauðsynlegt er, og sýnist sú takmörkun

sanngjörn og eðlileg. Þetta er 1. umr. málsins, og því hefi jeg að eins viljað gjöra þessar almennu athugasemdir. Að fara ýtarlega út í einstök atriði málsins á þessu stigi, á ekki við, en við 2. umr. mun mjer gefast tækifæri til þess, ef þörf gjörist. Jeg veit ekki, hvort h. þingdm. hafa hugsað sjer að setja nefnd í þessu máli. Það er kannske ekki nauðsynlegt, en málið er þó mikilsvert og vandasamt, og væri æskilegt, að það skipulag gæti komizt á fiskiveiðarnar, sem hentugast væri fyrir landið og stjórnin gæti fallizt á. Skal jeg svo ekki ræða málið frekar að sinni.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Tuttugasti og sjötti fundur, föstudag 31. júlí kl. 1 e. m. Allir á fundi.

Frumvarp til laga um afnám fyrirmæla í opnu brjefi 22. marz 1855 um selaskot á Breiðafirði (C. 213); ein umr.

Flutningsmaður (Jakob Guðmundsson): Jeg hefi leyft mjer að koma fram með lítilfjörlegar breytingartillögur (C. 237) við frv. það, sem nú liggur fyrir, og sent hefur verið hingað aptur frá h. Nd. Jeg vona að jeg þurfi ekki að fara mörgum orðum um breytingar þessar, enda er það hentast, þar sem jeg er hás mjög og á því bágt með að tala. Eins og menn muna, fór svo um þetta mál á dögunum, að h. Ed. lagði það til, að opna brjefið af 22. marz 1855 um selaskot á Breiðafirði væri með öllu úr lögum numið. Nú hefur h. Nd. farið þannig með málið, að hún hefur að nokkru leyti fallizt á gjörðir Ed., en þó búið til nýja merkjalínu milli hins friðaða og ófriðaða svæðis, og er opna brjefið þar fyrir samt sem áður úr lögum numið. Jeg skal geta þess, að mjer eru kunnugar ástæður þeirra, er talað hafa fyrir þessum breytingum í h. Nd. Aðalástæða þeirra var sú, að fyrir vestan línuna væru nokkrar jarðir, þar sem mjög mikill uppidrápsselur væri á; en mjer er þó kunnugt, að fyrir vestan línuna er það einkum ein jörð, á hverri að talsverð uppidrápsveiði er. Ef nú algjörlegt afnám fyrirmæla opna brjefsins skyldi orsaka það, að sá miklu arður, sem af þessu fæst, og þó ekki væri nema á einni jörð, spilltist, þá þætti mjer það ísjárvert, og vil því ekki í þetta sinn mótmæla hinni nýju friðunarlínu. Jeg hefi því í breyt.till. minni ráðið til, að skjóta megi vöðusel eða farsel á hinu friðaða svæði. En með tilliti til frv. Nd. skal jeg ennfremur geta þess, að þar sem þar er farið fram á, ekki að eins, að opna brjefið 22. marz 1855 skuli vera afnumið, heldur og að tekin verði upp ný friðunarlína, þá get jeg ekki sjeð, að fyrirsögn frv. sje rjett orðuð. Frv. er, sem sagt, ekki að eins um afnám opna brjefsins, heldur og um selaskot á Breiðafirði. Þannig hefi jeg þá gjört grein fyrir, af hvaða ástæðum jeg ræð til þess, að fyrirsögninni verði breytt. Hvað snertir breytingu mína um, að skjóta megi vöðusel eða farsel, þá er hún komin fram af samtali mínu við þá menn hjer á þinginu, sem vildu halda sem fastast við margnefnt opna brjef. Sá eini þm. hjer í deildinni, sem hefur viljað halda fast við opna brjefið, var mjer samdóma um, að viðauki minn við 1. gr. væri skaðlaus fyrir lagnaveiði og uppidráp. Sömuleiðis hafa þeir verið mjer samdóma um þetta, sem í h. Nd. hafa viljað halda fastast við sama brjef. Þar sem nú þeim mönnum, er fastast hafa viljað halda við opna brjefið 22. marz um selaskot á Breiðafirði, eigi er ógeðfeldur þessi minn viðauki, vona jeg að h. Ed. því fremur fallist á hann.

Ásgeir Einarsson: Það var eitt orð, sem mjer þótti nokkuð stíft í ræðu h. flutningsm. (J. G.). Hann sagði, að jeg hefði sagt sjer, að jeg áliti það með öllu skaðlaust, að vöðuselur eða farselur væri skotinn á Breiðafirði samkvæmt viðauka hans við 1. gr. frumv. Þetta hefi jeg aldrei talað; það var að eins til að miðla málum, að jeg kvaðst mundu aðhyllast þennan viðauka. Ef það reyndist, að þetta leyfi yrði misbrúkað, eins og veiðilögin af 1849, þá vil jeg ekki láta segja, að jeg hafi stutt að þessari ákvörðun, nema sem sagt, að eins til málamiðlunar.

Árni Thorsteinsson: Jeg skal ekki vera langorður um þetta mál í þetta skipti. Að eins vil jeg taka það fram, að jeg get verið samdóma h. þm. Dal. (J. G.) um, að nokkur ástæða kunni að vera til að gjöra undantekningu í þessum lögum með vöðusel eða farsel; en á hinn bóginn finnst mjer, að ekki ætti nú að gjöra aðrar breytingar á þessu frv. en þær, sem trygging væri fyrir, að h. Nd. mundi fallast á. Jeg efast mikið um, að Nd. fallist á þessar breytingar,

og get því ímyndað mjer, að samþykkt þeirra gæti orðið til þess, að málið fái ekki framgang með eins mikilli vissu eins og nú, ef vjer samþykktum frumvarp þetta. Jeg get aldrei fellt mig við, að einn hluti landsins skuli hafa alveg sjerstök lög fyrir sig. Til þess verða að vera sjerlega brýnar ástæður, og meiri en þær, sem hjer er um að ræða. Þessi skoðun mín virðist líka vera viðurkennd með því, að svæðið er hjer, úr því sem áður var, takmarkað við línu frá Klofningshyrnu í Dalasýslu í Bjargtanga í Barðastrandarsýslu. Þetta segi jeg sje viðurkenning fyrir því, að sú grunvallarregla, sem fylgt hefir verið í opnu brjefi frá 1855, sje röng. Þó jeg því hefði helzt viljað að opið brjef 22. marz 1855 yrði afnumið að fullu og öllu, þá vil jeg þó heldur fallast á frv. Nd. óbreytt, úr því svona er komið, heldur en með viðauka h. þm. Dal. (J. G.). Þá hefi jeg enn eitt að athuga við breyt.till., og það er, að jeg efast um, að hún geti samrýmzt við 15. og 16. gr. veiðilaganna 20. júní 1849. Í 15. gr. þessara laga er ákveðið, að ekki megi skjóta sel nær, en ½ mílu frá látrum og lögnum, en 16. gr. segir, að veiða megi vöðusel og farsel í nótum, en ekki skjóta hann nær en til er tekið í 15. gr. Jeg ímynda mjer, að í þessu liggi, að þótt það sje leyft, að farsel megi skjóta á Breiðafirði sunnanverðum, þá megi það ekki vera nær látrum eða lögnum, en ½ mílu. Sem sagt: það er þannig af fleirum ástæðum, að jeg mæli á móti breyt till. h. þm. Dal. (J. G.), en einkum þó af því, að jeg vil vera viss um að endir náist á málinu að því er snertir suðurhluta fjarðarins, og bíða svo með norðurhlutann þar til vissa fæst um, hvort þessi lög eru ósanngjörn eða ekki. Sami þm. vill loksins, að fyrirsögnin sje orðuð öðruvísi en Nd. hefur samið hana; en jeg held nú að sje nærri um báðar, fyrirsögn þm. og fyrirsögn Nd. Í frv. frá Nd. er bannað að skjóta sel á vissu svæði, og í frv. hans er ekki einasta bannað að skjóta sel á vissu svæði, heldur og leyft að skjóta vissan sel á hinu friðaða svæði. Jeg held þó að jeg verði að halla mjer að fyrirsögninni eins og hún er í frv. Nd., til þess að engin breyting verði á frumvarpinu.

Ásgeir Einarsson: Jeg sje, að athugasemdir h. varaforseta (Á. Th.) eru á rökum byggðar, hvað æðarvarpið snertir, og jeg sje, að það getur skeð, að stjórnin samþykki ekki frv., ef þessi breyting kæmist að; hefði verið sett ½ míla, hefði jeg ekki verið á móti og álitið hættulaust.

Jón Pjetursson: Mjer þykir skrítið, að afnema þetta opna brjef fyrir víst svæði, en láta það standa óbreytt fyrir annað svæði, að láta nefnilega svæðið vestanvert Breiðafjarðar vera friðað, eða með öðrum orðum láta svæðið fyrir allri Barðastrandarsýslu vera friðað, en aptur á móti eigi sunnanvert fjarðarins fyrir Snæfellsnessýslu. Þetta finnst mjer undarlegt og til þess finnst mjer hljóti að vera einhver sjerstök ástæða, en þessa ástæðu hefi jeg eigi heyrt nefnda. Því er nú engan veginn svo varið, að eptir opna brjefinu megi ekki skjóta seli. Það má skutla þá. Það er einungis bannað að skjóta þá með byssuskotum, til þess, að hvellirnir skuli ekki fæla varpfuglinn. Mjer sýnist deildin því ætti að fella þetta frv. eins og það nú er komið frá Nd., því ef endilega þarf að afnema opna brjefið, finnst mjer það þurfi að afnema það að *öllu*, en ekki *nokkru* leyti. Jeg álít að deildin gjöri nú rjettast að fella frv. þetta nú. Það mætti svo, ef nauðsyn krefði, hugsa sig þangað til á næsta þingi um afnumning opna brjefsins í heild sinni.

Framsögumaður (Jakob Guðmundsson): Af ástæðum þeim, sem h. varaforseti (Á. Th.) tók fram, held jeg það væri rjettast gjört af mjer og óhultast fyrir framgang málsins, að taka fyrri breytingartillöguna við 1. gr. aptur, nl. um farselaskotin, og vil jeg því lýsa því yfir, að jeg gjöri það hjer með.

ATKVÆÐAGR.: Síðari breytingin samþykkt með 7 atkv.; þá var frv. með áorðnum breyt. samþ. með 10. atkv., og kvað forseti það verða sent aptur forseta Nd. til að leggjast fyrir þá deild.

Frumvarp til laga um rjett kvenna (C. 216); 2. umr.

Framsögumaður (Sighvatur Árnason): Eins og ráða má af nefndarálitinu (C. 234) var það samhuga álit nefndarinnar, að það sje í sjálfu sjer rjett og eðlilegt, að styðja sem mest og bezt málefni frv. þessa, og nefndin vill því leggja það til, að það sje tekið sem bezt til greina. Á hinn bóginn komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að rjettara væri og að betur ætti við að fara aðra leið, nefnilega að fara heldur stjórnarvaldaveginn, en þá leið, að gjöra frv. þetta að

lögum. Með þeirri von og í því trausti, að ráðherrann snúist vel við málinu og annist um, að settar verði reglur viðvíkjandi því, sem nefndin fer fram á, nefnilega um aðgang kvenna til kennslu og námsprófa við skólana, ræður nefndin frá, að halda lengra fram með frv., og jeg skal eptir ýtarlegri yfirvegun og eptir því, sem fram fór hjer við síðustu umræðu málsins, játa, að jeg hefi sannfærzt um að þetta sje liðlegri vegur og að það eigi betur við, að fara þá leið, sem nefndin hefur ráðið til. Jeg vona að h. deild verði nefndinni samdóma og velji málinu sem bezta og beinasta leið. Jeg finn svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekara, en hefi sem sagt beztu vonir um, að deildin felli frv., en samþykki uppástungu nefndarinnar.

Hallgrímur Sveinsson: H. framsögumaður (S. Á.) skýrði frá þeim breytingum, sem h. nefnd hefði viljað gjöra á frv., og skal jeg játa, að breytingar þessar sjeu eptir kringumstæðunum til verulegra bóta. Jeg hreyfði því um daginn, að það væri annar rjettur, sem mjer þætti miklu meiri nauðsyn að veita og meiri umbætur á en sá rjettur, sem hjer er farið fram á, þótt sumir kunni að álíta hann æskilegan, og sá rjettur, sem jeg þá benti á, var um meiri fjárforráð giptra kvenna, en hingað til hafa lög staðið til. Mjer hefði verið það mjög kært, ef frv. hefði snúizt í þá átt, að veita konum rjettarbót, að því er snertir fjárforráð þeirra. En jeg þykist vita, að nefndinni hafi virzt sem svo, að það mál væri umfangsmeira, gripi meir inn á svæði hinnar almennu löggjafar og væri yfir höfuð vandasamara, en svo, að tími ynnist til að ráða því heppilega til lykta á þessu þingi. Jeg skal því með tilliti til þessa, sem jeg og ætla á miklum rökum byggt, sætta mig við það, þótt það atriði málsins eigi fái framgang nú, og vera tillögum nefndarinnar hlynntur, einkum þó í þeirri von, að einhver h. þm. verði til þess, að hugsa eptir þessu máli á næsta þingi, því þar er sannarleg rjettarbótarþörf. Jeg tek það svo upp aptur: Í þeirri von, að næsta þing stigi það spor, sem nauðsynlegt er í þessu tilliti, verð jeg nefndarálitinu hlynntur.

Framsögumaður (Sighvatur Árnason): Því var að eins hreift við 1. umr., þessu atriði, sem h. 6. kgk. (H. S.) minntist á. Jeg gat líka um það, að jeg væri því samþykkur, að í því tilliti þyrfti rjettarbótar við; en bæði var það, að ekkert lá fyrir nefndinni eptir frv. um þetta atriði, og svo var líka hitt, sem h. 6. kgk. tók fram, að nefndin sá, að það var eigi hugsandi til að fá því framgengt í þetta skipti, þar sem þetta er svo mikið vandamál. En jeg skal játa það með þm., að það er hin mesta þörf á rjettarbót í þessa stefnu. En úr því nú er eigi tími til þessa, rekur að því, að málið verður að bíða næsta þings, en hvort það verða þeir, sem nú hafa hjer sæti eða aðrir, sem það hlutverk hlotnast að meðhöndla það, gefur tíminn að vita.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frv. — að viðhöfðu nafnakalli sökum óglöggrar atkvæðagreiðslu — felld með 10 atkv. móti einu (Jón Pjetursson). Frv. allt þar með *fallið*.

— *Forseti* stakk upp á að hafa eina umræðu um tillögu til þingsályktunar um aðgang kvenna til námsprófa (C. 234), og var það samþykkt.

Sömuleiðis stakk hann upp á að hafa eina umræðu um þingsályktunartillögu um hina íslenzku stjórnardeild í Kaupmannahöfn (C. 221), og samþykkti deildin það.

Tuttugasti og sjöundi fundur, laugardag 1. ágúst, kl. 1 e. m. Allir á fundi.

Frumvarp til laga um breyting á 1. gr. í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla (C. 236); ein umr.

Árni Thorsteinsson: Jeg tók það fram á síðasta þingi, að svo framarlega sem farið væri eptir stjórnfræðislegum grundvallarreglum, ætti þingið ekki að veita annað fje en það sem stjórnin bæði um og þyrfti til þess, að geta gegnt skyldu sinni. Jeg tók þetta fram vegna afleiðinganna, sem það gæti haft, og jeg tek það aptur upp nú, þótt nauðsynin kunni ekki að vera eins brýn nú og þá. Þingið hefur óneitanlega uppástungurjett í fjárveitingamálum, en þennan rjett verður það að brúka með hófi. Hjer í frv. er óneitanlega farið með nokkru hófi og stillingu. Stjórnin bað um fje, sem hún nauðsynlega þurfti og þingið vill veita það. Ákvæðin í 5. gr. eru þó ný, nfl. um, að árgjaldið af Odda skuli færast niður úr 700 kr. í 500 kr. Um þetta ætla jeg, að stjórnin hafi ekki beinlínis beðið; þar á

móti mun árgjald þetta að nokkru leyti hafa verið eptirgefið á fjáraukalögum. Jeg hefði metið mikils, hefði stjórnin tekið tillit til, hve mikið árgjaldið af Odda ætti að færast niður, og þingið ekki hefði þurft að gera uppástungu um það. Öllum kemur saman um, að það sje ofhátt. Í hitt eð fyrra mun árgjald þetta hafa verið sett niður um 350 kr. fyrir tvö ár, en nú er farið fram á að setja það niður í eitt skipti fyrir öll. Jeg skal lýsa því yfir, að þó jeg ekki felli mig við stefnuna, skal jeg fúslega gefa frv. atkv. mitt. Jeg tek það fram, að jeg álít að Odda brauði sje þó lítill greiði gjörður, en ímynda mjer samt, að sumir muni líta svo á, að betur mætti vera ef duga skyldi, og að niðurfærslan mætti vera nokkrum mun drjúgari. En það tjáir ekki að tala um það. Úr því nú stjórnin hefur beðið þingið um þessa fjárveiting, held jeg það sje bezt að lofa Odda að fljóta með, þó eigi væri hann með frá fyrstu.

Sighvatur Árnason: Jeg tók svo eptir ræðu hins h. varaforseta (Á. Th.), að minnsta kosti skyldi jeg svo byrjun hennar, sem honum þætti það ekki eiga við, að hafa greinina um Odda; en samt sem áður mælti hann ekki móti því, að árgjaldið yrði sett niður í 500 kr. Jeg fyrir mitt leyti hefi ekki ráðizt í eða sjeð til neins að koma nú fram með breyt.till. um frekari niðurfærslu, og álít jeg þó 500 kr. ofhátt árgjald af Oddabrauðinu. Jeg er persónulega kunnugur á staðnum, og get gefið upplýsing um, að skoðun hefir verið gjörð á skemmdum þeim, sem prestakallið og jarðir þess hafa orðið fyrir, og eptir áliti kunnugra skoðunarmanna hefir ekki þótt tiltækilegt, að goldið væri af brauðinu meira en í hæsta lagi 300 kr., og hið nýsamþykkta jarðamat í sýslunni sýnir líka ljóslega, hvað jarðir prestakallsins hafa eyðilagzt. En, sem sagt, hefi jeg eigi þorað að koma fram með breytingu í þá stefnu, eptir því hvernig tekið var í þetta atriði í neðri deildinni, heldur vil í þetta sinn leggja það til, að frv., eins og það nú er, nái fram að ganga, en gjöri þessa athugasemd nú til þess, að það sje eigi svo að skilja, sem jeg sje ánægður með þessa niðurfærslu á Odda-árgjaldinu.

Benedikt Kristjánsson: Jeg finn hvöt hjá mjer til þess, að lýsa því yfir viðvíkjandi frv. þessu, sem nú er komið aptur stórkostlega limlest frá h. Nd., að mjer þykir forlög málsins ill orðin. Þegar Nd. er búin að fara svona með frv., sje jeg það í hendi mjer, að það er ekki til neins að berja höfðinu við steininn, og ætla jeg því að greiða atkvæði með frv., því það hefir óneitanlega enn óskertar, enda þótt nokkuð takmarkaðri rjettarbætur í sjer fólgnar, við það sem nú er. Eptir því sem mjer skildist ræða h. varaforseta (Á. Th.) tók hann það fram, að þingið ætti að fara varlega að því, að veita fje án þess stjórnin bæði um það, eða álíti það nauðsynlegt til að geta gegnt ætlunarverki sínu. Jeg vildi óska, að sú raunin yrði á, að stjórnin yrði ekki í vandræðum með að veita Grenjaðarstað þegar hann losnar; en þó segir mjer svo hugur um, að það muni reynast að minnsta kosti harðsótt að fá þangað prest. Jeg skal geta þess, að jeg hef ekki sjeð það til neins, að koma fram með neina breyt.till. um Grenjaðarstað; því að í Nd. var einmitt gjörð breyt.till. um að hækka árgjaldið úr 1200 kr. upp í 1400 kr. En breyt.till. fjell. Jeg sje ekki ástæðu til að koma nú fram með breyt.till. um hærra árgjald en 1400 kr. Jeg álít rjettast, að þingið fái að sjá afleiðingarnar, og ef þær skyldu eigi reynast æskilegar, verður seinni tíminn að bæta úr. Jeg skal sömuleiðis lýsa því yfir, að mjer þykir það illa farið að neðri deildin skuli hafa tekið af þeim presti, sem nú er í Laufási, 400 kr., sem þessi deild ætlaðist til að hann nyti ef hann missti þess hins talsverða tekjuhluta, sem stendur í sambandi við varphólma þann, sem dæmdur hefur verið undan prestakallinu. Allir vita, að þessi prestur er bláfátækur, og að honum er veitt prestakallið með þeim hlunnindum, sem varphólminn gefur af sjer og sem enginn þá vissi að mundi verða dæmdur frá prestakallinu. En það er nú ekki til neins að tala um það. Jeg vil fara að eins og sá, sem líður skipbrot, frelsa það, sem frelsað verður, en láta ekki allt fara í sjóinn, af því öllu verður ekki bjargað.

Magnús Stephensen: H. þm. (B. Kr.), sem nú settist niður, lítur friðsamlegar á mál þetta heldur en jeg. Hann sagðist vilja fara að eins og skipbrotsmaðurinn og frelsa það, sem frelsað yrði. Jeg held jeg hallist fremur að því, að fara eins og spilarinn, að setja allt á eitt spil og missa annaðhvort allt eða ekki neitt. Jeg vil hafa annaðhvort allt þetta frv. eins og það var þegar Ed. sendi það til Nd., eða þá ekkert. Nd. hefur tekið allt sem hjer var bætt inn í og

aukið við frv. Jeg stend fast á því, að viðbætur Ed. um Laufás sjeu meira virði en 6. gr. frv. Fyrst að Nd. hefur fellt viðaukann um Laufás, verður afleiðingin sú, að stjórnin verður skyldug til að krefja hlutaðeigandi prest um 400 kr., hvort sem hann getur eða getur ekki borgað, því hún getur ekki haldið áfram í það endalausa, að skrifa þessar tekjur á pappírinn og telja þær í landsreikningnum sem eptirstöðvar. Ef Grenjaðarstaður losnar, er jeg handviss um, að niðurstaðan verður sú, að enginn sækir, og stjórnin verður neydd til að veita brauðið eptir hinni gömlu skipun og með hinu gamla fyrirkomulagi þess. Viðvíkjandi Odda hefur frv. fært árgjaldið niður í 500 kr. í stað 700 kr. Jeg held nú, eptir því sem á stendur, að lítið vinnist með þessu og að það hafi harla litla þýðingu, hvað skrifað er, hvort skrifaðar eru 500 kr. árlega til skuldar hjá prestinum eða 700 kr. Það skyldi þá vera, að það ynnist með því, að fá lagaheimild fyrir að heimta þessa upphæð; en slíkrar heimildar þarf ekki; hún er til. Viðvíkjandi breytingunni með Melstaðar og Staðarbakkabrauð skal jeg geta þess, að þessi brauð eru nú eins og þau voru áður en prestakallalögin komu út og hvort sem þeirra núverandi fyrirkomulag verður staðfest með lögum eða ekki er engin hætta fyrir því að það breytist, því prestarnir í báðum brauðunum eru ungir menn, sem ekki eru mikil líkindi til að fari þaðan fyrst um sinn, að minnsta kosti ekki fyrir næsta þing. Jeg sje því eigi, að í þessu tilliti sje heldur mikið á unnið við frv. Sá skipbrotsmaður, sem frelsar eigi meira en þetta, frelsar lítið af skipbrotinu. Jeg vil miklu heldur ráða deildinni til úr því hún eigi fær vilja sínum framgengt, að láta allt málið bíða til næsta þings og fella frv.; sjá svo hvort stjórninni þætti eigi ástæða til að koma með fleiri breytingar á prestakallalögunum. Ef jeg vissi það fyrir að næsta þing slyppi við að ræða breytingar á prestakallalögunum svo framarlega sem þetta frv. nær fram að ganga, þá skyldi jeg ekki vera móti frv., en af því jeg hef enga von um það, er jeg því mjög meðmæltur að frv. verði fellt og öllu málinu frestað til þings 1887.

Landshöfðingi: Jeg get ekki verið samdóma h. 3. kgk. þm. (M. St.) um, að ástæða sje til að fella frv. þetta og málið í heild sinni, þótt svo hafi farið, að h. Nd. eigi hafi fallizt á þær uppástungur, sem h. Ed. gjörði og sem jeg álít að væri á góðum rökum byggðar. Ed. hefur einnig fallizt á hinar aðrar greinir í frv., sem enn standa óhaggaðar, og þær standa ekki í því sambandi við þær greinir, sem Nd. hefur fellt, að ástæða sje til, að þær einnig þurfi að hverfa og sæta sömu kjörum og hinar. Jeg yrði einnig að álíta þetta mjög óheppilegt, þar sem málið er komið svo langt á leið, að það er frá þingsins hálfu jafnhægt að samþykkja frv. og fella; hvorttveggja tekur jafnlangan tíma, og fyrst nokkrar greinir í frv. eru nauðsynlegar, eptir því, sem jeg held almennt sje viðurkennt, vona jeg að hin h. deild finni ástæðu til að samþykkja frv. H. Ed. hefur sjálfsagt ástæðu til að láta sjer það ekki líka, að Nd. hefur fellt úr frv. þá viðauka, sem Ed. hafði gjört til óneitanlegra bóta, en úr þessu verður nú ekki bætt að sinni. Jeg fyrir mitt leyti held, að æskilegast væri, að sem minnst kæmi fyrir næsta þing af breytingum á prestakallalögum, en hjá því yrði að líkindum ekki komizt, ef allt væri fellt nú, að koma þá aptur með helztu ákvarðanir þessa frv., að minnsta kosti þær, sem fálust í stjórnarfrv. Jeg verð því að leggja áherzlu á, að þær greinir, sem standa í stjórnarfrv., frelsist frá skipbroti, því þessar greinir innibinda í sjer þau atriði, sem reynslan þegar er búin að sýna, að nauðsynlegar eru umbætur á. Að vísu inniheldur frv. eins og það nú er orðið nokkrar breytingar frá frv. stjórnarinnar, en þessar breytingar eru þó þannig lagaðar, að jeg eigi legg svo mikla áherzlu á mismuninn, að jeg geti álitið að frv. eigi að verða bægt frá fyrir þær sakir. Jeg er h. deild samdóma um, að það hefði verið mjög æskilegt, að uppástungur hennar sjerstaklega um Laufás hefði náð fram að ganga. En jeg sje eigi, að við því verði gjört að svo komnu og mjer finnst að þetta heldur eigi ekki að hafa fleiri misjafnar afleiðingar en þegar er orðið. Jeg get ekki sjeð neina ástæðu til að það dragi með sjer fleiri ákvarðanir, sem nauðsynlegt er að framgang fái.

Árni Thorsteinsson: Mjer finnst umræðurnar gefa tilefni til að ætla, að það muni ekki afgjört með þessu frv., hvort málið komi aptur með nýjum eða auknum fjárbeiðslum fyrir næsta þing. H. ldsh. vonaðist eptir, að ef þetta frv. yrði samþykkt, mundu minni breytingar koma inn á næsta

þing. Jeg held nú að það dyljist engum, sem tekið hefir eptir því, hvernig brauðaskipunarlögunum er ráðið til lykta, að slíkri skipun sje í mörgu óendanlega ábótavant, og þær breytingar til umbóta á vankvæðum, sem mönnum helzt ætti að vera og er áhugamál að fá framgengt, lúta einkum að þrennu, *fyrst* að losa peningagjaldið af brauðunum; í öðru lagi að fá hagkvæmari sókna eða brauðaskipun, og í þriðja lagi að hafa árgjöld til brauðanna öðru vísi. Jeg vildi af þessu taka mjer tilefni til, að láta þá ósk í ljósi, að stjórnin í eitt skipti fyrir öll vildi stinga upp á breytingum, svo málið þyrfti ekki upp aptur og aptur að koma fyrir þingið, og þingið þyrfti ekki að vera að koma fram með nýjar tillögur. Jeg ímynda mjer að þetta mál sje svo umfangsmikið, að eigi nægi að taka einstök atriði þess fyrir, heldur þyrfti að taka það allt frá rótum. Aðaláherzlan liggur vitanlega á því, að koma á góðu skipulagi með prestaköllin, og svo er annað atriði, sem jeg vildi jafnframt benda á. Fyrst þingið veitir fje, þá vil jeg að þetta fje, sem veitt er, sje fast ákveðið, en sje ekki sífelldum breytingum undir orpið. Jeg held að nauðsynlegt væri að góðar hendur fjölluðu um það mál, svo þingið þyrfti ekki að reka fyrir rá og reiða. Slík umbót held jeg þyrfti eigi að kosta meira en nú, sjerstaklega ef jarðir væru teknar frá sumum prestaköllum og lagðar til hinna. Jeg ímynda mjer líka, ef málið væri tekið fyrir í heild sinni, þá mætti jafna brauðin betur. Þótt það beinlínis ekki liggi fyrir, vona jeg mjer sje leyfilegt að minnast á bráðabyrgðaruppbótina. Jeg held að það mætti koma henni öðru vísi fyrir. Jeg er líka yfir höfuð mjög á móti því, að prestakallaskipuninni sje þannig varið, að prestarnir sjeu að skjótast úr þeim og í, eitt og eitt ár í senn, eins og vinnumenn í vist. Jeg álít betra að hver prestur þjónaði í nokkur ár því brauði, sem hann eitt sinn hefur fengið og að hann gæti með því móti unnið meira gagn, en þegar hann stekkur strax aptur burtu. Jeg held að það mætti haga bráðabyrgðaruppbótinni nokkuð öðruvísi t. d. þannig, að stjórnin semdi við prest að hann skyldi fá vissa fjárhæð t. d. 800 kr. þar sem 200 kr. uppbót fylgir brauði, útborgaða strax, ef hann tæki að sjer að þjóna þessu og þessu brauði, og afsaladi sjer rjett sinn að sækja um nýtt brauð næstu 5 árin. Að fá upphæðina útborgaða alla í einu, gæti komið prestinum betur og orðið landssjóðnum kostnaðarminna, en að borga árlega, þótt minna væri. Jeg játa að þetta kunni að vera tekið úr lausu lopti, en jeg bendi á það til að sýna, að jeg held það vera rjett að stjórnin hefði hugfast að biðja þingið um hina nauðsynlegu fjárveitingu, svo þingið eigi væri sífellt að koma fram með nýjar og nýjar uppástungur. Jeg tek það upp aptur. Jeg álít endurskoðun á lögum um skipun prestakalla eiga að fara fram alla í einu, svo menn þurfi ekki að vera að hrökklast þetta fram og aptur. Jeg held þó frv. þetta fjelli yrði enginn ónánægður, ef prestakallalögin væru jafnframt endurskoðuð í heild, en þó það yrði samþykkt mundu fáir ánægðir, nema þeir einir sem hafa borið lítilræði úr býtum.

Ásgeir Einarsson: Það datt ofan yfir mig þegar jeg heyrði að h. 3. kgk. (M. St.) vildi fella frv. þetta. Það hafa nú nokkrir orðið til að mæla með því og jeg tók það skýrt fram um daginn að það væri ómögulegt að framkvæma prestakallalögin í þá stefnu, sem prestakallalögin ganga og frv. þetta nú vill breyta. Jeg tók fram tvö atriði, fyrra atriðið var að Staðarbakkakirkja væri að hruni komin og þyrfti sem fyrst að endurbyggjast; hitt atriðið var það, að presturinn í Tröllatungu er orðinn svo gamall. Hann er 48 ára prestur og hjer um bil jafngamall mjer, og jeg held það sje enginn efi, að hann fari rjett bráðum að segja af sjer. Jeg vona jeg þurfi ekki margt að tala með frv. þessu, því jeg ímynda mjer að deildin verði h. ldsh. samdóma um, að ekki sje tiltækilegt að fella frv. Varaforseti tók það fram að það þyrfti að taka málið fyrir í heild sinni, en jeg held það sje ekki gott að segja fyrir víst hverja aðferðina heppilegast mundi að hafa. Það er nú búið að reyna sig nokkuð á þessu prestakallamáli. Varaforseti tók það líka fram, að það mætti haga tillaginu öðru vísi. Hann sagði að þetta ráp prestanna frá einu brauði til annars væri eins og þegar hjú hefur vistaskipti. En af hverju kemur þetta ráp? Ekki af neinu öðru en því, hvað brauðin eru misjöfn, þótt krónutalan kunni að vera jöfn. Það er munur á því, hvort brauðið er útkjálkabrauð, eða því er vel í sveit komið. Jeg veit heldur ekki þótt farið væri nú að setja nefnd eins og áður, hvort nokkrir yrðu færari en hjeraðsfundirnir til að bera um hvað heppilegast væri. Jeg er ekki

viss um, að nefnd mundi sigla fyrir öll nes, því það sannast að þetta prestakallastagl þagnar aldrei fyr en allir þeir prestar eru dauðir, sem uppi voru þegar brauðaskipunarlögin komu út. Jeg held að það sje ekki þörf að taka málið allt í heild sinni nú, því ekki mun þess langt að bíða að breytingar þurfi þó fyrir það að gjöra. Að vísu kynni nefnd að geta haft mikinn styrk af tillögu hjerðaðsfundanna, því þeir eru nú búnir að fá meiri þekkingu á þessu máli en hinn fyrsti undirbúningsfundur.

Jakob Guðmundsson: Allar uppástungur um breyting á brauðaskipunum, sem komið hafa til þingsins síðan lögin frá 27. febr. 1880 komu út, hvort sem það nú eru uppástungur frá stjórninni eða þjóðinni, eru byggðar á tvennu; fyrst því, að það hefur ekki þótt takast heppilega með brauða- og sóknaskipun í lögum þessum. og svo í öðru lagi á sjerstaklegum ástæðum og atvikum, sem komið hafa fyrir síðan lögin komu út, en sem ekki voru til þá. Af þeim uppástungum, sem hjer liggja fyrir má heimfæra breytinguna á brauðaskipuninni í Stranda og Húnavatnssýslu til hinnar fyrtöldu almennu ástæðu. Aptur má heimfæra breytinguna um Laufás og Odda undir hinar síðarnefndu sjerstaklegu ástæður, þær ástæður sem ekki gátu orðið teknar til greina 1880, og viðvíkjandi Laufási þá er breytingin sjerstaklega byggð á þeim viðburði, að tekjustofn, hjer varphólminn, er genginn undan brauðinu, svo presturinn getur ekki notið teknanna af honum. Allir játa að það sje mjög ósanngjarnt, meira að segja ranglátt, að presturinn þurfi að greiða árgjaldið, meðan hann ekki nýtur teknanna, en uppástungurnar höfðu þó ekki farið lengra en að þeim presti, sem nú er, yrði gefið upp tillagið um hans tíð. Það er líkt ástatt með Odda; þar eru ástæður og viðburðir sem ekki urðu teknar til greina 1880. Jeg verð að álíta alla sanngirni mæla með, að prestum þessum hefði báðum verið vilnað í og jeg tek þetta fram til þess að gjöra grein fyrir atkvæði mínu með frv. eins og það nú liggur fyrir, þó Nd. hafi nú hafnað þessum áminnztu atriðum sem Ed. áleit svo sanngjörn.

Skúli Þorvarðarson: Jeg hefi ekki í huga, að tala margt um þetta mál, sem nú er aptur til vor komið frá h. Nd.; að eins vil jeg gjöra grein fyrir atkvæði mínu áður en til atkvæða verður gengið. Þess vil jeg þá geta, að jeg get ekki fundið neina skynsamlega ástæðu til að fella, að minnsta kosti, þær greinar þessa frv., sem samhljóða eru, eða að mestu leyti samhljóða því, sem stjórnin lagði fyrir þingið og samþ. var hjer í þingd. Ætti nú að fella þetta mál, þá finnst mjer illa hafi verið þeim tíma varið, sem hefur verið brúkaður til að ræða það hjer á þinginu í þetta sinn. Þar fyrir er engan veginn sagt, að mjer líki þetta frv., eins og það nú er, vel í alla staði; þvert á móti. Mjer finnst því hafi verið í ýmsum greinum mjög svo óheppilega breytt í h. Nd. Sjerstaklega vil jeg láta það í ljósi, að jeg sje mjög eptir því að úr frv. er horfin ákvörðun sú, sem þessi deild setti viðvíkjandi Laufásprestakalli, sem og um niðurfærsluna á árgjaldinu frá Grenjaðarstaðarprestakalli, því fyrir hvorutveggja mælti mikil sanngirni. En nú er komið sem komið er með það, og jeg sje ekki að málið verði neitt bættara fyrir það, þótt það verði nú fellt eins og það liggur fyrir þessari h. deild. Þessar eru þá í fáum orðum ástæður mínar fvrir því, að jeg get ekki fallizt á að fella þetta frv. Eptir þeim kunnugleika, sem jeg hefi á Odda-brauði, verð jeg að vera á sama máli og 1. þm. Rangv. (S. Á), að árgjaldið sje enn langt of hátt. Mjer er það vel kunnugt að bæði Oddinn sjálfur og fleiri jarðir, er heyra undir prestakallið, hafa gengið og ganga af sjer ár frá ári. Eins og málið nú er komið, get jeg þó ekki lagt svo mikla áherzlu á þetta, að jeg vilji stuðla að því að það falli í heild sinni.

Einar Ásmundsson: Jeg verð að vera alveg á sama máli sem h. 3. kgk. þm. (M. St.) um það, að þau atriði, sem felld hafa verið úr þessu frv. í h. Nd., hafi verið einmitt þau, sem voru mest verð, af þeim atriðum, sem tekin voru inn í frv. hjer í deildinni. Það er því, að mínu áliti, mjög efasamt, hvort það svarar kostnaði, að samþ. þetta frv., eins og nú liggur fyrir. Samt held jeg, að jeg verði að gjöra það fyrir mitt leyti; en jeg lýsi yfir því, að jeg gjöri það með hangandi henni. Jeg gjörði það vissulega ekki að gamni mínu, að bæta inn í frv. stjórnarinnar ákvörðuninni um Laufásprestakall, heldur af því að hún var bæði sanngjörn og fullkomlega nauðsynleg. Það er því ekki fyrir það, að mjer þyki þessi ákvörðun minna nauðsynleg nú, en áður, að jeg ekki hefi komið fram með breytingartill. um þetta efni. En þegar jeg lít yfir öll

þau þingskjöl, fram undir 20 að tölu, er menn hafa verið að hringla með í þessu máli, þá vona jeg að enginn lái mjer, þó jeg haldi mjer til baka. Málið hefur spillzt í Nd.; því verður ekki neitað. En af því till. stjórnarinnar, sem fram munu hafa komið af sannri þörf, eru enn í frv., verð jeg þó engu að síður að greiða atkvæði með því, þó jeg hefði gjört það með meiri ánægju, ef það hefði fengið að halda sjer, eins og þessi deild skildi við það.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg er h. þingdm. samdóma um það, að frv. þetta eins og það nú er orðið, hafi þrjá höfuðgalla. Einn verulegur galli er á 5. gr., þar sem ræðir um Oddaprestakall. Árgjaldið, sem greinin ætlast til að greitt verði frá Odda brauði, er að jeg ætla enn mikils til ot þungt, þó það sje nokkuð ljettara, en það er nú eptir gildandi lögum. Hinir tveir gallarnir eru fólgnir í því, að þarfar ákvarðanir, sem þessi deild setti inn í frumv., hafa verið felldar úr því. Þrátt fyrir þessa galla, sem jeg tel verulega, ætla jeg þó að greiða atkvæði með frv., af því það hefur þó í för með sjer nokkrar bætur á prestakallalögunum. Þannig eru ákvarðanir þær, er snerta Melstaðar- og Staðarbakkaprestaköll, að mínu áliti alveg nauðsynlegar. Jeg ímynda mjer og, að þó gjöra þurfi verulegar breytingar síðar á brauðaskipuninni í heild sinni, þá sje þessi breyting ein af þeim, sem þarf að komast fram. Verði henni því komið á nú, þarf ekki að hugsa um hana síðar. Það mun og mega segja, að 3.—4. gr. innihaldi nauðsynlegar breytingar á brauðaskipuninni. Þær greinir, sem nefndar eru, eru undirstaða málsins í stjórnarfrv. Það sje langt frá mjer að neita því, að brauðaskipunin í heild sinni þurfi breytinga og endurbóta, en hitt verð jeg að álíta, að of stuttur tími sje enn liðinn frá því, að prestakallalögin komu út, til þess, að næg reynsla sje fengin um þörf á breytingum málsins í heild sinni, og til þess unnt sje að ákveða, hvernig málinu verði skipað á hagfelldastan hátt. Jeg álít að rjettast sje að bíða enn nokkur ár, svo reynslan geti leitt gallana í ljós, enda þótt það kosti þingið nokkurn tíma, og landsjóðinn nokkurt aukatillag; því það er vitaskuld, að ef menn eptir 10—15 ár finna þörf á algjörðri endurskoðun brauðaskipunarinnar, þá munu þær breytingar, sem þangað til verða gjörðar, hafa gefið svo margar skýringar á málinu í heild sinni, að auðveldara verður að fást við það og meiri vissa fæst fyrir því, að endurskoðunin geti tekizt heppilega. Sumpart yrði þá búið að hrinda ýmsu í lag, og sumpart skýra ýmislegt viðvíkjandi málinu í heild sinni. Þó það sjálfsagt sje leiðinlegt, að þurfa að taka þetta mál fyrir í smápörtum, þing eptir þing, þá álít jeg þó, að menn verði að taka í þetta mál með þolinmæði, og gjöra þær breytingar, sem reynslan smámsaman leiðir í ljós, að óumflýjanlegar sjeu á næstu þingum, en bíða sömuleiðis með þolinmæði eptir endilegri breytingu á þessu ákaflega flókna og vandasama máli.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 10 atkv. og afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

Frumvarp til laga um breyting á lögum 17. marz 1882 um friðun fugla og hreindýra (C. 236); ein umr.

Flutningsmaður (L. E. Sveinbjörnsson): H. Nd. hefur haft allmikið fyrir að breyta þessu frv. frá því, sem það var samþ. hjer í þingd., og skyldi maður því ætla, að hún hefði bætt það að mun. Bótin mun nú sú ein, að Nd. hefur bætt rindlum og auðnutitlingum við í fyrstu málsgreininni, og tel jeg hana ekki mikilsverða. Rindlar eru einnig kallaðir «músarrindlar», og dettur mjer þá í hug, að «fjöllin hafi tekið ljettasótt, en ekki fætt nema mús». Rindla hefi jeg ekki sjeð hjer í 30 ár, og auðnutitlingar eru einnig mjög sjaldsjenir, þó jeg hafi að vísu sjeð þá, einkum á Norðurlandi. En frv. hefur stórum skemmzt í Nd. Friðunartíminn fyrir þá fugla flesta, sem friðaðir eru um nokkurn tíma árs, hefur verið lengdur frá því sem hann var settur hjer í þingd. Hann var í frv. því, sem hjeðan fór, «frá 1. apríl til 20. júlí», en nú er hann orðinn «frá 1. apríl til 31. júlí». En eins og jeg gat um hjer í deildinni á dögunum, er seinna takmarkið, 20. júlí, hið eina skynsama. Þá eru ungar flestra þessara fugla orðnir fleygir, og fara að styggjast, svo að þeir hætta að nást. Það eru að eins einstaka endur og mófuglar, sem þá eru ekki búnir að unga út. Úr því Nd. fór að bæta nokkrum fuglum inn í frv., þá hefði hún líka átt að bæta við þá fugla, sem ekki skyldu vera friðaðir, t. a. m. teistum og haftirðlum, en það gjörir reyndar ekkert til þó hún hafi sleppt þeim, því allir munu

skoða nefnda fugla sem ófriðaða hvort sem er. Lundi er hjer friðaður frá 10. maí til «20. júní», en í því er engin meining, því hann er ekki búinn að koma upp ungum sínum fyr en fyrri part ágústmán. En fyrst skot eru bönnuð við lundaveiði, þá gjörir þetta ekki mikið til, því enginn, sem lundatekju hefur, mun drepa lundann nema á hentugum tíma. Til þess nú að hrinda málinu aptur í viðunanlegt horf, hefi jeg og 4 aðrir h. þingdm. með samið breytingar- og viðaukaatkvæði það, sem hjer liggur fyrir (C. 266). Breytingin er, eins og menn sjá, í því fólgin, að stytta friðunartímann í miðkafla frumvarpsins um 11 daga. Þetta sýnist að vísu ekki mikill mismunur, en breytingin er, sem sagt, alveg nauðsynleg. Ef breytingin ekki verður tekin til greina, þá eru fuglarnir friðaðir fyrir aðrar þjóðir, en landsmenn hafa ekki þau not af þeim, sem skyldi. Þótt þannig ýmsir gallar sjeu á frumvarpinu einnig þótt breytingar- og viðaukaatkvæðið komist að, þá eru þeir ekki svo stórvægilegir, að ekki megi samt telja það góða rjettarbót, og vil jeg því ráða hinni heiðruðu deild til að fallast á frumvarpið með breytingu og viðauka þeim, er vjer 5 þingdeildarmenn höfum komið fram með.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (266) fyrra atriði samþ. í einu hljóði. Breyt.till. (266) síðari atriði samþ. í einu hljóði.

Frv. þannig breytt samþ. í einu hljóði, og kvað forseti það verða sent aptur forseta Nd.

Frumvarp til laga um samþykkt á landsreikningunum fyrir 1880 og 1881 (C 199); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Forseti bar frv. undir atkvæði í tvennu lagi, og var tekjudálkurinn samþ. í einu hljóði; gjaldadálkurinn samþ. í einu hljóði. Frumvarpið í heild sinni samþ. og vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Forseti skýrði frá því, að varaforseti (Á. Th.) hefði fengið leyfi til að ganga af fundi.

Frumvarp til laga um breyting á lögum 15. okt. 1875 um aðra skipun á læknahjeruðunum á Íslandi o. fl. (C. 236); 1. umr.

Jakob Guðmundsson: Frumv. það, sem hjer liggur fyrir, fer fram á að skipa læknahjeruðunum á landinu öðruvísi, en nú er, og jafnframt fram á að fjölga þeim um 6 hjeruð. Af þessu leiðir, að þar sem hver af þessum 6 nýju læknum á að hafa í árslaun 1500 kr., að landssjóður verður að kosta til þessarar breytingar 9000 kr. á ári. Áður hefir nú fjárlaganefndin stungið upp á því, að veita 4 aukalæknum 900 kr. hverjum. Hefði það nú fengið framgang, hefði kotnaðurinn við aukalækna þessa orðið 3600 kr.; þegar þessi upphæð er svo dregin frá þessum 9000 kr., þá verða eptir 5400 kr. Mjer finnst þessi uppástunga um fjölgun læknahjeraðanna vera svo lífsnauðsynleg, að menn ættu ekki að skoða huga sinn um að fallast á hana, þrátt fyrir kostnað þann, sem af henni flýtur fyrir landssjóð. Nauðsynin er hjer þó sannarlega meiri en kostnaðurinn, og hann fellur heldur ekki á allur í einu, heldur smátt og smátt eptir því sem menn fást í þessi embætti. Hjeruðunum er hjer skipað svo, að miklu auðveldara verður að þjóna þeim, en hingað til hefur verið, því eins og þau eru nú, verður þeim ekki þjónað nálægt því svo fullnægjandi sem skyldi, þrátt fyrir hinn bezta vilja þeirra, er það er falið. Það er sannarlega ekki lítið í það varið, að reyna að fá læknaskipuninni breytt til hins betra. Sannarlega er sárt til þess að vita, að menn opt og einatt skuli deyja af hjálparleysi, er þeir hafa orðið fyrir stór-slysum, sem þó hefði mátt lækna, ef til læknis hefði náðzt. En vegalengdin og ófærðin gjörir það opt og víða með öllu ómögulegt, að ná til lækna, jafnvel í lífsnauðsyn. Það er líka sárt fyrir samvizkusaman lækni, að eiga að gegna því embætti, sem hann veit að hann, hversu árvakur sem hann vill vera, veit að hann með engu móti *getur* gegnt nálægt því svo fullnægjandi sje. Að þessu slepptu, sem þó er hið sárgrætilegasta til að hugsa, þá má líka líta á þann gífurlega kostnað, sem af hinu núverandi fyrirkomulagi leiðir. Þessi kostnaður er alveg óbærilegur fyrir fátæklingana, sem opt þurfa að sækja lækni svo langan veg, að til þess ganga fleiri dagar. Ástandið í Dalasýslu er svo, að kostnaðurinn við að sækja lækni út í Stykkishólm er fyrir marga fullar 50 kr., þó í blíðviðri sje um há-sumardaginn, en á vetrardag næst ekki í lækni á sama stað fyrir minna en 100 kr. Það sjá allir, að fátæklingar geta ekki staðizt þennan kostnað, og verða því heldur að

deyja drottni sínum, en að hætta sjer í hann, enda munu dæmi til þess, að minnsta kosti fyrir manna sjónum, að menn hafa dáið einungis af því, að ekki varð náð í lækni; þannig hafa dáið bæði konur í barnsnauð og börn í fæðingu.

Flutningsmaður (Einar Ásmundsson): Jeg vona að ekki þurfi að halda langa ræðu um nauðsyn þess, að hafa nægilega marga lækna á landinu. Það eru nú liðin 10 ár síðan stjórnin lagði fyrir hið fyrsta löggjafarþing vort frv. um að koma á betri læknaskipun. Þangað til höfðu læknar verið hjer sárfáir, síðast 7 alls, að mig minnir. Stjórnin stakk þá upp á að fjölga þeim þannig, að einn yrði viðast hvar í hverri sýslu. Þessu frv. stjórnarinnar breytti þingið, og án efa til bóta, með því það ákvað, að læknahjeruðin skyldu vera 20, og setti takmörk þeirra eptir því sem kunnugustu þingmenn álitu hagfelldast. En þinginu var þó ljóst. að hjeruðin voru of fá, og var, jafnvel þá, talað um að fjölga þeim smátt og smátt, eptir því sem læknaefni fjölguðu, því þá var mikill skortur á þeim. Nú eru 10 ár síðan læknalögin komu út, og við tveir þingm.. sem höfum komið með þetta frv., álítum tíma til kominn, að hreifa þessu máli, og leitast við að bæta úr hinum tilfinnanlega læknaskorti, sem enn má heita að sje í landinu. Höfum við í frv. okkar viljað taka sem mest tillit til bæna þeirra, sem komið hafa til þingsins um þetta mál úr hinum ýmsu hjeruðum landsins, og reynt að laga frv. sem mest eptir vilja og þörfum landsmanna, að svo miklu leyti, sem þetta var okkur kunnugt. Enginn kannast betur, en við, við það, hve ónógt það er, að bæta að eins við 6 læknum, en við þorum þó ekki að fara fram á meira að sinni. Jeg er sannfærður um. að allir muni játa, að sannarleg nauðsyn sje á því, sem hjer er farið fram á; en ein mótbára kemur sjálfsagt fram, sú, að mál þetta leggi talsverðan byrðarauka á landssjóð. En landssjóður hefur nú auðgazt töluvert á þeim 10 árum, sem liðin eru síðan við tókum sjálfir við ráðsmennskunni. Frumv. þetta orsakar að vísu ekki svo litla viðbót við útgjöld landssjóðs; en þessi útgjöld, sem hjer ræðir um, falla þó ekki á landssjóð allt í einu, heldur smátt og smátt eptir því, sem læknaefnum fjölgar til að geta fengið hin nýju embættin, og hvað eru í rauninni 9000 kr., þegar þeim er jafnað á innbúa landsins, sem eru full 72.000? Það kemur þá ekki meira en 1/8 úr krónu á mann. Þetta geta ekki kallast mikil útgjöld til jafn-mikilsvarðanda máls. Síðan frumv. þetta fór frá hendi okkar flutningsmanna, hafa nokkrir h. þm., en þó sjer í lagi einn, sem er vel kunnugur víða um land, bent okkur á, að betur mundi fara, að ákveða takmörk sumra hjeraðanna nokkuð öðru vísi, en hjer er gjört. Á þetta vil jeg að eins minnast, því vera má, að við flutningsmenn komum fram með nokkrar breytingar á frv., er kynnu að verða til bóta. Að síðustu skal jeg láta þá von mína í ljósi, að h. Ed. taki vel í þetta mál, og lofi því að komast greiðlega gegn um allar umræður til h. Nd, sem jeg vona að einnig taki vel í málið.

Benidikt Kristjánson: Það hafa tveir h. þingdm. talað fyrir nauðsyn þessa máls, og enginn mótmælt því. Engu að síður vil jeg leyfa mjer, þó þess að vísu gjörist ekki þörf, að benda á eina skoðun með tilliti til þessa málefnis. Það er þegar búið að tala um, að búast megi við mótmælum gegn þessu máli vegna þess, að það auki útgjöld landssjóði. En þessum mótmælum er og búið fyrir fram að svara með því, að benda á nauðsyn málsins. Jeg vil nú taka það upp aptur, en með nokkuð öðrum orðum, að nauðsyn þess máls muni fyllilega svara til kostnaðar þess, er af því flýtur. Hjer er um það að ræða, með fjölgun lækna að gjöra mönnum auðveldara að ná til þeirra, og þannig fá meiri vissu fyrir því, að lífi og heilsu manna verði síður hætta búin hjer eptir en hingað til á landi voru. Þegar um það er að ræða, hverju kostandi sje til að frelsa líf manna og heilsu, þá kemur til greina, hvað mannslífið muni kosta. Þegar þess er gætt, að margir, sem gæddir eru atgjörfi bæði til sálar og líkama, missa nú lífið, fyrir manna sjónum einungis af því, að ekki næst til lækna, er fái bjargað því, þá vil jeg ætla, að ekki þurfi að bjarga margra manna lífi til þess. að bæta landssjóði þennan aukna kostnað. En fjölgun lækna miðar og til þess að frelsa heilsu manna. Því það hefur viljað til, að menn á bezta aldursskeiði, sem gæddir hafa verið atgjörfi til sálar og líkama, hafa orðið fyrir stórslysum, sem gjört hafa þá að karlmönnum, einmitt af því, að lækna vantaði, eða þeir voru svo fjarlægir, að ekki varð náð til þeirra í tæka tíð. Hvað mundi kosta sú vinna, sem slíkur maður, og þar með fjelagið allt, tapar í fleiri eða færri ár?

Og það er ekki einungis það, að vinnukrapturinn missist, heldur verða slíkir menn opt þurfamenn og ómagar alla æfi. Jeg ímynda mjer að rjett sje litið á þetta mál, þegar menn vilja fjölga læknum svo, að sem flestum verði mögulegt að ná til einhvers þeirra, og jeg vænti þess og treysti því, að menn taki vel í þetta mál. Að vísu dylst mjer ekki, að þó þetta frv. kæmist fram, þá verða læknahjeruð samt ærið stór, en þó mun óneitanlega mikil bót fengin á hinu núveranda ástandi, ef frv. fær fram að ganga.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. var með 10 atkv.

Tuttugasti og áttundi fundur, mánudaginn 3. ágúst, kl. 1 e. m. Allir á fundi.

Frv. til laga um fiskiveiðar fjelaga í landhelgi (C. 223); 2. umr.

Einar Ásmundsson: Jeg fyrir mitt leyti er í alla staði samþykkur þessu frv. að efninu til, eins og það er komið frá h. Nd., en mjer finnst þó sumt í því, einkanlega 2. gr., eigi svo vel orðað, sem jeg hefði óskað. Í öðru lagi finnst mjer, eins og frv. er lagað, varla orsök til að hafa orðið «fjelaga» í fyrirsögninni, heldur að hún væri að eins «um fiskiveiðar í landhelgi». Í frv. eru að vísu nefnd fjelög eða talað um fiskiveiðar fjelaga í landhelgi, en þar er líka talað um fiskiveiðar í landhelgi yfir höfuð. 2. gr. er tekin með mjög litlum breytingum upp úr öðru, frv. stjórnarinnar, því eins og h. þingdm. er kunnugt, lagði stjórnin upphaflega fyrir þingið tvö frv. um fiskiveiðar, og er þetta frv., sem komið er frá Nd., myndað af þeim báðum. Að fá frv. þessu breytt, eins og jeg hefi hugsað mjer, er óhugsandi nú við þessa umræðu, en ef jeg gæti fengið nógu marga h. þingdm með mjer, mundi jeg koma með breyt.till. við það til 3. umr. Þær breytingar, sem jeg hefi hugsað mjer, eru þó engar efnisbreytingar, en að eins orðabreytingar, sem kynni þykja fara betur en það, sem nú stendur í frumv.

ATKVÆÐAGR.: 1.—3. gr. hver um sig samþ. í einu hljóði. Fyrirsögnin samþ. með 10 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Tillaga til þingsályktunar um aðgang kvenna til námsprófa (C. 234); ein umræða.

Framsögumaður (Sighvatur Árnason): Það hafa engar breytingar komið fram við þessa tillögu til þingsál., sem hjer liggur fyrir, enda vonast jeg til, að jeg þurfi ekki að halda langa tölu tillögu þessari til meðmæla, með því líka auðvitað hið kröptuga og sjálfskapaða lögmál mælir fyllilega með henni, þ. e. að kvennmenn eðlilega eigi að hafa sem mest jafnrjetti við karlmenn. Vjer Íslendingar ættum sízt að vera eptirbátar annara þjóða í að viðurkenna og unna kvennfólkinu þessa rjettar, sem heldur ekki kostar oss neitt, að því er það snertir, sem hjer er farið fram á. Kvennmenn eru þó okkar önnur hönd, og jeg vil segja hægri hönd. Jeg verð að telja það þarflegt að ryðja menntun og menning kvenna smátt og smátt braut, svo þær fái hvöt til þess, að taka framförum sem vera ber. Það er nauðsynlegt með hvað eina, sem ábótavant er með, að vekja og vekja, og gefa hvatir til framkvæmda í þá átt, sem vera ber; svo leiðir tíminn smátt og smátt í ljós ávöxtinn af því; það getur orðið til mikils gagns, að minnsta kosti með framtíðinni, að styðja að menntun kvenna í vísindalegu og verklegu tilliti. Skal jeg svo ekki orðlengja meira um tillögu þessa, en vona að h. þingd. taki henni sem vert er.

Jón Pjetursson: Jeg sje ekki að tillaga þessi hafi mikla þýðingu, eða að kvennfólk öðlist mikinn rjett þó það nái fram að ganga, sem hjer ræðir um. Í 1. tölul. tillögunnar er kveðið svo á, að ráðgjafi láti semja reglugjörð um próf, er kvennmenn geti tekið í námsgreinum, sem kenndar eru við kvennaskóla. Jeg get ekki sjeð, til hvers þetta er. Kvennmenn, sem vilja taka slíkt próf, verða að takast ferð á hendur til Reykjavíkur. Jeg get ekki sjeð, hvað þeir hafa upp úr slíkri ferð, nema kostnaðinn tóman. Því jeg er öldungis viss um, að ef kvennmaður er þekktur að því, að vera vel að sjer í handavinnu, þá verður hann tekinn fyrir kennara við slíka skóla allt eins vel og kvennmaður, er tekið hefur slíkt próf. Hvað snertir 2. tölul., þá get jeg heldur ekki sjeð, að hann sje til gagns. Þar er talað um, að kvennmönnum skuli leyft að ganga undir „*burtfararpróf*“. Jeg verð að segja, að jeg kann ekki við að hjer standi: burtfararpróf. Jeg hefi aldrei heyrt annað próf nefnt svo,

en það próf, sem þeir námsmenn taka, er gengið hafa á skólann og í gegnum hann. Það hefði þá, að mínu áliti, heldur átt að standa: «að konum verði leyft að ganga «undir próf í þeim vísindagreinum, sem «kenndar eru í hinum lærða skóla». Hvað snertir síðari lið, 2. tölul., þá er það eðlilegt, að þar sje prófið nefnt burtfararpróf, með því þar er tekið fram, að stúlkum sje leyft að *njóta kennslu* við hinar æðri menntastofnanir landsins. Yfir höfuð að tala finnst mjer lítið gagn í þessari tillögu, einkum þar sem það var tekið fram, að kvennmenn mættu láta reyna sig hvort sem er, í þeim vísindagreinum, sem kenndar eru við hjer umrædda skóla. Hjer er heldur ekki með einu orði farið fram á, að kvennmenn, sem vilja ganga þennan veg, skuli fá styrk til námsins. Mjer virðist því allt sanna, að tillagan sje óþörf og gagnslaus.

Árni Thorsteinson: Það er sjálfsagt að mörgu leyti satt, sem h. 2. kgk. þm. (J. P.) sagði, að tillaga þessi hefði of litla þýðingu. Úr því farið var að hreifa því, að auka rjettindi kvenna, þá hefðu þær átt að öðlast miklu meira af þingsins hendi í þetta skipti, en það sem þessi tillaga felur í sjer. En af því jeg þekki, hve hlynntur hinn h. þm. er öllu því, er snertir kvennamál, að hann vill bæta úr vandkvæðum þeim, sem verið hafa á stöðu kvenna og styðja að öllu því, er miðar til að vekja þær úr hinum langa dvalasvefni, er þær hafa legið í, þá held jeg hann muni síztur manna til að leggja of litla þýðingu í þetta mál, sem er eitt stig á hinni löngu braut, sem stíga verður fet fyrir fet, smátt og smátt, þar til hún er öll farin, og kvennfólk hefur náð þeim eðlilega rjetti, er þær hafa mátt ná vera um langan aldur. Það sem nefndin hefur komið með, miðar í fyrsta lagi til þess, að reyna að leggja betri undirstöðu til almennrar kvennmenntunar, og virðist það eigi verða gjört á annan hátt, en að veita kvennfólki aðgang til skóla. Það er að vísu satt, að efnilegar ungar stúlkur geta nú gengið á kvennaskóla, en það er ekki nóg. Það vantar öll tilfæri til að þær geti sýnt á almennan hátt, að þær hafi fengið verulega menntun og sjeu færar um að veita öðrum tilsögn og fræðslu í almennri menntun. Jeg held því, að það hafi ekki litla þýðingu, að til væri prófnefnd, er kvennmenn gætu sýnt hvað þær hefðu lært, og hvort þær væru færar um að kenna öðrum. Þetta er jeg viss um að allir fallast á. Eins og ástandið er nú, þá eru teknar fyrir kennslukonur við kvennaskólana kvennmenn, sem af þeim einstöku er hlut eiga að máli eru þekktar að því, að vera vel að sjer, þó ekki hafi þær tekið neitt próf. Jeg álít því ekki nema til góðs eins, að aðgangur fengist að slíkum prófum, sem væri sönnun fyrir menntun og hæfilegleikum. Viðvíkjandi hinu öðru atriði, sem nefndin hefur komið með í þessu máli, tók h. 2. kgk. þm. (J. P.) það fram, að hann áliti það ekki til mikils gagns, þó kvennmönnum væri leyft að ganga undir próf við latínuskólann, og njóta kennslu og taka próf við hinar æðri menntastofnanir. Má vera, að þetta sje ekki til mikils gagns, en til skaða mun það víst heldur aldrei verða. Ef kvennmenn nota þetta leyfi, ímynda jeg mjer þó, að það geti orðið þeim til gagns og ef til vill líka öðrum. En við skulum vera samdóma um, að tillagan sje í þessu tilliti meinlaus. Þar sem h. þm. sagði, að orðið «burtfararpróf» ætti hjer ekki við, þá er það alveg satt í þeim skilningi, sem það er almennt haft nú; þó virðist mega hafa þetta orð frá því sjónarmiði, að kvennmenn geti tekið próf og fengið vottorð um, að þær hafi tekið það. Það er ekki meira hneykslanlegt hjer, en þar sem það er haft um það próf, sem utanskólamenn taka og fá vottorð um að afloknu prófi. Ef h. þm. þykir það eiga við, getur hann náttúrlega greitt atkvæði á móti 2. tölul., en jeg ímynda mjer að hann líti ekki svo á málið. Jeg álít loks nauðsynlegt, að kvennmenn gangi undir próf það, sem nefnt er í 1. tölul. Eins og kunnugt er, fá kvennaskólarnir styrk af almanna fje og því álít jeg rjett, að heimt sje að því leyti því verður komið við að kennendur við þá hafi tekið próf, er sýni, að þeir sjeu fullnuma í því sem kenna á. Skal jeg svo ekki fjölyrða meira um þessa þingsál.tillögu, en leyfa mjer að mæla með því, að hún fái framgang.

Jakob Guðmundsson: Þó menn geti ekki sagt, að tillaga þessi veiti kvennmönnum beinan aðgang til embætta, þá liggur það í augum uppi, að hún veitir þeim óbeinlínis aðgang til kennslu við ýmsa alþýðuskóla. Jeg hefi við fyrri umræður þessa máls minnzt á, að við einn barnaskóla hjer á landi væri það gjört að skilyrði fyrir að geta orðið yfirkennari við hann, að maður hefði tekið próf við prestaskólann. Við slíkan skóla gæti þá kvennmaður með sama

próf orðið kennari eins vel eða máske fremur en karlmaður. Það liggur líka í augum uppi, að það hlýtur að mæla með þeim, sem sækir um að vera kennari við einhvern alþýðuskóla, að hann hefur tekið próf í almennum námsgreinum. Sá sem getur sýnt vottorð um slíkt próf, hlýtur að ganga fyrir þeim, sem ekkert próf hefur. Mjer finnst því geta orðið mikið gagn að þessari tillögu, auk þess sem hún getur gefið kvennmönnum hvöt til að afla sjer þeirrar menntunar, sem kostur er á.

Framsögumaður (Sighvatur Árnason): H. varaforseti (Á. Th.) hefur svarað vel og rækilega mótbárum h. 2. kgk. þm. (J. P.), svo jeg þarf ekki að svara honum. Það er að eins eitt atriði, sem er óminnzt á í ræðu þessa þm. Hann sagði, að hjer væri ekki farið fram á, að kvennmenn fengi neinn styrk til náms á skólunum. Að vísu er þetta satt. Í tillögunni er þetta ekki tekið fram, en nefndin áleit þess heldur ekki þurfa, því að það væri sjálfsagt, að úr því kvennmönnum væri opnaður þessi vegur til menntunar, þá mundu þær og verða aðnjótandi styrks til móts við karlmenn, er á skólana ganga. Það hefði, ef til vill, verið rjettara, að taka þetta fram í tillögunni, en nefndin áleit sjálfsagt, að kvennmenn hefðu sömu rjettindi, úr því þeim væri opnaður vegur í skólana.

ATKVÆÐAGR.: 1. tölul. samþ. með 10 atkv., 2. tölul. a samþ. með 11 atkv., 2. tölul. b samþ. með 11 atkv. Fyrirsögnin samþ. með 10 atkv. Till. í heild sinni samþ. í einu hljóði, og kvað forseti hana verða senda forseta Nd.

Tillaga til þingsályktunar um hina íslenzku stjórnardeild í Kaupmannahöfn (C. 221); ein umr.

Landshöfðingi: Þegar þessi þingsályktunartillaga var til umræðu í h. Nd., tók jeg það fram, sem jeg skal einnig leyfa mjer að taka fram hjer, að jeg verð að skoða hana sem óþarfa og miður viðeigandi. Tillagan fer fram á, að alþingi skori á ráðgjafa Íslands, að sjá svo fyrir, að hin íslenzka stjórnardeild í Kaupmannahöfn sje skipuð þeim mönnum, er kunna íslenzka tungu til hlítar, og sem beri gott skyn á þau málefni landsins, er stjórnardeildin hefur til meðferðar. Jeg álít sjálfsagt, að ráðgjafinn taki það, sem hjer er sagt, til greina við veitingu embætta í stjórnardeildinni, þó hann verði ekki beðinn um það. Að því leyti álít jeg því áskorun þessa óþarfa. Það er sjálfsagt, að ráðgjafinn skipar stjórnardeildina einmitt þeim mönnum, sem bera skyn á málefni, er þeir eiga að fást við. Það hefur hann auðvitað ávallt gjört. Hjer til heyrir þá einnig, að skipa stjórnardeildina þeim mönnum, sem hafa kunnáttu í íslenzkri tungu. Það veit ráðgjafinn að nauðsynlegt er, að þeir menn hafi kunnáttu í íslenzku, sem starfa eiga að íslenzkum löggjafar- og stjórnarmálum. Mjer finnst því liggja í þessari tillögu nokkurs konar ásökun um, að ráðgjafinn ekki hafi gætt þessa, og því verð jeg að álíta hana, eins og hún er ástæðulaus, miður vel viðeigandi. Þeir sem nú eru í stjórnardeildinni, hafa fengizt við íslenzk málefni í fleiri ár, svo engin ástæða er til að ætla, að þeir sjeu slíkum málum ekki vel kunnugir eða að þeir hafi ekki næga kunnáttu í íslenzku. Þessi áskorun á heldur ekki við, þegar þess er gætt, að alþingi getur ekki talið sig hafa neitt atkvæði um þessa embættaskipun, og getur ekki ætlazt til, að tekið verði neitt tillit til atkvæðis þingsins, nema að svo miklu leyti sem liggur í eðli málsins sjálfs. Öll afskipti af þessari embættaskipun, sem hjer ræðir um, liggur því fjær atkvæði þingsins, sem embættismennirnir í stjórnardeildinni eru ekki launaðir einum eyri af Íslandi eða landssjóðnum hjer. Jeg verð því að telja það heppilegast, að fella tillöguna hjer, svo hún nái ekki lengra. Jeg tel hana, sem sagt, óþarfa, og jeg get bætt því við, að jeg álít að hún sje miður vel við eigandi, og geti ekki haft neinn árangur.

Benidikt Kristjánsson: Jeg verð að leyfa mjer að gjöra h. deild grein fyrir því, að mjer er nú svo varið, og að jeg lít svo á þetta mál, að jeg finn ekki svo næga ástæðu móti þingsályktunartillögunni, sem geti rjettlætt það, að fella hana. Jeg vildi óska að þingsályktunartillaga þessi væri, eins og hinn h. landsh. benti til hún mundi vera, óþörf; en jeg er því miður eigi fyllilega sannfærður um, að svo sje, og hlýt fremur að hallast að hinu gagnstæða, þótt jeg eigi líti lengra en til þeirra lagaboða, sem lögð hafa verið fyrir þingið í sumar af stjórnarinnar hálfu. Jeg skal að vísu játa, að jeg hefi eigi lesið þau vandlega, nema eitt þeirra. Og um þetta frv. verð jeg að segja það, að þeir sem hafa fjallað um þýðinguna

á því, hafa annaðhvort eigi skilið til hlítar danska textann, eða þá eigi algjörlega skilið íslenzkuna. Jeg get eigi betur sjeð, en að hin íslenzka þýðing á því sje svo fjarlæg og frábrugðin danska textanum, að tilgangi stjórnarfrumvarpsin sje raskað svo, að hann náist eigi, að minnsta kosti eigi sá tilgangur, sem stjórnin ætlast til. En mjer er næst að halda að þetta sje eigi sprottið af vanþekkingu í málfræðislegu tilliti, heldur að sá maður — hjer hin íslenzka stjórnardeild í heild sinni — sem um útleggginguna hefur fjallað, hafi ekki sett sig nægilega inn í það, hvað það var, sem frv. átti að lögákveða. Jeg get gjarnan sagt h. deild hvaða frv. jeg á við. Það er frv. um stofnun borgaralegs hjónabands. Tilgangur stjórnarfrv. var aðeins sá, að gefa Reyðfirðingum tækifæri og kost á að geta gengið inn í lögmætt hjónaband. Eptir íslenzku þýðingunni á frv. einungis við þá, sem hafa aðra trú, en minnist alls eigi á það atriði, hvort þeir sjeu utan eða innan þjóðkirkjunnar. Menn vita hvernig á því stóð, að hin íslenzka stjórnardeild var skipuð í öndverðu; tilgangurinn var sá, að hans hátign konungurinn hefði jafnan færa og kunnuga menn sjer við hönd, menn sem væru kunnugir landsháttum og hverju því, sem sjerstaklegar er háttað hjer öðruvísi en í Danmörku, í stjórn og lagasetning, og þetta var meir en tilraunin ein; þá var kosinn til forstöðumanns hinnar íslenzku stjórnardeildar einhver hinn ágætasti maður, sem hugsast gat, og síðan hafa jafnan verið í þessari stjórnardeild menn, sem ekki verður neitað, að hafa haft sjerstaklega þekkingu á högum Íslands og sem vel hafa verið færir í íslenzkri tungu. Það, að þingsályktunartillaga þessi fer fram á, að hin íslenzka stjórnardeild sje skipuð þeim mönnum, sem kunni íslenzka tungu, er eigi annað en það, sem stjórnin heimtar af hverjum öðrum manni, sem skipaður er í embætti hjer á landi. Nú standa þessir embættismenn, sem hjer er um að ræða, stigi ofar og ættu því eigi að hafa minni skyldur í þessu efni. Jeg segi engan veginn, að þessir embættismenn sjeu ekki gildir og góðir eða að það sje ástæða til að átelja þá, og þetta er heldur ekki sjálfsagður tilgangur þessarar þingsályktunartill., heldur er tilgangurinn sá, að gefa stjórninni bendingu, að frambera ósk, og jeg sje eigi betur, en að það sje samkvæmt þingsköpunum og stjórnarskránni og að það sje jafnvel skylda þingsins að gjöra það. H. landshöfðingi gaf, að því mjer heyrðist, í skyn, að önnur eins tillaga og þessi yrði eigi tekin til greina, en jeg verð að álíta að þó menn ekki eigi víst að öðlast bænheyrslu eigi menn ekki þar fyrir að hætta að biðja, ekki hætta að láta vilja sinn í ljósi. Ennfremur ljet h. landsh. í ljósi, að þingið hefði ekki rjett til að skipta sjer af því, hvernig þessi embætti væru skipuð. Jeg get eigi sjeð, hvernig svo má vera, þótt það að vísu sje satt, að embættismenn þessir ekki sjeu launaðir af landssjóði. Jeg held eigi að þetta sje fullgild ástæða, og að menn eigi að loka augum og munni hennar vegna. Þetta eru hvað sem launum líður menn sem vinna fyrir landið, sem búa málin úr höndum ráðgjafans til þingsins og aptur sjálfsagt mál frá þinginu í hönður ráðgjafanum. Jeg álít hina íslenzku stjórnardeild hafa mjög þýðingarmikil störf á hendi og þess vegna finnst mjer engum láandi, þótt þess sje óskað, að hún sje skipuð þeim mönnum, sem hvað færastir og kunnugastir eru högum landsins, og hafa íslenzka tungu á valdi sínu.

Landshöfðingi: Þar sem h. þm. N.-Þing. (B. Kr.) tók það fram, að jeg hefði sagt, að tillaga sú, sem hjer liggur fyrir, yrði eigi tekin til greina, þá held jeg að þetta sje eigi rjett hermt, og þetta lá ekki í orðum mínum. Jeg tók fram, að þingsályktunartillaga þessi færi eigi fram á annað, en það, sem stjórnin samkvæmt almennum grundvallarreglum væri vön að fylgja, og hefði fylgt, nefnil., að þeir, sem í embætti þessi væru skipaðir, væru hæfir til embættanna og hefði nauðsynlega þekkingu á því, sem þeim er ætlað að starfa. Jeg sje því ekki betur en að jeg og h. þm. sjeum samdóma í þessu tilliti. En þar sem hinn sami þm. vitnaði til lagaboða, sem bæru vott um ókunnugleika, þá skal jeg geta þess, að það er ekki neitt nýtt, þótt mönnum þyki eitthvað þurfa að orðast öðruvísi, eða að annað fari betur. Það hefur opt borið við að mönnum hefur þótt nauðsynlegt að víkja einhverju við, orða eitthvað öðruvísi til þess að gjöra það ljósara, og jeg veit að h. deild man, að þetta hefur eigi einungis átt sjer stað viðvíkjandi stjórnarfrv., heldur einnig hefur það engu síður átt sjer stað með hin frv., sem komið hafa inn á þingið frá þingmönnum, og um frv. sem hafa gengið milli deildanna. Nd. hefir breytt frv. frá Ed.

og Ed. aptur frv. frá Nd. Jeg held því að þessi ástæða sanni ekki mikið. Það kemur opt í ljós, að eitt eða annað þarf að orðast ljósara en það liggur fyrir í það og það skipti. Jeg sagði heldur aldrei, að þingið hefði eigi rjett til þess að koma fram með tillögur í þessa stefnu. Jeg sagði, að þingið gæti ekki búizt við að hafa atkvæði um þetta mál, og jeg verð að halda því fram, að atkvæði þingsins um það geti eigi haft aðra þýðingu en þá, sem liggur í eðli málsins sjálfs, nfl. þá almennu reglu, að ráðgjafinn heimti í þessu tilliti nauðsynlega þekkingu. H. þm. N-Þing. sagði, að þótt ósk þingsins yrði ekki uppfyllt, ættu menn samt ekki að loka augum og munni, ættu samt að bera óskir sínar fram; en eptir því sem jeg hef tekið fram, held jeg þingið þurfi ekki að óttast fyrir að það fái ekki ósk sína uppfyllta, þar sem þeirri reglu einmitt er fylgt, sem farið er fram á í þingsályktunartill. Jeg verð því loks að ítreka það, að þessi tillaga er með öllu óþörf, og það, að hún er óþörf, er næg ástæða til að sampykkja hana ekki. Þingið á ekki að koma fram með aðrar áskoranir en þær, sem hafa nokkra eða einhverja verulega þýðingu.

Jakob Guðmundsson: Ekki get jeg ímyndað mjer það, að stjórnin leggi áherzlu á kostnaðinn. Jeg er viss um það, að hvaðan sem kostnaðurinn til að launa þessum embættismönnum er tekinn, þá vill stjórnin, að öll störf þeirra í landsins þarfir verði landinu sem hagfeldust og að sem mestum og beztum notum. Í ósk þeirri sem felst í þingsályktunartillögu þessari liggur eigi annað til grundvallar en sá vilji uppástungumanna og þingsins, að stjórnin þegar tækifæri gefst og þegar kostur er á íslenzkum mönnum, sem treysta má að hæfir sjeu í alla staði og sem eigi einungis kunna mál vort, heldur einnig þekkja betur þjóðháttu vora heldur en danskir menn, að hún þá láti heldur þessa menn en ókunnuga sitja fyrir embættunum. En í þingsályktunartillögunni liggur alls engin tortryggni til stjórnarinnar um að hún eigi vilji að störf embættismannanna í hinni íslenzku stjórnardeild verði landinu að sem mestum notum.

Jón Pjetursson: Mjer sýnist, að það sem þingsályktunartillagan fer fram á, «að ráðgjafi Íslands sjái svo fyrir, að hin íslenzka stjórnardeild í Kaupmannahöfn sje skipuð þeim mönnum, er kunna íslenzka tungu til hlítar og sem beri gott skyn á þau málefni landsins, er stjórnardeildin hefur til meðferðar — sje í raun og voru öldungis rjett. Jeg þekki ekki þessa menn, sem nú eru í stjórnardeildinni, en jeg efast ekki um, að ráðherrann taki í hana þá menn, sem hafa þessa kosti til að bera, að svo miklu leyti honum er mögulegt, og þá finnst mjer tillagan ónauðsynleg. Jeg held líka, að hennar þurfi ekki við einnig af þeirri ástæðu, að það er nóg hvöt fyrir ráðgjafann að taka tillit til þess, sem hún fer fram á, þegar hann sjer í þingtíðindunum, að um þetta hefur verið talað á þinginu. Jeg sje heldur ekki, hvernig þetta getur verið í samkvæmni við breyting á stjórnarskránni, sem nú er verið að ræða um og sem gengur út á að gjöra alla stjórn landsins innlenda. Ef sú breyting verður tekin til greina, er þessi þingsályktunartillaga alveg ónauðsynleg.

ATKVÆÐAGR.: Tillagan samþ. með 7 atkv. gegn 4, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu *já:* Árni Thorsteinson, Ásgeir Einarsson, Benedikt Kristjánsson, Einar Ásmundsson, Jakob Guðmundsson, Sighvatur Árnason, Skúli Þorvarðarson; en *nei* sögðu: Jón Pjetursson, Hallgrímur Sveinsson, M. Stephensen, L. E. Sveinbjörnson.

Kvað forseti ályktunina verða senda landshöfðingja sem *þingsályktun frá alþingi.*

Frumvarp til laga um rjett sveitarstjórna gagnvart þurfamönnum (C. 267); 1. umr.

Flutningsmaður (Skúli Þorvarðarson): Jeg ætla að leyfa mjer áður en til umræðu kemur að geta þess, að við þingmenn Rangvellinga höfum verið hvattir til þess af kjósendum okkar, að bera þetta mál fram á þingi, það er að skilja að fá aukinn rjett sveitarstjórna gagnvart þurfamönnum, og hins vegar takmarkaðan rjett þurfamanna í tilliti til aðgangs að sveitarsjóðunum. Jeg ímynda mjer, að jeg þurfi eigi að fara mörgum orðum um frv. nú í þetta sinn. Það lýsir sjer bezt sjálft. Jeg skal geta þess, að þessi skoðun kjósendanna á nauðsyn á lagaákvörðunum í þessa stefnu er samkvæm og kemur vel heim við skoðun okkar þingmanna þeirra. Mörgum mun vera það kunnugt, að þurfamenn, sem mikils þurfa

við, láta sjer lítið annt um þá, sem gjalda eiga eða að endurgjalda sveitarsjóð, en fara stundum eyðslusamlega með eigur sínar. Meining frv. er, að fá lög sem tryggi sveitarstjórnunum rjett til endurgjalds á sveitarskuldum, og gefi þeim rjett til, þar sem ekki getur verið um annað að ræða, en vinnu þurfalingsins, að ná þá í hana eða vinnulaun þeirra. Eins er um þá, sem skjótast vilja úr landi burt, án þess að láta neinar eigur eptir sig, skylduómögum sínum til framfærslu, og er það sannarlega hart fyrir hlutaðeigandi sveitarfjelag, að verða að taka við ómegð þessara útflutninga, án þess að geta vænzt nokkurs endurgjalds fyrir það; eigur sínar brúka þeir venjulegast fyrir fargjald, en fleygja ómegð eða ómögum, sem þeir eptir skilja, á sveitina. Jeg vona að deildin hugleiði þetta mál og leggi til þess sín beztu meðmæli. Að jeg ekki kom fyr með frv. þetta hjer fyrir deildina, kemur af því, að mjer var kunnugt um, að Nd hafði til meðferðar sams konar frv. og það frv. náði með miklum sigri samþykki þar í deildinni, svo það er auðsjeð, að hún áleit þetta þarfamál. En er hingað kom, raskaðist frv. svo úr liðnum á óhentugum stað, að því varð eigi aptur í hann kippt, og fjell þar með úr sögunni. Jeg skal leyfa mjer að benda á nokkrar prent- eða ritvillur: Neðst í 1. gr. «geriða» fyrir greiða. Í 2. gr. vantar inn í «hans» á eptir «á búi». Í 5. gr. á að vera 3. og 4. í stað 3. gr

Jeg held svo ekki jeg þurfi að fjölyrða frekar, en vona að deildin taki frv. vel og lofi því að minnsta kosti til 2. umr

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 10 atkv.

Tuttugasti og níundi fundur, þriðjudaginn 4. ágúst, kl. 1 e. m. Allir á fundi.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum 15. október 1875, um aðra skipun á læknahjeruðunum á Íslandi o. fl. (C. 236); 2. umr.

Flutningsmaður (Einar Ásmundsson): Eins og jeg minntist á við 1. umr. þessa máls, höfum við, jeg og hinn h. meðflutningsmaður minn, leyft okkur að koma fram með breyt.till. við frv. þetta (C. 279). Eins og öllum h. deildarmönnum hlýtur að vera ljóst, fer frv. í þá stefnu, að fjölga læknahjeruðunum um 6, að í staðinn fyrir 20 læknahjeruð, sem stofnuð voru 1875, komi 26 læknahjeruð. Af þessum 6 nýju fyrirhuguðu læknahjeruðum eru sín tvö í hverju amti landsins. Eins og jeg hafði áður minnzt á við 1. umr., er frv. þetta byggt á þörf og ósk landsmanna. Eptir að við höfðum komið frv. á framfæri, höfum við fengið bendingar frá öðrum h. þm., sjerstaklega frá h. 3. kgk. (M. St.), sem við höfum álitið frv. mjög til bóta, og því tekið til greina. Þær breytingar, sem við samkvæmt þessum bendingum höfum gjört, miða til þess, að laga takmörk læknahjeraðanna, svo læknahjeruðin gæti orðið haganlegri og hægri, eigi einungis fyrir þá, sem læknis þurfa að leita, heldur og einnig hægri yfirferðar fyrir sjálfa læknana. Jeg skal þá minnast lítið eitt á þessi nýju læknahjeruð hvert um sig. Fyrst er farið fram á að stofna nýtt læknishjerað í suðurhluta Borgarfjarðarsýslu, fyrir sunnan Skarðsheiði. Óskir í þessa átt hafa eigi einungis komið fram nú, heldur og áður, og á síðasta þingi var veitt nokkurt fje til aukalæknis á Akranesi. Þetta læknishjerað stendur í frv., en eigi í breyt.till. Annað hið nýja læknishjerað er í vesturamtinu, í Dalasýslu; það er heldur ekki í breyttill., en stendur í frv. eins og ætlast er til að það verði, og er þetta byggt á þörfum og óskum úr Dalasýslu, sem komið hafa fram eigi einungis nú, heldur svo árum skiptir. Þá höfum við lagt til, að læknishjeraðið í Barðastrandarsýslu yrði fært saman á tvo vegu, vegna þess, að það er ákaflega erfitt yfirsóknar, þannig að Gufudalssókn verði tekin af því og lögð við læknishjerað það, sem ætlazt er til að taki yfir meiri hluta Strandasýslu og innstu sveitirnar í Barðastrandarsýslu. Strandasýslulæknirinn situr nú hvort sem er í Barðastrandarsýslu, enda mun hann vera þar einna bezt settur, og ætlum við haganlegast, að Gufudalssókn verði aukið við hjerað það sem hann er skipaður yfir. Þá kemur nýtt læknishjerað í vesturhluta Ísafjarðarsýslu. Þar höfum við gjört breyting frá frv. í þá átt, að þetta hjerað nái eigi að eins yfir Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi, heldur að það verði aukið svo, að það nái suður fyrir Arnarfjörð, eður taki yfir Arnarfjörð, Dýrafjörð og Önundarfjörð. Þetta álíta kunnugir menn haganlegra en að það nái að eins suður að syðstu takmörkunum og með þessu móti verður Barðastrandarlæknishjeraðið hæfilega stórt til yfirferðar,

eða viðunanlegra að minnsta kosti. Þá kem jeg til norður- og austuramtsins. Þar er lagt til að skipað verði nýtt læknishjerað í Norðurþingeyjarsýslu. Allir vita, að Þingeyjarsýsla er langstærsta sýslan á landinu. Ef jeg man rjett mun hún vera talin yfir 300 ferhyrningsmílur og þannig álíka stór og allt vesturamtið. Það má nærri geta, hvílíkum erfiðleikum það sje bundið, að ná í læknishjálp, þar sem um slíkt flæmi er að gjöra. Þaðan eru komnar til þingsins bænarskrár um sjerstakan lækni, og það dettur víst engum í hug að efast um, að þær sjeu á góðum og gildum rökum byggðar. Þá er enn nýtt læknishjerað, hið annað í norðurausturumdæminu, sem við höfum hugsað okkur, að næði yfir hina nyrðri fjörðu, Borgarfjörð, Loðmuudarfjörð, Seyðisfjörð og Mjóafjörð í Múlasýslum, og er ætlazt til að læknirinn sitji á Seyðisfirði. Þingið hefur áður, eins og kunnugt er, veitt styrk til aukalæknis á Seyðisfirði, og okkur er kunnugt um, að þar er nú orðin mjög mikil læknisþörf. Og við það að reglulegur læknir kæmi þangað, og hann fengi Mjóafjörð, mætti auka svo við næsta læknishjerað fyrir sunnan, að það tæki yfir Hálssókn í Hamarsfirði. Hjeraðið nær nú sem stendur ekki nema suður að Berufirði, en okkur fannst ekkert á móti að stækka það lítið eitt í þá áttina, þegar Mjóafirði er sleppt norðan af því, en hins vegar er nú læknishjeraðið í Austur-Skaptafellssýslu afar-erfitt yfirferðar og fannst okkur því þörf að minnka það. Það eina, sem þá er eptir að minnast á, er sú breyting, sem við eptir óskum kunnugra manna úr Rangárvalla og Skaptafellssýslu höfum fundið ástæðu til að koma fram með, nefnilega að nýtt læknishjerað verði stofnað millum Markarfljóts og Mýrdalssands. Þegar þar yrði stofnað nýtt læknishjerað, má minnka talsvert næsta hjerað þar fyrir austan. Það læknishjerað er í frv. ætlazt til að nái frá Skeiðarársandi að Mýrdalssandi. Nú höfum við eptir kunnugra manna leiðbeiningu álitið hentugra að breyta svo til, að það nái austur að Breiðamerkursandi og láta þannig Öræfin heldur fylgja vestari en austari læknishjeraði Skaptafellssýslu. Annars er þessi Öræfasveit mjög afskekkt og takmörkuð á báða bóga af tveimur söndum, sem bæði eru langir og einatt illfærir eða ófærir vegna jökulvatna, sem um þá renna, svo það er sjerstaklegum erfiðleikum bundið að sjá þessari sveit fyrir læknishjálp. Jeg ætla svo eigi að fjölyrða öllu meira um þessar breytingar að sinni. Jeg vona að hinir h. þingdm. kynni sjer þær og íhugi, og hafi það hugfast, hvílík nauðsyn á því er að fjölga læknum. Jeg þykist vita, að sumum muni vaxa í augum kostnaður sá, sem óneitanlega rís af fjölgun læknanna; en menn mega ekki horfa um of í kostnaðinn, þegar um líf og heilsu almennings er að ræða. Stærð og strjálbyggð lands vors gjörir oss læknahjálp erfiðari og kostnaðarsamari en í öðrum löndum, og sje það svo, að við þykjumst ekki of vel íhaldnir með 140 presta, hvernig skyldi það þá verða álitið ofmikið, að við hefðum 1/4 hluta af þeirri tölu til til lækna? Jeg held að eigi sje neitt stórkostlega í lagt, þótt við hefðum 35 lækna, þ. e. meira en fjórfalt færri lækna en presta. En lengra en þetta, að stinga upp á 26 læknahjeruðum, höfum við ekki þorað að fara, þótt okkur ekki dyljist, að sumstaðar kunni enn að vera þörf á þjettari læknaskipun; en jeg vona, að eptir nokkur ár, eða áður en margir áratugir líða, verði læknum fjölgað svo, að þeir að minnsta kosti verði 1/4 við tölu prestanna.

Jakob Guðmundsson: Jeg vona að engum blandist hugur um, að eptir uppástungum þeim, sem hjer liggja fyrir, bætist mikið úr þeirri skipun á læknahjeruðum, sem nú er, og þó úr þessu eða þeirri læknafæð, sem á sjer stað, sje engan veginn bætt til hlítar með þessu frv., álít jeg þó að öllum muni finnast sjálfsagt að taka þessu, þó kringumstæðurnar nú leyfi eigi, að lengra sje farið. Hjer eru enn, þótt þetta frv. verði að lögum, óhóflegir erfiðleikar á því, að ná í lækni sumstaðar á landinu, svo menn verða að deyja læknislausir og detta mjer nú sjerstaklega í hug 2 staðir, Öræfasveit í Skaptafellssýslu og Grímsey, sem sannarlega ætti síðar að hafa tillit til. Mjer dettur kostnaðarins vegna ekki í hug að á þessa staði yrðu settir lærðir læknar með fullum launum, en mjer dettur í hug að eitthvað mætti styrkja þá menn, sem á þessum stöðum búa, til þess þeir gætu haft þó einhverja læknishjálp. Mjer dettur í hug, að mögulegt væri að veita prestunum þar einhvern styrk til þess, að útvega sjer nokkra læknislega þekkingu, sem orðið gæti að liði. Jeg veit vel, að þetta liggur hjer ekki fyrir, en jeg vildi einungis benda á það til að sýna, að ekki er allt fengið enn. En þótt hjer sjeu enn ófullkomlegleikar á, gef

jeg þó óhikað atkv. mitt með frv., því það er samt sannarlega til mikilla bóta frá því sem nú er.

Landshöfðingi: Jeg verð að ætla, að allir sjeu á eitt mál sáttir um það, að þótt miklar umbætur hafi orðið á læknaskipuninni hjer í landinu á síðari tímum, þá þurfi læknaskipun sú, sem nú er, mikilla umbóta við. Það eru og hafa verið gjörðar eðlilegar tilraunir til umbóta í þessu tilliti, og þessar tilraunir hafa meðal annars sýnt sinn árangur í því, að þingið hefur veitt fje til að launa aukalæknum, þar sem þörfin hefur þótt brýnust. Hjer er nú farið fram á enn meira en aukalækna. Hjer er farið fram á að auka tölu læknahjeraðanna um 6, og skal jeg játa, að þetta muni í rauninni ekki oflangt farið, og verð jeg að álíta slíka fjölgun æskilega; en þetta hefir að sjálfsögðu, eins og tekið hefir verið fram, kostnað í för með sjer, og eins og nú stendur kann það að vera aðgætuvert í bráðina, að baka landssjóðnum nýjan kostnað. En aptur er þess að gæta, að nú eru ekki læknaefni til svo eigi mun þurfa að gjöra ráð fyrir verulegum kostnaði af þessari fjölgun á því fjárhagstímabili, sem nú fer í hönd. En þessi fjölgun læknahjeraðanna getur samt haft þýðingu að því leyti, sem hún hvetur stúdenta til að leggja því fremur stund á læknisfræði, sem þeir sjá að embættin eru fleiri og að þörfin fyrir þá í embættin er mikil. *(Jakob Guðmundsson:* Heyr!). Jeg vil því vera þessu máli hlynntur, og jeg get ekki sjeð annað, en að sú skipun læknahjeraðanna, sem hjer er farið fram á, sje byggð á kunnugleika og góðum rökum. Jeg skal einungis geta þess, að þar sem breyt.till. við 7 tölul. frv. fer fram á, að sá liður orðist þannig: að Múlasókn, Brjámslækjarprestakall og Sauðlauksdalsprestakall í Barðastrandarsýslu sjeu hjerað fyrir sig, þá virðist mjer, að hjer færi betur á, að bæta við Flatey, sem ætlazt er til í frv. að heyri undir Snæfellsnes- og Hnappadalslæknishjerað, því bæði er það, að hægra er að sækja lækni úr Flatey upp á Barðaströnd en í Stykkishólm, og svo er hitt að Snæfellsness og Hnappadalshjerað verður fullörðugt læknishjerað þó Flatey sje ekki með fyrir því. Mjer er því næst skapi að koma með breyt.till í þessa stefnu við 3. umr.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg er yfir höfuð samdóma h. flutningsm. (E. Á.) um, að það sje ekki að óþörfu gjört, að koma með frv. þetta, og jeg vildi óska því góðs byrs gegnum allar umræður eigi einungis í þessari deild, heldur einnig í h. Nd, því jeg álít frv. innifela verulegar og þarflegar umbætur á hinu núverandi ástandi. Jeg vildi einungis gjöra örfáar athugasemdir, sem alls eigi snerta efni heldur form frv. Í 3. tölul. frv. stendur «Saurbæjar prestakall, Garða prestakall og Mela prestakall í Borgarfjarðarsýslu»; en jeg veit ekki betur en að Mela prestakall sje nú að fullu sameinað við Saurbæ og sje þannig ekki lengur til sem prestakall fyrir sig. Jeg vildi því skjóta því til h. flutningm. (E. Á.), hvort hann ekki fyndi ástæðu til að orða þetta öðruvísi. Í 4. tölul. stendur: «hinn annar hluti Borgarfjarðarsýslu og Mýrasýslu», sem sjálfsagt er prentvilla fyrir Mýrasýsla. Í 9. tölul. stendur: «hinn annar hluti Ísafjarðarsýslu». Jeg hef ekki í sjálfu sjer neitt á móti þessu, en af því að 8. töluliður miðar við Vestur-Ísafjarðar-*prófastsdæmi*, finnst mjer þetta verða dálítið sundurleitt og ekki eins hvað öðru samsvarandi og æskilegt væri. Yfir höfuð er í frv. stundum miðað við prófastsdæmi, stundum við sýslur, stundum prestaköll, sóknir og hreppa. Það er kannske ekki hægt, að komast hjá þessu, en jeg vildi skjóta því til h. flutningsm. (E. Á.), hvort ekki mætti koma meiri samhljóðun á orðatiltækin, svo ekki væri við haft á víxl prófastsdæmi og sýslur, hreppar og prestaköll, þar sem efnið ekki beinlínis heimtar það. Jeg hef ekki athugað nægilega, hvort þetta er alsstaðar mögulegt að forðast, en vildi að eins benda á þetta, af því mjer þætti það fara betur, ef mögulegt væri. Jeg vildi enn fremur vekja máls á því, hvort eigi vantaði aptan við frv. einhverjar ákvarðanir, sem sýndu, hvernig það rynni saman við þau lög, sem nú gilda um skipun læknahjeraðanna, sem sýndu samband þessa frv., ef það yrði að lögum, við þau lög, sem gilda nú. Mjer finnst það vel hugsandi, að spurning gæti risið um það, ef frv. verður samþykkt, hvort þeir læknar, sem nú sitja í embættum samkvæmt þeirri skipun, sem nú er á, eigi að halda þessum sínum embættum óbreyttum, eða hvort þeir sjeu skyldir til að hlíta hinni nýju skipun, og þá með hvaða kjörum.

Jakob Guðmundsson: Það hafa komið fram tvær athugasemdir. Önnur frá h. landsh. um Flatey, að hún leggist til Barðastrandarsýslu. Þetta verð jeg að álíta mjög

heppilegt; og hin frá h. 6. kgk. (H. S.), um að ákvarðanir verði settar um, hvernig þessar nýju breytingar eigi að komast á. Jeg get eigi annað sjeð en að læknahjeraðaskipunin, sem nú er, verði ekki upphafin nema jafnóðum og hin nýju læknaembættin verða veitt.

Flutningsmaður (Einar Ásmundsson): Viðvíkjandi bendingu hins h. ldsh. um, að hentugra væri að Flatey fylgdi Barðastrandarlæknishjeraðinu, þá skal jeg geta þess, að þetta er sjálfsagt mjög æskilegt, og munum við mjög fúslega taka þessari bendingu. Það var upphaflega meining frv., að þetta yrði svo; en af athugaleysi og ókunnugleika okkar hefur það nú fallið úr. En að því er snertir athugasemdir h. 6. kgk. (H. Sv.), þá skal jeg sannarlega gjöra mitt til, ef laga mætti orðunina á frv. og gjöra hana sjálfri sjer samkvæmari. En ekki lofa jeg því, að laga frv. svo til, að eigi verði sumstaðar miðað við prestaköll, sumstaðar hreppa, sumstaðar sóknir, sumstaðar sýslur og sumstaðar prófastsdæmi, því það er varla mögulegt að komast hjá þessu, nema læknahjeruðunum sje lýst í miklu lengra máli. Hvað viðvíkur ákvörðun um það, hvenær og hvernig hin nýja læknaskipun komist á upp úr hinni gömlu, þá held jeg hennar þurfi ekki við. Mig minnir, að læknalögin ákveði, hvernig sú skipun, sem ákveðin var með þeim, skyldi komast á smátt og smátt, þegar læknahjeruðunum var fjölgað frá 7 eða 8 upp í 20. En hvað sem um það er, þá hefur eflaust einhverri reglu um það verið fylgt af stjórninni, og sú regla yrði einnig að gilda við hina seinni fjölgun þeirra.

Landshöfðingi: Jeg verð að vera h. flutningsm. (E. Á.) samdóma um, að eigi sje nauðsynlegt að setja ákvarðanir þær í frv., sem h. 6. kgk. (H. Sv.) benti á; því það yrði að álítast sjálfsagt, að hinir núverandi læknar væru skyldir að þjóna þeim núverandi embættum þangað til breytingarnar yrðu framkvæmdar, og að breytingin fyrst þá kæmist á, er nýir læknar kæmu í hin viðbættu læknishjeruð, þar sem einnig þess ber að gæta, að þeim læknum, sem nú eru í embættum, eru veitt þessi embætti með þeirri skyldu, að taka hverri breytingu, sem á þeim kynni að verða gjörð. Jeg sje því ekki nauðsynlegt að ný lagaákvörðun verði gjörð um þetta.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C. 279) allar samþykktar í einu hljóði, nema sú við 10. tl. samþ. með 10 atkv.

Fyrsta gr. frv. með áorðnum breyt. samþ. með 10 atkv.; 2. gr. samþ. í einu hljóði; fyrirsögnin sömul. samþ. í einu hljóði.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Frumvarp til laga um friðun hvala (C. 218); 2. umr.

Framsögumaður (Einar Ásmundsson): Í hitt eð fyrra bárum við tveir, jeg og h. þm. Strand. (Á. E.), upp frv. til laga um friðun hvala. Það frv. var samþykkt í báðum deildum og gekk til stjórnarinnar. Aðalatriðið í því frv. var, að friða hvali algjörlega kringum allt land allt sumarið. Á það frv. gat stjórnin ekki fallizt, sjálfsagt af því, að henni hefur þótt friðunartíminn oflangur eða óþarfur í sjálfu sjer. En stjórnin hefur þó kannazt við, að frv. gengi í rjetta stefnu, og að þörf væri á lagaboði um friðun hvala, því hún hefur nú lagt frv. fyrir þingið í þessa stefnu, sem rætt hefur verið í neðri deild. Nd. hefur fylgt frv. stjórnarinnar að nokkru leyti, en samt breytt því og fært það nær þeirri stefnu, sem frv. þingsins um friðun hvala hafði í hitt eð fyrra og gjört það svipað því frv. að miklu leyti. Þegar nefndin nú hefur rannsakað málið, hefur henni sýnzt, að það væri ef til vill ekki nauðsynlegt, að halda mjög löngum friðunartíma hvala kringum allt land til streytu, því hafi stjórnin haft gildar og góðar ástæður til að synja frv. um samþykki í hitt eð fyrra af þeim ástæðum, að friðunartíminn væri í því settur oflangur, þá er auðsætt, að sömu ástæður hljóta enn að bægja frv. frá því að ná samþykki. Nefndin hefur því álitið nauðlegt að fara meðalveg eða miðlunarveg og hefur haldið öllum ákvæðum í frv. Nd. nema þessu um algjörða sumarfriðun hvalanna, en um leið hefur hún tekið tillit til stjórnarfrv. eptir því sem hún sá sjer fært, og reynt að taka skýrar fram ákvarðanirnar í því tilliti, og þannig leyft sjer að koma fram með breyt.till. þær, sem prentaðar finnast hjer á eptir nefndarálitinu (C. 276) og skal jeg ekki fjölyrða mikið um þær, en að eins geta þess, að jeg hef ófyrirsynju ratað út í það, að hafa á hendi framsögu í þessu máli, með því jeg hef ekki góð tök á því. Jeg er ekki sjómaður og því síður

hvalfangari. En jeg er samfærður um, að það er einn maður hjer í deildinni, h. varaforseti (Á. Th.), sem hefur aflað sjer ljósrar þekkingar á öllu því, er að alls konar veiðum lýtur í sjó og vötnum, og sem er miklu færari en jeg að skýra mál þetta fyrir h. deild, enda mun gefa nánari skýringar. Sjálf stjórnin kannast við, að nokkur friðun hvala sje nauðsynjamál, og skal jeg í því tilliti vísa til athugasemdanna við frv. stjórnarinnar; það má af þeim ráða, að þetta sje sjerstaklega vegna síldarveiðanna og einnig vegna hvalanna sjálfra, að hún álítur friðunina nauðsynlega. Þetta er einnig okkar skoðun, og við höfum reynsluna fyrir okkur. Hingað hafa komið menn úr öðrum löndum til hvalveiða og með því hefur hvölunum fækkað á vissum stöðvum, þar sem þessir menn hafa stundað veiðina. Hingað komu fyrir nokkuð löngu menn frá Ameríku, sem settust að á Seyðisfirði. Þar hafði verið auðugt af hval þegar þeir komu, en þeim tókst að fækka hvölunum svo, að þegar fram í sótti þótti þeim ekki tilvinnandi að stunda veiðina lengur og hættu því og snjeru heim aptur. Svo fóru Danir, eins og kunnugt er, að gjöra tilraunir til hvalaveiða, en úr því varð ekki svo mikið, að orð sje á því gjörandi. Nú eru það Norðmenn, sem teknir eru að stunda hvalaveiðar hjer, og af því að reynsla var fengin fyrir því, að hvalirnir geta fækkað stórkostlega og ef til vill eyðzt með öllu, ef veiðin er ótakmörkuð, sendu menn lög um hvalafriðun frá þinginu 1883. Öllum er víst skiljanlegt, að hvalina, sem eru stórar skepnur og eiga ekki nema einn unga og það ekki einu sinni á hverju ári, sje hægt að uppræta. Þetta hefði nú getað verið stundarhagur að vísu, ef okkar land hefði notið þess. En það er öðru nær. Það ætti að vera enn meiri orsök að fylgja þessu máli fram, þegar það eru menn utan úr löndum, sem nota sjer allan arðinn af veiðinni, og það er alveg víst, að þótt þessir menn þykist hafa hjer heimilisfang, þá er aðseta þeirra hjer á landi að eins til málamynda. Mjer er óhætt að fullyrða, að Norðmenn á Ísafirði, sem stunda þar hvalveiði, hafa að eins 1 eða 2 hræður til málamynda í húsum sínum að vetrarlaginu, og þetta er öll aðsetan, þótt þeir telji sig íslenzka borgara og þegna Danakonungs. Jeg vona að engum blandist hugur um, að þetta mál sje nauðsynjamál, og að full þörf sje á að setja hvalveiðunum allþröng takmörk hjer við land.

ATKVÆÐAGR.: Breytingartill. (C. 276) samþ. báðar í einu hljóði hvor um sig; 2 fyrstu frv.greinarnar (C. 215) þar með fallnar. Þriðja gr. frv., fyrirsögnin og frv. í heild sinni þannig breytt samþ. hvert um sig í einu hljóði.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Frumvarp til laga um útflutningsgjald á landvarningi og afnám ábúðar- og lausafjárskatts (C. 127); framh. 1. umr.

Framsögumaður (Magnús Stephensen): H. deild sjer á nefndarálitinu, sem útbýtt hefur verið (C. 276), að nefndin, sem sett var, hefur íhugað bæði þetta mál og næsta mál á dagskránni og hefur komizt til þeirrar niðurstöðu, að ráða frá að samþykkja þau. Aðalástæðan fyrir því, að frv. þessi eru framkomin, mun vera sá ýmugustur, sem menn hafa á hinum núverandi sköttum, einkum ábúðar- og lausafjárskattinum. Jeg tala ekki í nefndarinnar nafni, heldur í mínu eigin nafni og eptir minni skoðun, þegar jeg nú segi það, að jeg geti með engu móti fallizt á ástæðurnar fyrir því, að afnema ábúðarskattinn, sökum þess, að hann sje ósanngjarn. Það hefur verið talað um, að maður, sem ætti lítið lausafje, gæti búið á stórri jörð, svo ábúðarskatturinn yrði honum erfiður, hundraðatalan væri líka stundum matin allt of hátt; en það er mannsins sök, ef hann hefur stærra jarðnæði en hann er fær um að nota; hann á þá að flytja burt á aðra minni jörð og hleypa duglegri manni á jörðina, sem hefur krapt til að hafa á henni þann fjenað, sem henni hæfir. Það getur ekki verið ástæða til fyrir þingið að afnema ábúðarskattinn af þessum ástæðum. Það er líka löggjafarinnar verk, að laga mat jarðanna, svo hundraðatalan verði hæfileg. Upphæð ábúðarskattsins er í rauninni ekki þung: af 20 hndr. jörð 8 áln. eða rúmar 4 kr. Þetta er ekki hátt gjald, heldur miklu fremur lágt í samanburði við önnur gjöld af jörðunni, svo sem til prests og kirkju og til sveitar. Þótt ábúðarskatturinn yrði afnuminn, yrði samt eptir meira en helmingi þyngri álaga á jörðunum: tíundin til prests og kirkju og fátækra. Að því er lausafjárskattinn snertir, þá eru meira deildar meiningar um hann; sumum þykir hann ekki

fjarri sanngirni, sumir hafa það móti honum, að hann er byggður á framtali; en að því leyti á hann sammerkt við mörg önnur gjöld; þótt hann yrði afnuminn, er engan veginn sjeð fyrir því, að tíundarsvik hyrfu; menn hefðu allt eins mikla freistingu til að draga undan fyrir því, meðan lausafjártíundin til prests, kirkju og fátækra, jafnaðarsjóðsgjald og fleiri slík gjöld eru við lýði. Jeg frá minni hálfu er því á móti því, að afnema lausafjárskattinn. Og þegar jeg set mig í þeirra spor, sem vilja afnema hann og ábúðarskattinn, og bæta landssjóði upp tekjurýrnun þá, sem hann þannig yrði fyrir, þá get jeg sagt fyrir nefndarinnar hönd, að útflutningsgjaldið sje illa lagað til þess að setjast í staðinn. Nefndin álítur það óeðlilegt, því að það leggi höpt á, að þeir, sem hafa, geti selt. Nefndin hefur í áliti sínu gjört grein fyrir skoðun sinni á útflutningsgjaldinu. Eins og hún hefir bent á, lendir það ekki á þeim, sem hafa landaurana á boðstólum. Öllum kostnaði við verzlunina er jafnað niður á hinar aðfluttu vörur. Það hefur verið sýnt fram á, að útflutningsgjaldið á fiski og lýsi lendi ekki á þeim, sem selja, heldur á þeim sem kaupa hina aðfluttu vöru, og þannig einnig á bændum í sveit, og eins færi með þetta gjald; það yrði lagt á alla landsbúa. Enn fremur yrði þetta gjald, sem landssjóði er ætlað í stað ábúðarskattsins, tæplega nægilegt til að bæta honum skaðann meir en að helmingi, og það verður ekki álitið, að landssjóður geti vel borið þann halla, þegar gætt er að öllum þeim fjárbænum, sem nú eru komnar til þingsins og ástandsins sem nú er. Enn fremur áleit nefndin óhentugt, að útflutningstollur væri lagður á þessar 8 vörutegundir og þar af fullir $^2/_3$ hlutar á að eins eina vörutegundina, en hinn $^1/_3$ á 7 vörutegundir og það þær sem sumar hverjar gefa svo lítið af sjer, að af einni þeirra nemur allt útflutningsgjaldið hjer um bil 166 kr. á ári og líkt af annari til. Jeg get ekki sjeð, hvernig það getur svarað kostnaði, að innheimta með mikilli fyrirhöfn slíkt gjald, sem gefur jafnlítið af sjer, og mjer blandast því ekki hugur um, að ráða frá að það verði samþykkt.

Jakob Guðmundsson: H. framsögumaður (M. St.) hefir skýrt frá skoðun nefndarinnar á því, hvers vegna hún álítur útflutningsgjald af landaurum o. s. frv. ekki tiltækilegt. Og jeg verð að álíta, að nefndin hafi rjett fyrir sjer; því slíkt gjald er óhentugt og óhyggilegt. Ef við lítum hinsvegar á afnumning ábúðar- og lausafjárskatts og þeirra skoðanir, sem halda henni fram, þá verður okkur ósjálfrátt fyrir að spyrja: Hvað er ábúðarskattur? Hann er í raun og veru ekkert annað en lausafjárskattur. Hvað er jörð? Hún er verkfæri til þess að geta átt og framfleytt lausafje. Það mætti því standa á sama, hvort þetta væri skoðað sem tveir eða einn skattur. Það er hvorttveggja lausafjárskattur. Og hvað er svo lausafjárskattur? Það er atvinnuskattur; því það, að jeg á lausafje, vinn fyrir því, lifi af því, það er mín atvinna, og það á að hvetja mig en ekki letja til að efla þessa atvinnu mína sem bezt, auka arð hennar sem mest. Jeg vil, að þessi skattur sje afnuminn. En hvernig á svo að fylla skarðið, sem við það verður í tekjur landssjóðs? Þetta frv. fer fram á að leggja útflutningstoll á vörur. En hvað eru vörur? Það er afurðin af atvinnunni, fjenu, sem maður hefur. Það er það sem er framleitt með atvinnunni, sje lagt útflutningsgjaldið á afurðina, og er það einnig atvinnuskattur; en mismunurinn er einungis fólginn í því, að áður var hann lagður á atvinnustofninn, hjer er hann lagður á afurð atvinnunnar. Þótt þessi álöguaðferð sje höfð, að leggja á afurðina, verður undir engum kringumstæðum annað sagt, en að þetta sje nýr atvinnuskattur í stað hins gamla. Jeg get eigi ímyndað mjer annað en að öllum hljóti að finnast þetta óeðlileg tilhögun. Jeg er viss um, að allir kannast við, að það sje alstaðar viðurkennt, að það sje einhver hin brýnasta þörf, að hafa sem mesta produktion. Jeg er viss um, að hin h. deild og alþingi í heild sinni álítur sig sem þá persónu, sem eigi að stuðla og hvetja af fremsta megni til þess, að landsmenn auki sem mest produktionina; en það er ekki hvöt fyrir landsmenn, ef útflutningsgjald yrði lagt á þær vörur, sem þeir producera. Það er einmitt til þess að hamla og drepa niður framsókn og viðleitni manna á að framleiða það sem framleitt verður. Ef við lítum til annara þjóða, þá veit jeg ekki betur en allir helztu hagfræðingar sjeu samdóma um, að útflutningsgjald á öllum þeim vörum, sem til gagns er að framleiða í hverju landi, sje beinlínis skaðlegt, og að útflutningsgjald hvergi sje álitið hagfelt nje lagt nema á þær vörur, sem landinu er talinn skaði að selja burt úr landinu. Svona

mun það vera í Danmörku. Þar mun þessari reglu fylgt, að því einu undanskildu, að þar mun lagður útflutningstollur á klútadruslur, sem ætlaðar eru til pappírsgjörðar, og það af þeirri ástæðu, að Dönum þótti sjer hætta búin í þessu tilliti af samkeppni einnar nágrannaþjóðar sinnar og tóku því þetta fangaráð, að leggja tollinn á. Meira að segja: sumar þjóðir gefa verðlaun fyrir að flytja út þær vörur, sem mest er af. Og til hvers gjöra þær það? Til þess að hvetja menn til að producera sem mest. Hvað er grundvöllur fyrir produktioninni? Það er vinnan. Hún er það afl sem verður að vera til staðar til alls þess sem gjörast þarf. Jeg skoða þannig eigi huga minn, eptir þeim athugasemdum, sem sem jeg nú hefi gjört, um það, að greiða atkv. móti frv. þessu og yfir höfuð öllum útflutningstolli, nema ef vera skyldi á þeim vörum, sem jeg áliti til skaðsemdar fyrir landið að flytja út, eða sem útlendir mem afla hjer og flytja í burtu.

Framsögumaður (Magnús Stephensen): Jeg er h. þm. Dal. (J. G.) þakklátur fyrir það, hversu rækilega og röksamlega hann hefur sýnt fram á, hve ótækilegur og óheppilegur útflutningstollur sje. Jeg er þm. alveg samdóma um allt, sem hann tók fram því viðvíkjandi. En það var eitt atriði í ræðu hans, sem jeg eigi get fallizt á, og þetta atriði var það, þar sem hann sagði að ábúðarskattur væri sama sem lausafjárskattur, því jörðin væri eigi annað en verkfæri til að framleiða lausafje. Sje þessi setning hans rjett, þá tekur hann lausafje í yfirgripsmeiri þýðingu en jeg hef vanizt. Jeg hef ekki vanizt að t. d. æðarvarp, síldveiði, selaveiði, fiskiafli og annað þess háttar, væri talið til lausafjárarðs. Ef það væri, er jeg samdóma þm. Ef ábúðarskattur væri afnuminn, þá sleppa þær jarðir, sem hafa hlunnindi af sel, varpi, laxi og útræði, alveg við skatt af þessum hlunnindum. Það væri þá einungis þær jarðir, sem á mætti framleiða fje, kýr, hesta, sem gjaldið lenti á, og get jeg ekki sjeð sjerstaka ástæðu til að leggja skatt fremur á þessar afurðir en hverjar aðrar.

Jakob Guðmundsson: Jeg er h. framsögum. (M. St.) þakklátur fyrir ræðu hans, því hún sannfærði mig um, að hann telur góðar og gildar þær ástæður, sem fram eru færðar fyrir þeim óskum landsmanna, að afnumdir verði þessir skattar, ábúðar- og lausafjárskatturinn, sem okkur báðum kemur saman um, að í rauninni eru atvinnuskattar. Báðir þessir skattar hindra eða draga úr allri production í landinu sjálfu; þeir miklu fremur letja en hvetja til allra framfara í öllum atvinnuvegum, og eru þannig, eins og jeg áður hef tekið fram, mjög svo óeðlilegir og óheppilegir í öllu tilliti. Og þar sem flutningsmaður sagði, að þó ábúðarskatturinn væri afnuminn, þá væru jarðeigendur og jarðarábúendur ekki sloppnir fyrir það, þá er það satt; það eru mörg gjöld, sem á þeim hvíla fyrir það, svo sem gjöld til prests og kirkna, gjöld til fátækra o. fl. En þess ber þá að gæta, að þessi uppástunga miðar til þess, að þessi gjöld verði síðar meir tekin og greidd á annan hátt. Jeg óska helzt, að það gæti orðið sem fyrst, svo ekki þyrfti framar að meta jarðirnar til hundraða. Hann tók það fram, að laga mætti hundraðatölu jarða með endurskoðuðu jarðamati. Það kann satt að vera, en þó aldrei svo allir verði ánægðir. Og hvað leiðir af þessari endalausu endurskoðun? Vill h. þingd. ekki líta á, hvaða kostnað slíkt hefur í för með sjer. Þegar menn reikna þann tíma, sem gengur til þess að endurskoða eða leiðrjetta jarðamatið aptur og aptur, og lítur til þess, hvað umræðurnar á alþingi um þetta mál kosta þing eptir þing, — þegar menn líta á þetta og reikna þennan kostnað til peninga, hvað mikill mundi sá kostnaður verða fyrir landssjóð, og hvaða skatta skyldi þurfa að leggja á landsmenn í staðinn, til að fá þennan kostnað inn aptur.

Það vita allir, að nefnd var sett fyrir mörgum árum til að semja nýtt jarðamat. Hversu mikið kostaði sú nefnd og hennar störf? Við störf þessarar nefndar komst þó á nýtt endurskoðað jarðamat um allt land, en hve opt hefur þó ekki verið talað um jarðamatið síðan og ráðgjört að endurnýja það? Það er deginum ljósara, hvað allt þetta kostar aptur og aptur. Jeg verð því að telja það mjög svo æskilegt, að reyna að koma því svo fyrir, að sem fæst, helzt engin gjöld, verði miðuð við jarðahundruðin.

Ásgeir Einarsson: Jeg veit ekki, hvort h. 3. kgk. þm. (M. St.) er búinn að minnast á það, sem jeg ætla að taka fram. Jeg ætlaði að minnast á þær jarðir, sem hafa dúntekju, laxveiði og önnur hlunnindi. Þeir sem á þessum jörðum búa sleppa þó ekki að borga skatt af þessum arði, þó ábúðarskatturinn verði afnuminn. Jeg get

aldrei fundið annað, en að ábúðarskatturinn sje ranglátt gjald. Jeg hef aldrei skilið í honum, enda er hann hinn óvinsælasti skattur, sem á menn er lagður. Jeg verð því að telja það mjög svo æskilegt, að skattgreiðslu verði sem allra fyrst komið öðruvísi fyrir, svo gjöldin rynnu beinlínis í landssjóð. Aðflutningsgjaldið er að mínu áliti hvað heppilegast. Það leggst á hverja grein, sem til er tekin, og kaupmenn jafna það aptur niður á okkur, alla jafnt, í verðinu. Jeg skal svo ekki tala meira um málið í þetta sinn.

Landshöfðingi: Það er auðsætt, hver orsök er til þess, að þau skattafrv., sem hjer liggja fyrir, hafa komið fram. Frv. það, sem nú er til umræðu, er um útflutningstoll af landvarningi, og hitt sem næst kemur, er um aðflutningsgjald af kaffi og öðrum vörutegundum. Orsökin til þessara skattafrv. er eiginlega ekki sú, að menn vilji auka tekjur landssjóðs með nýjum skattaálögum, heldur er orsökin sú, að það eru almennar óskir manna, að geta losast við önnur skattgjöld, sem nú hvíla á, þ. e. ábúðar- og lausafjárskattinn.

Það hefur verið tekið fram, að þessir skattar, ábúðarskatturinn og lausafjárskatturinn, væru í rauninni ekki annað en atvinnuskattar. Þetta er að mínu áliti alveg rjett; þessir skattar eru ekki annað, en einmitt atvinnuskattar, sem miðaðir eru við tvennt: jarðir þær, er menn hafa til ábúðar, og tíundarbært lausafje, sem jarðirnar framfleyta. Hversu brýn nauðsyn sje til að afnema þessa skatta, er undir því komið, hvort þessir skattar eru ósanngjarnir eða ekki. Jeg skal nú leyfa mjer að sýna með fáum einföldum dæmum, hversu þungt þeir liggja á mönnum. Þessir skattar eru sem sagt ekki annað en atvinnuskattar, og atvinnuskatturinn hvílir ekki einungis á bændunum, heldur á öllum þeim, sem færir eru um, að greiða gjöld af atvinnu sinni. Hann liggur eins og jeg tók fram ekki að eins á bændum, heldur og á embættismönnum og öðrum, sem einhverjar tekjur hafa af atvinnu sinni. Ef það nú ætti að verða ofan á, að afnema atvinnuskattinn fyrir einhverja eina stjett, þá yrðu að vera til þess sjerstakar ástæður. Maður yrði þá að geta sýnt, að þessi skattur væri sjerlega ósanngjarn fyrir þessa stjett. Jeg skal nú taka dæmi af bónda, sem býr á 30 hdr. jörð, og gjöra þá ráð fyrir, að hann tíundi 20 hdr. Það er það hlutfall milli ábúðar og tíundar, sem menn telja vanalegt; þessi bóndi, sem ekki er smábóndi, á að greiða í ábúðar- og lausafjárskatt 17 kr. 66 a. Embættismaður, sem hefur 3000 kr., laun getur ekki sagzt að hafa há laun, en hann á þó að greiða í tekjuskatt 25 kr. Bóndi á 45 hdr. jörð, sem tíundar 30 hdr., á að greiða 26 kr. 40 a. Hann er þá fremur stórbóndi, eða að líkindum betur standandi en embættismaður með 3000 kr. launum; en embættismaðurinn á að greiða í tekjuskatt 25 kr. Næst skulum vjer taka til dæmis bónda, sem tíundar 40 hdr. og býr á 60 hdr. jörð; hann á því að greiða í ábúðar- og lausafjárskatt 35 kr. 20 a. Þessi stórbóndi greiðir þá jafnt embættismanni, sem hefur 3500 kr. laun. Jeg skal geta þess, að hver «alin» er hjer reiknuð 55 a. Þessi skattur getur nú ekki talizt mjög hár; en þó skal jeg játa, að eptir því ástandi, sem nú er, er hann nokkuð tilfinnanlegur fyrir bændurna. Þegar illa lætur í ári, eins og t. d. nú, getur þessi skattur því talizt þungbær, og þegar svo er ástatt, virðist ástæða til að lækka hann; þess vegna verð jeg líka að fallast á tillögur h. nefndar um, að á næsta fjárhagstímabili skuli skattur þessi greiddur að eins með helmingi þess, sem nú gildandi lög ákveða. Þetta er þá sama sem gjört var á síðasta þingi, 1883, með þeim mismun, að þá var skatturinn færður niður fyrir eitt ár, en nú yrði það fyrir 2 ár. Með þeirri upphæð, sem skatturinn þá fengi, getur hann, að mínu áliti, ekki talizt hár. Þá greiðir bóndi, sem tíundar 60 hdr. og býr á 40 hdr. jörð: 17 kr. 60 a. í ábúðar- og lausafjárskatt, eða jafnt embættismanni, sem hefur í laun 2500 kr. og því borgar 17 kr. 50 a. í tekjuskatt. Skatturinn verður þá eptir þessu mjög sanngjarn, og þá er heldur ekki breytt út af þeirri grundvallarreglu, að undanþiggja ekki einstaka menn, eða einstakan flokk manna frá almennum skattgjöldum, en á hinn bóginn gætt allrar sanngirni, sem kringumstæðurnar heimta.

Það hefur verið rækilega tekið fram, hverjir annmarkar sjeu á því, að leggja útflutningstoll á landvarning, og skal jeg því ekki ítreka það, sem um þetta atriði hefur verið sagt. Jeg er á sama máli og þeir, sem álíta mjög ísjárvert yfir höfuð, að leggja á þennan skatt, og að leggja slíkan skatt á, til þess að fylla upp í þær eyður, sem verða við afnám ábúðar- og lausafjárskattsins, á-

lít jeg ekki tiltækilegt. Jeg vil því ráða h. þingd. til, að fallast á það frv., sem h. nefnd hefur stungið upp á. Jeg ímynda mjer, að þeirri ákvörðun þingsins yrði vel tekið meðal landsmanna, og að menn verði almennt vel ánægðir með, að þessi linun verði veitt, og ætlist ekki til meira. Mjer er það kunnugt, að þeirri eptirgjöf á ábúðar- og lausafjárskattinum, sem þingið samþykkti 1883, var vel tekið, og að menn álitu, að þingið hefði gætt þar allrar sanngirni, þar sem það tók tillit til þeirra erfiðleika, sem menn áttu við að búa, og þess harðæris, sem var og yfir vofði.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg vil einungis geta þess, að einu gildir hvað menn álíta um ábúðar- og lausafjárskattinn, því vjer erum hjer að ræða um útflutningstoll af landvarningi, er setja á í staðinn fyrir ábúðar- og lausafjárskattinn, ef hann verður afnuminn. En af því jeg með engu móti get fallizt á þann útflutningstoll af landvarningi, sem hjer um ræðir, þá ræð jeg til og verð með því, að fella frv.

Sighvatur Árnason: Jeg get verið samdóma h. framsögum. (M. St.) yfir höfuð að tala í þessu máli. En viðvíkjandi þeim sköttum, sem umræðurnar mest hafa lotið að, ábúðarskattinum og lausafjárskattinum, þá vil jeg geta þess, að það er óneitanlega almenn ósk landsmanna, að fá afnumda þessa skatta, og sjer í lagi, að því jeg þekki til, lausafjárskattinn, sem er enn óvinsælli en ábúðarskatturinn. Mjer fyrir mitt leyti, persónulega talað, finnst mikil ástæða til þessarar óskar; viðvíkjandi ábúðarskattinum, þá má þó telja honum það til gildis, að hann er enn vissari og áreiðanlegri en hinn; og svo framarlega sem matið á jörðunum er nærri vegi, eða gæti staðið til bóta, þá er hann bæði á miklu fastari og alls ekki óeðlilegri fæti byggður, en lausafjárskatturinn. (*Jakob Guðmundsson:* Ekki í Rangárvallasýslu). Rangárvallasýsla er sjálfsagt sjerstök undantekning, hvað jarðamatið snertir; en þess skal jafnframt getið, að þeir eru mest óánægðir með ábúðarskattinn, sem óánægðir eru með matið á jörðunum. Lausafjárskatturinn aptur á móti er, að mínu áliti, á völtum grundvelli byggður, auk þess sem hann má telja síðum spillandi, því ekki munu menn almennt sýna æskilega ráðvendni í framtalinu. Engu að síður, þótt jeg sje óánægður með þessa skatta, sjerstaklega hinn síðarnefnda, þá vil jeg þó ekki leggja það til, að þeir sjeu afnumdir í þetta sinn, og aðrir teknir upp í þeirra stað. Jeg vil heldur vægja nokkuð fyrir um fjárhagstímabilið með þá skatta, sem eptir gildandi lögum hvíla á mönnum, en fara að breyta skattalögunum nú. Það er varlega farandi í því, að leggja á nýja skatta í bágu árferði. Í því er margs að gæta og til margs að líta, að ekki komi hinir nýju skattar enn óhentugar niður, en þeir, sem menn afnema. Það er potað blint í sjóinn með það, sem á er lagt í stað þess, sem úr gildi er fellt. Þar sem árferðið nú er hið ískyggilegasta, verða menn að athuga það vel, að nýir skattar, er menn stinga upp á, kunna, ef til vill, að koma þyngra niður á mönnum, en hinir gömlu, er menn vilja afnema. Það er hvort sem er allur tími til stefnu með að fá þessa skatta afnumda og aðra lögleidda í þeirra stað. En þess skal jeg geta, að jeg tel aðflutningstoll hyggilegri en útflutningstoll af landvarningi, eins og búið er að taka fram. En að tala frekar um það, liggur ekki fyrir að þessu sinni. Þar á móti skal jeg að endingu lýsa því yfir, að jeg held mjer fast við uppástungu nefndarinnar, sem nú liggur fyrir.

ATKVÆÐAGR.: Frumvarpið fellt frá 2. umr. í einu hljóði.

Frumvarp til laga um aðflutningsgjald af kaffi, kaffirót og alls konar sykri og um afnám ábúðarskatts, lausafjárskatts og útflutningsgjalds af fiski og lýsi, að frátekinni síld (C. 163); framh. 1. umr.

Framsögumaður (Magnús Stephensen): Það er búið undir umræðunum um næsta mál á undan að ræða um þetta mál, að því leyti sem þetta frumv., er hjer ræðir um, einnig fer fram á að afnema ábúðar- og lausafjárskattinn, og líka að því leyti, sem það fer fram á að afnema útflutningsgjald af fiski og lýsi. Hjer er einungis um það að ræða, hvort tiltækilegt eða heppilegt muni, að láta aðflutningsgjald koma í staðinn fyrir þá skatta, sem í ráði er að afnema. Nefndin játar, að þetta frv. um aðflutningsgjald af kaffi, kaffirót o. s. frv. hafi tvennt fram yfir frumv. um útflutningstoll, sem nýlega var fellt. 1. hefur þetta aðflutningsgjald það fram yfir útflutningstollinn, að það virðist muni að mestu fylla upp í það skarð, sem yrði á tekjum landssjóðs við af-

nám þeirra skatta, sem nú hvíla á landbúnaði og sjávarútvegi. 2. hefur aðflutningsgjaldið það fram yfir útflutningstollinn, að það kemur miklu sennilegar og rjettlátlegar niður á mönnum. Það er auðvitað, að aðflutningsgjaldið kemur að nokkru niður á alla. En aptur getur það verið ísjárvert, ef það kemur niður á menn með meiri þunga, en ætlazt er til. Þannig vitum vjer, að brennivínstollurinn hefur lagzt þyngra á marga, en löggjafarvaldið ætlaðist til, þar sem hann hefur lagzt á menn með tvöföldum þunga. Ef nú þetta aðflutningsgjald leggst að sínu leyti á menn með sama þunga, þá er það mikill galli á því. Ef nú kaffið yrði við þetta aðflutningsgjald 10 aur. dýrara en annars, og sykur 4 aurum dýrara, þá verður þetta gjald talsvert þungbært. Það má sjálfsagt ganga að því vísu, að þessar vörur muni við aðflutningsgjaldið verða þessum mun dýrari, því kaupmenn munu færa upp verðið á þessum vörum talsvert meira, en aðflutningsgjaldið af þeim nemur, og er það eðlilegt, þar sem þeir verða að greiða tollinn þegar er þeir fá vöruna, eða að öðrum kosti setja fulltryggjandi veð fyrir því. Aðflutningsgjaldið er líka ísjárvert í því tilliti, að hjer er ekki um neina tollumsjón að ræða á landinu. Það verður ekki kölluð nein tollumsjón, þó þeim, er fá tollskyldar vörur, sje gjört að skyldu, að gefa skýrslur um, hvað mikið þeir hafi fengið af slíkum vörum; og að því leyti sem toll- og vöruskrár eiga að gefa upplýsingar um, hvað mikið hafi verið flutt inn af þessum vörum sjerstaklega, þá verða þær víst mjög óáreiðanlegar. Það er talsvert auðveldara að passa upp á innflutta áfenga drykki, en þessar vörur, sem hjer um ræðir, kaffi, kaffirót og sykur. Brennivínið, sem mest er drukkið af hjer á landi, kemur að mestu frá einu landi, Danmörku; en kaffi, kaffirót og sykur kemur að líkindum frá mörgum öðrum löndum, en tollskrár eru hjer ekki til nema fyrir Danmörku, og er því hægt að fara í kringum þessi aðflutningsgjaldslög. Í þriðja lagi mælir það mjög á móti þessu aðflutningsgjaldi, að það leggst mjög þungt á vissan, sjerstakan flokk manna, þ. e. sjómennina. Eins og menn vita, hafa þeir fæstir nokkra grasnyt, að minnsta kosti ekki hjer á suðurlandi; þeir hafa því ekki annað til að hressa sig á, en kaffi, þegar þeir koma hraktir og votir af sjó, eptir að hafa setið á sjónum opt og tíðum alla nóttina. Á þessa menn leggst þetta aðflutningsgjald óbærilega þungt. Menn kunna kannske að segja, að sjómenn sleppi um leið við útflutningsgjald af fiski og lýsi; en þess ber að gæta, eins og jeg áður hefi tekið fram, að þetta gjald hvílir alls ekki á þeim. En þó nú svo væri, að þetta útflutningsgjald hvíldi á þeim, þá yrði þó aðflutningsgjaldið af kaffi o. sv. frv. þeim 15—20 fallt þungbærara, en það gjald, sem af á að taka. Af þessum ástæðum, sem jeg nú hefi talið, og þeim, sem h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) tók fram, gat nefndin ekki samþykkt að leggja þennan aðflutningstoll á menn að svo stöddu.

Jakob Guðmundsson: H. framsögumaður (M. St.) hefur nú tekið nokkurn veginn ljóslega fram ástæður nefndarinnar fyrir því, að hún ræður til að fella þetta frv., sem nú liggur fyrir til umræðu. En jeg vil leyfa mjer að benda mönnum á, að um leið og þeir líta á þetta frv. til laga um aðflutningsgjald af kaffi, kaffirót og sykri, þá verða menn um leið að taka tillit til breytingartillaga þeirra, sem fram við það eru komnar. Mjer finnst það ekki rjett, að vera að hanga í frv. að eins, úr því breytingar, sem telja má til bóta, einnig eru fram komnar. Allir gallar standa til bóta, og þetta frv., sem sjálfsagt hefur haft sína galla, hefur nú fengið bætur, sem taka verður til greina með frumv.

Jeg veit að h. þingdm. hafa tekið eptir því af dæmum þeim, sem h. landshöfðingi tók fram, að ábúðar- og lausafjárskatturinn, sem h. landshöfðingi mikið rjett telur vera gjöld af atvinnu, kemur mjög misjafnt niður á mönnum. Hann tók fram samanburð á því, hvað bóndinn þyrfti að greiða af atvinnu sinni til móts við embættismanninn. Hann hefði líka getað borið saman bændur og kaupmenn, og mundi sá samanburður engu síður hafa sýnt, hve mjög þessi atvinnuskattur kemur misjafnt niður á mönnum. Um annan samanburð er þar á móti varla að tala, því að atvinnuskattur annara er næsta lítill.

Breyt.till. okkar ráða að mínu áliti verulega bót á þessu, og sýna, að uppástungumenn hafa sjálfir sjeð og komizt til þeirrar niðurstöðu, sem h. landshöfðingi ljet í ljósi, að í sjálfu sjer væri samkvæmt hinu rjetta, að taka af alla atvinnuskatta. Þess vegna verð jeg að telja breyt.till. málinu til bóta. H. flutningsm. verður að játa, að þó það kynni að vera, að aðflutnings-

gjaldið af kaffi, sem í frv. er 5 aurar, sje heldur hátt á vissum flokki, þ. e. þeim, sem stunda sjávarútveg, þá ráða breyt.till. bót á þessu með því, að í þeim er stungið upp á að færa þetta aðflutningsgjald nokkuð niður. Jeg neita því ekki, að sjómanna-flokknum kunni fremur öðrum að vera nauðsynlegt að hafa kaffi sjer til hressingar, en jeg vil þó ekki láta þess ógetið, að allt að því $^2/_3$ þeirra, er sjávarútveg stunda, jafnframt eru grasbýlismenn. (*Margir*: Nei!). Jeg segi: «jú» (*M. St.*: «Sönnun»!). Það er líklega hverjum okkar auðið að sanna sitt mál í fljótu bragði, en jeg treysti mjer til að sanna mitt innan skamms. Sem sagt: jeg verð að álíta breyt.till. til mikilla bóta, þar sem þær miða til þess að láta aðflutningsgjaldið koma niður með meiri jöfnuði og sanngirni en frv. sjálft. Að uppástungumenn jafnframt hafa lagt það til, að hækka toll á tóbaki, þá gjörðu þeir það af því, að þeir hjeldu, að tóbak yrði naumast talin nein nauðsynjavara.

Yfir höfuð hefi jeg ekki annað heyrt, en að aðflutningsgjald væri eðlilegra gjald og hyggilegra, en útflutningsgjaldið, og framsögum. (M. St.) hefur með skýrum orðum tekið fram, að svo væri. Það verður líka hver maður að játa, að eðlilegast sje að gjald sje einmitt lagt á það, sem allur þorri manna eyðir, einkum það sem maður getur án verið eða í öllu falli sparað. Hversu sanngjarn þessi tollur sje, sjest bezt á því, að maður, sem brúkar 100 pd. af kaffi, þyrfti ekki að spara fyrir tollinum meira við sig, en 5 pd. Sá sem brúkar 150 pd. af sykri, ekki nema tæp 5 pd. o. s. frv. Þar sem framsögum. sagði, að kaupmaður yrði að leggja helmingi meira á hvert pund en tollinum næmi, þá nær það engri átt; það eru ýkjur einar. Það skal jeg játa, að það er margt satt í áliti nefndarinnar í þessu máli, en þá aðalástæðu nefndarinnar, að nú sje *óhentugur tími* til að koma fram með slíkt mál sem þetta, get jeg með engu móti samþykkt. Mjer finnst þetta sannarlega merkileg ástæða, af því að hún kemur í *beina mótsögn* við mitt álit. Jeg veit ekki hvenær ætti fremur að benda mönnum á að spara við sig óþarfann, ef ekki einmitt nú á þessum neyðartímum. Eins og það er skylda vor, að hvetja landa vora til framfara í atvinnuvegum, og til að producera með krapti hvað eina, er nauðsynlegt er, og á einhvern hátt mögulegt að framleiða, eins er það engu síður skylda vor, að hvetja þá til sparnaðar í hverju því, er þeir geta án verið eða sparað sjer, og það er sannarlega margur óþarfi, sem má spara.

Það hefur verið tekið fram, að vegna vöntunar á tollumsjón hjer á landi væri það ískyggilegt að leggja toll á aðfluttar vörur, og sjerstaklega þær, sem hjer um ræðir, kaffi, kaffirót og sykur. En jeg get ekki skilið, að þar sem ekki er um fleiri vörur að ræða, en þetta, þurfi meiri tollumsjón, en er. Hvers vegna má ekki eins krefjast þess af innflytjendum þessara vörutegunda, að þeir gefi skýrslur undir eiðstilboð um, hve mikið þeir flytji inn af þessum vörum, eins og þessar skýrslur eða tollskrár eru látnar nægja við tóbakið? Það má eins brýna fyrir kaupmönnunum, að þeir megi vera við því búnir, að sanna áreiðanlegleik þessara skýrslna, eins og hinna. Af tóbakstollinum koma nú inn um 18000 kr., og má það þó kallast mikið gjald, hvernig sem framtalið er. Nei, reynslan mundi sýna, að mikið mundi koma inn með tollum á þeim vörum, sem hjer um ræðir, eins og reynslan hefur þegar sýnt, að mikið fje kemur inn af tollunum á brennivíni og tóbaki. Yfir höfuð að tala veit jeg ekki, hvenær er betri tími, eða hvenær getur verið nauðsynlegra, að hvetja menn til hófs og sparnaðar, en einmitt nú á þessum árum, þegar allir atvinnuvegir eru í voða, og hallæri stendur fyrir dyrum. Jeg man þó svo langt, að alþingi þótti ástæða til að semja ávarp til þjóðarinnar um að gæta hófs og sparnaðar á óhófs- og nauðsynjavörum, og ekki er langt síðan, að konungur vor tók það fram í ávarpi til alþingis, að hann vonaði, að landið með sparnaði mundi bráðum ná sjer aptur. Jeg held nú, að þingið ætti að taka undir með Hans Hátign Konunginum, og vona að þjóðin sýni sparnað og ráðdeild á þessum vondu tímum. Vjer eigum að setja krapt og kjark í þjóðina, en ekki drepa hana niður með voli og örvæntingu, heldur treysta því, að ef hún hjálpar sjer sjálf, þá muni líka guð almáttugur hjálpa henni.

Árni Thorsteinsson: Jeg hefi reyndar beðið um orðið, en mjer er næst að falla frá því aptur, því að ræða þessa mann, sem nú settist, hefur gjört mig alveg orðlausan. Þegar ræða er um hið rjetta «Princip» fyrir skattalögunum, þá er eg í vanda staddur; því jeg hefi verið að hugsa um það alla æfi, hugsa um hverjir skattar mundu koma senni-

legast og rjettlátlegast niður á mönnum, og kynna mjer allt þetta mál; en enn þá hefur mjer ekki tekizt að komast að eins fastri niðurstöðu eins og h. þm. Dal. hefur komizt nú á stuttum tíma. Þessi maður segir, að þetta aðflutninsgjald sje hið eina rjetta. Hann þekkir hvernig allt á að vera; hann þekkir líka afleiðingarnar. En þegar vjer nú gætum nákvæmar að og lítum í kringum oss, hve föst verður þá stefna hans fyrir sjónum vorum. Fyrir fáum dögum síðan kom hann með frv. um að leggja 5 aura toll á hvert kaffipund, en áður en maður er búinn að snúa sjer við, er þessi sami maður búinn að stinga upp á að færa þetta gjald niður í 3 a., og svona er hann búinn að hringla með flestar ákvarðanir þessa frv. Þessar breytingar munu þó, ef til vill, til bóta, því 5 aurar eru þó harðara gjald en 3 aurar, þó ekki sje annað, enda hefur annar þm. (Á. E.) verið með honum í að reyna að breyta frv., og jeg er sannfærður um, að sá þm. ber miklu betra skyn á þetta mál, en sjálfur hann. Hann þykist ekki vita, hvaða þýðingu kaffi hafi fyrir sjómenn, og er það ekki von; hann þekkir bezt til til sveita, þar sem menn hafa annað til að «afplána» kaffibrúkunina með. Hann veit það þá víst ekki heldur, að margir, sem búa við sjó, einkum í þeirri hallæristíð sem nú er, neyðast til að hafa sykur í stað smjörs. Þessir menn lifa ekki eins og Dalamenn í óhófi, þar sem þeir hafa næga mjólk og gætu sparað við sig kaffi. Hann segir, að einmitt nú sje hentugur tími til að fá skattalögunum breytt; en jeg segi að nú sje óhentugur tími til þessa og sanna það með frammistöðu þessá mikla tollspekings sjálfs. Hann, sem hefur svo gott vit á þessu máli, er þó í efa um, hvort rjettara sje að leggja 5 eða 3 aura á kaffipundið, og er kominn fram með breytingaratkvæði við frumvarp sitt áður en fyrsta umræða byrjar. Þegar svona maður hefur ekki fastari stefnu í þessu máli, en frumv. hans og breyt.till. bera með sjer, þá held jeg að bæði honum og öðrum sje bezt að hugsa betur um málið fyrst um sinn til næsta þings.

Hallgrímur Sveinsson: H. h. þm. Dal. (J. G.) hefur mælt fast og skörulega fram með frv. sínu, eins og við var að búast. Þar sem menn hafa hneixlazt á því, að menn vilja breyta auratölunni á tollininum, þá má virða slíkt til vorkunnar, því við það að hugsa þetta mál betur og betur, komast menn, þótt grundvallarreglunni sje haldið óbreyttri, ef til vill að þeirri niðurstöðu, að haga megi hinum einstöku ákvörðunum, svo sem auratölunni á pundi hverju, að einhverju leyti betur í framkvæmdinni; og þetta er það, sem h. þm. Dal. (J. G.) hefur viljað gjöra með þessum breyt.till. Það sem hjer er farið fram á, er tvennt: að afnema toll, sem er, og í öðru lagi, að fá eitthvert endurgjald í staðinn, sem nokkurn veginn samsvari honum. Jeg held jeg verði að leyfa mjer að skjóta að minnsta kosti hornauga til breyt.till., þótt þær liggi hjer ekki eiginlega fyrir, því með því að líta til þeirra, fá menn rjettari og fyllri hugmynd um málið í heild sinni. Þar sem sagt var í byrjun þessarar umræðu um daginn, og þá með fullum rökum, að það sem hjer væri farið fram á væri ójöfnuður, með því að gjaldi væri ljett af bændum og sjómönnum, og lagt yfir á aðra, t. d. kaupstaðarbúa og embættismenn, sem þegar greiddu skatt á undan, og sem þá þyrftu að kaupa vörurnar dýrara verði en annars, þá mundi þessi ójöfnuður hverfa, ef breyt.till. kæmist að, og með því væri þessi mótbára horfin. Það er líka komin fram önnur mótbára, sú mótbára, að þetta gjald væri ofhátt, en hún mundi einnig hverfa, ef sú uppást. kæmist að, sem hjer er í breyt.till., að færa upphæðina niður. Þegar um þau gjöld er að ræða, sem landsjóður á að fá, og hann þarfnast fyrir, þá er rjett að taka mikið tillit til gjaldenda, og taka sjálfsagt þann gjaldmátann sem þeim er geðfeldari en hinn, sem mönnum er ógeðfeldur. *(J. G.*: Heyr!). Það hefur verið tekið fram, að skattur af áburð og afnotum jarða og af lausafje væri ekki orðinn vel þokkaður, og þótt hann ef til vill geti ekki kallast ójafnaðargjald, þá er það þó víst, að hann er nú orðinn talsvert óvinsæll. Þegar hann var fyrst lagður á, var hann vel þokkaður; menn fundu það, að hann var ljós, skýr og jafnari en þau gjöld, sem áður voru, og sem hann kom í staðinn fyrir. En jeg sje enga mótsögn í því, að þótt hann hafi þótt góður, já heillaráð, fyrir 8 árum, þegar hann var lagður á, þá megi nú finna annan enn betri og hagfeldari skatt, sem komið gæti í staðinn fyrir hann og sem landsmönnum væri ljúfara að greiða. Það má að sönnu segja, að auðvelt sje að fá menn til að óska þess, að skattur sje afnuminn, því það er al-

mennur og mannlegur eiginlegleiki, að vilja losast við gjöld og greiðslur, en menn mega samt ekki ímynda sjer, að landsmenn sjeu þau börn, að þeir ekki viti, að þótt þeir verði undanþegnir þessu gjaldi, þá þurfi þeir að gjalda á einhvern hátt annan það sem því nemur, og verði nú í þessu skyni tollur lagður á aðfluttar vörur, verða þeir að gjalda hann í jöfnu hlutfalli við aðra. En menn munu segja: vjer unum því betur, að gjalda á þennan hátt, jafnvel þótt vjer þurfum að gjalda talsvert hærra gjald. Og þetta finnst mjer mæla með þessum gjaldmáta. Það er að sönnu rjett, sem h. framsögum. (M. St.), sessunautur minn, sagði, að ekki mundi verða hjá því komizt, að þetta gjald hækki í reyndinni hjá kaupmönnum; en jeg geri ekki ráð fyrir eins mikilli hækkun og hann. Jeg get ekki gert ráð fyrir, að það tvöfaldist, því þá er menn segja, að tollur tvöfaldist, þá taka menn þá reynslu, sem menn óneitanlega hafa með vintollinn, en hjer er nokkuð öðru máli að gegna með þessar vörutegundir. Það sem því veldur að kaupmenn þurfa að hækka að mun tollinn á vínföngum, er það, að sú vara getur opt rýrnað á leiðinni hingað upp, svo þeir verða að gjalda toll af þeirri vöru, sem þeir hafa aldrei fengið, en sem þeir þó ekki geta sannað ætíð svo, að tollheimtumaðurinn geti tekið tillit til þess. Það er og önnur ástæða til þess, og það er, að vínföng, einkum brennivínið, er eyðsluvara. Það gengur mikið af því í súginn, og kaupmenn verða að greiða nokkurs konar þokkabót í því til viðskiptavina sinna. *(M. St.:* Það þekki jeg ekki). Jú, það mun vera nokkuð algeng venja, að kaupmenn þurfa að láta á þela, flöskur og jafnvel kúta, sem kallað er á ferðapelann, aukreitis til skiptavina sinna, og það getur þó ekki verið kaupmanninum sama, hvort hann gefur einn pott, sem kostar 40 aura, eða pott sem kostar frá 70 og upp að 90 au. Þetta er meðal annars sennileg ástæða fyrir því, að kaupmenn þurfa að hækka vintollinn freklega; en hjer þarf eigi að gera ráð fyrir sömu rýrnun og sömu aukaútgjöldum, þar sem um kaffið er að ræða; hitt er satt, að kaupmenn fá ekki ætíð að fullu borgað, það sem þeir láta út í reikning, og verða þeir því að leggja nokkuð á hið óvissa í reikningunum; en jeg ímynda mjer, að sú tollhækkun yrði minni en á víninu, og mundi varla nema meiru en 1 eyri á þessum 3 vörutegundum. Jeg get þess vegna ekki verið á móti aðflutningstollinum af þessum ástæðum.

Það gæti ef til vill orðið örðugra með tollskrár yfir þessar vörur en á vínum. En menn voru líka mjög hræddir um undanbrögð, þegar fyrst var lagður tollur á vínföng; en reynslan hefur sýnt, að þessi undanbrögð eru eigi stór og varla teljandi, enda sýnir þessi stóra upphæð, 100,000 kr. og þar fram yfir, sem kemur í landssjóð, að mikil undanbrögð geta ekki verið. Jeg vona að kaupmenn mundu ekki vilja vinna það til fyrir fáeinar krónur, að flekka samvizku sína, og heldur ekki eiga á hættu að verða fyrir háum sektum, með því að svíkjast undan tollinum. Jeg hygg því að þessi mótbára geti ekki haft svo mikla þýðingu, sem sumir h. þm. hafa í hana lagt móti tollinum. Að því er kaffið snertir mundi verðhækkunin ekki nema miklu, þótt þessi tollur væri lagður á það. Menn mundu kaupa það í líkum mæli eptir sem áður. Menn kynnu reyndar að segja: ekki var nú eins gott að koma í kaupstaðinn eins og í fyrra, því heldur var kaffið dýrara; en þar við mundi líka lenda, og menn kaupa kaffið engu síður en áður, og ekki líta á þessa litlu verðhækkun. Miklu meira virðist mjer mæla á móti svo háum tolli á kaffirót sem frv. stingur upp á, sem er 10 a. á pundi. Jeg reyndar þekki ekkert, sem heitir því nafni, en jeg ímynda mjer, að hjer sje meint það sem menn á útlendu máli kalla «kaffesurrogat», sem eru þær ýmsu vörur, sem hafðar eru til sparnaðar og smekkbætis, og mest munu nú vera fluttar frá Hamborg með glæsilegum miðum, svo sem exportkaffi, «Eldgamla Ísafold», og enn fleira. En menn nota fleiri tegundir, svo sem «cichoria», «ljónstönn» eða fíflarót og máske enn fleira. Jeg veit ekki hvort það er rjett að kalla þetta allt saman einu nafni kaffirót; það hefur líka verið kallað *kaffibætir* og stundum *kaffispillir;* en mjer finnst eigi alls kostar heppilegt, að taka þau nöfn upp í tolllög. Jeg verð að vera á móti þessari ákvörðun fyrir það, að tollurinn er settur þar allt of hátt, hvort sem það er meiningin, að það sje nokkurs konar hegning á þá sem nota þessar vörur, eða það á að skoða það sem tilraun til þess að fæla menn frá að kaupa hana. En sje þetta tilgangurinn, held jeg að hann muni ekki nást, því alþýða hefur tekið því ástfóstri við þessa vöru, að það mun ekki verða til

neins að fara fram á, að hún hætti að nota hana. Jeg vil því skjóta því til flutningsm. (J. G.), að lækka þessa tölu, eða áskilja mjer rjett til að koma fram með breytingaratkv. um að færa þessa tollákvörðun talsvert niður og breyta nafninu þannig, að það gæti betur átt við allar þessar vörutegundir, sem hjer eru meintar.

Hin h. nefnd hefur kannazt við, að þessi tollur á aðfluttum vörum mundi nærhæfis bæta landssjóðnum þær tekjur, sem hann missir við afnám ábúðar- og lausafjárskattsins. Og þótt menn tækju burt líka tekjuskattinn, þá vegur hann svo lítið, að hann er ekki verður þess, að í hann sje haldið á móti þeirri óánægju og ójafnaði, sem af honum leiðir. Það hefur verið tekið fram einhvern tíma hjer á þingi, að það væri ekki samboðið þinginu að klípa þannig nokkuð af launum embættismanna áður en þeir fengju þau í vasa sinn. *(Magnús Stephensen:* Hvenær hefur það verið sagt? Það hef jeg aldrei heyrt). Jeg hef lesið það og vona að mjer auðnist að færa sönnur á það, ef menn vilja vefengja orð mín. Tekjuskatturinn af atvinnu nemur svo litlu, að landssjóð munar lítið um hann, og jeg er viss um, að ef landsmenn eða búendur yrðu ánægðir með að fá sínum ábúðar- og lausafjárskatti breytt í toll, þá mundu og kaupstaðarbúar og embættismenn borga með meiri ánægju skatt af vörum þeim, sem þeir nota, heldur en tekjuskattinn af atvinnu.

Þetta frv. gerir ráð fyrir einu, sem gefur kaupmönnum ástæðu til að leggja ekki mikið meira á vörurnar en tollinum nemur, og er það sú ákvörðun, að þeir þurfa ekki að borga allan tollinn strax, ef þeir að eins setja tryggingu fyrir þeirri upphæð, sem hann nemur. Jeg ímynda mjer, að það sje ekki erfitt að koma þessu þannig fyrir, að kaupmenn njóti þessarar sanngirni, en landssjóður eigi þó ekkert á hættu með að fá sitt. Það virðist engin ástæða til að láta kaupmenn borga strax, þegar þeir hafa fengið hinar tollskyldu vörur, en umlíða tollheimtumennina mjög lengi, eins og við mun hafa gengizt á nokkuð háu stigi, eins og sjá má af landsreikningunum og athugasemdum yfirskoðunarmanna við þá. Þessi breyting gerir tollinn aðgengilegri fyrir kaupmenn og borgunarmátann hentugri fyrir gjaldendur.

Vil jeg því mæla með því, að h. deild hugsi sig vel um áður en hún fellir þetta frv. eða vísar því frá, því jeg hygg, að auðvelt væri að laga það svo, að að því gæti orðið veruleg rjettarbót.

Jakob Guðmundsson: Það vill svo vel til, að jeg þarf ekki að tala lengi í þetta sinn, af því h. 6. kgk. þm. (H. S.) hefur skoðað mál þetta frá öllum hliðum og tekið svo greinilega fram öll atriði, sem geta mælt með þessu frv., og hefur hann jafnvel gjört það betur en jeg hefði getað gjört, og hef jeg engu við það að bæta, öðru en því, að jeg óska, að h. deild mætti þóknast að láta frv. ganga til 2. umr., og það því fremur, sem breytingar munu koma við það við 2. umr., sem miða til að lagfæra það, sem nú kann að þykja ábótavant, og er jeg í því efni fús á að koma mjer saman við h. 6. kgk. þm. o. fl., ef til kemur.

Framsögumaður (Magnús Stephensen): Það er ekkert gaman, þegar 2 prestar halda ræður fyrir frv., að ætla sjer að hrekja það, og allra sízt fyrir leikmann. Þeir annmarkar við frv. sem jeg hef tekið fram, hafa verið ræddir, en þó mjög lauslega, því að menn hafa stutt mál sitt fremur með spádómum, en reynslu. Jeg er að vísu því samþykkur, að það sje almennur vilji manna, að ábúðar- og lausafjárskattur sje afnuminn; en þar á móti mun það eigi vera almennur vilji, að tekjuskattur af atvinnu sje afnuminn. Það er og mjög óvíst, hvort mönnum almennt muni geðjast að tolli á kaffi og sykri. (*J. G.:* Það liggur um það bænaskrá á lestrarsalnum). Hún getur eigi gefið vissu um almennan vilja, því að þótt menn aðhyllist þennan toll á kaffi á fundi, þar sem þm. Dalam. (J. G.) kemur fram með uppást. um hann, þá er það ekki ónáttúrlegt, þar eð þessi h. þm. er svo alkunnur að mælsku, að menn treystast eigi móti að mæla. H. 6. kgk. þm. (H. Sv.) gat þess, að kaffi hefði verið keypt eins á 70 a. sem á 40 a.; en einmitt það sannar, að það er nauðsynjavara, og þess vegna mundi þessi tollur verða mjög óvinsæll meðal sjómanna, sem kaffið einkum er nauðsynjavara fyrir. Auk þess mundi mikill hluti af tollinum aldrei nást inn, því að tollgæzlan yrði svo erfið og miklu erfiðari en nú, að því er snertir brennivín og tóbak. Nú flyzt ekkert af tóbaki frá Englandi og eigi heldur vínföng nema «whisky», en talsvert af kaffi og sykri. En skip frá Englandi hafa engar tollskrár, svo að þau eiga hægt með að leyna kaffi

og sykri og þannig komast hjá tollgreiðslunni. Af þessu getur leitt siðaspilling engu minni en tíundasvikin nú, sem menn gjöra svo mikið orð á. *(J. G.:* Spádómur). Nei, það er byggt á rökum, því að freistingin til að svíkjast undan tolli hlýtur að vera engu minni en freistingin til að svíkjast undan tíund. Mjer er þetta eigi kappsmál sakir míns eigin hagnaðar, því að jeg mundi sjálfur græða mikið við það að losast við tekjuskattinn, þótt jeg yrði að borga toll af kaffi og sykri, sem jeg kaupi, heldur er mjer það kappsmál vegna sjómanna, sem mundu bíða mikinn óhag, ef frv. þetta yrði að lögum.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 6:5 atkv.

Frumvarp til laga um linun í skatti á ábúð og afnotum jarða og á lausafje (C. 277); 1. umr.

Framsögumaður (Magnús Stephensen): Jeg tel það rjett, að vísa þessu máli til 2. umr., því að þótt frv. hjer næst á undan væri vísað til 2. umr., þá er ekki óhugsandi, að því hlekkist á á þeirri löngu leið, sem það á fyrir höndum við tvær umr. enn hjer í deildinni og þrjár í Nd., og ef það yrðu forlög þess að falla, þá er ekki gott, að frv. þetta, sem nú liggur fyrir, sje dautt, og er því bezt að láta það lifa til vara.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 6:5 atkv.

Uppástunga forseta um hvernig ræða skuli tillögu til þingsályktunar um geymslu fornra skjala á landsbókasafninu (C. 278).

Uppástunga forseta um að hafa eina umr. um tillöguna var samþ. í einu hljóði.

Þrítugasti fundur, miðvikudaginn 5. ágúst, kl. 1 e. m. Allir á fundi.

Frumvarp til laga um rjett sveitarstjórna gagnvart þurfamönnum (C. 267); 2. umr.

Flutningsmaður (Skúli Þorvarðarson): Fyrst að ekki eru komnar neinar breytingar fram við þetta frv. aðrar en þær, sem jeg og h. þm. Eyf. (E. Á.) höfum gjört (C. 290), þá er vonandi, að h. þingd. hafi ekki álitið að miklir eða verulegir gallar sjeu á frv. Jeg vona líka að deildin geti fallizt á aðalmeiningu þessa frv., og jeg fyrir mitt leyti álít, ef þetta frv. verður samþykkt, þá höfum vjer fengið verulega og þarflega rjettarbót í fátækralöggjöf vorri. Að svo mæltu skal jeg leyfa mjer að minnast á einstakar greinar þessa frv. í sambandi við breyt.till. okkar, sem nú liggja fyrir. Við 1. gr. er engin breyting fram komin. Það var að eins eitt orð, sem minnzt var á við 1. umr. að misprentazt hefði. Þetta orð vonuðum við að mætti leiðrjetta til 3. umr., ef málið kæmist svo langt, og tókum það því ekki inn í breyt.-till. okkar.

Við 2. gr. hefi jeg heldur ekkert að athuga, nema það, að eitt orð hefur fallið úr greininni við prentunina. Í greininni stendur: «Nú beiðist sveitarstjórn fjárnáms «til lúkningar sveitarstyrks hjá skuldunaut «sveitar, eða skuldinni er lýst við skipti á «*búi* . . . .» Hjer hefur fallið úr á eptir orðinu «búi», því þar á að bæta við: «hans», og höfum við leyft okkur að taka þetta fram í breyt.till. Þá koma 3. og 4. gr. Við þær hefi jeg ekkert að athuga að svo stöddu, og finn því ekki ástæðu til að tala um þær, nema andmæli komi fram gegn þeim. Að því er 5. gr. snertir, þá höfum við leyft okkur að breyta henni nokkuð að efninu til. Fyrst skal þess getið, að í frv. er að eins vitnað til 3. gr., þar sem sagt er: «Óhlýðnist þurfamaður . . . eða úrskurðum þeim, er honum kunna að ganga á móti (sbr. 3. gr.)». Hjer á að standa «(sbr. 3. og 4. gr.)», því að í báðum greinunum eru nefndir úrskurðir, og höfum við lagt það til, að þessu verði breytt á þennan veg. Þá er að minnast á þá breyting við 5. gr., sem helzt má telja efnisbreyting. Okkur hefur báðum, h. þm. Eyf. (E. Á.) og mjer í samráði við annan h. þm. komið ásamt um, að fella úr greininni orðin :«skal hreppstjóri og lögreglumaður bæjarins skerast í málið, og geti hann eigi fengið þurfamann með góðu að ganga til hlýðni, kærir hann málið fyrir sýslumanni og bæjarfógeta». Þetta höfum við lagt til að fellt verði úr frv., því að þessi ákvörðun má álítast óþörf, því að til sveita er hreppstjórinn sjálfsagt optast í sveitarstjórninni, og þó hann sje það ekki, þá ímyndum við okkur, að hann muni ávallt fús að leggja góð orð til sátta milli sveitarstjórnar og þurfamanns. Í öðru lagi er hvergi um lögreglumenn að tala, nema í Reykjavík. Þeir eru hvorki á

Ísafirði nje Akureyri; því virðist ekki vert að ætla þeim manni verk, sem ekki er til. Breytingarnar við 6. gr. eru að eins orðabreytingar. Við stingum upp á undir stafl. «a», að fyrir orðin: «utanhrepps- eða bæjarfjelagsmanna» komi: «manna, sem ekki eru í sveitarfjelaginu», og undir stafl. «b», að í staðin fyrir «sveitar- og bæjarfjelaginu» komi «sveitarfjelaginu». Þessar breytingar eru, eins og menn sjá, framkomnar af því, að vjer viljum að þessi grein sje að þessu leyti í samhljóðan við undanfarnar greinar. Aðra meiningu hefur þessi breyting ekki, og vonum við að þingd. fallizt á hana, eins og við yfir höfuð vonum, að allar breyt till. okkar verði samþykktar, og vildum við þá mega eiga von á að leiðrjetta hinar fáu misprentanir, sem á hefur verið minnzt, bæði þá, sem jeg minntist á við 1. gr., og eins þá, sem h. 6. kgk. þm. (H. Sv.) minntist á við 6. gr. við fyrri umræðu málsins. Við 7. gr. hefi jeg ekkert að athuga. Skal jeg svo ekki tala meira fyrir þessu máli að svo komnu, meðan ekki þarf að svara annara mótmælum.

Sighvatur Árnason: Viðvíkjandi þessu máli skal jeg geta þess, málinu til stuðnings, að það er almennt viðurkennt, og þess almennt saknað, að þingið hefur eigi enn komið neinum ákvörðunum inn í löggjöfina, er bæti úr þeirri vöntun, sem nú er á meiri rjetti sveitarstjórna gagnvart þurfamönnum, og á hinn bóginn ákvörðunum, sem taki skýrar fram skyldur þurfamanna gagnvart sveitarstjórnum. Meira að segja, þinginu hefur verið talsvert ámælt fyrir frammistöðu sína í þessu máli. Þó vitnað sje til fátækrareglugjörðarinnar 8. jan. 1834, þá finnast ekki þessar ákvarðanir þar nærri svo fast ákveðnar, sem óskandi væri. Fátækrareglugjörðin segir að eins, að sveitarstjórnin skuli brýna fyrir þurfamönnum, að fara ráðlega með efni sín og hlýðnast sveitarstjórninni viðvíkjandi vinnu og þess konar, er hún kann að leggja þeim á herðar. Enn eitt hefur og þótt vanta í þessi lög, sem er, að þau taka ekki nógu skýrt fram um endurgjald þurfamanns á sveitarstyrk, ef hann síðar fær svo mikil efni, að hann hætti að þiggja af sveit. Mjer er það líka sjálfum fullkunnugt, að það er erfitt að fylgja þessum eldri lögum fram í þessu efni. Úr öllum þessum vandkvæðum álít jeg nú talsvert bætt með frv. því, sem hjer liggur fyrir, og líka ímynda jeg mjer, að ekki verði sagt á hinn bóginn, að hjer sje of langt farið, enda veit jeg líka að alla gætni verður að við hafa, er setja skal lög um þetta efni, svo lögin verði ekki of þröng eða ómannúðleg viðvíkjandi þeim, sem þiggja sveitarstyrk. Hvað snertir hinar litlu breytingar, sem fram hafa komið, þá er að vísu ekki mikið í þær varið; en að því leyti, sem þær gera nokkuð til, eru þær, að mínu áliti, heldur til bóta. Jeg vona, að frv. þetta fái framgang hjer í deildinni, því að í því er fólgin góð rjettarbót, sem þjóðin er einhuga á, að fá fram.

Hallgrímur Sveinsson: Mig minnir jeg minntist á það um daginn við flutningsmann, að jeg kynni ekki vel við eitt orð í 6. gr. Þar stendur: «Nú vill maður flytja af landi burt, en *skilur* eptir vandamenn» o. s. frv. Mjer finnst rjettara að hafa hjer *„skilja“*, í staðinn fyrir *„skilur“*. Mjer finnst það ekki geta átt hjer við, að segja: «en skilur eptir» o. s. frv., því að það virðist ekki geta orðið sagt um mann fyr en hann er farinn af landi burtu. Sömuleiðis vildi jeg benda flutningsmanni á, að betur mundi fara að setja í staðinn fyrir «opinber» í 7. gr. orðið «almenn»

Flutningsmaður (Skúli Þorvarðarson): Það getur vel verið, að h. 6. kgk. þm. (H Sv.) hafi minnzt á þessi orð um daginn, og mig minnir nú vissulega, að svo væri. En hvort sem það hefur nú verið eða ekki, þá álít jeg athugasemd hans viðvíkjandi orðinu «skilur» alveg rjetta, og er jeg fús á að leiðrjetta það í þá átt, sem hann benti til, ef jeg fæ því við komið. Hitt atriðið veit jeg ekki, hvort er eins vert að athuga; það kann að vera, að það fari betur eins og hann vildi hafa það, og skal jeg hugsa um það.

Magnús Stephensen: Jeg skal fyrir mitt leyti játa, að frumv. þetta er að öllu leyti aðgengilegra, en frumv. það um sama eða líkt efni, er hingað kom á dögunum frá Nd., og var fellt við 2. umr. þess hjer í deildinni. En það er sjer í lagi 3. og 4. gr., sem mjer ekki líka alls kostar í þessu frumv.; en úr því jeg sje, að þetta er áhugamál fyrir þingmönnum, og þeir segja, að það sje mikill áhugi á málinu hjá þjóðinni, þá skal jeg ekki spilla fyrir því með atkvæði mínu í þetta skipti. Að eins vil jeg leyfa mjer að gjöra einar tvær athugasemdir við frumv., og vil jeg skjóta því til h. flutningsm., sem mjer skilst hugsa sjer

að koma með nokkrar breytingar við málið til 3. umr., hvort hann vill íhuga um leið þessar athugasemdir mínar.

Fyrri athugasend mín snertir fyrirsögnina. Jeg kann ekki við að hún sje um „*rjett*“ sveitarstjórna gagnvart þurfamönnum. Mjer finnst það undarlegt, að sveitarstjórnirnar fái sjerstakan *rjett* gagnvart þessum mönnum, en finnst aptur liðlegra að orða fyrirsögnina sem svo: um skyldur þurfamanna, eða þeirra, sem þiggja sveitarstyrk, gagnvart sveitarstjórnum.

Hin athugasemdin er við niðurlag 3. gr., þar sem ákveðið er, að þurfamaður fái aptur forráð fjár síns «jafnskjótt er hann hefur endurgoldið styrk þann, er hann hefur þegið». Jeg gjöri ráð fyrir, að þurfamaðurinn hafi verið sviptur fjárforráðum með amtsúrskurði, og kann því betur við, að hann fái fjárforráð sín aptur með því að amtmaður felli úr gildi sinn fyrri úrskurð; með því verður það gjört vafalaust, að hinn fyrri úrskurður sje fallinu úr gildi. Því að ef sú aðferð er höfð, að hann skuli strax álítast myndugur, er hann sannar að hann hafi borgað þeginn sveitarstyrk og getur lagt fram kvittun fyrir því, þá gæti orðið ágreiningsefni um það, hvort að öðru leyti skilyrðin fyrir því, að hann geti orðið myndugur, sjeu fyrir hendi, og þyrfti þá að rannsaka þessi skilyrði einmitt af þeim sama, sem fellt hefur úrskurð um það, að hann skyldi verða ómyndugur. Jeg vil því skjóta því til h. flutningsm. (S. Þ.), hvort hann finni ekki ástæðu til að koma þeirri ákvörður inn í frv., að amtmaður skuli nema úrskurðinn úr gildi, þegar búið er að sanna skilyrðin fyrir því, að þurfamaður hafi rjett til að fá aptur fjárforræði sitt.

Flutningsmaður (Skúli Þorvarðarson): Jeg get vel fallizt á þær athugasemdir h. 3. kgk. þm. (M. St.), að eins og amtmaður sjálfsagt hlutast til um, að þurfamaður verði gjörður ómyndugur, eins sje það rjett, að hann aflýsi aptur úrskurði sínum um ómyndugleik þurfamannsins eða annist um, að hann fái aptur myndugleik, er sannað verður að hann hafi rjett til þess. Reyndar finnst mjer ekki þurfa að verða vandræði úr því, þó ákvörðunin verði látin standa eins og hún er, því að þurfamaðurinn hlýtur að láta sjer annt um að gjöra allt sem í hans valdi stendur, til að sýna og sanna, að hann geti bjargazt hjálparlaust. En allt um það, þó mjer finnist ákvörðun frv. í þessu efni geta staðizt, þá vil jeg þó fallast á skoðun h. 3. kgk. þm. (M. St.), ef mönnum sýnist hún betri. Því jeg vil fúslega fallast á allt það, sem fram kemur máli þessu til bóta, og tek þakklátlega öllum leiðbeiningum, er snerta frv.

Hvað snertir athugasemd sama h. þm. við fyrirsögnina, þá veit jeg ekki, hvort hún er þess verð, að hún verði tekin til greina. Mjer finnst, fyrir mitt leyti, að fyrirsögnin megi vera eins og hún er, því það er fullur rjettur, sem sveitarstjórnin fær með þessu frv., t. d. til að mega láta skrifa upp fjármuni og taka bú hans til meðferðar. En ef mjer einum eða í samráði við aðra þykir betur fara að breyta fyrirsögninni, þá mun jeg ekkert hafa á móti að gjöra það.

Jakob Guðmundsson: Mjer finnst það ljóst, að taka beri til greina athugasemdir h. 3. kgk. þm. (M. St.) um að amtmaður, sem gefur út úrskurð um ómyndugleik þurfamanns, einnig upphefji þennan úrskurð, þegar til kemur. En það er annað, sem jeg vil leyfa mjer að vekja máls á, og það er, hvort ekki sje meiningin, að þegar þurfamaður bæði hefur borgað skuld sína og sannað, að hann væri sjálfbjarga, þá skuli sveitarstjórnin senda skýrslur allar og skilríki hjer að lútandi til amtmanns, sem þá rannsakar þessi skjöl áður en hann upphefur úrskurðinn.

Magnús Stephensen: Jeg skal leyfa mjer að bæta enn einni athugasemd við athugasemdir mínar við 3. gr. Í greininni stendur, að birta skuli úrskurðinn á varnarþingi þurfamanns. En undir eins og búið er að birta úrskurðinn, þá er hann ritaður inn í bækur, sem til þess eru ætlaðar, þ. e. afsals- og veðmálabókina. Til þess nú að úrskurðinum verði aptur aflýst, þarf yfirlýsing amtmanns um, að hlutaðeigandi hafi fengið aptur fjárforráð sín, því þó að þurfamaður sjálfur segi, að nú hafi hann borgað skuld sína til sveitarsjóðs og sýni kvittun fyrir því og vottorð sveitarstjórnar, þá er jeg þó hræddur um, að hvorki bæjarfógeti nje sýslumaður stryki amtsúrskurðinn út úr bókunum, nema amtmaður yfirlýsi því, að heimild sje til þess. Hvað athugasemd h. þm. Dal. (J. G.) snertir, þá sje jeg ekkert á móti því, að í lögunum stæði, að þegar þurfamaður væri búinn að endurborga styrkinn, þá skuli sveitarstjórnin gefa honum vottorð um það, er hann svo fer með til amtmanns, er nemur úrskurðinn úr gildi,

Árni Thorsteinson: Jeg er í öllu verulegu samdóma h. 3. kgk. þm. (M. St.), og vil því gjöra mitt til að mál þetta fái framgang. Að eins vil jeg leyfa mjer að gjöra eina eða tvær athugasemdir við 1. og 2. gr. frv. Í 1. gr. stendur: Hver, sem þiggur styrk úr sveitarsjóði . . . . . er skyldur að veðsetja allt sem hann á og eignast kann o. s. frv., og í 2. gr. er sagt, að sveitarstjórn hafi forgöngurjett fyrir öllum öðrum skuldum þurfamanns. Þar sem sagt er, að þurfamaður skuli skyldur til að veðsetja eignir sínar, þá er jeg hræddur um, að þessari ákvörðun verði ekki svo hæglega framfylgt, þegar sjerstaklega á stendur, og álít því nær, að sveitarstjórnin sjálf ætti að sjálfsögðu að eiga veðrjett í eignum þurfamanns. Það er hlutur, sem sveitarstjórnin sjálf ætti að geta náð án skyldu, sem þurfalingurinn þyrfti að gegna, með því að uppskrifa eigur hans og því að láta þinglýsa skuldinni. Jeg vil því skjóta því til flutningsmanns, hvort hann ekki finnur ástæðu til að fara heldur þennan veg og breyta ákvörðun frv. í þessa átt, því jeg ímynda mjer hún yrði þá hægri í framkvæmdinni.

Þegar jeg les 1. gr., þá er það auðsjeð, að það er ekki meiningin, að sá veðrjettur, sem stofnaður verður eptir henni, skuli útiloka eldri veðrjett eða betri. Þetta leiðir mig aptur til annarar athugasemdar viðvíkjandi 2. gr. Í enda þeirrar greinar segir, að eptirrit úr sveitarbókinni sje næg sönnun fyrir skuldinni, og þar á eptir kemur: «enda hefur hún forgöngurjett fyrir öllum öðrum skuldum». Jeg ímynda mjer, að það hafi ekki verið meining uppástungumanns, að ganga svo langt. Jeg get ekki ímyndað mjer, að sveitarstjórnum tilkomi meiri rjettur í þessu efni, en öðrum lánveitendum, eða veðhafendum. Jeg vil taka til dæmis fátækan bónda, er býr í lítilfjörlegum bæ eða hreysi; nú tekur hann lán móti veði í bæ sínum, sem svo er þinglýst. Komist hann nú á sveit, fær þá sveitarstjórnin rjett til þess litla, er hann á, jafnvel þótt það áður hafi verið veðsett öðrum. Þetta þykir mjer mjög ósanngjarnt gagnvart hinum fyrra lánveitanda. Jeg vildi því að það væri tekið skýrt fram, að sá veðrjettur, er sveitarstjórnin fengi, útilyki ekki eldri eða betri veðrjett, heldur gengi honum næstur. Þetta hefur líka sjálfsagt verið meining uppástungumanns í 1. gr.

Benidikt Kristjánsson: Jeg hef hingað til ekki þreytt h. deild með umræðum um þetta mál og skal heldur eigi gjöra það. Að eins skal jeg nú láta stuttlega í ljósi skoðun mína á nokkrum einstökum atriðum. Jeg skal þá fyrst leyfa mjer að taka fram, að hinn háttv. varaforseti (Á. Th.) hefir að minni ætlan getið sjer alveg rjett til með tilgang h. flutningsmanns með ákvörðunina í 1. gr. En á hinn bóginn get jeg ekki sjeð á orðalaginu í greininni eða sambandinu milli hennar og hinna greina frv., að maður geti búizt við þeirri skoðun, að sveitarfjelögin hafi forgöngurjett, eptir ákvörðunum þessa frv., fyrir þeim, sem áður hafa fengið veð í eigum þurfamannsins. Það hlýtur að minni ætlun að koma fram við uppskript á búi þurfamannsins, hverjar skuldir hvíli á því, og hvort veð er fyrir þeim sett. Jeg get varla hugsað mjer það tilfelli, að forgöngurjettur þeirra, sem fengu hann áður en maðurinn varð sveitarþurfi, haggist við þetta nýja veð, þegar það er tekið til greina, að veðsetningin er gjörð meðan maðurinn er myndugur, því eptir ákvæðum annara laga verður það að álítast sjálfsagt, að það, sem hann var búinn að gjöra meðan hann var myndugur, hafi sitt lögmæti óhaggað, þótt hann síðar verði ómyndugur. Jeg skal að öðru leyti játa það, að það sje greinilegra, að orða seinni hluta 3. gr. eins og h. 3. kgk. (M. St.) benti á; en mjer getur samt ekki skilizt, að það sje nauðsynlegt eða óumflýjanlegt. Jeg fæ ekki vel skilið, að orðin, eins og þau nú standa í frv., þurfi að valda misskilningi. «Forráð fjár síns fær þurfamaður»: þetta «fær» er framsöguháttur núlegs tíma, sem opt í málinu er haft í stað boðháttar, og hjer verður þá fær = hann skal fá, eða = hann hefur rjett til að fá. Mjer finnst ekki nauðsynlegt að setja reglur fyrir því, hvernig hann eigi að fá þessi fjárforráð, án þess þó jeg vilji neita því, að gott sje að vernda þá, sem umkomulitlir eru, en mjer finnst eigi þurfa að bera svo mikla umhyggju fyrir mönnum, að þeir sjeu teknir við hönd og leiddir af lögunum. Mjer sýnist, að sá, sem orðið hefur þurfamaður og aptur fengið tækifæri til að fá fjárforráð, geti eptir eðlilegum aðferðarmáta náð þessum fjárforráðum, en þrátt fyrir það hef jeg ekki á móti, þó það yrði skýrt nákvæmar, með hvaða hætti hann ætti að gjöra það. Það er auðvitað, að úrskurður amtsins verður ekki upphafinn af

sjálfu sjer og enginn nema amtmaðurinn sjálfur, sem upp kvað hann, getur numið hann úr gildi, og jeg ímynda mjer svo, að það sje í meðvitund hvers skynugs bónda, að láta aflýsa því, sem áður var þinglýst. Jeg vona að enginn skilji orð mín svo, sem jeg eigi vilji liðka sem bezt til, einkum þegar um það er að ræða, að gjöra lög skýrari, svo þau verði að tilætluðum notum, en jeg vil að lög sjeu svo orðfá sem verða má.

Árni Thorsteinson: Jeg ætla einungis að gjöra stutta athugasemd út af orðum h. þm. N-Þing. (B. Kr.). Við erum alveg samdóma um 1. gr., og mig furðar mikillega á því, að hann skuli eigi einnig vera mjer samdóma um 2. gr. Það var ekki annað, sem jeg fór fram á, en að ákvarðanirnar um forgöngurjettinn yrðu orðaðar samkvæmt þeim skilningi, sem mjer virtist hann leggja í 1. gr. frv. Hann tók það fram til stuðnings því, að athugasemdir mínar hefðu verið óþarfar, að hinir eldri veðhafendur hefðu rjett sinn óskertan, því veðið kæmi fram við uppskript á eigum þurfamannsins og yrði þar tekið til greina. Jeg veit ekki til, að það sje skylda uppskriptarmanna, að vita um, hvort veð hvíli á, eða hvort þeir hafa rjett til að heimta að vita það. Jeg get tekið mörg dæmi, sem sýna, að það er óvíst hvort þeir einu sinni geta vitað það, t. d. þar sem svo stendur á, eins og opt hefur borið við, að fátæklingurinn veðsetur bæ sinn, bát eða veiðarfæri fyrir áfallinni og áfallandi kaupstaðarskuld. En jeg skal eigi tala langt mál um þetta; jeg ímynda mjer að flutningsmaður gangi svo vel frá frv. sem verða má og taki tillögur annara til greina. Jeg get þess, að jeg gef atkvæði með 2. gr. með þeim fyrirvara, að henni verði breytt, svo hún komist í samræmi við 1. gr.

Jakob Guðmundsson: Viðvíkjandi veðsetningaratriðinu, þá get jeg ekki annað skilið, en að þessi fátæklingur, þegar hann einu sinni er búinn að veðsetja eigur sínar með fyrsta veðrjetti, hafi vit á því að veðsetja þær eigi aptur með sama veðrjetti, hvort heldur sveitinni eða öðrum, því það vita allir, að slíkt er saknæmt og varðar þungri hegningu að lögum. Og ef svo skyldi vera, að einhver skyldi vera svo einfaldur, að vita ekki þetta, verð jeg að ganga út frá því að sveitarstjórnin hafi vit fyrir honum. Jeg get því ekki sjeð neitt óttalegt í því, þótt þessum ákvörðunum yrði sleppt.

Flutningsmaður (Skúli Þorvarðarson): Jeg þarf ekki að svara mörgu athugasemdum h. varaforseta. H. þm. N-Þing. tók svo vel af mjer ómakið. Mjer sýnist ekki mikill munur á því, hvort sveitarstjórnirnar fái rjett eða þurfamennirnir sjeu skyldugir til að veðsetja bú eða eignir sínar. Getur verið, að þetta sje eitthvert skilningsleysi af mjer. Viðvíkjandi forgangsrjetti sveitarsjóðanna fyrir öllum öðrum skuldum, þá skal jeg ekki bera á móti því, að það kynni að mega orða þetta atriði í frv. nokkuð öðru vísi, enda kemur sú skoðun, sem látin hefur verið í ljósi í þessu efni, ekki í bága við meining mína um lögmæti skuldar; jeg fyrir mitt leyti er alls eigi á móti því, að liðka frv. sem bezt má verða. Jeg vona að þessar athugasemdir, sem gjörðar hafa verið, spilli ekki fyrir frv., og mjer gefist færi á að laga frv. enn betur við 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frv. (C. 267) samþ. í einu hljóði. Breyt.till. við 2. gr. (C. 290) samþ. í einu hljóði, og 2. gr. þannig breytt samþ. með 10 atkvæðum.

3. og 4. gr. frv. samþ. í einu hljóði hver um sig.

Breyt.till. við 5. gr. samþ. í einu hljóði; 5. gr. frv. þar með fallin.

Breyt.till við 6. gr. *a* og *b* samþ. í einu hljóði; 6. gr. þannig breytt og 7. gr. óbreytt samþ. hvor um sig í einu hljóði.

Fyrirsögnin samþ. í einu hljóði.

Málinu vísað til 3. umr. með öllum atkvæðum.

Frumvarp til laga um fiskiveiðar í landhelgi (C. 223); 3. umr.

Magnús Stephensen: Jeg skal einungis geta þess, viðvíkjandi breyt.till., sem hjer liggur fyrir, frá mjer og 2 öðrum h. þm. (C. 283), að breytingin við 2. gr. er ekki efnisbreyting, heldur gjörð til þess að laga málið, og vona jeg að deildin kunni betur við orðfærið á henni, en frv. Að því er snertir breyt.till. við fyrirsögn frv., þá var þess getið þegar við 1. umr. málsins, að það væri rangt, að halda orðinu «fjelaga» í henni. Og vona jeg, að hver maður geti sjeð, að það orð á ekki við í fyrirsögninni, eins og frv. nú er orðið.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. við 2. gr. samþ. í einu hljóði.

2. gr. frv. þar með fallin.

Frv. þannig breytt samþykkt í einu hljóði, og kvað forseti það mundu verða sent aptur forseta Nd.

Frumvarp til laga um samþykkt landsreikninganna 1880 og 1881 (C. 199); 3. umræða.

ATKVÆÐAGR.: Frv. umræðulaust samþ. í einu hljóði, og afgreitt síðan til ldsh. sem *lög frá alþingi.*

Tillaga til þingsályktunar um geymslu fornra skjala á landsbókasafninu (C. 278); ein umr.

Flutningsmaður (Einar Ásmundsson): Tilefnið til þessarar þingsályktunar, sem hjer liggur fyrir, frá mjer og 3 öðrum h. þm., er það, að við vitum til, að á ýmsum stöðum í landinu eru til gömul og mjög merkileg skjöl, sem óheppilegt væri að glötuðust. Okkur er kunnugt, að fjöldi fornra skjala hefur glatazt á undanfarandi tíma, og nú virðist okkur tími kominn til að sjá við því, að ekki gangi svo til framvegis. Bæði er það, að þessi fornu skjöl eru geymd á svo misjöfnum stöðum, og svo er hitt, að þau tíðum ganga frá einum til annars, einkum þegar prestaskipti verða í brauðum, svo skjölum þessum er fyrir þær sakir hætt við skemmdum og eyðileggingu. Auk þessa er að óttast eldsvoða, sem óhjásneiðanlega gæti eyðilagt þau, svo þar af hlytist stórskaði. Sjerstaklega skal jeg geta þess, að við biskupsdæmið eru til mörg merkileg skjöl. Jeg veit nú að vísu, að þau skjöl eru vel geymd, en eins er hugsanlegt að eldsvoði geti komið fyrir hjá biskupi og öðrum, svo slíkum skjölum hlýtur ætíð að vera hætta búin. Hjer í landsbókasafninu er nú herbergi ætlað til skjalageymslu, sem á að vera svo gengið frá, að það brenni ekki, þó húsið að öðru leyti yrði fyrir eldsvoða. Okkur hefur því sýnzt, að fara fram á, að hin fornu skjöl væri flutt í herbergið í landsbókasafninu, því það væri mikill skaði, ef eitthvað af þessum merku fornskjölum yrði fyrir slysi. Jeg skal t. d. nefna eitt skjal, sem slæmt væri ef misfærist, og það er hinn nafnkunni Reykholtsmáldagi, sem mun vera geymdur við skjalasafn biskupsdæmisins. Þetta er hið elzta skjal á norrænu, sem til er á Norðurlöndum. Hvorki Danir, nje Svíar, nje Norðmenn eiga slíkan fornan menjagrip. Þessi menjagripur málsins er til hjá oss, geymdur hjá biskupi, eins og jeg gat um. Mörg önnur merkileg skjöl mætti eflaust nefna. Jeg vona, að allir sjái, að skjöl þessi gæti eins, og eigi síður, verið til afnota, þótt þau væri geymd á tryggari stað, og jeg treysti því, að menn muni yfir höfuð sjá, að þetta er talsvert nauðsynjamál.

ATKVÆÐAGR.: Tillagan samþykkt í einu hljóði, og afgreidd til forseta Nd.

Frumvarp til laga um breyting á 46. gr. í tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872 (C. 289); 1. umræða.

Flutningsmaður (Einar Ásmundsson): Eins og kunnugt er ákveður 46. gr. sveitarstjórnarlaganna 4. maí 1872, að amtmennirnir hver í sínu amti skuli, áður en kosningar til amtsráðs fari fram, semja kjörskrá yfir kjörgenga menn í amtinu. Þessi ákvörðun var lögleidd áður en þau kosningarlög voru gefin, sem nú gilda, og þá voru taldir í kjörskránum allir kjörgengir menn. En þegar hin nýju kosningarlög voru samin, var breytt til um kjörskrár þær, sem kjörstjórnin í hverju kjördæmi á að senda amtinu, þannig, að í kjörskránum standa nú að eins þeir menn, sem kosningarrjett hafa, ekki þeir, sem kjörgengir eru, en þetta tvennt, kosningarrjettur og kjörgengi, fer ekki ætíð saman. Af þessu leiðir, að nær því ómögulegt verður að semja kjörskrá yfir kjörgenga menn í amtinu. Það er mikið verk og vandasamt, og þó getur amtmaður aldrei verið fullkomlega viss um, að kjörskrá sú, sem hann semur, verði með öllu nákvæmlega samin. Verkið er mikið, því í amtinu eru mörg hundruð kjörgengra manna. Svo þarf að fá kjörskrárnar prentaðar handa sýslunefndum, og það eykur fyrirhöfnina og einnig kostnaðinn, sem verður tiltölulega mjög mikill, því kjörskrá fyrir heilt amt er langt mál, þó ekki þurfi að prenta mörg eintök af henni, þar sem sýslunefndirnar, sem skrárnar eiga að nota, eru ekki fleiri en 6 eða 7 í hverju amti. Þó væri þetta allt sök sjer, ef allt verkið væri ekki unnið fyrir gýg, og peningunum alveg fleygt í sjóinn. Það dettur engum sýslunefndarmanni í hug, að kjósa til amtsráðs annan en einhvern þann, sem kjörgengur er.

Þess vegna verður þetta verk öldungis ónýtt. Jeg hefi nú leyft mjer að bera upp þetta frv. til laga um breytingu á 46. gr. sveitarstjórnarlaganna, og vona að h. þm. sjái, að það sje til bóta, að nema burt þessi óþörfu ákvæði um kjörskrá, er semja þyrfti annars og semja hefur þurft á undan amtsráðskosningum, sem eigi koma svo sjaldan fyrir, að minnsta kosti 3. hvert ár, og aptur ef einhver amtsráðsmanna gengur úr leik.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði

Þrítugasti og fyrsti fundur, fimmtudag 6. ág., kl. 1 e. m. Allir á fundi.

Frumvarp til laga um breyting á lögum 15. október. 1875 um aðra skipun á læknahjeruðum á Íslandi (C. 294); 3. umr.

Flutningsmaður (Einar Ásmundsson): Til þess, að ganga sem allra bezt frá frv. þessu, höfum við flutningsmenn og tveir h. þm. komið fram með nokkrar breytingartillögur (C. 299) og í annan stað hefir h. ldsh. komið fram með breyt.till (C. 259), sem að því leyti, sem hún nær til, er samhljóða breyt.till. okkar. Þær breyt.till., sem við höfum komið fram með, eru að sumu leyti að eins orðabreytingar, sem við álitum að betur mundu fara. Þannig eru breytingar okkar við 1. tl. 1. gr. að eins orðabreyting, að í stað »Reykjavíkursóknar» komi «Reykjavíkurprestakall»; því þeirri reglu er annarstaðar fylgt í frv., að nefna prestakall, nema þar sem þeim er sundurskipt. 2. breyt.till. okkar er við 3. tl., um að Melaprestakall falli burt. Þetta er ekki efnisbreyting, heldur nauðsynleg leiðrjetting, af því prestakallið er nú ekki lengur til. 3. breyt.till. er við 5. tl., um að sá liður verði einungis Hnappadalssýsla og Snæfellsnesssýsla. Þetta er sama breyt.till. og hjá landshöfðingja, með þeim eina mismun, að Snæfellsnessýsla stendur á undan Hnappadalssýslu hjá honum. 4. breyt till. er við 7. tl. og er samhljóða breyt.till. h. ldsh., en að eins öðruvísi orðuð. Breyt.till. við 8. tl. er orðabreyting ein, sömuleiðis breyt.till. við 9. tl. Aptur er breyt.till. við 17. tl. efnisbreyting. Við sáum við ýtarlegri yfirvegun, að Möðrudalssókn, sem ekki liggur undir Norður-Þingeyjarsýslu, heldur Norður-Múlasýslu, hafði skotizt úr, og stingum við því upp á, að henni verði bætt inn í aptan við «Hofsprestakall» á þessum tölulið. Þetta er nú um breyt.till. að segja. Jeg ætla eigi að fjölyrða meir um þær, en vona að h. deild sjái, að þær eru gjörðar af einlægum vilja á að bæta frv., svo sem kostur er á.

ATKVÆÐAGR.: Breytingartill. nr. 267 (C. 299) við 1. tölulið samþ. með 10 atkv., og við hina tölulíðina: 3., 5., 7., 8., 9. og 17., samþ. hver um sig í einu hljóði.

Frv. með áorðnum breytingum samþ. í einu hljóði og sent til Nd.

Frumvarp til laga um friðun hvala (C. 294); 3. umr.

Framsögumaður (Einar Ásmundsson): Jeg finn ekki ástæðu til að tala frekar um þetta mál að sinni við þessa síðustu umræðu þess. Breytingar þær, sem nefndin stakk upp á við frv., voru samþykktar hjer í þingd., og hreifði enginn mótmælum gegn þeim. Það væri því að eins til að eyða tímanum, ef jeg færi að tala frekar um málið. Jeg vona að málið fái góðan framgang við þessa umræðu, engu síður en við hinar umræðurnar í þessari h. þingd.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. í einu hljóði, og kvað forseti það mundi verða sent aptur forseta Nd.

Frumvarp til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja þjóðjarðir (C. 284); 1. umr.

Benidikt Kristjánsson: Þótt jeg efist ekki um, að h. Nd. hafi vandlega íhugað þetta mál, þá vil jeg þó leggja það til, að hjer verði kosin nefnd í það. Þjóðjarðasalan er, eins og menn vita, bundin vissum ákveðnum skilyrðum, og er því nauðsynlegt að þessi þingd. fullvissi sig um, að öll skilyrði í tilliti til hverrar sjerstakrar jarðar sjeu fyrir hendi. Jeg ætla, að einstökum jörðum hafi verið skotið inn í frumv. í Nd. smátt og smátt, og má þá vel vera, að mönnum hafi skotizt yfir eithvað, sem að málinu lýtur. Það er vegna þessa, að jeg legg það til, að nefnd verði sett til að íhuga málið, þó gjöri jeg ráð fyrir, að 1. umr. verði lokið áður, svo að málið geti gengið frá nefndinni til 2. umr. En þó málið sje íhugunarvert, þá er það þó ekki mjög stórbrotið, og gjöri jeg því ráð fyrir að þriggja manna nefnd nægi.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði. Þriggja manna nefnd sömul. samþ. í einu hljóði, og í hana kosnir: B. Kristjánsson með 10 atkv., L. E. Sveinbjörnsson með 9 atkvæðum. Þeir E. Ásmundsson og Ásgeir Einarsson fengu jöfn atkvæði, og var því varpað hlutkesti; kom upp hlutur Ásgeirs Einarssonar, sem því varð 3. nefndarmaður.

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1884 og 1885 (C. 289); 1. umr.

Jakob Guðmundsson: Þó mál þetta sje ekki margbrotið, álít jeg þó vissara, að þessi þingd. setji þriggja manna nefnd til að yfirfara þau skjöl, sem tilheyra hverri einstakri grein frv. Þó jeg efist ekki um, að h. Nd. hafi gengið vel frá málinu, álít jeg þó viðkunnanlegra, að það sje rannsakað einnig í þessari deild.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði. Nefnd samþ. með 10 atkv., og kosnir: Magnús Stephensen með 9 atkv., Einar Ásmundsson og Jakob Guðmundsson með 8 atkv. hvor um sig.

Fyrirspurn til landshöfðingja viðvíkjandi brúargjörð á Þjórsá og Ölvesá; hvort gjöra megi fyrirspurnina.

Forseti leitaði atkvæða þingdm. um. hvort gjöra mætti þessa fyrirspurn, og leyfði þingd. það í einu hljóði.

Forseti kvað síðar mundu verða ákveðið, hve nær fyrirspurnin kæmi fyrir.

Þrítugasti og annar fundur, föstudaginn 7. ágúst, kl. 1 e. m. Allir á fundi.

Forseti skýrði frá, að í nefndinni um frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1884 og 1885 væri kosinn formaður Magnús Stephensen, og Einar Ásmundsson skrifari; en í nefndinni um frv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja þjóðjarðir L. E. Sveinbjörnsson formaður og Benidikt Kristjánsson skrifari.

Frumvarp til laga um aðflutningsgjald af kaffi, kaffirót og alls konar sykri og um afnám ábúðarskatts, lausafjárskatts og útflutnings-gjalds af fiski og lýsi að frátekinni síld (C. 163); 2. umr.

Framsögumaður (Magnús Stephensen): Við framhald 1. umr. þessa máls var talað ýtarlega um þá annmarka, er á því væru, að leggja aðflutningstoll á fleiri vörur, en hingað til hefur verið, og frá nefndarinnar hálfu hefur verið sýnt fram á, hverjir annmarkar þessir væru (nefndarálit C. 276). Eptir hinu upprunalega frv. átti að leggja aðflutningsgjald á kaffi, kaffisurrogat og sykur alls konar, en nú er fram kominn viðauki um hækkun tóbakstollsins (C. 289). Í hinu upprunalega frv. var talað um, að afnema ábúðar- og lausafjárskattinn og aðflutningsgjald af fiski og lýsi að frátekinni síld, en nú er komin fram uppástunga um að taka einnig af tekjuskatt af atvinnu (C. 289). Þessar breytinga- og viðaukauppástungur hafa nú ekki mikla þýðingu fyrir hina almennu hlið málsins, eða það, hvort tiltækilegt sje að leggja aðflutningsgjald á fleiri vörutegundir, en hingað til hefur verið gjört. Nefndin verður enn að vera á þeirri sömu skoðun, að annmarkarnir sjeu svo miklir á að fjölga tollskyldum á innfluttum vörum, að hún verði að ráða h. þingd. frá að aðhyllast nokkrar uppástungur um að fjölga þeim. Nefndin gat heldur ekki sjeð, að ástæður hennar fyrir þessari skoðun væru hraktar með fullum rökum við 1. umr. málsins. Nefndin tók það fram máli sínu til sönnunar: 1. að alla tollumsjón vantaði, og mætti því búast við, að ekki kæmu öll kurl til grafar með tollinn af kaffi, kaffisurrogati og sykri, því að rannsókn á tollskrám og vöruskrám væri miklu hæpnari að því er þessar vörur snerti, en brennivín og tóbak. Auk þessa er freistingin til óráðvendni hjer sú sama, sem þeir, er þessu frv. fylgja, játa að eigi sjer stað með lausafjárframtalið. 2., tók nefndin fram, að tollur á þessum vörum kæmi miklu þyngra niður á mönnum, en ætlazt væri til. Kaupmenn mundu vilja fá nokkuð fyrir ómak sitt að ná þessu fje inn í landssjóð, og því leggja meira á vörurnar, en svaraði tollinum, og jeg fyrir mitt leyti get búizt við, að þó kaffitollurinn verði ekki hærri en 3 aurar á pundi, þá selji kaupmenn þó pundið 5 aur. dýrara. Þetta finnst mjer heldur ekki neitt óeðlilegt, þar sem þeir verða að leggja tollinn út fyrirfram og greiða hann í peningum, en fá

borgun í vörum; auk þess sem þeir lána margt kaffipundið, sem þeir aldrei fá borgað. Fyrir öllum vanhöldum verða þeir og að gjöra nokkuð, og ætla jeg að þeir verði þó ekki of sælir af þessum 5 aurum. Verði sykurtollurinn 2 aur. á hverju pundi, má telja víst, að kaupmenn selji pundið einum eða tveimur aurum dýrara, en ætlast er til, eða 3 eða 4 aur. hærra en áður, er engin tollur var á vörunni. 3., kom nefndin fram með þá mótbáru, sem í mínum augum hefur ekki minnsta þýðingu, að þetta aðflutningsgjald kæmi mjög svo ósanngjarnlega niður á miklum flokki manna, eða þurrabúðarmönnum og sjómönnum, sem enga grasnyt hafa. Að drekka kaffi er engin brýn nauðsyn fyrir þá, sem hafa mjólk, en fyrir þá, sem enga grasnyt hafa og því enga mjólk og svo að segja enga aðra vökvun, er kaffið orðið að nauðsynjavöru. Þetta á sjer stað að minnsta kosti hjer fyrir sunnan, og verður þetta aðflutningsgjald afar-þung álaga fyrir þessa menn. Það hefur verið sagt, að þessir menn gætu dregið við sig svo mikið kaffi, sem svaraði tollinum; en það er eitt af þeim heilræðum, sem hægra er að gefa en halda. Þessi ósanngirni við sjómenn er sá af öllum annmörkum á aðflutningsgjaldi af þessum vörum, er gjörir frv. mest óaðgengilegt í mínum augum.

Það var sagt við framh. 1. umr., að aðflutningsgjald það, er hjer ræðir um, hefði það fram yfir útflutingingstollinn af landvarningi, að það bætti landssjóði að mestu þann halla, er hann hefði beðið við afnám hinna skattanna, ábúðarskattsins o. s. frv. En þegar menn íhuga breytingar þær, sem fram eru komnar í sambandi við frv. sjálft, þá mun það sýna sig, að hinir nýju tollar hvergi nærri fylla það skarð, sem verður í tekjum landssjóðs, sem verður við afnám þeirra skatta, sem nefndir eru bæði í frv. sjálfu og breytingaruppástungunum.

Það má sýna stuttlega með reikningi, bæði hvað landssjóður missir, og hvað hann fær í staðinn, eptir uppástungum hinna þriggja h. þm. (C. 302). Af þeim sköttum, sem falla eiga úr gildi, skal fyrst telja: *ábúðarskattinn;* hann er hægt að reikna, því að jarðarhundruðin eru allt af hin sömu. Reyndar breytast verðlagsskrárnar nokkuð, en þó ekki til muna, svo að óhætt má reikna hverja «*alin*» á 55 aura fyrir land allt. Eptir þessu nemur ábúðarskatturinn rúmlega 19,000 kr. á ári. *Lausafjárskatturinn* fer aptur eptir því, hve mikið lausafje er tíundað árlega, og breytist hann því eptir árferðinu. Jeg vil nú taka tillit til þess, hve mikill hann er í meðallagi góðu ári, en ekki eins og hann er þegar árar eins og nú. Í meðalgóðu ári má gjöra lausafjárhundruðin 60,000; þannig voru þau hjer um bil árin 1880 og 1881. Ef vjer nú setjum, að lausafjárhundruðin sjeu 60,000, þá verður lausafjárskatturinn 33,000 kr. Ábúðar- og lausafjárskatturinn verður þá til samans (19,000+ 33,000 kr.) 52,000 kr. Næsta gjald, sem á að afnema, er *aðflutningsgjald af fiski og lýsi*, að *frá tekinni síld*. Með vissu er ekki hægt að ætlast á, hvað þetta verður mikið, en jeg ætla að ekki sje fjarri sanni að reikna það 20,000 kr., og mig minnir ekki betur, en flutningsmaður teldi það nálægt þessu við 1. umr. Þá kemur þriðji skatturinn, sem er *tekjuskattur af atvinnu*, eða skattur, sem kaupstaðarborgarar og embættismenn o. fl. greiða. Jeg reikna hann: 5,000 kr. *Tekjumissirinn* nemur þá alls: 77,000 kr. Það, sem landsjóður fær aptur í staðinn, er fyrst: *kaffitollurinn*. Jeg hefi fyrir mjer skýrslur frá 1879, en af því jeg veit ekki nema flutt hafi verið meira inn í landið af kaffi síðan, þá vil jeg setja pundatöluna heldur hærri en hún er í skýrslum þessum. Eptir skýrslunum var innflutt af kaffi 387534 pd., af kaffisurrogati 177686 pd. eða til samans 565220 pd., en jeg skal gjöra það 600000 pd. Ef vjer nu reiknum 3 a. í toll af hverju pundi, nemur þessi tollur alls 18000 kr. Eptir sömu skýrslum var flutt til landsins af sykri alls konar: 720,979 pd., en jeg vil setja að inn sjeu flutt 750,000 pd. *Sykurtollurinn* verður þá 15,000 kr. Þá er að reikna *tóbakstollinn*. Eptir nefndum skýrslum var flutt inn árið 1879: af neftóbaki 61,472 pd., af reyktóbaki 13366 pd., af munntóbaki 54,541 pd. Þetta verður til samans 129,379 pd., en jeg skal gjöra það 140,000, pd. Tollur af því verður 28,000 kr. Af vindlum var flutt inn: 470,850, en jeg set 500,000, sem getur í toll 2,500 kr. Allir þessir tollar verða þá til samans: 56,500 kr., en þar frá dragast í innheimtulaun 2%, svo afraksturinn verður ekki fullar 55,500 kr. Jeg skal samt setja að hann verði 56,000 kr. Þegar nú tekjumissirinn nemur 77,000 kr., en það, sem inn kemur

í staðinn, ekki nema 56,000, sem þó mun vel mikið, þá vantar samt 21,000 kr. Jeg fæ því ekki betur sjeð, en að landsjóður bíði 21,000 kr. halla við þetta frv. Þegar nú þessi annmarki bætist við þá annmarka, sem áður voru taldir, þá verð jeg og nefndin að vera enn á því, að það sje í mesta máta ótiltækilegt, að gjöra nú þessa breyting á skattalögunum.

Flutningsmaður (Jakob Guðmundsson): H. framsögumaður (M. St.) hefur gjört, eptir sinni skoðun, skýra og ljósa grein fyrir, hvernig fara muni með jafnaðarreikning landsjóðs milli þess er hann tapar og þess er hann fær inn við hinar fyrirhuguðu tollbreytingar. Jeg held að skoðun hans og reikningur hafi að mörgu leyti verið rjettur og sanngjarn, einkum þar sem hann miðaði við góð ár eða meðal-ár. Lausafjárskatturinn, sem hann þó kvaðst reikna eptir því, sem hann hefði reynzt að vera á undanfarandi góðum árum, held jeg þó að sje í hærra lagi hjá honum. En þó allt þetta sje nú rjett skoðað, og skatturinn hafi verið miðaður við meðal-góð ár, og þó það sje fullkominn sannleiki, að landssjóður bíði þennan halla við missi ábúðarskattsins, lausafjárskattsinsins, aðflutningsgjalds af fiski og lýsi, og tekjuskatts af atvinnu, þá held jeg hins vegar hefði verið og sje ástæða til að gæta að, hvaða halla landsjóður bíði eptir uppástungum nefndarinnar sjálfrar. Nefndin hefur sjálf fundið ástæðu til að leggja það til, að gefinn verði eptir helmingur ábúðar- og lausafjárskattsins á tveimur næstu árum, eða fjárhagstímabili því, er í hönd fer, og nefndin sjálf mun hafa gjört ráð fyrir, að landssjóður missti við þetta um 20000 kr. á ári. Nefndin hefur nú ástæðu til að svara því, að munur sje að missa þessa upphæð í tvö ár að eins, heldur en að missa hana hver veit hvað mörg ár, eins og leiða muni af þessu frumv. Þetta er mikið satt. Það má gjöra ráð fyrir, að ef frumv. þetta nær lagagildi, þá muni standa við þennan missi í fleiri ár, ef menn hjeldu fast við þessa skatta, sem vjer nú höfum helzt í hyggju að koma á. En jeg ímynda mjer, að þegar batnar í ári, þegar velmegun færist aptur yfir landið og menn yfir höfuð að tala fara að rjetta við og koma sjer aptur upp lausafje, og menn á hinn bóginn sjá, að landssjóður hefur ekki nóg fje til þess, sem gjöra þarf, þegar allar þarfir eðlilega vaxa með batnandi árum, þá ímynda jeg mjer, segi jeg, að menn muni sjá ráð til að auka landssjóð aptur. Getur nokkrum blandazt hugur um, að ef velmegun landsmanna vex, og nýr hugur og dugur færist í þjóðina, þá munu þeir, sem þá lifa, sjá margfalt fleiri ráð til að útvega landssjóði nægilegt fje, en vjer sem nú sitjum hjer, og gjörum ekki annað en kveina og kvarta. Með vaxandi þori og dug munu menn sjá ný ráð til að fá peninga til þess, sem gjöra þarf, hvort sem það verður með úlflutningstolli, aðflutningsgjaldi eða öðrum gjöldum. Jeg held, að eins og nefndin ætlast til að uppgjöf sín verði að eins bráðabyrgðaruppgjöf, eins verði þetta aðflutningsgjald heldur ekki nema til bráðabyrgðar. Tímarnir breytast, ástandið og ástæðurnar breytast, og skynsamir menn haga sjer jafnan eptir ástæðum og kringumstæðum öllum. Yfir höfuð get jeg ekki annað sagt, en að menn verði að haga sjer í hverju einu nokkuð eptir tímanum. Hvað því viðvíkur, sem h. framsögum. (M. St.) tók fram, að gjald þetta legðist þungt á einstaka menn, þá er það vissulega satt og sanngirnislega mælt. Það eru einstöku menn, handiðnamenn og hreinir tómthúsmenn, sem enga grasnyt hafa, nje heldur sjávarútveg, sem það leggst nokkuð þungt á. En ef vjer tökum alla landsmenn yfir höfuð að tala, hversu margir eru þá þessir menn, í samanburði við alla aðra, sem meiri eða minni grasnyt hafa? Þeir eru vissulega margir, sem sjávarútveg hafa, að þeir um leið hafa mikinn stuðning af landbúnaði, og á hinn bóginn hafa margir, sem landbúnað stunda, mikinn stuðning af sjávarútvegi. Sjávarútvegur er, eins og menn vita, allt af að aukast. Áður var hann nálega hvergi stundaður, nema hjer syðra, og svo fyrir vestan; minna fyrir austan. Nú þar á móti er allt öðru máli að gegna, því allt breytist. Nú er sjávarútvegur stundaður til muna á Norðurlandi, þar sem hann ekki alls fyrir löngu var svo að segja enginn. Hann er stundaður við Húnaflóa og Skagafjörð til muna. Nokkuð mun hann hafa eflzt á síðari árum við Eyjafjörð, og nokkur er hann jafnvel orðinn við Skjálfanda. Þegar nú litið er á allt þetta, þá verða tómthúsmenn í strangasta skilningi mjög fáir, í samanburði við hina, sem að meiru eða minna leyti lifa á mjólk jafnframt. Yfir höfuð er svo, að allt, sem eflir afurðir af landinu, eflir um leið velmegun

manna. Atvinnuvegirnir eflast og blómgast, allar kringumstæður batna, menn fá meiri vinnu og hærra vinnukaup, og standa sig því betur við að kaupa inn lífsnauðsynjar sínar. Allt þetta vegur meira, en hvort kaffipundið er 5 eða 3 aurum dýrara eða ódýrara. Að kaupmennirnir færi verðið á vörunum upp um tollinn, er eðlilegt, eins og það er líka eðlilegt, að þeir hækki verðið dálítið meira, en tollinum nemur, fyrir þá fyrirhöfn sína, að koma tollinum inn í landssjóð, og borga hann fyrir fram í peningum o. s. frv. Þetta tók h. framsögum. (M. St.) líka fram, og er það rjett, satt og eðlilegt. En þar sem hann var að tala um, að kaupmaðurinn lánaði út margt kaffipundið, sem hann svo aldrei fengi borgað, þá kemur það ekkert tollinum við; það gjörir kaupmaðurinn hvorki meira nje minna við tollinn. Verzlunarmátinn er nú einu sinni svo. Þetta er því engin ástæða móti þessum útflutningstolli. Hitt er aptur sjálfsagt, að kaupmaðurinn verður æfinlega að bera sitt upp, en hann verður líka að haga sjer eptir kringumstæðunum. Ef hann lækkar tollinn á einhverri vöru, af því concurrencen neyðir hann til þess, þá vinnur hann það aptur upp á annari vöru. Geti hann ekki staðið sig við að selja eina vöruna með almennu gangverði, hvað svo? Þá dreifir hann mismuninum á aðrar vörur, sem hann stendur sig betur við. Hann verður þannig, eins og allir, að haga sjer eptir tímanum og kringumstæðunum. Jeg get því ekki sjeð, að þessar ástæður sjeu fullnægjandi, hvorki frá kaupmannanna nje kaupendanna hlið.

Þegar nú um það er að ræða, að breyta «principi», þá dugar ekki að líta á einstaka menn eða einstakar kringumstæður, heldur verður þá að líta á heildina alla. Þetta er þinginu ætlað að gjöra, og þingmönnum er ætlandi að hafa sem víðastan sjóndeildarhring, því það eru þeir, sem eiga að hafa fyrir augum þjóðarbúskapinn í heild sinni. Þetta er allt öðru máli að gegna með bóndann, hinn einstaka mann; hann hefur ekki svo víðan sjóndeildarhring, hann er meira nærsýnn, og hugsar mest um sinn eigin hag og óhag. Þinginu aptur á móti, því er, sem sagt, ætlað að skoða þjóðarbúskapinn, og hvað eina, sem þingið gjörir gott, það á að verða allri þjóðinni til góðs. Þingið er ráðsmaður þjóðarinnar, og það gagn, sem það vinnur allri þjóðinni, vinnur það líka að einhverju leyti öllum eða hverjum stökum meðal þjóðarinnar. Yfir höfuð ekki komið undir því, hvað dýrt maður kaupir, heldur undir því, hvaða atvinnu maður fær. Það er sannarlega miklu betra og búmannlegra, að koma atvinnuvegunum upp, útvega mönnum þannig vinnu og borga hana góðu kaupi, heldur en þó maður gæfi öðrum nokkra skildinga til að draga fram lífið með. Vinnan verður hollari; því miður er þessi skoðun ekki orðin svo rótgróin sem skyldi, hvorki hjá þingi nje þjóð. Væri svo, þá væru þurfamennirnir færri og hreppaþyngslin minni. Þingið ætti sannarlega að benda til, að það hefði þessa stefnu og hvetja stjórnendur hinna smærri fjelaga til að hafa sömu stefnu.

Jeg finn svo ekki ástæðu til að tala lengra um málið að sinni. Jeg veit að h. þingdm. hafa hugsað rækilega bæði um frv. sjálft og breytingaruppástungur þær, er því fylgja, og gjört sjer ljósa grein fyrir, hvað tiltækilegast muni að taka inn í frv., enda hefi jeg þá sannfæringu, að langar ræður breyti ekki ætíð svo mikið skoðunum manna.

Árni Thorsteinsson: Mjer þótti illa fara, að h. flutningsm. (J. G.) ekki skyldi taka fram neinstaðar í sinni löngu ræðu, hvort vjer, þegar til atkvæðagreiðslu kemur, skyldum fylgja honum í aðalfrv. hans eða í breyt.till., og þá hvort hann vildi heldur, að vjer fylgdum 1. eða 2. útgáfu breyt.till. Ef fara ætti eptir hinni alkunnu festu hans, þá ætti sjálfsagt að fylgja aðalfrv. hans, en skoða breyt.till. sem uppbornar til vara, og sem þá fyrst ætti að fara að hugsa um að samþykkja, ef aðalfrv. næði ekki nægum atkvæðum. Þó ímynda jeg mjer nú, að stefna þessa manns sje ekki svo föst, að hann ætlist til, að breytingarnar nái til aðaluppástungunnar, og vil jeg ganga út frá að svo sje, jafnvel þótt jeg verði að telja það óheppilegt, að svo margar breytingaruppástungur hafa komið frá sama manninum. — H. framsögum. (M. St.) tók það fram, og sýndi með reikningi, hversu mikið landssjóður missti við afnám hinna núgildandi beinu skatta, og hversu mikið hann á hinn bóginn fengi í staðinn eptir þessu frv. með breytingaruppást. þess. Jeg hefi nú líka að mínu leyti gjört áætlun um hið sama, án þess í nokkru að bera mig saman við h. framsögum., og hefi jeg komizt því nær að hinu sama sem hann.

Jeg hefi fengið út, að landssjóður tapaði við hina fyrirhuguðu breytingu á skattalögunum 22,700 kr., í stað þess að framsögum. fekk út 21,000 kr. Jeg hefði metið mikils kaffilfrv. h. þm. (J. G.), ef kann hefði skýrt betur í tölu sinni þá meiningu sína, er hann ljet í ljósi við 1. umr., að mikill fjöldi þeirra, er stunda sjávarútveg, jafnframt hefði grasnyt, og sannað, að hann í þessu efni hefði rjett að mæla; en hann vjek ekki neitt á þetta nú í ræðu sinni. Jeg álít þó ekki úr vegi, að hafa nokkurt tillit til þeirra, er ekki hafa grasnyt. Ef menn taka fólksfjöldann og bera hann saman við skepnufjöldann, þá má sýna fram á ýmislegt og fá margt að sjá. Þm. kannaðist við, að útflutningsgjald hans kæmi þungt niður á einstaka menn, en hann sagði að hið rjetta princip væri, að líta ekki á einstaka menn, heldur á alla heildina. Jeg hneigi mig nú sjálfsagt fyrir mælsku hans, en vil þó leyfa mjer að taka fram nokkur atriði, sem sýna, að menn geta þó naumast látið vera að taka tillit til einstakra manna, einstakra flokka. Í Reykjavík koma 2 nautgripir á hvert hundrað manns, á Álptanesi 13 á 100, á Vatnsleysuströnd 11 á 100, í Útskálasókn 17 á 100, á Hvalsnesi 3 nautgripir á hvert 100 manns og í Grindavík nokkuð meira á hvert hundrað. Taki maður meðaltalið af þessu, koma í þessum hjeruðum 10 nautgripir á 100 manns. Það getur verið mikið rjett, að h. þm. Dal. (J. G.) hvetji til sparsemi, en hann ætti að húsvitja hjer um kring, og sjá hvernig líf manna er. Hann mundi þá finna bæi, þar sem kaffiketillinn svo að segja er það eina, sem á eldinn er sett allan daginn. Jeg þekki þetta vel. Jeg hef opt orðið að taka gjöld af þessum aumingjum lögtaki, og það hefur fallið mjer þungt. H. þm. ætti að muna eptir því, að í Dalasýslu koma 34 nautgripir á hvert 100 manns. Þar er allt í lagi. Þar geta menn tekið í einu upp í sig og í nefið og drukkið kaffi með brennivíni í. Fyrir norðan og austan koma 27 nautgripir á 100 manns; en jeg ætla nú ekki að halda lengra út í þennan samanburð. Það er yfir höfuð ómögulegt að segja, hvað margir lifa á sjávarútveg eingöngu og hvað margir á landbúnaði. Það er í skýrslum reiknað 12 : 73. Ef bætt er við útróðrarmönnum og öðrum,* sem enga málnytu hafa, mun tala þeirra verða sjálfsagt 12 – 14000 manns. En sem sagt, það verður að fara varlega með þessar tölur, en sjálfsagt má nokkuð af þeim græða við athugun þessa spursmáls.

Flutningsm. játaði, að gjald þetta legðist þungt á einstaka menn, en til þess ætti ekkert tillit að taka, heldur líta að eins á heildina. Þó hann nú fái sitt mál fram, þá er jeg honum alveg ósamdóma í þessu, og jeg ímynda mjer, að hann hafi ekki hugsað vel um þetta atriði. Hann ætti að hugsa sig enn betur um það. Máske honum komi þá til hugar að breyta enn frv. Jeg sje ekki betur í þessu máli en það gjald, sem leggst þungt á hina einstöku, leggist einnig þungt á allan almenning. Þetta skal jeg sanna, ef menn annars taka nokkrar sannanir gildar. En jeg get ekki talað um þetta eins og vera ber, því mig vantar mælsku h. þm. Dalam. (J. G.), er sjálfsagt ekki getur sannað, að svart sje hvítt og hvítt svart, en þar á móti hefur optlega sýnt, að hann getur sannað margt og það enda ótrúlegt fyrir aðra. Við skulum þá taka vínfangatollinn og sjá hvernig fer. Jeg ætla að reyna að sýna, hvað hann kostar í raun inni. Eptir tveggja ára meðaltali fær landssjóður í tekjur af honum 177,500 kr. Nú skal jeg alveg sleppa þessum 2 %, sem innheimtan kostar. En hvað heldur nú þm. Dal. (J. G.) að þessar 177,500 kr., sem renna í landssjóð, kosti landið, þegar hann gætir þess, að þann sama brennivínspott, sem kaupmenn selja fyrir 80 a., kaupa þeir fyrir 20 aura? Já, jeg held jeg meira að segja þyrði næstum að fullyrða, að potturinn af því brennivíni, sem stundum er drukkið í kaffi í Dalasýslu, kosti kaupmanninn ekki meira en svo sem 17 aura í innkaupi. Hvað ætla þm. segði, ef hann athugaði það, að ½ tunna eða 68 pottar af öli kosta með innkaupsverði, tolli og flutningskostnaði hingað komið 14 kr. 90 aura. En kaupmenn selja oss hálflösku af öli fyrir 20 aura eða potttinn á 53⅓ eyris. Hvað ætli þm. sagði, ef hann gætti þess, að 100 pund t. d. af rjóli kosta með tolli og kostnaði hingað komið 91 kr. 50 a., en okkur er það selt á 1 kr. 40 a. pundið, eða 100 pd. á 140 kr. Þingmaðurinn ætti að geta sjeð, að kaupendur verða af tolli þeim, er rennur í landssjóð, þannig að borga kaupmanninum 50 % af brennivíni, 144 % af ölinu og 53 % af rjólinu. Þetta eru nú einungis stutt dæmi. Það sýnir samt, að jeg ætla, að það sjeu engar öfgar, þó jeg segi, að það kosti

landið 50 % að fá þessar 177,500 kr. í landssjóð. Jeg vona að allir sjái, að 50 % á vínfangatollinn leggja 88,750 kr. álögu á kaupendur, og þegar jeg þar við bæti 50 % í innheimtu kaupmanna af kaffitollinum, sem jeg gjöri 50,000 kr., verður þessi viðauki 25,000 kr. og 83,750 kr. + 25,000 kr. gjöra 108,750 kr. álögu. Jeg sje ekki annað en þessari upphæð frá sjónarmiði skattgreiðendanna sje fleygt út í sjóinn. Jeg ímynda mjer, þótt bændur feli þm. sínum það erindi á hendur, að framfylgja afnumning ábúðar- og lausafjárskatts, þá mundu þó hinir skynsamari meðal þeirra hugsa sig um, hvort þeir vildu vinna fyrir að leggja svona þunga álögu á sig í staðinn fyrir minna beinlínis gjald. Mönnum kann að þykja góður kaffisopinn, en jeg held þeir gerðu rjettara í því, að ráðfæra sig fremur við budduna en nokkuð annað áður en þeir fara að tolla sig á þennan hátt og kaupa mikið af því með þessum kjörum. H. þm. Dal. (J. G.) sagði, að tollurinn kæmi niður á öðrum vörum en þeim, sem hann væri lagður á, svo menn yrðu ekki varir við hann. En jeg held naumast það geti verið rjett, að segja, að menn verði ekki varir við svona þunga álögu. Ef menn verða ekki varir við ábúðar og lausafjárskatt, hví þá ekki einnig við tollinn? og þó svo væri, að menn sæu það ekki nógu glöggt, hversu þung álaga þetta er, finnst mjer eigi rjett að leggja hana á fyrir því. Mjer finnst þingið eigi að hafa tillit til þess, hverjir eru færir um að gjalda. Þessi álaga verður máske þolanleg fyrir embættismenn og þá efnaðri, en óþolandi fyrir hina fátæku. Það hefur verið mjög rjettilega tekið fram, að ef svona margar tegundir yrðu tollaðar, ræki að því, að nauðsyn yrði á að kosta tolleptirlit. Við mættum þá eigi einungis borga þessar 108 þúsundir, sem jeg gat um, heldur einnig mikinn tolleptirlitskostnað. En ef tolleptirlit annars kæmi á, dettur mjer í hug, hvort eigi mætti haga tollálögum öðruvísi. Jeg held það væri fullt eins nærri að leggja toll á ýmsa aðra óþarfa vöru. Jeg skal t. d. nefna bómullarvefnað, sem mjög mikið flyzt af inn í landið. Hvort ætli sje nú minni nauðsynjavara, kaffið eða bómullarvefnaðurinn? Mjer blandast ekki hugur um, að ráða heldur til að tolla bómullarvefnað. Það er ekki svo að skilja, að jeg almennt hafi á móti nokkrum kaffitoll þegbetra tækifæri er að koma ár sinni fyrir borð en nú, og skattalögin væru tekin fyrir í heild sinni. En jeg sje, að hann, eptir ástandinu nú, leggst þungt á hina fátæku. Jeg er því eindregið með því í þetta skipti, að fylgja heldur tillögum nefndarinnar, og jeg skal bæta því við: jeg skyldi fúslega gefa atkvæði með enn meiri ívilnun, en hún hefði stungið upp á.

Sighvatur Árnason: Jeg skal eigi vera margorður og eigi fara út í tölur, því að það er búið að sýna reikningslega, hvernig hlutföllin standi. Jeg vil einungis taka fram, að jeg finn eigi nauðsyn á þeirri breytingu, sem hjer er farið fram á, og jeg skil ekki hvers vegna flutningsmaður sækir það með svo miklu kappi, að fá þennan aðflutningstoll lagðan á. Sjerílagi hindra hinar núverandi kringumstæður mig frá því að vera með þessu máli. Jeg óttast fyrir því, að aðfleiðingarnar, ef þessi tollur yrði lagður á, kæmi voðalega niður á sumum stöðum í hörðum árum, þar sem menn hafa þær vörur, sem hann er lagður á, sjer til bjargræðis. Og þar sem jeg get eigi sjeð, að nokkur nauðsyn knýi mann í þessu tilliti, virðist mjer langrjettast, meðan svona stendur, að láta bíða með framkvæmd þessa máls, en fallast á tillögu nefndarinnar að lækka föstu skattana, og sjá svo hvað setur til næsta þings. Það er og aðgætandi, að þótt það sje sjálfsagt, að raddir hafi heyrzt, sem vilja afnema ábúðar- og lausafjárskatt, þá hefur ekkert heyrzt um það, að almenn óánægja sje með útflutningsgjald af fiski og lýsi eða um tekjuskatt af atvinnu, og það sem haft er móti þessum álögum, er því komið frá fáeinum þingmönnum. Jeg veit þvert á móti eigi annað en að útflutningsgjald af fiski og lýsi sje vinsælt gjald, sem enginn hefur kvartað yfir, og enginn veit af. Þegar litið er til breyt.uppást., sjer maður, að uppástungumenn hafa þurft að leita að einhverju, til að fylla upp þau skörð, sem yrðu við afnumning þeirra skatta, sem þeir vilja fá burtu numda, og því hafa þeir hamazt á tóbakinu. Jeg veit ekki, hvort þeir hafa gjört það af því, að þeir vilja takmarka sem mest brúkun þessarar vöru, eða hitt hefur verið meiningin, að ota sigðinni sem mest að sjómönnum í staðinn fyrir útflutningstollinn. Jeg verð að segja, að hjer sje eitt öðru verra, því eigi verður því neitað, að sjómenn brúka manna mest af þessari vöru, og mega sízt án hennar vera. Jeg vil líka geta eins, og það er það, að hjer eru tvö frv. jafnhliða, sem þingið ætlast ekki til að

verði að lögum bæði tvö. Jeg óttast fyrir, að þessi tvö frv. glími svo saman, að þau falli bæði eða felli hvort annað, og það væri illa farið. Jeg er viss um, að þjóðin unir vel við þá niðurstöðu, sem nefndin hefur komizt að og virðist mjer því langrjettast að láta þetta mál bíða. Þar er ekki svo sem þeim grundvelli, sem h. flutningsmaður (J. G.) vill byggja á, sje sleppt fyrir það. Jeg get þess, til þess að fyrirbyggja misskilning, að jeg greiði atkvæði með sumum breyt.till. til vonar og vara, ef frv. skyldi verða samþykkt, nefnil. þeim breyt.till., sem færa kaffitollinn niður, en svo greiði jeg atkvæði móti frv. í heild sinni.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg skal byrja á því, að geta þess, að jeg tek aptur breyt.till. mína þingskjal 261 (C. 295), og jeg þykist vita að hinir h. þm., sem hlut eiga að, muni taka aptur breyt.till. 248, því þessar breyt.till. eru að mestu leyti komnar fram í sömu mynd í breyt.till. þeim, sem hjer liggja fyrir sem þingskjal 274. Jeg skal svo leyfa mjer að víkja að nokkrum þeim mótbárum, sem komið hafa fram gegn frv. þessu. Jeg vil samt fyrst leyfa mjer að taka fram sem verulegan kost á frv., að gjaldmátinn verður að álítast mjög heppilegur, og jeg ætla að það sje ekki efasamt, að gjaldendur greiði þennan skatt með fúsara geði en aðrar álögur, eins og yfir höfuð menn jafnan eru fúsari til að gjalda hina svo kölluðu óbeinlínis skatta en hina beinu skatta. Jeg vil ekki ganga fram hjá þeirri mótbáru, sem h. varaforseti (Á. Th.) hreifði, að kaupmenn legðu svo gífurlega mikið á fyrir tollinn, að 50% kostnaður legðist á kaupendur. Jeg skal eigi neita því, að þetta hafi við rök að styðjast. En jeg held að meira sje samt gjört úr þessari mótbáru en þarf. Ef það er rjett, að kaupmenn tollsins vegna og sökum hinnar óþægilegu fyrirframgreiðslu leggi svona mikið á, til þess að sleppa skaðlaust, þá eru þessir peningar kaupmannsins dýrari en aðrir peningar, því enginn kaupmaður tekur peninga á vöxtu fyrir 50% til að leggja í verzluna sína. En ef þeir leggja meira á en þeir þurfa, verður það auðsjáanlega þeirra hagur; þeir verða stöndugir borgarar, og borga meir til almennra þarfa. *(M. Stephensen:* Já, út í Danmörku). Það eru margir kaupmenn innlendir. Jeg ímynda mjer, að hafi kaupmenn þennan hag, hljóti hann þó að koma einhverstaðar niður á verzluninni. Jeg ímynda mjer, að þetta, sem kaupmaðurinn hefur ríflega tekið, brúki hann til að jafna með verðlag á öðrum vörum, og þann verzlunarhalla, sem hann annars kann að bíða, og að þessir peningar þannig á einhvern hátt, að nokkru leyti að minnsta kosti, verði notagjald almennings. Þar sem því hefur verið hreift, að tollálagan ásamt viðaukanum legðist öll á kaupendur, þá skal jeg taka fram, að eigi virðist reynslan benda á annað en hún komi einnig niður á kaupmönnum. Jeg hef eigi heyrt þess getið, að kaupmenn nú, í hin síðustu 10—20 ár, hafi haft meiri hag af verzlun sinni hjer, en áður, meðan engin tolllög voru. Jeg hef þvert á móti heyrt, að hagur þeirra hafi verið miklum mun rýrari. Það hefur verið tekið fram, að bændur yndu vel við útflutningstoll á fiski og lýsi, af því þeir fyndu ekki til hans. En þó bændur ekki finni til hans, hljóta þó einhverjir að gjöra það. Einhverstaðar kemur hann niður. Ef eigi á bændum, þá á kaupmönnum. Ef þeir tapa eða leggja út 20 þús. kr. fyrir hann, hljóta þeir einhversstaðar að leggja þessa upphæð á, þótt þeir kunni að gjöra það ósýnilega. Um þá verðhækkun á einhverjum vörum, máske einmitt á kaffi og sykri meðal annars, sem af þessu leiðir, tala menn ekki orð. Jeg verð aptur að ætla, að ef kaupmenn nú sleppa hjá þessum 16—20 þúsund krónum, hafi þeir þau verzlunarhyggindi til að bera, að láta viðskiptamenn sína njóta þess. Viðvíkjandi því, sem tekið hefur verið fram um, að verðhækkun sú, sem af tollinum leiddi, mundi koma misjafnt niður á þeim, sem vörurnar keyptu, þá skal jeg eigi neita því, að svo kunni að verða. En satt að segja veit jeg ekki, hvaða gjöld það eru, sem ávallt koma jafnt niður á öllum. Jeg skal leyfa mjer að taka dæmi: Tveir embættismenn hafa sömu laun, og þurfa að svara sömu gjöldum. Annar er ómagalaus eða ómagafár. Hinn er fjölskyldumaður. Er nú ekki auðsjeð, að hið sama gjald kemur þyngra niður á fjölskyldumanninum, en hinum? Það verður sjálfsagt mjög erfitt, eða með öllu ómögulgt, að setja þau lög, sem í þessu tilliti fyrirbyggi allar misfellur, hvernig sem á stendur. Dæmið, sem jeg tók, er að minnsta kosti nokkurn veginn tilsvarandi. Jeg vildi sýna, að gjöld koma aldrei absolut jafnt á alla. Jeg verð og að taka undir með h. þm. Dal. (J. G.), þar

sem hann drap á, að menn yrði að líta á heildina, en ekki einstaklingana. Vjer þingmenn erum ekki malaflutningsmenn einstaklinganna, einstakra hjeraða eða stjetta, heldur þjóðarheildarinnar, og þótt oss sjálfsagt falli það sárt, ef einum er meira í þyngt en öðrum, þá er það sannlega ekki rjett af nokkrum þingmanni, að gjörast málaflutningsmaður að eins fyrir sitt hjerað. Snertandi það, sem h. varaforseti (Á. Th.) tók fram, um hvað það væri raunalegt, að koma á hin fátæku heimili, og hversu það hlyti að vekja meðaumkvun og viðkvæmni, að sjá hinar bágbornu heimiliskringumstæður, þá skal jeg fúslega gefa honum rjett í þessu. Jeg skal eigi bera á móti, að jeg hefi á mörgum heimilum sjeð sorglegan fátæktarvott. En jeg vildi spyrja: Mundi fátæktin verða meiri fyrir það, þótt tollurinn kæmist á? Jeg held jeg verði að segja, að hún mundi eigi verða sýnilegum mun meiri. Það er auðsjeð, að tómthúsmann, sem kaupir, segjum 70 pd af kaffi á ári, kann að vísu að muna um þá 4 eða 5 aura, sem hann greiðir meira fyrir pundið tollsins vegna, ef tollurinn kæmi einungis niður á þessari vöru; en ef honum nú er jafnað niður á margar vörur, sem þeir kaupa allt árið hjá kaupmanninum, verð jeg að segja, að gjaldið sje sem dropi. Jeg vil líka minna h. varaforseta (A. Th.) á, að margir þessir fátæku menn mega sjálfsagt einhverju öðru en þungum sköttum og álögum um fátækt sína kenna. Jeg veit að h. varaforseti mun einhvern tíma hafa komizt að raun um, að þegar sumir slíkir menn stundum koma á uppboð, er engin fátækt á þeim að sjá; þá bjóða þeir í hlutina máske talsvert meira en það, sem þeir verða keyptir fyrir nýir í búðunum. Þetta er þá það mál, sem miklu skiptir, hvernig á er litið. En undir öllum kringumstæðum ætla jeg hjer um bil víst, að 3 - 4 kr., sem tollurinn legði á, mundi allt árið ekki ríða verulega baggamun. H. varaforseti drap á, að nærri sanni mundi að tolla aðrar vörur, svo sem bómullarvefnað. Jeg vil ekki beinlínis neita, að svo kunni að vera, en jeg ætla að það mundi verða erfiðara í framkvæmdinni að finna rjettan grundvöll fyrir slíkri tollálögu. Þá yrði annaðhvort að leggja toll á *hverja alin,* og það yrði mjög erfitt, sökum þess, að verð hverrar alinar er mjög svo mishátt, eða þá á *verð* hverrar alinnar, og þá yrðu vandkvæðin enn meiri. (*M. Stephensen:* Þá eptir þyngd?). Jafnþungi bómullarvefnaðar og ýmiss annars vefnaðar er mjög svo misjafn að verðhæð. Ef við skoðum fátæklingana, sem enga skepnu eiga, þá er þeim nauðugur einn kostur, að kaupa útlendan vefnað sjer til klæðnaðar. Þeir geta eigi eignazt ull, og meira að segja bændurnir, sem ullina hafa, munu sjá sig neydda til að kaupa þó nokkuð af útlendum vefnaði. Hvernig sem á er litið, held jeg að maður verði að skoða hinn útlenda vefnað, að minnsta kosti eins nauðsynlegan og kaffi og tóbak. Mjer heyrðist h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) tala um, að jeg og hinir aðrir h. þm., sem ásamt mjer eru formælendur þessarar tollálögu, værum að *hamast* á tóbakinu. Að því er þetta snertir, vona jeg mjer leyfist að geta þess, að jeg eigi fer því fram, að hækkaður verði tollur á því, af þeim sökum að jeg sjálfur eigi brúka neitt þess konar, heldur af þeirri ástæðu, að jeg álít tóbak eigi fremur en brennivín nauðsynjavöru. Það getur máske komið sumum vel, að hressa sig á því stundum; en slíkt má einnig segja um brennivín. Og jeg get yfir höfuð ekki fundið neitt óeðlilegt eða neina hættu á ferðum fyrir því, þótt þetta tollfrv. yrði samþykkt. Enginn bíður fyrir því verulegan hnekki; margir vita alls ekki af því, sumir máske dálítið og þeir sem mest finna til þess, geta þó ekki sagt, að þungar álögur sjeu á þá lagðar. Þeir geta, vilji þeir eða þurfi þeir endilega að losast við tollinn, vegið það upp með því, að kaupa dálítið minna; mjer getur ekki fundizt það lífsnauðsyn fyrir nokkurn mann, að kaupa allt af jafnmörg kaffi og tóbakspund á hverju ári. Jeg verð að leggja mikla áherzlu á, að þessi gjaldmáti, sem frv. fer fram á, verður að minu áliti mjög þakknæmilegur, og einhversstaðar verður mismunurinn að koma fram, til að jafna upp þá tolla, sem af er ljett. Jeg ímynda mjer, að ákvarðanir frv. valdi fremur ánægju hjá hinum ýmsu flokkum, því bóndinn sleppur við tilfinnanlegan og óvinsæian skatt, sjómaðurinn við toll og af embættismannaflokknum er sömuleiðis ljett nokkru gjaldi.

Jeg skal játa, að það sjeu verulegar mótbárur þessa frv., að tekjur þær, sem það ákveður landssjóði, muni eigi, þegar til lengdar lætur, þótt menn vegna ástandsins ljetu sjer það lynda næstu 2 ár, jafnast við þau gjöld, sem það afnemur. En jeg verð aptur að ætla, að það liggi í hlutarins eðli, að toll-

inn mætti þá, þegar kringumstæður breytast, hækka lítið eitt, svo allt jafnaði sig. Það mun eigi vera leyfilegt að gjöra reikning uppá, að þau frumvörp verði að lögum, sem enn eru á leiðinni og eigi er vissa fyrir að nái samþykki þingsins. Jeg hef hlerað, að hjer væri á ferðinni frv. til laga um farmgjald skipa, og ef það frv. yrði að lögum virðast mikil líkindi til, að þar af mundu leiða tekjur fyrir landssjóð, sem fyllilega svaraði þeirri þurð, sem á yrði við það frv. sem hjer liggur fyrir. (*J. G.*: Miklu meir.) Þegar á allt er litið, verð jeg að halda sömu stefnu fram og áður; því jeg ætla hana hagfeldasta, og verð yfir höfuð að vona að h. deild þekkist frv. þetta.

Sighvatur Árnason: Jeg ætlaði einungis að gjöra stutta athugasemd út af orðum h. 6. kgk. þm. (H. Sv.) Jeg ímynda mjer hann hafi eigi meint það til mín, þar sem hann tók það fram, að þingmenn mættu eigi blína á sitt eigi hjerað eða sjerstaka landshluta, heldur líta á hag heildarinnar. (*H. Sv.*: Alls eigi). Og mjer datt í hug út af orðum hans, þar sem hann talaði um heildina og hina einstöku, sagan um manninn, sem var að halda því fram, að hann vildi eigi láta dæma hinn sakborna fyr en hann hefði játað á sig sökina, og þegar hann var spurður um ástæðuna, svaraði hann, að hann vildi heldur að margir sekir slyppi óhegndir en að einum saklausum yrði hegnt. Eins vil jeg hafa í móti þeirri álögu, sem margir komast ljett út af, en leggst órjettlátlega og voðalega niður á hina einstöku.

Jakob Guðmundsson: Jeg vil taka fram eitt atriði, nfl. þar sem nefndin stingur upp á því af hjartagæzku við hina fátæku, að ljetta á ábúðar- og lausafjárskatti næsta fjárhagstímabil. Jeg held þessi hjartagæzka komi eigi niður á rjettum stað. Hverjir bera ábúðarskatt? Þeir einkum, sem búa á stærstu jörðunum. Og hverjir lausafjárskatt? Hinir fjármörgu og ríku, sem mest hafa gjaldþolið. Kemur þá þessi ívilnun fátæklingunum að notum? Nei, þessi velmeinta eptirgjöf kemur þá ekki eins vel niður eins og hvað hún er vel meint. Hvað þessa skrifstofulegu hagfræðisskýrslu, sem varaforseti kom með, snertir, þá virði jeg slíkar reikningslegar skrifstofuskoðanir mikils og álít þær sannlega góðar til sins brúks, jafnframt og jeg þó hef það hugfast, að það eru hyggindi sem í hag koma. Jeg met að sönnu þessa skrifstofuhagfræði mikils, en þó ekki minna þá hagfræði, sem í hag kemur. Eins og allira vita, eru ekki nema fáir menn á þinginu, sem hafa þessa formlegu menntun, sem óneitanlega er nauðsynleg til þess, að frv. þau, sem frá þinginu, fara verði sem bezt vönduð frá formsins hlið, og því þurfum við hinir aumingjarnir leiðbeiningu þessara manna. En það þarf til fleira að líta en formsins. Það þarf að finna hinn rjetta grundvöll laganna, og hann getur bændavitið, þegar um búmannlega hagfræði er að gera, alveg eins vel fundið og lærða vitið. Þó það sjeu ómenntaðir bændur, geta þeir gefið góðar bendingar; þeir geta fundið þennan grundvöll, sem hinir lærðu svo laga til og koma í rjett form. Þegar þetta hvorttveggja fylgist að, fást holl lög fyrir þjóðina. Því var beint að mjer, að jeg þekkti hvergi til nema í Dalasýslu; en jeg hef verið annarstaðar, þekki vel til annarstaðar og hef í mörg ár staðið með brjefaskiptum um almenn landsmál í sambandi við menn í öllum sýslum landsins, nema Múlasýslum. Jeg hefi heyrt álit greindustu manna um þjóðmál. Mjer er mjög vel kunnug þessi bændalega hagfræði, og þó jeg taki þakksamlega bendingum og leiðbeiningum hinna formlærðu, hvað formið snertir, met jeg þó hinn hagfræðislega grundvöll ekki minna, og hann finn jeg ekki síður hjá beztu bændum út um landið, heldur en hjá hinum skrifstofulærðu hjer í höfuðstaðnum, þar sem hin æðri upplýsing uppljómar allt.

Benidikt Kristjánsson: Jeg ætlaði eigi að tala í þessu máli og hefi því hingað til hlýtt þegjandi á umræður manna. Jeg skal nú eigi vera langorður. Skal jeg þá fyrst taka það fram, að ef breyta skal frá hinum beinu sköttum og leggja á toll í stað þeirra, þá get jeg einungis fallizt á, að útflutningstollur verði lagður á þær vörur, sem álitið yrði skaði fyrir landið að selja, og það rjeði atkvæði mínu um daginn, er jeg greiddi atkvæði á móti frv. Nd. Á hinu bóginn verð jeg að álíta rjett, að leggja aðflutningsgjald einungis á þær vörur, sem skaði er fyrir landið að fluttar sjeu inn í það, og til þessara vörutegunda heyrir óneitanlega kaffi, sykur, og tóbak, innan vissra takmarka. Þótt jeg nú fjellist á meginreglu frv. þessa, sem hjer er til umræðu, verð jeg að líta á annað, og það er það, hvort nú sje hentugur tími til að innleiða löggjöf um aðflutningsgjald, slíkt sem frv. ræðir um. Jeg álít

skyldu löggjafarinnar að líta ávallt eptir því, hvort það sjeu kringumstæður og tími til að koma fram með ný lög. Jeg skal geta þess fyrir mitt leyti, þótt jeg kannist við að frv. sje byggt á rjettum grundv., þá álít jeg ekki tímann hagkvæman til að innleiða það nú. Jeg legg mikla áherzlu á þetta orð *tími*, því jeg legg í það þá þýðingu, hvort gjaldið geti verið sanngjarnt og eptir kringumstæðunum komið sanngjarnlega niður á menn þá, sem gjaldið eiga að greiða. Jeg verð að ætla, að nú í þessum árum eigi margir af þeim við ramman reip að draga, bændur, iðnaðarmenn, og sjómenn, en jeg ætla að allir kannist við, að einkum sjómenn og iðnaðarmenn fá að kenna harðast á aflaleysinu. Jeg skal geta þess, að það getur að vísu vel verið, að landbúnaðurinn eigi enn fyrir hendi eithvert ófagnaðarár, en nú sem stendur vona jeg þó, að landbúnaðarmaðurinn sje betur á vegi staddur en sjávarbóndinn; nokkuð kann að rætast fram úr hinum mikla grasbresti. Af því nú að þetta frv. fer fram á að afnema talsverðar álögur af landbúnaðinum, get jeg eigi álitið, að landbóndinn verði fyrir nokkrum skaða, þótt frv. verði að lögum. Öðru vísi kemur þetta niður á sjávarbóndanum. Hjer stendur landbúnaðurinn betur að vígi. Allt skakkafallið lendir á sjávarbóndanum, því þótt sagt sje, að hann fríist við útflutningsgjald af fiski og lýsi, þá er sjón sögu ríkari með það, að hann þarf alls eigi að borga þennan toll. Jeg ætla því, að þetta frv. mundi koma hart niður á sjómönnum, en eigi einungis þeim, heldur einnig öðrum flokk manna, sem líkt stendur á fyrir, nfl. iðnaðarmönnum. Við höfum iðnaðarmenn hjer í kring, grasnytjalausa, aflalausa, og atvinnulausa. Hvaða líknar njóta þeir eptir frv. þessu? Þeim er nauðugur einn kostur, að kaupa hina tolluðu vöru. Jeg held jeg fari nú að skilja það, sem þm. Dal. (J. G.) sagði við 1. umr. í þessu máli, og nú minnti á hinn stranga aga undanfarinna tíma, er hinir ströngu foreldrar hýddu börnin þegar þau grjetu af sulti, í stað þess að gefa þeim mat. Jeg verð að segja, að þótt frv. þetta kunni að vera hyggilegt, frá almennu hagfræðislegu sjónarmiði, þá sýnist mjer það mjög miskunnarlaust fyrir suma, eptir því sem nú á stendur; helzta ívilnunin, sem það veitir, kemur niður á embættismönnum, og ættu þeir þó sízt að þurfa hennar með, þar sem harðærið kemur ljettast niður á þeim, þótt sumt kunni þeir að kaupa dýrara en ella.

H. þm. Dal. (J. G.) vjek því að nefndinni, að niðurfærsla hennar á ábúðar- og lausafjárskattinum fyrir þetta fjárhagstímabil kæmi eigi miskunnsamlega niður, því hún kæmi helzt þeim efnuðu, sem mest gjaldþol hefðu, að notum. En hjer er eigi hlutfallinu raskað, og jeg vildi hann hefði eigi minnzt á þetta, fyrst hann um leið og hann vill afnema gjald stingur upp á að leggja annað tilfinnanlegt gjald á þá, sem eru nauðulega staddir, og sem einmitt á þessum tíma eiga bágt eða ómögulegt með að borga það.

Einar Ásmundsson: Það er sannarlega að bera í bakkafullan lækinn, að halda langa ræðu ofan á allt það, sem talað hefur verið um mál þetta í dag. En jeg að eins vil geta þess, að ræðurnar í dag hafa sannfært mig enn þá betur en áður um það, að mál þetta er sannarlegt vandræðamál, og ekki svo vel undir búið sem skyldi. Jeg veit, að öllum þykir gott að losast við ábúðar- og lausafjárskattinn, en eitthvað verður að koma í staðinn, en engin sameiginleg tillaga hefur enn komið frá almenningi, sem vill losast við þessa skatta, um það, hvernig úr tekjurýrnun þeirri, sem af afnámi skattanna mundi leiða, á að bæta. Og með því málið ekki er betur undir búið en þetta, þá hefur nefndin að eins lagt til, að þessir skattar yrði færðir niður í bráðina, án þess þeir sjeu afnumdir. En hún hefur ekki sjeð góð ráð til að setja að svo komnu neitt í staðinn. Jeg þykist hafa tilfinningu fyrir því, að vjer sjeum ráðsmenn þjóðarinnar, eins og h. flutningsmaður sagði, og vil því ekki einungis líta á hag einstaklingsins, heldur einnig heildarinnar. En jeg held, að menn líti svo bezt á hag heildarinnar, að einnig sje tekið tillit til einstaklinganna. Menn þurfa vandlega að hugsa sig um, á hverja hinn nýi skattur er aptur lagður. Það hefur verið tekið vel og rækilega fram, að meir en tiltölulegur hluti af þessum toll á kaffi, sykri og tóbaki kemur niður á fátæklingunum. Það dugar ekki að líta eingöngu á meiri hlutann, efnaða menn og bjargálnamenn; menn verða einnig að gæta að fátæklingunum. Þurrabúðarmenn og sjómenn eru að mestu lausir við ábúðar- og lausafjárskattinn. Nú á að nema þennan skatt af, en leggja aptur á skatt, sem kemur þyngra niður á þeim fátæklingum yfir höf-

uð, en skatturinn, sem af á að ljetta. Sveitabændur þurfa ekki eins nauðsynlega kaffi og þurrabúðarmenn við sjó. Staða þeirra, sem á sjónum lifa, er svo löguð, að kaffi er meiri nauðsynjavara fyrir þá.

Þegar jeg í dag gekk hingað í þetta hús, til að setjast í ráðsmannssætið í þjóðhúsi landsins, eins og þm. Dal. (J. G.) komst að orði, heyrði jeg til konu, sem hjelt alllanga ræðu um þetta efni, og þó jeg gjöri ekki lítið úr mælsku þm. Dal., þá verð jeg að segja, að mjer þótti kona þessi að minnsta kosti ganga honum næst að mælsku. Þessi kona sagði meðal annars — jeg skal geta þess á milli sviga, að hún var farin að eldast: — «Jeg er raunar ekki í þeim kringumstæðum, að jeg geti búizt við að eiga barn á hverju ári og hafa barn á brjósti ár eptir ár, en jeg veit ekki, hvernig aumingja konurnar, sem svo er ástatt fyrir, og sem ekki hafa annað en blautan fisk að nærast á, fara að lifa, ef þær eru sviptar kaffinu eða þeim gert enn þá erfiðara fyrir að fá það». Jeg get ekki munað öll orð konunnar, og því síður orðið eins mælskur og hún var; en jeg bið þm. Dal. að taka þau til hugleiðingar, og vona jeg, að þau renni honum til rifja.

ATKVÆÐAGR.: Brt. 274, 1. tölul.
a., samþ. með 7 atkv.
b., — — 6 —
c. — — 6 —
d. — — 8 —

Fyrsta grein frumv. þar með fallin.

Brt. 274, 2. tölul. samþ. með 7 atkv.
3. — — — 7 —
4. — — — 6 —

2. gr. frumv. með áorðnum breytingum samþ. með 6 atkv. 3. gr. samþ. með 6 atkv.

Brt. 274, 5. tölul. samþ. með 6 atkv.
6. — — — 6 —
7. — — — 6 —

4. gr. frv. þannig breytt samþ með 6 atkv.

8. tölul. samþ. með 6 atkv.
9. — — — 6 —

Frv. þannig breytt samþ. með 6 atkv.

— Málinu vísað til 3. umr. með 6 atkv.

Frumvarp til laga um rjett sveitarstjórna gagnvart þurfamönnum (C. 269); 3. umr.

Skúli Þorvarðarson: Af því þetta frv. hefur fengið góðar viðtökur og ekki mætt neitt verulegum mótmælum að efninu til hjer í þessari háttvirtu deild, við 1. og aðra umræðu þessa máls, þarf jeg ekki að flytja langa tölu til meðmæla með því. Breytingartillögur hafa ekki komið aðrar en þær, sem mjer og tveimur öðrum þingm. koma við (C. 301), og á þær ætla jeg að eins að minnast. Eprir 2. umr. fengum við tilefni til að athuga frv. nákvæmlega, og höfum við því komið fram með þessar breytingartillögur. Niðurlag 2. gr. þótti hart orðað; jeg fellst á, að þetta orð «öllum» kunni að þykja heldur hart, og geti orðið ágreiningsefni; því höfum við fellt það úr. Þó held jeg að þetta sje ekki ofhart að orði komizt samkv. skiptalögunum 12. apríl 1878 82. gr.; en þó vil jeg ekki halda því fast fram, því það gjörir að minni meiningu lítið til með rjetthæfi skuldar. Með tilliti til breytingarinnar við 3. gr. komumst við að þeirri niðurstöðu, að rjettara væri að sami valdsmaður, sem sett hefði fjárráðamann þurfaling, eptir atvikum veitti aptur fjárráðarjett, eða afnæmi úrskurð sinn. En svo höfum við fellt úr, að þurfamaður skuli sanna, að hann geti framfært sig og skylduómaga sína, því það mundi opt verða all-torvelt fyrir hann, með tilliti til ókomins tíma, og ekki víst, að sveitarstjórn vildi gefa honum vottorð um það fyrir sitt leyti, enda er varla mögulegt að vita greinilega um þær ástæður fyrir fram. Oss þótti því rjett, að þurfamaður fengi aptur fjárráðarjett sinn, er hann hefði borgað skuld sína að fullu og öllu. Við 6. og 7. gr. eru að eins litlar orðabreytingar, en alls engin efnisbreyting. Við höfum lagt til, að breyta fyrirsögn frumvarpsins, og virðist oss, að hún svari betur til efnis frv., eins og vjer höfum orðað hana nú. Jeg hef nú stuttlega gert grein fyrir breytingum vorum, og vona, að deildin muni fallast á þær, og frv. þannig breytt í heild sinni.

ATKVÆÐAGR.: Brt. 271, 1. tölul. samþ. með 8 atkv.
2. tölul. samþ. með 10 atkv.
3. — — í einu hljóði.
4. — — með 8 atkv.
5. — — í einu hljóði.

Frumvarpið þannig breytt samþykkt í heild sinni í einu hljóði, og kvað forseti

það mundu verða sent forseta Nd., til að leggjast fyrir þá deild.

Frumvarp til laga um breyting á 46. gr. í tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi (C. 288); 2. umr.

Umræðulaust var samþykkt í einu hljóði, að frv. gengi til 3. umræðu.

Frumvarp til laga um breyting á lögum 7. nóvbr. 1879 um siglingar og verzlun á Íslandi (C. 298); 1. umr.

Umræðulaust var samþykkt, að frv. gengi til 2. umr.

Frumvarp til laga um rjett til að fá útmælda verzlunarlóð á löggiltum verzlunarstað (C. 227); 1. umr.

Engar urðu umræður um málið, og var frv. með 6 atkv. móti 4 fellt frá 2. umr.

Uppástunga forseta um, að hafa eina umr. um *Þingsályktunartillögu um nefnd til að íhuga menntunarmál almennings* (C. 295), var samþykkt í einu hljóði.

Þrítugasti og þriðji fundur, laugardaginn 8. ágúst kl. 1. e. m. Allir á fundi.

Frumvarp til laga um utanþjóðkirkjumenn (C. 284); 1. umr.

Framsögumaður (Benidikt Kristjánsson): Af því, að forseti sendi nefnd þeirri, sem um daginn fjallaði um frv. til laga um stofnun borgaralegs bjónabands, þetta frv. til meðferðar samkvæmt þingsköpunum, þá áleit nefndin, þótt frv. sje nú búið að fá allt annað nafn og sje orðið svo útfært, að það engan veginn geti borið sama nafn og hið upprunalega frv. efri d., það samt skyldu sína, að segja álit sitt um þær greinar, sem teknar eru upp í þetta frv. úr frv. því, sem Ed. sendi Nd.; en að öðru leyti áleit nefndin ákvæði þessa frv. þannig löguð, að það yrði að álítast nýtt frv., sem hlyti að sæta þremur umræðum. Nefndin hefur því alveg leitt hjá sjer tvo síðustu kaflana sem alveg nýja og sem slíka, er innihjeldi þýðingarmiklar almennar ákvarðanir, sem ekki snerta fyrsta kaflann. Jeg þykist sjá af dagskránni, að forseti álíti frv. þetta nýtt og ætli því 3 umr. Þegar tekið er til greina, að hjer er nýtt og annað frv. en hið upprunalega frv. frá Ed., hefur nefndin eptir atvikum látið sjer lynda, þótt Nd. hafi fellt úr frv. Ed. þýðingarmiklar ákvarðanir, enda gátu þær ekki vel átt heima í þessu frv. samkvæmt stefnu þess, og hefir nefndin því komizt að þeirri niðurstöðu, að ráða hinni heiðruðu deild til að fallast á þessar breytingar.

Að svo stöddu finn jeg ekki hvöt til að ræða hinar nýju ákvarðanir, sem frv. inniheldur, en læt mjer nægja að láta í ljósi þá skoðun mína, að jeg álít, að frv. haldi sjer innan mjög hóflegra takmarka, þar sem það ræðir um rjettindi utanþjóðkirkjumanna, án þess það veiti meiri rjett en nauðsynlegt er. Jeg álít ekki á hinn bóginn, að það eigi að gefa mönnum upphvatningu til að skilja sig við þjóðkirkjuna. Í öllu falli verð jeg fyrir mitt leyti að álíta það sorglegt, ef slíkt kæmi opt fyrir, og finnst mjer menn ættu að hafa það hugfast, að sporna við því með öllu hæfilegu og rjettu móti.

Hallgrímur Sveinsson: Eins og h. flutningsm. hins fyrv. frv. (B. Kr.) tók fram, er frv. þetta komið frá h. Nd. ekki eins og það var hjeðan sent, heldur annað frv. því samtengt og verður því að takast í sambandi við það. Þetta frv. heitir frv. til laga um utanþjóðkirkjumenn. Fyrsti bálkurinn er eins og frv. Ed., en þó hafa verið gjörðar verulegar breytingar á ákvæðum þeim, sem það innihjelt. En jeg skal eigi áfella Nd. fyrir þær allar. Jeg er eigi jafn-ánægður með aðrar breytingar Nd. En nefndin hefur þó ekki fundið ástæðu til að gjöra breyt. till. við frv. eða gjöra neinar athugasemdir við breytingar Nd. Mjer finnast sum ákvæðin í þessu frv. nokkuð varhugaverð, og vona jeg það verði ekki tekið svo, sem jeg á þessu stigi málsins gangi inn á einstaka greinir, þótt jeg leyfi mjer að benda á, að jeg hygg að það sje prentvilla í 4. gr. 13 fyrir 3. Á nokkrum stöðum stendur utanþjóðkirkjumenn, þar sem sjálfsagt eptir efninu á að vera «utanþjóðkirkjutrúarmenn», og ætla jeg að það geti eigi vel samþýðzt efni frv. Utanþjóðkirkjumenn skiptast nefnilega í 3 flokka. Fyrst eru þeir utanþjóðkirkjumenn, sem hafa *sömu trú* og þjóðkirkjumenn, og það er vitanlega einmitt sjerstaklega með slíka menn fyrir augum, sem frv. er samið. Allir munu sjá, að það er sjerstaklega einn söfnuður, sem þráir rjettarbót, sem hjer er hafður fyrir augum. Þessi söfnuður hefur aldrei neitað því, að hann hefði þjóðkirkjutrú, og þess vegna er

farið út fyrir hann í sumum þeim ákvæðum, þar sem utanþjóðkirkjutrúarmenn eru nefndir í. Þá er annar flokkur utanþjóðkirkjumanna sá, sem að vísu er frábrugðinn þjóðkirkjumönnum í trúarskoðunum, en þó eigi í svo verulegum atriðum, að hann eigi geti vænzt samþykkis konungs til að vera kirkjufjelag fyrir sig. Og loks er þriðji flokkurinn þannig lagaður, að hann getur eigi vænzt neins samþykkis frá konungi, sökum þess, að hann stendur á allt öðrum trúargrundvelli en þjóðkirkjan, og getur því eigi orðið löghelgaður öðru vísi en svo, að hann er liðinn og nýtur borgaralega rjettinda.

Þar sem nú h. Nd. hefur steypt saman í eitt frv. því, sem hjeðan fór, og öðrum ákvörðunum, sem hún hefur sjálf samið, þá hefur hún ekki alstaðar nægilega athugað þennan mun, sem er á því, að vera utan þjóðkirkju og utan þjóðkirkjutrúar, og hefur því ekki alstaðar getað með rökum sett utanþjóðkirkjumenn í staðinn fyrir utanþjóðkirkjutrúarmenn. Meðal annars af því að nauðsynlegt er að athuga þessa ónákvæmni í frumv., held jeg ekki sje ráðlegt annað, en að setja nefnd til að íhuga málið. Þó h. nefnd, er hafði til meðferðar frv. um borgaralegt hjónaband hjer í þingd., hafi litið yfir I. kafla þessa frv., þá hefur hún sleppt fram hjá sjer II. og III. kaflanum sem sjer óviðkomandi. Jeg segi ekki, að óvinnandi verk sje, að kippa frv. í lag án nefndar, en jeg álít það tryggilegra að láta nefnd athuga málið í heild sinni, því að ekki er svo fátt athugavert við það. I þeim köflum, sem nefndin ekki hefur álitið sjer skylt eða máske heimilt að segja álit sitt um, er að ræða um verulegar meginreglur, svo sem *gildi embættisverka utanþjóðkirkjupresta* og *gjaldskyldu utanþjóðkirkjumanna*, sem allt er þannig lagað, að öll ástæða er að það fái sem rækilegasta yfirvegun. Ef h. forseti álítur það ekki frá formsins hlið rangt, að kjósa nýja nefnd til að íhuga málið, þá vildi jeg helzt óska, að slík nefnd yrði sett; en jeg sje þó ekkert á móti því, að biðja hina gömlu nefnd að taka einnig til yfirvegunar þessa tvo síðari kafla frv., og gæti hún þá bætt við sig tveimur mönnum, ef henni þætti það æskilegt. Hvað snertir frv. þetta í heild sinni, þá er jeg ekki á móti því yfir höfuð að tala, eins og það er komið frá h. Nd., og þá heldur ekki á móti hinum tveimur nýju köflum. Því jeg játa, að eins og stendur, er þessi söfnuður að miklu leyti herralaus og rjettlaus, svo að brýna nauðsyn ber til að skipa rjetti hans á viðunanlegan hátt, bæði svo, að hann geti náð *sínum* rjetti, og að þeir, sem kunna að bíða halla við stofnun þessa safnaðar, geti fengið rjettlátt endurgjald.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 10 atkv.

Forseti: Það hefur verið stungið upp á því, að vísa máli þessu til nefndar þeirrar, er þessi þingd. skipaði á dögunum til að íhuga frv. til laga um borgaralegt hjónaband o. s. frv.

Benidikt Kristjánsson: Jeg skal leyfa mjer að gjöra þá athugasemd, að jeg býst við að hinir háttvirtu meðnefndarmenn mínir sjeu mjer samdóma um, að nefndin í málinu um borgaralegt hjónaband sje búin að ljúka starfa sínum, og því geti ekki verið að ræða um að vísa þessu máli til þeirrar nefndar, sem ekki er lengur til.

Forseti kvaðst ekki sjá neitt á móti því, að þingd. þá setti nýja nefnd. Bar hann þá undir atkvæði, hvort nefnd skyldi setja í málinu, og var það samþ.

Í nefndina voru kosnir: Hallgrímur Sveinsson með 9 atkv., Benidikt Kristjánsson með 5, atkv. og í annari kosningu: Jakob Guðmundsson með 5 atkv.

Frumvarp til laga um friðun á laxi (C. 297); 1. umr.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg játa, að frv. þetta, sem komið er frá h. Nd., hefur marga kosti til að bera. Jeg hefi líka fundið í því einn gimstein; það er ákvörðun 4. gr.; en gimsteinn þessi er þó nokkuð gallaður. En þó jeg nú játi, að frv. hafi marga kosti, þá dylst mjer ekki, að það hefur líka ókosti, og þá svo mikla, að ef h. þingd. ekki treystir sjer til að bæta það stórkostlega, þá vil jeg ráða henni til að fella það nú þegar.

Benidikt Kristjánsson: Þegar jeg ber frv. þetta saman við hin gildandi laxfriðunarlög, þá skal jeg játa það með h. 5. kgk. þm. (L. E. Sv.), að frv. hefur inni að halda ákvarðanir, sem eru til bóta þessari löggjöf. Þegar jeg lít á þetta, sem og hitt, að menn eru óánægðir með þau laxafriðunarlög, sem

nú gilda, þá verð jeg að telja það gott, að þetta frv. er komið fram. Að menn ekki eru alls kostar ánægðir með laxfriðunarlögin, get jeg engum láð, enda er það kunnugt, að þegar þau voru rædd hjer á þinginu, áttu þau mjög erfitt uppdráttar, og til þess að geta fengið málinu framgengt, urðu þeir, sem fá vildu því framgengt, að hliðra til við hina, sem því voru mótfallnir, í ýmsum greinum. Þegar jeg lít á þetta frv., finn jeg þar ýmsar ákvarðanir, sem benda til bóta á þeim lögum, sem nú gilda, jafnvel þótt jeg á hinn bóginn hljóti að játa það með sama h. þm., að hjer sje ýmislegt nokkuð varhugavert og ekki sem heppilegast. Þó dettur *mjer* ekki ekki í hug að stinga upp á því, að frv. verði fellt, heldur vil eg miklu fremur mæla með því, að deildin leggi rækt við það, og helzt að hún fyndi ástæðu til að setja þriggja manna nefnd til að íhuga það. Það er kannske ekki nauðsynlegt, að fresta 1. umr., jafnvel þótt jeg fyrir mitt leyti vildi það eins vel.

Sighvatur Árnason: Jeg vil styðja að nefndarkosningu í þessu máli, en jafnframt leggja það til, að 1. umr. verði lokið áður.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg verð líka að vera á því, að þessari 1. umr. verði lokið áður en nefndin yrði sett, því að það er ekki hægt að ræða þetta mál nema með því, að fara út í einstakar greinir.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 10 atkv.

Nefnd samþ., og kosnir: L. E. Sveinbjörnsson með 10 atkv., Benedikt Kristjánsson með 9 atkv., og Á. Thorsteinsson með 6 atkvæðum.

Tillaga til þingsályktunar um aðgang kvenna til námsprófa (C. 299); ein umr.

Sighvatur Árnason: Nefndin (C. 302) ræður til að samþykkja tillöguna, eins og hún er komin frá h. Nd., en það er ekki af því, að hún sje ánægð með breytinguna, er á hefur orðið þar, heldur af því, að hún vill halda þessu heldur en engu, því annars mundi málið falla, ef farið væri að breyta og deildunum gæti ekki komið saman um þetta lítilræði. En mjer virðist aðferð Nd. óskiljanleg, nl. að fella úr um próf, sem kvennmenn tæki við kvennaskólann hjer í Reykjavík til þess að verða eða geta orðið kennarar við aðra kvennaskóla, sem gæfi tryggingu fyrir hæfilegleikum þeirra til að vera kennarar. Þegar þetta er fellt úr, þá virðist það gert til þess að breyta, en ekki til að bæta. En það er ekki eins dæmi með þetta atriði; neðri deild breytir svo mjög fyrir efri deild, að heita má, að ekki komi eitt einasta mál óbreytt frá henni aptur; svo er hún nærgöngul efri deild. Jeg held að neðri deild hefði verið ráðlegra eptir þessu að dæma, að afnema efri deildina með hinu nýja stjórnarskrárfrumv. sínu, eða að hún (neðri deildin) fengi fullnaðar-atkvæði um öll mál. Samt verð jeg að ráða þingdeildinni til að fallast á það sem eptir er af þessari tillögu, til þess að efri deild sýni þó viljann fyrir verkið.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg leyfi mjer að styðja að því með nefndinni, að þetta fái fram að ganga, því að nýjar breytingar og hrakningar gætu orðið málinu til hnekkis. Framsögum. (S. Á.) fjellu þung orð um neðri deild, sem vjer eigum að heiðra og vinna í samlyndi við. En mjer virðast þau of þung í þessu atriði. Hin h. Nd. felldi 2 stafliði, og hún hefur skilað 2 stafliðum aptur, til að hugnast flutningsmanni (S. Á.), og gert uppástunguna ljósari, með því að liða sundur, og það verður að vera ljóst, til þess að ekki komist rugling á í neinu atriði. Jeg vildi vekja máls á þessu, framsögumanni til hugnunar.

ATKVÆÐAGR.: Síðan var ályktunin samþykkt í einu hljóði, og kvað forseti málið verða sent landshöfðingja, sem afgreitt frá þinginu.

Tillaga til þingsályktunar um nefnd til að íhuga menntunarmál almennings (C. 295); ein umr.

Jakob Guðmundsson: Jeg vil mæla fram með tillögu þessari, um að setja nefnd. Jeg vona, að stjórninni heppnist svo vel að velja menn í nefnd þessa, að hún geti unnið með góðum árangri, og komizt að góðri niðurstöðu. Jeg vona sjer í lagi, að h. landshöfðingi leggi til við stjórnina, að hún velji hina hæfustu menn í þessa nefnd. Bezt væri að sönnu, vegna kostnaðarins, að þeir menn væru sem næst Reykjavík, en þó má ekki ganga fram hjá hæfum mönnum í nærsveitunum, sízt þeim, er fengizt hafa við alþýðuskólamenntun í framkvæmdum Jeg gjöri mjer beztu vonir í þessu efni um, að stjórninni takist vel að velja.

Sighvatur Árnason: Jeg álít þetta

mál svo mikið vandamál og nauðsynjamál, að jeg vildi óska, að það væri rætt dálítið hjer á þingi, þótt tillagan fari ekki fram á neinar ákvarðanir um málið, heldur að eins að nefnd verði sett til að íhuga það. Það er auðsjeð, að upphstungan er æði-rúm, og margt má um þetta mál tala, sem nefndin fengi til meðferðar. Jeg vil geta þess, að fyrir mjer hefur vakað, sem ætlunarverk nefndarinnar, einkum það, er snertir uppfræðslu æskulýðsins, bæði á heimilinu og í unglingaskólum. Nefndin gæti ef til vill tekið einnig til íhugunar hinar aðrar menntastofnanir, þó jeg hafi ekki hugsað mjer það. Mjer og fleirum virðist kennsla á lægri stigum, t. d. heimakennsla og í barnaskólum, vera ófullkomin og á reiki, þar sem t. d. í sumum barnaskólum er kennt það sem prestum og sóknarnefndum ber að sjá um, en í sumum þar í móti ekki eða lítið. Efri deild ætti ekki að hleypa þessu þegjandi fram hjá sjer. Menn ættu að ræða málið og gefa upplýsingar í því, með því að láta í ljósi skoðanir sínar.

Hallgrímur Sveinsson: Þingmaður Rangvellinga óskaði umræðu um mál þetta, til þess að fá að heyra skoðanir manna um það. En hin h. Nd., sem hann hefur svo mikið traust á, hefur þegar rætt málið, og jeg ætla að skerfur vorrar deildar myndi ekki verða þyngri á metunum en hennar. Í Nd. komu fram breytingar frá hinni upprunalegu tillögu, og munu þær hafa gefið tilefni til þess, að menn hafi skýrt málið fyrir sjer, og sú tillaga, sem að lokum var samþykkt í Nd., var næsta lík, ef ekki alveg hin sama, og sú tillaga, sem hjer er um að ræða.

Hvað því viðvíkur, sem þm. sagði, að barnaskólarnir tækju að sjer þá kennslu, sem hvíldi á heimilunum, prestum og sóknarnefndum, þá vil jeg segja, að varla sje við það unandi, að börnum á þeim aldri, sem þau venjulega ganga hjer í skóla á, frá 8—14 ára, sje þar eigi kenndur kristindómur, nje heldur lestur og skript, því að jeg get ekki skilið, að barnið hafi tíma til að ganga í skóla hjá prestinum, jafnframt og það gengur í hinn skólann. Mjer virðist sá kostur beztur, að barnið fái alla kennsluna í þeim eina skóla. Jeg veit að vísu, að sú aðferð, sem þm. minntist á, á sjer sumstaðar stað; en þeir staðir munu vera færri, enda er hún ekki almennt talin heppileg, að jeg ætla. Ef barnið hefur 11 ára lokið kristindómsnámi sínu og vanrækir það síðan í 2—3 ár, þá er hætt við, að það hafi gleymt svo miklu, að það verði nærri því að byrja á ný, þegar á fermingaraldurinn er komið. En hitt er annað mál, hvort kristindómskennsluna mætti *takmarka* meira en sumstaðar er gjört í barnaskólum, og ímynda jeg mjer, að fáar stundir í viku mundu nægja til hennar, ef börnin eru vel stunduð heima. Óhugsandi finnst mjer, að sleppa með öllu skript og lestri úr skólanum.

Sighvatur Árnason: Það er ekki meiningin að fara að benda á reglur um þetta, heldur hitt, að gefa bendingar um það, að nefndin reyndi til að koma þeirri alþýðumenntun, sem hjer er um talað, í fastara og betra horf en verið hefur. Jeg ætla að þessu sinni hvorki að stinga upp á nokkru ákveðnu, nje áfella nokkra einstaka kennsluaðferð.

Jakob Guðmundsson: Fyrst farið er að tala um verkefni nefndarinnar á annað borð, þá vil jeg gjöra þá athugasemd, að sú nefnd, sem sett verður, hlýtur að hafa tvennt fyrir augum, bæði hvernig hægt er að koma upp alþýðuskólum og hvernig þeim verði haganlegast fyrir komið. Nefndin hlýtur og að taka til greina hinar mismunandi ástæður. Það hefur verið tekið fram, að seint mundi takast að koma upp skólum fyrir börn til sveita. Jeg álít það ekki heldur svo æskilegt; en þar tel jeg unglingaskóla nauðsynlega, og að á þá gangi unglingar um og eptir ferming. Allt öðru máli er að gegna um kaupstaði og sjópláss; þar er bæði hægra að koma skólunum á fót og þeir nauðsynlegri. Jeg hefi bæði verið í fjölmennum kaupstað og í sjávarplássum, og veit, að menn eiga þar stórum óhægra með, að segja til börnum sínum, en til sveita, og þar er nauðsynlegt, að börnin geti gengið í reglulegan skóla. Jeg treysti því, að í nefndina verði kosnir þeir menn, sem taka tillit til þessara ólíku ástæða manna, og vona jeg því góðs árangurs af henni.

ATKVÆÐAGR.: Síðan var gengið til atkvæða, og þyngsályktunartillagan samþykkt með 9 atkvæðum, og kvað forseti málið verða sent forseta Nd.

Þrítugasti og fjórði fundur, mánud. 10. ág., kl. 1 e. m.

Forseti skýrði frá, að landshöfðingi hefði tilkynnt sjer, að hann væri fús til að svara á morgun 11. þ. m. fyrirspurn til landshöfðingja frá 1. þm. Rangv. viðvíkjandi brúargjörð á Þjórsá og Ölvesá.

Frumvarp til laga um hluttöku safnaða í veitingu brauða (C. 287); ein umr.

Framsögumaður (Jakob Guðmundsson): Eins og h. deild sjer, eru hjer komnar lítilfjörlegar breyt.till. frá nefndinni (C. 305), sem ganga út á það, að breyta frv. lítið eitt frá því, er það var þegar það kom frá h. Nd. Fyrsta breytingin er það, að í staðinn fyrir orðin í 3. gr.: «söfnuðurinn ætli sjer eigi að» komi «enginn í söfnuðinum vilji», nfl. nota kjörrjett sinn. Ástæðan til þessa var sú, að nefndinni fannst rjettast að gefa öllum í söfnuðinum, sem annars hefði atkvæðisrjett, kost á að láta í ljósi vilja sinn, því henni fannst, nauðsynlegt að sóknarnefndirnar fullvissuðu sig um, hvort söfnuðurinn kæriði sig eigi um að nota þennan rjett sinn, áður en þær ljetu prófastinn vita. Auðvitað er, að ef prófasturinn enga skýrslu fær, er hann samt skyldur að kveðja til fundar innan hins lögákveðna tíma. Aptur kann það nú að vera hart, að einstakir eða mjög fáir menn í söfnuðinum skuli geta ollað því, að prófasturinn sje skyldur til að halda fund einungis til þess, að vita, hvort söfnuðurinn ætlar sjer að nota kosningarrjett sinn. Sem sagt, nefndin vildi ganga úr skugga um það, að einskis rjettur væri fyrir borð borinn. Svo kemur önnur breyt.till. við 11. gr., að orðin «eptir efnum og ástæðum» falli burt. Nefndin kunni eigi við, að láta jafna þessu gjaldi niður sem öðru sveitargjaldi. Þetta er annað gjald. Það hlýtur að verða ofurlítið, og eins og nefndin áleit, að einskis rjettur ætti að vera fyrir borð borinn, að því er kosninguna snertir, þannig áleit hún, að allir ættu að taka jafnan þátt í þessu litla gjaldi, ríkir sem fátækir. Í sambandi við þessa breytingu stendur nú næsta breyting, að í stað «niðurjöfnuninni» komi «skattheimtu þessari», því úr því gjaldinu ekki er jafnað niður, fannst nefndinni orðið niðurjöfnun ekki eiga við. Sama er að segja um síðustu breytinguna, að «sem önnur sveitargjöld» falli burt.

Það er eitt orð í 3. gr., sem nefndin hefur ekki breytt, en sem jeg vildi þó minnast á, af því jeg held að það væri kannske ástæða til, að íhuga nákvæmar, hvort eigi kynni að fara betur á að sleppa því. Það er orðið «síðan», þar sem talað er um, að prófasturinn skuli stofna til fundar. Að hafa þetta orð í þessu sambandi, finnst mjer gæti villt, og væri því kannske bezt að fella það burt. Jeg held það væri nóg, að þar stæði: «skal prófasturinn stofna til fundar». Jeg mundi fúslega fallast á að fella það burt, ef öðrum í deildinni þætti ísjárvert að halda því, og væri æskilegt, ef einhverjir vildu láta álit sitt í ljósi um það.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg ætla stuttlega að minnast á breyt.till. mína (C. 326). Í 3. gr. frv. stendur: «Á þessum fundi skal öllum þeim meðlimum þjóðkirkjunnar, sem búsettir eru í prestakallinu og óspillt mannorð hafa, gefinn kostur á að greiða atkvæði um umsóknarbrjef þau, er fyrir liggja». Þessu hef jeg leyft mjer að ráða til að breytt yrði þannig, að í st. f. umsóknarbrjef þau, er fyrir liggja, komi: «umsækendur þá, sem í kjöri eru». Jeg kann ekki við, að segja, að söfnuðir greiði atkvæði um brjef; það er vitaskuld, að meiningin er auðskilin; en óviðkunnanlega er þetta orðað engu að síður. Jeg kom því með þessa breyt.till. einungis til þess, að laga málið. Jeg vona hún sje heldur til bóta, og úr því h. deild hefur leyft henni að koma nú til umræðu, verð jeg sömuleiðis að vona, að deildin samþykki hana. Viðvíkjandi orðinu *síðan*, sem h. þm. Dal. (J. G.) benti á, get jeg ekki sjeð, að það geti orðið til verulegs baga, þótt það standi; en jeg skal aptur játa, að þess þyrfti í rauninni ekki með. En úr því, sem gera er, er nauðugur einn kostur að halda því. Mjer skilst eigi betur, en að það sje miðað við tvær gjörðir prófastsins. Fyrri gjörðin er það, að hann lætur, söfnuðinn vita um umsóknarbrjefin og leggur þau fram til sýnis. Hin gjörðin er það, að hann stofnar til fundar, og þess vegna finnst mjer þetta „*síðan*“ ekkert óeðlilegt. Viðvíkjandi breyt.till. nefndarinnar skal jeg geta þess, að jeg felli mig betur við orð frv. en breyt.till við 1. tölul. H. Nd. hefir viljað gjöra þá breytingu á frv. frá því það kom hjeðan, að ef einhver söfnuður af einhverjum ástæðum skyldi eigi kæra sig um að neyta kosningarrjettar síns, þá þyrfti eigi að baka prófastinum ómak og söfnuðinum kostnað. Hjer

hefur sjálfsagt meiningin verið sú, að áður en sóknarmenn riti prófastinum, sje fengin vissa um, hvort *meginþorri* safnaðarins ætli sjer að nota kosningarrjett sinn. Jeg get ekki ímyndað mjer, að sóknarnefndin upp á sitt eindæmi færi að rita prófastinum að hann þyrfti ekki að koma, án þess að hafa fengið vissu um, hvort söfnuðurinn vilji nota kosningarrjett sinn eða ekki, og það því síður, sem hún með því móti gæti búizt við því að sæta kæru. Jeg skil tilgang nefndarinnar, að hann er eins og h. framsögum. (J. G.) sagði, sá, að rjettur einskis einstaks manns skyldi fyrir borð borinn; en mjer finnst vera farið heldur langt; mjer finnst menn hljóti að geta gjört ráð fyrir því, að einstakir menn geti af ertni, illkvittni eða til að hefna sín, komið og sagt: jeg heimta minn kosningarrjett, og þá geta einstakir menn eða einn maður bakað söfnuðinum þennan kostnað, sem getur orðið nokkuð verulegur. Jeg held þetta sje ofmikill rjettur, og álít það áhættulaust, þótt orð frv. verði heldur látin standa. Þar sem nefndin leggur til, að fellt verði: «eptir efnum og ástæðum», þá skal jeg að vísu eigi tala margt um það; en jeg skal geta þess, að ef þetta fellur burt, stendur engin ákvörðun fyrir niðurjöfnuninni; jeg held, að bezt hefði verið, að einhver regla hefði þó verið sett fyrir því, hvernig jafna skuli niður. Í þessum orðum, «að jafna niður», liggur vanalegast það, að tillag eins skuli þó ekki vera alveg hið sama og tillag annars. H. framsögum. (J. G.) skýrði að vísu, eptir því, sem mjer skildist, svo frá, að tilgangur nefndarinnar hefði verið sá, að niðurjöfnunin skyldi fara fram eptir höfðatölu. *(J. G.:* Einmitt það). Viðvíkjandi breyt.till. undir stafl. b, skal jeg geta þess, að jeg að vísu álít hana eigi nauðsynlega; en annars finnst mjer það þó litlu skipta, hvort hún kemst að eða eigi, og hið sama er að segja um breyt.till. undir staflið c.

Framsögumaður (Jakob Guðmundsson): Viðvíkjandi breytingu nefndarinnar við 3. gr. um, að í stað orðanna: «söfnuðurinn ætli sjer eigi að», komi: «enginn í söfnuðinum vilji», svo að þessi ákvörðun gr. verði þannig: «Ef sóknarnefndin eða sóknarnefndirnar í prestakallinu láta eigi prófast vita, áður frestur þessi er liðinn, að enginn í söfnuðinum vilji nota kjörrjett sinn, skal prófasturinn síðan stofna til fundar» o. s. frv., þá er auðvitað, ef til vill, nokkuð hæft í því, sem h. 6 kgk. þm. (H. Sv.) sagði, að það væri hart, ef einhver einstakur maður eða fáir menn, af illkvittni eða sjervizku geta bakað prófasti óþarfa ómak og söfnuðinum kostnað með því að sækja kjörfund, sem svo enga þýðingu gæti haft. En þar sem sami þm. sagði, að það hefði sjálfsagt verið meining Nd., að ef sóknarnefndin ljeti ekki prófast vita, að helmingur eða meira en helmingur safnaðarins ætlaði sjer ekki að nota kjörrjett sinn o. s. frv., þá verð jeg að segja, að h. Nd. átti að taka þetta skýrt fram í frv. Lögin sjálf ákveða, hversu mörg atkvæði þurfi til þess að presturinn sje löglega kosinn, en hjer er um það að ræða, hve margir vilji nota kjörrjett sinn, og í frv. þyrfti því að standa, hve margir þeir þyrftu að vera, sem eigi vildu nota kjörrjett sinn, til þess að sóknarnefndin eigi þyrfti að láta prófast vita um það. Ef menn því fella þessa breytingu nefndarinar, þá verða menn í vafa um þetta. Viðvíkjandi athugasemdum sama þm. við breytingu nefndarinnar við 11. gr., að orðin. «eptir efnum þeirra og ástæðum» falli burt, þá skal jeg játa, að það geti í fljótu bragðu virzt nokkur ósamkvæmni í því, að leggja það til að þessi orð falli burt, en láta þó standa í sömu gr., að kostnaðinum við prestakosningar skuli «jafna niður». Jeg neita því þess vegna ekki, að til þess ákvörðunin um að gjaldið ætti að vera persónulegt yrði glöggvari, hefði átt að taka hana fram með skýrari orðum. Allt fyrir það held jeg þó, að ef ekkert er um það ákveðið, hvernig skuli leggja kostnaðinn á menn, eða með öðrum orðum, ef orðin «eptir efnum þeirra og ástæðum» falla burt úr frv., þá muni enginn geta skilið ákvörðina öðruvísi, en að kostnaðurinn skuli koma jafnt niður á öllum. En sem sagt, jeg játa, að það getur sýnzt, að nokkur ósamkvæmni sje í því, að láta orðin «jafna niður» standa í frv.; því væri mjer kært að fá að heyra meiningu fleirri h. þm. um þetta.

Benidikt Kristjánsson: Að því er snertir 3. gr. frv. og breytingu nefndarinnar við hana, þá er það næst minni skoðun, að fallast á breytinguna af þeirri ástæðu, að mjer finnst mjög óheppilegt, að lögin gjöri ráð fyrir, að söfnuðurinn vilji ekki nota kjörrjett sinn. Ef við því má búast, þá hefur það vissulega verið að undanförnu ófyrirsynju gjört af þinginu, að fara fram á að veita söfnuðunum rjett til prestakosninga.

Hjer er um svo þýðingarmikinn rjett að ræða, að lögin ættu með engu móti eins og að gefa söfnuðunum undir fótinn að nota ekki þennan rjett. Jeg tel það hreinan misskilning, ef þingið um leið og það vill vekja söfnuðina af þeim andlega svefni og doða, því ómagaástandi, sem þeir svo lengi hafa í verið, segi sem svo: «Þið getið annars, ef þið viljið, sofið og mókt hjer eptir sem hingað til». Viðvíkjandi hinum öðrum breyt.till. skal jeg geta þess, að mjer geðjast betur að þeirri skoðun, að þessi lítilfjörlegi kostnaður, sem af prestakosningum leiðir, eigi sje skoðaður sem útsvarsgjald, sem jafnað er niður eptir efnum og ástæðum. Hjer er að ræða um rjett, sem veittur er jafnt bæði ríkum og fátækum, og verð jeg því að telja eðlilegast, að hinum lítilfjörlega kostnaði, sem leiðir af notkun þessa rjettar, sje jafnað jafnt niður á alla, fátæka jafnt sem ríka, að hinn fátæki borgi sinn atkvæðisrjett jöfnu gjaldi og hinn ríki sinn. Vilji maður aptur breyta þessu eitthvað til, þá væri eðlilegast að jafna kostnaðinum niður eptir því, hvað marga menn maður hefði á heimili um og yfir fermingaraldur. Hjer er svo, hvert sem er, um lítilræði að tala.

Sigfvatur Árnason: Út af ósk h. framsögum. (J. G.) um að heyra meiningar manna um breyt.till. nefndarinnar, sjerstaklega við 11. gr., þá skal jeg láta þá skoðun mína í ljósi, að jeg er samþykkur þessari breytingu að efninu til; en á hinn bóginn skal jeg játa með h. 6. kgk. þm. (H. Sv.), að betra hefði verið, að skýrar hefði verið tekin fram sú meining uppástungumanna, að kostnaðinum skyldi skipta jafnt niður á alla, sem kosningarrjettinn hafa, ríka sem fátæka. Þó skal jeg taka það fram, að jeg áleit fyrir mitt leyti, þegar er jeg sá breytingartill., að þessi væri meining nefndarinnar. Jeg verð þó að telja það til mikilla bóta og heppilegt mjög, að *það* kemur fram í umr., sem óljóst er í frv. sjálfu; einkum ef svo ólíklega tækist til, að h. Nd. skyldi samþ. það óbreytt. En úr því nú er búið að lýsa meiningunni í þessari ákvörðun, þá álít jeg saklaust, að hún standi eins og hún er orðuð í breyt.till. Jeg verð þessu næst að lýsa því yfir, að jeg er h. þm. N-Þing. (B. K.) samdóma um, að sá rjettur, sem hjer er gefinn hverjum einstökum jafnt, kosti líka hvern einstakan jafnt, ekki einn meira en annan. Hjer er hvort sem er ekki um neitt nærgöngult gjald að ræða. Gjaldið verður í flestum tilfellum lágt og lítið. Að eins undir sjerstökum kringumstæðum, eða þar sem langt er tildráttar eða söknirnar sundurskildar, getur það orðið að eins nokkuð. Viðvíkjandi því atriði, að einstaka maður geti með kenjum sínum valdið því, að kjörfundur verði haldinn, þótt ekkert af honum leiði annað, en ómak fyrir prófast og kostnað fyrir söfnuðinn, ef breyt.till. nefndarinnar við 3. gr. verður samþ., þá held jeg varla verði svo hætt við því. Jeg get ekki annað en verið með því, að þessi breyt.till. nefndarinnar verði samþ. Það getur hugsazt, að söknarnefndin verði um of fljótfær í að gefa prófastinum til kynna, að söfnuðurinn ætli ekki að nota kjörrjett sinn, eða grennslist ekki sem skyldi eptir því almennt yfir, hvort menn ætli að nota kjörrjett sinn eða ekki, og þar sem stendur, að prófastur sje skyldugur að koma og stofna til fundar, ef engin tilkynning hefur komið fram, þá kunna sumir menn að hugsa sem svo, að það gjöri ekkert til, þó þeir ekki gefi sig fram, eða láti í ljósi í tækan tíma, að þeir vilji nota kjörrjett sinn. Það getur verið, að það verði flokkur manna, sem hugsar sem svo, og hafi ekki verið um þetta spurðir, og álít jeg því eðlilegt, að breytingin komist að.

Einar Ásmundsson: Jeg er h. 6. kgk. þm. (H. S.) þakklátur fyrir breyt.atkv. það, er hann hefur gjört við frv., því jeg álít það til verulegra bóta. En þar sem hann fann að því, að nefndin hefði látið orðið «niðurjöfnun» í 11. gr. frv. standa óbreytt, þá get jeg með engu móti verið honum samdóma um það, því það er auðvitað, að þegar kostnaðarreikningurinn kemur, þá þarf að jafna upphæð hans niður á söknarmenn. Jeg held sannarlega, að orðin að «jafna niður» eigi ekki síður við þar, sem um það er að ræða, að láta eitthvað koma jafnt niður á alla. Ef t. d. kostnaðurinn við kosningu presta er 10 kr., og 50 menn eiga að taka jafnan þátt í honum, þá verður að deila 10 kr. með 50, og jafna þessum 10 kr. þannig niður á 50 menn. Orðin eru hjer, að mínu áliti, alveg rjett valin, og meira að segja höfð hjer í sínum eiginlegasta skilningi. Viðvíkjandi því, að nefndin vill breyta orðinu «niðurjöfnun» í «fjárheimtu», þá verð jeg að álíta þá breytingu á góðum rökum byggða, því að það er meira en niðurjöfnunin, sem heimilt á að vera að bera upp kærur út af á hjeraðsfundi. Þar á

líka að mega bera sig upp um reikning prófasts, ef menn álíta hann ekki sanngjarnan. Sje orðið «fjárheimta» haft, getur það náð bæði til reikningsins og niðurjöfnunarinnar sjálfrar. Loks stingur nefndin upp á, að fella orðin í enda 11. gr. «sem *önnur* sveitargjöld» burtu, og er það rjett; því að þau gjöld, sem um er að ræða, eru engin sveitargjöld.

ATKVÆÐAGR.: Brt. 284, 1. tl. samþ. með 8 atkv., brt. 304 samþ. í einu hljóði, brt. 284, 2. a., samþ. með 10 atkv., brt. 284, 2. b., samþ. í einu hjóði, brt. 284 2. c., samþ. í einu hjóði.

Frumvarpið þannig breytt samþ. í einu hljóði og kvað forseti málið verða sent aptur til neðri deildar.

Frumvarp til laga um aðflutningsgjald af kaffi, exportkaffi og öðrum kaffibæti, sykri og tóbaki, svo og um afnám ábúðarskatts, lausafjárskatts, tekjuskatts af atvinnu og útflutningsgjalds af fiski og lýsi að frátekinni síld (C. 324); 3. umr.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg skal ekki, úr því engar breytingar liggja fyrir, tala um aðalefni máls þessa. Jeg stend að eins upp til þess, að efna loforð mitt við 1. umr. þessa máls. Jeg gat þess þá, að menn hefðu hneyxlazt á lögum um skatta af atvinnu, en h. sessunautur minn (M. St.) vefengdi, að það hefði komið fram hjer á þingi, og sagðist ekki hafa heyrt það. Jeg skal nú reyna að færa sönnur á mál mitt. Jeg hef fundið þessi orð í Alþt. 1883, A, 175, eptir hinn h. 1. þm. Rangvellinga (S. Á.): «Einn aðalgalli finnst mjer á skattalögunum, samanbornum við launalögin, og hann er sá, að leggja skatt á embættislaunin; það er að sínu leyti eins og að *taka úr einum peningapokanum og láta í hinn.* Eðlilegast væri að minni hyggju, að hafa launin að því skapi minni, en leggja ekki skatt á þau til landssjóðsins». Á sama fundi sagði einnig annar h. þm. (B. Kr.), sem einnig nú situr í þessari deild: «Jeg skal fúslega játa það, að margar ákvarðanir eru í skattalögunum, sem eigi eru á góðum rökum byggðar. Fyrri þm. Rangv. (S. Á.) talaði um tvo peningapoka. Mjer finnst, að hjer standi svo á, að *stjórnin borgi úr öðrum pokanum embættislaunin, en tíni svo aptur í hinn gjaldið*, sem frv. vill afnema». (Alþt. 1883 A, bls. 176). Enn fremur sagði einn h. þm. (2. þm. N-Múl., B. Sv.): «Það er ranglátt, að láta menn borga tekjuskatt af því, sem einungis eru tekjur á pappírnum, en aldrei koma í embættismannsins vasa. Það væri í sjálfu sjer rjettara, að láta þá launin heldur vera lægri» (Alþt. 1881 II. bls. 929). Jeg vona, að þessi orð sanni, að jeg hef ekki farið með hjegóma.

Sighvatur Árnason: Jeg skal fúslega játa, að jeg hef sömu sannfæringu í dag sem fyr í því efni, sem h. 6. kgk. þm. (H. Sv.) talaði um, og finnst mjer sú skoðun eðlileg viðvíkjandi tekjuskatti, sem tekinn er af embættistekjum. Það er alveg sama, að launin sjeu t. d. þeim 10 kr. minni, sem svarar þessum skatti, eins og h. 6. kgk. þm. (H. Sv.) tók til dæmis, að áður fyr hefði verið sagt, að þetta væri sama sem að láta í einn pokann úr öðrum; hann rifjaði upp þetta dæmi um pokana, þó hann sje enginn pokaprestur sjálfur. *(Hallgrímur Sveinsson:* Pokarnir eru ekki mínir). Jeg hef engan heyrt hafa í móti því, að afnema tekjuskattinn af atvinnu, jafnframt hinum sköttunum. En úr því út í þetta er komið, skal jeg geta þess, að jeg hefi það helzt í móti því að afnema þessa tekjugrein landssjóðsins, að mjer þykja laun sumra embættismanna of há, auk þess sem mjer ekki gezt að ýmsu öðru í frv., eins og jeg hefi áður tekið fram.

Arni Thorsteinsson: Jeg ætla að eins að gjöra litla athugasemd, úr því nú er farið að lesa Alþingistíð. þannig, og gefa þeim svo mikið gildi, að jafnvel skriptlærðir mega vera hræddir við þau, hvað þá heldur jeg sjálfur. Með sjerstöku tilliti til þess, að þ. árs Alþt. verði síðar meir lesin þannig, gjöri jeg þessa athugasemd. Þegar jeg við 2. umr. gerði gildandi, að kaupmenn mundu leggja toll á vínföng, sem svaraði 50 af hundraði, þá vil jeg gjöra þá skýringu nú, að það var ekki meiningin hjá mjer, að kaupmaðurinn hefði í hreinan ágóða 50%, heldur talaði jeg þar um alla verðhækkunina, sem af tollinum leiddi, eptir að reiknað væri saman kaup á vörunni, flutningskaup og tollur. Kaupmaðurinn verður að taka tillit til alls annars kostnaðar, sem hann hefur, svo sem ábyrgðarfjár, verzlunarútgjalda, áhættu við lán o. s. frv. Jeg hygg, að hver kaupmaður muni gjöra sig ánægðan með 10—15%, þegar öll þessi gjöld eru talin frá. Jeg tek þetta fram til

að fyrirbyggja misskilning, og jeg vona, að hinn 6. kgk. (H. S.) sje mjer samdóma.

Ásgeir Einarsson: Jeg ætlaði nú ekki að tala í þessu máli, en það var vegna eins orðs, sem h. þm. Rangv. (S. Á.) sagði, að jeg stend upp. Mjer heyrðist hann tala um tekjuskatt. (*Sighvatur Árnason:* Jeg talaði um tekjuskatt af atvinnu). Ef þm. hefði talað um atvinnuskatt, þá hefði jeg skilið það sem hann sagði. Jeg kalla tekjuskatt t. d. af jörðum og húsum, en atvinnuskatt þann skatt, sem lagður er á atvinnu manna, og er hann eigi viðfelldinn.

ATKVÆÐAGR.: Frv. var samþ. með 6:5, og kvað forseti það verða sent til forseta neðri deildar til að leggjast fyrir hana.

Frumvarp til laga um breyting á 46. gr. í tilsk. um sveitastjórn á Íslandi 4. maí 1872 (C. 289); 3. umr.

Frv. var umræðulaust samþykkt í einu hljóði, og kvað forseti það verða sent forseta neðri deildar til að leggjast fyrir þá deild.

Frumvarp til laga um breyting á lögum 7. nóv. 1879 um siglingar og verzlun á Íslandi (C. 298); 2. umr.

Einar Ásmundsson: Eins og hinir h. þingdm. muna, var hjer í deildinni borið upp frv. um verzlun lausakaupmanna, og samþykkt og sent Nd. Nú er það aptur komið frá henni, en það hefur breytt nafni, og frv. er yfir höfuð breytt að miklum mun. Þessar breytingar eru að mínu áliti fremur til að spilla frv., en til að bæta það. Þess vegna höfum við 3 þingm. leyft okkur að koma fram með breytingartillögur (C. 305), til þess að koma því í svipað horf og það hafði áður. Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um þær; þær eru næstum því hið sama sem áður hefur verið samþykkt hjer í deildinni. Í megingreininni, 1. gr., höfum við þó leyft okkur lítilfjörlega breyting; við höfum lagt það til, að lausakaupmenn skuli greiða 50 kr. fyrir verzlun annarstaðar en á löggiltum höfnum, þar sem áður stóð 25 kr. Jeg vona, að hinni h. deild sýnist gjald þetta ekki svo mikið, að hún ekki gefi samþykki sitt til þessarar breytingar. En ættu lausakaupmenn að borga eins mikið og Nd. hefur samþykkt, þá væri það mjög ósanngjarnt, og gæti orðið næsta erfitt fyrir þá. Jeg tek til dæmis lausakaupmann, sem kemur hingað til Reykjavíkur; hann verður eptir frv. fyrst að kaupa hjer leyfi fyrir 50 kr. En ef hann svo vill verzla lítið eitt á ólöggiltum höfnum annarstaðar við Faxaflóa, t. d. á Kjalarnesi, þá verður hann áður að senda til sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringusýslu, og kaupa að honum nýtt leyfi fyrir aðrar 50 kr. Fari hann þá enn norður fyrir Hvalfjörð, til að gera bændum ljettara fyrir, þá verður hann enn að senda til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, kaupa að honum þriðja leyfisbrjefið, fyrir þriðju 50 krónurnar o. sv. frv. Þannig gæti þetta orðið hátt og tilfinnanlegt gjald, ef hann verzlaði víða, sem bændum væri þó mjög til hagræðis, og yrði þetta allopt hið sama sem að bola lausakaupmenn frá verzlun. Eptir frv. Nd. er nokkurn veginn hverjum manni heimilt að fá leyfi til að reka sveitaverzlun. En okkur sýnist, að hin núgildandi lög um sveitaverzlun sjeu fullkomlega rúm, og ekki vera næg ástæða til að rýmka þau að svo komnu. Jeg er hræddur um, að það yrði til þess að auka prang, sem fremur gæti orðið til baga en til bóta fyrir landið. Málið er annars einfalt, og því finn jeg ekki þörf á að fara fleiri orðum um það að sinni.

ATKVÆÐAGR.: Breyt. 285 við 1. gr. samþ. í einu hljóði; 1. gr. frv. þar með fallin.

Breyt. 285 við 2. gr. samþ. í einu hljóði.
— — — 3. gr., 4. gr. og 5. gr. samþykktar í einu hljóði.
— — — fyrirsögnina samþ. í einu hljóði.

Frv. vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Frumvarp til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands (C. 291); 1. umr.

Landshöfðingi: Nú þegar umræður byrja um þetta mál, í hinni háttvirtu efri deild, þá skal jeg leyfa mjer að tala fáein orð um málið í heild sinni, og skýra h. deild frá því sama, sem jeg skýrði neðri deild frá, um skoðun stjórnarinnar á máli þessu. Stjórnin álítur engar breytingar á stjórnarskránni nauðsynlegar eða æskilegar að svo stöddu; hún er þeirrar skoðunar, að sú stjórnarskrá, sem vjer höfum, sje því ekki til fyrirstöðu, að landið geti tekið öllum

þeim framförum í andlegum og líkamlegum efnum, sem eptir atvikum er auðið að það geti náð. Hinir h. þingm. viðurkenna sjálfsagt, að ekki er ráðlegt að hagga jafn-áríðandi lögum og stjórnarskipunarlög eru, nema brýna nauðsyn beri til, en að bæði sje heppilegra og farsælla að reyna að nota sem bezt það sem til er, með því að óvíst er, hve happasælt það verður, sem í staðinn kemur. Hvað þessu stjórnarskrárfrv. sjerstaklega viðvíkur, sem hjer liggur fyrir, þá fer það svo langt frá hinni núgildandi stjórnarskrá, að ekki verður búizt við að það nái staðfestingu. Þetta stjórnarskrárfrv. fer lengra í sumum greinum, en nokkurt annað frv. í þá átt, sem hjer hefur verið rætt á þingi. Að mínu áliti hefur ekkert frv. farið eins langt í því, að draga stjórnina úr hendi konungsins og færa hana inn í landið. Jeg held að menn geti sagt sjer það sjálfir, að stjórnin muni ekki samþykkja þetta frv., þótt hún annars kynni að álíta einhverjar breytingar á stjórnarskránni gjörlegar. Jeg veit, að þingmenn þessarar deildar hafa fylgt umræðunum um þetta mál í Nd., og að þeim jafnframt er kunnugt, að þar hefur ljóslega verið sýnt fram á, hve óaðgengilegt þetta frv. er fyrir stjórnina, og að því sje engin von til þess, að hún geti gengið að því. Jeg held líka að allir verði að játa, að nú sje ekki hentugur tími til að byrja á stórkostlegum breytingum, sem haft geta mikinn kostnað í för með sjer, fram yfir það, sem nú er. Þegar ráðast á í stóran kostnað, þá þurfa menn að hafa *fasta* skoðun um nauðsyn og heill fyrirtækisins. En í þessu máli hefur það komið fram, að skoðanir manna eru á *reiki*, enda er það eðlilegt, því að það er vandasamt, að skipa svo til um stjórn landsins, að *víst* sje að betur fari en nú. Máli mínu til sönnunar vil jeg benda á frumvörpin frá fyrri árum; þau frumvörp eru ólík í mörgu verulegu, og mismunandi frá þessu frv., já, þetta frv. hefur verið allmiklum breytingum undir orpið síðan það kom inn á þingið; það hefur tekið stórum breytingum frá því frv., sem kom inn á þingið í byrjun þess. Þetta sýnir, hversu reikandi skoðanir manna eru um, hvernig haganlegast sje að skipa þessu máli. Því hygg jeg að það bíði ekki skaða, heldur hefði hag af að bíða seinni tíma, þangað til menn hefðu hugleitt enn betur, hvort halda skyldi málinu fram í þessu sama horfi, eða ef til vill í nokkuð öðru horfi.

Í neðri deild komu þessar skoðanir fram við umræður málsins. Þó að menn álíti, að eitthvað gæti farið betur í stjórnarfyrirkomulagi voru, þá er nauðsynlegt að íhuga það vandlega, og fara ekki lengra fyr en föst skoðun er fengin á máli þessu. Jeg veit, að h. Ed. kann að meta svo þýðingu þessa máls, að hún gjöri ekkert í því, nema eptir ýtarlega yfirvegun, og því muni hún skipa nefnd í því.

Jeg geng út frá því, að h. þingd. vilji sinna málinu, og ekki vísa því frá sjer, án þess ýtarlega að hafa íhugað það. Mín sannfæring er, að heppilegast væri, að það færi ekki frá þessu þingi sem samþykkt lög, heldur að því væri frestað, er það hefði verið íhugað hjer; þá gæti komið fram ýmislegt málinu til stuðnings og skýringar, því að jeg lýsi því yfir, að þetta frv., sem hjer liggur fyrir, mun aldrei geta — jeg tala um þá framtíð, sem vjer getum haft nokkra hugmynd um — náð konunglegri staðfestingu.

Benidikt Kristjánsson: Jeg tel það sjálfsagt, að h. þingd. álíti sjer skylt. að taka svo í mál þetta, sem hæstv. landshöfðingi benti á. Jeg ætla ekki nú þegar að láta í ljósi álit og skoðun mína á þessu máli, því að jeg get ímyndað mjer, að jeg geti átt eptir að breyta skoðun minni í einhverju meðan á umræðunum stendur hjer í deildinni, enda hefi jeg hvorki haft tíma nje tækifæri til að hlýða á umræður h. Nd. í þessu máli. Það er sjálfsagt, að þessi h. þingd. verður að sýna máli þessu alla kurteisi og gefa því þann gaum, sem föng eru framast á, og mun hún taka það ráð upp að setja nefnd til að íhuga það, eins og hæstv. landshöfðingi gjörði ráð fyrir. Af því málið bæði er umfangsmikið og þýðingarmikið, tel jeg víst, að ekki muni veita af 5 manna nefnd, þó deildin ekki sje mannmörg og hafi því ekki mörgum á að skipa. Jeg leyfi mjer því, að gjöra það að uppástungu minni, að kosin verði 5 manna nefnd og 1. umr. frestað.

ATKVÆÐAGR.: Að setja 5 manna nefnd, var samþ. og í hana kosnir: Benidikt Kristjánsson með 9 atkv., Einar Ásmundsson með 9 atkv., Jón Pjetursson með 8 atkv., Sighvatur Árnason með 7 atkv. og Skúli Þorvarðarson með 6 atkv.

Forseti mæltist til þess, að nefndir

þær, sem þingd. hefði kosið hina síðustu dagana, lykju starfa sínum svo fljótt, sem unnt væri, því að svo fá mál væru fyrir hendi, sem hægt væri að taka til umr. í deildinni.

Þrítugasti og fimmti fundur, 11. ágúst. Allir á fundi, nema þm. Strand. (Á. Einarsson), sem tjáð hafði forseta sjúkdómsforföll.

Fyrirspurn til landshöfðingja viðvíkjandi brúargjörð á Þjórsá og Ölvesá (C. 295).

Flutningsmaður (Sighvatur Árnason): Í byrjun umræðunnar vil jeg með fáum orðum láta h. þingd. í ljósi tilefnið til þess, að fyrirspurn þessi kemur fram. Sýslunefndin í Rangárvallasýslu hjelt síðast liðið haust, eins og lög gjöra ráð fyrir, fund með sjer, og var þar, meðal annars, rætt um hið alþekkta brúargjörðarmál, og varð niðurstaðan sú. að fundurinn ályktaði, að fara þess á leit við stjórnina, að hún legði fyrir næsta þing, þ. e. það þing, sem nú stendur yfir, frv. um brúargjörð á Þjórsá og Ölvesá. Var mjer sem sýslunefndarmanni því næst falið á hendur að skrifa landshöfðingjanum um þetta efni. En tilefnið til þess, að jeg hefi leyft mjer að bera fram þessa fyrirspurn, er það, að mönnum er ókunnugt um, af hverjum ástæðum stjórnin hefur ekki látið til sín heyra viðvíkjandi þessu brjefi. Til þess að mönnum verði kunnugt, af hverjum ástæðum stjórnin ekki hafi viljað verða við áskorun sýslunefndarinnar, að leggja fyrir þetta þing frv. til laga um brúargjörð á Þjórsá og Ölvesá, leyfi jeg mjer að spyrja hæstv. landshöfðingja um þessar ástæður.

Landshöfðingi: Jeg skal með ánægju svara h. 1. þm. Rangv. (S. A.) upp á fyrirspurn hans, eins og jeg hefi áður gjört munnlega utanþings. Jeg bar mál það, sem hjer ræðir um, upp fyrir h. stjórn og skýrði henni frá, hve mikla þýðingu það hefði fyrir hlutaðeigendur, og að það væri bæði æskilegt og nauðsynlegt, ef það gæti fengið framgang. En hitt tók jeg líka jafnframt fram, að kostnaður sá, sem þetta fyrirtæki hefði í för með sjer, væri svo mikill, að hann hlyti að verða landssjóði tilfinnanlegur, að minnsta kosti nú, þar sem ástandið væri svo bágt í landinu og fjárhagurinn ekki álitlegur. Stjórnin var mjer nú samdóma um, að fyrirtæki þetta væri bæði gott, þarflegt og æskilegt; en hún var mjer líka samdóma um, að ísjárvert væri að leggja út í svo kostnaðarsamt fyrirtæki, einkum nú, er fjárhagur landssjóðs væri svo bágur, þar sem tekjurnar eptir áætluninni í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar ekki hrökkva til útgjaldanna. Stjórninni þótti því ísjárvert að sinni að fara fram á fjárveitingu til svo kostnaðarsams fyrirtækis. Að stjórnin sje hjer á sömu skoðun eins og þingið sjálft, má ályktа af því, hvernig farið hefur með lagafrv. um þetta efni, er komið hefir fram á þessu þingi, og h. Nd. hefir þegar fellt. Jeg vona að jeg með þessum orðum hafi svarað fyrirspurn h. þm.

Flutningsmaður (Sighvatur Árnason): Jeg er hæstv. landshöfðingja þakklátur fyrir upplýsingar þær, er hann hefur gefið viðvíkjandi þessu máli, þar sem hann hefur skýrt frá, af hverjum ástæðum stjórnin ekki hefur bænheyrt sýslunefndina í Rangárvallasýslu, að því er mál þetta snertir. Af ástæðum stjórnarinnar, sem hæstv. landsh. hefur tekið fram, sjest, að hún er málinu hlynnt, og gleður það mig mjög, sem og hitt, að hæstv. landshöfðingi einnig er málinu hlynntur. Þó svona hafi nú farið í þetta sinn, þá gefur svar hæstv. landshöfðingja bæði mjer og öðrum, er máli þessu unna, góðar vonir um æskilega niðurstöðu þess, þó seint kunni að verða sökum kringumstæðanna.

Forseti: Með því að hinn lögskipaði þingtími nú er liðinn, leyfi jeg mjer að snúa mjer til hins hæstv. landshöfðingja með þeirri ósk, að hann, samkvæmt allra hæsta umboði, sem hann mun til þess hafa, vilji leyfa, að þingtíminn verður lengdur. Að sönnu hefur mjer borizt til eyrna, að hinn hæstv. landshöfðingi hafi lýst því yfir í h. Nd., að hann mundi lengja þingtímann, og sje það satt, vona jeg því fremur, að hann taki ósk mína til greina.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að skýra frá því, að jeg eptir áskorun h. forseta Nd. hefi, samkvæmt allrahæstu umboði, samþykkt, að þingtíminn verði lengdur um 14 daga, þannig, að þinginu verður

ekki slitið fyr en hinn 25., í staðinn fyrir 11. þ. m.

Nd. tók það fram, að ekki mundi veita af, þó þingið yrði lengt um allan þann tíma, sem umboð væri til, og því hefi jeg heldur ekki dregið neitt af þeim tíma.

Þrítugasti og sjötti fundur, 12. ágúst. Allir á fundi.

Frumvarp til laga um verzlun lausakaupmanna annarstaðar en á löggiltum höfnum (C. 328); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. orðalaust samþ. í einu hjóði, og kvað forseti það verða sent aptur til Nd.

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1884 og 1885 (C. 289); 2. umr.

Framsögumaður (Jakob Guðmundsson): Jeg vona, að í nefndarálitinu sjeu ljóst teknar fram ástæður nefndarinnar fyrir hinum helztu breytingum hennar, að ekki þurfi að skýra þær að neinu leyti betur, og allra sízt fyr, en ef einhver skyldi hreyfa mótmælum gegn þessum breytingum.

Landshöfðingi: Það er einkum eitt atriði í tillögum h. nefndar, sem jeg ekki get fallizt á. Það er sú tillaga hennar, að þær 4000 kr., sem frv. ætlast til að veittar verði til aðgjörðar á latínuskólahúsunum, falli burt. Jeg held, að ekki sjeu eins mikil vandkvæði á því, að nota þessa fjárupphæð til aðgjörðarinnar þegar í haust, eins og h. nefnd álítur. Það er auðvitað, að jeg hefði sjálfsagt helzt óskað, að fjárveiting þessi hefði verið tekin í fjárlögin fyrir árin 1886 og 1887, því það er sjálfsagt erfiðleikum bundið, að nota fjeð þegar í haust, þó það sje alls ekki ómögulegt. Jeg hefi talað um þessa aðgjörð við umsjónarmann skólahússins, og hann álítur ekki ómögulegt að framkvæma hana nú í haust. Það er auðvitað, að ef aðgjörðin á að bíða þangað til lög þessi ná staðfestingu, þá framfer hún nokkuð seint, en mjer finnst ekki mjög hættulegt fyrir stjórnina að ráðast í aðgjörðina, þegar þingið hefur samþ. kostnaðinn til hennar. Jeg hefi að minnsta kosti hugsað mjer að byrja mætti aðgjörðina eða undirbúa hana þá strax upp á væntanlega staðfestingu þeirrar fjárveitingar, sem þingið samþ. En að því leyti sem h. nefnd álítur þessa fjárveitingu ónóga, þá skal jeg geta þess, að jeg er þessu fyllilega samdóma, en að jeg eigi að síður álít, að hún bæti úr hinum mestu vandræðum í bráð. Húsið lekur og liggur því undir skemmdum, sem er bráðnauðsynlegt að bæta úr, og að því er snertir fimleikahúsið og fleira, verður þessi aðgjörð að fullum notum. Að öðru leyti skal jeg taka það fram, að þessi nú fyrirhugaða aðgjörð yfir höfuð alls ekki þarf að vera til ónýtis, þótt síðar framfari aðalviðgerð á skólahúsinu. Jeg vildi því óska, að h. þingd. fjellist á ákvarðanir frv. í þessu efni, en ekki á till. nefndarinnar.

Hvað snertir breytingu nefndarinnar við 5. gr., að færa 2000 kr. niður í 1000 kr., þá skal jeg taka það fram, að ef menn vilja veita fje til þessa, sem eptir atvikum virðist liggja nærri að gjöra ætti, þá finnst mjer leggja ætti fram svo mikið fje, sem nægt getur, og eptir því, sem maður sá, er staðið hefur fyrir þessu fyrirtæki, hefur skýrt frá, getur ekki minna nægt en 2000 kr. Þetta fje er ætlazt til að varið verði til þess, að fögur og mikilsverð gjöf geti orðið að notum. Jeg vil því mæla með því, að h. þingd. fallist fremur á ákvörðun frv. í þessu efni, en till. nefndarinnar. Að öðru leyti get jeg fellt mig við till. h. nefndar í þessu máli.

Sighvatur Árnason: Jeg vil að eins leyfa mjer, að gjöra fáeinar athugasemdir við 2. gr. frv. H. nefnd hefur gjört breytingu við þessa gr., sem að eins er reikningsleg leiðrjetting, sem jeg hefi ekkert út á að setja. En það er «skilyrðið», sem h. Nd. hefur sett inn í frumvarpsgrein þessa, sem jeg vil leyfa mjer að lýsa óánægju minni yfir. Eins og kunnugt er, endaði þessi 2. gr. stjórnarfrumv. á orðunum: «samkvæmt lögum 27. febr. 1880», en svo hefur nefndin bætt þar aptan við: «Þó með því skilyrði, að Oddaprestur» o. s. frv. Þetta skilyrði get jeg með engu móti fellt mig við, enda virðist mjer það ekki geta átt við, þar sem það er gjört fyrir fjárhagstímabil það, sem nú stendur yfir, og nær að eins til næstu ársloka. Það er því ónauðsynlegt að setja þetta skilyrði inn í þetta lagafrumv.; það þéði þá verið betra, að setja þessa ákvörðun um Oddabrauðið inn í frv. það til breytingar á prestakallalögunum, er lagt var fyrir þetta þing þegar í byrjun þess, og síðan rætt á því. Hjer við bætist líka, að jeg

get ekki fellt mig við það, hvernig skilyrði þetta er orðað. Þessu atriði vildi jeg einkum hreifa og vekja athygli h. nefndar og þingd. yfir höfuð á því. En hvað snertir breyt.till. h. nefndar, og frv. að öðru leyti, þá hef jeg ekki mikið út á það að setja. Þó get jeg ekki verið meðmæltur viðaukanum við 4. gr., um tillagið til gagnfræðaskólans, sem mjer þykir vera orðinn nokkuð dýr, eptir því sem jeg veit til að hann hefur afrekað. Jeg hefði helzt viljað halda þeim 250 kr. kyrrum í landssjóði, sem frumv. sjálft ákveður til bókakaupa og kennsluáhalda. Nefndin hefur breytt orðunum nokkuð og svo frv., þar sem hún heldur þessum 250 kr., en kveður svo á, að þær skuli hafa til leikfimisáhalda. Hafi hugmyndin upphaflega verið sú, að brúka skyldi fje þetta til hvorstveggja, bæði bókakaupa og leikfimisáhalda, þá verð jeg að álíta upphæðina óparflega háa til leikfimisáhalda einungis.

Benidikt Kristjánsson: Jeg skal leyfa mjer að láta stuttlega í ljósi skoðun mína á ýmsum atriðum þessa máls, áður en gengið verður til atkvæða um það. Fyrst skal jeg lýsa því yfir, að jeg er á sama máli og h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) að því, er snertir viðbót þá, er h. Nd. hefur sett við 2. gr. frv., og það einmitt af þeim sömu ástæðum sem hann tók fram, að þessi lög hafa ekki verkan fram í hinn ókomna tíma, en snerta að eins þetta tímabil, sem yfir stendur, og til næstu ársloka. En jeg er líka á móti þessari skilyrðisviðbót af annari ástæðu. Jeg get sem sje ekki betur sjeð, en að skilyrðið sje alveg óþarft, því hjer er farið fram á það, sem áður er skýlaust ákveðið með lögum, það er prestakallalögunum frá 27. febr. 1880. Ef ástæða þætti til að brýna fyrir stjórninni, þá liggur næst að gjöra það með þingsályktun, sem og átti að gjöra á síðasta þingi, 1883. Þá var borin upp þingsályktun hjer í þingd., og hún samþ. hjer í deildinni, en h. Nd felldi hana, af ópekktum ástæðum, því jeg man ekki betur, en að flestir þm., er tóku til máls í deildinni, væru með henni. En engu að síður var hún felld, að mig minnir með miklum atkvæðamun. Viðvíkjandi 2. gr. frumv. skal jeg enn fremur taka það fram, að jeg er þakklátur h. nefnd fyrir, að hún hefur leiðrjett talnaskakka þann, sem var á frv. h. Nd. Jeg er viss um að h. Nd. ekki hefur sett sína upphæð af fljótfærni eða vanhugsun, heldur af ókunnugleika. Hins vegar get jeg ekki dulizt þess, að mjer geðjast engan veginn að skoðun þeirri, sem lýsir sjer í frv. viðvíkjandi vanskilum þeim, sem orðið hafa á árgjaldinu frá Oddaprestakalli. Vanskil þessi snerta ekki að eins þetta fjárhagstímabil, heldur og umliðinn tíma, og að því leyti ættu þau ekki að takast inn í þessi fjáraukalög. Jeg skal ekki leggja mikla áherzlu á það, sem vantar á árgjaldið á þessu fjárhagstímabili, en hitt verð jeg að álíta, að þingið gangi inn á miður hyggilegan veg, með því að gefa eptir gjöld, sem greiða átti á undanförnum fjárhagstímabilum, og stjórnin hefur vanrækt að heimta inn. Þetta hlýtur að hafa illa sálarfræðislega verkun á þá, sem greiða eiga slík gjöld, og jafnvel getur slíkt haft illa verkun á skoðunarhátt landsmanna yfir höfuð að tala. Hjer á fátækur maður í hlut; jeg játa það; og það er ekki af harðýðgi, að jeg set mig á móti þessari eptirgjöf. Jeg hefði heldur viljað, að þessum manni hefði ekki beinlínis verið veitt nein eptirgjöf á skyldugjaldi; en þar sem hann bæði er virðingarverður og viðurkenningarverður, þá vildi jeg helzt, að honum í virðingar- og viðurkenningarskyni væri í eitt skipti fyrir öll veitt fjárupphæð, er samsvaraði þeirri skuld, er á honum hvílir. Með því að Oddabrauð sjálfsagt hefur rýrnað nokkuð síðan hinn núverandi prestur þar fjekk það, get jeg skilið, að honum sje nokkur vorkunn, þó hann hafi ekki getað greitt allt árgjaldið; en það er allt annað mál, en að sýna svo að segja engan lit á að gjalda neitt af því, sem lögboðið er. Oddabrauð hefur frá alda öðli verið eitt af höfuðbrauðum landsins, og jeg ímynda mjer að það sje enn tekjumikið brauð, jafnvel þótt nokkrar skemmdir kunni að hafa orðið hin síðustu árin á prestsetrinu sjálfu, nokkrum kirkjujörðum og öðrum jörðum í brauðinu. Skemmdir hafa, að því er mig grunar, þó ekki orðið svo mjög miklar á kirkjujörðum þeim, er brauðinu fylgja, að nú sje víða lækkaður leigumáli. Þess ber líka að gæta, að brauð þetta hefur nú aukizt, með því að Keldnasókn hefur verið lögð til þess, og gjöri jeg ráð fyrir, að afgjaldið af þeirri sókn nemi 700 kr., eða jafnri upphæð og árgjaldið er. Það er reyndar leiðinlegt, að gjaldbrestur þessi hlýtur að standa í sambandi við það, að ekki hafa verið lagðar út jarðir fyrir þeirri upphæð, sem árgjaldið nemur; en

það dugar ekki að sakast um orðinn hlut, en óskandi væri, að eptirleiðis verði ráðin bót á því, sem hingað til hefur verið vanrækt í þessu tilliti. Eins og þetta atriði, sem jeg nú hef rætt um, horfir við, er jeg ófús á að greiða atkvæði með þessari fjáraukaveitingu. Jeg býst við, að það muni gjöra lítið til í þessu máli, því atkvæðamunurinn mun verða svo mikill. Þá er að minnast á 2. tölul. 4. gr. um 4000 kr. útgjöld til aðgjörðar á latínuskólahúsinu. Jeg skal nú ekki segja um, hve bráð nauðsyn er til að endurbæta þetta hús, en það vil jeg taka fram, að jeg held að endurbót þessi sje ekki nærri nógu vandlega hugsuð. Það er ráðgjört, að setja járnþak á húsið austanmegin. Jeg segi nú ekki, að það sje dæmalaust, að járnþak sje á húsi öðrum megin, en trjeþak hinum megin, en fá dæmi munu til þess. Jeg hef verið að gæta að húsum hjer í bænum, en þó ekki getað fundið nema eitt hús, þar sem þakið var járnsett að eins öðrum megin. Þetta hús er smiðja sú við Bakarastiginn, er Jónas organisti átti, meðan hann var járnsmiður, en á undan honum Sæmundur nokkur. Hver hana á nú, veit jeg ekki. Jeg sje nú ekkert á móti því, þó ein smiðja sje svona búin; en hitt á jeg bágt með að þola, að skólinn verði svona smekklauslega klæddur. Það særir tilfinningu mína, þar sem húsið þó er alþjóðleg eign og ætluð til að vera allt annað, en járnsmiðja. Jeg kalla það kátlega aðgjörð, að setja járnþak á það hús öðrum megin, en láta trjeþakið halda sjer hinum megin. Ef bæta á og bæta þarf þakið, þá vil jeg að það verði járnsett báðum megin, og þó ekki kunni að vera bráðnauðsynlegt að setja járn á það nema öðrum megin, þá mun hitt þó ekki spilla húsinu, heldur þvert á móti bæta það; þess utan verða til þess, að húsið líti betur út. Þar sem húsið er alþjóðleg eign, kann jeg, sem sagt, ómögulega við, að það líti ófegurra út, en önnur hús í bænum. Þvert á móti ætti þingið að sýna, að það kynni að meta það, sem fagurt, er og vilji efla það.

Við 5. gr. hefur nefndin stungið upp á því, að í staðinn fyrir 2000 kr. komi 1000 kr. Hæstv. landsh. gat þess, að lækkun þessi væri óheppileg, þar sem 2000 kr. veiting væri skilyrði fyrir því, að myndagjöf þessi gæti orðið að notum; þessar 2000 kr. eiga að ganga til þess, að setja myndirnar í ramma, en jeg verð að segja, að þó myndirnar verði settar í ramma, þá get jeg ekki sjeð, að þær komi oss að svo stöddu fremur að notum fyrir það. Því að það vantar einmitt hús fyrir þessar myndir; en meðan það vantar, verður að geyma þær einhverstaðar í bunka, og því verð jeg fremur að telja það til bóta, að myndirnar sjeu rammalausar. Eigi að hafa þessar 2000 kr. einungis til þess að útvega fyrir ramma, þá er mjer næst að greiða ekki atkv. með neinni fjárveitingu til þess.

Magnús Stephensen: Jeg vil leyfa mjer að fara nokkrum orðum um ástæðurnar fyrir breytingum nefndarinnar. Viðvíkjandi breytingu nefndarinnar á 2. gr. skal þess getið, að jeg var svo heppinn að fá rjett fyrir fund upplýsingar um upphæð nokkra, er snerti árgjaldsskuld Oddaprestakalls. Eins og h. þingm. munu hafa sjeð af nefndarálitinu, var lítil upphæð, sem sje 45 kr. 97 a., sem nefndin ekki gat fundið hvernig á stóð, en sem henni taldist skakka milli frumv. stjórnarinnar og frumv. neðri deildarinnar annars vegar, og upplýsinga þeirra, sem nefndin hafði getað útvegað sjer hins vegar. Þetta er skuld, sem stafar frá fardagaárinu 1880—1881, og viðkemur því ekki hinum núverandi presti, heldur þeim, sem næstur var á undan honum, og settur var til að þjóna brauðinu. Það var álitið vafasamt, hvort þess yrði krafizt af settum manni, að hann svaraði árgjaldinu, en stjórnarbrjef, sem út kom um þetta efni, áleit hinn setta prest ekki skyldan til að greiða árgjaldið. Þingið hefur þó ekki enn samþ. þetta álit stjórnarinnar, enda kemur þessi upphæð enn fram í landsreikningunum sem skuld. Það er því nauðsynlegt að láta þessar 45 kr. 97 a. fljóta með, enda eru þær fólgnar í þeirri upphæð, sem hjer er stungið upp á að Oddapresti verði eptir gefin. Það er tvennt, sem fundið hefur verið að þessari grein (2. gr.). H. þm. N-Þing (B. Kr.) hefur fundið það að, að farið skuli vera fram á, að gefa nokkuð eptir af þessari skuld. Nefndin hefur vandlega íhugað þetta atriði, og komizt að þeirri niðurstöðu, að ráða til eptirgjafarinnar, en af allt öðrum ástæðum en h. þm. vildi. Nefndin vill gefa skuldina eptir, en ekki af þeirri ástæðu, að maður sá, er í hlut á, sje svo heiðvirður, að hann eigi það skilið, eða svo fátækur, að það sje gustuk, heldur einungis af því, að nefndinni virtist öll sann-

girni mæla með því, þar sem brauðið hefur rýrnað svo mjög síðan hann fjekk það. En að brauðið hafi rýrnað, er engum kunnugra en h. þingmönnum Rangv. Ef brauðið væri metið nú á ný, mundi það sýna sig, að tekjur þess væru fullum 700 kr. minni en eptir mati því, er fram fór á brauðum landsins seinast, árin 1877 og 1878, og sem prestakallalögin frá 27. febrúar 1880 voru byggð á. Ekki að eins prestsetrið sjálft hefur skemmzt, heldur margar kirkjujarðir, sem Oddaprestur hefur afgjald af, og munu sumar þeirra jafnvel hafa lagzt í eyði. Þess utan hafa margar aðrar jarðir í prestakallinu orðið fyrir stórskemmdum, og margar jafnvel lagzt í eyði. Við allt þetta hljóta tekjur prestsins að hafa rýrnað að stórum mun. Hann hefur misst bæði margar fasteignartíundir og lausafjártíundir, auk þess sem efnahag bænda í sókninni hefur mjög hnignað yfir höfuð að tala. Þetta allt vakti fyrir nefndinni, þegar hún rjeð til að gefa prestinum eptir þessa árgjaldsskuld. Viðvíkjandi því sem h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) og þm. N-Þing. (B. Kr.) tóku fram, að ekki ætti við að setja inn í frumv. það skilyrði, að Oddaprestur skyldi skyldur til að leggja út jarðir fyrir 500 kr. árgjaldi, þá liggur ekki fyrir nein breytingaruppástunga um það nú; en ef hún kemur fram til 3. umr., verður tími til að ræða um hana þá.

Hvað snertir 4. gr. frumv., þá get jeg ekki verið hæstv. landshöfðingja samdóma um, að kleyft sje að koma þessari aðgjörð á skólahúsinu fram nú í sumar. Aðgjörðinni verður að vera lokið áður en skóli byrjar í haust, eða fyrir 1. október, en jeg sje ekki kleyft að framkvæma hana innan þess tíma. Það verður þó ekki hægt að byrja verkið fyr, en búið er að samþykkja þetta frv. hjer á þinginu, og það verður ekki fyr en í lok þess. Aðgjörðina ætti þá að framkvæma á rúmum mánuði, sem er óhugsandi. Þess utan efast jeg um, að hjer í bænum sje fáanlegt efni til þess, sem gjöra skal; en sje svo, verður aðgjörðin ómöguleg í þetta sinn. Sjerstaklega mun eiga að umbæta undirstokka hússins, en jeg tel óvíst, að trje sjeu nú sem stendur til í þá. Þá álít jeg það heldur ekki fagurt afspurnar, að hið opinbera eigi hús í höfuðstaðnum með járnþaki öðrum megin, en trjeklæddu þaki hinum megin, og ef meiningin er að verja húsið skemmdum með járnplötum, þá álít jeg það ekki fyllilega varið, þó austurhliðin sje sett járnplötum, því að húsið lekur líka vestanmegin, sjerstaklega um kvistinn. Þessi hluti hússins getur þá eins skemmzt af leka, þó járnplötum verði slegið á austur-súðina.

Sumt, sem ráðgjört var af nefndinni í Nd., álít jeg líka óþarft, t. a. m. það, að mála múrinn í bekkjunum með olíulit. Þessir veggir, sem innilykja oss hjer, eru ekki málaðir með olíulit, og þykja full-góðir samt. Jeg ætla þá að minna megi gagn gjöra í skólahúsinu. Stiptsyfirvöldin hafa stungið upp á því, að setja «panel» í skólastofurnar. Verði það sett, þarf varla að búast við að gjöra þurfi við það fyrstu árin, því það verður varla mölvað strax. En þó menn máli múrinn með olíulit, þá má pikka göt á hann fyrir það. Mjer er líka illa við þá fjárupphæð, sem ákveðin er í frv.; hún er hvorki heilt nje hálft. Ef farið verður nú að veita þessa upphæð til þessarar óverulegu viðgjörðar, þá eru lítil útlit fyrir, að fje fáist síðar til höfuðaðgjörðar þeirrar, sem er bráð-nauðsynleg og sem skýrslur hafa legið til sýnis um fyrir h. fjárlaganefnd Nd.

Viðvíkjandi 5. gr. þótti sumum nefndarmönnum ísjárvert að veita svo mikið sem hún ákveður. Jeg skal geta þess, að jeg er ekki neitt sjerlega hrifinn af því fyrirtæki, sem þetta fje er veitt til, vegna þess mikla kostnaðar, sem það hlýtur að hafa í för með sjer, ef það á að verða að tilætluðum notum. Þó mun jeg ekki, úr því sem komið er, greiða atkv. á móti þessari fjárveitingu.

Jakob Guðmundsson: H. þingdeildarmenn eru búnir að taka af mjer að miklu leyti ómakið, sjerstaklega h. 3. kgk. þm. (M. St.), sem gjörði skýra grein fyrir því, sem jeg hefði viljað svara h. landshöfðingja. Allt, sem h. 3. kgk. sagði, hafði nefndin fyrir augum, og viðvíkjandi aðgerðinni á skólahúsinu voru allir nefndarmenn samdóma um, að ef á annað borð yrði farið að gjöra við það, yrði aðgjörðin að vera sómasamleg, og hvort sem nú fallizt yrði á tillögu þá, sem skjölin á lestrarsalnum benda til, að öllu leyti, eða eigi, þá þótti nefndarmönnum það liggja í augum uppi, að annað gæti eigi komið til tals, en leggja járnþak á allan skólann, og ef það þætti miður heppilegt, að olíulita veggina að innan, en hentugra sýndist að klæða þá með panel, þá þótti nefndinni sjálfsagt, að viðgerðin mundi hafa mikinn kostnað í för með sjer, miklu meira en 4000 kr. Hinn

h. 3. kgk. þm. (M. St.) hefur tekið fram, að það sje ólíklegt, þótt fjeð yrði veitt, að aðgerðin gæti verið búin 1. okt., þótt það sjálfsagt sje rjett hjá h. landshöfðingja, að stjórnin hefði heimild til og henni væri óhætt að láta byrja á aðgerðinni, þó frv. ekki yrði búið að ná konunglegri staðfestingu. Jeg vil alls eigi neita því, að þetta væri óhætt, en þar hjá verð jeg þó að álíta, að sem minnst eigi að brúka, áður en báðir málspartarnir sjeu búnir að samþykkja.

Viðvíkjandi eptirgjöf á árgjaldinu frá Odda, þá hefur h. 3. kgk. þm. (M. St.) sömuleiðis skýrt frá, hvaða ástæður það voru, sem komu nefndinni til að fallast á þessa eptirgjöf, sem voru einmitt þær, að brauðið hefur orðið fyrir svo miklum skemmdum. Þess vegna varð það, að nefndin aðhylltist þessa eptirgjöf «eptir atvikum». Þessi atvik voru nefnilega skemmdirnar, sem nefndin hafði fyrir satt, að brauðið hefði orðið fyrir. H. þm. Rangv. (S. Á.) minntist á, að sá viðauki, sem í þessu efni liggur fyrir, ætti ekki við. Jeg fyrir mitt leyti er samdóma honum um það, að það væri rjettast, að taka skýrt tillit til ástandsins nú, í samanburði við það ástand, sem brauðið var í, þegar hlutaðeigandi prestur fjekk það, eða þegar það var seinast metið. Ef jeg væri prestur í Odda, og eptir lögum ætti að svara 700 kr. árgjaldi, dytti mjer ekki í hug, að neita því, að þetta væri lagaskylda mín; en þegar jeg er fátækur, hef ekki annað að gjalda með, en tekjur prestakalls míns, tíundir, jarðaafgjöld o. s. frv., þá hef jeg ekki önnur ráð, en taka til jarðaafgjaldanna, og jeg verð að játa það, að jeg mundi álíta það sanngjarnt, að afgjald hinna skemmdu jarða væri metið upp í það með þeirri upphæð, sem brauðið var metið eptir, næst áður en mjer var veitt það. Það var mjög heppilegt, að h. 3. kgk. þm. (M. St.) skýrði frá, hvernig á þessum lítilfjörlega mismun, þessum 45 kr., stæði, sem nefndin ekki gat fundið út, því þótt um lítilræði sje að gjöra, er þó ætíð betra að vita rjett en hyggja rangt.

Þar sem minnzt hefur verið á Mö›ruvallaskólann, þá skal jeg geta þess, að nefndin hafði sjerstaklega fyrir augum, að skólanum væri nauðsynlegt að fá fje til leikfimisáhalda, úr því búið var að kosta upp á leikfimishús, og þar sem því hefur verið hreyft, að ef upphæð þessi væri ætluð til þessa augnamiðs eingöngu, þá væri hún of stór, þá skal jeg leiða athygli að því, að nefndin bjóst við, að ef til vill þyrfti eigi á öllu fjenu að halda, og setti því «allt að». Þar sem það hefur verið tekið fram, að sumir af nefndarmönnum hafi verið mótfallnir 5. gr., þá skal jeg játa það, að þessi ummæli eiga sjerstaklega heima um mig. Jeg var og er mótfallinn þessari fjárveitingu, ekki af því, að jeg ekki virði viðleitni þess manns, sem um er að ræða, heldur af því, að mjer virðist auðsætt, að þó þessar 2000 krónur nú verði veittar, þá sje ekki þar með búið, heldur mundi þar af leiða margfalt meiri kostnað, ef veitingin ætti að koma að tilætluðum notum. En að jeg þó gekk inn á helminginn af þessari upphæð, sem sje 1000 kr., kom til af því, að jeg sá, að þessi maður mundi hafa haft fjárútlát og fyrirhöfn fyrir því að útvega og senda þessar myndir, sem hann þó auðsjáanlega hefur gjört af velvild, og þótti mjer því ósanngjarnt, að hann skyldi ekkert fá endurgoldið af því sem hann væri búinn að leggja út.

Að öðru leyti vona jeg, að búið sje að gjöra greinir frv. skiljanlegar fyrir deildinni, svo ekki þurfi að ræða málið lengur.

Sighvatur Árnason: Það var sjerstaklega út af ummælum tveggja h. þm., að jeg vildi minnast lítið eitt á Odda. H. þm. N.-Þing. (B. Kr.) var heldur mótfallinn því, að veita eptirgjöf á árgjaldinu, af þeim ástæðum, að slíkt gæti haft slæm eptirköst. Jeg skal fúslega játa, að yfir höfuð geti slík eptirgjöf orðið ísjárverð og haft slæm eptirköst; en jeg bið menn aptur að gæta þess, að með Odda stendur svo mjög sjerstaklega á, og vil jeg sem kunnugur leyfa mjer að gefa deildinni nokkrar upplýsingar þessu viðvíkjandi. Það var árið 1881—82, þegar hinn núverandi prestur var nýkominn að brauðinu, að Oddaprestakall varð fyrir ógurlegum skemmdum. Presturinn bar sig upp og fór fram á, að skemmdirnar væru metnar. Þetta komst svo langt, að ráðherrann skipaði svo fyrir, að mat skyldi fram fara á hinum skemmdu jörðum, og voru því næst kvaddir menn til þess á löglegan hátt að meta skemmdirnar. Þessir lögkvöddu matsmenn komust til þeirrar niðurstöðu, að tekjur sjálfs Oddaprestakalls hefðu rýrnað um allt að 400 kr. Um leið yfirveguðu þessir matsmenn það, þótt það væri eigi fyrirskipað, að Oddi, eins og bent er á í ástæðunum fyrir stjórnarfrv., hafði sökum lækkunar á verðlagsskránni rýrnað

um 300 kr. að auki. Vitaskuld er það, að Keldnaþing hafa verið lögð til Odda, og að tekjurnar af þeim nema á pappírnum nálægt 700 kr.; en þegar nú þess er gætt, að Keldnaþing, þegar til kemur, einnig hafa orðið fyrir sama skaðræði og rýrnun á tekjum, sem nemur um 200 kr., þá sjer maður, með því að leggja þessar 200 kr. við 700 kr., að tekjulækkunin er orðin alls 900 kr., og þegar svo loks má gjöra ráð fyrir 100 kr. lækkun á Keldnaþingum, auk þess, sem jeg nú gat um, sökum verðlagsskrárlækkunar, sjer maður, að Oddaprestakall hefur alls og alls rýrnað um 1000 kr. Rýrnunin á Keldnaþingunum liggur svo mikið í því, að Gunnarsholt er alveg farið í kaldakol, sem hvílt hafa á 6 fjórðungar smjörs til Oddaprestsins. Það dugar því ekki að segja, að Keldnaþingin bæti Odda upp árgjaldið, þar sem að um 300 kr. af árgjaldinu ganga yfir á sjálfa Oddasókn, eins og jeg hefi sýnt fram á. Líka má bæta við innheimtu á Keldnagjöldum og því, að koma vörum í peninga, sem og því, er presturinn tapar fyrir vanskil og getuleysi manna, sem af skemmdunum leiðir í sóknum prestakallsins yfir höfuð. Jeg álít samkvæmt þessu næga ástæðu til að sleppa þessari skuld Oddaprests. Árgjaldið framvegis álít jeg of hátt sett 500 kr., af því að Oddi sætir eflaust áframhaldandi skemmdum, sem hjer er eigi tekið tillit til; meir að segja, sjálft prestsetrið er í voða.

Benidikt Kristjánsson: Jeg ætlaði út af því, sem h. þm. Dal. (J. G.) tók fram, viðvíkjandi því, að nefndin hefði veitt 1000 kr. í því skyni, að endurgjalda manni þeim, sem hefur gengizt fyrir því, að myndir væru gefnar og hingað sendar, kostnað þann, er hann hafði haft við sendingarnar á myndunum, að leyfa mjer að benda á, að þessum tilgangi getur nefndin ekki náð, því að í frv. stendur: «til þess að setja umgjörðir utan um myndirnar». Hafi nefndin haft þann tilgang, sem þm. Dal. (J. G.) sagði, þá breytir frv. þeim tilgangi og þarf því að breyta ummælum frv. svo, að það svari til tilgangs nefndarinnar. En hafi nefndin haft þann tilgang, að þeim skyldi varið til þess, að setja umgjörð utan um myndirnar, verð jeg að vera á því, að þessar 1000 kr. ættu eigi að sampykkjast, heldur fellast burt, úr því eigi er um það að ræða, að byggja hús fyrir myndirnar, þar sem þær gætu verið öllum til sýnis; en þá yrði nú að þreifa dýpra niður í fjárpyngjuna, og það eigi einungis dýpra en nefndin, heldur einnig dýpra en h. Nd. Jeg get ekki sjeð til neins að láta út fje til til einskis gagns; en til einskis gagns kalla jeg það, að setja ramma utan um myndirnar, því á þann hátt geymast þær ver, þegar ekkert hús er til fyrir þær.

Viðvíkjandi því, sem h. 1. þm Rangv. (S. Á.) tók fram um Odda, þá skal jeg virða það við hann, að hann vill hlynna að þessu prestakalli, sem liggur í kjördæmi hans, og jeg efa ekki að það kunni að mæla töluverð sanngirni með því, að eitthvað yrði eptir gefið af þessu árgjaldi; en þótt jeg kannist við, að ástæða kunni að vera til, að eptirgefa eða lækka það, get jeg, eptir minni skoðun eigi annað en verið ófús til, að greiða atkvæði mitt með því, sökum þess, að lítill litur hefur verið sýndur á því, að borga neitt af árgjaldinu. Alþingi hefur áður, ef jeg man rjett, sýnt Oddapresti talsverða tilslökun. Eptir þeim tölum, sem h. þm. Rangv. tók til, hefur prestakallið misst af jarðarafgjöldum sem svarar 400 kr. En jeg vil spyrja: Hefur prestakallið virkilega misst þessar 400 kr.? Jeg hef heyrt, að ekki nema tvær litlar jarðir hafi verulega skemmzt; hinar allar gefi enn hið sama afgjald af sjer og áður. Hvað snertir hitt atriðið, að tekjuskattar hafi minnkað sökum lækkunar verðlagsskrárinnar, þá er þetta ekki neitt sjerstakt fyrir Odda: það kemur fyrir alsstaðar, að verðlagsskráin breytist. Það mætti æra óstöðugan, að hlaupa eptir því. Þingið mætti vera framúrskarandi þolgott og stöðuglynt, ef það breytti allt af árgjaldi af brauðum eptir því, sem verðlagsskrá breytist. *(Margir:* Þm. er ókunnugur því, sem hann talar um). Þess ber og að gæta, að þótt ekki hafi sandfok komið til, hafa á þessum árum tekjur brauðanna víðast lækkað um landið. Hefði Odda prestur klofið þrítugan hamarinn með greiðslu árgjaldsins, skyldi jeg ekki hafa verið seinastur manna til að setja það niður, og máske alveg sleppa því. Mjer sýnist það ekki vera mikil samkvæmni við aðra presta, eða einkum einn annan prest, sem orðið hefur fyrir hnekki, og þótt ekki sje af völdum náttúrunnar, þá hefur hann, nú sem stendur, misst talsvert af tekjum sínum, og hefur þingið þó ekki viljað bæta honum það upp.

Hallgrímur Sveinsson: Hvað Odda snertir, þá liggur hjer eigi fyrir að tala um *linun* á afgjaldi sökum skemmda; hjer er

einungis um *eptirgjöf* eða *ekki-eptirgjöf* að ræða. Jeg ímynda mjer, að hjer sje eigi annað að gjöra, en samþykkja frv. Þar sem h. þm. N-Þing. (B. Kr.) sagði, að hlutaðeigandi prestur hefði eigi sýnt lit á að borga, þá vil jeg minna hina h. deild á, að þetta er ekki rjett hermt. Það er víst flestum í deildinni kunnugt og að minnsta kosti er hægt að sannfæra sig um það af reikningunum, að presturinn hefur borgað hátt á 500 kr., og þótt þetta sje ekki stór upphæð í samanburði við allt árgjaldið, sje jeg þó ekki, að það verði með rökum sagt, að hann hafi engan lit sýnt á að borga, og það er búið að margtaka það fram, að það sje til fullrar vorkunar virðandi, þótt greiðslan hafi orðið í nokkrum molum og prestinum veitt örðugt að standa í þeim skilum, sem æskilegt hefði verið. Reynslan hefur nú sýnt, að hann hefur ekki getað goldið meir en þetta, og þar sem það að hinu leytinu er viðurkennt, að brauðið hefur orðið fyrir ærnum skemmdum, sýnist mjer ekki áhorfsmál að samþykkja eptirgjöfina. Þar sem h. þm. N-Þing. (B. Kr.) tók fram, að viðkunnananlegra væri að veita presti þessum heldur sjerstök heiðurslaun, þá skal jeg fyrir mitt leyti alls eigi vera því mótfallinn og skyldi fúslega greiða atkvæði mitt með heiðurslaunum handa þessum manni. En hafi svo verið, eins og mjer reyndar skildist á þm., að það hafi verið meining hans, að heiðurslaunin skyldu koma í stað þessarar eptirgjafar og sem ígildi hennar jafna hana upp, eða með öðrum orðum, að heiðurslaununum skyldi varið til þess eins, að greiða árgjaldsskuld hans, þá get jeg ómögulega fellt mig við þessa aðferð. Mjer finnst þannig löguð veiting einungis til þess, að vekja tilhlökkun og von hjá þeim, sem hlut á að máli. Þetta er ekki annað en að veitingarvaldið taki úr öðrum vasanum til að smeygja gjaldinu aptur ofan í hinn, og sjálfsagt senda svo manninum kvittun fyrir skuld hans; þessi kvittun yrði þá í rauninni öll heiðurslaunin. Mjer finnst það vera einungis til þess að stríða og erta, að fara svona að. Jeg fæ heldur ómögulega sjeð, að virðing þess, er hlut á að, sje á nokkurn hátt misboðið með eptirgjöfinni, þegar svo sennileg og eðlileg ástæða er færð fyrir henni.

Viðvíkjandi 2. tölulið 4. gr., þá er hann hjer þannig orðaður, að þessar 4000 kr. skuli veittar «til að leggja þak úr járni á austursúð skólahússins og súð leikfimishússins og smíða nýja glugga m. m.». Hjer er þá að nokkru leyti ákveðin og að nokkru leyti óákveðin aðgjörð ráðgjörð. Þetta er tekið hjer þannig fram, og eigi frekara bundið við þær ástæður, sem fjárlaganefndin færði til. Ef nú ástæður fjárlaganefndarinnar ekki verða að öllu leyti teknar til greina, en farið eptir því, sem hjer er ákveðið, og aðgjörðin framkvæmd undir umsjón stjórnarinnar yfir höfuð, þá ímynda jeg mjer að stiptsyfirvöldin í samráði við landshöfðingjann mundu sjá um framkvæmd viðgjörðarinnar á sem haganlegastan hátt og gætu komið tillögum sínum fram við þann, sem stæði fyrir sjálfri aðgjörðinni, svo að það gæti komizt að, sem þau álitu rjettast og hinu breytt, sem þau kynnu að álíta óhagkvæmt. Að því er snertir veitinguna yfir höfuð, þá hallast jeg helzt að þeirri skoðun, sem h. landshöfðingi ljet í ljósi. Hann hefur sjálfsagt lagt það niður með þeim manni, sem ætlazt er til að standi fyrir aðgjörðinni, hvernig þessu megi framgengt verða, og sjálfsagt komizt að þeirri niðurstöðu, að hinn naumi tími þyrfti eigi að koma í bága við framkvæmd verksins. Jeg get ekki haldið, að nokkur efi geti á því verið, að hættulaust væri að byrja á verkinu undir eins og frv. væri samþykkt af þinginu, og kannske jafnvel fyr. Jeg veit ekki betur en búið sje að gjöra ráðstafanir til að framkvæma bygging Bjarnanesskirkju, sem fje er ætlað til í þessum sömu lögum, og jeg held því að það væri ekki dæmalaust, þótt byrjað væri á aðgjörð áður en konungur staðfestir lögin, enda ætla jeg ástæðulaust, að óttast fyrir, að konungur mundi synja lögunum um staðfestingu; því jeg held það sje dæmalaust, að konungur neiti að samþykkja önnur eins lög og þessi. Hvað það atriði snertir, að það særði fegurðartilfinninguna, ef járnþak væri sett á aðra hlið skólahússins, en trjeþak látið halda sjer á hinni, þá finnst mjer þetta engan veginn eins veruleg ástæða og látið er. Þetta er ekki annað en það, sem víða á sjer stað á húsum hjer í bænum. Sum hús eru og öðrum megin þakin með hellu á veggjum eða göflum og hinum megin trje. Hví skyldi það þá vera svoddan óhæfa, þótt skólinn væri öðrum meginn þakinn með járnþaki og hinum megin væri fyrst um sinn látið halda sjer trjeþakið? Jeg held það væri líka innan handar, ef þetta þætti taka sig svo illa út, að dökklita þá járnþakið.

þetta væri allur galdurinn. Auk þess er aðgætandi, að skólinn er stórt hús og sjest ekki á sama tíma á mörgum stöðum í bænum báðum megin á hann; austanvert úr bænum sjest að eins austurhlið hans, og vestanvert úr bænum sjest að eins vesturhlið hans. Jeg ætla, að hjá öllum þorra manna sje sú fegurðartilfinning, sem hjer kemur til greina, eigi fjörugri en svo, að hún mundi eigi hneyxlast á slíku; fæstir mundu fara að gjöra sjer nokkra rellu út af því, hvernig sú hliðin er, sem frá þeim snýr, og jeg ímynda mjer t. a. m., að fegurðartilfinningin sje sjaldan svo bráðfjörug, að menn, þegar þeir koma vestan úr bæ og hafa sjeð vesturhliðina, sjeu ekki að miklu leyti búnir að gleyma áhrifum hennar á augað, þegar þeir eru komnir í austurhluta bæjarins og sjá á austurhlið skólans. Jeg held að mismunurinn á hinum ólíku hliðum gleymist fljótt og jeg get ekki sjeð neitt hneyxlanlegt eða særandi fyrir fegurðartilfinninguna, þótt þakið á skólanum væri ekki eins litt á báðum hliðum. Og hjer er þá ekki heldur hvítt að velkja, því það er alkunnugt, að hliðar skólans hafa lengi mislitar verið, jafnvel á meðan húsinu veittist sá heiður, að innilykja sjálft löggjafarvald landsins; önnur hefir verið gulleit, hin biksvört, og svo er enn. Það hefur verið komið með þá mótbáru, að ekkert þakefni mundi vera fáanlegt hjer í bænum nú sem stendur; um það, hvort svo er, veit jeg ekki; en hitt sje jeg, að ef ekkert þak er til, verða krónurnar óeyddar. En ef þakið er til, þá held jeg að hver maður geti sjeð, að þetta er fljótunnið verk, og ef til vill mætti halda því áfram, að minnsta kosti að sumu leyti, þótt skólinn byrjaði. Annars skal jeg geta þess, að þar sem frv. telur veitinguna meðal annars til þess, að smíða nýja glugga, þá hef jeg skilið þetta svo, sem það ættu að vera hlífðargluggar fyrir utan hina, og sje jeg ekki mikið á móti því, þótt þeir væru látnir fyrir eptir að skóli væri settur. Auðvitað er, að gólf og aðgjörð veggjanna að innan þyrfti þá að vera búið. Í trausti þess, að ef fje verður veitt, þá verði framkvæmd verksins möguleg, og í trausti þess, að fjárveitingin sje nauðsynleg og eigi um skör fram, gef jeg atkvæði mitt með þessari grein frv.

Viðvíkjandi 5. gr., þá skal jeg stuttlega minnast á það atriði, sem hún ræðir um. Það er auðsjeð, að nefndin hefur verið í mesta vafa um, hvað gjöra skyldi, og hefur þessi efi hennar komið fram í verkinu, þar sem hún hefur ráðið til að kljúfa upphæð þá, sem frumvarpsgreinin til tekur, í tvennt. Jeg get vel skilið þennan efa og fundið hann eðlilegan. Jeg ímynda mjer, að það sjeu fleiri en hin h. nefnd, sem sje um og ó um örlæti þeirra manna, sem gefið hafa þessar myndir; jeg ímynda mjer, að sjerstaklega sjeu þeir þó allmargir, sem sje um og ó um framkvæmdir þess lands, sem hjer hefur átt hlut að máli. Jeg ætla, að það væri ekki ástæðulaust, þótt sagt væri, að hann hefði, sjálfsagt í góðum tilgangi, ráðizt í verk, sem hann hefði skort heimild til að ráðast í ótilkvaddur. Jeg ætla, að það væri á rökum byggt, þótt sagt væri, að þessi landi vor hefði komið fram sem sjálfgerður umboðsmaður í þessu tilliti, að tilgangurinn sjálfsagt væri sá, að glæða fegurðartilfinninguna hjer á landi, en manninn hefði vantað umboð til að stíga það stig, sem hjer er stigið. En má vera, að maðurinn hafi hugsað, að með þessu móti, með því að stíga djarflega þetta stig strax, gæti hann náð betri tökum á þingi og þjóð, og knúð til þess að farið væri að hugsa fyrir að koma upp listasafni. Honum hefur sjálfsagt dottið í hug, að þinginu kynni að vaxa í augum kostnaðurinn við þetta fyrirtæki, kostnaðurinn, sem nauðsynlega flyti af því, að byggja hús fyrir listasafnið, og að þingið kannske mundi segja: «Þetta er nú mikið gott; en jeg kæri mig ekki um þessar myndir núna; okkur vantar hús fyrir þær, og við getum ekki eins og nú stendur, byggt það. Nei, nú viljum við vera frír». Þetta hefur honum ef til vill dottið í hug, en hann hefur þá aptur hugsað: «Komi jeg nú með safnið strax orðalaust, og segi sem svo: gerið þið nú svo vel og takið þið við þessu safni, þótt þið reyndar aldrei hafið beðið um það, hjerna hafið þið það; nú verðið þið að ábyrgjast það», — þá mundi þing og þjóð sjá sjer nauðugan einn kost, og það væri því eina ráðið fyrir sig að stíga þetta djarfa spor strax. — En hvernig sem allt er, finnst mjer nú eigi um annað að gjöra, en að taka við myndunum og þakka fyrir. Það væri heldur ófrægilegt afspurnar, ef gjöfunum væri vísað á bug, og maðurinn neyddur til að fara til hinna göfuglyndu gjafara, til hans hátignar konungsins, til íþróttamanna, til ráðherra, til ríkiserfingjans, og segja sem svo: «Jeg bað ykkur, að gefa

myndir handa þjóðinni minni, og þið brugðust örlátlega og vel við. Síðan bað jeg þingið heima um styrk til að koma þeim fyrir, en jeg fjekk hann ekki; þjóðin mín vill ekki hafa þær; viljið þið nú ekki gjöra svo vel og taka við þeim aptur». Eins óhugsandi eins og mjer virðist þetta, eins sjálfsagt virðist mjer það, að taka við myndunum og kunna heldur þökk en óþökk fyrir. Mjer finnst málið komið á þann rekspöl, að nauðsynlegt sje að veita ekki þúsund heldur tvö þúsund kr. Annað mál er það, hvort eigi væri hentugra að biðja um leið og fjeð væri veitt þennan landa vorn, að láta nú hjer við staðar nema, og útvega ekki fleiri myndir fyrst um sinn, að minnsta kosti ekki fyr en húsnæði væri fengið fyrir það sem komið er. Það liggur að vísu ekki hjer fyrir, að tala um það atriði, en jeg veit, að h. deildarmönnum er kunnugt, að hinn fyrirhugaði banki þarf væntanlega með tímanum, ef eigi strax, hentugt og tryggilegt húsnæði; auk þess er það svo sem auðsjeð, að ef stjórnarkrárbreytingin næði fram að ganga, flýtur þar af húsavöntun; enn er eitt aðgætandi: Það sýnist eitthvað bogið við það að hafa póstmeistara fyrir landið með liðugum 2000 kr. launum og gjöra honum þó að skyldu að leggja pósthús til; jeg held það sje auðsjeð, að innan skamms þurfi að byggja pósthús; og svo þegar hinn fyrirhugaði lagaskóli bætist hjer við, þá skortir hann húsnæði. Af öllu þessu sjest, að það líður ekki á löngu áður nauðsynlegt verður að byggja að minnsta kosti eitt stórhýsi, sem fullnægt geti öllum þessum þörfum landsins, og þó heldur 2 en eitt, og ætti listasafnið að geta fengið húsnæði þar; en fyrst um sinn sje jeg ekki annað, en safnið verði að vera lokað.

Magnús Stephensen: Af því h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) er hniginn í valinn, þá ætla jeg að leyfa mjer sem fyrverandi Rangvellingur að svara h. þm. N-Þing. (B. Kr.) viðvíkjandi rengingum hans á reikningi þm. Rangv. (S. Á.) á tekjum Oddaprestakalls. Hann vildi ekki kannast við, að lækkun verðlagsskrár í Rangárvallasýslu hefði sjerleg áhrif á tekjur Oddaprestakalls. Rangárvallasýsla hafði verðlagsskrá sameiginlega við Árness-, Gullbr.- og Kjósarsýslur og Reykjavík; þá var verðlagsskráin, sem gilti fyrir Rangárvallasýslu, mikils til of há, eins og verðlagsskýrslurnar þaðan sýndu, því þær voru á öllum aurum 10—20 aurum lægri, heldur en verðlagsskráin varð, sem kom af því, að verðlagið var svo miklu hærra í hinum sýslunum, sem hún átti verðlagsskrá með. Nú voru tekjur Odda prestakalls metnar eptir þessari sameiginlegu verðlagsskrá, og því mikils til of hátt, en eptir því mati var farið, þegar árgjaldið af Odda var ákveðið á alþingi 1879. Ef tekjurnar væru nú metnar eptir verðlagsskrá, þá mundi það muna um 300 kr., sem tekjurnar yrðu lægri af Oddabrauðinu einu. Þm. verður og að gæta þess, að það eru fleiri en 2 kirkjujarðir, sem skemmzt hafa, eins og hann sagði; jeg skal nefna Bolholt, Gaddstaði, Strönd og ½ Helluvað, sem beðið hafa stórskemmdir, og lagzt flestar algjörlega í eyði, auk þess sem Oddaprestur hefur misst prestmötuna af Gunnarsholti, eins og þm. veit. Það er óhætt að fullyrða, að Oddi hefur rýrnað um miklu meira en um 700 kr. síðan 1877. Viðvíkjandi 3. tölul. í 4. gr., skal jeg geta þess, að þingið síðast veitti fje til leikfimishúss á Möðruvöllum, en ekki til að kaupa leikfimisáhöld. En það er auðsætt, að ekki er til neins að leggja til 4000 kr. til að byggja hús, ef ekki er veitt það fje, sem þarf til áhaldakaupa, svo að þingið verður sjálfsagt að veita þennan styrk, ef það vill vera sjálfu sjer samkvæmt.

Jakob Guðmundsson: Viðvíkjandi 5. grein get jeg ekki annað, en haldið fast fram helmingsniðurfærslu nefndarinnar með styrkinn til myndanna, því að það er lítt hugsandi, að myndirnar með þessum 2000 kr. geti komið að fullum notum. Það er ekki tilhlýðilega kurteist, að þakka Birni ekki, en því ókurteisara er, að þakka ekki gefendunum, heldur segjast hreint og beint *mjög* þakklátir, og vilja taka á móti því, sem gefið hefur verið, en ekki sjá fært að sinni að koma því, sem eptir er, í ramma. H. 6. kgk. þm. (H. Sv.) talaði mikið um stórhýsi, sem á vissum tíma mundu upp rísa hjer í borginni. Þetta getur rætt, en það getur dregizt, og svo í öðru lagi: hvernig gætu þau stórhýsi orðið hæfilegur staður til að skoða myndir í fyrir menn með fegurðartilfinningu, er ættu að skoða þær? Jeg hef ekki vit á því sjálfur, en hef heyrt fagurfræðinga segja, að það væri ekki nóg, að hengja upp myndirnar, heldur þyrftu þær að vera í hæfilegri fjarlægð frá auganu, til að sjá fegurð þeirra, og þá gætu að líkindum ekki verið meira en 2—3

myndir í herbergi. Þá þarf og hagkvæma birtu o. fl. Jeg er því fastur á, að þessar 1000 kr. verði veittar, einungis til að geta tekið á móti myndunum, sem til eru, og komið þeim fyrir fyrst um sinn á hentugum geymslustað.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg er eins fastur á því, að vilja veita annaðhvort þessar 2000 kr. eða að öðrum kosti ekki neitt. Jeg ætla, að hingað sjeu komnar 11 myndir, og hefur ráðgjafi Íslands veitt 200 kr. fyrir flutning þeirra hingað, en jeg hygg, að því að eins hafi orðið komizt af með þetta litla fje, að ekki hafi þurft að kaupa ramma utan um neina eða þá örfáar af þessum 11 myndum. Nú er að mig minnir 26 myndir eptir ytra, og utan um þær vantar ramma algjörlega. Safnandi þessara mynda hefur sent áætlun um kostnaðinn við rammasmíðina, og gert, að hver rammi upp og niður kosti 45 kr.; það er ef til vill freklega til tekið með hinar smærri myndirnar, en líka langt of lítið fyrir hinar stærri, og alls getur það ekki minna verið. En að fá myndirnar hingað upp rammalausar, og panta ramma á eptir, það yrðu að minnsta kosti engin búdrýgindi. Það kostaði eins mikið að flytja rammana eins og myndir í römmum, en jeg hygg, að það fari ekki vel, að kaupa rammana í álnatali og flytja þá þannig og setja saman hjer, en hvergi geymast myndirnar betur en í römmum, og þær, sem nú eru komnar, sýna, hvernig bezt er að geyma þær hjer. Það þarf ekki annað, en að láta þær ofan í kassana aptur, sem þær voru fluttar í, og standa nú hjá, loka svo kössunum, þangað til betri ráð finnast. Jeg legg því til, að þingið veiti þessar 2000 kr., en láti ekki þessar 1000 kr. nægja.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. 307 við 1. gr. samþ.

1. gr. þannig breytt samþykkt.

Breyt.till. við 2. gr. samþ. með 10 atkv.

2. gr. þannig breytt samþ. með 9 atkv.

3. gr. 1 samþ. með 11 atkv.

3. — 2 — — 11 —

4. — 1. tölul. samþ. með 11 atkv.

Breyt.till. við 4. gr. a, samþ. með 8 atkv.

— — 4. — b, — — 8 —

4. gr. þannig breytt. samþ. með 11 atkv.

Breyt.till. við 5. gr. samþ. með 6 : 5 atkv.

5. gr. þannig breytt samþykkt með 6 atkv. móti 5, og var við haft nafnakall, sökum óglöggrar atkvæðagreiðslu; sögðu þessir

já: Einar Ásmundsson,
Jakob Guðmundsson,
Jón Pjetursson,
L. E. Sveinbjörnsson,
Sighvatur Árnason.
Skúli Þorvarðarson;

en *nei*: Hallgrímur Sveinsson,
Magnús Stephensen,
Árni Thorsteinsson,
Ásgeir Einarsson,
Benedikt Kristjánsson

Síðan var frv. þannig breytt samþykkt, og vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Þrítugasti og sjöundi fundur, fimmtudag 13. ágúst, kl. 1 e. m. Allir á fundi.

Frumvarp til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja þjóðjarðir (C. 184); 2. umr.

Framsögumaður (L. E. Sveinbjörnsson): Jeg skal fyrst geta þess, að það hefur á einum stað fallið úr dálítil breyting, sem nefndin ætlaðist til að kæmist að, og þessi breyting er fólgin í því, að bætt yrði inn í á eptir breytingu nefndarinnar (C. 331) við 1. gr. 10. tölul. frv.: í stað «5000 kr.» komi: «4600 kr.» Jeg skal leyfa mjer að skjóta því til h. forseta, hvort eigi megi lagfæra þetta nú þegar; en ef það eigi skyldi mega, mun nefndin koma með breyt.-till. í þessa átt til 3. umr.

Forseti: Jeg hefi að vísu eigi móti því, að þessi breyting, sem h. 5. kgk. þm. (L. E. S.) hefur bent á, verði nú þegar lagfærð, en álít samt rjettara að bera það undir atkvæði h. deildar.

Síðan bar forseti þessa beytingu undir atkvæði, og var það samþykkt í einu hljóði, að hún mætti komast að.

Framsögumaður (L. E. Sveinbjörnsson): Eins og jeg gat um, ætlaðist nefndin til, að í 12. lið 1. gr. kæmi «4600 kr.» í staðinn fyrir «5000 kr.» og vil jeg láta þess getið nú þegar. Nefndarálitið er, eins og hinir h. deild sjer, mjög stutt (C. 330)

og álít jeg því nauðsynlegt að skýra frá, hvers vegna nefndin hefur leyft sjer að gjöra breytingar við frv.; og á hinn bóginn vil jeg um leið láta þess getið, af hvaða ástæðum nefndin að öðru leyti hefur fallizt á frumv. neðri deildar. En til þess ekki að valda ruglingi, vil jeg nefna hinar einstöku jarðir í þeirri röð, sem þær standa í frv. Nd.

En áður en jeg fer að tala um hinar einstöku jarðir, skal jeg geta þess um jörð þá, sem nefnd er undir 17. tölul. í frv. Nd., að nefndin tók of seint eptir því, að frv. um að selja þessa jörð, auk annara fleiri, var fyrir þinginu 1883 og að þessi jörð er talin með þeim jörðum, sem stjórninni er veitt heimild til að selja með lögum 8. nóv. sama ár, og söluverð jarðar þessarar var þá 7370 kr. og skyldi heimildin til að selja jörðina standa til 31. des. 1890. Jeg vildi helzt, að jörð þessi væri því felld burt, nema því að eins, að ákvörðun um, að lögum þessum væri breytt að því er hana snertir, væri bætt aptan við frv.

Jeg skal svo geta þess, að þar sem nefndin leyfði sjer að breyta tölunum í frv. Nd., þá vakti fyrir henni sú aðalregla, að fylgja heldur áliti sýslunefnda en umboðsmanna; fyrst og fremst fylgdi nefndin þessari reglu af þeirri ástæðu, að hún áleit, að sýslunefndir hlyti að vera kunnugri jörðunum, en umboðsmenn, og í annan stað af þeirri ástæðu, að hún áleit umboðsmennina *interesseraða* í þessu máli, með því að sala jarðanna auðsjáanlega orsakar það, að þeir missa nokkurn hluta af tekjum sínum. Þá vakti og loks önnur aðalregla fyrir nefndinni, sem var sú, að hlynna sem mest að að auka sjálfseign í landinu, og áleit nefndin, að með þessu móti væri landssjóði í reyndinni og þegar til lengdar ljet bezt borgið. Skal jeg svo snúa mjer að hinum einstöku jörðum.

Fyrst er þá Böggversstaðir. Frv. setur verðið 6500 kr. og sama hefur umboðsmaður álitið hæfilegt, en sýslunefndin hefur eigi metið jörðina nema 4500 kr. Jörðin er 37,5 hndr. að dýrleika. Afgjaldið eptir jörðina er 194 kr. 70 a., sem svarar til 4868 kr. Jeg vil við þetta tækifæri geta þess, að þegar mat og dýrleiki jarðanna er borið saman, er auðsætt, að það er vallt að fara eptir dýrleikanum, því 15 hndr. jörð getur verið metin jafnt til peningaverðs og 30 hndr. jörð. Að því er þessa jörð snertir, höfum við fengið nákvæmari skýrslu um hana. Þetta er einhver með hlunnindamestu jörðum Möðruvallaklausturs. Hún hefur 5 kúa tún, 250 hesta útheyisslæjur, góða hagbeit, þó í nokkrum fjarska, liggur haganlega við útræði; jörðin á hólma í Svarfaðardalsá, sem áin að vísu kvað flæða yfir, þegar vatnavextir eru, en með litlum kostnaði mætti sjálfsagt búa til varpland í hólmanum. Þar við bætist enn fremur arður af síldarveiði. Reyndar hefir sýslunefndin tekið fram, að þar væru svo miklar útgrynningar, að ekki gæti verið von um síldveiði. En reynslan hefur sýnt hið gagnstæða, því ábúandinn hefur 1 ár haft mjög mikinn arð af henni. Með tilliti til alls þessa hefir nefndin fylgt mati umboðsmanns, og sett verð jarðarinnar 6500 kr., eins og er í frv. Nd.

Þá kemur Ásgerðarstaðasel. Verðið er í frv. Nd. sett 900 kr., hjá umboðsmanni 900 kr., en sýslunefndin hefur metið jörðina 800 kr. Jörðin er lítil, 15,27 hndr. að dýrleika, fóðrar 1 kú og gefur af sjer 100 hesta af útheyi. Á hinn bóginn er afgjaldið hátt, 38 kr. 60 a., sem svarar til 965 kr. kaupverðs. Nefndin hefur fært jörðina niður um 100 kr., og sett verðið 800 kr. og þótti henni þetta eigi áhorfsmál, eptir því sem á stóð.

Þá koma Hrísar, dýrleiki 12 hundr. Þarna sjest munurin á matinu og dýrleikanum. Þetta 12 hundraða kot er í frv. 2500 kr., af umboðsmanni metið 2500 kr., sýslunefndinni 2400 kr. Afgjaldið er 60 kr. 30 a., sem svarar til 1513 kr. Nefndin hefur fylgt sýslunefndinni, og ræður til að sett verði 2400 kr.

Því næst kemur Brekka, stór jörð (31,6 hndr.) að hundraðatali. Hún er metin eins af umboðsmanni og sýslunefnd. Nefndin hefur því eigi ráðið til neinnar breytingar.

Þá er Akur, metinn af umboðsmanni 3000 kr., en af sýslunefnd 2800 kr. Afgjald jarðarinnar 104,50 svarar til 2613 kr. höfuðstóls. Nefndin vissi ekki til, að þetta væri nein sjerleg kostajörð, og færði því verðið niður frá frv. Nd. niður í 2800 kr., eins og sýslunefndin.

Skinnastaðir; frv. setur þá jörð á 2250 kr., umboðsmaður hefur metið hana á 2150, en sýslunefnd á 2250 og fylgdum við því; þessi jörð hefur gefið af sjer 82,50, sem svarar til 2063 kr

Þá er næst að telja Húnsstaði, sem ekki er nema 10,2 hndr. að dýrleika; verðið 2000 kr. bæði hjá umboðsmanni og sýslu-

nefnd, sýnist hátt; en þess ber að gæta, að þar eru hlunnindi af laxveiði.

Því næst er Hæli; sýslunefndin hefur metið þá jörð 50 kr. hærra en umboðsmaður, og því höfum við fylgt frv. Nd.

Þá kemur Hafragil, 24,9 hndr. að dýrleika. Umboðsmaður hefur metið jörðina 2500 kr., en sýslunefnd 2400 kr. Afgjald jarðarinnar er 93,60, sem svarar til 2388 kr. Nefndin hefur ráðið til að verðið verði sett 2400 kr., sem er þó meira en það sem hún rentar sig fyrir.

Skíðastaðir eru í frv. Nd. settir á 5000 kr. Umboðsmaður hefur metið jörðina til þessarar sömu upphæðar; en sýslunefndin 4800 kr., og það hefur nefndin aðhyllzt. Afgjaldið er 176 kr. og svarar til 4400 kr. upphæðar. Nefndinni þótti eigi ástæða til að setja þessa jörð hærra, þótt dýrleikinn sje hár, nfl. 51,3 hndr.

Því næst koma Hafsteinsstaðir. Hjer skal þess getið, að ábúandinn hefur ekki beðið um að fá jörð þessa til kaups, heldur óskað eptir að fá hana í makaskiptum fyrir 2 aðrar jarðir, Illugastaði og Bakka í Fljótum, sem eptir virðingu matsmanna hafa verið metnar á 3200 kr. báðar. Það hefur áður komið til tals, að selja Hafsteinsstaði; þá var verðið af umboðsmanni sett 3000 kr. Nú hefir umboðsmaður metið hana 2800 kr., en sýslunefnd 2400 kr., og á þetta hefur nefndin fallizt, með tilliti til þess, að mikil líkindi eru til að landshluti nokkur gangi undan jörðinni, sem Seltunga heitir. Auk þess er jörð þessi í nágrenni við Reynistað, eitthvert mesta höfuðból landsins, og getur þetta ekki talizt kostur við bændabýli.

Þá kemur Veðramót. Það er hin hæst metna jörðin að dýrleika, metin af umboðsmanni á 5000 kr. og dýrleikinn nærri 50 hndr. Sýslunefndin hefur fært matsupphæðina niður í 4600 kr. og það hefur nefndin fallizt á, eins og þegar er frá skýrt. Jörð þessi er að vísu stór jörð og hefur nokkuð í sjer, en hún liggur í harðindasveit og er mögur og uppblásin heima um sig; hún á að vísu gott land, en það er langt í burtu í þröngum dal. Afgjaldið er 155 kr. og svarar til 3875 kr. upphæðar. Nefndinni þótti ekki heppilegt að setja hana hærri en 4600 kr.

Þá er Svínadalur í Leiðvallarhreppi. Allir eru samdóma um, að þessi jörð sje hæfilega seld fyrir 1350 kr. Afgjaldið 52,70 svarar til 1318 kr.

Því næst er Gröf í sama hreppi. Hjer er heldur enginn meiningamunur. Nefndin setti því 1200 kr., eins og frv. Nd. Afgjaldið er 57,60 og svarar til 1440 kr.

Brekka liggur suður með sjó í Leirunni. Hún er af umboðsmanni metin 1400 kr. og þannig sett í frv. Sýslunefndin hefur ekki fjallað um matið, en aptur hafa matsmenn verið útnefndir, sem hafa metið jörð þessa 1250 kr. Afgjaldið er nú 46,70, sem svarar til 1168 kr. upphæðar. Afgjaldið á við ábúendaskipti að hækka upp í 120 ál.; en umboðsmaður hefur getið þess, að hún mundi aldrei leigjast fyrir það.

Þá kemur Efri-Strönd. Hjer eru umboðsmaður og sýslunefnd samdóma um 200 kr. Þar á móti hefur h. ldsh. sett 350 kr., því eptir leigusamningi 1864 var eyðijörð þessi leigð til 5 ára fyrir 14 kr. á ári, og þegar sá, sem þá tók jörðina á leigu, hætti, gekk annar að sömu kjörum, svo eptir hana hafa goldizt 14 kr. á ári, til þessa dags. Nefndin fann því ekki ástæðu til, að færa hana niður.

Að því er Vík í Dyrhólahrepp snertir, þá er jeg búinn að minnast á, að hún standi í lögum 8. nóv. 1883. Jeg get þess, að umboðsmaður hefur virt hana á 5100 kr., sýslunefnd á 5500 kr. Eptirgjaldið er 151 kr. 10 a., og svarar til 3780 kr. En þess ber að gæta, að afgjaldið í Skaptafellssýslu er svo lágt, sökum þess, að helmingur þess er greiddur eptir 16 aura alin, en helmingur eptir meðalverði. Nefndin hefur því haldið upp á við, og sett 5500 kr.

Síðast er Rauðará. Hjer er eigi að ræða um neitt sýslunefndarmat. Jörðin hefur verið virt af matsmönnum, sem til þess hafa verið kvaddir, á 2400 kr., og það hefur bæjarstjórn Reykjavíkur boðið í hana. Umboðsmaður hefur látið í ljósi, að þetta væri hátt mat, og að æskilegt væri, ef jörðin seldist fyrir það. Nefndin hefur því ekki fundið ástæðu til, að setja kaupverðið lægra, en bæjarstjórnin hefur boðið; álitið bezt að taka slíku boði. Jeg er nú búinn að gjöra grein fyrir aðferð nefndarinnar, að því er snertir hinar einstöku jarðir, og skal eigi orðlengja meir að svo stöddu.

Landshöfðingi: Jeg get ekki fallizt á stefnu h. nefndar í þessu máli, að því leyti, sem hún hefur stungið upp á því, að færa niður söluverð nokkurra þeirra jarða, sem tilfærðar eru í frv. þessu. Jeg held að það sje yfir höfuð að tala rjett grundvallarregla

við þjóðjarðasölu, að láta sjer ekki vera það áhugamál, að koma jörðunum út; þar á móti getur það verið rjett grundvallarregla, í vissum tilfellum, að gefa ábúendum aðgang til að eignast ábýlisjarðar sínar með viðunanlegum og aðgengilegum kjörum. En til þess að ná hinum rjetta tilgangi, þeim að ábúendurnir geti fengið ábýlisjarðir sínar keyptar með viðunanlegum kjörum, og svo, að landssjóður verði skaðlaus, þá verður að líta á þetta tvennt, að kostirnir sjeu aðgengilegir, og söluverðið sje sett nógu hátt. Mjer virðist h. nefnd að eins hafa litið á aðra hlið málsins, þá, að gjöra kaupin sem aðgengilegust fyrir ábúendurna. Þetta á nú sjálfsagt að taka til greina við sölu landssjóðsjarðanna, en mjer finnst nefndin hafa gengið óþarflega langt í þessu, þar sem hún hefur stungið upp á niðurfærslu á söluverði all-margra jarða, sem greindar eru hjer í frv.; og nefndin hefur þó víðast sett söluverðið niður með svo lítilli upphæð, að það getur ekki haft verulega þýðingu með tilliti til þess, að það verði að nokkrum mun ljettara fyrir ábúandann að eignast jörðina, heldur en þó niðurfærslan ekki ætti sjer stað. En til þess að gjöra breytingar á frumvarpi hinnar h. Nd. hefði þurft sjerstakar ástæður. H. framsögum. (L. E. Sv.) hefur lýst greinilega skoðun nefndarinnar á þessu máli og gjört grein fyrir, hvað hafi vakað fyrir henni, er hún samdi tillögur sínar. Jeg get þó ekki sjeð, að nægilegar ástæður sjeru fyrir hendi til þessarar niðurfærslu á söluverðinu. Það er til dæmis ekki gott að staðhæfa, að söluverð jarðarinnar «Hrísa» í Húnavatnssýslu sje rjettara ákveðið með 2400 kr., en 2500 kr. Hjer er um svo lítinn mun að ræða, að jeg held að h. Ed. geti ekki haft ljósa hugmynd um, hvort verðið sje rjettara. Sama er að segja um jörðina «Akur» í sömu sýslu, sem nefndin vill selja á 2800 kr., en í frv. Nd. er sett 3000 kr. Sama er ennfremur að segja um «Hafragil» í Skagafjarðarsýslu; það er ekki gott að segja, hvort rjettara er, að selja hana fyrir 2400 kr., eins og nefndin vill, eða 2500 kr., eins og stendur í frv. Sama er líka að segja um söluverð «Skíðastaða» í Skagafjarðarsýslu, sem eptir frv. á að mega selja fyrir 5000 kr., en nefndin vill láta fyrir 4800 kr. Hjer er alstaðar um svo óverulegan mun að ræða, og virðist mjer engin ástæða til þess, að þessi h. þingd. breyti söluverði því, sem h. Nd. hefur sett í þessu frv., og ómögulegt er að segja, hvort söluverðið sje hið rjettasta. Með tilliti til jarðarinnar «Víkur» í Dyrhólahreppi skal jeg taka það fram, að tillögur h. nefndar að því er snertir söluverð hennar eru einna fjarstæðastar, þar sem sjálfir ábúendur vilja kaupa þessa jörð fyrir 6000 kr., en nefndinni þykir það of hátt verð og vill slá af þessari upphæð 500 kr. Jeg sje því ekki betur, en að þetta sanni, eins og jeg þegar hefi tekið fram, að h. nefnd hefur gengið of langt í að færa söluverð jarðanna niður, og þannig borið óþarflega mikla umhyggju fyrir ábúendum. Í lögum þeim, sem alþingi samdi á síðasta þingi, 1883, er jörðin «Vík» sett 7370 kr., og þykir mjer vafasamt, hvort rjett sje að færa þessa upphæð niður. Það lítur svo út, sem mönnum þyki þetta hátt verð, en að fara niður fyrir 6000 kr., eins og h. nefnd vill, getur að mínu áliti ekki komið til mála. Jeg leyfi mjer því að leggja það til, að h. Ed. fylgi frv. Nd. að því er snertir söluverð þessara jarða, en fari ekki eptir tillögum h. nefndar, að færa það niður, því að jeg get ekki sjeð nægja ástæðu til þess, enda álít jeg að þessi deild geti ekki fært verðið niður, nema með því að eiga það á hættu, að málið nái ekki fram að ganga á þessu þingi.

Framsögumaður (L. E. Sveinbjörnsson): Hinn hæstvirti landsh. sagði, að okkur ætti ekki að vera áhugamál, að koma út þjóðjörðum; en skoðun nefndarinnar var sú, að það eigi einmitt að vera áhugamál, þegar landssjóður geti verið skaðlaus við söluna; hann fær þó altjend þennan $^{1}/_{6}$, sem nú gengur til umboðsmannanna, þó söluverðið sje fært niður. Nefndin áleit það svo þýðingarmikið spursmál, að sem flestir verði sjálfseignarbændur í landinu, að þá fyrst sje verulegra framfara von í landbúnaðinum. Hvað á landsjóður að gera við að eiga jarðir, ef hann ekki græðir á þeim, og nú græðir hann á þeim, ef hann selur þær, þegar tekið er tillit til þeirra skemmda, sem þær allt af geta orðið fyrir, því hvað á hann þá að gera annað en selja þær? H. hæstv. landsh. sagði, að niðurfærslan væri svo óverulег og munaði litlu fyrir ábúendur; fyrst svo er, þá held jeg að landssjóð muni hún litlu, einkum þegar hann fær meira fyrir jarðirnar, ef hann selur þær, heldur en ágóðinn af þeim er nú fyrir hann. Ástæðan fyrir því, að nefndin fór fremur eptir áliti sýslunefndanna en umboðsmannanna, var

sú, að hún áleit, að sýslunefndirnar hefðu fullt svo gott vit á þessu, og því færði nefndin söluverðið niður eptir tillögum þeirra víðast hvar.

Magnús Stephensen: Jeg er ekki mjög kunnugur jörðum þeim sem hjer er um að ræða; jeg þekki einna helzt eina jörðina, nl. Vík í Dyrhólahreppi, sem eptir frv. á að selja fyrir 6000 kr., en sem nefndin hefur ráðið til að færa niður í 5,500 kr. H. hæstv. landsh. sagði, að ábúandinn hefði boðið 6000 kr. fyrir hana. Jeg veit, að þetta er rjett með lítilli modification: svo stendur á, að 2 ekkjur búa þar nú, og mjer er kunnugt um, að hvorug þeirra ætlar að kaupa jörðina handa sjálfri sjer, heldur ætlar önnur þeirra að kaupa hana handa syni sínum, en hin handa uppeldissyni; og sama mun vera um margar þessara jarða, að aðrir njóti þeirra en ábúendurnir, en þeir sjeu að eins taldir kaupendur. Framsögum. (L. E. Svb.) sagði, að nefndin hefði fylgt þeirri reglu, að taka meira tillit til virðinga sýslunefndanna en umboðsmannanna, af því umboðsmennirnir gætu verið hlutdrægari. Jeg mótmæli því algjörlega, að ástæða sje til að gruna umboðsmennina um, að þeir sjeu hlutdrægir. Sýslunefndir geta verðið eins hlutdrægar, og það má sjá einmitt af þessu máli um «Vík», að sýslunefndarmenn geta verið svo nákomnir kaupanda, að tilefni sje til að gruna þá um gæzku. Í Vestur-Skaptafellssýslu eru 4 menn í sýslunefnd; þegar þetta mál var borið þar upp, þá munu hafa mætt að eins 3, sýslumaður og 2 nefndarmenn; nú er sýslumaður mágur annars kaupandans, og einn sýslunefndarmaðurinn er tengdafaðir hans, og þar við bætist, að umboðsmaður líka er tengdafaðir annars kaupandans; því er hægt að ímynda sjer, að matið kunni að vera ekki sem óhlutdrægast í þessu máli. En nefndin hefur ekki fylgt alstaðar þeirri grundvallarreglu, að taka mat sýslunefndanna til greina, þar sem það er öðruvísi en mat umboðsmanns, og skal jeg til dæmis um það nefna 2 jarðir, Böggversstaðir og Ásgerðarstaðasel, sem sýslunefndirnar hafa metið lægra en umboðsmaður, þar hefur nefndin aðhyllzt mat umboðsmanns. Hver er orsökin til þess? Engin önnur en sú, að umboðsmaður situr hjer á þingi. *(L. E. Svb.:* Nei). Jú, hjá honum hefur nefndin fengið skýrslu, og hann hefur sannfært hana um, að ekki væri ástæða að setja þær niður. Ef umboðsmenn úr Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum hefðu verið hjer og nefndin hefði getað fengið skýrslur hjá þeim um jarðirnar þar, þá hefðu þeir ef til vill getað sannfært hana um, að ekki væri heldur ástæða til að setja þær niður. Loks skal jeg nefna Hafsteinsstaði: þar eru 2 agnúar á, eptir því, sem nefndin sjálf hefur skýrt frá. Fyrst hefur enginn boðizt til að kaupa þá jörð fyrir ákveðið peningaverð, heldur að eins óskað að fá hana í makaskiptum fyrir 2 jarðir, sem metnar eru á 3000 kr., eða jafnvel 3200 kr., ef jeg hef tekið rjett eptir framsögumanni, og síðan býður nefndin hana fyrir 2400 kr. Landssjóður á að segja: kauptu jörðina fyrir 2400 kr.; jeg vil ekki hafa þessar 600 kr., sem þú býður fram yfir; taktu við þeim aptur. Menn mega vara sig á, að meta þjóðjarðir eptir afgjaldshæð þeirra, einkum í Skaptafellssýslu, þar sem helmingur afgjaldsins er reiknaður eptir gömlu lagi, þannig að alinin er talin 4½ skildingur eða 9 aurar. Nefndin sjálf hefur játað, að afgjaldið af þjóðjörðum sje venjulega of lágt. Það má ekki taka tillit til afgjaldsins af þeim jörðum, sem byggðar eru fyrir 1880. Síðan er leigumálanum breytt í hvert skipti, sem ábúandaskipti verða. Því verður að rannsaka, hvort jörðin hefur verið leigð síðan. Það er líklegt, að jarðir muni stíga í verði og því mun landssjóður tapa við söluna. Það væri bót í máli, ef menn vissu fyrir víst, að ábúendur keyptu og eigendur síðan byggju ávallt á jörðinni; en nú eru það ábúendurnir, sem kaupa að eins að nafninu; þeir eru ekki nema skuggi, og annar kaupandi í rauninni, eða ábúandi tekur lán og getur haldið jörðinni að eins þangað til skuldin er heimtuð af honum. Tilganginum með sölunni, þeim, að efla sjálfseign, verður því að eins náð, ef ábúendurnir eignast jörðina til lengdar.

Sighvatur Árnason: Jeg held að það ætli að reka að því, sem sumir hjeldu á þinginu í hitt eð fyrra, að þjóðjarðirnar verði of hátt settar. Af þeim jörðum, sem þingið samþykkti 1883 að mætti selja, munu sárfáar seldar, eitthvað 2 eða 3. Nú er annar rekspölur kominn á málið; þingið er farið að þoka verðinu niður, og það er eðlilegt, því jeg veit, að sumir kaupa ekki jarðirnar, af því þær eru of hátt settar; svo er t. d. með Vík. Jeg er samdóma h. hæstv. landsh. um, að hún er ekki of dýr á 6000 kr., en þar á móti mikils til of dýr á 7370, og fyrir það verð

vilja ekki ábúendurnir kaupa hana. Út af því, sem h. framsögum. (L. E. Svb.) sagði, að það þyrfti að taka til greina, að nema yrði úr gildi 1. tölul. 1. greinar í lögunum frá 8. nóv. 1883, skal jeg geta þess, að jeg vil ekki leggja það til, að fella jörðina úr frumv. fyrir það, úr því ábúendurnir vilja kaupa hana fyrir þetta 6000 kr. verð, heldur vil jeg laga það með því að nema áminnstan tölul. úr gildi. Það er satt, að eyðijörðin Efriströnd er leigð fyrir 14 kr.; en jeg get þess sem persónulega kunnugur, að hún er að fara smátt og smátt í kaldakol og ekki sýnilegt, að hún haldist til lengdar. Það er að eins 1 maður, sem vill kaupa hana, og vill ekki gefa meir en 200 kr. fyrir hana; hann býr á næstu jörð við hana, og getur því bezt notað hana. Eiginlega eru það að eins 2 jarðir, sem helzt geta notað hana, nefnil. Oddi og Kirkjubæirnir. Jeg held, að þessi upphæð 350 kr. sje að setja stólinn fyrir dyrnar með að hún verði seld. Salan verður hæpin, þegar fram líða stundir, og vil jeg því koma með breytingaratkv. um lækkun á söluverði þessarar jarðar til 3. umr., svo hún geti selzt á meðan tækifæri býðzt.

Benidikt Kristjánsson: Hinn h. 3. kgk. (M. St.) hafði mjög á móti nefndinni, og jeg get játað, að hann hafði gildar ástæður í sumu; en jeg verð þó að segja það, að hann þóttist finna höggstað á nefndinni þar sem hann ekki var. Það er ástæða til að ætlast til að nefndin gæti þekkt, að því er kemur til Víkur í Skaptafellssýslu, hvernig ástatt var með sýslunefndina. (*M. St.*: Eins vel og jeg). Þm. verður þó að telja það eðlilegt, að nefndin álíti sýslunefndir eins trúanlegar eins og umboðsmenn: þær verða að hafa opinbera tiltrú eptir stöðu sinni, og þær verða að álítast óinteresseraðar um sölu þjóðjarða, að minnsta kosti fremur en umboðsmennirnir, sem missa $^1/_6$ af afgjaldi þeirrar jarðar, sem seld er, án þess að þeir vinni nokkurn verulegan hægðarauka í störfum sínum. Nefndin veik ekki að ástæðulausu frá grundvallarreglu sinni, að fara fremur eptir mati sýslunefnda en umboðsmanna, þar sem hún heldur aðhylltist mat umboðsmanna en sýslunefndar á jörðunum Böggversstöðum og Ásgerðarstaðarseli; kom það til af því, að sýslunefndin hafði borið það fram, að fyrir Böggversstaðalandi hefði ekki og geti ekki verið síldarveiði, sökum útgrynnis, en það var nefndinni kunnugt um, að ekki var satt. (*M. St.*: Er það sönnun fyrir áreiðanleik sýslunefnda?). Og fyrir því kaus nefndin heldur að fylgja tillögu umboðsmanns, af því hún vissi, að sýslunefndin bar fram ósatt. Eptir lýsingu á Ásgerðarstaðarseli gat nefndinni ekki dulizt, að sú jörð er lítilfjörleg og því of hátt sett, en nefndin vildi ekki gjöra það að kappsmáli, að færa verðið niður, af því að afgjaldið, sem nú er á jörðinni, er svo hátt, að álíta mætti, að jörðin væri ekki of seld fyrir þetta verð. Jeg get ekki játað, að nefndin hafi haft of mikið handahóf á áliti sínu, en það getur verið, að henni hafi yfirsjezt í sumu, sem ekki er nema mannlegt. Jeg get ekki kallað, að landssjóði sje það kappsmál, að selja jarðir sínar, þó verðið sje ekki sett til muna hærra en almennt viðgengst að selja jarðir. Jeg get játað það, að jarðirnar lendi ekki ávallt í höndum ábúanda, heldur fari í annara hendur, annað hvort sökum þess, að ábúandi sje hafður fyrir framan, eða þótt hann í upphafi kaupi jörðina, síðar neyðist til að selja hana; en aðalreglan og almennast er, að ábúandi kaupi. Það er ekki hægt, að umflýja, að farið sje í kringum lögin í þessu efni fremur en öðru. Það má heita, að lög sjeu samin með þeirri meðvitund, að hægt sje að fara í kringum þau og að það verði gjört, en það ætti ekki að hamla þjóðjarðasölu eða löggjöf yfir höfuð. Jeg hygg, að hver, sem getur selt jörð þannig, að hann fái það verð fyrir hana, sem samsvari 4% afgjaldi, selji hana nógu dýrt, því þótt lagaleg renta sje ekki hærri, þá er líklegt, að hægt sje, að fá meiri vexti af peningum en 4%. Það sýnist ráðlegt og gróðavegur fyrir landssjóðinn að selja jarðir sínar; þær geta gengið úr sjer; það þarf að færa afgjaldið niður, og landssjóður þarf opt miklu til þeirra að kosta, auk þess að $^1/_6$ afgjaldsins gengur frá í innheimtulaun. Jeg ætla mjer ekki samt, að gera niðurfærslu nefndarinnar á söluverði jarðanna að kappsmáli; þingdeildin getur hafnað tillögum nefndarinnar; jeg greiði atkvæði með þeim.

Jakob Guðmundsson: Jeg þekki lítið til flestra þessara jarða og sumra ekki neitt. Það eru að eins jarðirnar í Skagafjarðarsýslu og Húnavatnssýslu, sem jeg þekki nokkuð nákvæmlega til; en þó jeg þekki þær nokkuð, þá er jeg þó ekki fær um að meta þær eða segja, hvert sje hið rjetta og eina sanngjarna söluverð þeirra. Þegar meta skal

jarðir, þá er mjög margt, sem taka verður til greina. Það er ekki hið fasta afgjald eitt, sem taka verður til greina, heldur og ímyndað afgjald, semur kemur við ábúandaskipti. En það er ekki nóg, þó þetta ímyndaða eptirgjald sje gripið eins og úr lausu lopti; það er ekki nóg, þó stjórnin segi, að við ábúandaskipti megi hækka eptgjaldið svo eða svo mikið; það er heldur ekki nóg, þó sýslunefnd eða amtsráð segi það, heldur verður jafnframt að vera vissa, eða að minnsta kosti líkindi fyrir því, að einhver dugandi og skynsamur maður vilji taka jörðinu með hækkuðu eptirgjaldi. Hið ímyndaða eptirgjald verður þannig að vera byggt á einhverjum föstum og vissum grundvelli; annars verður það tómur spádómur. Jeg er sem sagt ekki fær um að ákveða hið rjetta söluverð þessara jarða; en jeg væri færari um það, að því er snertir jarðirnar í Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu, að meta jörð á móti jörð, því jeg veit hvað þær geta borið þessar jarðir, hver fyrir sig. En af því jeg er ekki fær um, að kveða neitt satt og rjett á um söluverð þeirra, þá fer jeg heldur ekkert út í það. Að eins skal jeg geta þess, að mjer er það kunnugt, að jörðin «Veðramót» hefur talsvert í sjer. Heimalandið gef jeg reyndar ekki mikið fyrir; það er uppblásið og undirorpið áföllum af skriðum. En langt á burtu frá bænum er land, sem jörðinni tilheyrir; þar er haft í seli á sumrum, en á vetrum má jafnvel líka hafa þar fjenað. Þessi kostur jarðarinnar hefur þó eins og nærri má geta ærinn kostnað í för með sjer. Jeg get líka gefið þá upplýsingu viðvíkjandi þessari jörð, að ábúandi sá, sem þar er nú, tók við henni mjög svo niðurníddri, en nú er hún af honum svo mjög bætt, að hún er mörgum krónum meira virði nú, en þegar hann fyrst settist á hana. Skal jeg svo ekki tala meira um sjerstakar jarðir, en fara nokkrum orðum um þá grundvallarreglu sem eptir minni skoðun á að fylgja við sölu þjóðjarða. Jeg skal þá geta þess, að jeg er alveg samdóma h. ldsh. um, að við sölu þjóðjarða sje meira komið undir borgunarmátanum, gjaldfrestinum t. d., sem kaupandanum er gefinn, en undir hinum sárlitla mismun á verðinu. Manni, sem kaupa vill jörð, hlýtur að vera meira um það að gjöra, að fá hæfilegan og þolanlegan gjaldfrest, en um það, hvort hann borgar jörðina nokkrum krónum meira eða minna. En yfir höfuð að tala vil jeg þó benda á, að landssjóður eða ráðsmenn hans ættu vel að hugsa sig um, hvort þeir eigi ekki heldur að selja jarðirnar strax með nokkrum ábata, en að geyma þær upp á óvissan ábata, sem máske getur orðið að stór-skaða; því þó ekki væru nema umboðslaunin, sem sparast við það að selja jarðirnar nú, þá eru það þó nokkrir peningar; en því meiri hagur er það fyrir landssjóðinn, ef hann selur jarðir sínar nú talsvert hærra, en svarar því afgjaldi, sem af þeim er greitt, þó umboðslaunin ekki sjeu talin með, sem hann þó hefur ekki svo lítinn hag af að sleppa við. Þegar menn segja, að af því landið eigi framfara von og jörðunum geti farið fram, þá komi landssjóður ekki fram sem góður búhöldur, ef hann vill selja jarðirnar nú, þá segi jeg, að þó landið ætti vissa framfara von, þá ætti samt að selja jarðirnar og það allar áður, því að ef öllu fer fram, þá er það hin vissasta gróðavon fyrir landssjóð, og þó lausafjárskatturinn verði afnuminn einhvern tíma, þá verða fyrir það nóg meðul til að auka tekjur landssjóðs eptir þörfum hans. Eptir því sem þarfirnar vaxa og þjóðin stendur sig betur, eptir því vex líka þá gjaldþol manna til að bera þarfirnar. Þetta ættu ráðsmenn landssjóðs að hafa fyrir augum, og heldur selja jarðeignir hans nú þegar, en halda þeim fyrir mönnum, sem vilja eignast þær, og það upp á óvissu.

Skúli Þorvarðarson: Með því jeg er ókunnugur flestum þeim jörðum, sem frv. þetta ræðir um, þá get jeg lítið um það sagt, hvort söluverð það, sem stungið er upp á, er rjett og sanngjarnt; en þó verð jeg að ímynda mjer, að svo sje yfir höfuð að tala, þar sem frv. hefur gengið gegnum h. Nd., þar sem kunnugir menn eru úr öllum sýslum landsins; þótt þeir h. nefndarmenn, sem sjerstaklega hafa haft mál þetta til meðferðar hjer í deildinni, einnig muni kunnugir víða um land og hafi þess utan gjört sjer far um að kynna sjer öll skjöl málinu viðkomandi, get jeg ekki treyst því betur, en kunnugleik Nd. á því máli. Það eru einungis tvær jarðir, sem mjer er nokkuð kunnugt um, sem sje Vík í Dyrhólahreppi og Efriströnd í Rangárvallasýslu, og að því er þessar jarðir snertir, er jeg alveg á sama máli og h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) En jeg vildi leyfa mjer að geta þess, að jeg hefi nýlega átt tal við mann

úr Húnavatnssýslu, sem því er vel kunnugur mörgum þeim jörðum, sem um er að ræða, og sagði, hann mjer að ábúendum þessara jarða væri áhugamál að fá þær keyptar, og hefðu ekki gjört sjer von um, að fá þær fyrir lægra verð, en umboðsmaðurinn hefði sett. Þeir munu því enn vilja kaupa þær með því verði, sem tilgreint er í frv., með því það er hið sama, sem umboðsmaðurinn áleit hæfilegt. Jeg sje því ekki neina þörf á að vera að færa þessar jarðir niður. Í öðru lagi er lækkun sú, sem nefndin stingur upp á, svo lítil, að hún er ekki þess verð, að horfa í hana, ef menn vilja fá ábýlisjarðir sínar keyptar á annað borð. Mjer finnst mest um vert, að menn fái þær jarðir keyptar, er þeir girnast að kaupa. Jeg er æfinlega þeirrar skoðunar, að æskilegt sje og gott, að sjálfsábúð aukist í landinn. Jeg fyrir mitt leyti er því ragur að aðhyllast niðurfærslu h. nefndar, og held því að jeg greiði fremur atkvæði mitt með frv. að því er snertir söluverð hinna einstöku jarða.

Framsögumaður (L. E. Sveinbjörnsson): Það hefur þótt kynlegt að nefndin skyldi færa söluverð «Víkur» niður úr því, sem ábúendurnir buðu. Hvað átti nefndin að gjöra? Hún reyndi til að útvega sjer allar upplýsingar, til þess að hún gæti fundið út hið rjetta og sanna verð. Hver er svo hættan hjer? Engin! Hjer er tiltekið hið lægsta verð, sem stjórnin má selja jarðirnar fyrir. Það þarf því ekki að óttast, að stjórnin selji þær einu sinni fyrir þetta verð, ef boðið verður hærra verð eða hún álítur það sjálf mikils til of lágt. Hvað það snertir, að jarðirnar á landinu muni með tímanum stíga í verði, þá er jeg alveg samdóma h. þm. N-Þing. (B. Kr.) um, að svo muni varla fara. Að minnsta kosti er jeg viss um, að jarðir landssjóðsins ekki munu stíga í verði, því það er sannarlega illa með þær farið. H. 3. kgk. þm. (M. St.) talaði um Hafsteinsstaði, og þótti það kynlegt, að nefndin skyldi færa söluverð þessarar jarðar niður úr því, sem umboðsmaður hefði álitið hæfilegt, og setja það 2400 kr. í stað 2,800 kr., þar sem þær tvær jarðir, er ábúandinn vildi láta fyrir Hafsteinsstaði, þó væru metnar til samans á 3200 kr. Jeg gat þess þó, að nefndin hefði sett þetta verð með tilliti til þess, að líkindi væru til að landshluti nokkur mundi ganga undan jörðinni. Þess má enn fremur geta, að þessar tvær jarðir, Illugastaðir og Bakki í Fljótum, sem ábúandinn vill láta fyrir Hafseinsstaði, liggja í harðindasveit, og hafa matsmennirnir tekið fram, að opt sje því illt að fá þessar jarðir byggðar, þó þær sjeu góðar í sjálfu sjer.

Jakob Guðmundsson: Með tilliti til Hafsteinsstaða skal jeg leyfa mjer að gefa þá upplýsingu, að ef svokölluð «Seltunga» gengur undan þeim, þá er landi þar svo háttað, að ekki verður meira eptir, en 700 til 800 faðma breið spilda. Jeg hefi verið þar í nágrenninu, svo jeg þekki þar mjög vel til. Jörðinni fylgir sem stendur dágott tún og engi fremur grasgott. En sem sagt, ef hún missir Seltunguna, þá verður ekki eftir meira en 700—800 faðma spilda, sem ligur upp í grýtt snarbratt fjall, sem skriður falla á. Þetta er að eins upplýsing, sem jeg vildi gefa viðvíkjandi Hafsteinsstöðum.

Einar Ásmundsson: Það er, ef til vill, kunnugt sumum h. þingdm., að jeg hefi framfylgt þeirri skoðun, að rjett væri að selja þjóðjarðirnar smátt og smátt, eptir því sem kaupendur byðust, en að jeg jafnframt hefi álitið, að ekki ætti að selja þær fyrir of lágt verð, nje heldur fyrir ósanngjarnt verð, eða með óhagfeldum kjörum fyrir þá, er kaupa. En það er líka öllum ljóst, að það er mjög svo erfitt, að finna, hvert sje hið rjetta og sanngjarna verð á sumum jörðum, og þó matsmenn sjeu allir af vilja gjörðir, þá mun þeim jafnan erfitt, að finna hið hæfilega og sanngjarna verð. Jeg þekki sjálfur lítið til þessara 18 jarða, sem ræðir um í þessu frv. Það eru að eins tvær hinar fyrstu þeirra, sem jeg er við riðinn, og hef jeg þegar fyrir fram látið í ljós skoðun mína um söluverð á þeim. Jeg skal geta þess, hvað fyrstu jörðina, Böggversstaði, snertir, að 6000 kr. eru, að mínu áliti, lágt verð fyrir hana, en aptur 7000 kr. talsvert hátt. Þess vegna fór jeg, þegar jeg virti hana, meðalveginn, og setti verðið 6500 kr., og verð jeg enn að halda þeirri skoðun, að það sje ekki ósanngjarnt verð fyrir þá jörð. Það eru ekki að eins gæði jarðanna í sjálfu sjer, sem taka verður tillit til, heldur verður og að líta til þess, hvernig þær eru settar, eða hvar þær liggja. Böggversstaðir eru svo settir, að hæglega má þar hafa talsverðan arð af fiskiveiðum, því jörðin er á hentugum stað fyrir sjávarútveg. Það hefur verið talað um, að þar væri síldarveiði, en jeg vil biðja

menn að gæta þess, að síldarveiði er ekki staðföst hlunnindi. Það er satt, þar hefur veiðzt síld, og það til muna; en sú veiði getur hæglega brugðizt árum saman. En hvað sem um það er, þá er jörð þessi svo mörgum kostum búin, að jeg get ekki álitið söluverð hennar í frv. annað en sanngjarnt. Næstu jörðina, Ásgerðarstaðasel, þekki jeg líka, og hef stungið upp á 900 kr. fyrir hana. Jeg skal geta þess, að hreppstjórinn í Skriðuhrepp, þar sem jörð þessi liggur, samdi fyrst lýsingu hennar, en hann er henni nákunnugur, enda lýsti hann henni mjög nákvæmlega, og gerði, að því er mjer virtist, hvorki of lítið úr ókostum hennar, nje of mikið úr kostunum. Samt sem áður virti hann jörðina á 900 kr. Sýslunefndin heyri jeg sagt hafi virt hana á 800 kr.; það er nú ekki ákaflega fjarri lagi, en þó álít jeg það í lægsta lagi verð, að sínu leyti eins og jeg álít 1000 kr. vera of hátt verð. Jeg get þannig ekki betur sjeð, en að 900 kr. sje sanngjarnt verð fyrir þessa jörð, því þó gallar sjeu á henni og hættur sjeu þar, þá er hún þó all-gott heyskaparkot. Það er sagt, að hún gefi af sjer í meðalári 100 hesta af útheyi; en heyhestur á Norðurlandi er talsvert meira en á Suðurlandi. Um hinar aðrar jarðir get jeg ekkert sagt, en verð að ímynda mjer, að h. Nd., sem skipuð er kunnugum mönnum úr nærri öllum sýslum landsins, hafi hlotið að fara nærri um að meta þær sanngjarnlega. Þegar jeg lít á verð jarðanna, þá held jeg að jeg verði fyrir mitt leyti að fylgja frv. Nd., eins og það er, en get síður fallizt á breyt.till. nefndarinnar. Því þó jeg viti, að nefndin hefur íhugað þetta mál vandlega, eptir því sem kostur er á, þá verð jeg heldur að efast um, að hún hafi nægilega kunnugleika til þess að geta ráðið til breytinga á verði margra þessara jarða.

Magnús Sthephensen: Jeg skal fyrst geta þess viðvíkjandi Hafsteinsstöðum, að jeg greiði ekki atkvæði með sölu þeirrar jarðar, einmitt af þeirri orsök, að sú jörð hefur aldrei verið föluð fyrir peninga. En eins og menn vita er það viðtekið af alþingi, að selja ekki þjóðjarðirnar nema þær sjeu falaðar af ábúendum til kaups fyrir peninga. Hvort jörðin þess vegna á að kosta 2400 kr. 2800 kr., stendur mjer öldungis á sama.

Í öðru lagi skal jeg geta þess, að jeg geng ekki inn á þá grundvallarreglu, að sýslunefndirnar sjeu kunnugri þessum jörðum, en umboðsmennirnir. Umboðsmaðurinn má til vegna stöðu sinnar að vera kunnugri þjóðjörðunum í hans sýslu, en nokkur annar maður í sýslunni; þeir, sem segja hið gagnstæða, bera umboðsmanninum á brýn vanrækt í sínu embætti, og þeirra er þá að sanna það.

Framsögumaður (L. E. Sveinbjörnsson): H. 3. kgk. þm. (M. St.) hefur tekið orð mín svo, sem jeg hefði sagt, að umboðsmennirnir kæmu fram sem vilhallir við þjóðjarðasöluna; en jeg sagði það aldrei, heldur sagði jeg að þeir gætu verið «interesseraðir». Jeg get játað, að þeir umboðsmenn kunni að vera til, sem ekki vanrækja að kynna sjer jarðir þær, er liggja undir þeirra umboð; en hitt get jeg líka sagt, að jeg hefi þekkt umboðsmann, sem aldrei kom á meginþorra þeirra jarða, er hann hafði umboð yfir. Vjer nefndarmenn vitum það full-vel, að þeir umboðsmenn eru til, sem gæta skyldu sinnar og kynna sjer jarðirnar, enda höfum við líka tekið tillit til álita hlutaðeigandi umboðsmanns að því er snertir tvær fyrstu jarðirnar.

Þegar skammt var komið umræðunum um þetta mál, gekk þingm. Strand., Ásgeir Einarsson, af fundi sakir krankleika, og með honum þingm. Eyf., Einar Ásmundsson, sem þó kom aptur á fund innan skamms.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. 315 við 1. gr. samþ. með 9 atkv.; 1. gr. tölul. 1 samþ. með 10 atkv. Breyt.till. 315 við 1. gr. tölul. 2 felld m. 8 : 2 atkv. Frv. tölul. 2. samþ. í einu hljóði. Breyt.till. 315 við 1. gr. tölul. 3 felld með 6 : 4 atkv., tölul. 3 samþ. í einu hljóði; tölul. 4 samþ. í einu hljóði. Breyt.till. 315 við 5. tölul. felld með 6 : 4 atkv. Frv. tölul. 5 samþ. með 7 : 3 atkv. Frv. tölul. 6 samþ. í einu hljóði. Frv. tölul. 7 samþ. í einu hljóði. Frv. tölul. 8 samþ. í einu hljóði. Breyt.till. 315 við 9. tölul. felld með 6 : 4 atkv. Frv. 9 tölul. samþ. í einu hljóði. Breyt.till. við 10 tölul. felld með 7 : 3 atkv. Frv. 10. tölul. samþ. með 7 atkv. Frv. 11. tölul. samþ. með 6 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já: Benidikt Kristjánsson,

Einar Ásmundsson,
Jakob Guðmundsson,
Jón Pjetursson,
Lárus E. Sveinbjörnsson,
Skúli Þorvarðarson;
en *nei:* Hallgr. Sveinsson,
Magnús Stephensen,
Árni Thorsteinsson,
Sighvatur Árnason.

Breyt.till. 315 við 1. gr. tölul. 12 felld með 7 atkv. móti 3. Frv. 12. tölul. samþ. í einu hljóði. Frv. 13. tölul. samþ. í einu hljóði. Frv. 14. tölul. samþ. í einu hljóði. Frv. 15. tölul. samþ. með 9 atkv. Frv. 16. tölul. samþ. með 6 atkv. Breyt.till. 315 við 17. tölul. felld með 9 atkv. Frv. 17. tölul. felldur með 6 : 3 atkv. Frv. 18. tölul. samþ. með 8 atkv. 2. gr. frv. samþ. í einu hljóði. 3. gr. frv. samþ. í einu hljóði.

Frv. með áorðnum breytingum vísað til 3. umr. með 8 atkv.

Frumvarp til laga um utanþjóðkirkjumenn (C. 284); 2. umr.

Framsögumaður (Jakob Guðmundsson): Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um þessar breytingar, sem hjer liggja fyrir (C. 330), því að flestar þeirra eru breytingar á orðum og setningum að eins gjörðar til að laga málið á frv., og gjöra það ljósara; en fáar efnisbreytingar. Í 3. gr. höfum vjer bætt inn í orðunum: «Í kaupstöðum fer um þessa birtingu, sem þar er venja um auglýsingar þær, er almenning varða». Það sem kom nefndinni til að bæta þessari ákvörðun við, var það, að í Reykjavík og að minnsta kosti máske líka í hinum stæri kaupstöðum, eiga kirkjufundir sjer varla stað nema inni í kirkjunni, en þar á síður við að birta það sem hjer um ræðir, heldur á þann hátt, sem tíðkast í sveitum og kallað er að auglýsa «við kirkjuna». Því virtist oss rjettast að sama aðferð væri höfð við þessar auglýsingar í kaupstöðum og við aðrar auglýsingar. Breytingin við 4. gr. er til að leiðrjetta auðsjáanlega prentvillu, og að því er viðbótina við hana snertir, þá vona jeg að h. h. þingd. sje ljóst, að hún er mjög nauðsynleg, því að það er engin meining í því, að gjöra ferming og altarisgöngu að hjúskaparskilyrði fyrir þá menn, sem eru þeirrar trúar, að hvorug þessi athöfn er til hjá þeim. Við 5. gr. höfum vjer gjört lítilfjörlega breyting og sett: «þá er» í staðinn fyrir «áður en». Eins og orðin stóðu í frv. Nd. var óákveðið, við hvaða tíma miða ætti orðin «áður en», þótt meiningin hafi sjálfsagt verið að miða ætti þau við tímann næst á undan giptingu brúðarinnar. Oss þótti því eðlilegra og greinilegra, að láta «þá er» koma í staðinn fyrir «áður en», því að með því er beinlínis tekið fram, að átt sje við heimili brúðarinnar einmitt á þeim tíma, er hún giptist. Í 6. gr. höfum vjer gjört þá orðabreytingu, að í staðinn fyrir «hlutaðeigandi yfirvaldi» komi «valdsmanni», og auk þess bætt þeirri ákvörðun inn í greinina, að þessar 4 kr., sem valdsmaðurinn fær fyrir embættisverk sitt, renni í landsjóði. Nefndinni þótti eðlilegast að það gjald hyrfi þangað, eins og aðrar aukatekjur sýslumanna. Í 8. gr. hefur nefndin stungið upp á að komi «þjóðkirkjutrúar» í staðinn fyrir «í þjóðkirkjunni»; þótti henni sú breyting eiga betur við, því að þar virðist vera átt við þá foreldra, sem annaðhvort annað þeirra eða bæði hafa eigi þjóðkirkjutrú; en eins og opt hefur verið tekið fram í þessu máli, þá geta menn verið utanþjóðkirkjunnar og þó haft þjóðkirkjutrú. Byrjun 10. gr. virtist nefndinni betur fara að orða eins og hún hefur gjört í breyt.till., því að hún gjörði ráð fyrir, að fyrir gæti komið, að þeir menn, sem eru utan þjóðkirkjunnar, ljetu taka börn sín upp í hana með skírninni. Að öðru leyti liggur það í augum uppi, að eins og áður er gjört ráð fyrir í frv., ef foreldrar eru sitt hvorrar trúar, þá muni þau gjöra löglegan samning um, í trúarbrögðum hvors þeirra barnið skuli vera alið upp.

Í 13. grein þótti nefndinni ákvarðaðra, að bæta inn í «fyrir söfnuð sinn», því að það er auðvitað, að hver utanþjóðkirkjuprestur, sem hefur fengið konungs staðfesting, er eins lögmætur til að gjöra prestsverk eins og þjóðkirkjuprestur. Breytingin við 14. gr. var gjörð af því, að í frv. er talað bæði um prest og forstöðumann í þessari grein, og getur það vel hugsast, að forstöðumaðurinn gjöri einhver embættisverk fyrir söfnuðinn, og geta þau þó ekki kallast prestsverk. Í 15. gr. hefur nefndin fellt úr orðið «forstöðumaður», því að þar er þó síðar í sömu grein rjetturinn til að nota grafreitina bundinn því skilyrði, að utanþjóðkirkjusöfnuðurinn hafi prest, og sýnist

því orðið forstöðumaður í upphafi greinarinnar þýðingarlaust. Þá kem jeg til þeirrar greinarinnar, sem nefndin hefur gjört mesta efnisbreyting við; hún hefur bætt nýrri ákvörðun aptan við 16. gr.; fyrir þessari breyting hefur nefndin gjört grein í áliti sínu (C. 329), og þarf jeg því ekki að tala meir um hana að þessu sinni.

Einar Ásmundsson: Jeg efast eigi um, að nefndin hafi farið sem rækilegast yfir frumvarpið, eins og hún sjálf segist hafa gjört; en þó virðist mjer henni að nokkru leyti hafa sjezt yfir, þar sem hún í breyt.till. við 10. gr. hefur ráðið til, að sett sje «foreldrar», í staðinn fyrir foreldri. Það er sjálfsagt, að í daglegu tali segja menn opt foreldrar; en jeg álít fyrir mitt leyti, að foreldri sje rjett, en foreldrar bögumæli. Á þessu vildi jeg vekja athygli h. nefndar. Í 16. gr. virðist vera málvilla, þar sem stendur: «Allir þeir menn, sem eru í einhverju kirkjufjelagi utan þjóðkirkjunnar, *því er prest hafa*»; þar mun eiga að vera: «*því er prest hefur*», því að orðið *hafa*, eins og það stendur í frv., á við kirkjufjelagið. Við 15. gr. hefur nefndin gjört dálítið verulega breyting, með því að fella burt orðið «forstöðumaður». Jeg veit, að ósamkvæmni er í greininni, eins og hún er orðuð í frv., þar sem fyrst er talað um, að utanþjóðkirkjusöfnuður hafi prest *eða forstöðumann*, en seinna í greininni er talað um, að *að eins prestur* safnaðarins megi jarðsyngja lík. En eins og kunnugt er, þá hafa sum trúfjelög enga presta, eða með öðrum orðum: allir eru jafnt prestar; þannig er t. d. um kvekarana. Þegar svo er ástatt, þá sje jeg ekkert á móti því, að forstöðumaður safnaðar jarðsyngi safnaðarlimi sína, þó hann sje ekki prestur í vanalegum skilningi. Jeg vil því óska, að bætt sje inn í á eptir orðinu prestur í síðara skiptið í greininni: «eða forstöðumaður». Breyt.-till. við 16. gr. er að minnsta kosti athugaverð. Það getur hæglega komið fyrir, að söfnuður myndist fleiri árum áður en hann fær konunglega staðfesting á presti sínum eða forstöðumanni, og þá getur það valdið tvímæli og deilum, hvort miða eigi ákvæði frv. við myndun safnaðarins, eða við konungsstaðfestinguna. Jeg fyrir mitt leyti álít, að miða eigi við konungsstaðfestinguna, og vildi því að orðið «myndaðist» væri fellt í burt. Að öðru leyti sýnast mjer breytingar nefndarinnar á frv. vera því fremur til bóta.

Skúli Þorvarðarson: Það eru ekki nema fá orð, sem jeg ætla að tala um frv. þetta, og þá sjerstaklega um 16. gr. Mjer finnst það nokkuð athugavert fyrir þingið, að afnema lögboðin gjöld, með því að gefa utanþjóðkirkjumenn lausa við að gjalda lögskipuð prests- og kirkjugjöld sín. Jeg játa það að sönnu, að það er hart fyrir utanþjóðkirkjumenn, að gjalda þjóðkirkjupresti lögskipuð gjöld, auk þess sem þeir þurfa að greiða gjöld sínum eigin presti; en það er líka hart, að leggja á almenning þann gjaldauka, sem af því leiðir, að þeir eru leystir frá þeirri skyldu, að greiða þjóðkirkjuprestinum gjöld. Það væri æskilegt, ef hægt væri, að skipa þessu máli öðruvísi en nefndin hefur gjört, og koma meiri miðlun á, og það þætti mjer meiri miðlun, ef komizt yrði til þeirrar niðurstöðu, að þeir menn, sem út úr söfnuði ganga, losuðust ekki fyr við gjöld sín til þjóðkirkjuprests og kirkju þeirrar, er þeir yfirgefa, en sá prestur sleppti brauðinu, sem því þjónaði, þegar þeir mynduðu söfnuð sinn. Ef jeg get fengið nógu marga með mjer, þá mun jeg koma með breyt.till. í þá stefnu til 3. umr. Að öðru leyti er jeg ekki óánægður með frv., nje heldur með hinar breytingar nefndarinnar við það, og vil jeg mæla með, að það fái fram að ganga, ef jeg get fengið breyt.-till. minni framgengt.

Framsögumaður (Jakob Guðmundsson): H. 2. þm. Eyf. (E. Ásm.) kom í ræðu sinni með ýmsar athugasemdir, sem nefndin er honum þakklát fyrir og mun fúslega taka til yfirvegunar. Það er sjálfsagt að nefndin vill breyta málvillunni í 16. gr., þar sem orðið «hafa» er auðsjáanlega látið miða sig við kirkjufjelagið; sömuleiðis hygg jeg að hún muni fallast á að fella í burt úr viðbótinni við 16. gr. orðið «myndaðist», því að það er sjálfsagt rjett, að miða þar við konungsstaðfestinguna eina; líka getur nefndin ef til vill fallizt á að bæta inn í 15. gr. á síðari staðnum «eða forstöðumaður»; en jeg hefi ekki fullkomlega íhugað það enn, og vil jeg eiga tal við samnefndarmenn mína, áður en jeg segi nokkuð ákveðið um það.

Sighvatur Árnason: Jeg ætla ekki að minnast á einstakar greinir í frv. þessu. Um fyrsta kafla þess hefur þegar verið rætt allmikið hjer í deildinni, þegar rætt var um borgaralegt hjónaband; en tveimur síðari

köflunum hefur hin h. Nd. bætt algjörlega við frv. það, sem hjeðan fór til hennar, og þótt h. nefnd, sem hjer var sett í málið, hafi reynt að laga þá, sýnast mjer þeir eigi að síður miklu hættulegri fyrir þjóðkirkjuna en borgaralega hjónabandið. (*H. S.*: Nei). Þessir kaflar losa þau bönd, sem eiga að halda þjóðkirkjunni saman. (*H. Sv.*: Þau *eru* farin að losna). Jeg vil taka það fram, að þetta frv. mun mestmegnis til orðið vegna mótþróa einstakra manna, sem að ástæðulausu hafa skilið við þjóðkirkjuna, án þess að lög væru brotin á þeim af veitingarvaldinu. Bæði í Nd. og hjer í Ed. hafa svo margir talað í þá stefnu að styðja frv., að það mun minnstu skipta, hvort jeg verð í þeirra flokki eða ekki með atkvæði mitt.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg skal ekki lengja mikið umræðurnar að þessu sinni; jeg vil að eins geta þess, að við 6. gr. hefur fallið burt lítil breyting, sem nefnd. ætlaði að gjöra við hana. Þessi breyting var sú, að á eptir «greiðist eptir lögum» komi «nr. 3». Þessi viðbót er nauðsynleg vegna þess, að 13. janúar 1882 eru gefin út tvenn lög önnur en þau, sem hjer er átt við; það eru víxillög og víxilmálalög, og eru þau bæði meir en 4 gr., svo að eiginlega er ekki hægt að sjá, við hver lögin er átt, ef þessi viðbót er eigi látin fylgja. Þá leyfi jeg mjer að gjöra aðra athugasemd, skylda þessari. Í 12. gr. frv. stendur «sættartilraun»; það mun vera prentvilla í staðinn fyrir «sættatilraun», og vildi jeg því óska, að þetta «r» mætti falla burt. Þm. Eyf. (E. Á.) kaus heldur að haft væri *foreldri* en *foreldrar*. Jeg er honum samdóma um, að það muni vera fullt svo rjett málsins vegna, en jeg ætla að orðið foreldri sje víðtækara orð en foreldrar, og að það geti náð lengra en til föður og móður, og að undir það megi einnig heimfæra afa og ömmu o. s. frv. Til þess að komast hjá því, að þurfa að setja orð, sem misskilningi getur valdið, bið jeg þingmanninn að sætta sig hjer við orðið *foreldrar*. Auk þess stendur í 9. gr. foreldrar og í 8. gr. foreldra, og þyrfti þá eins að breyta á báðum þeim stöðum. Menn hafa talað um ýmsa tvöfeldni, sem kæmi fram í máli þessu, en það var einmitt til að útrýma þessari tvöfeldni og til að fyrirbyggja misskilning, að nefndin ljet standa *prestur og forstöðumaður*, þar sem það gat staðið, en sleppti orðinu forstöðumaður, þar sem henni fannst það ekki geta átt við. Annaðhvort er meint með orðinu forstöðumaður sama sem prestur, eins og þm. Eyf. skildi orðið, eða nokkuð minna; og það, sem nefndin hafði fyrir augum, var það, að forstöðumaður af leikmannaflokki gæti gjört ýmislegt, sem eigi er prestsverk, eptir því sem við skiljum það, t. d. staðið fyrir uppfræðslu ungdómsins, haldið bók yfir meðlimi safnaðarins og haldið reikninga hans, og því áleit nefndin rjett, að halda orðinu forstöðumaður, þar sem um þess háttar athafnir væri talað í frv., er hann gæti framkvæmt. En öðru máli er um þetta að gegna í 15. gr., þar sem talað er um greptrun, er prestur að eins má framkvæma. En færi svo, að einhver söfnuður, t. d. kvekarar, sem h. þm. Eyfirð. nefndi, sem ekki hefði prest, heldur að eins forstöðumann, sem hjá þessum söfnuði væri sama eða harla líkt og prestur er hjá oss, og þessi forstöðumaður fengi konunglega staðfesting, þá held jeg, að eptir anda þessara laga geti ákvæði 15. gr. eins vel náð til hans, eins og þótt hann bæri nafnið prestur, og að því sje engin brýn nauðsyn að bæta inn í: «eða forstöðumaður» á eptir prestur á síðara staðnum í 15. gr. Nefndin hugsaði sjer, að gera þá breytingu við 15. gr., að í staðinn fyrir: «gjöri sjer grafreiti annarstaðar» komi: gjöri sjer sjerstaka grafreiti, því að henni fannst vanta mótsetninguna til «annarstaðar»; það hefur ekki orðið af þessari breytingu enn, en hún getur komið seinna. Jeg þakka h. þingmanni Eyf. (E. Á.) fyrir leiðrjettinguna á «hafa». — Jeg get ekki fellt mig við það, sem 1. þm. Rangv. (S. Á.) talaði um gjaldskyldu utanþjóðkirkjumanna; vjer hljótum við löggjöfina að hafa sjerstaklegt tillit til þess utanþjóðkirkjusafnaðar, sem þegar hefur myndazt, og 15.—16. gr. frv. þessa er veruleg rjettarbót fyrir hann, og mjer finnst, að vilji þingið veita þessum söfnuði og öðrum slíkum, sem síðar *kunna* að myndast — sem jeg þó óska og vona að ekki verði *af* — vilji þingið, segi jeg, veita þessum mönnum rjettarbót, þá megi hún ekki vera minni en hjer er farið fram á, að losa þá við gjaldskyldu við annarlegan prest. Jeg óska að bæði deildin og nefndin vilji líta sem minnst á uppruna þessa máls, heldur skoða það eins og það nú er. Hjer er um stórt sár að ræða, sem lækningar þarf, og nauðsyn að reyna að finna ráð til að græða það. Nefndin fann til þess, að söfnuður sá, sem

hjer er um að ræða, á mjög erfitt uppdráttar; hann hefur þurft að byggja sjer kirkju, þarf að launa sjerstökum presti, og er auk þess háður gjaldskyldu til annars prests. Nefndinni fannst það hart, að á honum skyldu hvíla tvenn prestsgjöld á meðan gamli presturinn er í brauðinu, og hún vildi líka reyna að græða sárið, reyna að greiða veg til sátta og samlyndi milli þessara tveggja safnaða, sem eiga svo mikið saman að sælda og hafa áður verið í sama sóknarfjelagi og eru enn í sama sveitarfjelagi, sama sýslufjelagi. Það er að vísu lögð byrði á landssjóð með þessu, en ekki mjög tilfinnanleg byrði; og þó svo væri, þá fyndist mjer landssjóður ætti eigi að síður að takast byrðina á herðar, svo framarlega sem það hefur mikla þýðingu, að sjá jafnrjetti þjóðfjelagslimanna sem bezt borgið, því að með því er stigið spor til sátta og byrjað að lækna hið mikla sárið, sem af sundrunginni hefur leitt.

Skúli Þorvarðarson: Jeg get að því leyti verið samdóma h. 6. kgk. (H. Sv.), sem um þennan eina söfnuð er að ræða, nefnilega að það verði ekki tilfinnanlegur kostnaður, sem hann einn út af fyrir sig baki landssjóði; en mjer finnst það athugavert með tilliti til framtíðarinnar, ef þessi lög verða samþykkt. Það geta myndast margir fleiri flokkar, sem taka upp á því, að ganga úr þjóðkirkjunni. Ef lög heimila nú einum flokki rjettindi, munu söfnuðir þeir, sem eptir á myndast, eins og auðvitað er vilja njóta sömu rjettinda, og ef þeir skyldu verða nokkuð margir, getur byrðin orðið landssjóð tilfinnanleg að mun. Jeg vil meir að segja halda, að ef þessi eptirgjöf verður veitt, þá muni hún gefa tilefni til, að fleiri og fleiri fari að ganga út úr þjóðkirkjunni og mynda flokk sjer; þó að mjer þyki þessi ákvörðun talsverður ókostur á frv., legg jeg samt ekki svo mikla áherzlu á hana, að jeg greiði ekki atkvæði með frv., að minnsta kosti til næstu umræðu. En jeg vil taka það fram, að jeg get ekki fallizt á viðauka hinnar h. nefndar við 16. gr. frv., því mjer finnst hún spilla fremur en bæta það sem mjer virðist athugaverðast við frv. Jeg vildi vekja máls á þessu atriði og láta skoðun mína í ljósi um það.

Árni Thorsteinsson: H. 6. kgk. þm. (H. Sv.) talaði svo vel og rækilega fyrir 16. gr., að jeg held að það sje óþarfi að eyða fleirum orðum um hana; en jeg ætla einungis að geta þess, hvernig á því stendur, að jeg greiði atkvæði móti henni. Og ástæðan er þá sú, að hún leggur stöðuga byrði á landssjóð. Jeg ímynda mjer, að h. 6. kgk. þm. lesi alþingistíðindin eins rækilega nú og framvegis, eins og hann las þau hjer um daginn í deildinni, og vona jeg hann sannfærist þá um, að bráðabyrgðaruppbætur til prestakalla eru svo opt fyrir á þinginu, hafa verið það og munu verða það framvegis, að það verður ekki erfitt fyrir prest, sem verður fyrir tekjuhalla, að fá endurgjald úr landssjóði, þó að þessi viðauki í 16. gr. ekki komist að. Því ef uppástungan er samþykkt, verður afleiðingin sú, að þótt $^{9}/_{10}$ hlutar ekki í fáeinum, heldur öllum söfnuðum á landinu gangi úr þjóðkirkjunni, geta prestarnir haldið áfram með sinn $^{1}/_{10}$, sem eptir er í prestakallinu, og heimtað endurgjald úr landssjóði. Þeir segja sem svo: Jeg sit kyr; landssjóður borgar. Þegar jeg lít til hinna núverandi fríkirkjumanna, þá getur mjer ekki blandazt hugur um, að þeir eigi að fá sinn rjett, eins og líka það er sjálfsagt, að stuðla að því, að hver prestur nái sínum rjetti; en með þannig löguðum ákvörðunum get jeg ekki verið.

Hallgrímur Sveinsson: Viðvíkjandi orðum h. varaforseta, þá skal jeg játa það, að það *getur hugsazt*, að það tilfelli komi fyrir, að fleiri söfnuðir slíti sig frá þjóðkirkjunni, og bakist þar við landssjóði kostnaður; en jeg held samt, að varla þurfi að kvíða slíku; jeg held að söfnuðirnir fari nú að hugsa sig vandlega um, áður þeir ráðist út í það, að leggja þá byrði á sig, að útvega sjer prest og kirkju; jeg held það yrðu örfáir, sem rjeðust út í það stórræði; og þó jeg ætti að verða svo gamall, að lifa það, að fleiri söfnuðir losuðu sig við þjóðkirkjuna, sem jeg reyndar býst ekki við, hræðist jeg eigi þann skaða, sem landssjóður byði við það; en hitt finnst mjer hugsanlegt, að ef engin ákvæði um endurgjald stæði í lögum þessum, þá gæti það orðið álitamál, hvort prestur fengi endurgjaldið, þótt hann ætti sanngjarna heimtingu á því; því reynslan hefur sýnt, að sanngirnin, í þeim tilfellum, hefur ekki ætíð verið svo þung á metunum. Ef varaforseti fullvissar mig um, að endurgjaldið fengizt, án þessarar ákvörðunar, hef jeg ekkert á móti að sleppa henni.

Að því er snertir athugasemd h. 2. þm. Eyf. (E. A.) við breyt.till. við 16.gr., þá er það sjálfsagt, að enginn söfnuður getur fengið

konunglega staðfestingu, nema hann hafi myndazt. Jeg er því fyrir mitt leyti ekki mótfallinn því, þótt orðin «myndaðist og» fjelli burt, því það er sjálfsagt nóg að hafa hitt.

ATKVÆÐAGR.: Fyrsta og 2. gr. frv. (C. 284) samþ. hvor um sig með 8 atkv.

Brt. 312 (C. 330) við 3. gr. samþ. með 8 atkv., og 3. gr. þannig breytt samþ. með 7 atkv.

Breyt.tilll. 312 *a* við 4. gr. samþ., og *b* við sömu gr. samþ. með 6 atkv.; 4. gr. þannig breytt samþ. með 6 atkv.

Brt. 312 við 5. gr frv. samþ. með 8 akv.; 5. gr. þannig breytt samþ. með 8 atkv. Brt. við 6. gr. frv. samþ. með 7 atkv. 6. gr. þannig breytt samþ. með 6 atkv. Að inn í 6. gr. bætist nr. 3 samþ. með 6 atkv.; 7. gr. samþ. með 7 atkv. Brt. 315 við 8. gr. samþ. með 8 atkv., 8. gr. þannig breytt samþ. með 8 atkv. 9. gr. samþ. með 8 atkv. Breyt.till. við 10. gr. samþ. með 8 atkv.; 10. gr. þannig breytt samþ. með 7 atkv. 11. gr. samþ. með 7 atkv. 12. gr. samþ. með 7 atkv. Breyt.till. við 13. gr. samþ. með 8 atkv.; 13. gr. þannig breytt samþ. með 7 atkv. Breyt.till. við 14. gr. samþ. með 7 atkv.; 14. gr. þannig breytt samþ. með 7 atkv. Breyt.till. við 15. gr. felld með 6 : 4 atkv.; 15. gr. óbreytt samþ. með 7 atkv. Viðbót við 16. gr. felld með 6 : 4 atkv.; 16. gr. óbreytt samþ. með 7 atkv.

Frv. í heild sinni samþykkt og vísað til 3. umr. með 9 atkv.

Þrítugasti og áttundi fundur, föstudaginn 14. ágúst kl. 1 e. m. Allir á fundi, nema þm. Strand. (Á. E.), sem hafði tilkynnt forseta sjúkdómsforföll.

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1884 og 1885 (C. 343); 3. umr.

Hallgrímur Sveinsson: Við þrír þingdeildarm. (H. Sv., Á. Th. og M. St.) höfum leyft okkur að koma fram með litla breyt.-till., sem h. þingd. mun hafa fyrir sjer (C. 348). Breyt.till. þessi fer fram á, að í 5. gr. frumv. komi 1800 kr. í staðinn fyrir 1000 kr. Eins og ljóst liggur fyrir, er hjer um styrk að ræða til mynda, sem safnað hefur verið í Kaupmannahöfn, til að koma hjer á fót listasafni, sem yrði til að glæða fegurðartilfinningu landsmanna; með þessu gæti ef til vill orðið lagður grundvöllur til íþróttaskóla hjer á landi og til að koma upp innlendum listamönnum. Þetta á nú sjálfsagt langt í land. En hvað sem um það er, þá er æfinlega ánægja að því, ef slíkt myndasafn kæmist hjer á, og þeim, sem sjeð hafa slík listaverk áður, yrði það til andlegrar hressingar, er þeir ættu kost á að rifja upp aptur fyrir sjer ljúfar endurminningar um áhrif fagurra listaverka. Hvað verður nú um þessar myndir, ef enginn vill skipta sjer um þær? Hvað á landið að gjöra við þessar myndir, sem því hafa verið ánafnaðar af mönnum í Kaupmannahöfn og annarstaðar? Jeg get ekki sagt annað, en það sem jeg hefi áður sagt: Það er komið hjer í óefni, og því ekki annað fyrir, en að þingið veiti hæfilegan styrk til safnsins, svo það geti náð þeim tilgangi, sem gefendurnir hafa ætlazt til. Og þó nú sje enginn hentugur staður að vísa á, þá mun, eins og jeg tók fram við 2. umr., ekki verða fjarska langt að bíða þess, að landið þurfi að láta reisa stórhýsi, fleiri eða færri. Þegar svo að því kemur, að menn fara að hugsa að koma upp einhverju slíku húsi, er menn um leið vildu nota fyrir slíkt listasafn sem þetta, þá er sjálfsagt, að gefa byggingarmeistaranum það verkefni jafnframt, og hagar hann þá húsinu svo, að það verði hæfilegur staður fyrir slíkt safn. Það dugar auðvitað ekki, eins og sagt hefur verið, að setja þessar myndir einhversstaðar og einhversstaðar á veggi, heldur verður að haga myndunum eptir því, sem birtan á að falla á þær, og svo líka setja þær ýmist hátt eða lágt, eptir því sem bezt á við hverja mynd. Allt þetta er hverjum góðum byggingarmeistara kunnugt; hann hagar húsinu eptir því, þegar honum er sagt, að það eigi að vera fyrir myndasafn. Jeg tók það fram við 2. umr., að ef hin fyrirhugaða stjórnarbreyting kæmist á, þá mundi landið ekki komast hjá því að láta reisa eitt slíkt stórhýsi fyrir landstjórann, og annað, þar sem aðalskrifstofa landsstjórnarinnar hefði sitt aðsetur. Jeg nefndi enn eitt hús, sem mundi þurfa að reisa. Í landsstjórahúsinu yrði sjálfsagt að hafa einn sal stórkostlegan, þar sem landsstjórinn

gæti fyrir konungsins hönd tekið á móti höfðingsmönnum, útlendum eða innlendum. Væri þá ekki gott að hafa slík listaverk sem þessi, til að hengja á veggina í slíkum sal, til að auka fegurð hans við slík hátíðleg tækifæri? Mundi það ekki þykja híbýlaprýði, og miða þess utan til þess að auka virðingu erlendra manna fyrir voru litla landi? Jeg skýt þessu inn í eins og á snið, en ekki sem aðaltilgangi. Þar sem vjer höfum farið fram á, að tekin yrði inn í frumv. aptur lík upphæð þeirri, sem áður var í frumv., en að eins látið hana vera 1800 kr. í staðinn fyrir 2000 kr., þá gjörðum vjer það til þess, að leita samkomulags við deildina, sem vjer ætluðum að mundi hafa þótt þessar upphaflegu 2000 kr. í við mikil upphæð. Vjer treystum því þá, að deildin mun fús á að veita þessar 1800 kr., sem þó er nokkuð minni uppæð. En aðalatriðið er þó það, að maður sá, sem gengizt hefur fyrir safninu, hlýtur að verða í vanda staddur, þótt hann fái þessar 1000 kr. Hann veit ekki, hvaða ráð hann á að hafa, til að koma myndunum fyrir. Sjálfur hefur hann sjálfsagt ekki híbýli til að láta þær hanga í, og hann á heldur ekki með að halda þeim, því þær hafa verið gefnar landinu, en ekki honum sjálfum, og það er þegar búið að taka á móti þeim fyrir landsins hönd. En hingað verða þær ekki sendar rammalausar, án þess að sjálfir gripirnir spillist. Þessar 1000 kr. hrökkva alls ekki til, að tilgangi gefendanna verði fullnægt. Þess vegna hefði verið fullt eins rjett að veita ekki neitt fje til þess, en biðja þennan mann að bíða og geyma þessar myndir, þangað til þingið fyndi ástæðu og krapta til að taka við þeim. Jeg leyfi mjer því að taka svo djúpt í árinni og segja, að hjer liggi sómi þingsins við, og jeg vildi óska, að þessi h. þingd. liti svo á málið, að hún vildi borga sóma sinn með 800 kr.

Jakob Guðmundsson: Jeg get ekki annað en verið sömu skoðunar, eins og jeg var við 2. umr. þessa máls, að 1000 kr. nægi í bráð til þessa myndasafns. En þar sem h. 6. kgk. þm. sagði, að það væri þá betra, að veita alls ekki neitt til þessa, en einar 1000 kr., þá get jeg engan veginn verið því samdóma, því þessi maður er þó búinn að leggja út nokkurn kostnað við þessar myndir; en jeg ímynda mjer að þessar 1000 kr. megi þó til að borga þennan kostnað, sem hann er búinn að hafa, og eins kostnað, sem af því flýtur að flytja myndirnar hingað rammalausar, sem jeg verð að telja ráðlegast. Það var margt í hinni snjöllu ræðu h. þm. (H. Sv.), sem mjer líkaði mætavel, t. a. m. þar sem hann sagði, að þetta safn gæti orðið til þess að koma upp listamönnum og listaskóla í landinu, með því þetta litla safn vekti fegurðarsmekk og fegurðartilfinningu manna. Þessu neita jeg engan veginn. Jeg segi því, eins og jeg hefi sagt áður: þetta fyrirtæki er fallegt í sjálfu sjer, en það er byrjað á óhagkvæmum tíma.

Sami h. þm. tók fram, að búast mætti við að reisa þyrfti innan skamms fleiri eða færri stórhýsi, sem verðugt væri að prýða með slíkum listaverkum sem þessum. Þetta er mikið vel hugsað. Helzta húsið, sem hann benti á, var höll landstjórans, og sagði hann, að þar mundi verða gjörður stórkostlegur salur, sem hengja mætti myndirnar í. Jeg neita því ekki, að það hlýtur að verða meira en lítill kofi, sem þessum landsstjóra verður reistur; en hitt, að þar verði hentugur staður til að geyma í listaverk, sem allir eiga rjett á að fá að skoða, það verð jeg að efast um. En þegar jeg lít á þetta mál, þá er það meira en neglan í bátinn, sem smíða þarf. Meðan ekki er búið að smíða landsstjórabátinn sjálfan, þá er nógu snemmt að fara smíða negluna og upp á negluna vil jeg ekki kosta meiru en 1000 kr. að sinni. En þegar búið er að smíða bátinn og allt annað, þá má fara að hugsa um að kosta upp á dýrari neglu; sem sagt: jeg verð enn að halda fast við það, að að eins 1000 kr. verði veittar í þessu skyni.

Árni Thorsteinsson: Jeg hefi gjört mjer far um að lengja ekki umræðurnar í þessu máli. En þó jeg nú taki til máls, þá ætla jeg ekki að fara að tala um væntanleg stórhýsi eða skrautlegar hallir eða gjöra mjer neinar vonir um slíkt. Jeg ætla heldur ekki að tala mikið um fegurðartilfinningu, því að því er hana snertir, mun meiningum manna vera svo skipt, að ekki sje mitt meðfæri að tala um hana. Eptir því, sem sumum fóru orð við 2. umr. þessa máls, álitu þeir nóga trygging í því, að flytja myndirnar hingað rammalausar og geyma þær svo hjer í lokuðum kassa eða kistum. Svona lýsir fegurðartilfinningin sjer hjá sumum. Það er þá að eins ein hlið málsins, sem jeg ætla að taka ljósar fram, en gjört hefur verið. Hjer er sem sje auð-

vitað að ræða um sóma landsins, og líka um það, hvort ástæða sje til að safna slíkum myndum fyrir landið. Jeg fer ekki langt út í þetta. Það er þegar búið að veita myndunum viðtöku fyrir landsins hönd og því ofseint að tala um, hvort hefði átt að taka við þeim eða ekki. Menn hafa gefið hingað listaverk í góðum og lofsverðum tilgangi, og við höfum tekið við þessum dýru gripum, sem gætu verið til prýðis og landinu til sóma, ef þeir kæmust í hæfilegt stand. En nú neitar þingið um ramma, umgjörðir um þessi listaverk, svo þeirra verða engin not. Jeg segi nú, að þetta sje hrein og bein ókurteisi við hina göfugu og veglyndu gefendur, og því landinu til ósóma; það kostar þó ekki landssjóð mikið, að losa landið við þessa ábyrgð. Að taka á móti myndunum, og sitja svo hjer á þingi og vera að ræða um það, hvort loka skuli þær niður í kassa eða fá um þær sæmilega ramma, svo þær verði hengdar upp til fróðleiks og prýðis, er hrein minnkun fyrir þingið og landið. Það má þó sannarlega ekki minna vera, en að þingið gefi sómasamlegar umbúðir um þessar myndir. Sómasamlegar umbúðir, segi jeg, því það er næstum til að svívirða myndirnar, að láta ómálaða og óheflaða, eða lítt heflaða ramma utan um þær, eða loka þær niður í kistur. Það er skylda þingsins, úr því það ekki í tíma hefur gjörsamlega neitað að taka við myndunum, að leggja til það litla fje, sem þarf til þess að þær verði geymdar óskemmdar, og þannig, að menn geti haft þeirra not. Og, jeg tek það upp aptur, það er hrein og bein ókurteisi við hina örlyndu gefendur, að taka ekki vel í þetta mál.

Benedikt Kristjánsson: Meiningar manna eru hjer sem optar misskiptar. H. þingdeildarm. kunna nú að hugsa, að jeg sje ekki við eina fjölina felldur í þessu máli. Jeg verð þó að líta á kringumstæðurnar, sem fyrir liggja, því að það dugar ekki, eins og sumir gjöra, að hverfa frá þeim ástæðum, sem fyrir eru, en hreyfa sig í ímynduðum ástæðum og skoða þær kringumstæður, sem kunna að verða í fjarlægri fjarlægð frá því, sem nú er. Eptir því, sem hjer er nú ástatt, er ekki hægt að láta þessar myndir verða til sýnis, því að til þess vantar gjörsamlega húsrúm. Hjer er því, að mínu áliti, einungis spurning um, hvernig hollast sje að geyma myndirnar svo þær geti verið óskemmdar, og á sínum tíma orðið að tilætluðum notum. En jeg verð að segja, að sú hugmynd um hæfilegt húsrúm, sem menn virðast að gjöra sjer, ekki muni fljótt uppfyllast. Og þótt einhvern tíma kunni að verða byggt «veglegt hús» handa hinum tilvonandi landstjóra, sem reyndar er enn ekki kominn nema á papp'rinn, þá mundi þar varla vera sá rjetti staður eða geymslusalur fyrir þessar myndir. Þær munu ekki til þess gefnar, að skreyta höll landsstjórans, enda væri það synd á móti gefendunum sjálfum.

Hjer er því að eins spursmál um, hvernig myndirnar verði bezt geymdar þannig, að þær á sínum tíma geti náð sínum tilgangi. En þá getur ekki verið spursmál um, að gefa nú út talsvert fje fyrir skrautlegar umgjörðir eða ramma, sem menn kalla. Sje hætt við því, að myndirnar skemmist í lokuðum kössum, svo að á þeim sjái, þá er ekki síður hætt við því, að á hinum skrautlegu römmum sjái líka. Aðalatriðið er því ekki það, að fá dýra ramma, fyrir 50—100 kr., um myndirnar, heldur hitt, að þeir verði fagrir og einbrotnir. Slíkir rammar þurfa ekki að verða svo dýrir. Það má hæglega gjöra þá hjer á staðnum, þó efnið í þá sjálfsagt verði að koma frá útlöndum. Það hefur engum dottið í hug, að rammarnir skyldu vera óheflaðir, eða illa heflaðir, og ekki að eins vel heflaðir, heldur hitt, að fá fagrar rammastangir í álnatali, sem svo mætti taka í sundur og setja saman aptur hjer eptir stærð hverrar myndar. Þetta getur aldrei valdið miklum kostnaði. Ef nú verða veittar 2000 kr. til ramma, skrautlegra ramma, þá verður vel að gæta að því, að erfiðara og kostnaðarsamara verður að flytja myndirnar hingað, og þá verða þær líka vandgeymdari hjer. Sjeu myndirnar aptur á móti rammalausar eða með óbrotnari römmum, þá taka þær minna rúm og þá má betur geyma þær í hæfilegum umbúðum. Meðan húslaust er, geta myndirnar, hvort sem er, aldrei orðið að verulegum notum. Til þess nú að ná þessum tilgangi, get jeg ekki betur sjeð, en að 1000 kr. nægi, að minnsta kosti á þessu fjárhagstímabili. Eptir því sem mig minnir var við 2. umr. þessa máls tekið fram, að myndirnar væru 20—30, og þá getur það ekki kostað öll ósköp, að koma þeim hingað. Ef við nú förum að fleygja út miklu fje fyrirfram til mynda-umgjörða, þá mætti virða

slíkt svo sem vjer ætlumst til að fjöldi mynda streymdi inn til okkar, og aðferð þingsins verði skoðuð sem bón og betl um að gefa sjer mikið af myndum.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg get eigi annað fundið, en að hinn h. þm. N-Þing. (B. Kr.) hafi eigi verið fyllilega samkvæmur sjálfum sjer í ræðu sinni; ýmist vildi hann hafa einfaldan ramma, ýmist engan ramma; stundum vildi hann láta myndirnar hanga í einföldum ramma, stundum vildi hann geyma þær niðurlokaðar í umbúðum. Mjer finnst þetta eigi geta verið hjer neitt umtalsefni. Mjer finnst alveg óumflýjanlegt, að setja mundirnar í sómasamlegan ramma, sem gjörður væri eptir leiðbeiningu einhvers þess manns, er í þessu tilliti yrði að álítast hæfur til að sjá, hvað við ætti, og hefði svo næma fegurðartilfinningu, sem þessum listaverkum væri samboðin. Það dugar ekki, að sýna stórkostleg listaverk á þann hátt, að kringumstæðurnar, sem þær eru sýndar undir, dragi úr fegurð þeirra eða list þeirri, sem þær eru gjörðar með. Það sjer hver maður, að það stoðar ekki, að setja utan um þær heflaðan ramma. Það verður að vera samkvæmni milli rammans og myndarinnar, sem ramminn er settur í. Hvað það snertir, að hægt sje að láta búa ramma til hjer, og flytja myndirnar hingað rammalausar, þá skal jeg að vísu eigi neita, að þetta kunni að vera mögulegt; en jeg verð jafnframt að ætla, að haglega gjörður rammi væri myndunum mikil og góð trygging og vörn gegn því að komast við, eða skemmast á leiðinni. Það er víst óþarfi fyrir mig að taka það fram, því jeg ímynda mjer að allir viti það, að þetta er ekki ljerept, sem verður vafið saman á kefli; nei, myndirnar eru í grönnum trjeramma, sem listamaðurinn, höfundur þeirra, hefur búið þær til í, og utan um þennan minni ramma á að láta annan stærri. Jeg get ekki álitið það hættulaust, að flytja myndirnar þannig, að þær yrðu lagðar saman, ljerept lagt við ljerept, því þá er er varla við öðru að búast, en að þær myndu skemma hvorar aðra. Jeg get ekki sjeð, að þingið geti verið þekkt fyrir að segja: Við höfum, af því að í hart fór, látið þessar 1000 kr., og þó með illu geði; en með engu móti höfum við efni á að bæta 800 kr. við enn, og viljum ómögulega ráðast í það. Jeg verð að biðja menn að gæta þess, að hjer er ekki verið að ræða um 800 kr. um aldur og æfi. Nei, hjer er einungis beðið um 800 kr. í eitt skipti fyrir öll. Það var ekki alls fyrir löngu verið að tala um fjárframlög, sem drægju dylk á eptir sjer. Hjer er um engan slíkan dylk að ræða, að því er jeg fæ sjeð; í því efni kemur allt í einn stað niður, hvort sem veittar eru 1000 eða 1800 kr. Hjer er einungis um það að ræða, að veita 800 kr., til þess að leysa þingið úr vanda, og varna því, að sú minnkun eigi sjer stað gagnvart gefendunum, að þing og þjóð eigi kunni að meta veglyndi þeirra. H. framsögum. (B. Kr.) þótti það eigi eiga við, eða sagði það jafnvel fjarstætt, að myndirnar gætu nokkru sinni orðið brúkaðar til þess, að skreyta höll landsstjórans. Jeg skal leyfa mjer að minna hann á, að þetta væri þó eigi fjarstætt því, sem á sjer stað í öðrum löndum. Í Danmörku eru geymd merkileg söfn af listaverkum í Rósenborgarsloti; meðal þessara safna er t. d. kostulegur borðbúnaður, sem konungur vor hefur stundum ásamt öðru fleiru notað, þegar hann hefur haldið dýrðlegar viðhafnarveizlur; þá hefur það verið tekið og flutt úr Rósenborgarhöll, og svo flutt þangað aptur þegar veizlunni hefur verið lokið. Þetta hefur ekki, þótt nein ósvinna í Danmörku. Þótt ekki sje hjer um borðbúnað að ræða, sje jeg ekki, að það sje neitt óeðlilegt, að hugsa sjer, að þessi fögru listaverk yrðu á líkan hátt notuð í höll landsstjórans við hátíðleg tækifæri. Jeg játa að vísu, að þetta atriði þarf ekki að takast til greina, frekar en mönnum sýnist. Skal jeg svo eigi fjölyrða frekar, en vil að endingu láta þá von mína í ljósi, að h. deild verði ekki svo smásmugleg, að neita um þessar 800 kr.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C. 348) felld með 6 : 3.

Frv. síðan samþykkt í einu hljóði, og kvað forseti málið verða sent aptur forseta Nd.

Frumvarp til laga um fjármgjald skipa (C. 341); 1. umr.

Magnús Stephensen: Það á ekki við nú við 1. umr. þessa máls, að fara út í hinar einstöku greinar frumvarpsins; því skal jeg ekki gjöra það. Jeg skal geta þess, að mjer virðist frv. ekki fullljóst í sjálfu sjer. Tilgangur flutningsm. og fleiri þm. í Nd. hefur, eins og umræðurnar þar í deild

bera með sjer, verið sá, að jafnframt og farmgjald skipa væri samþykkt, væri gjald fyrir áteiknun skipaskjala numið burt. En nú stendur engin ákvörðun, sem taki þetta fullskýrt fram, þó þess hefði nauðsynlega þurft. Að vísu stendur hjer ein ákvörðun í þessa átt í 4. gr., þar sem segir, að 62. gr. auk atekjureglugjörðarinnar um gjald fyrir áritun á skipaskjöl skuli numin úr gildi, en aðra aðalákvörðunina um þetta efni, sem er í 8. gr. í lögum 15. apríl 1854, vantar samt að afnema. Eins og frv. nú er orðað, er áritunargjaldið þess vegna að eins afnumið, að því er kemur til fiskiskipa, en ekki fyrir kaupskip. Það er heldur ekki auðvelt, að gjöra sjer ljósa hugmynd um, hversu mikið landssjóður mundi græða við þetta nýja gjald. Það er að eins eptir gömlum skýrslum að fara, skýrslum frá 1879, um rúmmál skipa, sem hingað koma til landsins, og eptir þeim verður tonnatalan alls 26,666. Nú er líklegt, að sú tonnatala hafi minnkað nú síðustu árin, því að vegna fiskileysis og óárans hefur sigling sjálfsagt minnkað. Setjum samt, að rúmmál skipa, er hingað koma nú, væri 26000 tons; þá væri farmgjaldið 26000 kr. eptir þessu. En eptir því, sem ráð var gjört fyrir í Nd., átti áteiknunargjald af skipum að nemast úr lögum, og þó ekki sjeu til nægar skýrslur um upphæð þess, má ætlast á, eptir því sem tekið var fram hjer í deildinni í hitt eð fyrra, að það mundi nema 11—12000 kr.; það yrði því c. 15000 kr., sem landssjóður græddi. En er það víst, að hann fái þetta fje? Jeg held ekki. H. varaforseti (A. Th.) tók það fram fyrir 2 árum, að ef farmgjaldið kæmi í lög, þá væri líklegt, að gufuskipafjelagið segði: Þetta er nýtt gjald, sem jeg vil fá endurgoldið. Og hafi áður verið ástæða til að greiða gufuskipafjelaginu úr landssjóði uppbót fyrir lestagjaldið, þá er enn meiri ástæða til að það fái uppbót fyrir þetta gjald. Tonnatala hinna þriggja póstgufuskipa nú er 7600 fyrir allar ferðir þeirra; farmgjaldið yrði því 7600 kr., og er þær eru dregnar frá þessum 15000 kr., verða þá eptir 7400 kr. Þetta fje á nú landssjóður að græða. En svo er spurningin um, hvort sá gróði vægi upp á móti því óhagræði og þeirri byrði, sem verzlun öll og þó einkum verzlun með salt, kol, timbur o. fl., hlyti að verða fyrir af þessu nýja gjaldi. Jeg fyrir mitt leyti held ekki. Jeg er því móti þessu frv.

Jakob Guðmundsson: Ef sú áætlun er rjett, að tonnatala skipa, sem hingað komu 1879, hafi verið 26000, að fráskildum fiskiskipum, þá vita menn, að tala fiskiskipa hefur aukizt síðan, svo að fiskiskipum meðtöldum ímynda jeg mjer, að tonnatalan sje alls meiri nú. Viðvíkjandi póstskipinu, þá segja menn, að Danir mundu vilja draga frá allt farmrúm þess; en það álít jeg mjög vafasamt. Póstsambandið milli Íslands og Danmerkur hygg jeg að eins meint með ferðunum milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur, en ekki koma neitt strandferðunum við, og það er engan veginn vegna póstflutninganna milli Íslands og Danmerkur, að landssjóður leggur fram 18000 kr. til gufuskipafjelagsins, heldur vegna strandferðaskipanna. Ríkissjóður hefur tekið að sjer að kosta póstferðirnar milli Íslands og Danmerkur, af því Danir hafa skoðað þær sem sameiginlegt mál, en þar á mót munu þeir ekki ætlast til að leggja beinlínis til strandferðanna, af því þeir hafa skoðað það sem sjerstaklegt mál fyrir Ísland. Jeg verð að álíta, að ef þetta frv. verður að lögum, þá verð jeg að álíta það nóg, að í því er skýrt fram tekið, að það sje að eins póstrúmið í póst-gufuskipunum, sem ekkert farmgjald greiðist af. Ef Danir álitu þetta gagnstætt 6. gr. stöðulaganna, þá er máske ekki líklegt að þetta frv. nái staðfestingu.

Benedikt Kristjánsson: Jeg skal ekki fara langt út í það, sem þm. Dal. (J. G.) sagði viðvíkjandi póstskipaferðum milli Íslands og Danmerkur; en svo finnst mjer hægt að kljúfa hárið, að maður geti leiðzt í villu og gönur. Mjer er kunnugt, að strandferðaskipin flytja póst milli Íslands og Danmerkur, ekki síður en skip það, er fer beint til Reykjavíkur. Og þegar litið er á 6. gr. stöðulaganna 1871, hversu víðtæk hún er, þá álít jeg mjög hæpið, að gefa út lög, sem byggð sje á því, að greinin einungis taki til rúms þess, sem póstbrjef og sendingar taka upp. Jeg hygg að þessi gr. stöðulaganna sje svo víðtæk, að stjórnin þykist hafa fullan rjett til að taka fullt endurgjald fyrir allt farmgjald af póstgufuskipunum og haldi því svo eptir af tillaginu frá Dönum. Mjer þykir þess utan næsta kynlegt, ef þingið samþykkti nú þetta lagafrv., þar sem það hefur nýlega numið af lestagjaldið. Upphæðirnar eru að vísu aðrar í þessum lögum, en hlutföllin verða þau sömu; það

er því óviðfeldið að innleiða samkyns lög og þau, er nýlega voru felld úr gildi, þar sem hinar sömu ástæður er móti þeim báðum, og mun hin helzta vera sú, að hæði farmgjaldið og lestagjaldið koma svo óhaganlega og ójafnt niður á verzlunina, eins og tekið hefur verið fram, t. d. á vörur eins og trjávið, kol, salt, og svo alla kornvöru, sem taka miklu meira rúm í hlutfalli við verðhæð þeirra, en glysvarningur. Jeg tek það fram, að skip, sem fara milli landa, hafa opt meðferðis lítinn farm, og þá er þetta gjald enn ósanngjarnara og kemur þyngra niður. En jeg skal nefna enn þá eitt, sem þetta gjald kemur ópægilega niður á, og það eru fjenaðar- og hestaútflutningarnir. Jeg gjöri ráð fyrir, að þetta gjald næmi minnst 1 krónu á hest og um 25 aura á hverja lifandi sauðkind, og miða jeg við það, að að minnsta kosti 500 smálesta skip mundi þurfa til að flytja út 2000 fjár. Nú er útflutningur á fje og hestum nauðsynlegur fyrir landsmenn, og því er illt að hindra hann meira en nú er. Það skal jeg á hinn bóginn játa, að þetta farmgjald kemur ljett niður á fastakaupmenn, sem mest hafa að tiltölu meðferðis glysvarning og verðhærri vörur, sem ekki taka mikið rúm upp. Jeg vildi helzt, að þetta frv. tefði sem minnst tímann fyrir hinni heiðruðu þingdeild.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg vildi gjöra þá athugasemd við ræðu hins h. þm., sem síðast talaði, þar sem hann var að tala um þunga byrði, er þetta gjald legði á útflutning hesta og sauðfjár, að mjer fannst hann ekki gæta þess, að það leggst þyngst á innflutta farma. Það er ekki eingöngu farmur á skipunum frá landi, heldur einnig til landsins. *(B. Kr.:* Enginn). Nei, hann er ekki enginn; hann er mikill; veit ekki h. þm. að hinn skozki kaupmaður, sem við þekkjum allir, hefur flutt um nokkur ár vörur til manna á Norðurlandi? veit hann ekki, að hann hefur í sumar látið reisa hús á Sauðárkróki einmitt sökum þess? veit þm. ekki, að hann hefur einnig flutt miklar vörur hingað til suðurlands, bæði kornvöru, kol og annað? Þess vegna leggst þetta gjald ekki eingöngu á útfluttar vörur, heldur einnig á hinar aðfluttu. Jeg skal játa það, að það sem hinn h. sessunautur minn sagði nú (M. St.) og h. varaforseti (Á. Th.) tók fram á síðasta þingi móti þessu frv., var athugaverðara, að ef allt þetta gjald 7000 kr., yrði numið af gufuskipafjelaginu og kastað á aðra, þá væri illa farið; en væri ekki vegur til, að laga frv. svo, að það ekki leysti póstskipin að minnsta kosti frá jafnháu gjaldi og þau verða að greiða nú? Þá væri þetta hagur fyrir landssjóðinn, og því vil jeg biðja þá heiðr. þm., sem bezt hafa vit á, að kippa þessu í gott horf, að hugsa um, hvort ekki er hægt að koma með breytingaratkvæði í þá átt við 2. umr.

Magnús Stephensen: Jeg skal svara h. þm. Dal. (J. G.) því, að það er enginn efi á því eptir frv., að greiða skal farmgjald af öllu rúmi í póstskipunum, að undanteknu því, er pósturinn tekur upp, en eins víst er það, að það farmgjald, sem póstskipin á þennan hátt borga, verður dregið frá tillaginu úr ríkissjóði. En hvernig á að hindra það? Jeg fyrir mitt leyti sje ekkert ráð til þess; jeg leiði minn hest algjörlega þar frá. Þm. Dal. (J. G.) sagði, að strandferðirnar yrðu ekki skoðaðar sem póstferðir. Man hann ekki eptir, að þegar málið var til umræðu fyrst hjer á þingi, þá var það tekið fram, að stjórnin fullnægði ekki stöðulögunum frá 1871 með því að senda póstskip að eins til Reykjavíkur, og var þetta byggt á 6. gr. stöðulaganna? En danska stjórnin vildi ekki skilja stöðulögin svo, að hún væri skyld að kosta strandferðirnar einsömul, og því bauð alþingi fram 18000 kr., til þess að fá strandferðunum komið á. Þetta var sprottið af því, að gufuskipafjelagið hefur meiri ágóða á ferðunum beina leið á milli Reykjavíkur og Kaupmannahafnar, en strandferðirnar eru kostnaðarsamar, og því gengur meira í súginn til þess, heldur en gróðinn á beinu ferðunum. Þessar 18000 kr. eru því ekki lagðar til almennra ríkisþarfa, heldur til þess, að fá samkomulag við póststjórnina dönsku, og fá hana til að senda póstskip kringum landið.

Jakob Guðmundsson: Mjer er gleði að því, að h. 3. kgk. (M. St.) er mjer samdóma um, að þessar 18 þúsundir sjeu ætlaðar til strandferðanna, af því þær eru nokkuð annað en póstgufuskipsferðirnar milli Danmerkur og Íslands. En þegar þingið bauð fram þessar 18 þúsundir, get jeg ekki betur sjeð, en það hafi gengið inn á þá skoðun, að skylda stjórnarinnar væri einungis sú, að sjá um póstferðir milli Reykjavíkur og Kaupmannahafnar sem aðalstöðva. Jeg skal ekki neita því, að strandsiglingarnar hafi komið að góðum notum, að minnsta kosti sumstaðar, þótt reynslan hafi aptur sýnt, að þær hvergi

nærri alstaðar samsvari tilgangi sínum. Mjer hefur dottið í hug, að það væri miklu betra fyrir landið að eiga sjer sjálft gufubát, og kosta heldur til hans þessum 18 þúsundum, og þó miklu meira væri, því með því móti yrði miklu betur sjeð fyrir þörfum hinna einstöku, en hið danska gufuskipafjelag gjörir nú. Jeg er ekki hræddur um það, að landið yrði gufuskipsferðalaust, þótt Danir hættu að senda þau hingað. Það mundi koma hjer eptir eigi síður en hingað til gufuskip frá Englandi, já, gufuskip, sem siglt hafa og sigla mundu á þær hafnir, sem dönsku gufuskipin hafa eigi þorað að koma við á. Á slíkar hafnir hafa Englendingar þorað að koma. *(Magnús Stephensen:* Til að stranda þar, eins og Camoens). Ónei, hann strandaði aldrei, hann stóð bara á flúð stundarkorn, losnaði svo og hjelt öruggur áfram leiðar sinnar, og kom meir að segja óskelfdur aptur. Jeg er viss um það, þótt hin dönsku gufuskip hættu því, kæmi önnur í þeirra stað, og það væri fullt eins hollt, já hollara fyrir landið, en að láta danska gufuskipafjelagið setja landsmönnum stólinn fyrir dyrnar, því danska gufuskipafjelagið hagar ferðum sínum eptir því, sem geðþótti þess og hagsmunir heimta, því skip þess koma helzt á þær hafnir, sem þau fá mestan vöruflutning til, hvað sem þörfum og hag landsmanna líður. Hver er sjálfum sjer næstur, og jeg er í rauninni ekki að lá fjelaginu, þótt það líti meir á gróða sinn og eiginn hag, en á hagsmuni Islands.

Benedikt Kristjánsson: Jeg ætlaði að tala fáein orð út af því, að h. 6. kgk. þm. þóttist finna ósamkvæmni í þeim orðum mínum, sem jeg talaði áðan. Jeg ímynda mjer þó, að hann hljóti að játa, að jeg hafi rjett fyrir mjer í því, að það hljóti að vera heldur laust látið í skipin, þegar þau eru fermd til fjárflutninga. Jeg ætla, að jeg muni herma það rjett, að hverjum 4 sauðkindum sje ætluð ein smálest, og þá er það auðsætt, að það getur eigi verið mikils virði, sem er í hverju lestarrúmi, þegar vörur eru fluttar inn, sem samsvara verði hins útflutta fjár. Það má enn fremur gjöra ráð fyrir því, að hesturinn þurfi í hið minnsta 4 kinda rúm, og þá verður það heldur ekki dýr farmur, sem kemst í rúmið. *(Hallgr. Sveinsson:* Ekki þegar þau eru tóm). Jeg játa, að þau sjeu eigi ætíð tóm, en jeg gjöri ráð fyrir viðskiptunum þannig, að ekki verði meira flutt inn af vörum, en sem að verðinu til samsvari andvirði fjár þess og hesta, sem út eru fluttir. Að Reykjavík undan skilinni ætla jeg, að það muni eigi verða algengt, að peningar verði til muna fluttir út úr landinu fyrir vörur, heldur fremur hið gagnstæða, og jeg gjöri ráð fyrir, að þó svo verði, þá verði þó í engu tilfelli flutt miklu meira inn, en andvirði þess fjár og þeirra hesta, sem út verða fluttir. Og þá sjest, að mjög lítið vörumagn leggst á hvert lestarrúm, svo álaga þessi leggst mjög þungt á farm skipsins, og yfir höfuð á viðskiptin.

Árni Thorsteinson: Jeg skal játa, að jeg skildi eigi röksemdaleiðslu h. þm. Dal. (J. G.), og sjerstaklega var mjer eitt atriði óljóst, og það atriði er: Hver ætti að vera tilgangurinn með því að láta draga farmgjald póstskipanna frá tillaginu úr ríkissjóði og svo byrja á gufuskipsferðum innlendum á kostnað landsins? Jeg skil það ekki. Jeg ætla að segja honum eitt: þó að stjórnin hætti að senda gufuskip, mundi allt að einu þurfa að borga farmgjald fyrir því; þó ný skip eða önnur en dönsk gufuskip kæmu, mundu þau allt að einu finna til þess háa og einstaklega farmgjalds, já, jeg kalla það einstaklegt gjald, 1 kr. á hverja ton, hvaða vöru sem skipið flytur, hvort sem það flytur nokkuð, lítið eða ekki neitt. Hjer er allt af gert ráð fyrir fullum farmi; en jeg get sagt þm. það, að það er sjaldan, að stór gufuskip hafa fullan farm. Jeg skal taka til dæmis, að skip, sem flytur 500 hrossa eða 1500 af sauðfje, hefur optastnær ekki hálffermi. Það hefur verið haft í móti reikningi h. þm. N.Þing. (B. Kr.), að hann tæki ekki tillit til þess, að skipin flyttu inn vörur, sem mundu vega upp á móti því, sem útflutt væri; en þm. sjálfur er búinn að svara þeirri mótbáru. En jeg vildi mega spyrja: hversvegna er þetta farmgjald lagt á? Það er þó alstaðar hjá þjóðunum nú á tímum framfylgt þeirri stefnu, að losa sem mest bönd af verzlunarviðskiptum, og einmitt í þeim tilgangi að fylgja þessari stefnu var lestagjaldið afnumið. Jeg held yfir höfuð, að fengi þetta frv. fram að ganga, mundi það verða okkur skaði en ekki ábati, því það sjer hver maður, að ef það yrði samþykkt, er það til að skaða en ekki til að hlynna að verzluninni. Jeg álít því rjettast, að fella frv.

ATKVÆÐAGR.: Frv. fellt frá 2. umr. með 5 atkv. gegn 5.

Þrítugasti og níundi fundur, laugardag 15. ágúst kl. 1 e. m.

Allir á fundi, nema þm. Srand. (Á. E.), sem hafði tjáð sjúkdómsforföll sín.

Frv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja þjóðjarðir (C. 344): 3. umr.

Sighvatur Árnason: Jeg vona nú, að þessari breyt.till., sem hjer liggur fyrir, (C. 349), verði vel tekið af deildinni, því eins og sjá má af tillögunni, hefur hún þann viðauka, sem þótti vanta við fyrri umræður málsins, nefnilega ákvæði um að nema úr gildi söluákvarðanir í lögum 8. nóv. 1883 að því er þessa jörð snertir. *(Hallgrímur Sveinsson:* Sem ekki þurfti). Getur verið: en jeg ímynda mjer, að hvað sem því líður muni deildin eigi finna ástæðu til að setja sig á móti því, að þessi jörð fái einnig að renna með. Jeg get fullvissað h. deild um það, eptir þeim kunnugleika, sem jeg hef, að þessi jörð, Vík, verður aldrei keypt á hinu ákveðna tímabili fyrir það verð, sem lögin 8. nóv. 1883 setja á hana, og svo þegar jeg í tilbót lít á söluna frá landssjóðs hálfu, get jeg ekki sjeð neitt á móti henni. Jeg hefi virt fyrir mjer söluna á þessum jörðum landssjóðsins, og yfirvegað, hvernig hún horfir við gagnvart landssjóði, og skal jeg gjöra nokkuð nákvæmari grein fyrir því. Fyrst eru þá Böggversstaðir, leigðir fyrir 194 kr., sem svarar til 4868 kr. Ef hún selst fyrir hið ákveðna verð, verður ágóðinn fyrir landssjóð 1632 kr. Svo eru Hrísar; afgjaldið er um 60 kr. *(M. St.:* Hve nær?). Eptir skýrslu framsögumanns. Þetta svarar til 1500 kr. Ágóðinn, ef jörðin er seld fyrir 2500, verður þá 1000 kr. Akur; afgjaldið er 104 kr. svarar til 2613 kr. Agóðinn af sölunni yrði 387 kr. Skinnastaðir, afgjaldið er 82 kr., svarar til 2060 kr., ágóðinn af sölunni 190 kr. Hafragil; afgjald 193 kr. svarar til 2388, ágóði 112 kr. Skíðastaðir; afgjald 176 kr. svarar til 4400 kr., ágóði 600 kr. Veðramót, afgjald 155 kr. svarar til 3875; ágóði 1125 kr. Gröf; afgjald 57 kr., svarar til 1440; þar verður enginn ágóði, heldur 240 kr. tap við söluna. Brekka; afgjald 46 kr. svarar til 1168 kr., ágóðinn 232 kr. Svo kem jeg að Vík; afgjaldið er 151 kr., svarar til 3780, ágóði 2220 kr., og þetta fyrir utan umboðslaun. Allt svo sjer maður, að á 4 af þessum helztu jörðum græðir landssjóður við söluna 1000 kr. á hverri og þar yfir, nefnilega á Böggverstöðum, Hrísum, Veðramóti og Vík, og þegar Vík er sjerstaklega athuguð, græðist þó við söluna á henni 588 kr., fram yfir þá jörðina, Böggversstaði, sem gengur næst með ágóðann við söluna, og telji maður umboðslaun með hvað Víkina snertir, þá lætur nærri, að landssjóður græðir helminginn af kaupverðinu við söluna, og það verður að teljast álitleg sala. Jeg skil ekki, hvers vegna Vík skyldi ekki mega vera með eins og hinar, og sjerílagi þegar óhugsandi er, þótt ábúenda skipi yrðu, að leigja hana fyrir það afgjald, sem næði nokkuð móts við rentur af 6000 kr., auk heldur meira. Það yrði þá að setja afgjaldið upp, ekki kannske um fullan helming, en hátt upp undir það. Mjer er fyrir mitt leyti þessi sala ekki neitt kappsmál, að öðru leyti en því, að jeg sje að hún í samanburði við hinar aðrar jarðir er hagur fyrir landssjóðinn. Jeg vona því, að menn taki breyt.till. til greina og lofi Vík að renna með.

Magnús Stephensen: Jeg get tekið undir með hinum h. 1. þm. Rangv. (S. A.) með það, að mjer er ekkert kappsmál um það, hvort Vík verður seld eða ekki seld fyrir 6000 kr.; en jeg vildi einungis vara h. þingdeildarmenn við, að gjöra ráð fyrir því, að hinn sami leigumáli verði á þessari jörð til frambúðar, sem hún er nú byggð með, nfl. 155 kr., því eptir ráðgjafabrjefi 25. maí 1880 eiga þjóðjarðir, eptir því sem þær losna, að leigjast með þeim leigumála, sem amtsráðið hefur ákveðið, og landskuldin eptir Vík er einmitt ákveðin af amtsráðinu að hækka skuli við ábúendaskipti upp í 460 áln. á landsvísu, auk leigna eptir 6 kúgildi. Jeg segi þetta til þess, að h. deildarmenn skuli eigi villa sjónir fyrir sjer með því að halda, að það sje nóg, að *kapítalísera* hið núverandi afgjald; undir eins og Vík losnar, hækkar afgjaldið svo, að það mun fullkomlega jafngilda vöxtum af 6000 kr. Að öðru leyti er jeg ekki á móti breyt.till.

Hallgrímur Sveinsson: Af því að jeg ætla að greiða atkvæði á móti breyt.till. h. þm. Rangv. (S. Á. og S. Þ.) og þm. Dal. (J. G.), er snertir jörðina Vík í Dyrhólahreppi, þá vil jeg með fáum orðum láta h.

þingdm. vita, hvers vegna jeg gjöri það. Það er þá ekki af því, að jeg hafi kunnugleika til að halda hvorki með eða móti söluverði eða sölu þessarar jarðar, heldur af því, að jeg kann mjög svo illa við, að fara nú eptir tæp tvö ár að breyta lögunum 8. nóv. 1883 eða því áliti þingsins, er birtist í lögum þessum. Úr því þingið þá áleit rjett að selja þessa jörð fyrir miklu hærra verð, en breyt.till. fer fram á, og gaf þá sjerstaka heimild til að þetta boð þess mætti standa til loka ársins 1890, þá vil jeg bíða með að bjóða jörðina fyrir annað verð, þangað til, og ekki breyta söluákvæðinu fyr en eptir 1890, nema sjerstök atvik raski þeim grundvelli, sem þá var lagður. Viðauka h. þm. um að nema úr lögum ákvæði hinnar fyrri heimildar, álít eg óþarfan; því hvað eru lögin um þjóðjarðasölu? Þau eru: heimild til að selja þjóðjarðir. Nái nú breyt.till. samþykki þingsins, þá er hin fyrri heimild numin burt. Því að ef jeg gef fullmakt á morgun, sem upphefur fullmakt frá í gær, þá gildir hin seinni fullmaktin. Að endingu skal jeg lýsa því yfir, að h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) hefur ekki heppnazt betur að sannfæra mig um söluna á Vík, en mjer að sannfæra hann um nauðsyn breyt.till. okkar við 5. gr. fjáraukalaganna, er rædd var í gær.

Framsögumaður (L. E. Sveinbjörnsson): Þar sem það hefur verið sagt, að menn skyldu ekki láta villa sig með því að taka tillit til þess eptirgjalds, sem nú væri greitt af jörðum, og þá sjerstaklega af Vík, því að amtsráðið hefði ákveðið hærri leigumála af þeirri jörð við næstu ábúandaskipti, þá vil jeg minna menn á, að hjer á við orðtækið: «kóngur vill sigla, en byr hlýtur að ráða». Því hvað dugar það, þó amtsráðið hækki leiguna, ef svo enginn fæst til að taka jörðina að sjer til ábúðar með hinum hækkaða leigumála, og jörðin svo stendur ónotuð fyrir bragðið.

Magnús Stephensen: Þessu, sem nú var sagt, skal jeg svara því, að í Skaptafellssýslum er þrávallt boðið hærra verð fyrir jarðir, en amtsráðið hefur stungið upp á. Jeg get sagt það, að í einn jarðarþriðjung hafa verið boðnar jafnvel 200—300 kr. í festu fram yfir eptirgjald það, sem amtsráðið hafði stungið upp á. Það er því ekki hætt við, að landssjóðsjarðir í þeirri sýslu megi ekki leigja fyrir það verð, sem amtsráðið hefur ákveðið, því að menn þar munu fremur bjóða fram yfir þann leigumála, heldur en undir honum.

Sighvatur Árnason: Jeg skal gjarnan játa, að leigumáli á Vík og fleiri jörðum í Skaptafellssýslu geti stigið nokkuð við ábúendaskipti. En það get jeg aldrei ímyndað mjer, að leigumáli á Vík muni við næstu ábúendaskipti stíga um 89—90 kr.; en það verður hann að gjöra til að samsvara 6000 kr. söluverði, því að 89 kr. + 151 kr. eru sama sem 240 kr., sem svarar til 6000 kr. söluverði. *(M. Stephensen:* Eru leigurnar taldar þar í?). Já, þar er allt í, allt tekið með.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. 343 (C. 349), að viðhöfðu nafnakalli, samþ. með 6 : 4. Þessir sögðu *já:* Benidikt Kristjánsson, Jakob Guðmundsson, Jón Pjetursson, L. E. Sveinbjörnsson, Sighvatur Árnason, Skúli Þorvarðarson. — *Nei* sögðu: Hallgrímur Sveinsson, Magnús Stephensen, Árni Thorsteinsson, Einar Ásmundsson. — Frv. með áorðinni breytingu samþ. með 8 atkvæðum, og kvað forseti það mundu verða sent aptur til forseta Nd.

Frumvarp til laga um utanþjóðkirkjumenn (C. 341); 3. umr.

Einar Ásmundsson: Þegar þetta mál var hjer síðast til umræðu, þá leyfði jeg mjer að vekja athygli deildarinnar á því, að orðið «foreldri», sem mun koma fyrir á þrem stöðum í frv., væri þar sumstaðar haft með röngu kyni. Það kemur fyrir síðast í 8. gr., og þar er það haft hvorugkyns, en það kemur líka fyrir í 9. gr. og 10. gr., og á báðum þeim stöðum er það haft karlkyns; það er þannig haft kynlaust á einum stað, en karlkyns á tveim stöðum. Jeg hjelt að nefndin mundi víkja þessu í rjettara horf, er hún gjörði breytingar sínar við frv.; en af því að hún gjörði það ekki, hef jeg og 2 aðrir h. þm. komið með breyting þessa (C. 351). Jeg játa, að þetta er ekki stórvægilegt mál, en það sem oss kom til að gjöra breytingarnar var, að vjer vildum ógjarna láta sjást, að frv. kæmi frá þessari deild með málvillum og bögumælum, sízt þeim málvillum, sem vjer vissum af eða hefðum tekið eptir. Jeg held, að það sje undantekningarlaust í íslenzku, að þegar eitt orð innibindur í sjer bæði karlkyn og kvennkyn, að þá sje það orð haft kynlaust.

(H. Sv.: Hvernig setur þingm. eignarfornöfn við nöfn foreldra sinna?). Jeg heyri ekki; en vona, að allir sjái, að það sje á móti náttúrunni, að *móðir* geti verið *karlkyns* ekki síður en *faðirinn*, og jeg álít rjettast, að hún fái að hafa sitt rjetta kyn í orði, ekki síður en á borði. Það getur vel verið, að í öðrum málum sje þessar íslenzku reglu um kyn orða í fleirtölu ekki fylgt, en það kemur voru máli ekki við. Jeg veit, að deildinni yrðu að sönnu manna dæmi, þótt hún við hefði orð í skökku kyni. Á Pólínalandi var einu sinni konungur, sem varð það á í ræðu, að láta orð hafa rangt kyn; en hvað gjörir konungurinn? Í staðinn fyrir að kannast við mismæli sitt, gefur hann út það lagaboð, að eptirleiðis skuli orðið hafa þetta skakka kyn; en reyndar vann hann það eitt við þetta, að gjöra sig hlægilegan. Jeg fjölyrði svo ekki meira um þetta mál, þótt margt mætti um það segja, ef tími væri til.

Hallgrímur Sveinsson: Nefndin ætlar sjer sjálfsagt ekki að fara að dæmi «Pólínalandskonungs», enda skortir bæði hana og þingið vald til að breyta náttúrlegu kyni orða. En jeg vildi spyrja þingm. (E. Á.) að, hvort hann segir foreldrar *mín* eða *mínir? (E. Á:* Jeg segi foreldri mín). Jeg hefi aldrei heyrt sagt «*foreldrar mín*»; en hygg, að «foreldrar mínir» hafi náð fullri festu í málinu, en «foreldri mín» sje að minnsta kosti nær því úrelt orðið, og svo kemur þingm. með í breyt.till. sinni «hvorttveggja *foreldra*»; þetta hlýtur þó að vera eignarfall af orðinu foreldrar, sem hann nú vill útlægt gjöra. Er hann þar fullkomlega samkvæmur sjálfum sjer? En jeg skal ekki þrátta lengi um það, sem hefur jafnlitla þýðing og þetta hefur; og skal jeg greiða atkv. með báðum breytingum h. þm., en þó þannig, að jeg byggi það ekki á sama grundvelli og hann, að jeg álíti það hlægilegt og hneixlanlegt, sem í frv. stendur. Nefndin hefur nú komið með þá breyting við 15. gr., sem jeg gat um síðast, að setja í staðinn fyrir «grafreiti annarstaðar» «sjerstaka grafreiti». Sömuleiðis þótti nefndinni eiga betur við að gjöra þá breyting, sem hún hefur gjört við 13. gr., til þess að taka allan efa af, við hvaða söfnuð væri átt.

ATKVÆÐAGR.: Brt. 348 við 9. gr. samþ. með 9 atkv. Brt. 348 við 10. gr. samþ. með 8 atkv. Brt. 345 við 13. gr. samþ. í einu hljóði. Brt. 345 við 15. gr. samþ. í einu hljóði. Brt. 345 við 16. gr. þegar lögð á skrifstofu alþingis, sem prentvilla.

Frumv. þannig breytt samþykkt með 8 atkv., og kvað forseti það mundi verða sent forseta neðri deildar.

Frumvarp til laga um linun í skatti á ábúð og afnotum jarða og á lausafje (C. 277); 2. umr.

Framsögumaður (Magnús Stephensen): Jeg vona, að h. þingdeild reki minni til, að fyrir löngu var sett nefnd hjer í deildinni til að íhuga ýmiss konar tollmál; hjer í deildinni hafði komið fram frv. um að leggja skatt á kaffi, kaffirót o. s. frv., en af taka aptur ábúðar- og lausafjárskattinn o. fl.; síðan kom annað frv. frá neðri deild. sem líka vildi afnema ábúðar- og lausafjárskattinn, en leggja aptur toll á ýmsar útfluttar vörur. Nefnd þessi rjeð til þess, að fella bæði þessi frv.; en kom svo í staðinn með þetta frv. Deildin tók svo í þessar tillögur nefndarinnar, að hún felldi annað frv., nfl. um útflutningstollinn, en samþykkti hitt, um kaffitollinn; vegna þess varð þetta mál að bíða og varð ekki tekið á dagskrá; það hefur því hvílt sig um tíma: en nú hafa þær frjettir komið, að kaffitollsfrv. hafi verið ráðið af dögum í Nd.; því hefur nefndin álitið rjett, að fá þetta mál tekið á dagskrá til 2. umr., vegna þess, að hún gjörði ráð fyrir, að menn heldur vildu fá þessa linun en ekki neitt, fyrst ekki tókst að nema þessa skatta alveg af, þótt svo væri að heyra á mönnum hjer við síðustu umræðu þessa máls, sem þeim þætti sig ekkert muna, þó hálfum þessum sköttum væri af ljett, og vildu annaðhvort fá þá alveg af numda eða þá alls ekki neina linun. Jeg ímynda mjer þá, að mönnum geðjist vel að þessari skattlinun. Hins vegar mæli jeg þó með hálfum hug með þessu frv., vegna þess jeg veit ekki, hvort landssjóður getur polað slíkt skarð í tekjur sínar, sem þetta frv. gerir. Það hefur líka verið tekið fram, að linunin væri mest fyrir efnamenn, þá sem mest eiga lausafje; en þeir hafa marga þunga byrði; sveitarútsvarið lendir t. a. m. mest á þeim, svo að þeir virðast vel komnir að þeirri skattlinun, sem frv. veitir þeim. Nefndin ræður því deildinni til að fallast á frv.; það er betra að fá hið minna, heldur en ekki neitt.

Jakob Guðmundsson: Jeg tek undir með hinum h. 3. kgk. þm. (M. St.) með það, að jeg greiði atkvæði með hálfum hug með þessu frv. (*M. St.:* Það er sama, ef það að eins er gert), en af allt öðrum ástæðum en hann, nfl. þeim, að þetta gefur enga linun tómthúsmönnum, sem mest þurfa hennar við, og sem h. 3. kgk. þm. (M. St.) bar einkum fyrir brjóstinu, þegar um kaffitollinn var að ræða, heldur að eins efnamönnunum; og í öðru lagi af því, að þessi velmeinta eptirgjöf gerir svo mikla rýrnun í tekjum landssjóðsins, að tvísýnt er, hvort hann getur hlaupið undir bagga með mönnum, eins og þarf. Ef þessi tvö frumvörp, um farmgjald skipa, sem hjer var fellt í gær, og um aðflutningstoll af kaffi, hefði ekki fallið, heldur orðið að lögum, þá hefði landssjóður fengið skaða sinn bættan, sem hann verður fyrir með þesu frv., og þá hefði verið allt öðru máli að gegna með það. En hvað sem um það er, þá tek jeg mjer ekki svo nærri lát þessara tveggja frv., að jeg greiði ekki atkvæði með þessu frv., því jeg er sannfærður um, að af því svo rækilega hefur verið rætt um þessi mál hjer á þingi, þá er þeim hrundið til góðra muna áfram, svo þau geta verið miklu ljósari fyrir þinginu næst og jafnvel fyrir þjóðinni sjálfri. Það geta sjest í þingtíðindunum þau ummæli mín, að jeg greiði atkvæði með þessu frv., ekki af því, að jeg sje ánægður með þessi úrslit, heldur af því, að jeg álít það neyðarúrræði, af því hin eru fallin.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 9 atkv., og að það gengi til 3. umr. samþ. með 9 atkv.

Uppástunga forseta um, hvernig ræða skuli uppástungu til þingsályktunar um lán til þilskipakaupa.

Eptir uppástungu forseta samþykkti deildin að viðhafa eina umræðu.

Forseti gat þess, að fjárlögunum fyrir 1886 og 1887 hefði þá verið útbýtt í deildinni, en með því að ekki mætti ræða mál samdægurs, og því hefði verið útbýtt, nema með leyfi landshöfðingja og $^3/_4$ hluta þingdeildarmanna, þá kvaðst hann hafa fengið leyfi landshöfðingja, og væri þá að eins eptir að fá samþykki deildarinnar, til þess að geta haldið kvöldfund. Bar hann það síðan undir atkvæði, og var það samþykkt í einu hljóði.

Fertugasti fundur, laugardaginn 15. ágúst. kl. 5 e. m. Allir á fundi, nema þm. Strand. (Á. E.), sem var krankur.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1886 og 1887 (C. 353); 1. umr.

Benedikt Kristjánsson: Jeg ætla að ekki sje ástæða til, að halda langar ræður við byrjun umræðanna um þetta mál. Jeg skal geta þess, að þótt jeg, frá því jeg fyrst kom á þing, hafi heyrt það á orðræðum manna, að á Ed. þingsins ætti lítið að bera í þessu máli, þá verð jeg þó að skoða þetta sem gripið úr lausu lopti, því að jeg get ekki betur sjeð, en að þingsköpin ætli Ed. að leggja einnig sinn tillöguskerf til þessa málefnis, þó þau kveði svo á, að það skuli fyrst leggjast fyrir h. Nd. Jeg álít því skyldu þessarar deildar, að sinna málinu fyllilega, og setja nefnd í því. Og af því að málið er þýðingarmikið, þá mun verða að kjósa hjer 5 manna nefnd, jafnvel þótt kraptarnir sjeu litlir, þ. e. þótt deildin sje fá-skipuð. Jeg skal svo að eins bæta því við, að með að gjöra má ráð fyrir, að koma muni breyt.-till. við þetta mál frá öðrum þingdm., en þeim sem í nefndina verða kosnir, þá mun verða að fresta þessari 1. umr., því að ef þessari umræðu verður lokið nú, þá geta aðrir en nefndarmenn naumast komið sínum breyt.till. að til 2. umr., nema með afvikning frá þingsköpunum. Jeg vil því leyfa mjer, að stinga upp á því, að sett verði fimm manna nefnd í málinu og 1. umr. síðan frestað.

ATKVÆÐAGR.: Fimm manna nefnd samþ. í einu hljóði. og kosnir: M. Stephensen með 9 atkv., L. E. Sveinbjörnsson með 9 atkv., Á. Thorsteinsson með 7 atkv., S. Árnason með 7 atkv. og E. Ásmundsson með 6 atkv. — 1. umr. síðan frestað.

Fertugasti og fyrsti fundur, mánudaginn 17. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frumvarp til laga um friðun á laxi (C. 297); 2. umr.

Framsögumaður (Árni Thorsteinson): Þetta frv. snertir að vísu ekki almenning, heldur er sjerstaks eðlis, eða það eru að eins einstakir menn, sem hlut eiga að máli. Hver lagasetning í þessu efni verður að vera sjerstaklega takmörkuð í sjálfri sjer, þar sem á annan bóginn ræður frjáls eignarrjettur, þar sem hverjum einum ber óhindraður aðgangur að nota eign sína, og á hinn bóginn verður að sjá fyrir, að sú auðsuppspretta, sem laxveiðin getur orðið fyrir allt landið eða almenning, ekki eyðileggist. En það er annað atriði, sem mjög er einkennilegt fyrir þetta mál, og það skal jeg taka fram, að þá er menn vilja kosta kapps um að gjöra sjer þennan atvinnuveg arðsamari, verður að gæta þess, að náttúran sjálf hefur að mörgu leyti meiri áhrif í þessu efni, en aðgjörðir manna. Það verður enn fremur að gæta þess, að lagasetningar verða aldrei eins affaradrjúgar, eins og ef almenningur vildi sinna þessu máli, eða vildi sjálfur afla sjer þekkingar á dýrum þeim, sem hann vill gjöra sjer arðsamari, og þá kæmi allt af sjálfu sjer, sem menn vilja fá nú með friðunarlögum.

Eptir þessa almennu athugasemd skal jeg stuttlega gjöra grein fyrir starfi nefndarinnar (nefndarálit og breytingartillögur C. 350). Jeg bið að afsaka, þó jeg fari fljótt yfir, og ekki sje allt eins ýtarlega tekið fram og ef til vill þætti þurfa. Í raun og veru getur engum dulizt, sem ber saman lögin frá 1876 og þetta frv., að á þeim er ekki mjög stór munur, og varla svo, að nýtt frv. sýnist þurfa. En fyrst byrjað hefur verið á þessu, þá verða menn líka að gjöra það svo vel úr garði, sem hægt er. Í 1. gr. hefur verið stefnt að því, að takmarka laxveiðitímann eptir þörfum; þar hefur nefndin snúið við og breytt að nokkru friðunartakmarkinu, eptir því sem það kom frá neðri deild. Í því efni verða menn að fara eptir því sem við á, eptir því, hvenær veiðitíminn byrjar. Að veiði byrji 20. maí læt jeg vera, því það er eiginlega um enga laxveiði að gjöra fyr á vorin; en að hætta veiði 1. ágúst er langt of snemmt. Í lögum frá 1876 var 1. sept. settur sem takmark fyrir veiðinni, og er það nærri sanni. Meiri hluti nefndarinnar setti samt þetta tímatakmark til 10. sept. og er það eins og nokkurs konar ívilnun fyrir þá menn, sem eiga laxveiði ofarlega í ám; þar til mun því verða svarað, að þeir hefðu helzt ekki átt að veiða þann lax; en á það verður þó eigi alveg fallizt. Jeg ætla nú með leyfi deildarinnar að skýra frá friðunartakmörkunum í öðrum löndum. Í Noregi er almenn friðun á laxi í ám og árósum frá 14. sept. til 15. apríl; þó er amtsyfirvöldunum enn fremur gefið leyfi til að láta friðunartímann byrja seinna, ef þörf gjörist, þar sem sjerstaklega stendur á; þannig byrjar hann 24. sept. eptir amtssamþykkt í Akershusamti, og liggur það þó miklu sunnar en Ísland, eða á 59°. Í Buskerudsamt er friðunartímanum einnig skotið fram til 24. sept., og í Stavangeramti fyrir 4 fljót til 1. okt. og fyrir 1 fljót til 1. nóv. Í syðra Bergenshusamti er honum einnig almennt skotið fram til 24. sept.; þó fyrir 1 á til 1. okt., 1 14. okt. og 1 20. okt. Í Tromsöamti, nyrzta part Noregs, er honum á einum stað skotið fram til 30. sept., þó hinn lögboðni friðunartími sje til 14. sept. Því hygg jeg, að hjer sje ekkert á móti að hafa hann til 10. sept.; en það má fyllyrða, að lax hrygnir hjer ekki fyr en um rjettir og almennast um eða rjett eptir veturnætur. Þetta er nú friðunartíminn að því er Noreg snertir. Á Englandi er almennt byrjað að veiða lax í febrúarmánuði, en friðuntíminn byrjar í ágúst í 40 fljótum og stendur yfir þangað til í febrúar, fyrir 2 fljót er hann frá 14. ágúst, fyrir 10 frá 15. sept., fyrir 2 frá 20. og 21. sept. og fyrir 1 1. okt. Það er svo mikill munur á því, hversu snemma lax gengur í árnar, og eru sumar þeirra kallaðar bráðgengar, en aðrar síðgengar. Á Skotlandi byrjar friðunartíminn nokkuð öðruvísi. Fyrir 78 fljót byrjar hann 26. ágúst, fyrir 9 31. ágúst, fyir 31 9. sept., og fyrir 1 (Tweed) byrjar hann 14. sept. Hefði jeg haft tíma, hefði jeg einnig getað skýrt frá friðunartímaákvörðununum í Svíþjóð; en jeg held eptir öllu þessu, að það sje nokkuð hið sama, hvort heldur stendur 1. sept. eða 10. sept.; en 1. ágúst, eins og stendur í frv. frá Nd., er er alveg ófært friðunartímatakmark. Það er hægt að sanna, að lax gengur optlega að miklum mun neðarlega í fljót í 16. viku sumars, og þar eð hann þá gengur ekki upp til þess að hrygna fyrri en eptir langan tíma, ætti að vera leyfilegt að veiða hann. Jeg þekki á, þar sem góð veiði er í seint eða þenna seinni part sumars. Lax þarf eða verður sökum veiðinnar að eins ætlaður friður um hrygningartímann, sem byrjar, þegar uppganga hans er talin með, í miðj-

um september. Um friðun á laxi finnst mjer að lögin þurfi einkum að starfa að því, að hafa friðunartímann tvöfaldan, fyrst á haustin og fram á vetur, á meðan lax er að hrygna, og síðan annan styttri tíma einu sinni í viku, svo að hann geti náð að ganga upp í fljótin að nokkru leyti. En jeg hygg þar næst að öðru leyti, að rjett sje, þegar friðunartímanum er þannig hagað, að láta takmörkunina um sjálfa veiðiaðferðina vera miklu rýmri en áður. Nefndin hefur því fallizt á, að hafa 36 stundir á viku, sem lax geti haft frjálsa göngu. Viðvíkjandi 2. gr. skal jeg ekki tala langt; nefndinni þótti þessi grein ekki sjerlega nákvæmlega orðuð, en vildi hins vegar gjöra sem minnstar breytingar. Í lögunum 1876 stóð ákvörðun um, að ekki skyldi setja neinar veiðivjelar lengra en út í miðjar ár, þegar vatn er minnst, og gaf það nokkra trygging fyrir, að lax gæti gengið upp; en nefndinni þótti 40 faðma millibil milli veiðivjela eptir endilangri ánni of langt, eptir frumvarpinu, og hefur því sett ákvörðun um, að 20 faðma bil sje eptir endilangri ánni milli veiðivjela. Einn af nefndarmönnum vildi ekki vera með hinum nefndarmönnunum, er um þessi atriði var að ræða, og sje jeg hjer breytingaratkvæði frá honum, þar sem hann bætir því við «sje eins vel fallinn til laxgöngu», og svo tekur upp aptur ákvæði frv. úr neðri deild um 40 faðma bilið milli veiðivjelanna. Jeg hef nú enn ekki vel getað áttað mig á breyt.atkv. þessum, en jeg er þeim reyndar mótfallinn. Það er mjög erfitt að gjöra fasta ákvörðun í þessu efni. Á Írlandi t. a. m. er sú ákvörðun, að á slíkum veiðivjelum sje op, sem ekki sje minna en 3 fet í miðju straumsins, þar sem dýpst er, eða $^1/_{10}$ af straumnum. Ekki hygg jeg, að neitt á ynnist, þó sams konar ákvörðun væri komið á hjer sem almennri reglu, og nefndin hefir því ekki farið fram á meira, en að það sem eptir er af ánni, skuli vera laxgengt. Í Danmörku var í stjórnarfrumvarpi frá 1881 farið fram á, að það skyldi vera 3 fet. 3. gr. gat nefndin ómögulega fallizt á, að því er til seinni hlutans kemur, eins og hann kom frá neðri deild; hefur hún því orðað hann greinilegar; en aptur á móti þótti henni fyrri hlutinn mega standa óbreyttur; og hygg jeg, að þar sje af nefndinni efalaust breytt til bóta. 4. gr. skal jeg ekki fara langt út í. Ákvörðun frv. er öll nokkuð skrítin, og því þótti nefndinni það rjettara, að orða hana öðruvísi. Það er heldur engin veruleg efnisbreyting, sem nefndin hefur gjört, um að veiða lax með stöng, en sleppa um beituna, svo sem maðk eða flugu. Við 5. gr. er veruleg breyting gjörð, einkum um millibil milli grinda í veiðivjelum. Nefndinni þótti það nokkuð óákveðið, að svo „*mörg*“ og svo stór op skyldu vera á veiðivjelinni, að enginn lax minni en 7 þuml. skyldi verða þar fastur, og þótti því betra að einskorða millibilið milli rimlanna alveg með vissu máli. Það er eitt af því, er menn venjulega flaska á, að menn telja það synd, að veiða lax, er hann gengur fyrst úr sjó; en eigi veiði að verða arðsöm, verður að gjöra svo. Það er of miklu sleppt, ef ekki mætti veiða hann í fyrsta sinni, er hann gengur úr sjó, þar eð hann næstu árin á eptir leggur svo lítið til stærðarinnar, og týnir tölunni svo stórkostlega. Nefndin gat samhuga ómögulega fallizt á 6. gr., um, að menn geti fengið meiri veiðirjett, með því að láta sýslunefnd skipta veiðinni. Mismunurinn milli uppástungu nefndarinnar og Nd. er svo auðsær, að ekki þarf að taka hann fram. 8. gr. er óbreytt, og 9. gr. sömuleiðis, að öðru en því, að nefndinni þótti rjettara, að farið væri með málshöfðun eins og vanalegt er í hegningarlögunum um sektamál, en gefa ekki lögreglustjóra sjerstakt vald til að láta málssókn falla, nema hann fengi samþykki amtmanns. Jeg gleymdi að minnast á þvergirðingarnar, þar sem veittur var rjettur til í lögum 1876, að þvergirða eina kvísl í á. Þessu ákvæði vildi nefndin ekki alveg sleppa, og eins þótti meiri hlutanum rjett, að sama ákvæði gilti einnig fyrir á, sem einn maður á veiði í. Og þegar friðun er 36 tíma í viku, þá er ekki ástæða til, að banna að veiða á sem ódýrastan hátt; enda verður með þeirri friðunarákvörðun, sem veitir laxi frjálsa göngu í 36 tíma á viku, meiri trygging á laxveiði fyrir þá, sem eiga veiðirjett ofan til í ám, en þegar menn hamast með veiðivjelum allrar tegundar, án nokkurra vikufriðunar. Nefndinni er að vísu ekkert kappsmál um þetta atriði, en hún vildi ekki afnema ákvörðunina í lögum frá 1876, og þá jafnframt að hið sama gildi, þegar einn maður á veiði í á. Sje það eina leyft, á ekki að banna hitt.

Benidikt Kristjánsson: Eins og h. deild sjer á undirskript minni undir nefnd-

arálitið, hafði jeg í hyggju, að koma fram með breyt.till. við álitsskjal nefndarinnar, og þessi breyt.till. liggur nú hjer á borðinu h. deildarmönnum til sýnis (C. 368). Þessar breyt.till. eru nú hvorki margar nje miklar, enda skal jeg lýsa yfir því, að h. meiri hluti hefir að minni ætlun bætt að mun, að minnsta kosti í sumu tilliti, frv. Nd. Jeg skal nú í stuttu máli gjöra grein fyrir ástæðunum fyrir því, að jeg kom fram með þessar breyt.till. Fyrsta breyt.till. mín er það, að í st. f. «20. maí» komi «1. júní». H. framsögumaður meiri hlutans (Á. Th.) hefur sýnt fram á, að ákvæðin í frv. Nd. hafa að ófyrirsynju látið friðunartímann byrja of snemma, og þannig útilokað marga menn frá því að geta veitt, þar sem þó annars gæti veiðivon verið, því að þegar lax gengur seint, má búast við því, að hann komi seint langt upp eptir þeim ám, sem langar eru. H. framsögumaður hefir einnig gefið einkar-fræðandi skýrslu um, hvernig laxafriðun er hagað til í öðrum löndum, og hvenær friðunartíminn byrji eptir hinum sjerstöku lagaákvæðum á Skotlandi, Englandi og Norvegi, og hann hefur sýnt fram á, að í öllum þessum löndum byrji hann seinna, en frv. Nd lætur hann byrja, jafnvel sumstaðar ekki fyr en 1. nóvember. Það má að vísu segja, að slíkt sjeu undantekningar, en jeg ætla að það megi þó segja, að friðunartíminn sje hjer ekki látinn byrja ofseint, þótt hann sje látinn byrja 10. september. Jeg ætla því, að eigi sje þörf að færa frekari ástæður fyrir þessari breytingu á frv. Nd., sem bæði meiri og minni hlutinn eru sammála um. Það getur líka vel verið, að það sje misprentun ein, að friðunartíminn er settur svona í frv. hinnar h. Nd. Á hinn bóginn er jeg ekki samdóma h. meiri hluta um það, hve nær friðunartíminn skuli enda, eða með öðrum orðum, hve nær megi byrja að veiða. H. framsögum. (Á. Th.) skoðaði það sem mjög fáar undantekningar, að lax byrjaði að ganga í ár eptir þann tíma, sem ákveðinn er í frv. Nd. og sem meiri hlutinn vill halda föstum, nefnil. 20. maí. Jeg held, að það megi teljast sem undantekning, að laxinn sje byrjaður að ganga 1. júní; þó fann jeg ekki ástæðu til að stinga upp á, að friðunartakmarkið næði lengra en til þessa dags. Það er almennt á Norðurlandi, að laxinn byrjar ekki að ganga fyrri en um Jónsmessu, og meira að segja, það er eitt dæmi til þess, að hann byrjaði ekki að ganga fyr en 12 vikur voru af sumri; en jeg skal samt játa, að það er undantekning. Jeg hefi ætíð haft þá skoðun, að rjettast væri, að lögin ákvæði þannig löguð fyrirmæli um laxveiði, að dálítil laxgengd væri byrjuð í ám áður en leyft væri að byrja á veiðinni, því að það mun almennt, að stærsti laxinn gengur fyrst, og hann er beztur til framtímgunar. Jeg ætlaði með breyt.till. minni að stilla friðunartakmarkinu í sem bezt hóf, sem mjer gat hugsazt. Þá kem jeg til annara breyt.till minnar, sem lýtur að því, að sá helmingur árinnar, sem opinn á að standa, sje jafnvel fallinn til laxgöngu og hinn helmingurinn, sem þvergirtur er. Það vakti fyrir mjer sú hugsun, að það gæti vel verið, að þessar þvergirðingar væru svo útbúnar, að það væri óhugsandi, að laxinn færi undan straumnum og sneri fyrir þvergirðingarnar. Það mun opt eiga sjer stað, að slíkar þvergirðingar eru þannig útbúnar, að net eru lögð við þær endilangt eptir straumnum, til þess að hindra það, að laxinn komist fyrir framan upp eptir ánni eða snúi aptur. Ef ákvæðin væru nú eins og í frv. Nd. og breyt.till. meiri hlutans, finnst mjer sú hugsun verða ofan á, að laxinn að vísu *geti* gengið fram hjá, en að það *megi* þó á þennan hátt girða svo, að lax gangi alls eigi fram hjá. Það er munur á því, hvort laxinn *getur* gengið, eða hvort hann *gengur;* eins og það er líka vafalaust, að lax gengur vanalegast mest eptir djúpálum, og stundum þess vegna eingöngu í svo sem tíunda parti árinnar eða minna. Ákvæði um þetta efni, að banna að þvergirða lengra en í miðja á, verða því þýðingarlítil, nema beinlínis standi um það skilyrðisákvarðanir í lögunum. Tillaga mín hefur sama tilgang og hin núgildandi lög; þau mæla svo fyrir, að vatnið sje eigi dýpra þar sem þvergirt er, en fyrir utan girðinguna, sem hefur sömu þýðing sem að sá hluti árinnar, sem opinn er, sje ekki óhagkvæmari til laxgöngu en hinn, sem þvergirtur er.

Því næst hef jeg stungið upp á því, að taka upp ákvarðanir þær, sem standa í frv. Nd., en sem hinn h. meiri hluti hefur breytt, nfl., að í 2. gr. Nd. frv. haldist «40 faðma bilið», þar sem meiri hlutinn hafði stytt það um helming, fært niður í 20 faðma. Að hafa veiðivjelar svo þjettar, að einungis 20 faðmar sjeu á millum þeirra sama megin,

það er hið sama sem að hafa veiðivjelar einungis til kostnaðar, en ekkki til gagns. Jeg efast um, að nokkurt gagn væri að svona stuttu bili. Jeg skoða þetta svo, að laxinn, þegar hann gengur fyrir utan veiðivjelina, varla breytir svo göngunni til hliðar, að hann slái sjer að hinu landinu milli veiðivjelanna. Jeg held því, að ef ekki væri nema 20 faðma bil milli vjelanna, og sín væri frá hvoru landi lögð, tæki veiðivjelarnar alla veiði frá þeim, sem fyrir ofan búa. Jeg ætla jafnvel, að 40 faðma bilið sje of stutt til þess að tryggja veiði þeirra, sem fyrir ofan búa, eða laxgengd nokkra til muna. Löggjafinn á að hafa það hugfast, að sporna við því, að þeir, sem næst búa við árósana, ef til vill einn þverhöfði taki allan lax frá hinum mörgu, sem ofar búa, og að sá sem klekur út laxi gjöri það eigi einungis fyrir aðra; það mun og sjaldnast, að lax riði mjög nálægt sjó; það sýnir bezt eðli laxins, að leita upp á við eptir ánum helzt svo langt sem hann getur, til þess að leita að þeim stöðum, sem eru bezt fallnir til að riða á.

Sú ákvörðun stendur í frv. Nd., að ádráttarveiði megi við hafa í ám *frá dagmálum til náttmála*. Þessa tímatakmörkun hefur meiri hluti nefndarinnar fellt burt. Jeg aptur á móti álít, að það sje ísjárvert að fella hana burt. Jeg skal að vísu játa, að það eru til ár, sem ómögulegt er að spilla veiði í með ádrætti, sökum þess, að þær eru breiðari, straumharðari og vatnsmeiri en svo, að ádráttur í þeim geti skaðað. Jeg vona, að deildarmönnum sjeu kunnar margar slíkar ár, svo jeg þurfi ekki að nefna þær. En aptur á móti þekki jeg margar ár, sem eru svo litlar og sljettar í botninn, að það má gjörsópa úr þeim öllum lax með ádráttarnetum, einkum þegar ádráttarnet eru brúkuð rjett fyrir ofan ósa. Sá sem því býr neðst við ána, getur valdið því, að hinir, sem fyrir ofan búa, fái aldrei lax, og það þótt eigi sje dregið á nema tvisvar í sólarhring. Það er alkunnugt, að lax gengur langmest í ár með aðfallinu, einkum með stórstraumsaðfalli. Þegar því er byrjað að draga á nokkuð nærri ós með fullkomnu flóði og áður en laxinn er kominn fram hjá, má taka allan lax, sem gengur í ána með því flóði, og þegar svo kemur fjara, er ekki spursmál um nokkura laxgöngu, og það ekki fyr en með næsta flóði. Jeg þekki eitt dæmi — og þm. Strand. (A. E.) er það víst eins kunnugt og mjer — þar sem maður einn með þessari ádráttaraðferð við ósinn tekur einn allan laxinn, sem í ána gengur. Jeg hefi leyft mjer að gjöra breytingar í þessu tilliti. Það getur verið, að þær sjeu ekki sem heppilegast orðaðar, og jeg verð að biðja deildina að dæma mig vægilega og hafa biðlund til 3. umr., því jeg mun ýtarlega yfirvega þetta atriði þangað til, og koma þá fram með þær lagfæringar, sem mjer kynnu að þykja nauðsynlegar á orðavalinu.

Þá hefi jeg gjört breyt.till. við 4. gr. Nd. hefur misheppnazt á henni. Frumvarpsgreinin kemur manni svo fyrir sjónir, sem alls engan ama megi gjöra selnum, þar sem friðlýst æðarfuglaeggver sje. Þessi ákvörðun Nd. er sjálfsagt gjörð af misgáningi, því mjer getur eigi skilizt, fyrst menn hafa ýmugust á sel í laxám, að eigi sje ætlunin sú, að ganga ekki lengra í vorkunnseminni en nauðsyn krefði, þ. e. að raska ekki friðhelgi æðarvarps, sem nær ¼ mílu frá því; en jeg vildi í sambandi við þetta vera svo vægur og góður, eigi við selinn, heldur við látraeigendur, að selurinn yrði eigi drepinn eða styggður í friðlýstum látrum nema fullt verð komi fyrir. Ef laxveiði er svo arðsöm, að ástæða sje til að gjöra þessar undantekningar, þá verður það ekki fjarska tilfinnanlegt, að bæta látraeigendum þann skaða, sem þeir bíða, og mjer þykir það yfir höfuð efasamt, hvort tiltækilegt sje að eyðileggja með lögum og án skaðabóta láturveiði, sem einu sinni friðlýst er á þingi.

Því næst hefi jeg gjört breyt.till. við 5. gr., að í staðinn fyrir «minni er» komi «ekki meiri». Jeg ætla það samkvæmara ákvæðunum um 9 þumlunga möskva; en í sjálfu sjer gjörir þetta lítið til. Í frv. Nd. stóð, að bilið milli rimlanna í veiðivjelinni skyldi vera 2 þuml. H. meiri hluti minnkaði bilið niður 1½ þuml. Jeg játa að vísu, að jeg hef eigi nægilega ljósa þekking um hlutfallið milli gildleika laxins og þykktarinnar; en jeg ætlaði að það mundi sönnu næst, að fara meðalveg milli frv. Nd. og meiri hlutans, og setti því 1⅔ þuml. Jeg gjöri þá ráð fyrir, að laxinn prýsti sjer nokkuð saman; en að hann gjöri það meir en sem svarar 2 línum, þótti mjer ósennilegt, og hins vegar get jeg líka hugsað mjer, að möskvinn láti nokkuð til á netinu.

Þá hef jeg stungið upp á breytingum við 6. og 7. gr., sem er í frv. Nd. Meiri

hlutinn vill steypa þessum greinum saman í eina grein. Jeg hefi viljað skilja greinarnar aptur að, og gjört þar að auki nokkrar breytingar við, eða að minnsta kosti vil jeg gjöra nokkrar breytingar á hinni nýju gr. nefndarinnar; jeg vildi þó helzt, að gr. frv. með mínum breytingum yrði samþykkt. Breyting mín á 7. gr. er sú, að amtmaður samþykki reglugjörð sýslnefndar, sem gjörð yrði eptir uppástungu veiðieiganda. Jeg þykist vita, að tilgangur meiri hlutans er sá, að sporna við því, að gengið væri of nærri rjetti einhvers einstaks veiðieiganda; en jeg get eigi sjeð, að það sje annað, sem með þessu næðist, en máske það, að hlynna að rjetti einhvers þverhöfðans, svo hann gæti komið í veg fyrir gagn hinna annara, sem veiði eiga, og svipt þá veiði. Tilgangurinn með breytingunni er sá yfir höfuð, að gjöra veiðina kostnaðarminni, og á hinn bóginn sá, að veiðin aukist við breytinguna; og svo ætlast jeg til þess, að samþykktirnar sjeu til þess, að skýra lögin. Þessum tvenns konar ákvæðum á bezt við að skipa í tvær greinar. Jeg ætlaðist til að samþykktirnar næðu gildi með staðfesting amtmanns, á sama hátt sem á sjer stað með fiskiveiðasamþykktir.

Jeg fjölyrði svo ekki meira um þetta, en treysti deildinni til að ráða málinu vel og viturlega til lykta.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg skal reyna að tala stutt í þessu máli, en verð þó með fáum orðum að minnast á breyt.till. minni hlutans (B. Kr.). Fyrst vill hann breyta 20. maí í 1. júní, af því að laxinn sje ekki almennt farinn að ganga, og svo af því, að hinn fyrsti lax þurfi að fá að ganga upp eptir ánni, því hann sje stærstur og bezt fallinn til að fjölga kyninu. Á þetta get jeg eigi fallizt, fyrst og fremst af því, að það er eigi rjett, að lax gangi eigi fyrri, og í öðru lagi af því, að hann hefur ekki munað eptir því, að eptir frv. og breyt.till. meiri hlutans fær hinn fyrsti og allur lax að ganga upp í ána að nokkru, því honum er gangan frjáls 36 stundir í viku hverri.

Þá kemur breyt.till. hans við 2. gr., að í stað «laxgengur, þá vatn er minnst», komi: «sje eins vel fallinn til laxgöngu». Þessa breytingu get jeg heldur ekki aðhyllzt, fyrst og fremst af því, að þetta orðatiltæki er mjög óákveðið, og þess vegna getur valdið misklíð og ágreiningi, og í öðru lagi af því, sem jeg áður sagði, að laxinn hefur nægilega frjálsa göngu 36 stundir í viku hverri. Meiri hlutinn hefur aptur á móti verið þeirrar skoðunar, að þegar allar veiðivjelar stæðu opnar 36 tíma í hverri viku, og þegar laxinn getur gengið óhindraður um hinn helming árinnar, þá væri nóg gjört til að greiða göngu laxins. Um þetta 20 faðma bil meiri hlutans og 40 faðma bil minni hlutans ætla jeg ekkert að tala. Okkur fannst nóg að hafa 20 faðma bil milli veiðivjelanna, enda er aðgætandi, að því styttra, sem bilið er milli vjelanna, því meira eykst straumurinn og dýpt vatnsins, sem eftir laxgönguna.

Breytingu minni hlutans við 3. gr. skil jeg ekki, og fer því ekkert út í hana; en þm. ætlar sjálfur að bæta hana eitthvað til 3. umr.

Hvað snertir viðauka hans við 4. gr., um að bæta skuli fyrir eyðing á sel við selalátur, þá er jeg alveg á móti þessum viðauka, og það af þeirri ástæðu, að láturseigandi fær, ef sel verður útrýmt fyrir honum, þann skaða sinn fullbættan í laxi. Jeg get skýrt frá því, að í Ölvesá hafa 3—4 jarðir kópaveiði. Prestinum að Arnarbæli, sem hefur hvað mesta kópaveiði í Ölvesá, hefur, ef mig minnir rjett, ekki tekizt að veiða lax fyrir sínu landi, því að hann staðnæmist ekki eitt augnablik, þar sem þessi vargur er fyrir. Sje selnum útrýmt, þá staðnæmist laxinn, og ekki þarf mikið af slíkum stórlöxum, sem í Ölvesá fást, til að bæta upp kópaveiðina.

Þá kemur breytingin við 5. gr., stafl. *b.* um að bilið milli spelanna skuli ekki vera $1\frac{1}{2}$ þuml., eins og meiri hlutinn vill, heldur $1\frac{2}{3}$ þuml. Á þessa breytingu get jeg alls ekki fallizt, af því, að í þeim ám, þar sem smálax gengur, fara $\frac{3}{4}$ partar af honum í gegnum $\frac{2}{3}$ þumlungs bil; með öðrum orðum allir þeir laxar, sem eru minni en 6—8 pund. Jeg hefi sjálfur nýlega mælt 6 laxa, sem jeg tók á stöng með eigin hendi fyrir ofan kistur í Elliðaánum. Þessir laxar höfðu allir farið gegnum um spelana, þó þeir liggi lárjettir í kistunum, samt sem áður, þó ekki sje nema $1\frac{7}{12}$ þuml. millibil milli spelanna, þá fer lax þar í gegnum, sem er $2\frac{2}{12}$, já $2\frac{4}{12}$ þuml. að þvermáli, og það eins og hann ætlar sjer. Jeg hefi veitt lax, sem vóg 3 pd. 72 kv.; hann var 11 þuml. að ummáli, en $2\frac{2}{12}$ að þvermáli. Einn var 9 þuml. ummáls, var þvermál hans $1\frac{10}{12}$ þuml. og vóg 1 pd. 83 kv. Þó smálaxinn sje svona gildur, kemst

hann hæglega í gegnum þar sem er 1½ þuml. bil milli spela, því fiskurinn er linur fyrir og lætur undan. Jeg get því með engu móti aðhyllzt tillöguna um hið meira opið. og það því síður, sem ekki er ætlast til annars, en að 9 þuml. lax komist í gegnum opið. Hinn stærri laxinn hefur óhindraða göngu upp í ána á þeim 36 stundum, sem veiðivjelar allar eru uppi í hverri viku.

Ásgeir Einarsson: Jeg er ekki svo vel frískur í dag, að jeg geti talað langt um þetta mál; en jeg vil ekki segja annað í því, en bæði það, sem satt er og á rökum byggt. Jeg hefi leyft mjer að koma fram með nokkrar breyt.till. og skal jeg gjöra grein fyrir þeim (C. 362). Fyrsta breyt.till. er sú, að í stað þess að í frv. er kveðið svo á, að allar veiðivjelar skuli opnar standa og net upp tekin 36 stundir í viku, þá hef jeg lagt til að það yrðu að eins 24 stundir eða frá náttmálum á laugardögum til náttmála á sunnudögum. Jeg gjörði það ekki svo mjög af því, að mjer þætti svo miklu muna um þessar 12 stundir, sem af hinu, að þótt jeg sje ekki mikill búmaður, þá þykist jeg þó vera svo mikill búmaður, að jeg viti, að það kostar ekki lítið, að taka menn frá verkum um bezta dagtímann til að opna veiðivjel og taka net upp og svo aptur til að loka vjelinni og leggja netin. Og til þessa getur gengið hálfur eða jafnvel heill dagur, ef veiðiáin er langt frá býli veiðieigandans. Þetta ætla jeg þó ekki að gjöra að kappsmáli. En ef það á að gjöra mönnum að skyldu, að *taka upp öll net* 36 stundir í viku hverri, þá er betra að segja hreint út, að þeir megi engin net brúka, því að það svarar ekki kostnaði, ef þau á upp að taka. En af því að hægt er að búa svo um, að hægt sje að fullnægja því skilyrði, að laxinn hafi frjálsa göngu þessar 36 stundir, án þess að netin sjeu tekin upp, þá hef jeg komið með breyt.till. mína. Það er hægt að búa svo um netin, að hægt sje að gjöra svo mörg op á þeim sem vill, án þess að taka þau upp, og jeg hygg, að njósnarmenn muni koma fram og segja til, ef einhver brygði út af að hafa þessi lögskipuðu op á netunum, þegar þeir mega búast við að fá allt að 50 kr. fyrir uppljóstrunina. Það sem mjer þykir mestu skipta, er, að netin fái að liggja kyr og menn neyðist ekki til að þurfa að taka þau upp um helgar. Það er auðsætt, hvílíka óhægð það hefur í för með sjer, ef bóndi þarf að senda á stað snemma á laugardegi tvo menn til að taka netin upp, og máske taka þá frá heyþurki eða bindingu, og svo þarf hann aptur á mánudögum að verja jafnmiklum tíma og mannafla til að leggja netin. Þetta held jeg að ekki svari kostnaði. Auk þess getur það komið fyrir, að veður sje svo vont, að ekki sje hægt að taka netin upp. Þetta hefur komið fyrir í Noregi, og bóndi sá, sem ákærður var fyrir að hafa ekki tekið upp net sín á lögskipuðum tíma, var dæmdur sýkn, af því að hann gat sannað, að það hefði verið *ómögulegt veðurs vegna*. Jeg vil að mál þetta sje látið bíða þangað til menn út um landið geta sagt álit sitt um það. Engin rödd hefur að þessu sinni komið inn á þingið um þetta mál, nema frá uppástungumanni einum. Það er leiðinlegt, að gjöra lög svo úr garði, að allir sjeu svo þegar á eptir óánægðir með þau. Laxinn er enginn þorskur; hann getur fundið götin á veiðivjelum; það er ekki einu sinni ein kvörn í hausnum á honum eða tvær, eins og á þorskinum, því síður full höfuðskel. Breytingunni við 4. gr. um selaskotin hefur h. h. þm. N.-Þing. (B. Kr.) svarað, og þarf jeg ekki að tala margt um hana. Jeg veit ekki hvernig skilja á 50. gr. stjórnarskrárinnar, ef selaláturseigandi á ekki eptir henni að fá bættan skaða þann, sem hann verður fyrir af seladrápinu, heldur á að bera tjónið einn, en máske 9—10 laxveiðieigendur að hafa allan haginn. Í vetur kom ritgjörð frá manni einum í blöðunum, og var í henni stungið upp á að heita verðlaunum þeim manni, sem fyndi veiðivjel til að drepa æðarfugl; sagði þessi maður, að æðarfuglinn væri svo skaðlegur, af því að hann eyddi kræklingi frá þorskinum, og blaðamaðurinn, sem greinina tók, áleit að þessi maður væri gott þingmannsefni. Svipar þessu ekki eitthvað til ákvörðunarinnar um seladrápið? Mjer finnst ákvörðunin um seladrápið ganga nærri eignarrjettinum og hafa á sjer sameignarblæ. Menn vita, að það, sem mest steypti landinu og frelsi þess, var það, að allir höfðingjarnir vildu vera jafnir og að allir vildu jafnvel vera mestir. Þá ætla jeg að tala fáein orð um þá breyting nefndarinnar á frv. Nd., að vera skuli 20 faðma bil eptir endilangri á milli veiðivjela, og breyt.till. h. h. þm N.-Þing. (B. Kr), að bilið skuli vera 40 faðmar; skal jeg þá geta þess, að á tveim bæjum í Húnavatnssýslu, Hjaltabakka og Húnsstöðum,

eru lagnir. sem varla er meir en 10 faðmar á milli, og þar er ekki *hægt að hafa lengra milli þeirra*, því að foss er í ánni, sem gjörir það ómögulegt, en áin grýtt og straumhörð fyrir neðan lagnirnar. Jeg gjöri þessa athugasemd, til að sýna fram á, að hvorri uppástungunni sem fylgt er, þá er þar ómögulegt að fara eptir henni, og að því þurfi að gjöra undantekning í lögunum um þá staði, sem svo stendur á með, því að það myndi þykja raska grundvallarreglunni, að gefa sýslunefndunum vald til þess. Þá er athugaverð ákvörðunin um, að eigi megi hafa tvöföld lagnet. Í þessum lögnum, sem jeg gat um, er harður straumur, svo að strengja verður netin milli beggja landa: þegar svo er, kastast straumurinn yfir flárnar á netunum og fer þá laxinn yfir netin, og þar getur það verið nauðsynlegt, að hafa tvöföld net. Jeg skal ekki tala um tvöföld ádráttarnet, því að jeg þekki ekki ádráttarveiði; en mjer þykir líklegt, að líkt geti verið ástatt með hana. Mjer þykir rjett, þegar laxinum er gefið svo mikið frelsi til göngu, að þá skuli mönnum gjört sem frjálsast að veiða hann á hinum tímunum. Það er eitt orð í 5. gr., sem jeg veit ekki nema megi hártoga: það er orðið «lóðrjett». Það getur verið, að einhver komi með lóðsnúru og beri hana á spelana, finni að þeir eru ekki lóðrjettir, og segi svo, að þar sje viðhöfð ólögleg veiði. En það er enginn hægðarleikur að gjöra spelana alveg lóðrjetta. Jeg tek þetta fram til þess, að það geti ekki orðið að ágreiningsefni síðar. Í 6. gr. stendur: «þeirra er hana hafa gjört» (o: samþykkt um samveiði eða sjerstaka veiðiaðferð eða laxaklak). En nú getur svo staðið á, að eptir 10 ár sje einhver dáinn eða fluttur burt af þeim, sem samþykktina gjörðu, og nýr maður kominn í staðinn; þá getur vel verið, að hinir, sem samþykktina gjörðu, segðu honum, að eptir lögunum ætti hann ekki atkvæðisrjett um breytingar þær, sem þeir ætluðu að gjöra. Til þess að fyrirbyggja, að þetta komi fyrir, þá hef jeg komið með þá breyting, að í staðinn fyrir «þeirra, er hana hafa gjört» komi: «hlutaðeigandi». Það, sem jeg nú hefi sagt, er öldungis satt og rjett, þótt máske ekki verði lagður meiri trúnaður á það, en það sem jeg sagði í selaskotamáli Breiðfirðinga. En það sýndu skýrslur þær, sem síðar komu, að jeg hafði rjett fyrir mjer, og deildin samþykkti á eptir orðrjetta uppástungu, sem hún felldi fyrir mjer áður.

Benedikt Kristjánsson: Jeg get ekki litið öðruvísi á þetta mál en svo, að þrenns konar skoðanir hafi komið fram í því, í fyrsta lagi skoðun meiri hluta nefndarinnar, í öðru lagi skoðun minni hluta hennar og í þriðja lagi skoðun h. þm. Strand. (Á. E.). Bæði meiri og minni hluti nefndarinnar var sammála um, að bönnuð væri veiði með tvöföldum netum. Dæmi h. þm. Strand. (Á. E.) sýnir að eins, að sá, sem yfir miklu vill gína, missir at meira. Það getur engin meining verið í því, að strengja net yfir á: og það getur víst ekki verið alvara þm., að lögheimila þeim, sem þá veiði-aðferð hafa, að hafa önnur net ofar í ánni, vegna þess að laxinn stökkvi yfir þessi strengdu net. En jeg skal ekki lá þingmanninum, þótt hann felli sig ekki við sameignarskoðun meiri hluta nefndarinnar að því er selinn snertir. Aptur á móti get jeg ekki fellt mig við þá skoðun, sem mjer virtist koma fram hjá honum, að þeim, sem mestan hefðu kraptinn og mest ríkið, gæfist kostur á, að bera fyrir borð rjett smælingjanna: þá vill þingmaðurinn ekki láta það vera lagaákvæði, að taka skuli upp öll laxanet 36 stundir í viku hverri, eins og farið er fram á í frv. Nd. og nefndin hefir fallizt á. En jeg verð að ætla, að ef netin eru þau bákn, að stórvirki sje að taka þau upp og leggja, þá muni þó sá því vaxinn, sem slík net á. En ef netin eru þannig gjörð, að lax festi sig ekki í þeim, þá hygg jeg að þau geti ekki lengur skoðazt sem net, heldur sem veiðivjel og megi því standa kyr, ef op eru á þau gjörð. Jeg þekki þá netaveiði, sem þingm. var að tala um. Jeg hef ávallt haldið, að netin væru gjörð til að taka laxinn og halda honum föstum, og ef hann getur sannað mjer hið mótsetta, þá fyndist mjer ósanngirni að skylda menn til að taka þau upp, ef þeir geta búið þau svo út, að op verði gjörð á þau. En þeir, sem lögin hafa samið, hafa ekki haft hugmynd um að slík net væru til. Þótt laxarnir hafi ekki kvarnir, skal þingmaðurinn ekki ímynda sjer, að þeir renni ekki á net, sem fyrir þeim verða. Menn hafa sjeð lax hlaupa í net, um bjartan dag og í tæru vatni, og það án þess að styggð hafi komið að honum eða hann hafi komizt í kví. Það fer ekki eptir kvarnafjöldanum í höfðinu á skepnunni, hvort hún er hyggin eða ekki, þótt skáldið láti að vísu höfuð þeirra manna, er hann sá hafandi á sjer klafa heimskunnar og tjóðraða eins og naut við steina, vera full

af kvörnum, og jeg veit ekki, hvort laxinn er hyggnari en þorskurinn, þótt hann hafi tvær kvarnir. Jeg hefði ekki látið mjer detta í hug að koma með breytingartillögur við tillögur meiri hlutans, ef jeg hefði haft sömu skoðun og hann, að þessi 36 stunda friðunartími á viku, væri nægilegur til að friða laxinn, og til að borgið væri rjetti þeirra, sem fjær sjó búa. Eptir þeirri skoðun fær sá, sem á laxveiði næst sjó, þann hlut í veiðinni, sem svarar 14 móti 3, og ætla jeg að það geti þá ekki talizt mikill hagnaður fyrir jörð fjarri sjó, þótt hún eigi veiði í laxá, því að ef fylgja á fyrirmælum *þessara laga*, þá mun laxveiðin lenda mest í höndum þeirra, sem næstir búa sjónum, en hinir, er fjær búa, bera mjög lítið úr býtum. Sú skoðun hefur nú komið fram, að rjett væri að veiða lax í fyrsta sinn, sem hann gengur í á á vorin, af því að svo mikil vanhöld yrðu á honum. Nú er það kunnugt, að svo er háttað með margar áfrjettir, að allmikil vanhöld verða á fjenaði þeim, sem þangað er rekinn. Ef því ætti að fylgja sömu reglu, þá lægi beinast við að skera lömbin á vorin, í stað þess að reka þau á afrjettina, til þess að komast hjá vanhöldum á þeim; en það hygg jeg fæstir mundu kalla gott búmannsbragð. Fyrsti laxinn, sem í árnar gengur á vorin, er venjulega stærri en svo, að hann geti smogið í gegnum net með 9 þumlunga möskvum. Jeg get reyndar gjört ráð fyrir, að í laxár þær, sem hjer eru næstar, kunni að ganga nokkuð af minni löxum; en almenn er sú regla ekki. H. 5. kgk. (L. E. Sv.) sagðist að vísu hafa veitt lax, sem gengið hefði gegnum kisturnar í Elliðaánum. Hann hefur sjálfsagt gengið út frá því, að kisturnar hafi verið lokaðar, þegar laxinn fór upp fyrir þær, og grjótgirðingarnar í lagi. Mjer sýnist eptir skýrslu hans, að hjer hafi hlotið að ske yfirnáttúrlegur atburður; en af því að jeg trúi ekki á yfirnáttúrleg verk, þegar um þetta og annað eins er að ræða, þá ætla jeg að reyna að sýna, að þetta hafi getað orðið á öldungis náttúrlegan hátt, þannig, að annaðhvort hafi losnað steinn úr grjótgirðingunni og laxinn komizt gegnum smugu, er við það hafi komið, eða rimill hafi dottið úr kistunni og laxinn farið þar í gegn, eða þá í þriðja lagi að rimill hafi losnað í kistunni og einhver sá klaufi fest hann aptur, sem ekki hefur gætt þess, að hafa jafnt bil milli rimlanna og við það hafi komið stærra bil. Svona útskýri jeg, að þetta hafi gengið til alveg á náttúrlegan hátt, og að ekkert kraptaverk hafi til þess þurft. Það sýnist mjer ekki geta samrýmzt við friðunarlög, að heimilað sje að leggja net eða setja aðrar veiðivjelar út í miðja á, ef vatn er að eins svo djúpt í hinum hlutanum, að lax geti að eins skriðið eptir honum, því það er sitt hvað, að lax geti gengið á einum stað, og að hann gangi þar. Einnar ákvörðunar sakna jeg í gildandi lögum, nl. ákvörðunar um ádráttarveiði; sú ákvörðun er þó ekki svo þýðingarlítil viðvíkjandi laxagengd, því að sumstaðar má nálega gjörsópa laxi úr ám með ádráttarveiði.

Framsögumaður (Árni Thorsteinson): Jeg skal ekki vera langorður. Að eins vil jeg taka það fram, að mjer finnst alveg ótækt að menn ekki skuli geta, eptir breyt.-till.. þm. N.-Þing. (B. Kr.), notað veiðirjett sinn fyr en 1. júní. Meiri hluti nefndarinnar hefur sett síðara friðunartakið 20. maí, og jeg sje enga ástæðu til að setja það síðar. Þegar menn segja, að friðunartíminn verði að ná til 1. júní vegna þess, að laxinn þurfi þann tíma til að ganga langt upp í ána, þá er þess að gæta, að laxinn gengur í fyrstu göngu alls ekki langt og ekki nema kippkorn upp í ána, hvergi nærri eins langt og að haustinu til. Í öðru lagi skal jeg geta þess, að mjer finnst hinum almenna veiðirjetti vera of nærri gengið með því, að ákveða, að 40 faðma bil skuli vera milli veiðivjela, er settar eru sín út frá hvoru landi. Meiri hlutinn ákvað því, að þetta bil skyldi vera 20 faðmar, og er jeg miklu fúsari á að setja það niður í 10 faðma, en að lengja það um einn faðm. Jeg sje enga ástæðu til þess, að tveir menn, sem setja veiðivjelar hvor frá sínu landi, þurfi að hafa 40 faðma bil á milli vjelanna, og jeg skal geta þess, að þar sem talað hefur verið um að laxinn þyrfti svo langt til að spássera milli vjelanna, að jeg hefi aldrei heyrt það sagt, að lax væri vanur að synda 40 faðma í einu. Jeg get því ekki skilið, að nauðsynlegt sje að hafa þetta 40 faðma bil, eða að slíkar ákvarðanir eigi að standa, og skerða löglegan veiðirjett. Það tæki allt of langan tíma, ef jeg ætti að fara að svara öllum þeim athugasemdum, sem gjörðar hafa verið og komið hafa fram í umræðunum um þetta mál, og því sleppi jeg því. En jeg ætla að enda með því að taka það fram á ný

að jeg álít fremur öllu öðru sjerstaka ástæðu vera til að hafa *tvöfaldan friðunartíma, hinn langa friðunartíma* og svo *vikufriðunartímann*. Þegar vikufriðunartíminn er gefinn fyrir frjálsa göngu og hinn lengri fyrir hrygninguna, álít jeg menn geti veitt með öllum þeim veiðarfærum, sem ekki eru beinlínis skaðleg fyrir viðkomu á laxi, eða eyðileggja ungviði. Hitt, að ekki sje rjett að veiða lax í fyrsta skipti, sem hann gengur úr sjó, getur enginn sannfært mig um, ef menn á annað borð vilja hafa fullt gagn af laxveiði.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg skal leyfa mjer að fara örfáum orðum um þetta mál, þó ekki um efni þess, því að mig skortir kunnugleika og þekkingu til að dæma um það, heldur um orðfærið á því, og í sambandi við það vil jeg leyfa mjer að beina nokkrum spurningum að þeim, sem með málið hafa farið. Jeg vil þó fyrst geta þess, að flutningsm. þessa máls í h. Nd. hefur tekið það fram eitt sinn, er hann átti tal við mig um það, að hann væri hræddur um, að friðunartíminn, frá 10. september, væri heldur stuttur. En sem sagt, jeg hefi sjálfur enga sannfæringu um þetta, hvorki með eða móti; jeg get þess að eins til þess, að h. þingd. geti tekið það til íhugunar, ef henni svo sýnist. Hins vegar heyrði jeg h. framsögum. málsins hjer í þingd. (Á. Th.) færa sterk rök fyrir áliti meiri hlutans, að því er friðunartímann snertir.

Þá skal jeg leyfa mjer að vekja máls á nokkrum atriðum, sem mjer þykja ekki sem ljósust bæði í breyt.till. einum og í sambandi við frv.

Ákvæði 1. gr. eru meðal annars svo, að lax skuli friðaður 36 stundir í viku hverri, *eða* frá náttmálum o. s. frv. Er *„eða“* hjer útskýrandi? Væri svo, að menn mættu velja um, hvenær þeir vildu friða laxinn í viku hverri, þá gæti friðurinn orðið í pörtum, að eins að tíminn væri 36 stundir alls, og yrði það máske ekki eins heppilegt. *(L. E. Sv.:* «Eða» er hjer útskýring). Ef svo er, þá kann jeg betur við að setja heldur: *„það er“*. Í 3. gr. er ákveðið, að ekki megi leggja net eða veiðivjel úti fyrir ósamynnum í stöðuvötn eða sjó, þar sem lax gengur, en þó má viðhafa ádráttarveiði í ám. Jeg vildi spyrja, hvort þar með sje útilokað að draga megi á í árósum eða fyrir neðan þá? því að víða hagar svo til, að veiða má laxinn, er hann gengur upp í árósana með sjávarföllum. Þar sem segir í sömu gr., að veiða megi lax með «stöng», þá gjörir það víst enga breytingu á aðalákvörðuninni í lögunum um friðunartímann; eða má kannske ávallt veiða með stöng á hverjum tíma sem er? *(L. E.: Sv.* Ávallt!). Nú, ef það er meiningin, að ávallt megi, á hverjum tíma árs, sem er, veiða með stöng, þá finnst mjer sú ákvörðun koma í bága við friðunarákvæði 1. gr. Þá vildi jeg hreifa nokkrum athugasemdum viðvíkjandi 6. gr. Þar stendur í fyrstu málsgrein breyt.till., að tíminn, sem samþykktin skuli ná yfir, skuli eigi vera skemmri en 10 ár. Má samþykktin þá alls ekki ná yfir skemmri tíma en 10 ár? *(L. E. Sveinbjörnsson:* Jú, ef menn koma sjer saman um það, og amtmaður samþykkir það!). Fyrst svo er, þá hefur þessi ákvörðun lítið gildi. Í annari málsgrein sömu greinar stendur, að eigi megi staðfesta samþykkt, nema hún í engu komi í bága við lög þessi. Það getur þá í slíkri samþykkt ekki verið spurning um, að breyta í neinu friðunarákvæðum 1. gr., þótt mönnum þætti svo til haga á einhverjum stað, að annað tímatakmark væri æskilegt. Viðvíkjandi málinu skal jeg geta þess, að í sömu málsgrein stendur: «nje heldur ákveða hærri sektir í *þeim*“. Hjer er «þeim» í fleirtölu, en á þó að svara til eintöluorðsins «samþykkt» á undan, og verður því að leiðrjetta það. Í næstu málsgrein stendur, að samþykkt megi ekki breyta «nema með vilja og ráði *allra* þeirra, er hana hafa gjört». Er það ekki ófrjálslegt, að leyfa, að einhver einn af 10—20 mönnum, sem af einhverjum gildum ástæðum vilja breyta samþykktinni, skuli geta varnað því, að breytingin komist á? Mjer finnst það of strangt. I 8. gr. frv. er sagt, að andvirði ólöglegra veiðiáhalda renni eingöngu í sveitarsjóð *„eða sveitarsjóði“*; þetta: *„eða sveitarsjóði“*, finnst mjer ekki nauðsynleg útskýring. Þar sem í breyt.till. nr. 363 er stungið upp á að breyta orðunum í 2. gr. frv.: «laxgengur, þá vatn er minnst» í «sje eins vel fallinn til laxgöngu», þá held jeg sú breyting sje ekki heppileg, og mætti því falla burt. Mjer finnst hún svo óljós, að hún hæglega gæti valdið þrasi; því að óvíst er að menn verði ávallt ásáttir um, hvort þessi eða þessi hluti ár sje vel fallinn til laxgöngu eða ekki. Beyt.till. nr. 355, 2. tl. kemur ekki vel við orðin í grein þeirri, sem á að breyta. Í breyt.till. stendur, að eptir orðið *„til“* skuli koma: «náttmála á sunnu-

dögum». Með þessari breytingu yrði ákvörðun frv. þessi: frá náttmálum á laugardögum til náttmála á sunnudögum, til dagmála á mánudögum. Úr því ekki er farið fram á að fella neitt úr greininni, getur þessi breyting auðsjáanlega ekki staðizt. Breytingin undir 3. tölul. á sömu breyt.till.: «og skulu svo mörg og stór op á öllum laxanetum, að enginn lax geti ánetjast í þeim», skilst ekki í sambandi við 1. gr. frv., og er því óheppileg. Á meðan nokkur möskvi er heill í netinu, virðist mjer enginn geta ábyrgzt, að einhverjum laxinum kunni eigi að verða það til fjörtjóns.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg ímynda mjer að jeg gæti stytt fyrir þessu frv. Nefndin skiptist, sem kunnugt er, í tvo hluti. Minni hlutinn (B. Kr.) sagðist vera ánægður með að sætta sig við þau laxfriðunarlög, er vjer hefðum, og það skal jeg með ánægju undirskrifa. Jeg skal gjarnan vera með honum að fella allt málið.

Forseti kvaðst álíta, að nóg væri búið að ræða um þetta mál, og skaut því undir atkv. deildarinnar, hvort ekki skyldi hætta umr., og samþ. deildin að nóg væri búið um það að ræða.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. 363 við breyt.till. 347, 1. gr. felld með 6 atkv. móti 4. 1. tölul. breyt. 355 við breyt.till. 347, 1. gr., felldur með 8 gegn 1 atkv. 2. tölul. 355 við breyt.till. 347 felldur. 3. tölul. 355 við breyt.till. 347 felldur með 8 atkv. gegn 2. Breyt.till. (nefndarinnar) 347 1. gr. samþ. með 9 atkv. Breyt.till. 363 við breyt.till. 347, 2. gr. feld með 7 : 3 atkv. Breyt.till. 363 við breyt.till. 347, 2. gr. felld með 6 : 4 atkv. Breyt.till. 363 við breyt.till. 347, 2. gr. c. felld með 6 : 5 atkv. Breyt.till. 347, 2. gr. samþ. með 7 atkv. Breyt.till. 363 við breyt.till. 347, 3. gr. felld með 7 : 3 atkv. Breyt.till. 347, 3. gr. samþ. með 9 atkv. Breyt.till. 355, við breyt.till. 347, 4. gr. felld með 7 : 1 atkv. Breyt.till. 363, við 347, 4. gr. samþ. með 7 atkv. Breyt.till. 347, 4. gr. með áorðnum breytingum samþ. með 8 atkv. Breyt.till. við 363 við breyt.till. 347, 5. gr. a samþ. með 7 atkv. Breyt.till. 363 við breyt.til 347, 5. gr. b felld með 6 : 3 atkv. Breyt.till. 355 við breyt.till. 347, 5. gr. felld með 8 : 2 atkv. Breyt.till. 347, 5. gr. með áorðnum breytingum samþ. með 9 atkv. Breyt.till. 355 við breyt.till. 347, 6. gr. felld með 6 : 4 atkv. Breyt.till. 363 við breyt.till. 347, 6. og 7. gr. samþ. með 6 atkv., og þar með voru 6. og 7. gr. í frv. samþ. þannig breyttar, en fallnar hjá nefndinni. Breyt.till. 347, 8. gr. samþ. með 9 atkv. Breyt.till. 347, 9. gr. samþ. með 9 atkv. Breyt.till. 347, 10. gr. samþ. með 9 atkv. og þar með þessar greinar í frv. fallnar.

Málinu síðan vísað til 3. umr.

Frv. til laga um linun í skatti á ábúð og afnotum jarða og á lausafje (C. 277); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. orðalaust samþ. og kvað forseti það verða sent forseta Nd. til að leggjast fyrir þá deild.

Uppástunga til þingsályktunar um lán til þilskipakaupa (C. 278); ein umr.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að benda h. þingd. á, að ef þessi þingsályktunartill. á að hafa nokkra verulega þýðingu, þá þyrfti að orða hana nokkuð ýtarlegar, en hún er, eins og hún nú liggur fyrir. Þessi þingsályktunartill. fer ekki fram á annað, en að þeir, er beiðast láns til þilskipakaupa, skuli sitja fyrir öðrum lánbeiðendum til að fá að láni það fje, sem fyrir hendi er til að lána út. En það er aðgætandi, að ekki er útlit fyrir, að nokkurt fje verði til að lána út í þessum tilgangi, þar sem um svo mikið er að ræða. Þegar því ekki er farið fram á annað, en að þeir, er vilja fá lán til þilskipakaupa, skuli sitja fyrir öðrum, þá hefur það litla eða enga þýðingu, þegar ekkert eða lítið fje er fyrir hendi til að lána út. Við till. þessa er því lítið unnið, eins og hún er. Annað mál er það, ef þingið vill skora á stjórnina að koma í peninga meiru eða minna af hinu fasta innstæðufje viðlagasjóðs, svo sem innritunarskírteinum hans; en þá þyrfti till. að vera öðruvísi orðuð. Það yrði þá að vera í henni bending um, að stjórnin tæki af hinu arðberandi innstæðufje viðlagasjóðs til að nota í þessu skyni, ef á þyrfti að halda. En þetta ligur ekki í till., eins og hún er orðuð. Jeg leyfði mjer að taka fram í Nd. einmitt

hið sama, sem jeg nú hefi lýst yfir fyrir þessari h. þingd.; en þrátt fyrir það þóknaðist h. Nd. ekki að taka þessar bendingar mínar inn í till. En í umræðunum um málið í þeirri deild komu þau ummæli fram, er gjörðu ráð fyrir, að svo yrði að farið, sem jeg nú hefi leyft mjer að benda á. Þessi ummæli finnast mjer þó allt of óákveðin, þegar till. sjálf ekki bendir á þessa aðferð. Með því nú mál þetta er hjer að eins til einnar umræðu, þá er ekki hægt að koma inn í till. neinni breytingu í þessa átt, nema með því móti, að þessari umr. verði frestað. Þessa bendingu hefi jeg viljað gefa h. þingd. í því trausti, að hún fyndi ástæðu til að taka hana til greina.

Jakob Guðmundsson: Af því jeg veit ekki betur, en að fjöldi manna hafi hug á, að koma sjer upp þilskipum, þá álít jeg nauðsynlegt, að búa svo um, að menn geti fengið lán til þilskipakaupa, með sem aðgengilegustum kjörum. Að sjávarútvegurinn geti eflzt, er alveg lífsspursmál fyrir þjóðina. Því þó að þingið gjöri sitt til að efla framfarir í landbúnaði, eins og það líka hefur gjört að undanförnu, þá verða þessar framfarir ekki nema hægt og hægt, og arðurinn af því, sem nú er lagt fram til eflingar landbúnaði, verður ekki gripinn upp að mun á því tveggja ára tímabili, sem í hönd fer. En því minni von sem er um þetta, þá er því meiri nauðsyn að búa sem bezt um sjávarútveginn; en hann verður aldrei í lagi fyr en þilskipum fjölgar, því sjaldan eða aldrei bregzt fiskur svo við land vort, að hann fáist ekki einhverstaðar á djúpinu, þó hann náist ekki á opnum bátum. Þar sem nú hæstv. landshöfðingi efast um, að fje verði að nokkrum mun til útlána í því skyni, sem till. þessi bendir á, þá get jeg ekki annað skilið, en að nauðsynlegt sje að taka þessa tilgátu hans til greina, og að öll þörf sje á því, samkvæmt bendingu hæstv. landshöfðingja, að fresta þessari umræðu til þess að málið verði betur íhugað. Jeg ímynda mjer, að allir verði á því, að taka bendingum landshöfðingjans um, að skora á stjórnina, að breyta innstæðufje viðlagasjóðs í peninga, er svo verði notað samkvæmt ákvæðum tillögunnar, ef á þarf að halda. Jeg vil því leyfa mjer að stinga upp á því, að þessari einu umræðu verði frestað.

ATKVÆÐAGR.: Samþykkt að fresta umræðunni.

Þriðji fundur í sameinuðu þingi, mánudaginn 17. ágúst, kl. 5 e. h. Allir á fundi, nema Benedikt Sveinsson, Gunnl. E. Briem og Tr. Gunnarsson, sem höfðu tilkynnt forföll sín.

Forseti gat þess, að hann hefði fengið tilkynningu um, að í nefnd þeirri, sem kosin hefði verið til að semja framhaldsreglur um, hvernig verja skuli verðlaunum af «gjöf Jóns Sigurðssonar», hafi verið kosinn formaður Magnús Stephensen, og skrifari Einar Ásmundsson.

Frumvarp til laga um hluttöku safnaða í veitingu brauða(C. 341).

Hallgrímur Sveinsson: Jeg hef leyft mjer að kom fram með fáeinar breytingar (C. 349) við þetta frv., og vona jeg að öllum h. þingm. sje ljóst, að það eru ekki efnisbreytingar. Í fyrsta lagi hef jeg stungið upp á, að í staðinn fyrir «umsækendur» í næst síðustu línu í 2. gr. komi «menn», af því mjer þykir viðfeldnara mál að segja *menn*, sem *sækja um* brauð, heldur enn *umsækendur*, sem *sækja* um brauð. Önnur breytingin er af líkum rökum runnin. Að þetta mál er komið hingað í sameinað þing, stafar af hinni miklu vandvirkni h. Nd., sem vildi ekki vamm sitt vita, vildi ekki eiga á hættu, að nokkur skyldi geta misskilið nokkuð það, sem gengið hefði gegnum hennar hendur, svo að ef til vill einhver maður með óglöggum skilningi kynni að ruglast í ríminu. Til að girða fyrir allan misskilning, breytti hún þeim orðum í frv., sem þessi breytingartill. lýtur að. En afleiðingin af vandvirkni h. Nd. varð sú, að eptir frv. eiga söfnuðirnir að koma saman, til þess að *greiða atkvæði um — brjef.* Það getur verið, að meiningin geti skilizt; en óviðfeldið virðist það vera, að nefna brjefið í staðinn fyrir þá, sem brjefið hafa ritað. Jeg hef því leyft mjer að víkja þessu við þannig, að umsækendurnir komi í staðinn fyrir brjefin sín, svo að jeg vona, að nú sje ekki minnsta hætta fyrir, að orðin verði misskilin, og skal jeg leyfa mjer að lesa upp síðustu málsgr. 3. gr., eins og jeg vil orða hana: «Um umsækendur þá, sem í kjöri eru, skal á þessum fundi öllum þeim meðlimum þjóðkirkjunnar, sem búsettir eru í prestakallinu og óspillt mannorð hafa, gefinn kostur á að greiða atkvæði, ef þeir eru orðnir fullra 25 ára, þegar kosningin fer

fram, o. s. frv». — Hjer kemst enginn misskilningur að; en þetta virðist mjer liðlegra. Þá eru tvær litlar breytingar við sömu 3. gr., að tekin sjeu til númerin á lögum 27. febr. 1880 og 12. maí 1882. Þegar fleiri lög en ein eru dagsett sama daginn, eins og er um þau lög, þá er það glöggara. Að ending skal jeg benda á, að í 2. gr. er prentvilla, þjóðkirkjuni í st. fyrir þjóðkirkjunni. Jeg vona, að h. þing hafi ekki á móti því, að samþykkja þessar breytingar.

ATKVÆÐAGR.: Fleiri tóku eigi til máls, og var því gengið til atkvæða.

Breyt.till. við 2. gr. samþ. með 22 atkv.; 2. gr. með br. samþ. í einu hljóði. Breyt.-till. við 3. gr. «síðan» falli burt samþ. með 23 atkv. Breyt.till. við síðustu málsgr. 3. gr. samþ. með 25 atkv. Breyt.till. við 3. gr. *a.* samþ. með 21 atkv. Breyt.-till. 3. gr. *b.* samþ. með 21 atkv. 3. gr. með áorðnum breytingum samþ. með 25 atkv. Breyt.till. við 10. gr. samþ. án atkvæðagr.

Frumvarpið með áorðnum breytingum (C. 450) samþ. með 25 atkv. og afgreitt síðan til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Hvernig ganga skuli til framkvæmdar á 2. og 3. gr. í reglum um „Gjöf Jóns Sigurðssonar" (250+251); fyrri umr.

Forseti: Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að framsögumaður þessa máls, h. 1. þm. S.-Múl. (Tr. G.), er fjarverandi sökum veikinda.

Magnús Stephensen: Af því að sá af nefndarmönnum, sem framsögu átti að hafa á hendi, er fjarverandi, eins og h. forseti gat um, skal jeg tala nokkur orð. Nefndin hefur samið og komið fram með þetta erindisbrjef, sem h. þing hefur að líkindum kynnt sjer. Nefndin sá tvær leiðir að fara, aðra þá, að nefnd sú, sem ráðgjörð er í reglum um gjöf Jóns Sigurðssonar, skuli búa til «Prisopgaver» fyrir hver 2 ár, og veita svo þeim verðlaunin, er bezt riti um þær á því tímabili. En það leizt nefndinni ekki á. bæði af því, að opt geta orðið kosnir þeir nefndarmenn, sem miður heppnast að velja hentugt verkefni, og annað hitt, að ekki er víst að þeim heppnist að hitta á það verkefni, sem menn helzt vildu skrifa um. Eptir vandlega íhugun hefur því nefndin yfirgefið þessa leiðina, og valið hina, að leyfa hverjum að velja sjer verkefni, og einskorða það ekki á annan hátt en gjört er í reglum 24. ág. 1881, sem tiltaka, að ritgjörðirnar skuli vera vísindalegar og efni þeirra viðvíkjandi sögu landsins og bókmenntum, lögum þess, stjórn og framförum. Nefndin hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að fara þessa leiðina heldur, og ætlast hún til, að þessi fyrirhugaða dómsnefnd auglýsi sem fyrst eptir þing tilboð um að senda henni ritgjörðir. Í 3. gr. eru ákvarðanir settar um það, að nefndin skuli ráða því í hvert skipti, hve mikil verðlaun skuli veita hverjum og hve mörgum veita skuli. Það vakti sem sje fyrir nefndinni, að fyrir gæti komið, að henni bærist svo ágætt og framúrskarandi vel samið rit, að það ætti skilið að fá að verðlaunum tveggja ára vextina óskerta eða nálægt 700 kr. En berist nefndinni fleiri ritgjörðir og minni, er henni í sjálfsvald sett, hve mörgum hún dæmir verðlaun og hve mikið hverjum. Jeg hefði kunnað eins vel við, að nefnd þessi hefði átt að kynna sjer þau rit, sem út hefðu komið á hverju tveggja ára tímabili, án þess að höfundurinn hefði beinlínis snúið sjer til nefndarinnar og sótt um verðlaunin. En eptir nákvæmari yfirvegun komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að heppilegra mundi vera, að hafa þá aðferð, að höfundurinn sendi nefndinni ritgjörð sína nafnlausa, og skyldi hún kynna sjer nafn hans síðar, ef ritgjörðin þætti verðlauna verð; annars ekki. Það er sjálfsagt, að hver höfundur á sína ritgjörð eptir sem áður, og ekkert skilyrði sett um, að verðlaunin skuli ganga til þess að kosta prentun á ritgjörðinni; því að nefndin varð að álíta, að sú ritgjörð, sem væri verðlaunuð, mundi komast á prent, án þess konar þvingunar. Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um þetta að sinni, og fel það á vald h. þings, hvað af þessu það vill samþykkja.

ATKVÆÐAGR.: Af því að ekki tóku fleiri til máls, sagði forseti þessari umr. lokið, og var svo gengið til atkvæða um erindisbrjefið (C. 290), og fjellu þau þannig:

1. gr. samþ. í einu hljóði, 2. gr. samþ. með 27 atkv., 3. gr. samþ. með 25 atkv., 4. gr. samþ. með 26 atkv. og 5. gr. samþ. með 26 atkv.

Erindisbrjefið samp. í heild með 26 atkv. — Málinu vísað til síðari umr. með 26 atkv.

Forseti gat þess að þetta mál mundi koma til síðari umr. seinni hluta vikunnar. Síðan mæltist hann til þess, eptir áskorun reikningsnefndarinnar, að þingmenn vildu senda henni hið fyrsta ferðareikninga sína.

Fertugasti og annar fundur í efri deild, þriðjudaginn 18. ágúst. Allir á fundi.

Frumv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands (C. 309, nefndarálit 365); framh. 1. umr.

Framsögumaður (Benedikt Kristjánsson): Það, sem nefndin hefur lagt til í þessu máli, sem nú liggur fyrir, málinu um stjórnarskipunarlög um hin sjerstaklegu málefni Íslands, liggur nú fyrir augum h. þingdm. En af því þetta er að eins framhald 1. umr., þá mun ekki eiga við að fara út í einstök atriði þessa máls, heldur tala um það í heild sinni. Við byrjun þessarar umr. má segja, að að eins hæstv. landshöfðingi hafi talað nokkuð um málefnið sjálft; það sem aðrir sögðu, miðaði einungis til þess, að benda á, að sjálfsagt væri eptir bending landsh. að setja nefnd í því, og stinga upp á því, að slík nefnd yrði kosin. Jeg skal nú í þetta skipti leyfa mjer, að rifja upp hin helztu atriði þess, er h. hæstv. landshöfðingi tók fram í tilliti til þessa máls, og jafnframt láta þá skoðun mína í ljósi, er gæti tekizt til greina samsíða áliti hæstv. landshöfðingja. I fyrsta lagi tók hæstv. landshöfðingi það fram, sem og vænta mátti, að hvorki væri æskilegt nje nauðsynlegt, að breyta stjórnarskipunarlögum, eða, sem er það sama, stjórnarskrá Islands; og sem ástæðu fyrir þessu áliti sínu færði hann það, að landið eða þjóðin gæti, undir hinum núgildandi stjórnarskipunarlögunum, tekið nægilegum eða fullum framförum. Þegar um framfarir er að ræða, þá má segja, að þær sjeu með ýmsu móti. Það geta verið framfarir í stundlegri hagsæld og velmegun; það geta verið framfarir í menntun og lærdómi. Þó eru enn ótaldar framfarir í því, sem dýrmætast er og mest eptirsóknarvert, eigi að eins fyrir hvern einstakan lim þjóðlíkamans, heldur og fyrir þjóðlíkamann sjálfan í heild sinni, þjóðina sjálfa, en það er hinn innri andlegi proski þjóðarinnar, sem lýsir sjer í því, er vjer köllum með einu orði þjóðerni, og svarar til þess, er vjer hjá hverjum einstökum manni köllum hina siðferðislegu einkunn mannsins. Til þess, að hver einstakur maður nái þessum kjörgrip, segi jeg að þurfi sjálfsforræði. En þegar jeg nefni sjálfsforræði, þá innibind jeg í því, ekki að eins frjálsræði og viðleitni til framfara í því sem maðurinn eða þjóðin getur tekið framförum í, heldur innibind jeg einnig þar í hina innri einkunn mannsins, og hina innri einkunn, hinn innri andlega proska þjóðarinnar. Til þess að ein þjóð geti tekið þeim framförum, sem ætlast má til að hún taki og geti tekið, þarf hún fyrst og fremst að komast til sjálfsforræðis. Jeg segi ekki þar fyrir, að sjálfsforræðið eigi að koma utan að einungis, heldur einnig að innan. En því að eins getur sjálfsforræðið dafnað og þróast hjá þjóð, sem ekki hefur átt við sem frjálslegust kjör að búa að undanförnu, að utan að komandi áhrif og atvik gefi henni tilefni og hvöt til að tileinka sjer sjálfsforræði. Jeg vil nú ekki segja, að tilefni til þessa liggi ekki í þeirri stjórnarskrá, sem vjer nú höfum. En er þá hægt að fullyrða, að stjórnarskrá vor hafi svo mikla hvöt í sjer fólgna, sem mest má verða, svo mikil hvetjandi áhrif á þjóðina, sem óskandi væri, til að komast til sjálfsforræðis? Jeg efast um, að svo sje! Spyrjum þjóðina sjálfa um þetta! Jeg vil þá vitna til þess, sem alkunnugt er: Þegar oss var af konungi vorum gefin sú stjórnarskrá, sem vjer nú höfum, og sem vjer tókum við feginsamlega og þakklátlega sem «frelsisgjöf» úr «föðurhendi», eins og skáldið sagði, af því oss þótti hún veruleg rjettarbót móti því, sem vjer áður höfðum átt við að búa, þá er þó öllum þeim, sem nú sitja hjer, fullkunnugt, að allur þorri þjóðarinnar áleit stjórnarskrána eigi að fullu nje eins og æskilegt væri fullnægja þörfum og óskum manna á landi þessu. Enn vil jeg benda á eitt atriði. Á undan þeim tíma, sem jeg hefi setið á þingi — jeg ætla það hafi verið árið 1873 — kom hið ráðgefandi þing fram með frv. til stjórnarskipunarlaga, og jeg ætla að jeg megi segja, að þetta frv., sem vjer nú erum að ræða, sje að miklu leyti sniðið eptir því; að minnsta kosti er það byggt á hinni sömu grundvallarskoðun, sem frv. þingsins 1873. Að vísu bar hið ráðgefandi þing upp þetta

frv. sem aðaltillögu sína; en til vara stakk það upp á öðru fyrirkomulagi, sem var til mikilla bóta við það, sem áður hafði verið, en sem var engu að síður langt frá að fullnægja óskum þjóðarinnar og þörfum hennar. Nú ætla jeg, að stjórnarskrá sú, er vjer höfum hjer, sje í sama horfi sem vara-stjórnarskipunarlagafrv. það, er fór frá þinginu 1873. En það var jafnframt vakandi fyrir mönnum, að stjórnarskipunarfrv. það væri einungis til bráðabyrgða, eða með öðrum orðum, að stjórnarskrá sú, er vjer nú höfum, en þó sjerstaklega frá grundvallarlagalegu sjónarmiði, væri að eins um stundarsakir. Jeg man ekki betur, en að þegar er vjer fengum þessa stjórnarskrá, væri að minnsta kosti frá þjóðarinnar hálfu ætlazt til þess, að uppástungur til breytinga á henni yrðu bornar upp á þriðja þingi. Jeg segi því sem svo: Þótt vjer tækjum þakklátlega og feginsamlega við stjórnarskránni, þá erum vjer eigi fyrir það skuldbundnir til að láta oss lynda að hafa hana um aldur og æfi.

Jeg segi, að vjer getum þetta því síður, sem jeg hygg, að fullyrða megi, að sumum ákvæðum hennar hafi verið beitt þjóðinni fremur til óhagnaðar frá stjórnarinnar hálfu. Í sambandi við þetta ætla jeg megi setja ummæli hæstv. landshöfðingja, að rjettast og heppilegast væri, að færa sjer stjórnarskrána í nyt. Þegar talað er um, að færa sjer stjórnarskrána í nyt, þá taka þau ummæli ekki að eins til þjóðarinnar, heldur einnig stjórnarinnar sjálfrar. Stjórnarskráin segir, að Ísland skuli hafa sjerstakan ráðgjafa, sem hafi ábyrgð fyrir alþingi. Hvernig er svo þessi ráðgjafi? Jeg vil ekki segja, að hann hafi Íslands málefni í hjáverkum; en það má segja, að hann hefur þau á hendi jafnframt öðrum umfangsmiklum og mikilsvarðandi málum, er snerta Danmörku sjálfa. Jeg held líka, að ráðherra Íslands hefði nógu mörg mál að annast, þar sem málefni Íslands eru, bæði hin sjerstaklegu og sameiginlegu við Danmörku, þó hann ekki jafnframt hefði á hendi þýðingarmikil mál, er snerta Danmörku sjerstaklega. Eptir stjórnarskrá vorri gat ráðherrann eingöngu haft á hendi Íslands málefni, þó jeg segi ekki, að það sje á móti orðum hennar, að hann hafi jafnframt á hendi mál, er snerta Danmörku sjerstaklega. En þó má segja svo mikið, að stjórnarskráin fremur gefur þjóðinni ástæðu til að halda, að ráðherrann ekki ætti að hafa önnur mál á hendi, en þau, er Ísland snerta eingöngu. En þegar nú einu sinni er komið í það horf, að eitthvert fyrirkomulag er fast orðið, og það nokkuð á annan hátt, en maður óskaði og áleit beinast liggja við eptir lögunum, þó ekki sje það gagnstætt ákvæðum laganna, að önnur tilhögun sje við höfð, þá er ekki við því að búast, að breyting geti fengizt á því fyrirkomulagi, sem verið hefur, nema önnur lagaákvæði komi í stað hinna fyrri. En af þessu fyrirkomulagi leiðir, að stjórn Íslands, í hinum sjerstaklegu málum þess, í rauninni ekki er sjerstök og óháð hinni almennu stjórn konungsríkisins.

Jeg ætla, að hæstv. landshöfðingi tæki það fram, að ekki væri ráðlegt að hagga svo áríðandi lögum sem stjórnarskráin er, án þess að vita, hvað maður fengi í staðinn. En jeg segi, að einmitt af því, að lögin eru svo áríðandi, þá liggur í því hin sterkasta ástæða til að kosta kapps um, að þau geti orðið sem happasælust, og horft til sem mestra hagsmuna og blessunar fyrir þá, sem eiga að verða þeirra aðnjótandi. Þetta er því svo langt frá að vera sjerlega ástæða fyrir því, að ekki sje ráðlegt að breyta þessum lögum, að það er miklu fremur ný ástæða fyrir því, að menn sjeu í sínum fulla rjetti, er menn vilja láta sjer annt um, að ákvæði stjórnarskrárinnar verði sem heppilegust, og miði sem mest til heilla og blessunar fyrir þjóðina. Og þá er því síður ástæða til að efast um góðar undirtektir frá stjórnarinnar hálfu.

Þá ætla jeg, að hæstv. landshöfðingi hafi tekið það fram, að í því, sem hjer er farið fram á, hafi verið breytt svo mjög frá því, sem nú er, eða, eins og hann mun hafa komizt að orði, «tekið svo langt stökk». Jeg get nú ekki borið á móti því, að hæstv. landshöfðingja sýnist svo; en mjer sýnist þetta á allt annan veg. Mjer getur ekki virzt þetta «stökk» hvorki svo langt nje svo glæfralegt, að mönnum þurfi að óa við því. Því að hjer er þó ekki farið lengra en gjört var á ráðgjafaþinginu 1873 í aðaluppástungu þess, þessa ómynduga þings, sem að eins hafði tillögurjett, og ljet sjer því ekki koma til hugar, að koma fram nema í dýpstu auðmýkt, sem engar kröfur hefði, engan rjett, ekkert gilt atkvæði. Þetta ætla jeg megi setja í samband við það atriði, er hæstv. landshöfðingi tók fram, að frv. þetta færi fram á, að draga stjórnina inn í landið,

sem hann sagði að væri hið 'sama sem að draga valdið úr höndum konungs. Jeg fellst á það, að hjer sje farið fram á, að draga stjórnina í Íslands sjerstaklegu málefnum inn í landið, eptir því sem hið danska ríkisþing hefur samþykkt í stöðulögunum. En um hitt get jeg með engu móti verið samdóma hæstv. landshöfðingja, að hjer sje um það að ræða, að draga völdin úr höndum Hans Hátignar konungsins. Jeg held miklu fremur, að hjer sje að ræða um hið gagnstæða, það, ef svo mætti að orði komast, að færa Hans Hátign sjálfan inn í landið, eptir því sem vjer getum ætlazt til, og framast má verða. Þetta gjörum vjer, þegar vjer gjörum ráð fyrir landsstjóra. Landsstjórinn, hvað er hann? Hann er «Vice»-konungur, sem konungur vor fær sitt umboð hjer á landi með þeim takmörkunum, sem mega álítast komnar undir vilja Hans konunglegu Hátignar. Þetta er það, sem frv. fer fram á, og meira ekki. En að menn óski að landsstjórinn sje í landinu sjálfu, það getur víst ekki skoðast nema sem eðlileg ósk, eins og það líka er almenn ósk; enda getur slíkt fyrirkomulag hjá oss ekki í minnsta máta riðið í bága við neina aðra. Hvað missa sampegnar vorir í Danmörku við það, þótt vjer fáum þetta stjórnarfyrirkomulag? Alls ekkert; þvert á móti losast þeir við margt ónæðið, af að vjesast og vandræðast með mörg vor málefni, er þeir geta látið sig engu skipta.

Þá ætla jeg að hæstv. landshöfðingi hafi tekið það fram móti því að þetta frv. gæti fengið framgang, að það væri borið upp á óhentugum tíma. Jeg tók svo eptir, að landshöfðingi setti ummæli sín um, að tíminn væri óhentugur, í sambandi við þann kostnað, sem leiddi af þessu fyrirkomulagi fyrir landssjóð, sem mundi lítt bærilegur vegna þess, hve hart ár væri nú í landi. Jeg neita því engan veginn, að nú sje hart í ári, og ef um mikil fjárútlát væri hjer að ræða, sem greiða þyrfti strax á þessu fjárhagstímabili, sem í hönd fer, þá væri áhorfsmál að halda þessu frumv. fram. En þessu víkur allt öðru vísi við. Málið þarf töluverðan undirbúningstíma, og þó nú sje hart í ári, þá vita menn ekki, hvort afleiðingar hins yfirstandanda harðæris verða svo langvinnar eða að langframa til hnekkis fyrir landið. Þetta eru spár; en samkvæmt spám getur líka verið traust, sem byggt er á reynslu undanfarinna tíma. Drottinn hefur gefið og mun gefa skin eptir skúr, sumar eptir vetur, góð ár eptir harðæri. Þegar svo hinir góðu dagarnir koma, og hin góðu árin, þá gleymist það fljótt, sem þungbært var og erfiðlegt á hinum umliðna hörðu tímanum. En að því er til kostnaðarins kemur við þetta nýja fyrirkomulag, fram yfir það sem nú er, þá hefi jeg enn ekki sjeð hann reiknaðan með tölum. Jeg hefi þó sjeð þennan kostnað áætlaðan, og mun hann eptir þeirri áætlun ekki skipta mörgum þúsundum. En látum vera, að hann skipti þúsundum króna. Menn eru hjer á þingi að tefla með þúsundum, en sleppa þeim ekki nema þeir sjái, að einhver mikilsverð gæði fáist fyrir þau. Hvers vegna má þá ekki sleppa hjer jafnvel tugum þúsunda til þess að fá þau gæði. sem telja má hin dýrmætustu og mest umvarðandi, sem er, að þjóðin geti sem þjóð orðið sem sjálfstæðust í löggjöf og stjórn, geti í einu orði öðlast sem mest sjálfsforræði? En þegar jeg nefni sjálfsforræði, þá bið jeg menn að skilja ekki orð mín svo, sem jeg blandi því saman við sjálfræði; því að það er leikur kálfanna, sem leystir eru frá stíunni, leikur tjóðurdýranna. sem leyst eru frá tjóðurhælnum. Það er leikur þjóðar þeirrar, sem brotizt hefur undan ánauðaroki og ófrelsi, sem hún hefur lifað undir; en sjálfsforræði er í því fólgið, að þjóðin fái sem mest ráð á sínum eigin högum, án þess að hagga annara rjett. Slíkt sjálfsforræði er skilyrði fyrir öllum andlegum og líkamlegum framförum. Þaðan sprettur dáð og drengskapur; þaðan sprettur þrifnaður og iðjusemi, hyggindi og þolgæði í þrautum og andstreymi, hvort sem það stafar af völdum manna eða það kemur af völdum náttúrunnar; því menn vita, að náttúran er verkfæri í höndum forsjónarinnar; frá sjálfsforræði sprettur *hinn sanni þegnskapur* og undirgefni undir stjórnlegar skipanir. Hví ættum vjer þá að sýta í krónurnar, þótt nokkrum þúsundum skipti, þegar um það er að ræða, að ná í þetta hnoss, sem þó ekki haggar sambandi voru við konung vorn og sampegna vora?

Hinn h. landshöfðingi tók fram ennfremur sem ástæðu móti því, að gjörð væri nú breyting á stjórnarskránni, að skoðanir manna hefðu verið og væru enn á reiki. Jeg skal ekki bera á móti því, að í ýmsu smávegis, einkum að því er snertir hið ytra form, hafi skoðanir sumra verið á reiki; en í aðalstefnunni, í sjálfum grundvelli máls-

ins ætla jeg að eigi auðvelt sje að finna reik, hvorki hjá þingi nje þjóð. Já, af þeim ástæðum, sem landshöfðinginn tók fram og sem jeg nú hefi minnzt á, dró h. landshöfðingi þá ályktun, að það væri tilgangslaust fyrir þingið, að samþykkja nú breyting á stjórnarskránni, fyrir þá sök, að slík breyting gæti eigi náð konunglegri staðfesting. Stjórnin hefði eindregið lýst því yfir, að hún væri mótfallin breytingunni; en þegar um lög og lagaskipun er að ræða, þá eru það 2 aðilar, sem atkvæði hafa og eiga að bera saman sínar skoðanir. Stjórnin getur því ekki fyrirfram fastákveðið, hvort hún getur fallizt á tillögur þingsins; því hún getur ekki fyrirfram vitað tillögu þingsins. Þessi lög geta eigi heldur fremur en önnur lög álitizt óhaggandi eða háð öðru lögmáli. Þótt stjórnin segi nei fyrirfram, er köllun þingsins samt sem áður sú, að segja sína skoðun; þótt auðvitað sje, að þingið eigi allt af undir högg að sækja með það, hvort stjórnin samþykki. Ef þingið æfinlega í tillögum sínum um málin færi eptir skoðun stjórnarinnar, þá mundi þingið bregðast þjóðinni, já, bregðast stjórninni og köllun sinni. Þingið hefur fullan myndugleika og fullt atkvæði gagnvart stjórninni; og ef það hefur ekki einurð á að segja sína meiningu, þá bregzt það köllun sinni gagnvart þjóð og stjórn.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Frv. til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir árin 1882 og 1883 (C. 351); 1. umr.

Magnús Stephensen: Eins og hin h. þingdeild mun sjá, er þetta frv. samþykkt af Nd. alveg orðrjett, eins og það kom frá stjórninni, að því einu fráteknu, að bætt er aptan við frv. um innstæðu viðlagasjóðs, peningaforða landssjóðs og tekjueptirstöðvar hans við lok ársins 1883. Stjórnin hefur tekið til greina flestar athugasemdir yfirskoðunarmannanna 1882 og 1883; þó eru 2 liðir, þar sem hún ekki hefur getað fallizt á tillögur yfirskoðunarmanna, nfl. í 1. útgjaldalið, um laun landshöfðingjaembættisins í apríl 1883, og í 10. útgjaldalið um ferðakostnað, sem borgaður var manni til að fara til Íslands til að taka við embætti, en sem þó vantaði nauðsynlega hæfileika til þess að geta orðið embættismaður á Íslandi. Þetta hefur stjórnin ekki tekið til greina, og nefndin í neðri deild og deildin sjálf hafa fylgt stjórninni. Jeg tek þetta fram, til þess að vekja athygli þingmanna á því, og menn geti kynnt sjer athugasemdir yfirskoðunarmannanna um þessi atriði, og ástæður stjórnarinnar og nefndarinnar í Nd. á hinn bóginn. Yfirskoðunarmennirnir gjöra þetta ekki að neinu kappsmáli, en álíta það hins vegar skyldu sína, að leiða athygli þingsins að hverri þeirri fjárbrúkun, sem að þeirra ætlun er ísjárverð, og sem vafi getur verið um, hvort hún sje lögum samkvæm; en það er á þingsins valdi, hvort það vill taka tillögur yfirskoðunarmanna til greina, eða láta standa við það, sem stjórnin hefur gjört.

Hallgrímur Sveinsson: Það er að eins ein lítil athugasemd við orð h. sessunautar míns 3. kgk. (M. St.), sem jeg ætla mjer að gjöra. Hann benti á 2 liði, þar sem athugasemdir yfirskoðunarmanna hefðu ekki verið teknar til greina; en jeg verð að segja það, að eins rjett og mjer finnst það, að yfirskoðunarmennirnir hafa látið sínar skoðanir hreint og beint í ljósi eptir ýtarlegri rannsókn allra málavaxta, eins þykir mjer heppilegt eptir kringumstæðunum það sem Nd. hefur nú gjört, og álit, að svo búið megi standa. En þótt þessi deild samþykkti það, þá finnst mjer ekki, að hún með því kunni yfirskoðunarmönnunum nokkra ópökk fyrir frammistöðu þeirra. Það liggur í eðli málsins, að yfirskoðunarmennirnir verða vandlega að athuga hvern lið og fylgja rjetti þingsins sem lengst, svo að eigi sje goldinn einn eyrir af landsfje fram yfir það, sem vera ber og þörf krefur. Aptur á móti getur þingið ályktað um þetta, eins og því þykir eptir kringumstæðum vera rjettast og heppilegast; það hefur frjálsar hendur í þessu efni. Jeg álít yfir höfuð rjettara fyrir þingið, þegar um vafasöm atriði er að ræða, að hugsa sig vel um, áður en það leggur út í deilu við stjórnina; sú aðferð dregur til friðar og samþykkis milli stjórnar og þings. Þingið á ekki að framfylgja kröfum, sem í sjálfu sjer eru hæpnar; þannig sýnist mjer hjer vafasamt, að minnsta kosti með hinn 1. útgjaldalið. Viðvíkjandi 10. lið, finnst mjer yfirskoðunarmennirnir standa á nokkuð fastari grundvelli. En þó greiði jeg atkvæði með því, eins og Nd. hefur samþykkt það. Þetta er að eins tekið fram til að sýna, að þingið með því að samþykkja þessa liði, eins og þeir eru nú, alls ekki gjaldi yfirskoðunarmönnunum vanþökk

fyrir þeirra nákvæmlega og vel af hendi leysta starf.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1882 og 1883 (C. 341); 1. umr.

Frv. orðalaust vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Frumvarp til laga um lán úr viðlagasjóði handa sýslufjelögum til æðarvarpsræktar (C. 369); 1. umr.

Benedikt Kristjánsson: Af því hjer er að ræða um mál, sem miðar til að efla þýðingarmikinn atvinnuveg, og ekki er gjört ráð fyrir að öðruvísi sje lagt fram fje úr landssjóði til þess en sem lán, þá blandast mjer ekki hugur um að greiða atkvæði með þessu máli.

Árni Thorsteinson: Jeg álít eins rjett gjört af mjer að gjöra grein fyrir, hvers vegna jeg gef atkvæði á móti þessu frumvarpi, vegna þeirra miklu meðmæla, sem það nú hefur hlotið. Jeg játa það, að frv. snertir þýðingarmikinn atvinnuveg; en mjer finnst, að ef á að styrkja hann, og það vil jeg, þá eigi þeir, er hlut eiga að máli, eða einmitt varpeigendurnir, að taka sig saman um að gjöra það, en ekki að láta sýslunefndirnar fara að útvega lán úr landssjóði og láta svo ábúendur varpjarðanna endurborga lánið aptur. Jeg veit reyndar, að sýslunefndirnar muni verja fjenu vel; en það er ekki víst, að allir varpeigendur vilji nota það, og þá eru þeir bundnir við lánið; er það þó hart, að leggja skatt, ef til vill um 28 ár, á þá, sem ekki hafa notið fjárins. Þetta á því að vera þvingunar- eða kúgunarlán, sem sýslunefndin með meiri hlut atkvæða getur tekið, og lagt á alla varpeigendur eða jafnvel sýslubúa til endurgjalds, þótt hún hafi engan rjett til að skuldbinda þá í sýslunni, sem eru óviðkomandi. Ef þetta lán á að endurborgast á 28 árum, og engin trygging kemur fyrir að það verði endurgoldið, öðruvísi en með niðurjöfnun á ábúendur eptir æðardúnspundum, þá hygg jeg að það sje bæði valt og ósanngjarnt. Það á að vera búið svo um hnútana, að varpnjótendur taki endurgjaldið hjá varpeigendum; en jeg held að það geti mjög svo farið út um þúfur; og að láta sýslunefndir fá heimild til að taka svona lán og skylda varpeigendur til að greiða það aptur, álít jeg hreinan ógjörning. *(Jakob Guðmundsson:* Það eru lög). Já, það eru lög, sem hafa tog. Menn verða að vara sig á að láta lög vera röng og ósanngjörn. Að endurgjaldsskylda hvíli á framtali, álít jeg eins óheppilegt, eins og að sýslunefnd skuli mega taka lán upp á sýslusjóði. Jeg vildi óska, að h. þingd. vildi taka þessar athugasemdir til greina. Jeg held að hægt sje að bæta æðarvarp að miklum mun, og sje einnig lofsvert, að fjelög styðji að því; en jeg vil, að varpeigendur gjöri það sjálfir; og að þeir geti gjört það bezt, og betur en aðrir, er eg sannfærður um; en að gjöra það að sýslumáli og láta sýslunefnd skipa um málið, álít jeg til tjóns, og að þessu góða máli með því miði fremur aptur á bak en áfram til bóta. Jeg er fús til að greiða atkvæði fyrir því, að styrkja varpeigendur þannig, að þeir í fjelögum, sem þeir stofna, geti komið sem beztum umbótum á þennan atvinnuveg.

Jakob Guðmundsson: Af því að jeg veit nokkuð um uppruna máls þessa og undirbúning þess, og vegna hvers það er komið hjer inn á þing, þá skal jeg fara fám orðum um það. Jeg veit ekki betur, en að flestir varpeigendur á Breiðafirði hafi gjört samtök með að auka æðarvarp sitt, einkum með því að reyna að útrýma vargi þeim, sem varpinu spillir fyrir þeim. Um þetta hafa þeir nú verið að hugsa í nokkur ár, og hafa þeir sannfærzt um, að til þess þyrfti meira fje en þeir gætu í bráðina lagt fram af eigin rammleik. Það segir sig sjálft, að það er auðsær hagur, að útrýma sem fyrst eða á sem styztum tíma ránfuglum þeim, sem varpinu spilla; en eins og jeg gat um, þarf svo mikið fje til þess, að varpeigendurnir sáu sig knúða til að ganga þennan hógværlega og sanngjarna veg, sem þeir hafa gjört, og leita láns úr landssjóði fyrirtæki sínu til stuðnings. H. varaforseti (Á. Th.) sagði það bezt og eðlilegast, að varpeigendurnir efldu sjálfir varp sitt og bæru kostnað þann, sem af því leiddi. En hann verður að gæta þess, að varpeigendur, *sem vilja* vernda, efla og auka atvinnveg sinn, þurfa ekki að senda bænarskrá til alþingis, ef þeir geta gjört það sjálfir. En þeir menn, sem hjer er um að ræða, álíta sjer það ofvaxið í bráðina, en engan veginn, ef þeir mega hafa lengri tíma fyrir sjer. H. varaforseti (Á. Th.) taldi það hvorki heppilegt nje hyggilegt, að sýslunefndin tæki lánið, og ekki víst, hvernig gengi með greiðslu þess, þar

sem aðgangurinn ætti að vera að ábúendunum, en þeir síðan að fá endurgjald frá jarðeigendunum. En þetta er í líking við það sem gilt hefur hjer áður. Til þess fyrir skömmu hvíldi það gjald á ábúendum hjer á landi, sem jarðeigendurnir áttu að endurgjalda þeim. Jeg vil og taka það fram um jarðartíundir, að upphaflega áttu jarðeigendurnir að endurgjalda tíundirnar. En af því að opt var hægra að ná til ábúandans en jarðareigandans til að fá frá honum gjaldið, þá áleit stjórnin það hentugra, að ábúendurnir greiddu það. Það sem hjer er farið fram á, er því ekki óheyrt, og það er haganleg aðferð. Jeg get ekki sjeð, að landssjóður stofni fje sínu í hættu með því að lána það þannig, því að ef sýslunefndirnar taka lánið, þá á landssjóður aðganginn að þeim, og þær svo aptur aðgang að hverjum einstökum lántakanda. En jeg held að engin ástæða sje til að ætla, að sýslunefndirnar muni ekki hafa vaðið fyrir neðan sig og sjá sjer fyrir tryggingu frá þeim, sem þær lána. Fyrir vestan er mjer það kunnugt um hallærislánin, að sýslunefndin skiptir því milli hreppanna og fær trygging hjá hreppsnefndunum fyrir því, sem þær fá lánað, en svo taka hreppsnefndirnar aptur við hjá þeim, sem þær lána út, ef þeir hafa eitthvert við að bjóða; ef það er ekki til, þá lendir ábyrgðin á hreppunum og gjaldþol þeirra er þá ábyrgð fyrir skuldinni. Eins verður með þetta lán; gjaldþol sjálfra varpjarðanna verður fullörugg trygging fyrir því, að það lendi ekki á öðrum en þeim, sem lánsins njóta.

Arni Thorsteinson: Jeg stend upp af því, að mjer virtist h. þm. Dal. (J. G.) misskilja mig. Jeg tók það einkanlega fram, að sýslunefndir ættu ekki að mínu áliti með að skuldbinda sýslusjóði, með svo vöxnu láni. (*J. G.:* Lögin geta leyft það). Það er sjálfsagt, en það þarf ekki að vera rjettlátt fyrir það, og liggur ekki í eðli málsins. H. þm. (J. G.) gat um, að fjelag hefði verið stofnað í þeim lofsverða tilgangi, að hlynna að æðarvarpi og aukningu þess með rækt; þetta fjelag væri jeg mjög fús að styrkja, en þó ekki á þann hátt, sem hjer er farið fram á. En til dæmis má taka um, hve óviðurkvæmilegt það er, að skuldbinda sýslusjóð með þess konar láni, að í Snæfellsnessýslu er að eins *ein eða tvær sveitir*, sem æðarvarp er í, er nokkru nemur. Ætti sýslan nú að taka lán upp á ábyrgð sýslusjóðs handa þessum litla hluta sýslunnar? Það var aldrei meining mín, að það væri svo hættulegt fyrir landssjóð, að lána fje til þessa fyrirtækis, og þó svo hefði verið, þá hefur þingmaðurinn nú fullvissað mig um að, sýslunefndirnar hafi vaðið fyrir neðan sig við lánveitingar með því að láta setja sjer fulla tryggingu. En þó álít jeg eigi að síður rjettara, að varpeigendur taki lánið sjálfir, án milligöngu sýslunefndanna, og sýna ummæli þingmannsins, að sýslunefndin muni hafa vaðið fyrir sig, að milliganga þessi er óþörf. Þm. sagði, að varpnjótandi ætti að telja fram, hversu mikinn dún hann hefði fengið úr varplandi sínu, og eptir því framtali borga tiltölulegan hlut af láninu móts við aðra varpeigendur, sjálfsagt hvort sem hann hefur notið góðs af því eða ekki. H. þm. vitnaði nú til illa þokkaðs skatt, sem fyrir nokkrum árum hvíldi á jarðeiganda; en jeg vil minna hann á, að jarðeigendur losuðu sig einatt undan að endurgjalda ábúanda þennan skatt, með því að setja það skilyrði í byggingarbrjefin, að ábúandinn skyldi gjalda hann, eða á annan hátt. Jeg vil ekki segja, að eins fari með þetta gjald, þó jeg sje hræddur um það; en jeg verð að halda því fram, að mjer þykir mjög óheppilegt, að sýslunefndirnar skuli eiga að taka lánið, í stað æðarræktarfjelaganna.

Sighvatur Árnason: Jeg skal fúslega játa, að hjer sje um mál að ræða, sem vert er að styðja, en get þó ekki fallizt á frv. þetta eins og það er nú úr garði gjört. Jeg álít að ekki eigi við, að fara að semja lög um svo sjerstaklegt mál, sem þetta, er að eins snertir nokkrar sýslur, heldur eigi hlutaðeigendur og sýslunefndir að koma sjer saman um það. Í frv. eru ýmsar ákvarðanir, sem jeg get ekki greitt atkvæði með. Jeg skal taka til dæmis þá ákvörðun, að maður, sem er svo efnum búinn, að hann getur að öllu leyti af eigin rammleik staðið straum af varpi sínu, friðun og bótum á því, hann á að vera skyldur til að taka lánið, og endurgjalda það. Jeg verð í stuttu máli að segja það, að mjer líkar engin af greinum frv., og ef það á lengra að ganga, þá álít jeg að ekki veiti af að velja nefnd til að íhuga það. Að öðru leyti álít jeg, að frv. þessa þurfi ekki við, en að eins að taka fram, að menn þeir, sem þar er um að ræða, ættu fremur að ganga fyrir öðrum

með að fá lán úr landssjóði fyrirtæki sínu til eflingar.

Jakob Guðmundsson: Mjer heyrðist þm. Rangv. (S. Á.) vera mjög óljós, hver væri grundvallarástæða laga þessara, og því var það ekki svo óeðlilegt, þótt honum fyndust þau á röngum grundvelli byggð. Í frv. er farið fram á, að sýslunefndirnar gangist fyrir að fá lánið; er það gjört af því, að búast má við, að sýslunefndunum verði betur til með að fá lán og þeim betur trúað fyrir því, en einstökum mönnum. Þá er þar og kveðið á, hvernig hinir einstöku menn, sem lánsins njóta, eigi að endurgjalda það. Ástæðan fyrir því að gjöra það, er að gefa þeim, sem lánið eiga að heimta inn, reglur til að fara eptir við innheimtuna. Þetta held jeg að allir sjái, að eru eðlilegar ástæður fyrir ákvörðunum þeim, sem frv. fer fram á. Þar sem h. 4. kgk. (Á. Th.) drap á, að þetta endurgjald gæti máske komið ósanngjarnlega niður á sumum af gjaldgreiðendunum, af því að eigi væri víst, að það yrði í hlutfalli við ágóðann af láninu, þá vil jeg svara því, að við hvert almennt fyrirtæki er ómögulegt að hafa vissu fyrir, að allir, sem þátt taka í því, geti borið úr býtum ágóða í rjettu hlutfalli við kostnaðinn. Þetta er ómögulegt fyrir þingið að reikna út. En þótt menn viti, að hver einstakur maður fái ekki tiltölulegan hlut af ágóðanum, þá er eigi að síður nauðsynlegt, vegna heildarinnar, að styrkja fyrirtækið. Jeg gat um það í fyrri ræðu minni, að tilgangur æðarræktarfjelagsins væri, að útrýma varginum, sem varpinu spillir, og er það auðsætt, að þetta hlýtur að vera öllum æðarvarpseigendum meira eða minna í hag. Til þessa hygg jeg að láninu hafi átt sjerstaklega að verja, en ekki til að gjöra fyrir það nývirki, til að hæna æðarfuglinn að einstökum eyjum; það hygg jeg að hver eyjareigandi muni gjöra, ef hann getur, án þess að fá lán beinlínis til þess.

Sighvatur Árnason: Jeg skal ekki fara langt út í þetta mál, því jeg er enginn æðarvarpsmaður; en úr því h. þm. Dal. (J. G.) minntist á, hvernig endurborgunin skuli leggjast á hina einstöku, þá verður fyrir mjer ákvæði frv., sem miðar gjaldið við framtal á dúntekjupundunum; það er með öðrum orðum þessi gamla tíundarframtalsregla, sem hjer á að liggja til grundvallar. En hvernig liggur hún nú í huga manna? Þannig, að menn munu helzt óska hana úr lögum numda, því hún sje búin að ríkja helzt til lengi í landinu til siðaspillingar. Þetta er þá ein ástæða til þess fyrir þingið, að leiða ekki í lög slík ákvæði, sem þetta frv. inniheldur í þessu tilliti, jafnframt og verið er að byrja á því, að afmá tíundarlögin, því það hefur að minnsta kosti komið til orða hjer á þingi, og þjóðin vill hafa þau úr gildi numin. Ef þm. Dal. (J. G.) vill samt sem áður endilega koma frv. fram, skal jeg gjöra honum það til geðs, að greiða atkvæði með því til 2. umr., í þeirri von, að það verði lagað svo, að það verði aðgengilegra, því jeg er í raun rjettri sjálfu málinu mjög hlynntur, og þm. hefur misskilið mig, er hann hefur haldið annað. Jeg vil hlynna að þessu, eins og öllu sem horfir til framfara atvinnuvegum landsins, og jeg vil styrkja að öllum fyrirtækjum, sem ganga í þessa stefnu, á þann hátt sem getur borið sig; annars ekki.

Benedikt Kristjánsson: Þegar jeg áðan tók til máls, var það af því, að jeg hugði, að enginn mundi tala neitt að þessu sinni í máli þessu; jeg var því og þá mjög stuttorður. En síðan hefur mál þetta sætt töluverðum mótmælum; en — það skal jeg játa — jafnframt kröptugum meðmælum frá hálfu h. þm. Dal. (J. G.). H. varaforseti (Á. Th.) tók fram, að það væri heppilegra, að lán það, sem hjer er um að ræða, væri veitt æðarræktarfjelögunum, sem myndazt hafa í Barðastrandar, Snæfellsness, Dala og Strandasýslum, eða þá varpeigendunum sjálfum. Jeg skal í þessu tilliti að vísu geta þess, að þetta kann að vera eðlilegt; en jeg held að á þessu yrði talsverður hængur, því jeg held að naumast sje við því að búast, að æðarræktarfjelögin eða varpeigendurnir fengju lánið með þeim kostum, sem hjer eru ákveðnir. Jeg veit ekki betur en að það sje föst regla, að lán með afborgunum á 28 árum sje einungis veitt stofnunum í landinu, en ekki einstökum mönnum eða fjelögum, slíkum sem hjer er um að ræða. Að sýslunefndirnar verði hjer eins og nokkurs konar meðalgangarar, get jeg eigi fundið að sje neitt óviðfeldið, því jeg veit ekki betur, en að sýslufjelögin taki og eigi að taka að sjer atvinnuvegina; sýslufjelögin taka eigi einungis hallærislán, heldur taka þau og einnig stundum, eða gangast fyrir að fá, lán til þess, að hjálpa einstökum mönnum í iðnaði eða atvinnu. Jeg get eigi sjeð, að

með þessu móti stofni sýslunefndir sýslufjelögunum í neinn vanda, því jeg hugsa mjer, að sýslunefndirnar taki veð til tryggingar hjá hinum einstöku, svo eigi komi til að sýslunefndir eða sýslusjóðir þurfi að borga nokkuð frá sjer. Hjer er og annað atriði, sem jeg hygg að hljóti að liggja til grundvallar, og það er það, að jeg get vel hugsað mjer, að einstakir varpeigendur sjeu þeir þverhöfðar eða nirflar, að þeir vilji engan kostnað til leggja, en vilji sjálfir lifa á kostnaði annara. Þeir eru til, sem vilja auðgast á dugnaði annara; sem vilja lifa af ávöxtum af iðju annara, láta aðra eyðileggja fyrir sig svartbaka og refi, án þess að hafa neitt fyrir sjálfir. Tilgangurinn er nú þess utan sá með þessu frv., að gjöra alvarlega gangskör að því, að eyðileggja þann varg, sem spillir varplöndunum. Jeg ímynda mjer, að þótt máske engir af hinum h. deildarmönnum sjeu varpeigendur, þá muni þó flestir, að minnsta kosti þeir, sem þekkja til upp í sveit, vita, hve miklu tjóni melrakkar valda á sauðfje manna; og mundi það ekki tilvinnandi og jafnvel skylda, að eyðileggja slíkan varg sem mest mætti verða? Jeg þekki þá hreppa, sem verja talsvert á annað hundrað krónum ár eptir ár til þess að drepa melrakka, og engu að síður ætla jeg mjer sje óhætt að fullyrða, að það eigi sjer stað að minnsta kosti á sumum afrjettum, að tóa drépi allt að tíundu hverja kind, og er þetta ekki lítill skaði. Væri ekki helzta ráðið til að afstýra þessum ófagnaði það, að verða vel samtaka og verja miklu fje í einu til að eyða varginum yfir sem allra stærst svæði? Um slíkt fyrirtæki er hjer að ræða. Ef þetta væri ekki byrjun til nýrrar stefnu til heilla og hagsælda fyrir landið, þá væri annað mál; en það er svo fjarri því, að jeg af mótbárum þeim, sem fram hafa komið, hafi sannfærzt um, að fyrirtækið hafi í för með sjer verklegan skaða, að jeg einmitt álít þetta mikilsverða byrjun og sannarlegt velferðarmál.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg er fyrir mitt leyti hlynntur frv., og get eigi sjeð, að það misbjóði rjetti nokkurs manns. Jeg skil frv. sem *heimild* fyrir sýslunefndirnar, og legg sjerstaka áherzlu á þessi ákvæði þess: *„ef þær beiðast þess“*. Þá mega þær taka lánið, en eru alls ekki *skyldar* til þess. Jeg verð að ganga út frá því, eins og líka hefur verið tekið fram, að sýslunefndirnar, áður en þær taka lánið, hugsi sig vel um, hvort það muni fært eða heppilegt að taka það, og hvort þess muni *þörf*. Ef sýslunefndin kemst að þeirri niðurstöðu, þá hefur hún aðgang að láninu. Hið eina, sem mjer þykir dálítið athugavert, eru ákvæðin í 3. gr., þar sem endurborgun lánsins er lögð á jarðaeigendur; en jeg vil þó geta þess, að það er sjálfsagt ekki ábúandinn, sem verulega nýtur hinna væntanlegu umbóta, nema máske um skemmri tíma, en að það er eigandinn, sem hefur allan *varanlegan* hagnað af þeim, og því má að vísu segja, að sanngirni mæli með, að hann gjaldi kostnaðinn. Jeg vildi síðar áskilja mjer orðabreytingar við frv., en að þessu sinni vil jeg einungis benda h. þm. Rangv. (S. Á.) á, að ef hann, eins og hann segir, er málinu hlynntur, ræð jeg honum til, að halda því ekki fram, að nefnd verði sett í það, því til þess er nú ekki tími, og með því móti býr hann til grafreit fyrir málið. Hjer er eigi annað fyrir, en annaðhvort að samþykkja eða fella málið, eins og það er nú í öllu verulegu. Jeg álít þetta frv. einungis sem heimild, og sje ekkert ísjárvert við að veita hana.

Ásgeir Einarsson: Það er nú búið að ræða margt um þetta frv., og sumt af því, sem sagt hefur verið, hjelt jeg að eigi mundi koma fyrir. Jeg get eigi sagt neitt frá fundinum í Strandasýslu. Fundarmenn sögðu mjer, að þeir væru í fjelagi með Barðastrandarsýslu, og skoðuðu þetta allt sem eitt fjelag. En nú sje jeg, að hvert sýslufjelagið á að vera út af fyrir sig. Strandasýslumenn óskuðu helzt að fá gjafastyrk; en nú er eigi um það að tala. Það var búið að stofna sjerstakt fjelag með tveggja króna tillagi, og sumir gengu inn í það, þótt þeir væru búsettir lengst fram í dölum. Þeir hjeldu, að þeir gætu fyrir því haft gagn af þessu, ef það annars kæmi sveitarfjelaginu að gagni, þótt þeir ekki væru sjálfir varpeigendur. Það hefur verið tekið fram, að það ætti betur við, að veita æðarvarpsfjelögunum lánið, eða þá varpeigendunum, og láta þá svo eigast við um varpumbæturnar. En jeg held, að við mættum nú þekkja svo vel fjelagsandann og samtökin hjá Íslendingum, að við ættum að geta getið okkur til, hvernig það mundi fara. Það hefur líka verið sagt, að sumir væru svo efnaðir, að þeir hvorki mundu þurfa nje vilja nota lánið; en jeg hef aldrei heyrt, að nokkur þykist svo ofríkur, að hann geti eigi ráð-

stafað peningum. Hvað viðvíkur niðurjöfnun gjaldsins, og því, sem h. þm. Rangv. (S. Á.) tók fram um tíundina, þá man jeg eptir því hjer um árið, að stiptamtmaður kvartaði undan því, að mikil brögð væri að undandrætti í tíund hjer á Suðurlandi. Þetta var í fjárkláðanum. En jeg vona, að það sje ekki eins mikið undan dregið eða eins illa fram talið fyrir norðan. *(Sighv. Árnason:* Víða er nú pottur brotinn). Jeg sje heldur ekki, að eptir frv. þessu sje landsetunum nein hætta búin. Menn vita, hvað mörg pund af dún hver jörð gefur af sjer, svo jeg held eigi þurfi að óttast, að þetta atriði valdi ruglingi. Viðvíkjandi endurborguninni, þá kunna menn nú að minnast þess, að áður hafa komið bænir um eptirgjöf á hallærislánunum handa hinum fátæku í Snæfellsnessýslu; en hjer er við allt aðra menn að eiga. Mjer sýnist, þó menn væru hræddir við þetta, þá þyrfti samt ekki að fella frv. Jeg fellst á ummæli h. 6. kgk. þm. (H. Sv.), að það mætti gjöra breyting við frv., án þess að setja nefnd. Það er auðsjeð, hvernig færi, ef nefnd væri kosin nú. Það væri snjallasta ráðið til þess, að eyðileggja málið alveg. Nei, þá er betra og drengilegra, að skera það hreinlega niður strax, heldur en að merja eða kvelja úr því lífið *(Hallgrímur Sveinsson:* kviksetja það) á þennan hátt.

ATKVÆÐAGR.: Frumvarpinu vísað til 2. umr. með 9 atkv.

Frumvarp til laga um friðun hvala (C. 362); ein umr.

Forseti kvað frv. hafa verið afhent nefndinni, er áður hafði verið sett í það, til þess hún gæti sagt sitt álit nú á því.

Einar Ásmundsson: Jeg þarf ekki að fjölyrða um sögu þessa frv. í þetta skipti; öll hennar atriði eru mönnum svo kunn. Menn muna, að stjórnin lagði fyrir þingið frv., er innihjelt nokkrar ákvarðanir um hvalveiði. Nd. breytti því mikið, einkum með því, að bæta inn í það þeirri ákvörðun, að hvalir skyldu friðaðir um 5 mánaða tíma á sumrum. Hjer í deild var sett nefnd í málið, og hún færði það aptur nokkuð nær stjórnarfrv. Nd. breytti síðan frv. í annað sinn, og hefur sett inn aptur ákvörðunina um, að hvalir skyldu algjörlega friðaðir að sumarlaginu. Þegar málið kom hingað aptur til þessarar deildar, var málið tekið til hugleiðingar af nefnd, er hjer hafði áður um það fjallað, en hún hefur ekki fundið ástæðu til að koma fram með nýtt nefndarálit. Jeg skal nú leyfa mjer að skýra frá því, að meiri hluti nefndarinnar er nú á því, að fallast á frv., eins og það nú er orðið; að eins einn af nefndarmönnum er á annari skoðun. Málið er annars svo kunnugt h. þm., að jeg þarf ekki fleira að taka fram. En jeg vildi að eins láta þingd. vita álit nefndarinnar.

Árni Thorsteinson: Af því jeg er í minni hluta nefndarinnar, vil jeg lýsa yfir þeirri skoðun minni, að hún er söm og áður, og að jeg eigi get fallizt á friðun hvala um nokkurn hluta árs. En um það skírskota jeg að öðru leyti til þess sem áður er sagt um það efni.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 10 atkv., og kvað forseti það verða sent ldsh. sem *lög frá alþingi.*

Fertugasti og þriðji fundur, miðvikudaginn 19. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Forseti gat þess, að til sín væri komin skýrsla frá tveim dönskum skipstjórum um skipalægi í Hvaleyrartjörn, og væri bezt, að hún yrði lögð fram á lestrarsalinn, þingmönnum til sýnis.

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1884 og 1885 (C. 369); ein umr.

Framsögumaður (Jakob Guðmundsson): Þetta breyt.atkv., sem nefndin nú hefur komið með (C. 373). er hið sama og áður fór hjeðan frá henni, og þessi deild samþykkti, en sem Nd. breytti aptur. En jeg þarf ekki að taka fram ástæður nefndarinnar; deildinni eru þær kunnugar.

Sighvatur Árnason: Það eru að eins fá orð, sem jeg ætla að tala viðvíkjandi 5. gr. Það er að vísu ekki neitt nýmæli í greininni, eins og kunnugt er, en af því að jeg áður ekki greiddi atkvæði með þeim 800 kr., sem nú eru komnar inn, í viðbót við þær 1000 kr., sem jeg þá greiddi atkvæði með, til hinnar fyrirhuguðu rammagjörðar utan um myndirnar, og af því jeg hefi ekki talað neitt í þessu máli, en h. 6. kgk. (H. Sv.) talaði nokkur orð, er sjerstaklega víku til mín, þá vil jeg skýra frá ástæðum mínum fyrir því, að jeg áleit nægja í þetta sinn, að

veita að eins 1000 kr. til rammagjörðarinnar. Þessar ástæður mínar eru þær, að þessar myndir, sem um er að ræða, eru húsnæðislausar, eins og tekið hefur verið fram; þess vegna þótti mjer ekki brýn nauðsyn að veita meira en 1000 kr. í bráðina, og ætla að vel megi byrja með þeim. Þegar ekki er staður til að hengja myndirnar upp í, hvort sem er, svo þær geti orðið að fullum og tilætluðum notum, þá held jeg að það megi bíða með meiri fjárveitingu þangað til á þingi 1887, og þá geta menn glöggvað sig betur á, hvað þarf í viðbót; jeg hygg að menn renni blint í sjóinn með allar þessar upphæðir, hvort heldur er 1000, 1800 eða 2000 kr., eins og nú stendur. *(Forseti:* Það er engin breyting komin fram við 5. gr.). Nei, jeg veit það; en jeg held mjer til greinarinnar. En þetta vakti fyrir mjer, þegar jeg greiddi þá atkvæði; annars er jeg málinu ekki óhlynntur. Þar sem jeg minntist í málinu um sölu á þjóðjörðum um daginn, að landssjóður mundi græða 3000 kr. við söluna á Vík í Skaptafellssýslu, þá held jeg að svo líti út, sem þær krónur gætu komið hjer að liði, úr því mönnum er svo annt um að veita nú þegar allt að 2000 kr. til myndanna, þótt h. 6. kgk. (H. Sv.) segðist ekki hafa getað sannfærzt af ræðu minni um söluna á Víkinni og vildi ekki gefa henni atkvæði sitt. Jeg þykist nú hafa gert grein fyrir máli mínu; en jeg segi þetta þó ekki til að setja mig á móti málinu, þó svona sje komið, og greiði því atkvæði með því, eins og það liggur fyrir.

Jakob Guðmundsson: Jeg hygg, að annaðhvort verði að samþykkja alla greinina, eins og hún liggur fyrir, og þar með þessar 1800 kr., eða fella hana alla. Jeg tek þetta fram til þess menn hafi það hugfast, að velja milli þessa tvenns við atkvæðagreiðsluna.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að láta það álit mitt í ljósi, að æskilegast væri að samþykkja frv. eins og það nú liggur fyrir frá neðri deild. Að því er snertir breytinguna, sem fram er komin, þá stendur það ekki á miklu, hvort hún er til greina tekin eða ekki. Það er að eins spursmál um, hvort þetta fje, sem varið skal til aðgjörða á skólahúsinu, á að standa í fjáraukalögunum núna eða í fjárlögunum fyrir næsta fjárhagsár; það er því að eins tímaspursmál um það, hvort viðgjörðin skuli, að svo miklu leyti, sem unnt er, fara fram þegar í haust eða dragast lengur. Þetta er ekki svo verulegur munur. Fjárlaganefndin í neðri deild lagði mikla áherzlu á, að viðgjörðin færi fram í haust, og sá, sem á að hafa umsjón með húsum skólans, hjelt, að hún gæti að miklu leyti farið fram í haust. Fyrir því er jeg heldur á að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir, en ekki taka breytinguna til greina. Þá breytingu, sem orðin er á 5. gr., vona jeg að hin h. deild taki til greina og samþykki, eins og hjer stendur. Ef það þykir nokkurs konar siðferðisleg skylda, að styrkja þetta fyrirtæki, þá sýnist mjer það eiga við, að gjöra það með svo mikilli fjárupphæð, sem sýnist nægja og geta náð tilganginum.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. 377 samþ. með 10 atkv. Frumv. með þessari breytingu samþ. með 9 atkv., og kvað forseti það verða sent forseta hins sameinaða alþingis.

Frv. til laga um friðun á laxi (C. 370); 3. umr.

Framsögumaður (Árni Thorsteinson): Jeg skal leyfa mjer að fara stuttlega nokkrum orðum um þau breyt.atkv., sem fram eru komin, hvort fyrir sig (C. 371 og 373). Það sem meiri hluti nefndarinnar finnur mest að 6. og 7. gr., eins og þær voru samþykktar við 2. umr., var ekki tekið svo vel fram þá, af því að nefndinni þótti það liggja svo ljóst fyrir, þegar báðar uppástungurnar eru bornar saman. Sú fyrsta athugasemd, sem meiri hlutinn leyfir sjer að gjöra við 6 gr. frv., er sú, að hún getur ekki skilizt öðru vísi en svo, að það sje að eins tölueppháðin, tölumeiri hluti þeirra, er veiði eiga í á, sem geti ráðið úrslitum allra þeirra mála, sem þar ræðir um, til fullnustu, og áunnið það, að öll veiðin sje skoðuð sem heild. Meiri hlutinn álítur það óheppilegt, að einungis sje tekið tillit til tölumeiri hlutans, en ekki farið eptir veiðimagni hlutaðeigenda. Þetta verður ljóst, ef teknir eru til dæmis 3 menn, sem eiga laxveiði saman í á, þannig, að einn á helminginn móti hinum tveimur, sem eiga sinn ¼ hlutinn hvor. Eiga þessir 2 menn að geta gert hinn, sem á hálfa veiðina, atkvæðislausan? Það geta þeir gjört eptir þessari 6. gr., því þeir eru tveir á móti einum, en eiga þó ekki nema helming veiðinnar. Fleiri dæmi mundi mega koma með, sem sýna berlega, að hjer getur komið eins ópolandi meirihluta harðstjórn um

eignarrjett, eins og harðstjórn af kúgun í stjórnarmálum, sem svo opt hefur verið fordæmd. Þegar nú þessi meiri hluti eptir tölufjölda, sem engan veginn er víst um, að eigi meiri hluta laxveiðar, gerir samþykkt, þá verður hinn hlutinn atkvæðalaus, og svo á þessi samþykkt að leggjast fyrir sýslunefnd, og ef um það er að gera, að gefa reglur fyrir skipting á veiði, skiptingu á eignarafnotum, þá eru menn komnir á það svæði, að skerða eignarrjett þann, sem heimilaður er friðhelgi í 50. gr. stjórnarskrárinnar, og ekki má skerða. Ef nú sýslunefnd álítur einskis rjetti hallað, þá á hún að gjöra samþykkt, sem meiri hlutinn á að hlýða, og ekki er með lögum hægt að raska, og eptir því, sem greinin er orðuð, á sýslunefndin að dæma um það, hvort einskis rjetti sje hallað, en amtmaður þarf ekki annað en að staðfesta samþykktina, á ábyrgð sýslunefndarinnar, er hefir matið það rjett að vera, að einskis rjetti væri hallað. Í 7. gr. stendur, að sýslunefnd skuli „*kveða* skýrara á um það, sem fyrir er mælt í lögum þessum, og er sýslunefnd einni eða fleirum heimilt að setja um það reglugjörð». Jeg held, að þegar þingdeildin samþykkir aðra eins ákvörðun og þessa, þá hafi hjer aldrei, hvorki á ráðgefandi þingum, nje síðan þingið varð löggefandi, það sýnt sig eins þrotið að efni eða mætti til að gera lagasetningar. Þegar þingið fer að lögheimila sýslunefndum að ákveða skýrara um eitthvað en það sjálft gjörir, þá er það sama sem það fleygi frá sjer valdi sínu, rjetti sínum til að kveða á um lög, til sýslunefnda. Jeg get ekki ímyndað mjer, að deildin finni ástæðu til að draga menn þannig undan lögum og dómi, og fleygja löggjafarvaldinu frá sjer. Mjer mun verða svarað því, að hjer sje bót í máli, þar sem amtmaður eigi að staðfesta slíka gjörð. En jeg verð að segja það, að þó góður vilji sje hjá amtmanni, þá er það þó sýslunefnd, en ekki amtmaður, sem á að gæta þess sjerstaklega, að einskis rjetti sje haggað. Rjettur manna eptir vanalegum lögum er því fyrir borð borinn. Meiri hlutinn þar á móti fór eins langt og hann treysti sjer til að gjöra ákvarðanir um, að menn mættu gjöra samninga. Það er gömul lagaregla, sem eigi ætti að raska, að enginn má gjöra ákvarðanir um eignarrjett annars manns og gjöra honum þar með órjett, móti hans vilja. Eptir uppástungu meiri hlutans eiga þeir, sem hafa veiðimagnið, að gjöra samþykktina sín á milli eptir samkomulagi, og jeg verð að segja það, að þegar meiri hluti nefndarinnar velur orðið «meginlaxveiðina» og leggur veiðimagnið þannig undir mat manna, þá treystir hann því, að allir þeir, sem eiga verulegt veiðimagn í á, hafi gjört samþykktina, og að einungis óveruleg eða lítilfjörleg veiði hafi verið undanskilin. Nú hef jeg tekið ljóslega fram, að þar sem sýslunefndir eiga að ákveða skýrara um eitthvað, þá er það óhafandi; dómstólarnir eiga að útþýða lögin, og stjórnin að því leyti sem hvern embættismann eða framkvæmdir hans snertir. Jeg treysti því, að deildin fallist á breyt.till. meiri hluta nefndarinnar, því þar er farið fram á, að einskis rjetti sje hallað. Jeg skal því næst tala með fám orðum um breyt.till. h. minni hluta (B. Kr.) og hef jeg ekki neitt að athuga við breyt.till. við 8. gr., og þar sem hann við 3. gr. vill láta koma: «frá dagmálum til náttmála», í staðinn fyrir: tvisvar í sólarhring á sama stað, og jeg sje hjer líka uppástungu frá h. 3 kgk. (M. St.) í þá átt, þá skal jeg láta þess getið, að meiri hluta nefnd. er það ekkert kappsmál, hvernig það er orðað; hann var að nokkru leyti í vandræðum með þessa ákvörðun, en vildi ekki sleppa henni með öllu, og til þess þó að hafa eitthvað, tók hann ákvæði þau, er svo margir höfðu mælt með, nefnilega tvisvar í sólarhring. Það er þó á móti þeirri ákvörðun: «dagmálum til náttmála», að ýms störf liggja á þeim tíma fyrir, sem geta verið til hindrunar fyrir veiði, t. d. um hásláttinn. Og er þá heppilegast, að menn megi taka þann haganlegasta tíma til þess, að draga á, þegar svo stendur á, að það ekki verður gjört fyrir náttmál eða eptir dagmál; það er því betra að hafa óbundnari tíma, og ekki rjett að banna mönnum veiðina fyrir dagmál eða eptir náttmál. Viðvíkjandi breyt.till. við 2. gr. skal jeg ekki fjölyrða, en skírskota til þess, sem jeg sagði við 2. umr. Breyt.till. frá 3 h. þm. við 1. gr. um að breyta «frá 10. sept. til 20. maí» í mánaðatölu, þrjá mánuði á hverju sumri, hef jeg ekki getað kynnt mjer vel, því jeg hef ekki fengið hana fyr en nú rjett í þessu, og því síður hef jeg getað hugsað vel um hana. Það sem þessi breyt.till. fer fram á, er í fyrsta lagi að stytta friðunartímann á sumrin um 3 vikur, og í öðru lagi að gefa sýslunefndunum vald til að ákveða, hvenær friðunartím-

inn skuli byrja. Þó verð jeg að segja það, að mjer þykja 3 vikur heldur mikil stytting, og hæpið, að binda friðunina við 3 mánuði, hverja sem helzt milli sumarmála og veturnótta. Í sjálfu sjer finnst mjer ekkert á móti því, að binda friðunartímann við vissa dagatölu, og man jeg ekki betur, en að svo sje ákveðið í einu af hinum norðlægu löndum, að friðunardagarnir skuli vera 168 og byrja á tilteknu hálfsmánaðar bili. Eins mundi mega hjer að fara. En ef menn vilja hafa slíka ákvörðun, þá vil jeg ekki láta leggja sýslunefndum í hendur, að ákveða byrjun friðunartímans, heldur laxfróðum mönnum, því engin vissa er fyrir, að sýslunefndir sjeu laxfróðar. Það ætti heldur ekki að vera erfitt fyrir laxfróða menn að gjöra það, því þessar ákvarðanir þyrfti ekki að gjöra nema einu sinni fyrir hverja á, eða að minnsta kosti mjög sjaldan. En jeg hygg, að fulltryggjandi sje, að friðunartíminn sje veittur, eins og samþ. var við 2. umr. Þess vegna mun jeg greiða atkv. móti breyt.till. Aptur mun jeg greiða atkv. með hinni annari breyt.till. við 1. gr. En mjer finnst þó ekkert vera unnið við hana, því hún liggur þegar beinlínis í ákvæðum 1. gr. frv., því eins og það er sjálfsagt, að allar fastar veiðivjelar verða að vera opnar, eins verður slík ákvörðun að ná til neta þeirra, sem svo eru gjörð, að lax geti ekki fest sig í þeim, og þau verða því að sjálfsögðu að teljast með föstum veiðivjelum. En jeg tek það upp aptur, að mjer er það svo mikið áhugamál, að 6. og 7. gr. frv. sjeu felldar, en breyt.till. meiri hlutans látin koma í staðinn, að jeg mun greiða atkv. móti öllu frv., ef þetta fær ekki fram að ganga.

Jakob Guðmundsson: Viðvíkjandi breyt.till. okkar 3 þm., þá skal jeg geta þess um hina fyrstu þeirra, sem snertir tímann, sem veiða má á, nefnilega þar sem við setjum 3 mánuði í stað ákvæða frv., og að sýslunefnd skuli í hverju hjeraði setja fastar reglur um, hvenær veiðitíminn skuli byrja og enda, þá gjörðu uppástungumenn þessa breytingu sökum þess, að þeir af þeim, sem kunnugir eru laxveiði, segja, að það sje mikill munur á því í hinum ýmsu hjeruðum, hvenær laxgengdin byrji og hvenær byrja megi að veiða, og hvenær hætta því. Þar sem h. varaforseti (Á. Th.) stakk upp á því, að betra væri að hafa laxfróða menn heldur en sýslunefndirnar til þess að setja reglur um þetta efni, þá verð jeg að segja, að sýslunefndirnar geta verið allt eins kunnugar því og gefið meiri tryggingu í því tilliti en laxfróðir menn frá útlöndum, sem ekki hafa neina reynslu fyrir sjer og ekki vita, hvernig hjer til hagar. Menn vita það af reynslunni, að margir fræðimenn frá útlöndum, þótt þeir fari hjer um og dvelji hjer stuttan tíma, villast í getgátum sínum, svo þær koma ekki að sömu notum og reynsla og eptirtekt sjálfra hjeraðsbúanna. Af þessum ástæðum álíta uppástungumenn heppilegra, að fela sýslunefndunum að setja reglurnar, og þeir sjá ekkert ísjárvert í því, þótt þeir menn kynnu stundum að sitja í sýslunefndunum, sem ekki bæru nægilegt skynbragð á laxveiði, því það má allt af ganga út frá því, að hver samvizkusamur sýslunefndarmaður mundi þá leita sjer upplýsingar hjá þeim, sem betur vissu.

Það var önnur breytingaruppást., sem jeg vildi einnig minnast á, nefnil. að breyta ákvæðunum um ádráttarveiðina. Meðuppástungumaður okkar taldi það sem ástæðu fyrir þeirri breytingu, sem í þessu tilliti er gjörð, að það muni víða standa svo á, að ef hin fyrri ákvæði stæðu, mætti með hverju aðfalli taka allan lax við eða rjett fyrir ofan árósa, svo þeir sem ofar ættu veiði fengju ekkert. Þar sem h. varaforseti (Á. Th.) tók fram viðvíkjandi samþykktinni, að það væri ekki gott að sjá, hvort fara ætti eptir höfðatölu eða eptir veiðihlut, þá skal jeg geta þess, að það var meining meiri hlutans, að farið væri eptir höfðatölu. Það er aðgætandi, að ef fara ætti eptir veiðihlut, hvað ætti þá að leggja til grundvallar? Jarðarstærð? Eða, ætti að fara eptir þeirri reynslu, sem menn hefðu fyrir því, hvað hver hefði veitt? Ef það ætti að vera, álít jeg það mjög hæpinn mælikvarða, sem stundum yrði óáreiðanlegur og mjög ranglátur. Einn getur hafa stundað veiðina betur og haganlegar fyrir sjálfan sig en annar, og því um langan tíma hafa hrifsað frá hinum óduglegri það, sem þeim bar, en höfðu ekki dugnað aða kunnáttu til að nota, og fyrir það á hann ekki skilið að fá nein forrjettindi. Jeg veit ekki betur, en að í þeim lögum, sem um samþykktir ræða, sje farið eptir höfðatölunni, eins og t. d. í lögunum um fiskiveiðasamþykktirnar. Jeg man ekki betur en að $^2/_3$ af höfðatölunni sjeu látnir nægja þar til þess, að samþykktin sje gild, og að þar sje ekkert farið eptir því, hvað

mikinn útveg hver þeirra hefur. Þar sem varaforseti (Á. Th.) tók fram, að honum þætti það of harðstjórnarlegt og of nærgöngult eignarrjettinum, að láta höfðatöluna ráða, þá held jeg að slík harðstjórn komi fyrir í öllu lífinu, já, hjer í deildinni dags daglega, og alstaðar þar sem atkvæðafjöldi ræður. Hin fáu atkvæðin verða að lúta í lægra haldi fyrir hinum mörgu. *(Árni Thorsteinson:* Ekki þegar um eignarrjett er að ræða). Jeg segi, að mörg mál, þar sem afl atkvæða ræður úrslitum, fari þó hjeðan af þingi, sem eigi síður en þetta snerta á ýmsan hátt eignarrjett manna.

Benedikt Kristjánsson: Jeg skal bera mig að vera ekki langorður, því jeg gjöri ráð fyrir, að hinni h. deild hafi þótt jeg tala nokkuð langt við hina fyrri umræðu þessa máls; en jeg get ekki stillt mig um að segja samt einnig í þetta skipti nokkur orð, af því að jeg hefi komið fram með breyt.till. þær, sem hjer liggja fyrir. Jeg mun hafa lýst því yfir við 2. umr. málsins, að mjer sýndist frv., eins og það er, lítil bót á hinum gildandi laxafriðunarlögum, og að við það mætti heldur una fyrst um sinn, nema ef vera skyldi að því leyti, sem til ádráttarveiðinnar kemur, en þessi veiði er í mörgum ám, eins og á hefur verið minnzt, einkarhættuleg veiði, þar sem svo hagar til, að árbotninn er sljettur og á lítil, því þá má gjörsópa öllum lax úr ánni, jafnóðum og hann gengur í hana með aðfalli. Jeg skal fyrst minnast stuttlega á breyt.till. mína við 2. gr. Það er eiginlega sama breytingartill., sem jeg kom með, eða fer í sömu stefnu. Að hafa þau orðatiltæki: «sje jafnvel fallinn til laxgöngu», þótti of óákveðið, og það var þá helzt að fundið. Jeg hefi nú leyft mjer að taka upp þessa sömu ákvörðun með ákveðnari orðum, nefnilega þeim, að eigi megi setja fastar veiðivjelar lengra út en í miðja á, og það þó því að eins, að hinn helmingurinn sje jafndjúpur sem helmingur sá, sem þvergirtur er. Jeg hafði önnur orð í hinni fyrri breyt.till. Mönnum þótti það þá hljóta að verða álitamál og orsaka deilu, hvort hinn helmingurinn væri eins vel laxgengur. En hvort hinn helmingurinn er jafndjúpur, það þarf engum efa að vera bundið. Það er hægt að sanna það með reynslunni og þarf því ekki að vera álitamál. — Ef tilgangur laganna, sem jeg efast ekki um að sje, er sá, að friða lax, eins og nafn lagafrv. sýnir, er auðsætt, að ákvarðanir um, að girða megi á til miðju, eru ónógar til þess að friða laxinn. Það hlýtur að liggja í augum uppi, að því hagar opt svo til, að allur lax gengur eptir helming árinnar eða jafnvel eptir litlum hluta hennar við annað landið eptir vatnsdýpinu. Jeg vonast til að þessi breyting fái fram að ganga, og ætla jeg því ekki að fjölyrða meir um hana.

Við 2. umr. kom jeg fram með þá breytingaruppást., að millibilið milli veiðivjelanna væri sett 40 faðmar, eins og í frv. Nd, en sú breytingaruppást. var felld, en eptir tillögum meiri hlutans voru 20 faðmar sampykktir. Jeg tek hjer ekki upp þær ástæður, sem jeg þá færði fyrir breytingunni, því jeg hygg menn hafi þá svo glöggt skilið og muni enn röksemdafærslu mína. Jeg hefi nú reynt að miðla málum, og farið miðlungsveg millum Nd. og meiri hlutans. Jeg hef tekið 30, sem er mitt á milli 40 og 20. Minna bil má ekki vera en 30, og þó svona langt bil sje ákveðið, tryggir það eigi laxgönguna nógsamlega; áin getur í rauninni því nær verið þvergirt, laxinn breytir eigi til muna göngu sinni til annarar hliðar á svo stuttu bili. Jeg skal leyfa mjer að taka eitt fram, af því, að jeg hef rekið mig á að sumir hinna h. deildarmanna þekkja ekki þvergirðing með öðru móti en eptir orðsins eiginlegu þýðingu, en ekki umbúnað, sem hafður er í sambandi við þvergirðingar; það eru til þvergirðingar, sem standa í sambandi við girðingar endilangt eptir straumnum, sem settar eru til þess að hindra það, að laxinn snúi við aptur og fari fram hjá veiðivjelinni. Hjer er ekki um lauslegt net að ræða, sem laxinn geti farið fyrir eða fest sig í og flækt, svo aðrir laxar, sem síðar koma, geta farið fram hjá tálmunarlaust. Nei, hjer er að ræða um fastar girðingar eða strengd net.

Þá er 3. breyt.till. mín um, að í stað «tvisvar í sólarhring á sama stað» í 3. gr. komi: frá dagmálum til náttmála. 3 aðrir h. þm. hafa komið með breytingu í sömu átt, en bætt nokkru við, sem ekki stendur í breyt.till. minni, nefnil. að ekki megi heldur draga á í ósum, nema með öðru hvoru flóði. Jeg fellst á þessa breytingu, því jeg veit, að lax gengur því nær eingöngu í ár með flóði. Ef botninn er góður í ánni og draga má á með báðum flóðum, má taka allan lax við ósinn. En þetta er ekki meining laganna og getur ekki verið meining þeirra, að

hafa ákvæði, sem hafa slíka afleiðingu. Það ætti ekki að búa til ný lög til að helga slíkan ójafnað, sem er gagnstæður öllum rjettarhugmyndum frá því lög hófust á landi hjer. Vor gamla Jónsbók segir: «ganga skal guðs gjöf til fjalls sem til fjöru, ef gengið vill hafa». Það hefur verið tekið fram, að síðasta breyt.till. væri einungis orðabreyting, og ætla jeg því ekki að orðlengja um hana. Þar sem hjer stendur við «7. gr.», þá er það rangt, í staðinn fyrir «8. gr.».

Áður en jeg skilst við þetta mál, skal jeg geta þess, að jeg get ekki verið samdóma meiri hlutanum um, að rjett sje að sameina þær tvær greinir, sem hann gjörir í breyt.till. sínum. Mjer er ekki ljós sú skoðun, sem h. varaforseti (Á. Th.) ljet í ljósi, þar sem hann sagði, að það væri rangt, að hagga rjetti hins einstaka, eins og hann sagði að gjört væri í tillögunni. Þetta á sjer þó í rauninni stað í löggjöfinni, og veit jeg ekki til, að neinn hafi hreift andmælum móti því eða lýst því sem skerðing á eignarrjettinum. Jeg skal t. d. nefna sampykktir um fiskiveiðar, um niðurskurð á hákarli innan viss tíma. Jeg hef ekki heyrt það kallaða neina skerðing á eignarrjetti neins, þótt honum væri boðið að flytja hákarlsskrokka í land í stað lifrar. Menn mundu að vísu segja: hjer er ekki að ræða um, að bjóða manni að afsala sjer eignarrjetti, heldur að hagnýta veiðina eða eignarrjettinn. En það er ekki rjett skoðað. Hjer er bannað að hagnýta þann hagnað, sem öðrum er til skaða, þann hag, að ferma skip sitt með lifur, í stað hákarls. Þótt nú svo væri, að hjer væri um fullkominn eignarrjett að ræða, þá held jeg að hann verði þó að takmarkast við almennings gagn; en jeg álít ekki hjer svo eindregið um eignarrjett að ræða. Hjer er að ræða um rjett til að veiða fyrir sínu landi; en það er ekki rjettur til handa nokkrum, að veiða fyrir sínu landi svo, að nokkur, sem fyrir neðan býr, megi taka hverja bröndu fyrir landi sínu, svo engin veiði verði ofar. Þá hugsa jeg að eignarrjetturinn skerðist ranglega, og fyrir því gjöra þessi lög ráð fyrir því, að rjettur hins einstaka takmarkist til heilla fyrir hina mörgu, fyrir hið almenna. Mjer þykir það á hinn bóginn undarlegt, hvað lítið álit sýslunefndin hefur hjá h. varaforseta (Á. Th.). Í henni sitja þó þeir menn, sem hjeraðsbúar hafa traust á, og hún hefur opinbera köllun á hendi, svo jeg verð að ímynda mjer, að hún hafi það hugfast, að hún á að gjöra það eitt, sem er rjett og heillavænlegt fyrir hjeraðið allt. Jeg fæ heldur ekki betur sjeð, en að þeir, sem vantreysta sýslunefndinni, hljóti líka um leið að hafa of lítið traust á amtmönnunum, ef þeir staðfesta þær sampykktir sýslunefndar, er þeir hafa að engu, og niðurbrjóta eignarrjett manna. Þá skal jeg minnast á dæmi h. varaforseta af 3 mönnum, sem veiðirjett eiga í einu fljóti. Jeg neita því ekki, að það geti átt sjer stað; en til þess að nokkur breyting geti orðið á veiðinni í fljótinu, verða þeir allir þrír að vera á einu máli um breytingu, eptir skoðun varaforseta og meiri hluta nefndarinnar; og eptir uppástungu nefndarinnar má þá gjöra ráð fyrir, að tveir menn hafi til samans sama veiðirjett í einu fljóti sem sá eini, og sýndist þá eðlilegast, að atkvæði hinna tveggja rjeði, er um breyting á veiðinni væri að ræða, á móti hinum eina; en það verður ekki svo, heldur getur sá eini, ef hann er á öðru máli, ráðið því, að engin breyting komist á. Þetta get jeg með engu móti fellt mig við. Jeg get ekki sjeð, hvaða yfirburði þessi eini getur haft fram yfir hina tvo, að hann megi ráða í þessu efni, nema ef vera skyldi það, að hann er ríkari, á við betri kjör að búa, og er lukkulegri af því, að hann er einn um sömu gæðin, sem hinir tveir til samans. Nú skal jeg aptur setja svo, að einn eigi helming veiði, og annar fjórða part veiði. Þessir tveir vilja breyta veiðiaðferðinni; en eptir uppástungu meiri hlutans geta þeir það ekki, ef hinn þriðji, sem þó ekki á nema einn fjórða veiðinnar, af einhverjum ástæðum setur sig á móti breytingunni. Hjer geta þá engar sampykktir komizt á. Ja, jeg ætla, án þess að orðlengja meira um þetta, að hjer sje ekki farið fram á, að misbjóða eignarrjetti manna frekar en á sjer stað í löggjöf hins nýja tíma, eða frá árinu 1875.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg skal minnast stuttlega á nokkrar hinar helztu af breyt. till. þeim, sem enn á ný eru fram komnar við þetta frv. Á 378 breyt.till. er sú breyting við 1. gr. frv., að lax megi veiða 3 mánuði á hverju sumri; aptur er það lagt til, að friðunartíminn, 10. sept. til 20. maí, falli burtu. Þessi þriggja mánaða tími þykir mjer of stuttur, og get jeg því ekki gefið þeirri breytingu atkvæði mitt. Hefði tíminn verið 10 til 15 dögum lengri, þá

hefði jeg getað fallizt á hann. Á hina breytinguna við sömu grein, að sýslunefnd skuli í hverju hjeraði setja fastar reglur um veiðitímann, hvenær hann skuli byrja og hvenær enda, get jeg heldur ekki fallizt. Jeg kann illa við slíkar ákvarðanir, og það af sömu ástæðum, sem h. varaforseti (Á. Th.) tók fram. Þó skal jeg geta þess, að jeg samt sem áður mun gefa þessari breytingu mitt atkvæði, *ef* breyt.till. meiri hlutans um, að 6. og 7. gr. falli burt, og ný grein komi í þeirra stað, verður samþ.

Á breytingarnar við 3. gr. á sömu breyt.till. (378) get jeg fallizt. Þá skal jeg minnast stuttlega á breyt.till. minni hlutans (B. Kr.). Fyrst stingur hann upp á þeirri breytingu við 2. gr., að í stað orðanna: «sje laxgengur þá vatn er minnst», komi: «sje eigi grynnri, en sá, sem þvergirtur er». Á þessa breytingu get jeg ekki fallizt, því þó ekkert væri annað að henni, en það, að hún talar um að þvergirt sje, þar sem net og veiðivjelar þó ekki ganga nema út í miðja á, þá er það nóg til að vera henni mótfallinn. Annars mátti vel láta orðið «laxgengur» standa, eins og var upphaflega í frumvarpi Nd.

Þá fer minni hlutinn því næst fram á, að í stað 20 faðma bilsins, sem samþ. var við 2. umr., að vera skyldi milli veiðavjela, komi: «30 faðmar». 20 faðma bilið sagði h. þm. N-Þing. (B. Kr.) að væri of stutt, vegna þess, að menn settu ekki einungis garða eða veiðivjelar þvert út í ána, heldur einnig langsetis ofan eptir henni; en einmitt þessi ástæða h. þm. er sannarlega allt öðru til stuðnings, en því, sem hann vill hafa fram. Því að það er auðsætt, að ef garðar eru settir ofan eptir ánni, sinn hvoru megin, þá verður vatnið dýpst og straumharðast í miðjunni, milli garðanna, en þar af leiðir, að hver ein einasta branda gengur þar um upp í ána. Það væri því alveg sama, þó bilið milli girðinganna eða veiðivjelanna væri ekki nema 10 faðmar. Hvað snertir breytingu minni hlutans (B. Kr.) við 3. gr., að í stað þeirrar ákvörðunar, að eigi megi draga á, «nema tvisvar í sólarhring á sama stað», komi: «frá dagmálum til náttmála», þá fellst jeg á þá breytingu, því að jeg gæti hugsað mjer, að ádráttarveiði sje skaðleg. Það er og annað, sem mælir með þessari breytingu, sem er það, að laxinn gengur helzt milli hylja á nóttunni, og er því gott að hann hafi frjálsa göngu sína á nóttunni. Þetta girðir og fyrir það, að ádráttarveiði í árósum verði skaðleg, með því eptir breytingunni ekki verður hægt að draga þar á nema einu sinni. Breytingin við 7. gr. er varla annað en orðabreyting.

Loks skal jeg bæta hjer við fáum orðum út af ummælum h. þm. N.-Þing. (B. Kr.) við 2. umr. þessa máls, um það er jeg þá tók fram um, að lax svo og svo stór að þvermáli gæti gengið í gegnum op, sem væru minni en þvermál laxins. Hann gat ómögulega trúað þessu, þar sem slíkt hlyti að vera kraptaverk, og fór að útskýra það með því, að of vítt mundi vera milli spelanna eða þá einhver spelinn mundi hafa losnað eða farið úr kistunni án þess menn vissu. Að það sje mögulegt, að þetta geti komið fyrir, því neita jeg ekki. En því verð jeg alveg að neita, að það hafi átt sjer stað með þá kistu, sem jeg talaði um; hún er og hefur verið alveg eins og hún á að vera, enda getur h. þm., ef hann vill ómaka sig inn að ánum, sannfært sig um, að það er alveg satt, sem jeg sagði. Jeg skal fara með honum inn að Elliðaánum, og sýna honum, að 2 þumlunga lax að þvermáli kemst í gegnum op, sem ekki er nema $1^{7}/_{12}$ þuml. á vídd; laxinn er hvorki úr steini nje stáli; hann lætur undan og af því kemst hann í gegn. Jeg get þessa, svo það sjáist í þingtíðindunum, að jeg ekki hafi látið þeim orðum ómótmælt, eða þau orð óhrakin, að jeg bæri ósannindi á borð fyrir þá h. þingd., er jeg sit í.

Árni Thorsteinson: Jeg verð að svara h. þm. Dal. (J. G.) fám orðum. Hann misskildi mig, er jeg mælti á móti, að það væri lagt í vald sýslunefnda að ákveða, hvenær friðunartími laxa skyldi byrja, með því að jeg áliti þær yfir höfuð ekki eins vel hæfar til þess, eins og laxfróða menn. Hann skildi þetta svo, að jeg hefði verið að tala um fiskifræðinga frá útlöndum; en það var alls eigi meining mín, að svo þyrfti að vera, heldur að til þessa væru fengnir þeir menn, sem vel hefðu vit á laxveiði, háttum laxa og göngu þeirra, hvort sem þeir svo væru lærðir fiskifræðingar eða ekki. Þær mótbárur hans, sem hann kom fram með mót þessu, hverfa því af sjálfu sjer. Jeg ber mikla virðing fyrir sýslunefndum; en jeg held, að jeg gangi ekki of nærri sóma þeirra, þótt jeg álíti að ekki sje hjá þeim meiri hæfilegleikar eða meiri þekking í því, sem við kemur laxveiði, en

hjá hverjum öðrum mönnum. Hvernig á t. d. sýslunefndarmaður úr Grindavík eða Höfnum að hafa vit á þeim málum, sem laxveiði snerta, nema ef svo vill til, að hann hafi kynnzt þeim einhverstaðar annarstaðar? H. þm. kom og sjálfur fram með það, að verið gæti að sýslunefndin væri ekki kunnug laxi og laxveiðum, en að hún mundi þá bæta úr þessum þekkingarskorti sínum með því að leita upplýsinga hjá öðrum; þá er þingmaðurinn kominn á rjettan rekspöl, þegar hann vill láta fara að leita til annara til að fá upplýsingar um það, sem maður hefur sjálfur ekki vit á. Mjer þótti leitt að geta ekki sannfært þm. um hinn óheppilegu tölumeirihluta í 6. gr., sem hann ber svo mikla lotning fyrir; en að þessu sinni skal jeg þó ekki fjölyrða meir um hans hátign tölufjöldann, er ráði sem meiri hluti.

Ásgeir Einarsson: Það er þegar búið að ræða margt um þetta mál og menn hafa ekki getað orðið á eitt sáttir í því, og ekki býst jeg við því að það muni vega mikið, þótt jeg skýri frá skoðun minni í því, samkvæmt beztu þekkingu minni. Jeg þarf ekki að tala um uppástungu h. varaforseta (Á. Th.), að eigi skuli atkvæðafjöldi ráða, heldur veiðimagn. En hvernig fór hjer á Suðurlandi með fiskiveiðsamþykktina? mun það hafa verið atkvæðafjöldi, sem þar rjeði? eða ætli það hafi ekki öllu heldur verið efnamennirnir, sem nóg gátu lagt í súginn? Og hvernig fór á Gjögri í fyrra? Þar reru tveir menn og skáru niður hákarl og spilltu með því veiðinni fyrir öllum hinum. Þegar semja á lög, þá verður að skoða þjóðlíkamann sem mannlíkama; þótt ekki sje nema litli fingurinn einn sjúkur, þá getur allur líkaminn verið krankur. Mjer fundust h. varforseta (Á. Th.) mislagðar hendur, þegar hann var að tala um skerðing eignarrjettarins: þegar um selinn var að tala, þá var eignarrjetturinn á honum ekki margra fiska virði hjá þm.; þá var hann að tala um að leita álits hjá laxfróðum mönnum, en hjelt þó að það væri ekki til neins fyrir sýslunefndirnar að gjöra það. Þetta finnst mjer vera að brjóta niður sína eigin bygging, og að færa ástæður móti sínu eigin máli. Breyt till h. þm. N-Þing. (B. Kr.): «Sje eigi grynnri en sá, sem þvergirtur er», finnst mjer óheppileg og geta orðið deiluefni, ef þessum fyrirmælum er ekki fyllilega fylgt; en það er ekki alltjend hægðarleikur að segja um það, hvort vatnið er kvartili dýpra á einum stað en öðrum; auk þess breytist dýpið í hinni sömu á svo margvíslega, svo að þótt nægilegt dýpi væri á vorin á einum stað, þá getur sandur borizt svo þangað, að girðingin verði ólögleg. Fyrir þessa ákvörðun getur auðveldlega svo farið, að maður missi með öllu lögn, vegna mjög lítils misdýpis. Það veit jeg, að ef jeg greiði atkv. með þessum breytingum, þá mun jeg ekki fá þökk hjá sýslubúum mínum fyrir frammistöðuna. Jeg get skírskotað til sýslumanns Húnvetninga, sem hjer situr á þingi, um það, hvort ekki hafi einmitt orðið misklíð út úr því í hinum nýju laxafriðunarlögum, þegar svo átti að fara að hnitmiða niður, sem hjer er gjört ráð fyrir.

Jeg talaði um það um daginn, hvers vegna jeg vildi ekki láta fastákveða faðmatalið milli lagna, og kom jeg þá með dæmi máli mínu til sönnunar. En ekki er hægt að gjöra þær undantekningar, sem við þarf í þessu efni, nema sýslunefndum sje gefið leyfi til þess. Það sýnist nú nokkuð rýmkað til með laxagönguna, þar sem veiðivjelar eiga að standa opnar 36 stundir á viku hverri; en þá þykir mjer leiðinlegt, að menn skuli fá þessi ónot í staðinn. Þegar lík ákvörðun kom fram fyrri á þingi, þá spáði jeg illa fyrir henni, og hefur sú spá ræzt. Jeg er mjög meðmæltur því, sem menn hafa nú samþykkt um laxveiði fyrir utan árósa og í árósum, því jeg veit dæmi til, að dregið hefur verið á við árós, og svo gjörsópað, að enginn lax gekk upp eptir ánni, svo að sá, sem þessa aðferð brúkaði, sat einn að veiðinni.

Jón Pjetursson: Það er sagt undantekningarlaust í frv., að maður hafi rjett til að girða út í miðja á; en hvernig á að fara, ef áin er misdjúp milli tveggja landa? því að þá getur ekki sá, sem á land að eins djúpmegin, lagt neitt net, og missir þá alla veiði í ánni, því að þá ætti hinn líka að hafa sama rjettinn. Að öðru leyti þykja mjer laxafriðunarlögin frá 1876 góð, og því engin brýn þörf á breytingum.

Ásgeir Einarsson: Jeg gleymdi áðan að minnast á þá breytingartill. meiri hluta nefndarinnar: «Samþykkt, er amtmaður hefur staðfest, má eigi breyta nema með vilja og ráði allra þeirra, er hana hafa samþykkt». Á þetta minntist jeg við fyrri umr. málsins og kom þá með breyting við það; en sú breyting hefur ekki verið tekin

til greina. En jeg spyr enn, hvernig á að fullnægja þessari fyrirskipun, ef fleiri eða færri af þeim, er samþykktina gjörðu, eru dauðir eða fluttir burt? Af því að jeg sá þessi missmíði, þá kom jeg með breyt.till. «hlutaðeigenda» í stað «allra þeirra». Mjer sýnist líka tíminn, sem samþykktin á að ná yfir, vera nokkuð langur; mjer þætti hann mega vera styttri. Jeg tók þetta að eins fram til athugunar, og til að sýna hvernig þessi ákvörðun tæki sig út.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. 378 við 1. gr. *a* samþ. með 6 atkv. Breyt.till. 378 við 1. gr. *b* samþ. með 7 atkv. Breyt.till. 368 við 2. gr. *a* samþ. með 6 atkv. Breyt.till. 368 við 2. gr. *b* samþ. með 8 atkv. Breyt.till. 378 við 3. gr. *a* samþ. með 6 atkv. Breyt.till 378 við 3. gr. *b* samþ. í einu hljóði. Breyt.till. 368 við 3. gr. þar með útkljáð. Breyt.till. 379 við 6. og 7. gr. samþ. með 7 atkv. Breyt.till. 368 við 8. gr. samþ. í einu hjóði.

Frumvarpið með áorðnum breytingum samþ., og kvað forseti það verða sent forseta Nd.

Kosning á öðrum gæzlustjóra hins fyrirhugaða landsbanka.

Forseti: Jeg álít það að vísu nokkuð snemmt, að kjósa gæzlustjóra hins fyrirhugaða banka, sem enn er ekki kominn á. En með því að stjórnarfrumv. hefur tekið svo litlum breytingum hjer á þingi, þá má ganga að því vísu, að það nái samþykki konungs, og álít jeg það því enga ókurteisi, þótt gæzlustjórinn sje nú þegar kosinn, eins og gjört hefur verið af h. Nd

Síðan var gengið til kosningar á gæzlustjóranum, og varð fyrir kosningu háyfirdómari *Jón Pjetursson* með 7 atkv.

Kosning yfirskoðunarmanns landsreikninganna.

Fyrir kosning varð yfirdómari *Magnús Stephensen* með 10 atkv.

Uppástunga til þingsályktunar um lán til þilskipakaupa (C. 278); framh. einnar umr.

Jakob Guðmundsson: Eins og h. þingdeildarmönnum er kunnugt, var hinni einu umræðu um þetta mál frestað síðast. einungis til þess að tekin yrði til greina bending hæstv. landshöfðingja í byrjun umr. Jeg hefi nú leyft mjer að koma fram með viðaukatill. (C. 371), sem byggð er á þessari bendingu h. ldsh. og álít nauðsynlegt, að h. þingd. samþ. hana, af þeim ástæðum, sem hæstv. landsh. þegar hefur tekið fram.

ATKVÆÐAGR.: Þingsályktunartillagan sjálf (C. 278) samþ. í einu hljóði. Viðaukatill. (C. 371) Jakobs Guðmundssonar samþ. með 10 atkv. Till. í heild sinni samþ. í einu hljóði og síðan send aptur forseta Nd.

Fertugasti og fjórði fundur, 20. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til fjárlaga 1886 og 1887 (C. 353, nefndarálit 384). Framh. 1. umr.

Framsögumaður (Magnús Stephensen): Af því þessi umr. er framh. 1. umr., þá vil jeg ekki vera langorður um nefndarálitið, einkum þar eð margir af hinum h. deildarmönnum munu hafa meiri áhuga á næsta máli á dagskrá, nfl. stjórnarskránni. Þó breytingar nefndarinnar sýnist margar, þá eru þó ekki allfáar að eins breyting að forminu; það eru 9 breyt.till., sem færa saman sundurliðun þá, sem nú er á hinum og þessum gjaldliðum; nefndinni fannst ekki ástæða til þessarar sundurliðunar, um fram það, sem vant er, og óþarft að hafa frv. lengra en venjulega er, og auk þess óþægilegt við reikningsfærslu; hafi það verið meining Nd., að binda stjórnina við að fara ekki út fyrir þá upphæð, sem til er tekin við hvern einstakan lið, þá má geta þess, að stjórnin álítur sig bundna við athugasemdir þær, sem gjörðar eru í álitum fjárlaganefndanna í hvorri deild sem er. Þetta er einungis viðvíkjandi formi; en viðvíkjandi efnisbreytingunum, þá eru þær ekki miklar. Eins og stendur, eru útgjöldin aukin um 6148 kr. á fjárhagstímabilinu hjá nefndinni, en þar í eru fólgnar 5000 kr. ætlaðar til aðalaðgerðar á skólahúsinu, svo að hjer er eiginlega ekki farið fram á nýja fjárveiting, heldur að eins fært til inn í fjárlögin af fjáraukalögunum. Að það eru 5000 kr. en ekki 4000, gerir heldur ekki neinn mun, því að það fje, sem ætlað er til skólahússins utan stokks og innan, er fært niður

um 1000 kr. Það eru því að eins 2148 kr., sem útgjöldin aukast í raun og veru, eptir því, sem nefndin stingur upp á. En þar á móti ætlast nefndin til að útgjöld sparist um 5164 kr., svo að alls verða það um 3000 kr., sem nefndin vill, að gjöldin lækki í allt. Af því að nú er ekki leyfilegt að tala um einstakar breytingar, þá leyfi jeg mjer að áskilja mjer að tala við 2. umr. ýtarlegar um þær ástæður, sem knúðu nefndina til að koma fram með þessar breytingar.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. í einu hljóði að frv. gangi til 2. umr.

Frv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands (C. 309, nefndarálit 365, breyt.till. 366, 372, 378); 2. umr.

Framsögumaður (Benedikt Kristjánsson): Jeg get að þessu sinni verið stuttorður, fyrst og fremst af því, að breytingar þær, sem nefndin hefur gjört við frv., eru fáar efnisbreytingar, þótt þær sjeu margar að tölunni til, og svo af því, að að eins 2 breyt.till. eru komnar frá öðrum, sem að vísu snerta efnið, en sýnast þó að fara í sömu stefnu og frv. Mjer sýnast þær reyndar ganga heldur langt í frelsisstefnuna; en það er nú líklega af því jeg er orðinn gamall, og er frá umliðnum tíma, og get því ekki áttað mig á nýmælum. Jeg veit ekki, hvort nokkur þörf er á, að taka fram efnisbreytingar nefndarinnar, því þær eru teknar fram í nefndarálitinu, og færðar ástæður fyrir þeim. Það yrði því ekki nema til að lengja umr. og yrði lítið annað en upptekning í lengra máli og máske kjarnaminna.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg skal leyfa mjer að mæla fáein orð viðvíkjandi breytingum þeim, sem jeg og annar þm. (M. St.) höfum leyft okkur að koma fram með (C. 372) og sem framsögumaður (B. Kr.) veik vinsamlega að. Jeg ímynda mjer, jeg er þess, meira að segja, fullviss, að öðrum þm. muni sýnast hið sama og honum, að breyt.till. horfi í frelsisstefnuna, að jafnrjettinum milli karla og kvenna. Hjer í deildinni kom, eins og menn sjálfsagt muna, eigi alls fyrir löngu fram frv. til laga um að veita konum kosningarrjett til alþingis; en þá var ekki hægt að sinna því eptir atvikum. En *hjer er tíminn* og möguleikinn, *hjer er staðurinn* til að koma þessu að. Jeg vona, að þetta eitt sje nóg til að mæla með breyt.till. og að hún fái atkvæði allra deildarmanna; sjerstaklega er jeg óhræddur um þann h. þm. (Sighv. Á.), sem bar þetta mál fram um daginn. Breyt.till. er ofurstutt, eins og hún liggur fyrir; hún fer fram á, að bæta inn í frv. þessum orðum: «svo konur sem karlar». Hún fer að okkar áliti í sömu stefnu og lög frá 12. maí 1882, sem veita ekkjum og öðrum ógiptum konum, sem eiga með sig sjálfar, rjett til að kjósa í hreppanefndir, sóknanefndir, og sýslunefndir, og jeg man ekki, nema það sje enn fjórða nefndin, sem þær hafa rjett til að kjósa í; jú, á safnaðarfundum; og okkur fannst nú ekki annað vanta en það, sem hjer er farið fram á, að þær konur, sem ráða húsi etc., fengju *kosningarrjett til alþingis*. Okkur gat ekki skilizt, að nein veruleg mótbára væri gegn þessu. Þetta er ekki annað en framhald í sömu stefnu; það er í rauninni að kóróna verkið, ef jeg má svo að orði kveða, að láta konur fá rjett að kjósa til löggjafarþings. Jeg verð að geta þess, að skilyrðin virðast ef til vill dálítið önnur nú, en í lögum 12. maí 1882, þar sem stendur: «ekkjur og aðrar ógiptar konur, sem á einhvern hátt eiga með sig sjálfar», en hjer stendur húsráðendur; en þessi mismunur er ekki annað en orðamismunur, en ekki efnisbreyting; að minnsta kosti hugsuðum við hið sama með því, en höfðum stuttleika vegna orðað greinina þannig. En þetta kunna menn að segja að sje gott og rjett, en hjer sje hængur á, þar sem við í 23. gr. höfum stungið upp á, að kveða glögglegar á um, að konur hafi ekki *kjörgengi;* en það er svo að skilja, að við vildum fyrst gefa konum óbeinlínis atkvæðisrjett um löggjöf landsins, en ekki beinlínis kjörgengi; en það er þó ekki loku fyrir það skotið, að þegar konur taka meiri þroska og staða þeirra verður fullkomnari í þjóðfjelaginu, heldur en enn þá er orðið eða vænta má, að þá megi stíga það spor, sem nú er frestað að stíga, og veita konum einnig kjörgengið. Mig furðaði, satt að segja, nokkuð á ummælum framsögumanns (B. Kr.); mjer sýnist hann einmitt hafa fylgt svo vel frelsis- og framfarastraum tímans, að það sje óþarfi fyrir hann að telja sig hafa orðið á eptir. Jeg hef álitið hann fylgja *svo* vel með, hafa sótt svo vel fram, að aðrir hafi ekki farið lengra, enda heyrt aðra segja, að margir stæðu aptar en hann, og

honum tækist mörgum fremur að fylgja framrás tímans, að því er til góðs horfir. Þess vegna vonaði jeg sízt, að honum þætti þetta fara of langt í framfarastefnuna, og býst að sjálfsögðu við atkvæði hans með þessari breyt.till.

Hvað sjálft málið snertir í heild sinni, þá sýnist mjer þingið nú í vanda statt, enda frekara en nokkru sinni áður, já, vera eins og milli steins og sleggju. Þegar þm. áttu fundi með kjósendum sínum, áður en þeir fóru að heiman, þá munu það hafa verið hin fyrstu og síðustu orð, sem kjósendur þeirra lögðu þeim á hjarta, hin síðustu orð, sem hverjum þeirra var hvíslað í eyra: «Munið eptir stjórnarskipuninni: hrindið henni fram í sem frjálslegast horf». Og eins og haldnir voru fundir í þessum tilgangi hjer og hvar um land, eins var, svo sem menn muna, sjerstakur fundur haldinn á Þingvöllum af kjörnum mönnum víðast af landinu, einmitt í sama tilgangi, og á þessum fundi var langmest áherzla lögð á að fá stjórnarskipunarmálinu komið sem öflugast fram á þingi. En hins vegar, þegar á þing er sezt, þá hljómar þessi orðsending frá stjórninni, að hún álíti engar breytingar á hinum núgildandi stjórnarlögum nauðsynlegar, og ástæðan fyrir þessari orðsending er sú, að það sje skoðun stjórnarinnar, að landið geti tekið öllum verulegum framförum með þeirri stjórnarskrá, sem nú er. Með þessari orðsending vill sjórnin sjálfsagt varna því, að þingið verji of miklum tíma til máls, sem henni þykir engin þörf á. Þegar því þessar raddir hljóma, sín með hvorum hljóm, þá segi jeg, að þingið sje í vanda statt. Því að þm. geta ekki kallast fulltrúar þjóðar sinnar, ef þeir ekki taka tillit til óska hennar, ef þeir ekki vilja fylgja vilja hennar, og vilja ekki leggja kapp á, að vinna að þjóðþrifamálum. Þingmenn brygðust þá skyldu sinni og köllun sinni, ef þeir skelltu skolleyrum við þeim vilja þjóðarinnar, sem hún síðast og ríkast fól þeim að framfylgja. En hins vegar er skylt að taka tillit til skoðana stjórnarinnar, og taka þær til greina, einkum og sjerstaklega þar sem um vandamál er að ræða, um að ákveða þá skipun stjórnarfyrirkomulagsins, sem hefur svo mikil og víðtæk áhrif á störf þjóðheildarinnar, og á þá strauma lífsins, sem streyma skulu um þjóðlíkamann; það er líka sjálfsagt, að íhuga þetta sem nákvæmlegast og taka það vandlega til greina. Það er nú kunnugt, hvernig Nd. hefur snúizt við þessum röddum; hún hefur álitið sig knúða frekara af umboði kjósanda sinna og eigin sannfæringu um það, sem haganlegast sje fyrir landið, og vonar, að þótt stjórnin hafi nú lýst áliti sínu og stefnu í þessu máli, þá muni hún síðar geta breytt skoðun sinni og látið sannfærast, er hú sjái hinn mikla áhuga, sem þjóðin hefur á þessu máli. Hin h. Nd. treystir því sjálfsagt, að stjórnin hljóti fyr eða síðar að viðurkenna, að kröfurnar sjeu sanngjarnar, sjálfsagðar og eðlilegar, og að svo muni fara, að konungur gangi að stjórnarskrárfrv. þessu og samþykki það. Einnig er kunnugt, hvernig vor deild hefur tekið í málið, þar sem meiri hluti nefndarinnar hjer hefur snúizt að því, að samþykkja frv. Nd. næstum óbreytt að efni að kalla má. Það hefur reyndar orðið eins hjer og þar ágreiningur nokkur milli eins manns í nefndinni og hinna annara. Tillögur þeirra beggja, minni- hluta- mannanna, fara í sömu áttina hjer um bil: að ráða til að þingið sendi ekki nú frumv. um breyting á stjónarskránni frá sjer, en láti sjer nægja hið minna, að senda hans hátign konunginum ávarp og biðja þar í, að h. hátign vildi mildilegast skipa svo til, að ráðherra Íslands mæti á þinginu, svo að samvinnan geti orðið sem bezt og hollust, og ráðherranum gefist sem bezt tækifæri á, að sjá ástandið hjá oss og kynnast málunum, þinginu og staðnum sjálfum. Þeim hefur sjálfsagt báðum fundizt þetta viðunanlegt, og vakað fyrir þeim, að þetta mundi fremur fást. Jeg er þeim sammála í því, að gæti þetta fengizt, sem þeir báðir fara fram á, þá væri mikið unnið, verulegt stig stigið, til að skipa málum vorum í heillavænlegt horf, og fá haganlega stjórn sjerstakra innlendra mála. Þegar nú nefndirnar þannig hafa klofnað, þá er um að tala, hvorum fylgja skuli, meiri eða minni hluta. Þá eru menn aptur í vanda staddir. Það er jafnan fýsilegast, að fá sínar frekustu óskir uppfylltar, og það er vandamál, að hverfa frá því, sem menn kjósa helzt, meðan nokkur von er um að þá fáist. Það þarf mikla sjálfsafneitun til að stíga litla stigið fyrst, og láta bíða að fara fram sínum frekustu óskum, þeim, sem menn eru sannfærðir um, að til mestra heilla muni horfa. Sumir eru nú hræddir um — allir geta jafnvel verið hræddur um — að þetta fullkomnara fáist ekki fyrst um

sinn að minnsta kosti, og þá segja ýmsir, að í raun rjettri væri betra, að fá lítið, en setja allt á eitt spil. Hefði meiri hlutinn í nefndinni kosið minna stigið, eins og h. 2. kgk. þm. ræður til, og sagt: Þetta bið jeg um, og hvorki meira nje minna, þá hefði jeg fúslega getað verið með til þess; en þegar nú meiri hlutinn hallast að því, að bera fram fyrir hans hátign konunginn fullar óskir sínar og þjóðarinnar, þrátt fyrir bendingar stjórnarinnar, þá vil jeg ekki með atkvæði mínu standa fyrir því, að þingið geti komist fram með óskir sínar og bænir fyrir h. hátign; þó gjöri jeg það með nokkrum kvíða, vegna byrðar þeirrar, sem landssjóði hlýtur að orsakast af þessu; jeg kvíði því, að hún reynist æðiþung. Jeg efast ekki um, að sú tala, sem nefnd hefur verið, að útgjöldin muni aukast um fyrir landssjóðinn, um 20,000 kr., sje langt of lág; jeg gjöri ráð fyrir, að kostnaðaraukinn yrði ekki minni en 40—50,000 kr., og það er alvarlegt mál, að leggja svo háa upphæð á þjóðfjelagið, sem nú á við svo bág kjör að búa. Það má nú að vísu segja, að ekki sje um það að tala, að bráðlega komi til þessara útgjalda; það hljóti að dragast enn þá nokkur ár, þótt frv. næði staðfestingu konungs, að hið ráðgjörða kostnaðarmeira stjórnarfyrirkomulag komizt á, og menn vona hinsvegar, að hagur landsins fari batnandi, og ekki mun hætt við, að hann verði erfiður nema um nokkur ár. Allt þetta er sjálfsagt einungis ósk og von, en engin vissa. Þegar menn eru verulega fúsir að bera einhverja byrði, — og svo ætla jeg að hjer sje — þá eykst mönnum kraptur og þol; það má og segja: «mikið skal til mikils vinna»; og þó hin ráðgjörði kostnaðarauki verði allmikill, þá verð jeg þó að segja, að jeg vantreysti því ekki, að þjóðin geti risið undir honum; jeg hygg, að hún þoli enn nokkra álögu, og að svo megi ef til vill spara útgjöld, að nokkru nemi, og jeg vona, að atvinnuvegunum muni miða nokkuð áfram til blómgunar fyrir sameiginlega aðhlynning þings og stjórnar.

Hvað stefnuna snertir, þá er hjer ekki um verulegt nýmæli að ræða, því ef þetta frumv. er nákvæmlega borið saman við hin optnefndu frumvörp 1871 og 1873, þá er aðalhugmyndin sama, aðalstefnan sama, aðeins með nokkrum mismun að forminu, aðferðinni. Aðalhugsunin er engin önnur en sú: *að draga stjórnina saman í landinu sjálfu.* Það vill svo óheppilega til, að vjer Íslendingar erum lítil og fátæk þjóð, en í miklum fjarska frá þjóð þeirri, sem vjer erum í sambandi við, og frá aðsetri aðalstjórnarinnar. Jeg get ekki litið svo á, að hjer komi fram nokkur *sundrungarstefna,* eða nokkur hin minnsta tilraun til að losast úr sambandinu við Dani sem bræðraþjóð og samþegna; það kemur ekki fram minnsti kali til Dana, ekkert vantraust til konungs um, að hann ekki hafi hinn einlægasta vilja til að skipa málum vorum og stjórn þeirra á hinn bezta og hagfeldasta hátt. En til grundvallar liggja sannindi, þau sannindi, að stjórnin er í þeim fjarska, að hún *hlýtur* að vera og verða ónóg fyrir landið, þrátt fyrir sinn bezta vilja, að henni er *ómögulegt* að stjórna landinu í þeirri miklu fjarlægð eins vel og haganlega og hver Íslendingur hlýtur að óska. Þetta frv. er að minni skoðun hin síðasta af mörgum tilraunum, sem gjörðar hafa verið til að koma stjórn landsins sjerstaklegu mála inn í landið sjálft, til þess að landið megi hafa sem bezt not af stjórn sinni, og hún þannig komist í sem rjettast horf. Jeg skil með engu móti, að gengið sje of nærri forrjettindum hans hátignar konungsins með því, að biðja hann að skipa landstjóra, sem komi fram í hans nafni og umboði, og staðfesti lög og útkljái önnur þau mál, sem sjerstakleg eru fyrir landið sjálft, og geti sætt fullnaðarúrslitum hjer á landi, án þess gengið sje nærri rjetti nokkurs manns. Ástæðan fyrir þessum óskum liggur ljós fyrir allra augum; það er einmitt þessi mikla fjarlægð, þessar 300 mílur, sem stjórnin er í burtu frá Íslandi. Ef konungurinn og ráðgjafinn væri hjer nærri oss, þá hefðu þessar óskir vissulega ekki komið fram. En þessi 300 mílna fjarlægð er *factum* fyrir oss, og *hún er sorglegt factum,* því það er sökum hennar, að ekki er nú unnt að skipa málum vorum, skipa stjórn vorri eins og má skipa málum og stjórn Danmerkur í Danmörku sjálfri, þar sem ráðgjafarnir geta sama dag og á sömu stundinni talað bæði við löggjafarþingið og konung. Það er ekki Íslendingum að kenna, að þeir eru svona langt frá Danmörku; forsjónin hefur skipað oss á þennan stað; hjer verður náttúran að ráða, og menn verða í því efni að reyna að laga sig eptir því náttúrlega, óbreytilega ástandi, sem er, svo að sem bezt verði unnt að fullnægja hugmynd þingbundinnar konungsstjórnar, og

hún geti komið þjóð og þingi að sem beztu liði. Jeg hef þó, eptir hinni skýlausu yfirlýsingu stjórnarinnar, ekki mikla von um, að konungur undirskrifi þetta frv. nú í bráð. Þing og þjóð verða að öllum líkindum að bíða með þolinmæði, og ef þingið er sannfært um, að það hafi farið fram í rjetta stefnu, þá gefur sú sannfæring þolinmæði til biðar. Málið er svo alvarlegt, að engin vandræði eru jafnvel þótt menn yrðu að bíða nokkuð til að geta fengið að hugsa sig sem rækilegast um. Það er gott og jafnvel betra, að menn fái að bíða, til þess að þeir þá, ef þeir vildu, gætu numið í burtu eitthvað, sem miður þætti fara, og gjört breytingar til umbóta.

Landshöfðingi: Af ræðu h. 6. kgk. þm. (H. Sv.) sá jeg, að hann mundi eptir þeirri yfirlýsingu stjórnarinnar, er jeg tók fram við 1. umr. þessa máls, þeirri yfirlýsingu, að stjórnin áliti engar breytingar á stjórnarskránni hvorki nauðsynlegar nje æskilegar að sinni, og að hún væri því mótfallin öllum slíkum breytingum yfir höfuð að tala. Jeg vona einnig, að aðrir h. þingdm. muni eptir þessari yfirlýsingu. Jeg tók það einnig fram, að þótt stjórnin síðar meir kynni að álíta einhverjar breytingar á stjórnarskránni nauðsynlegar, þá væru þær, sem hjer er farið fram á, þannig vaxnar, að stjórnin hvorki vildi nje gæti gengið að þeim, og að slíkt frv. sem þetta mundi því aldrei ná konunglegri staðfestingu. Nú hefur nefnd sú, sem sett var í þessari deild til að íhuga málið, komið fram með breyt.till. við þetta frv.; en hún hefur ekki breytt frv. á þann hátt, að það í neinu sje aðgengilegra til að ná samþykki stjórnarinnar og staðfestingu konungs, en frv. Nd. Mjer finnst málið þrátt fyrir þessar breytingar í öllu verulegu óbreytt, og ekki með þessum breytingum farið fram á að hrinda því í aðgengilegra horf fyrir stjórnina, en það var eins og Nd. skildi við það. Það dylst víst engum h. þingdm., þó þeir sjeu með málinu yfir að tala, að þetta frv. er þó ekki sem fullkomnast, og þess vegna hefur h. nefnd líka fundið ástæðu til að breyta því, þó þessar breytingar snerti ekki efni þess verulega. Jeg leyfði mjer að segja við 1. umr. málsins, þegar jeg taldi það alveg óaðgengilegt, að það dragi valdið úr höndum konungsins eða rýrði vald konungsins hjer á laudi, og jeg held að jeg með þessum orðum hafi ekki tekið of djúpt í árinni, þó mjer virtist h. 6. kgk. þm. (H. Sv.) vera á annari skoðun. Jeg veit ekki, hvað er að draga valdið úr höndum konungsins og fá öðrum hina æðstu stjórn landsins í hendur, ef ekki það, sem felst í ákvörðunum þessa frv. Það stendur að vísu í 3. gr.: «Konungur hefur hið æðsta vald yfir öllum hinum sjerstaklegu málefnum landsins»; en hvernig kemst þetta í samræmi við það, sem svo segir í sömu grein: «með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari»? En hverjar er svo þessar takmarkanir? Þær eru þessar (sbr. 6. gr.): «Landsstjóri hefur . . . hið æðsta vald í öllum hinum sjerstöku málefnum landsins». Það mun varla verða móti því borið, að það vald, sem þessi stjórnarskrá veitir konungi í 3. gr., það tekur hún aptur frá konunginum í 6. gr. Jeg býst við við því, að menn muni segja, að jeg hafi sleppt úr 6. gr. orðunum: «í umboði konungs»; það er satt, það stendur í greininni: Landsstjóri hefur «í umboði» konungs æðsta vald o. s. frv.; en hvað þýðir það, þegar konungur, eptir stjórnarskrá þessari, er skyldur til að fá landsstjóranum þetta umboð, þetta vald? Konungur má ekki hafa þetta vald sjálfur; hann er skyldur til að fá það landsstjóranum í hendur. Valdið hlýtur því að verða hjá landsstjóranum, en ekki hjá konunginum. Nálega það eina vald, sem konungi er eptir skilið, er það, að hann skipar landsstjórann og getur vikið honum frá völdum. Þannig fer þetta frv. lengra, en nokkru sinni hefur verið áður farið. Það fer langtum lengra en hið margumtalað frv. þingsins 1873. Þar var að vísu gjört ráð fyrir landsstjóra eða jarli, sem hafi æðsta umboðsvald fyrir konunginn, en þar er bætt við: eptir því, sem konungur nákvæmar ákveður. Þar er umboð jarlsins látið vera yfirgripsmikið eða yfirgripslítið eptir vilja konungsins eða eptir því, sem Hans Hátign konunginum þóknast. Í því frv. er valdi konungs, ef jeg mætti svo segja, ekki misboðið; en það virðist því vera hjer með þessu frv. Jeg skal leyfa mjer að benda á ýms atriði, sem samkvæmt þessu frv. eru dregin undan valdi konungs. Konungur getur ekki stefnt hinu reglulega alþingi saman annaðhvort ár. Það á landsstjóri að gjöra. Það er ekki komið undir vilja konungs, hvort alþingi má hafa setu lengur en lögákveðið er, heldur undir samþykki landsstjórans. Landssstjóri, en ekki konung-

ur, getur frestað fundum alþingis um tiltekinn tíma. Landsstjórinn einn getur rofið aðra eða báðar deildir þingsins. Landsstjóri, en ekki konungur, getur stefnt alþingi saman til aukafunda. Landsstjóri, en ekki konungur, getur lagt fyrir alþingi frv. til laga og ályktana.

Svo er aptur ýmislegt, sem annarhvor þeirra, konungur eða landstjóri, geta gjört, án þess að nokkuð sje í stjórnarskránni tiltekið um það, hvað ráða skuli því, hver þeirra eigi að gjöra það. Um það eru engar bendingar í þessu frv. Jeg skal taka nokkur dæmi, þar sem annaðhvort konungur eða landsstjóri hafa valdið. Undir ályktanir þær, er snerta löggjöf og stjórn landsins, skrifar annaðhvort konungur *eða* landsstjóri. Konungur *eða* landsstjóri veitir öll þau embætti, sem konungur einn hefur áður veitt. En þrátt fyrir þessar ákvarðanir eru hvergi í frv. þessu neinar bendingar um það, hvernig valdinu í þessum atriðum skuli skipt milli konungs og landsstjóra. Það sem jeg nú hefi talið, tek jeg fram sem aðalagnúa, aðalgalla á frv., og hlýtur þetta út af fyrir sig að vera nóg til þess, að frv. sem þetta getur aldrei öðlast allra-hæsta staðfestingu. Jeg álít það alveg óhugsandi, að konungur vor muni þannig sleppa öllu valdi yfir Íslandi úr sínum höndum. Það er í fleirum atriðum, en þeim, sem jeg nú hefi tekið fram, að landsstjóra er veitt það vald, sem konungur nú hefur. Þannig má enn taka það fram, að landsstjóri getur samkæmt 25. gr. þessa frv. stefnt alþingi saman á öðrum stað, en í Reykjavík. Ef gengið er nákvæmlega í gegnum þetta frv., þá má finna ýmislegt fleira, sem er mjög athugavert við það. Þannig vil jeg benda á ákvarðanir 31. gr. Eptir þeirri gr. skal leggja fyrir alþingi, jafnskjótt og það er komið saman, frv. til fjárlaga fyrir fjárhagstímabilið. Þetta er almennt sagt, en ekki talað hjer um hið reglulega alþingi; það má því eins skilja það um aukafundi alþingis. Ef eins má leggja fjárlög fyrir aukaþing, þá gætu þau fjárlög, sem lögð væru fyrir slíkt þing, komið í bága við fjárlög, sem búið er að leggja áður fyrir reglulegt alþingi. Því þegar búið er að leggja fjárlög fyrir reglulegt alþingi, er gilda eiga um næsta tveggja ára fjárhagstímabil, þá er engin meining í því að leggja fjárlög aptur fyrir aukaþing, sem kynni að verða kallað saman næsta ár, því þau fjárlög, sem fyrir það þing yrðu lögð, hlytu að koma í bága við þau fjárlög, sem hið reglulega þing hefur sett áður. Enn vil jeg leyfa mjer að benda á eitt atriði. Í 53. gr. þessa frv. er sagt: «Kviðdóma í sakamálum *skal* í lög taka svo fljótt sem verða má». Jeg efast um, að mönnum sje það svo ljóst orðið, að æskilegt sje að taka upp kviðdóma, að rjett sje að setja um það bjóðandi skipun eða bjóðandi og bindandi grundvallarlagaákvarðanir í stjórnarskrá landsins. Jeg held jeg megi fullyrða, að mönnum sje ekki svo ljóst orðið þetta atriði, að ráðlegt sje að gjöra slíkt. Margt fleira er athugavert við þetta frv. En þó jeg taki ekki fram fleiri galla á þessari stjórnarskrá, þá vona jeg að það megi álítast ljóst, að þetta frv. veitir ekki meira frelsi, meiri mannrjettindi, en menn nú hafa hjer á landi. Þess vegna er það skakkt, þegar menn tala um, að nýtt og meira frelsi muni fást með þessari stjórnarskrá; og þegar menn segja, að ekki verði vegið hvað á móti öðru, fje það, sem þessi breyting kostar, og frelsið, sem hún veiti, eða yfir höfuð, að menn ekki megi eða eigi að setja fyrir sig þann kostnað, sem hið nýja stjórnarfyrirkomulag hafi í för með sjer, vegna þess, að frelsið, sem með því fáist, yfirgnæfi, þá á þetta ekki hjer við, þar sem frelsið er ekki meira en áður. Jeg sje ekki, að sjálfstæði einstaklinganna og atvinnufrelsi einstakra manna og fjelaga verði betur borgið eptir hinni fyrirhuguðu stjórnarskrá, en þeirri, sem vjer nú höfum; og hvað hið pólitiska frelsi snertir, þá er vald alþingis ekki meira eptir þessari stjórnarskrá, en þeirri, sem nú gildir.

Menn hafa sagt, að þjóðin óski þessara breytinga á stjórnarskránni, og h. 6. kgk. þm. (H. Sv.), sem í morgu sýndist hafa mætur á þessari stjórnarskrárbreytingu, gjörði ráð fyrir, að kjósendurnir hefðu hvíslað því í eyru þingmanna síðast, er þeir fóru til þingsins, að þeir skyldu muna eptir stjórnarskránni. Jeg skal leyfa mjer að gjöra eina athugasemd sjerstaklega á móti þessum orðum h. þm. Það eru ekki óskir og vilji kjósendanna, sem þingmenn eru bundnir við að fara eptir; það sem þeir eiga að hafa fyrir augum, eru *þarfir þjóðarinnar*, og það sem þeir eiga að fara eptir og eru bundnir við í hverju máli, það er þeirra eigin sannfæring. Það virðist svo sem menn stundum ekki leggi nógu mikla áherzlu á ákvæðin í 31. gr. stjórnarskrárinnar, sem segir: «Al-

þingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína, og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum». Eitt held jeg sje rjett, sem h. 6. kgk. þm. (H. Sv.) tók fram, sem er, að mál þetta muni ekki líða við það, þó það bíði enn nokkurn tíma. Í því er jeg ásáttur við h. þm. En ef svo er, þá virðist það ekki þörf, að leiða nú málið til lykta eða nauðsynlegt, að stofna landinu í mikinn kostnað með því að leiða það til lykta nú á þinginu, svo stofna verði til þings næsta sumar. Það er sjálfsagt, að 20,000 kr. til 30,000 kr. er frá vissu sjónarmiði ekki mikið fje; en hjer er þó um fjárupphæð að ræða, sem er mikil fyrir landssjóð Íslands, einkum eins og búast má við að fjárhagurinn standi um næsta fjárhagstímabil. En þó kostnaðarmótbárunni sje optast ekki vel tekið, þegar ræða er um stjórnarbreytinguna, þá held jeg þó, að menn ættu að líta á þetta atriði; og ef menn ekki, eins og h. 6 kgk. þm. (H. Sv.) ekki virðist að gjöra, og jeg gjöri heldur ekki, búast við neinum árangri af að halda málinu frekar áfram, þá álít jeg rjett, að leiða málið ekki til lykta nú, svo ekki þurfi að kalla saman þing næsta sumar til að ræða það á ný.

H. 6. kgk. þm. (H. Sv.) sagði, að þessi stjórnarskrárbreyting yrði alls ekki til þess að losa sambandið milli Íslands og Danmerkur. Jeg held þó að hún stefni að þessu. Jeg segi, að það stjórnarfyrirkomulag, sem hjer er stungið upp á, sje alvarleg tilraun, ef eigi til að leysa, þá til að veikja þetta band. Þetta getur engum dulizt, sem ber saman það fyrirkomulag, sem hjer er um að ræða, við það, sem er eptir þeirri stjórnarskrá, sem vjer höfum. En að æskilegt sje að leysa og veikja sem mest þetta samband milli Íslands og Danmerkur, því verð jeg fyrir mitt leyti að vera fastlega mótfallinn fyrir Íslands hönd. Jeg álít þvert á móti, að það væri Íslandi fyrir beztu, ef þetta band væri sem traustast og sterkast, en ekki veikara en það nú er.

Þegar jeg nú lít til uppástungu minni hluta nefndarinnar (J. P.), þá skal jeg játa, að hún fer í eðlilegri stefnu, en sjálft frumv., að því leyti, sem hún fer fram á að reyna að bæta fyrirkomulagið á stjórnarskipun þeirri, sem nú er, á þann hátt, sem bezt þykir eiga við. En hvort sú breyting, sem þessi minni hluti stingur upp á, og sem er sú sama, sem minni hluti nefndarinnar í Nd. stakk upp á, muni geta fengið framgang, þar um skal jeg ekki segja neitt; en jeg játa, að hún er tilraun til að fá sem bezt og mest upp úr hinni núgildandi stjórnarskrá, og er þessari tillögu því að því leyti alvarlegur gaumur gefandi, og álít jeg miklu tiltækilegra að fylgja þessari tillögu vel fram, en að halda þessu frumv. lengra fram, sem jeg held, að jafnvel þeir, sem álíta það hvað æskilegast og bezt, haldi þó að ekki muni bera meiri árangur fyrst um sinn, þó það næði endilegu samþykki þingsins, en þó það bíði og liggi fyrir, eins og það nú er orðið fyrir aðgjörðir þingsins.

Einar Ásmundsson: Jeg er þakklátur hinum h. 6. kgk. þm. (H. Sv.) fyrir meiri hluta ræðu hans. Hann talaði vel, eins og hans var von og vísa, um ásigkomulag og afstöðu málsins. Hann sýndi skýrt og glögglega, að til grundvallar fyrir þessari stjórnarskrárbreyting liggur engin sundrungarstefna, en að hún er sprottin af þörf og nauðsyn, þeirri nauðsyn, að húsbóndinn á þjóðbúinu eða ráðsmaður hans sje nærverandi á heimilinu. Þetta er aðalatriði málsins, sem allt hitt snýst um, og í samanburði við *þetta aðalatriði* er allt hitt smámunir og smá atriði og óveruleg í samanburði við það. Það stendur svo á fyrir oss Íslendingum, eins og h. 6. kgk. (H. Sv.) benti á, að vjer erum afskekktir og aðgreindir frá öðrum þjóðum. Vjer búum, ef jeg mætti taka mjer orð meistara Jóns í munn, *„á hala veraldar"*. Og sökum þess, að vjer erum fámenn og fátæk þjóð, þá er eigi til þess að hugsa, að hans hátign konungur vor geti verið hjá oss að nokkrum staðaldri. Jeg ímynda mjer ekki, að nokkur þingmanna líti svo á sem jeg óvirði eða niðurlægi hans hátign, þótt jeg taki dæmi til samanburðar: af bónda og búi annars vegar, og konungi og ríki annars vegar. Það er mín skoðun, að það þurfi sömu kosti og hæfilegleika til þess að sínu leyti, að stjórna búi eða heimili og að stjórna ríki. Heimilið er lítið fjelag, svo þótt það sje minna að stærð mun þurfa nokkurn veginn sömu kosti til þess að stjórna því, og til þess að stjórna hinu stærra búinu, landsbúinu. Stjórnin verður að fara eptir sömu grundvallarreglum á heimilinu, í sveitarfjelaginu, hjeraðinu, eins og í landinu eða ríkinu, þótt stærðarmunurinn sje mikill. Vjer þingmenn höfum flestir eða allir reynslu fyrir oss í þessu tilliti. Margir af oss, eða hjer um bil helmingur af oss, sem nú hjer sitjum, erum

komnir að úr fjarlægum hjeruðum. Vjer höfum yfirgefið heimili vor og bú, og vjer getum eflaust allir gjört oss glögga grein fyrir því, hversu hentugt það muni vera fyrir oss, að sitja hjer í svo mikilli fjarlægð svona langan tíma og geta ekkert vitað um það, hvað fram fer á heimilum vorum. Vjer höfum víst allir sett einhverja til þess, að ráða fyrir ir og stjórna búum vorum í fjærveru vorri. Hvort mundi það nú vera hagkvæmara, að þessir ráðsmenn vorir væru hjer hjá oss, hjer suður í Reykjavík. svo þeir gætu ráðgast um búskapinn við oss og sent svo með pósti brjefaskeyti um, hvað gjöra skyldi heima, eða hitt, að þeir væru heima á búunum og gætu sjeð með augunum, hverju fram fer, og sagt fyrir með orðunum, hvað gjöra skyldi? Jeg get ekki skilið, að nokkrum geti blandazt hugur um, að það væri miklu betra og hyggilegra, að þeir væru heima. Við, sem erum *reyndir*, vitum þetta, og hinir sem ekki hafa reynsluna eru full*greindir* til þess að sjá það eins og við, þótt reyndur viti betur en greindur getur getið sjer til. Aðalhvötin til þeirrar stjórnarskrárbreytingar, sem hjer er farið fram á, er nú sprottin af þeirri þörf, að húsbóndinn, hans hátign konungurinn, láti ráðsmanninn á þjóðbúinu vera hjer heima, vera í landinu, en ekki í 300 mílna fjarlægð hjá honum sjálfum. Vjer höfum nokkurra ára reynslu fyrir oss í því, að það gengur ekki ætíð svo fljótt, að ná í ráðsmanninn, sem hefur yfirstjórn búsins. Það þarf að leita til hans um mörg mál; þótt það sje ef til vill ekki daglega, þá er það mjög iðulega. Jeg held jeg þurfi eigi að fjölyrða um þetta atriði og þessa nauðsyn. Hún er viðurkennd af öðrum þjóðum, sem oss er engin minnkun að taka oss til fyrirmyndar. Jeg vona að enginn álíti, að jeg gjöri lítið úr vinum vorum og bræðrum í Danmörku. Jeg virði þá og ann þeim fyrir margra hluta sakir. En satt að segja held jeg að stjórnarhyggindi sjeu ekki þeirra sterka hlið, og að þeir sjeu betur færir í sumu öðru. Jeg ímynda mjer, að jeg þurfi ekki að útskýra það frekar, því jeg ætla að margir aðrir þingmenn hafi sömu skoðun á þessu sem jeg. En það er önnur þjóð, sem er nær oss eða í meira nágrenni við oss. sem oss mundi eigi óviðurkvæmilegt að taka eins vel til fyrirmyndar. Það eru Englendingar, sem jeg á við, og þeir munu af engum álitnir síðri stjórnfræðingar en Danir. En hafa nú Englendingar sömu stjórnreglu við aukalönd sín, sem Danir við oss? Nei, í aukalöndum sínum, sem mjer er óhætt að fullyrða að skipta tugum í öllum álfum heims, hafa þeir landsstjórn, líka þeirri sem hjer er farið fram á, og löggefandi þing; landstjórarnir í aukalöndunum staðfesta lög þingsins, nema í einstökum tilfellum, þegar um sjerleg merkismál er að ræða, má skjóta staðfesting laganna heim til móðurlandsins. Jeg get eigi sjeð, að það sje neitt óviturlegt eða ótilhlýðilegt, þótt vjer færum að dæmum annara eins stjórnfræðisvitringa og Englendinga. Þessa stjórnarreglu viðhafa þeir eigi einungis í hinum stærri aukalöndum, sem liggja langt burtu, heldur einnig á smáeyjunum heima við. Jeg skal leyfa mjer að nefna dæmi, litla eyju við vesturströnd meginlands Englands sjálfs, sem sje eyjuna Mön. Það er lítil eyja, einar 13 □ mílur, með 50—60 þús. íbúum. Hún er gamalt konungsríki, eins og Ísland er gamalt lýðríki. Eyjan hefur sinn landstjóra og sitt löggjafarþing. Hví skyldi þá Ísland, sem er miklu stærra, sem stóð sem lýðríki í nær 400 ár, ekki mega hafa sína stjórnarskipun, sinn landstjóra? Enn skal jeg nefna 2 eyjar, sem liggja fyrir sunnan England og vestur undan Frakklandi, þar sem Norðmenn tóku sjer bústað um sama leyti sem bræður þeirra forfeður vorir settust að hjer. Þessar eyjar heyra undir England; þótt þær liggi nær Frakklandi, þá eru þær ekki nema í fárra mílna fjarlægð frá Englandi. Þær hafa *ekki báðar saman*, *heldur hvor í sínu lagi* sitt löggjafarþing og sinn landstjóra. Stjórnarskipunin á þessum litlu eyjum er eigi alveg með sama hætti á báðum eyjunum, því á annari þeirra hefur landsstjórinn t. d. neitandi vald, á hinni ekki. Þegar jeg nú lít til þessa, er mjer það alls eigi skiljanlegt, hvaða torveldleikar geti verið á því, að Ísland, fósturjörð vor, sem í fleiri aldir var lýðveldi út af fyrir sig, skuli eigi geta haft svipaða stjórnarskipun eins og þessi aukalönd Englendinga, sem, eins og jeg sagði, skipta tugum í öllum heimsálfum. Og ef vjer svo snúum oss til lands vors sjálfs, og lítum yfir sögu Ísland, var það þá ekki á þeim tímum, þegar landið átti með sig sjálft, þegar húsbóndinn var heima, þegar stjórnin var í landinu, að Íslendingar — svo jeg við hafi orð skáldsins — «jukust að íþrótt og frægð»? Nú er hinu forna fyrkomulagi á stjórn landsins breytt. Húsbóndinn hefur

verið út í löndum um 600 ár. Og má jeg nú aptur taka mjer orð skáldsins í munn, og spyrja: «Höfum vjer gengið til góðs götuna fram eptir veg» á þessum tíma? Og aptur: «Hvað er nú orðið okkar starf þessi 600 sumur?» Jeg held ekki, að neinir útlendir og jafnvel ekki innlendir menn álíti, að oss hafi farið fram, að vjer höfum stigið fram á við; nei, jeg held að hitt verði heldur ofan á að allra áliti, að okkur hafi fremur þokað aptur á bak, og ástæðan til þessarar apturfarar, hún er einmitt einna helzt fólgin í því, að húsbóndinn, maðurinn með 100 augun, hefur ekki verið á heimilinu.

Hinn h. 6. kgk. var að vísu á þessari skoðun, en hann taldi samt ýms tormerki og áleit, að þó það væri sjálfsagt æskilegast, að stjórnarskrárbreyting kæmist á í þá stefnu, sem þetta frv. fer fram á, þá hjelt hann samt hyggilegast — eða svo skildist mjer ræða hans — að hallast að minni hlutanum, og var ekki fjarlægur því að álíta eins og þessi eini h. þm., sem er í minni hlutanum, að tiltækilegast væri að þingið sendi upp á gamla ráðgjafaþings vísu allra-þegnsamlegast ávarp til hans hátignar konungsins, og bæði um sjerstakan ráðsmann fyrir Ísland, sem mætti á þinginu og talaði hjer við okkur augliti til auglitis. Jeg skal ekki bera á móti því, að þetta kynni að vera heldur til bóta. En ráðsmaðurinu yrði samt að öllum jafnaði í 300 mílna fjarlægð frá heimilinu, svo jeg held það yrði þó mörgum vandkvæðum bundið, að hafa hans full not. Þessi ráðsmaður mundi líka þurfa að fá eitthvað fyrir starfa sinn, og jeg ímynda mjer að enginn ætlist til, að konungur færi sjálfur að launa honum úr sínum eigin vasa. Og ekki held jeg, að það geti heldur álitizt nein tortryggni við bræður vora Dani, þótt vjer ekki búumst við að þeir færu að opna sinn sjóð fyrir honum. (*Magnús Stephensen:* Þeir væru skyldugir til þess eptir stöðulögunum). — Jeg heyri ekki. — Og þótt Islendingar byðu fje fram í þessu skyni, mundi Dönum ekki þykja tilhlýðilegt að láta oss borga, af því þeir hafa tekið að sjer, þegar fjárhagsaðskilnaðurinn var gjörður, að sjá um kostnaðinn við stjórn Íslands, að því leyti sem hún væri í Danmörku. Jeg held því að sú tilhögun mundi mæta miklum vandkvæðum og torfærum. Það hefur verið tekið fram, að þessi nýja fyrirhugaða tilhögun yrði kostnaðarsöm og sagt að hún mundi kosta miklu meira en hægt væri að leggja á landið. Mín sannfæring er og jeg ætla að öllum hljóti að vera það ljóst, að kostnaður við hina fyrirhuguðu stjórnartilhögun verði talsvert meiri en kostnaðurinn við tilhögun sem nú er. Jeg ætla að öllum sje það ljóst, að nóg sje við fjeð að gjöra, nógar sjeu þarfirnar, og þó alþýða manna sje ekki nema í góðu hófi rík á fje til að launa embættismönnum, þá eru allir fúsir til að bera þann kostnaðarauka, sem leiðir af stjórnartilbreyting þessari. En þetta er einmitt *sönnun* fyrir því, að þörfin er brýn á því að fá bætt úr því sem er, að fá húsbóndann eða ráðsmanninn heim á heimilið, til þess búnaðarháttunum verði komið í betra horf. Jeg held, að fæstir mundu sjá eptir, þó um tugi þúsunda af krónum væri að ræða, að leggja krónurnar til, ef þeir með þeim hætti gæti öðlast þau gæði, að hafa húsbóndann heima og að landinu yrði stjórnað eptir eðlilegri lögum.

Jeg vil ekki lengja umræðurnar með því að fara út í þær smábreytingar, sem nefndin hefur gjört við frumv. Nd. Jeg vil einungis minnast á breyt.till., sem tveir háttv. kgk. þm. (M. St. og H. Sv.) hafa gjört. Það gladdi mig sannarlega, þegar jeg sá, hve einlæga ást þessir h. þm. bera til kvennþjóðarinnar, þar sem þeir nú þegar vilja gefa kvennfólki rjett til þingkosninga. Jeg kann sannarlega að meta hina brennandi ást, sem h. 6. kgk. þm. hefur sýnt kvennfólkinu bæði áður og einkum nú með breyt.-till. Jeg vildi óska, að jeg hefði getað fylgt h. uppástungumönnum, og jeg hefði gjarnan viljað gjöra það, já, fylgja þeim máske lengra, því jeg er líka sannfærður um, að þeir vilja helzt gjöra konur kjörgengar til alþingis, og þá mundi nú birta hjer í salnum, ef konur ættu sæti á öðrum hvorum stól. Það er ekki að því brosandi. Mönnum er víst ekki svo ókunnugt um mannkynssöguna, að þeir ekki viti, að konur hafa stjórnað heilum löndum og ríkjum, já, stjórna enn í dag, og hefur ekki þótt fara í neinum handaskolum. Jeg hefði, eins og jeg sagði, fúslega viljað fylgja uppástungumönnum; en hvað feginn sem jeg vildi, get jeg það nú ekki. Jeg hefi, svo jeg taki dálítið kennimannlega til orða, rekið mig á það í þessari *vondu veröld*, að maður verður stundum að brjóta odd af oflæti sínu, og að menn geta ekki fengið allt sem þeir óska.

Jeg er hræddur um, að hinn eldlegi áhugi hafi komið þessum h. þm. til þess að fara hjer svo sem þverhönd lengra en æskilegt er að svo komnu. Jeg hefi nokkra reynslu fyrir mjer í þessu efni. Fyrir 4 árum var hjer fyrir þinginu frv. til laga um bæjarstjórn á Akureyri. Jeg sem þingmannsnefna kjördæmisins bar það fram og kom því til leiðar eptir ósk bæjarbúa, að ákvarðanir um kjörgengi og kosningarrjett kvenna til bæjarstjórnar væru settar inn í það. Annar af þeim h. þm., sem nú komu með þessa breyt. till., hinn 3. kgk. (M. St.), fjallaði þá með mjer um frv. þetta, og var mjer samdóma um, að þetta væri ekki nema eðlilegur rjettur fyrir kvennfólkið. En hvernig fór? Frv. er sent til stjórnarinnar til þess að fá konunglega staðfesting. Akureyrarbúar, karlar sem konur, biðu og vonuðu. Eptir 2 ár kemur það upp úr kafinu, að ráðherra Íslands sem, hversu mikla virðingu sem jeg annars ber fyrir honum, þá verð jeg að ætla að sje eigi annar eins kvennavinur og þessir h. þm., álítur óhæfu að veita konum slíkan rjett og það í litlum bæ eins og Akureyri. Reynslan hefur gjört mig varkáran. Jeg er hræddur um, að ráðgjafinn sje enn ekki orðinn örlátur á kvennrjettinum, og þori því ekki, þó jeg feginn vildi, að vera með þessari breytingartillögu; en til þess þó að gjöra eitthvað fyrir málið, hefi jeg í sameiningu við aðra h. meðnefndarmenn mína komið fram með aðra breyt.till., sem jeg held að muni vinna sama gagn. Sú tillaga fer ekki fram á að setja ákvæði um kosningarrjett kvenna nú þegar inn í stjórnarskrá, heldur leyfi, að hann megi síðar veita með lögum, og ætla jeg að það þyrfti þá eigi að láta það lengi dragast. Okkur datt í hug, að ef svo skyldi vera, að stjórninni væri ekki mikið gefið um þennan kosningarrjett til handa kvennfólkinu, þó mætti svo fara, að þetta yrði þröskuldur fyrir því, að sjálft frv. yrði samþykkt, því jeg er góðrar vonar um, að í öðrum atriðum muni stjórnin fallast á það og konungur staðfesta það, því jeg ætla að það hljóti að vera öllum auðsætt, háum sem lágum, vitrum sem óvitrum, að þetta frv., ef það verður að lögum, er til mikilla bóta, til mikilla heilla fyrir land og lýð. Jeg álít ekki tilhlýðilegt að vantreysta því, að stjórn og konungur fallist á það, og í því trausti lýsi jeg yfir því, að jeg er *fastráðinn* í því, að fylgja málinu með þeim smábreytingum, sem mjer finnast gjörðar hjer til bóta, en sem ekki raska aðalstefnu þess.

Framsögumaður (Benidikt Kristjánsson): Jeg er þakklátur h. 6 kgk. þm. (H. Sv.) fyrir hinar góðu undirtektir hans í þessu máli, því að jeg skildi ræðu hans svo, sem hann játaði, að landið hefði sanna þörf á þeirri stjórnartilhögun, sem hjer er farið fram á. Hann lýsti með ræðu sinni heitri föðurlandsást. Mjer kom til hugar, að tilfinningar hans væru heitari en mínar, enda er jeg nú farinn að gjörast gamall og grár fyrir hærum og tilfinningar mínar kunna því að vera kaldari en hinna yngri manna. Það er að eins eitt atriði, sem jeg er honum ekki samdóma um, þar sem hann eins og hneigðist snöggvast að skoðun minni hlutans í þessu máli í Nd. og Ed., af því að það mundi fást fremur, sem minni hlutinn ræður til; en það, sem frv. fer fram á, mundi eigi verða staðfest. En það getur enginn sagt með nokkurri vissu, að tillaga minni hlutans í þessu máli fái betri byr hjá stjórninni en frv. sjálft. Jeg held, að jeg hafi tekið það fram við framhald 1. umr., að lagaákvæði, sem hafa í framkvæmdinni fengið fasta stefnu, muni vera búin að missa aðra og frekari þýðingu en þá, sem komið hefði fram í framkvæmdinni. Þannig er um það atkvæði stjórnarskrárinnar, að Ísland skuli hafa sjerstakan ráðgjafa. Þessu ákvæði eptir þess beinu og fullu þýðing hefur eigi verið fylgt í framkvæmdinni, því að dómsmálaráðgjafa Dana eru falin störf Íslandsráðgjafa. Þessu mundi nú naumast verða hrundið í lag án þess að breyta stjórnarskránni, úr því að ákvæði hennar er fylgt fram eins og nú er gjört. H. hæstv. ldsh. gaf að vísu hálfgjört fyrirheit um að óskir minni hlutans mundu verða teknar til greina. Þetta er þakklætisvert; en allt fyrir það getur ekki efinn vikið úr brjósti mínu, þrátt fyrir þetta fyrirheit, því að vjer vitum, hver leið hefur verið farin til framkvæmdar á ákvæðum stjórnarskrárinnar, og meðan hún er óbreytt, mun hin sama leið verða þrædd sem hingað til. Jeg spyr með efa: hvernig má bót fást á þessu? Hvernig ætti þá hinn danski ráðgjafi að koma hingað og semja við þingið, tala við þingmenn augliti til auglitis? Hvað ætli yrði þá úr störfum dómsmálaráðgjafa Dana á meðan? *(Hallgr. Sveinsson:* Sjerstakur Íslandsráðgjafi). — Jeg get nú vikið máli mínu til h. hæstv. ldsh. og ræðu hans í

þessu máli. Um hina almennu hlið málsins talaði jeg við 1. umr., og skal því eigi taka það upp aptur. Hann talaði um, að vald konungs sje dregið inn í landið; en því svaraði jeg við 1. umr. og læt mjer nægja að vísa til þess. Hann talaði og um, að vald konungs sje rýrt með þessu frv. Jeg held, að hann hafi vitnað til 3. gr. frv., þar sem sagt er að konungur hafi hið æðsta vald í öllum hinum sjerstaklegu málefnum landsins, með þeim *takmörkunum*, sem settar eru í stjórnarskipunarlögunum o. s. frv. Jeg skildi svo orð h. hæstv. ldsh., að hann legði sjerstaklega áherzlu á orðið „*takmörkunum*“. En hafa nokkrir þeir konungar verið í Danmörku, sem enga lagalega takmörkun hafa haft á valdi sínu? Jeg efast um það. Í sjálfum konungalögunum 14. nóv. 1665 eru settar ýmsar takmarkanir, og þó var með þeim aukið vald konungs, komið á og leitt í lög óbundið alveldi. Úr því að svo var, ættu menn þá að kippa sjer upp við það nú, að stjórnarlög setji konungi takmörkun, þar sem þingbundin stjórnarskipun er á komin? Þegar svo er aðgætt, í hverju þessar takmarkanir einkum eru fólgnar, þá eru þær eiginlega ekki aðrar, en að konungur lætur landstjóra, sem hefur aðsetur sitt á Íslandi, framkvæma vald sitt hjer á landi. En hvað er landstjórinn? Eigi annað en umboðsmaður konungs, eða, — eins og h. þm. Eyf. (E. Á.) svo heppilega komst að orði, — ráðsmaður konungs á útibúinu hjer á þessu kalda landi, Íslandi, sem liggur í 300 mílna fjarlægð frá konungsstólnum. Konungur gefur honum fullmættisumboð til að gegna hjer verkum sínum í sínu nafni, með þeim sömu einkennum, sem önnur slík umboð hafa.

H. hæstv. landshöfðingi fann að 31. gr. frv., sem byrjar svo: «Jafnskjótt og alþingi er komið saman, skal leggja fyrir það frv. til fjárlaga fyrir fjárhagstímabilið, sem í hönd fer»; og gat þess, að þá ætti að leggja frv. til fjárlaga einnig fyrir aukaþing. En h. hæstv. landsh. hefur sjálfsagt ekki gáð að breyt. nefndarinnar, sem hefur sett: «jafskjótt sem hið *reglulega* alþingi» í staðinn fyrir: «Jafnskjótt og alþingi», og nægir því að benda honum á þetta sem svar upp á aðfinningar hans við greinina.

H. hæstv. landshöfðingja þótti og 53. gr. ófær, þar sem svo er ákveðið: «Kviðdóma í sakamálum skal í lög taka svo fljótt sem verða má». Jeg veit ekki betur en að hin sama ákvörðun finnist í grundvallarlögum Dana, þótt engin sjerstök lög sjeu enn komin út um það. Þetta ákvæði 53. gr. skil jeg sem heimild til að innleiða kviðdóma, og þótt þar standi, að þá *skuli* í lög taka sem fyrst, þá getur það þó ekki skoðast öðru vísi en sem áskorun til löggjafarvaldsins, að koma kviðdómunum á, þegar tími er til kominn og kringumstæður leyfa.

H. landshöfðingi sagði, að frv. veitti hvorki meiri mannrjettindi nje heldur meira frelsi en stjórnarskráin. En ef frv. þetta yrði að lögum, yrði þó stjórnin ekki eins þunglamaleg og seinfær, eins og nú, og málin mundu ekki þurfa að fara eins miklar krókleiðir eins og nú. Það getur verið, að t. d. bóndinn fái ekki beinlínis betra færi á að stunda bú sitt og að svo kunni að vera með aðra atvinnuvegi; en hjer eiga víst fyllilega við orðin: «Maðurinn lifir ekki af einu saman brauði». Stjórnarlög eiga að hafa jafnframt annað og hærra takmark fyrir augum. Svo má ekki gleyma því, að margs konar hagsbót leiðir af þessu nýja stjórnarfyrirkomulagi, sem kemur ekki sjerstaklega fram beinlínis við hvern einstakling, heldur við þjóðina í heild sinni, enda á ekki einungis að líta á einstaklinginn, heldur einnig og einkum á alla þjóðina sem eina heild, og hefi jeg áður talað um, að hún fengi meira sjálfstæði og sjálfsforræði; en það væri skilyrði fyrir framför og þroska. H. landshöfðingi brýndi það sterklega fyrir oss, að þm. ættu ekki að fara eptir vilja kjósanda sinna, heldur eptir sannfæringu sinni eingöngu. En úr því að vjer megum ekki fara eptir vilja kjósanda vorra sannfæringarlaust, sem er í alla staði rjett, hví er þá hvað eptir annað verið að ota að oss skoðunum og vilja *stjórnarinnar?* Eiga þá þm. fremur að fylgja skoðunum hennar og vilja? Jeg segi nei. Þingmenn eiga að halda því fram, sem þeir telja happasælast, æskilegast og bezt. Jeg efast heldur ekki um, að allir þingmenn fylgi þeirri meginreglu, og fari eptir sannfæringu sinni, þótt eigi sjeu þeir áminntir um það.

Jeg get ekki verið h. hæstv. landsh. samdóma um, að frv. veiki sambandið milli konungsins og Íslendinga og sambandið milli Islands og Danmerkur. Nei, það getur ekki orðið, heldur verður þetta band flækjuminna; þetta band verður hnútalaust.

Af því að jeg hef heyrt hjer í dag ræður, sem hafa borið vott um heita ættjarðarást, svo að jeg þarf engu þar við að

bæta, þá ætla jeg ekki að tala meira að þessu sinni.

Landshöfðingi: Jeg ætla að eins að leyfa mjer að leiðrjetta eitt atriði í ræðu hins h. framsögum. (B. Kr.); hann talaði um, að jeg hefði gefið fyrirheiti um, að óskir minni hluta nefndanna í h. deildum alþingis í þessu máli mundu verða teknar til greina af stjórninni. Jeg hef eigi gefið fyrirheiti um það; en jeg tek aptur fram það, sem jeg hef áður sagt, að sú stefna álít jeg að gangi í eðlilegri og tilhlýðilegri átt til að bæta hið helzta úr annmörkum þeim, sem mönnum nú þykja vera á stjórnarfyrirkomulaginu. Þótt eigi sje víst, að því yrði framgengt, finnst mjer eigi áhætta á að fara fram á það, og að margra áliti mikið unnið, ef það gæti fengizt; það kostar að minnsta kosti eigi 20—30,000 kr., eins og nýtt þing mundi kosta næsta sumar, ef frv. yrði samþykkt. Þar sem h. framsögum. skildi svo orð mín, að jeg hneykslaðist á því, að konungsvaldinu yfir höfuð væru sett takmörk, þá var þetta eigi meining mín; en þar sem í frv. er ákveðið, að konungur hafi hið æðsta vald, og að landsstjórinn hafi líka þetta sama æðsta vald, þá finnst mjer fyrri ákvörðunin vera þýðingarlaus, og þau takmörk jafnframt sett, sem jeg efast um að muni finnast í stjórnarskrá nokkurs lands. Þar sem h. 2. þm. Eyf. (E. Á.) vitnaði í stjórnarfyrirkomulag í nýlendum Englendinga, þá vil jeg taka það fram, að það má eigi taka eitt atriði út úr í því stjórnarfyrirkomulagi og leggja alla áherzlu á það, heldur verður það að fylgja með, að parlamentið getur bæði sett og upphafið stjórnarskipunarlög nýlendumanna. Þetta fyrirkomulag vildi h. þm. eigi leggja til fyrir Ísland, þótt því væri samfara, að landsstjóri fengizt, sem gæti samþykkt eða neitað lögum o. fl. Þar sem h. framsögum. (B. Kr.) tók fram, að vilja stjórnarinnar væri otað fram í máli þessu, þá er þetta eigi rjett, heldur er yfir lýst skoðun stjórnarinnar og því, sem hún álítur bezt og hentast í þessu tilliti. Viðvíkjandi því, sem h. framsögum. sagði ennfremur, að sambandið milli Íslands og Danmerkur mundi eigi veikjast við þessa stjórnarbreytingu, sem hjer er farið fram á, þá ætla jeg eigi að reyna að sannfæra hann um það atriði; en það hygg jeg liggja í augum uppi, að svo muni verða, þegar landsstjórinn á að gjöra nálega allt, sem nú heyrir undir konungsvaldið; konungur á að eins að skrifa undir það sem honum er sent; hann á ekki einu sinni að hafa neinn ráðgjafa sjer við hönd í Íslands málum. Þetta virðist mjer laust samband, ef það getur kallast því nafni, milli konungs og landsins og milli aðalhluta ríkisins og Íslands. H. framsögum. játaði, að mannrjettindi Íslendinga, svo sem atvinnufrelsi, mundi eigi vaxa, þótt þessi stjórnarbreyting kæmist á; en hann áleit, að þjóðrjettindin mundu þróast og vaxa. Jeg get eigi skilið, að svo muni verða, því að þingið fær eigi meira vald eptir frv., en það hefur nú, og þar sem hann tók fram, að aukning þjóðrjettindanna væri fólgin í því, að úrslit málanna gengi fljótara, þá held jeg að afgreiðsla málanna gangi ekki svo sjerlega seint, að þurfi að kvarta yfir því. Mjer gleymdist áðan, þegar jeg minntist á nýlendustjórn Englendinga, að taka það fram, að ráðgjafi situr við hönd drottningarinnar heima á Englandi, sem hefur æðsta vald í málum nýlendumanna; ekkert því líkt er í frumv. þessu og hygg jeg það því einsdæmi, sem farið er fram á í frv., og vildi jeg að h. 2. þm. Eyf. (E. Á.) gæti bent mjer á, hvar slíkt stjórnarfyrirkomulag sem þetta eigi sjer stað. Í Englandi eru, eins og jeg gat um, nýlenduráðgjafar við hlið drottningarinnar, og þótt nýlendustjórar hafi rjett til að samþykkja sjerstök lög fyrir nýlendurnar, þá er sá rjettur þeirra takmarkaður með því að aðalmál nýlendanna liggja undir parlamentið heima á Englandi, og parlamentið getur tekið af nýlendunum þá constitution, sem það áður hefur gefið þeim.

Sigurður Árnason: Það hafa nú verið útlistaðar svo ýtarlega, skarplega og ljóslega þær ástæður, sem liggja til grundvallar fyrir stjórnarskrárbreyting þeirri, sem hjer er um að ræða, bæði af framsögumanni (B. Kr.), hinum 6. kgk. (H. Sv.) og þm. Eyf. (E. Á.), að mjer finnst ekki ástæða til að fara út í þær. Þingmaður Eyfirðinga (E. Á.) færði til svo ljóst dæmi, að jeg hygg, að ef einhverjir hafa verið efandi áður, þá hafi þeir af ræðu hans sannfærzt um, að hjer á við málsháttur inn: «hollt er heima hvað». Það hlýtur að vera öllum ljóst, að það er jafnan hollast og bezt, að húsbóndinn sitji heima að búi sínu og stjórni því sjálfur, hvort sem það er stórt eða lítið; á því er enginn efi. Hinn hæstv. landshöfðingi sagði við 1. umræðu þessa máls, að

menn eigi heldur að fylgja sinni eigin sannfæring, en ósk eða vilja kjósendanna. Þetta játa jeg hátíðlega satt að vera, og vil jeg samkvæmt þessu lýsa yfir minni skoðun, og ekki einungis minni skoðun, heldur og kjósenda minna. Á fundi, sem við þingmenn kjördæmis míns hjeldum með kjósendum okkar í júnímán. í ár, þá lýstu þeir yfir vilja sínum í þessu máli, og skoruðu á okkur að fylgja fram endurbót stjórnarskrárinnar. Og mín eigin lifandi sannfæring er sú, að brýn þörf sje á breytingum í öllum þeim aðalatriðum, sem stjórnarskrá þessi fer fram á, og sjer í lagi á því, að fá stjórn mála vorra sem mest inn í landið sjálft, því að hversu góðum vilja og viti sem hin danska stjórn er gædd, eða erlend stjórn, þá er henni *ómögulegt* út í Danmörk í 300 mílna fjarlægð frá oss að stjórna málum vorum jafn vel og viturlega og æskilegt væri og hún sjálf mundi kjósa. Menn hafa talað um kostnaðarauka þann, sem af hinu nýja stjórnarfyrirkomulagi mundi leiða, og ætlað á að hann mundi verða nálægt 20000 kr. og þaðan af meira. Það er eðlilegt, þótt þetta í fljótu bragði sýnist ekki lítill byrðarauki fyrir landið. En jeg hefi þá hugsun, þótt ekki sje víst að hún sje rjett, að svo megi haga stjórn landsins, að kostnaðaraukinn þurfi ekki að verða svo gífurlegur og jafnvel sárlítill. Jeg hygg, að þegar hin fyrirhugaða stjórnarbreyting kæmist á, þá hlyti hinn kostnaðarmesti hluti landsstjórnarinnar nú að hverfa inn undir yfirstjórnina, sem færist inn í landið. Vjer Íslendingar höfum lengi vanizt því sem er og öðru lakara í stjórnarfyrirkomulaginu, enda höfum við verið furðu þolinmóðir; en hvað mundu Danir segja, ef konungur sæti hjer út á Íslandi með öllu ráðaneyti sínu, annaðhvort og þriðja hvort ár? Jeg held þeir mundu ekki una því alls kostar vel. Jeg skal ekki fara lengra út í þetta, en bæti því þó við, að jeg er á skoðun þeirra manna, sem telja, að ekki sje dregið af valdi hans hátignar konungsins í stjórnarskrárfrumvarpi þessu. Það er ómögulegt vegna kringumstæðanna, að konungurinn sje hjer, og því óskum vjer að fá umboðsmann hans, ímynd hans veru, ef svo mætti að orði kveða, til gagns og sóma hingað til vor, svo að yfirstjórn lands vors geti verið nógu kunnug hinu innra ástandi þjóðfjelags vors; með því hlýtur öll stjórnarathöfnin að fara bezt fram, og geta orðið að sem beztum notum, að þeim notum, sem jeg veit að hans hátign konungurinn vill að hún verði; því efast jeg ekki um, að vjer munum fá þessa ósk vora uppfyllta, og jeg gef atkvæði mitt með þessu stjórnarskrárfrv., með þeirri lifandi sannfæring, að hjer sje farið fram á það stjórnarfyrirkomulag, sem oss sje hollast og bezt, og að oss muni veitast það. Viðvíkjandi breyt.till. hinna 2 háttvirtu kgk. þingmanna (H. Sv. og M. St.) um að rýmka rjett kvenna, þá er jeg, eins og þm. Eyf., þeim mjög þakklátur fyrir breyt.till. þeirra. *(M. St.:* Bezt að sýna það þá í verkinu). En eptir öllum ástæðum hygg jeg, að konum sje ekki mikið mein gjört, þótt þær þurfi að bíða eitt eða tvö ár eptir þessum rjetti, frá þeim tíma er þessi stjórnarskrárlög öðlast gildi, ef sú ákvörðun fær fram að ganga, að veita megi þeim rjett þennan með sjerstökum lögum. Aðrar breytingar hafa ekki komið fram, sem jeg þurfi að tala um. En jeg tek það fram, að jeg mun þakksamlega taka á móti öllum bendingum um breytingar, sem mjer þykir til bóta horfa, því mjer er annt um, að þetta frumv. verði sem allrabezt úr garði gjört.

Jakob Guðmundsson: Það er nú þegar búið að ræða um mál þetta af svo mörgum, og svo ljóslega og greinilega, að jeg hygg, að það hafi mjög skýrzt fyrir mönnum, og leitt þá enn betur í sannleikann en áður um, hvernig þeir ættu að greiða atkvæði fyrir hinum einstöku greinum þess og svo loksins fyrir frv. í heild sinni. En það verð jeg að taka fram, að ljósast og greinilegast finnast mjer báðar hliðar þess hafa verið sýndar af hinum h. 6. kgk. þm. (H. Sv.). Hann gjörði það svo ljóst, ýtarlega og rólega, að ekki var hægt að sjá, að hann væri að mæla fram sjerstaklega með annari þeirra, heldur sýndi hann kost og löst á báðum; og það verð jeg að segja, að hans ræða hefur haft mest áhrif á mig.

Að svo mæltu skal jeg víkja að aðalatriðum málsins. H. hæstv. landshöfðingi benti á, að sjer sýndust vera mótsagnir í þessu stjórnarskrárfrumvarpi og að ákvæði 3. gr. þess væru að nokkru leyti af numin síðar í frv. *(Landshöfð.:* Í 6. gr.). Já, einkum í 6. gr.; hún er eins og menn vita í frv. þannig: «Konungur skipar landsstjóra og víkur honum frá völdum. Landsstjóri hefur í umboði konungs hið æðsta vald í öllum hinum sjerstöku málefnum landsins, svo sem mælt er fyrir í stjórnar-

skrá þessari. Laun hans skulu ákveðin með lögum». Jeg held, að þeir sem samið hafa þessa grein og allar hinar síðari greinar, sem h. hæstv. ldsh. fundust koma í mótsögn við 6. gr., hafi haft það fyrir augum, að þegar konungur skipar landsstjóra, þá segir hann honum ekki að eins, að hann *eigi að vera landsstjóri*, heldur líka, hvernig *hann eigi að vera landsstjóri*, eptir hverjum reglum hann eigi að stjórna. Af konunglegu alveldi sínu mun konungur gefa landsstjóranum erindisbrjef til að fara eptir. Jeg játa, að máske hefði verið betra, ljósara og ákveðnara að taka þetta fram í frv., og til þess að 6. gr. verði ekki frv. að fótakefli fyrir þessar sakir, væri ef til vill rjettast að bæta inn í hana þessum orðum: «og eptir því sem konungur nákvæmar ákveður í erindisbrjefi sínu til landsstjóra». Jeg játa það, að þannig yrði hún skýrari, og geymi jeg mjer rjett til að hugsa betur um það til 3. umræðu, hvort jeg í sameining með fleirum finn ekki ástæðu til að bæta einhverri slíkri ákvörðun inn í frv. Þó fullyrði jeg ekki um það að sinni.

H. hæstv. ldsh. tók það fram, að hjer væri stefnt ekki einungis að því, að losa um sambandið milli Íslendinga og konungs, heldur og sambandið milli Íslendinga og Dana. Þetta skil jeg ekki; jeg hygg, að það þvert á móti muni verða enn þá ástríkara, traustara og affarabetra. Jeg veit, að nú eiga baráttu í heiminum tvær gagnstæðar hugmyndir, samstjórnarhugmyndin og sjerstjórnarhugmyndin. Samstjórnarhugmyndin stefnir að því, að safna stjórninni sem mest á einn stað, hversu víðlent sem ríkið er og hversu mörg lönd sem í því eru. En sjerstjórnarhugmyndin stefnir aptur á móti að því miði, að hvert fylki alríkisins eða hvert land þess, ef fleiri en eitt land heyra ríkinu til, hafi sem mest af stjórn sinna sjerstöku mála heima hjá sjer, og sú skoðun hefur verið á góðum rökum studd, að einmitt þetta stjórnarfyrirkomulag gjörði *heildina miklu styrkari*. Menn vita það á Íslandi, að ef heimilin í sveitinni taka frjálsum og góðum framförum, þá tekur sveitin það öll, og ef sveitirnar *í* fjórðungunum eflast að auðsæld og framförum, þá gjöra *fjórðungarnir* það líka *sjálfir*, og að framfarir fjórðunganna eru skilyrði fyrir *framförum landsins í heild sinni*. Ef þetta er rjett, þá verður sú ályktun beint dregin af því, þegar um Danakonungs ríki og lönd er að ræða, að því meiri framför, sem hvert einstakt land tekur undir frjálsri stjórn, því styrkvara verður ríkið *allt*, og sambandið styrkist og eflist; hver fær virðing fyrir öðrum, og eins framför og viðgangur verður hinum til gleði. Það þarf engan stjórnspeking til að geta sjeð þetta; það getur hver bóndinn sjeð, hver presturinn, sem þó ekki hefur lært stjórnfræði, fremur en bændur. Viðvíkjandi umboði því, sem sagt hefur verið að þjóðkjörnir þingmenn hafi frá kjósendum sínum í þessu máli, þá er það dagsanna, að því hefur ekki einungis verið hvíslað að þingmönnum áður en þeir fóru að heiman, heldur hafa þeir upphátt verið beðnir á fundum, að hugsa sem mest á þessu þingi um stjórnarskipunarmálið, en minna um smámálin. H. hæstv. ldsh. tók það fram, að menn ættu að fara eptir því, sem þeir álitu hollast og skynsamlegast. Þetta er hverju orði sannara. Þegar jeg boða kjósendur mína á fund, þá hugsa og tala bæði þeir og jeg; jeg segi þeim mínar skoðanir og þeir mjer sínar, og þegar margir eru saman komnir á fundi, þá eru ekki meiri líkindi fyrir, að jeg geti barið mínar skoðanir inn í höfuð og hjarta hundrað manna eða fleiri, en að þeir geti smeygt sínum skoðunum inn í höfuð mitt og hjarta. Jeg segi það satt, að þegar rætt var um mál þetta heima í hjeraði á fundi, þá töluðu aðrir meira með málinu í byrjun en jeg. Jeg talaði um og setti mönnum fyrir sjónir erfiðleikana, sem þetta hlyti að hafa í för með sjer, og kostnaðaraukann, og jeg held jeg hafi tekið fram það flesta, sem fram hefur komið hjer á þinginu um þetta; en það var án undantekningar, að menn sögðust vilja taka upp á sig kostnaðaraukann og kváðust mundu bera þá byrði með fúsara geði, af því að þeir legðu hana á sig sjálfir, en ef aðrir legðu líka byrði á sig. Það eru ógrundaðar getsakir, ef sagt er að þingmenn yfir höfuð sjeu ekki kunnugri skoðun almennings í þessu máli en í flestum öðrum málum, því um þetta mál hefur þjóðin hugsað rækilega nú um mörg ár, og það mun óhætt að segja: rækilegar en um flest önnur mál. Hvað viðvíkur þjóðkjörnum þingmönnum og konungkjörnum, þá get jeg ómögulega verið á því, að þeir myndi svo gagnstæða flokka, og þeirri skoðun ætti sem fyrst að útrýma. Það vita allir, að konungur kaus ekki þessa 6 menn á þing til

þess að berja fram sínar skoðanir; nei, því var fjarri, heldur gjörði hann það til þess að hafa trygging fyrir, að á þingi sæti að minnsta kosti nokkuð af menntuðum mönnum og vel hæfum til þingsetu, þar sem uggvænt gat verið, hvernig Íslendingum í byrjun tækist að kjósa fulltrúa sína. Jeg get ekki ímyndað mjer, að nokkur annar en erindreki stjórnarinnar þurfi að fylgja skoðun hennar hjer á þingi. En hann verður líka eindregið og skorinort að lýsa yfir skoðunum hennar, enda er það nauðsynlegt, til þess að menn geti hagað meðferð málanna svo mikið eptir því, sem þeir sjá sjer fært. Það hefur verið talað um miðlunaruppástungu hinna heiðruðu minnihluta í efri og neðri deild. Jeg játa það fúslega, að væri sjerstakur ráðgjafi fyrir Ísland og hefði hann að eins íslenzk mál að hugsa um, þá mundi hann geta kynnzt þeim betur og þar af leiðandi mundi betur verða fyrir þeim sjeð. Jeg játa það líka, að það gæti haft þýðing, ef hann gæti setið á þingi með oss, talað við oss, og haft persónuleg afskipti af oss, eins og lifandi orð hafa meiri áhrif en skrifuð ræða. En ef hann kæmi aldrei til Íslands, nema þennan stutta tíma, sem þing stendur yfir, þá er hætt við að hann mundi verða lengi að kynnast málum lands vors, og að mörg ár mundu líða, þangað til vjer gætum fengið fullt traust á kunnugleik hans á þeim, og það þótt honum væri gjört að skyldu að skilja og tala íslenzku. (*M. St.*: En ef hann væri Íslendingur?). Það væri mikill munur. En þá er jeg hræddur um að jeg þætti vera farinn að seilast í prærogativa konungs, ef jeg styngi beinlínis upp á því. Jeg segi h. þingdeild það, að þótt jeg vissi að jeg ætti lengi að bíða, þá mun jeg þolinmóður bíða «hræringar vatnsins»; því jeg vil heldur þessa stjórnarskrá, sem er, heldur en einhverja óverulega kákbreytingu, og jeg mun lifa í þeirri von, að vjer munum fá ósk vora uppfyllta, og deyja í þeirri sömu von, ef mjer hlotnast ekki að lifa þangað til það verður. En jeg segi þetta máske af því, hvað jeg er vongóður, og þessi von mín er ekki á engu byggð, þegar litið er til þess, hversu margt gott danskir konungar hafa gjört Íslandi, og til þess, til hversu margs góðs danskir ráðgjafar hafa ráðið konungum vorum; og þá er sannarlega undarlegt að ímynda sjer, að *þetta* þurfi að bíða svo marga áratugi; hitt liggur nær, að vænta að vjer munum bráðlega fá óskir vorar uppfylltar, oss til heilla og blessunar, konungi vorum til ævarandi sóma og samþegnum vorum í Danmörku til sannrar gleði.

Framsögumaður (Benidikt Kristjánsson): Jeg ætla einungis að tala fáein orð viðvíkjandi uppástungu h. þm. Dal. (J. G.) um, að bætt verði aptan við 6. gr. orðunum «eptir því, sem konungur nákvæmar ákveður í erindisbrjefi hans». Þessi viðbót virðis mjer óþörf, og mjer finnst þetta hlutur, sem leiði af sjálfu sjer, og sem ekki eigi við að taka fram í stjórnarskrá. Mjer finnst það eigi geta átt við í stjórnarskipunarlögum, að skipta sjer af sambandinu milli konungs og landsstjórans. Mjer getur eigi skilizt — jeg tek það fram út af því, sem h. landsh. sagði — að það gæti orðið konunginum tilfinnanlegt, að hann þyrfti að undirskrifa lög, án þess að hafa ráðgjafa sjer við hönd. Jeg hygg, að landsstjórinn mundi skipa svo fyrir, að þegar eitthvert lagaboð væri sent konungi til undirskriptar, þá færi einhver ráðgjafanna með á fund konungs, þ. e. að segja þegar um eitthvert af hinum sjerstaklegu málefnum fyrir Ísland er að ræða. En að því er til hinna sameiginlegu mála kemur, sje jeg ekkert það í þessu frv., sem geti verið á móti því, að Ísland í því tilliti hafi ráðherra, sem konungur hafi sjer við hönd til þess, að ráðgast við um hin sameiginlegu mál, og hugsa jeg mjer, að einhver af ráðherrum konungs hefði þá köllun á hendi, líkt og einn af þeim nú stendur fyrir Íslands sjerstöku málum, jafnframt því sem hann situr í öðrum ráðherrasessi fyrir Danmörku.

Ásgeir Einarsson: Jeg stend upp einungis til þess, að gjöra grein fyrir atkvæði mínu og sannfæringu minni. Jeg hefi hvorki verið í nefnd í þessu máli, nje heldur talað enn í því. H. ldsh. minntist á 31. gr. stjórnarskrárinnar, sem talar um skyldu þingmanna í stöðu þeirra sem þingmanna, þá skyldu, að hver alþingismaður sje að eins bundinn við sína sannfæring, en eigi við neinar reglur frá kjósendunum. Þetta skipar stjórnarskráin, og konungur hefur staðfest hana, jafnvel þó hann hafi ekki unnið eið að henni. Hver þingmaður vinnur eið að stjórnarskránni, og þá einnig að því, að hann skuli í öllum málum fylgja sannfæringu sinni. Ef þingmenn því ekki fylgja í hvívetna sinni sannfæringu, þá brjóta þeir stjórnarskrána, og gjörast þannig

eiðrofar. Þetta er mín lifandi sannfæring, og þó h. ldsh. segði, að það liti svo út sem þingmenn opt og tíðum ekki myndu eptir þessari 31. gr. stjórnarskrárinnar, þá tek jeg það ekki til mín, því hún er mjer jafnan í fersku minni. Þegar jeg þess vegna fylgi fram þessu máli, á meðan guð gefur mjer krapta til að komast hingað og sitja hjer, þá er það ekki af því, að jeg láti mig binda af reglum frá kjósendum mínum, eða af því, að jeg fari í þessu eingöngu eptir þeirra vilja og sannfæringu, heldur einmitt af því og engu öðru, að það er mín eigin lifandi sannfæring, að þetta mál eigi fram að ganga; jeg þakka guði fyrir það, að vilji og sannfæring kjósenda minna fellur í þessu máli saman við minn eiginn vilja og mína eigin sannfæringu. Nú skoða jeg þingið sem ráðaneyti konungs á aðra hliðina, og ráðgjafann á hina hliðina. Þingið á að bera fram fyrir konunginn óskir og þarfir þjóðarinnar, og ef það breytir sannfæringu sinni um það, hverjar sjeu þessar óskir og hverjar sjeu hinar sönnu þarfir þjóðarinnar, einungis af því, að stjórnin vill ekki taka þessar óskir til greina eða álítur ekki þessar þarfir sannar, þá verð jeg að segja, að þingið haldi ekki þann eið, sem það hefur svarið að stjórnarskránni. Þingið má því ekki breyta sannfæringu sinni við neina spádóma eða yfirlýsingu frá stjórninni, ef það byggur ekki slíka spádóma og slíka yfirlýsingu á neinum rökum byggða. Látum vera, að vjer ekki verðum bænheyrðir strax; vjer erum vanir því, Íslendingar, að mega bíða og bíða eptir að fá þingmálum vorum hrundið í það horf, er vjer æskjum. Til að sannfærast um það, þurfum vjer ekki annað en að líta til baka, á sögu hins liðna tímans. Ef stjórnin neitar skynsömum og á rökum byggðum kröfum vorum, þá er það á hennar ábyrgð, en ekki á vorri eða þingsins ábyrgð. Mjer dettur í hug, það sem maðurinn sagði við Spartverjana: «jeg veit hvað þið hugsið allir»; því mjer liggur líka við að segja: «jeg veit hvað allir Íslendingar hugsa». Jeg veit, að allir hugsandi Íslendingar munu hafa það eitt hugfast, að draga stjórnina sem mest verða má inn í landið sjálft. Hæstv. ldsh. minntist á 2. gr. stjórnarskrár vorrar, sem segir: «Hið æðsta vald á Íslandi innan lands skal á ábyrgð ráðgjafans fengið í hendur landshöfðingja, sem konungur skipar, *og hefur aðsetur sitt á Íslandi*». . . Ætli þetta komi ekki heim við það, sem h. þm. Eyf. (E. Á.) sagði, að þegar húsbóndinn er fjarlægur heimili sínu, þá sje bæði honum og heimilinu hollast að hafa ráðsmann, er sje jafnan nálægur á heimilinu til að líta eptir hjúunum og hafa umsjón með öllum hlutum þar? Það er heldur ekki að nauðsynjalausu, að konungur skipar hjer landshöfðingja, til mikils kostnaðar fyrir landið. Eins og jeg sagði áðan, þá er það í hvers manns brjósti, að stjórnin verði sem mest má verða dregin inn í landið, enda mætti telja mörg dæmi, sýna, hvað það hefur þýtt, að æðsta stjórn landsins er í slíkri fjarlægð, 300 mílna fjarlægð frá landinu, ókunnug, já, alókunnug landi og landsháttum. Jeg þarf ekki annað en að minna á málið um fiskiveiðar í landhelgi. Þegar það var rætt hjer á þingi 1883, voru allir því meðmæltir, konungkjörnir jafnt sem þjóðkjörnir, og sjálfur landshöfðinginn með. Það var afgreitt frá þinginu sem lög og sent stjórninni. Hvernig fór hún svo með það? Málið lá hjá henni fram undir tvö ár, og enginn vissi neitt um neitt, þangað til einn góðan veðurdag, að þau skeyti eru gjörð embættismönnum stjórnarinnar hjer, að Íslendingar geti ekki fengið vilja sinn í þessu máli. Hvernig fór svo? Svo sendir stjórnin inn á þetta þing frv. um fiskiveiðar, eins og *hún* vill hafa það; en þingið hefur svo að segja með einu atkvæði breytt því í sömu stefnu sem frv. það fór, er afgreitt var 1883. Nú er eptir að sjá, hvað stjórnin gjörir við ítrekaðar óskir þingsins. Hvílíkt er það vald, sem einskis virðir tillögur þings og þjóðar í máli sem þessu um fiskiveiðar í landhelgi, en leyfir að gengið sje á annan aðallífsbjargarútveg landsins af öðrum, útlendum þjóðum, er umkringja land vort sem Miðgarðsormur, og taka bitann út úr munninum á landsmönnum sjálfum; en samþegnar vorir í Danaveldi fá enn meira; þeir mega fiska inn á fjörðum, mót gildandi lögum, sem utanríkisþjóðum er þó ekki leyft. Er okkur Íslendingum ekki sama, hver útlendur maður veitir okkur yfirgang og gjörir oss óbætanlegt tjón? Þetta sýnir, hvað góð stjórnarskrá vor er, þar sem henni, ef þeim, sem með hana eiga að fara, býður svo við að horfa, má snúa eins og skopparakringlu. En þegar svona er ástatt, má þá vonast eptir, að nokkrum þjóðkjörnum þingmanni þyki óþarft að gjöra meiri tryggingu fyrir rjettindum þings og þjóðar? Jeg get ímyndað mjer, að sumir, jafnvel meðal hinna þjóð-

kjörnu þingmanna, sjeu hræddir um, að slík stjórnarskrá, sem nú er farið fram á, muni ekki svo fljótt ná staðfestingu; en jeg vil spyrja: eiga þeir fyrir það að breyta sannfæringu sinni eða breyta á móti henni, og segja sem svo: Þetta er landi mínu hollast, en af því stjórnin suður í Danmörku vill ekki að land mitt fái það, sem jeg álít því hollast og bezt, þá nenni jeg ekki að vera að berjast fyrir því? Látum vera, að við verðum að bíða; við erum orðnir því svo vanir. Hvað lengi máttu Íslendingar bíða, þangað til það fjekkst, að konungur skrifaði undir hinn íslenzka texta laganna? Jeg man líka svo langt, að kgk. þingmönnum hjer á þingi þótti það alveg ótækt, að farið væri fram á, að konungur skrifaði undir lög á máli, sem hann ekki skildi. En hvernig átti þá að dæma eptir lögunum, ef konungur að eins skrifaði undir hinn danska texta þeirra, en ekki undir íslenzka textann? Þetta tek jeg fram til að sýna, hve smásmuglega menn geta hugsað á stundum. Þegar talað var um að hafa þingsalinn opinn, á fyrsta ráðgjafarþinginu, kom einn þjóðkjörinn þm. (einn embættismaður) með þá speki, að það væri á móti laganna anda; en sá andi var ekki ódauðlegur, eins og aðrir andar, því þegar stiptamtmaður Rósenörn var í konungsfulltrúasæti, jarðsöng hann þennan lagaanda, því hann fann hann hvergi í laga-andaríkinu. Þegar rætt var um það, að konungsfulltrúinn væri íslenzkur, sagði einn konungkjörinn þingmaður, að það særði hjarta konungsins, að mega ekki kjósa þann fulltrúa sinn, er hann vildi helzt; en danskur maður á Hróarskelduþingi sagði að það særði hjarta þjóðarinnar, að heyra ekki sitt móðurmál talað á þinginu. Þetta sýnir, hvað auðvirðilega sumir geta talað þegar þeir vilja þóknast því, sem þeir halda að sje vilji stjórnarinnar, hvað sem sjálfra þeirra sannfæringu líður. Til að sýna, að hið íslenzka alþingi er vant við að biðja optar en einusinni, vil jeg taka fram tvö mál. Lengi fram eptir urðum við að bíða þess, að verzlunarfrelsið yrði í lög leitt, og, eins og kunnugt er, enn lengur þess, að stjórnarbótin fengist. Þeir, sem nú líta til baka til þeirra framfara, þó litlar sjeu, sem landið hefur tekið, síðan stjórnarbótin fjekkst, geta ímyndað sjer, hverjum framförum landið mundi hafa tekið á árunum frá 1850 til 1859, sem flest voru gæða-ár, ef frelsið hefði þá verið fengið. Svo þegar til stykkisins kemur, og menn fara að hugsa um, að fá stjórn sína bætta svo, að allra mögulegra framfara megi af henni vænta, þá vantreysta menn því, að ráðgjafi og konungur vilji fallast á þessa nauðsynlegu bót. Látum vera, að nokkur tími, jafnvel langur tími, líði þar til málefnið sigrar; en að það muni sigra, því skulum við allir treysta, svo framarlega sem við erum þess fullvissir, að það er gott málefni, sem við berjumst fyrir. Einn konungur gefur það, sem annar ekki hefur fengizt til að gefa. Kristján VIII. gaf oss ráðgjafarþingið. Friðrik VII. gaf oss verzlunarfrelsið, og Kristján IX. stjórnarskrá þá, er vjer höfum, og sem stjórna má landinu eptir, svo að góðu gagni verði, ef þeir vilja, sem með stjórnina eiga að fara, þó hins vegar megi fara svo með stjórnarskrána, að hún verði oss að litlu gagni. Allt er komið undir þeim mönnum, sem eiga með hana að fara. Sem sagt: jeg hræðist enga spádóma um það, að þetta góða málefni muni aldrei sigra. Jeg man fullvel eptir prestakosningarmálinu. Það var ekki spáð vel fyrir því máli hjer á þinginu; en þó veit hver lifandi maður, hvernig fór. Stjórnin sjálf leggur þetta mál fyrir þingið í ár. Jeg vil nú enda þessa ræðu mína með hinum sömu orðum, er jeg endaði tal mitt í því máli: Til er sá konungur, sem hefur konunganna hjörtu í sinni hendi. Það er ekki á mannanna valdi, hvort þeir standi lengur eða skemur undir kúgun og harðstjórn. Jeg hræðist ekki að leggja út í þetta mál, þetta stríð, og kvíði því ekki, að þetta stríð muni ekki fá happasæl endalok. Þetta er mín hugsun, og jeg vil að barna börn mín geti sjeð og heyrt, hvað jeg hef hugsað og talað í þessu máli, svo þau á síðan geti sagt: Svona hugsaði og talaði hann afi minn; hann var ekki hræddur að segja sína meiningu, hann hafði hinar beztu vonir. Hví skyldum við þá ekki þora að hugsa, tala og vona eins og hann.

Þegar hjer var komið (kl. 4¼ e. m.), áleit forseti málið vera orðið nægilega rætt, og frestaði fundi til kl. 6 e. m. sama dag til atkvæðagreiðslu í málinu.

Kl. 6 e. m. var fundurinn settur á ný og gengið til atkvæða, og fjellu þau á þessa leið:

1. gr. samþ. með 8 atkv. Breyt.till.

361 við 2. gr. samþ. með 10 atkv. 2. gr. með áorðnum breytingum samþ. í einu hljóði. 3. gr. samþ. með 8 atkv. Breyt.till. 361 við 4. gr. skoðuð sem orðabreyting. 4. gr. þannig breytt samþ. með 8 atkv. 5. gr. samþ. í einu hljóði. Breyt.till. 361 við 6. gr. samþ. með 10 atkv.; 6. gr. þannig breytt samþ. með 8 atkv. Breyt.till. 361 við 7. gr. *a.* samþ. með 10 atkv. Breyt.till. 361 við 7. gr. *b.* samþ. með 10 atkv. Breyt.till. 361 við 7. gr. *c.* skoðuð sem orðabreyting, samþ. án atkv.; 7. gr. þannig breytt samþ. með 9 atkv. Breyt.till. 361 við 8. gr. *a.* og *b.* skoðaðar sem orðabreytingar; 8. gr. þannig breytt samþ. með 9 atkv. 9. gr. samþ. með 8 atkv. Breyt.till. 361 við 10. gr. skoðuð sem orðabreyting; 10. gr. þannig breytt samþ. með 8 atkv. Breyt.till. 361 við 11. gr. samþ. með 10 atkv.; 11. gr. þannig breytt samþ. með 9 atkv. Breyt.till. 361 við 12. gr. *a.* samþ. með 10 atkv. Breyt.till. 361 við 12. gr. *b.* skoðuð sem orðabreyting; 12. gr. þannig breytt samþ. með 7 atkv. 13. gr. samþ. með 9 atkv. 14. gr. samþ. með 9 atkv. 15. gr. samþ. með 9 atkv. 16. gr. samþ. með 9 atkv. Breyt.till. 361 við 17. gr. samþ. með 9 atkv.; 17. gr. þannig breytt samþ. með 9 atkv. 18. gr. samþ. með 9 atkv. 19. gr. samþ. í einu hljóði. Breyt.till. 361 við 20. gr. samþ. með 8 atkv.; 20. gr. þannig breytt samþ. með 8 atkv. Breyt.till. 361 við 21. gr. samþ. með 7 atkv.; 21. gr. þannig breytt samþ. með 7 atkv. Breyt.till. 374 við breyt.till. 361 við 22. gr. felld með 6 atkv. móti 4. Breyt.till. 387 við 22. gr. samþ. í einu hljóði. Breyt.till. 361 við 22. gr. samþ. með 8 atkv.; 22. gr. þannig breytt samþ. með 9 atkv. Breyt.till. 374 við 23. gr. tekin aptur. 23. gr. samþ. með 9 atkv. Breyt.till. 387 við 24. gr. samþ. með 10 atkv.; 24. gr. þannig breytt samþ. með 9 atkv. 25. gr. samþ. með 8 atkv. 26. gr. samþ. í einu hljóði. Breyt.till. 361 við 27. gr. skoðuð sem orðabreyting; 27. gr. þannig breytt samþ. með 9 atkv. Breyt.till. 361 við 28. gr. *a.*, *b.* og *c.* skoðuð sem orðabreyting; 28. gr. þannig breytt samþ. í einu hljóði. Breyt.till. 361 við 29. gr. skoðuð sem orðabreyting; 29. gr. þannig breytt samþ. með 9 atkv. 30. gr. samþ. í einu hljóði. Breyt.till. 361 við 31. gr. *a.* samþ. með 10 atkv. Breyt.till. 361 við 31. gr. *b.* og *c.* samþ. án atkv. sem orðabr.; 31. gr. þannig breytt samþ. í einu hljóði. Breyt.till. 361 við 32. gr. samþ. sem orðabr.; 32. gr. þannig breytt samþ. í einu hljóði. Breyt.till. 361 við 33. gr. samþ. sem orðabreyt.; 33. gr. þannig breytt samþ. í einu hljóði. Breyt.till. 361 við 34. gr. *a.* og *b.* samþ. sem orðabr.; 34. gr. þannig breytt samþ. í einu hljóði. Breyt.till. 361 við stöðu 35., 36. og 37. gr. samþ. í einu hljóði. 35. gr. samþ. í einu hljóði. 36. gr. samþ. í einu hljóði. 37. gr. samþ. í einu hljóði. Breyt.till. 361 við 38. gr. samþ. sem orðabreyt.; 38. gr. þannig breytt samþ. í einu hljóði. 39. gr. samþ. í einu hljóði. Breyt.till. 361 við 40. gr. samþ. sem orðabreyt.; 40. gr. þannig breytt samþ. með 10 atkv. Breyt.till. 361 við 41. gr. samþ. sem orðabreyt.; 41. gr. þannig breytt samþ. í einu hljóði. 42. gr. samþ. í einu hljóði. 43 gr. samþ. í einu hljóði. Breyt.till. 361 við 44. gr. samþ. með 10 atkv.; 44. gr. þannig breytt samþ. í einu hljóði. 45. gr. samþ. með 10 atkv. Breyt.till. 361 við 46. gr. samþ. sem orðabreyt.; 46. gr. þannig breytt samþ. í einu hljóði. Breyt.till. 361 við 47. gr. samþ. sem orðabreyt.; 47. gr. þannig breytt samþ. með 10 atkv. Breyt.till. 361 við 48. gr. *a.* og *b.* samþ. sem orðabreyt.; 48. gr. þannig breytt samþ. með 8 atkv. Breyt.till. 361 við 49. gr. samþ. sem orðabreyt.; 49. gr. þannig breytt samþ. með 8. atkv. Breyt.till. 361 við 50. gr. samþ. sem orðabreyt.; 50. gr. þannig breytt samþ. með 9 atkv. 51. gr. samþ. í einu hljóði. Breyt.till. 361 við 52. gr. samþ. sem orðabreyt.; 52. gr. þannig breytt samþ. með 9 atkv. 53. gr. samþ. með 6 atkv. móti 5. Breyt.till. 361 við 54. gr. samþ. í einu hljóði; 54. gr. þannig breytt samþ. í einu hljóði. Breyt.till. 361 við 55. gr. *a.* og *b.* samþ.

sem orðabreyt.; 55. gr. þannig breytt samþ. með 8 atkv. 56. gr. samþ. í einu hljóði. Breyt.till. 361 við 57. gr. *a.* og *b.* samþ. sem orðabreyt.; 57. gr. þannig breytt samþ. í einu hljóði. Breyt.till. 361 við 58. gr. samþ. sem orðabreyt.; 58. gr. þannig breytt samþykkt í einu hljóði. Breyt.till. 361 við 59. gr. samþ. með 7 atkv.; 59. gr. þannig breytt samþ. með 7 atkv. 60. gr. samþ. í einu hljóði. Breyt.till. 361 við 61. gr. samþ. sem orðabreyt.; 61. gr. þannig breytt samþ. í einu hljóði. Breyt.till. 361 við 62. gr. samþ. sem orðabreyt.; 62. gr. þannig breytt samþ. í einu hljóði. 63. gr. samþ. í einu hljóði. Breyt.till. 361 við 64. gr. samþ. með 7 atkv.; 64. gr. þannig breytt samþ. með 10 atkv. Breyt.till. 361 við 65. gr. samþ. sem orðabreyt.; 65. gr. þannig breytt samþ. í einu hljóði. Breyt.till. 361 við 66. gr. *a.*, *b.* og *c.* samþ. sem orðabreyt; 66. gr. þannig breytt samþ. í einu hljóði. 67. gr. samþ. í einu hljóði. 68. gr. samþ. með 9 atkv. Breyt.till. 361 við 69. gr. *a.* og *b.* samþ. sem orðabreyt.; 69. gr. þannig breytt samþ. í einu hljóði. Breyt.till. 361 við 70. gr. samþ. sem orðabreyt.; 70. gr. þannig breytt samþ. í einu hljóði. 71. gr. samþ. með 10 atkv. Breyt.till. 361, fyrir ofan 72. gr. komi VII. samþ. í einu hljóði. Breyt.till. 361 við 72. gr. samþ. sem orðabreyt.; 72. gr. þannig breytt samþ. með 9 atkv. 73. gr. samþ. með 8 atkv. Ákvarðanir um stundarsakir í frv. felldar með 10 atkv. Breyt.till. 361, ákvæði um stundarsakir samþ. með 10 atkv.

Frv. var síðan vísað til 3. umr. með 8 atkv.

Fertugasti og fimmti fundur, föstudaginn 21. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi, nema forseti (P. P.), er eigi gat komið sökum embættisanna, og þm. Strand. (Á. E.), sem var sjúkur. Gekk varaforseti (Á. Th.) til forsetasætis og stýrði fundinum.

Frumvarp til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir árin 1882 og 1883 (C. 351); 2. umr.

Umræðulaust var gengið til atkvæða, og tekjubálkurinn samþ. í einu hljóði; gjaldabálkurinn samþ. með öllum atkv.; innstæðan samþ. í einu hljóði; peningaforði landssjóðs samþ. í einu hljóði; tekjueptirstöðvar samþ. í einu hljóði. Fyrirsögnin samþ. án atkvæðagr.; frv. í heild sinni samþ. í einu hljóði og vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1882 og 1883 (C. 341); 2. umr.

Umræðulaust 1. gr., 2. gr., 3. gr., 4. gr. og 5. gr. allar samþ. hver um sig í einu hljóði. Frumv. samþ. í einu hljóði og vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Frumvarp til laga um lán úr viðlagasjóði handa sýslufjelögum til æðarvarpsræktar (C. 369, breytingartill. 373); 2. umr.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg skal leyfa mjer að fara örfáum orðum um breytingar þær við frv. þetta, sem jeg og annar háttvirtur þm. (M. St.) höfum leyft okkur að koma með (C. 373). Í 2. gr virtist oss orðin: «og hreppstjóri skal» ekki eiga sem bezt við orðaskipun greinarinnar að öðru leyti, og höfum við því stungið upp á, að breyta þessu þannig: «og skal hreppstjóri hver». Í 4. gr. höfum við lagt til, að «þá» sje fellt í burt, því að okkur sýnist því þar ofaukið. Þá höfum við komið með þá breyting við sömu grein, að í staðinn fyrir: «vilji hann ekki vinna eiðinn eða það sannist», komi «treystist hann ekki til að vinna eiðinn eða sannist það». Þetta er að eins orðabreytingar, sem jeg þarf ekki að tala fleira um. Í fyrirsögnina höfum við stungið upp á að skjóta inn í «til» á undan handa; er það bæði rjettara og fegurra, að segja *til handa*, en eingöngu *handa*, þótt það komi fyrir í mörgum lögum frá þessari deild, og jafnvel hin vandvirka neðri deild hafi lofað því að haldast í frumvörpum, sem hún hefur fjallað um. Þá eru tvær breytingar eða athugasemdir, sem ætlaðar eru skrifstofunni, það eru tvö högg («kommur»), sem í frv. vanta, annað í 2. gr. á eptir «sýslunni», og hitt í 4. gr. á eptir «framtal». Jeg vona, að h. þingm. sjái, að hjer er að eins um orðabreytingar að ræða, og

sömuleiðis vona jeg, að þeim muni fremur þykja til bóta breytt.

Jón Pjetursson: Því fer miður, að h. varaforseti (Á. Th.) getur ekki talað í máli þessu, af því að hann situr nú í forsetasætinu. Mjer sýnist frv. þetta svo úr garði gjört, að þingið geti ekki samþykkt það. Það gengur út á að veita lán sýslunefndum í 4 sýslum, Snæfellsness, Dala, Barðastrandar og Strandasýslum; en jeg veit ekki til, að nokkur sýslunefnd hafi beðið um lán í þessu skyni; en aptur veit jeg, að nokkrir menn hafa beðið um lán til æðarvarpsræktar. Þessar 10,000 kr., sem hjer er um að ræða, eru því boðnar sýslufjelögum, sem aldrei hafa beðið um þær. Að því er Ísafjarðar og Mýrasýslu snertir, þá eiga þær annaðhvort að fá 10,000 kr. lán út af fyrir sig, eða í sameiningu með hinum fjórum sýslunum; þetta er svo óljóst orðað í frumv., að ekki er hægt að sjá, hvort heldur eigi að vera Og hvernig á að skipta þessum 10,000 kr.? á að deila þeim með 6 eða með 4? Um það er ekkert kveðið á í frv.; þar er að eins sagt, að lánið skuli veitast, en ekki, hvernig því skuli skipta. Svo þegar til borgunarinnar kemur, þá eiga hreppstjórar að skýra frá, hversu mörg pund af æðardún fáist af hverri varpjörðu, og sýslumenn eptir þeirri skýrslu að jafna endurgjaldi lánsins niður á ábúendur varpjarðanna. En hvað veit t. d. sýslumaðurinn í Dalasýslu, hversu mörg æðardúnspund hafa fengizt í Snæfellsnessýslu? Og eptir hverju á hann þá að fara við niðurjöfnun endurgjaldsins á láninu? Eins og jeg gat áðan, þá hefur engin sýslunefnd beðið um lán, heldur nokrir bændur á æðarvarpsjörðum, og þá sýnist mjer það vera skrítinn framgangsmáti, að vera að bjóða sýslunum lánið, og ekki samkvæmni í því, að troða þessu láni, eptir því sem mjer sýnist, upp á fjórar af sýslunum, en leyfa hinum tveimur að vera sjálfráðum, hvort þær vilja taka það eða ekki. Eins og mál þetta er vaxið, hygg jeg að þingið muni fella það.

Jakob Guðmundsson: Þessar fáu orðabreytingar, sem hjer liggja fyrir, sýnast mjer heldur til bóta, og finnst mjer því ekkert á móti því, að fallast á þær. Við víkjandi athugasemdum hins h. 2. kgk. (J. P.), skal jeg játa það, að jeg skildi ekki hugsunarhátt hans eða ástæður. Mjer heyrðist hann álíta það gilda ástæðu gegn frv., að sýslunefndirnar hefðu ekki beðið um þetta lán. En jeg get ekki skilið, að nokkur geti lagt í frv. annan skilning en þann, að þingið vilji með því veita þeim mönnum aðgang, að láninu, sem bundizt hafa í fjelag til eflingar æðarvarpi, einkum í þeim tilgangi, að friða það fyrir vargi. En það, að sýslunefndirnar fái lánið, finnst mjer vera svo að skilja, að fjelagsmenn verði, hver um sig, að snúa sjer að sinni sýslunefnd til þess að fá þá hlutdeild í því, sem þeir óska, og þá, þegar þeir hafa gjört það, tekur sýslunefndin lánið með þeim kjörum, sem hjer eru ákveðin. Svona held jeg það hljóti að ganga til. Hvað þessar tvær sýslur snertir, Mýra- og Ísafjarðarsýslu, þá kemur það ekki til, að þær fái neina hlutdeild í láninu fyr en þær beiðast þess. Þar sem hinn sami h. þm. hreyfði því, að það væri óhugsandi, að sýslumaðurinn í Snæfellsnessýslu gæti vitað, hversu mörg dúnpund hver jörð gæfi af sjer í Dalasýslu, og aptur á hinn bóginn, að sýslumaðurinn í Dalasýslu gæti ekki vitað um æðarvarpið í Snæfellsnessýslu, þá held jeg að þetta sje óþarfa mótbára, því þótt fjelagið sje eitt, skiptist það þó í margar deildir. Sýslunefndin veit, hvað mikið er tekið af láninu í sínu umdæmi, og hana varðar ekki um annað en að jafna niður kostnaðinum innan síns umdæmis. Jeg get yfir höfuð ekki sjeð, að hjer sjeu nein vandkvæði fyrir höndum.

Landshöfðingi: Jeg skal að eins leyfa mjer að gjöra stutta athugasemd í tilefni af ræðu h. 2. kgk. þm. (J. P.). Hann kvaðst ekki geta sjeð, hvaða þýðingu orðin: «ef þær beiðast þess» í 1. gr. frv. hefðu. Honum fannst ekki ljóst, hvort þau ættu við allar sýslurnar eða einungis við hinar tvær síðast töldu sýslur, Mýra- og Ísafjarðarsýslur. Jeg fyrir mitt leyti er í engum efa um, að þessi orð eiga við allar sýslurnar; þeim er öllum gefinn kostur á að fá lán úr viðlagasjóði til að geta styrkt þessi fjelög, sem um er að ræða, ef þeim þykir málið svo miklu varða fyrir sýslufjelögin. Þetta er víst hinn rjetti skilningur greinarinnar, og orð hennar virðast ekki að gefa tilefni til annars skilnings. Mýra- og Ísafjarðarsýslur eru settar síðast og sjer, sjálfsagt af því, að minni líkindi eru til, að þær muni fara fram á þetta lán; en meiningin er sú, að allar sýslurnar geti fengið lán og með sömu kjörum. Það er að vísu svo, að sýslunefndirnar hafa ekki farið fram á þetta

lán, heldur varpeigendurnir sjálfir eða varpeigendafjelög; en það þótti ekki tiltækilegt fyrir landssjóð. að veita þessum fjelögum lánið, heldur sýslufjelögunum, sem svo aptur gætu styrkt varpeigendurna eða fjelög þeirra með lánsfjenu, ef þau álitu fyrirtækið þess vert. Sýslunefndunum er þannig *gefinn kostur* á að fá þetta lán; en því er alls ekki neytt upp á þær. Það er undir sjálfum þeim komið, hvort þær vilja beiðast þessa láns eða eigi. Jeg held það sje ljóst orðið af umr., að mál þetta sje nokkurs vert, og að ástæða sje fyrir þingið að styðja það á þann hátt, sem farið er fram á í frv. þessu.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með 7. atkv., breyt.till. 376 við 2. gr. samþ. í einu hljóði, 2. gr. breytt samþ. með 8 atkv., 3. gr. samþ. með 7 atkv., breyt.till. 376 við 4. gr. a samþ. með 9 atkv. Breyt.till. 376 við 4. gr. b samþ. í einu hljóði; 4. gr. þannig breytt samþ. með 8 atkv. Breyt.till. 376 við fyrirsögnina samþ. með 8 atkv. Fyrirsögnin þannig breytt samþ. Frv. í heild sinni samþ. með 8 atkv., og vísað til 3. umr.með 8 atkvæðum.

Fertugasti og sjötti fundur, laugardaginn 22. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi, nema forseti, sem hafði tilkynnt forföll sín. Gekk því varaforseti til forsetasætis og stýrði fundinum.

Varaforseti skýrði frá, að uppástunga væri kominn frá 4 þingmönnum, B. Kristjánsson, Sighv. Árnasyni, E. Ásmundssyni og Sk. Þorvarðarsyni, um að taka á dagskrá í dag frv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands; uppástunga sú var borin upp til atkvæða og samþykktu hana 7 þm., en 3 voru á móti, og var því eigi nægur atkvæðafjöldi fyrir uppástungunni eptir þingsköpunum. Varaforseti gat annarar uppástungu, um að taka stjórnarskrárfrv. fyrir á kvöldfundi, en að sú uppstunga yrði eigi útkljáð fyr en í fundarlok.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1886 og 1887 (C. 353, breyt.till. 374, 377, 378, 379, 386); 2. umr.

Framsögumaður (Magnús Stephensen): Jeg gat þess við 1. umr. þessa máls, að breytingar nefndarinnar hefðu sumpart snert formið, sumpart efnið. Breytingarnar að forminu fara í þá átt, að stytta frv., svo að það yrði greiðara aðgöngu við reikningsfærslu. En nú hefur nefndin orðið þess vör, að það er mikið áhugamál fyrir neðri deild, að þessi sundurliðun haldist, og af því nú er stuttur tími orðinn eptir, þá vill nefndin hjer sýna tilhliðrunarsemi í þessu, í von um tilhliðrunarsemi aptur á móti frá Nd., og tekur því þessar breytingar sínar aptur, sem miða að því að færa sundurliðunina saman, og verða það tölul. 3, 4, 7, 9, 10, 11, 16, 17, 19, sem þannig eru teknir aptur. Hinar lúta allar að efninu, og þá ætla jeg fyrst að víkja mjer að tekjukaflanum, og er þar þá 1. breyting við 4. gr. við athugasemdina um Lundabrekkukirkju. Þessi kirkja er komin í hendur safnaðarins, og hann hefur tekið lán úr viðlagasjóði til að byggja hana upp. Nú hefur sóknarnefndin farið fram á uppgjöf á vaxtagreiðslu og afborgun af láninu á þessu fjárhagstímabili, og það var samþykkt í neðri deild við 3. umr.; en nefndin hafði þó ekki lagt það til. Hjer vill nefndin sína vorkunnsemi og veita frest á afborgun af láninu, en ekki vexti; henni þótti það hættulegt til frambúðar og ekki gott til eptirdæmis, ef söfnuðir fengju lán handa kirkjum sínum og svo þar á ofan uppgjöf á vaxtagreiðslum, því að það væri beinlínis að slengja að nokkru leyti kirkjunum upp á landssjóðinn, og það er ekki góður rekspölur. Reyndar hefur Stykkishólmskirkju verið veitt þessi ívilnun, en með hana er nokkuð öðru máli að gegna, þar eð hún var nýbyggð og þar hafði ekki áður verið kirkja.

Þá kemur lánið til Staðarbyggðarmýra. Eins og deildinni er kunnugt, voru lánaðar úr landssjóði 9000 kr. til vatnsveitinga á Staðarbyggðarmýrar, og þær jarðir, sem eiga þær, eða að minnsta kosti var ætlað að ættu þær, eru allar þjóðjarðir, nema ein. Af þessu láni var ákveðið að greiða 6%, en ekki í 28 ár, heldur óákvarðað til eilífra tíma, og það skyldi greiða þannig, að það yrði lagt á leiguliðana, og afgjald jarðanna því hækkað um 6% af hverjum hluta. Síðar hefur það komið fram, að þessi hækkun hefur einnig lent á einni jörð, sem ekki er þjóðjörð, jörðinni Kroppi í Eyjafirði, og eigandi hennar neitar að borga; það eru

eitthvað um 60 kr., og þeim tapar landssjóður því árlega. Það er þegar búið að koma þessari hækkun á leigumála í kring á allmörgum jörðunum; þó er hún ekki enn þá lögð við afgjaldið af rentum þeirra, heldur greidd sjerstaklega; það er ekki hægt nema jafnóðum og þær eru byggðar. Nú hafa komið fram kvartanir um, að ósanngjarnt væri, að ávaxta og borga lánið þannig um ótiltekinn tíma. Nd. hefur tekið tillit til þessa, með því að færa afborgunina niður í 5%. En nefndinni hjer þótti nóg, að landssjóður fengi að eins vexti af sínu láni, 4%, en enga afborgun; því landssjóður getur ekki heimtað, að haldið sje áfram að borga vexti, þegar allt lánið er borgað, sem yrði eptir 28 ár, ef 2% væru greiddir sem afborgun. Auk þess eru ekki eins mikil not orðin nú af láninu, eins og gjört var ráð fyrir með upphafi, svo það kemur ekki leiguliðunum að tilætluðum notum, og þar að auki hef jeg frjett, að mannvirkin á Staðarbyggðarmýrum hafi nýlega orðið fyrir tjóni, því Eyjafjarðará hafi hlaupið upp á mýrarnar, og sópað burt görðunum, og ef svo er, þá er enn ósanngjarnara og óaðgengilegra fyrir landsetana, að greiða vexti og afborganir af láni, sem þeir ekki hafa neitt varanlegt gagn af. Nefndin leggur því til, að borgaðir sjeu vextir, en ekki afborganir, og að þeir sjeu greiddir af skuldinni, eins og hún verður við lok fjárhagstímabilsins nú; því að það er ekki sanngjarnt, að heimta þá af því, sem búið er að greiða upp í upphaflegu skuldina.

Þegar til útgjaldanna kemur, þá hefur nefndin þegar tekið aptur hina áðurnefndu töluliði, sem snerta formið; það verður því fyrst efnisbreyting á 10. gr. C. 4. Nd. breytti athugasemdinni innanstryks, bæði frá þeirri venju, sem áður hefur gilt, og frá tillögum nefndarinnar þar. Áður hefur styrknum verið úthlutað þannig, að landshöfðingi hefur útbýtt honum að hálfu beinlínis eptir tillögum amtsráðanna, og að hálfu til sýslunefnda og bæjarstjórna eptir fólksfjölda og eptir samanlagðri tölu jarðarhundraða og lausafjárhundraða. Þessu vill nú Nd. breyta þannig, að hún vill láta 2 búnaðarskóla í norður- og austuramtinu hafa 4000 kr. á ári. Ef það er meining Nd., að taka eigi fyrir fram þessar 4000 kr. af þeim 10000 kr., sem landshöfðingi á að úthluta beinlínis, og 6000 kr. að verða eptir til úthlutunar milli amtanna, eins og áður, þá er það ósanngjarnt fyrir suður- og vesturamtið. En ef þessar 4000 kr. eiga að takast af þeim hluta, sem til norður- og austuramtsins fer, þá er óþarft, að taka þetta fram, því landshöfðingi úthlutar ekki nema eptir tillögum amtsráðanna, og ef þá norðlendingar og austfirðingar vilja fá þessar upphæðir til Hóla- og Eyða-skólanna, þá mun amtsráðið þar vita um þann vilja, og þá er sjálfsagt að amtsráðið leggur til með, að þeir fái þann vilja sinn, og því óþarfi að taka það fram í fjárlögunum. Hingað til hefur þessum 10000 kr. verið skipt þannig, þ. e. síðan 1880, að fjárveitingin var hækkuð upp í 20000 kr. alls, að suðuramtið hefur fengið 3533 kr. 33 a., vesturamtið 2466 kr. 67 a. og norður- og austuramtið 4000 kr. Fyrir vesturamtið er það einkum áríðandi, að þess hluti sje ekki skertur, því hann hefur að mestu leyti gengið til búnaðarskólans í Ólafsdal, og vesturamtinu er það mjög mikið áhugamál, að hann sje styrktur, og jeg sje ekki, að hann megi neitt missa af þessum styrk, og álít því ranglátt, að skerða vesturamtsins hluta. Jeg er þess vegna mótfallinn ákvörðun Nd., og nefndin var á því, að láta landshöfðingja ráða úthlutuninni, sjálfsagt eptir tillögum amtsráðanna, eins og hingað til. Jeg get heldur ekki sjeð neina hættu búna fyrir Hóla- og Eyðaskólana, að þeir fái ekki þennan tiltekna styrk, ef það á annað borð er vilji manna í norður- og austuramtinu.

Við 11. gr. 1. (laun) leggur nefndin til að tölurnar færist upp í 37150 kr. hvort árið, og er sú hækkun sprottin af því, að nefndin leggur til, að hjeraðslækni Þorvaldi Jónssyni á Ísafirði verði veittar 224 kr. launaviðbót hvort árið. Þingmönnum er flestum kunnugt, að síðan 1875 hefur þessi launabótabeiðsla komið fram á flestum þingum, ýmist þannig, að beðið hefur verið um, að Þorvaldur læknir fái allt, sam hann hefur misst síðan 1875, eða að eins ákveðna viðbót fyrir fjárhagstímabilið. Við veitingu embættisins var honum veittur ádráttur um, að laun hans skyldu vera 600 dalir í byrjun og skyldi hækka um 100 dali eptir hverra 3 ára þjónustu, þangað til þau væru komin upp í 1000 dali, og þar að auki var hið svo nefnda «Dyrtidstillæg»; eptir þessu ættu laun hans að vera nú 224 kr. hærri en þau standa í fjárlögunum, og því er það sanngjarnt, að áliti nefndarinnar, að veita

honum þessa launaviðbót. Orsakirnar til þess, að hann ekki hefur fengið launabótina, felast í læknalögunum 1875 og skilningi stjórnarinnar á þeim. Það hefur nfl. verið grundvallarregla hennar, að þeir læknar, sem embætti höfðu fengið, áður en launalögin komu út, skyldu ekki fá hærri laun, en þar eru tiltekin, og ef þeir voru komnir á þá launahæð, þá ekki neina viðbót við það, sem þeir höfðu þá þegar fengið. Þá vantaði Þorvald lækni þessar 224 kr. til þess að vera kominn upp á það hæsta. Það mælir því mikil sanngirni með því, að veita honum þessa launaviðbót. Það skal jeg reyndar játa, að landsyfirrjetturinn hefur komizt að þeirri niðurstöðu í líku máli og þessu, eða þar sem líkt er ástatt, nfl. um launaviðbót handa Þorsteini lækni Jónssyni á Vestmanneyjum, að hann ekki hefði lögmætt tilkall til hennar. En í þessu máli hefur það hingað til á þinginu ekki verið nema eins til tveggja atkvæðamunur, sem hefur ráðið því, að hann ekki hefur fengið þessa viðbót.

Við 13. gr. B. I. a. vill nefndin færa niður gjaldliðinn um 532 kr. Eins og menn vita, hefur forstöðumaður prestaskólans, sem verið hefur, nú fengið lausn frá embætti, og þessar 532 kr. voru launaviðbót fyrir sjálfan hann. Þær falla því að sjálfsögðu burt. En að upphæðinni hafði ekki þegar verið breytt, kom eðlilega af því, að hann hafði ekki fengið lausn fyr en eptir að frv. var samið.

Við 13. gr. B. II. a. er bætt við 400 kr. launaviðbót handa Tómasi lækni Hallgrímssyni; hann hefur sótt um launaviðbót og segist ekki komast af með þau laun, sem hann hafi, nfl. 2400 kr. Nefndin trúir því, vegna þess, hversu þungt hús hann hefur, og menn vita, að 2400 kr. eru ekki neitt að lifa á í Reykjavík fyrir embættismann með mörg börn; þar að auki er Tómas Hallgrímsson duglegur kennari og læknir og skaði að missa hann frá skólanum. Auk þess er hann 11 ára embættismaður, og því er sanngjarnt, að hann fái þessa upphæð, sem viðbót fyrir sjálfan sig. Hann hafði að vísu sótt um til þingsins, að laun sín yrðu hækkuð upp í 3000 kr., en nefndinni þótti ekki næg ástæða til að hækka meir en þetta, en það er sanngjarnt, að hann fái 2800 kr. Jeg skal líka geta þess, að neðri deild áleit í lögunum um stofnun lagaskóla, að laun yngri kennarans mættu ekki minni vera en 2500 kr., og þegar hún því hefur álitið, að 2400 kr. væru of lítið handa honum, þá ætti hún ekki að setja sig á móti þessari launaviðbót, ef hún vill vera sjálfri sjer samkvæm, einkum þar sem hjer er um að ræða mann, sem lengi hefur verið embættismaður.

Þá er 14. tölul. við 13. gr. B. III. b. um að færa upp laun dyravarðar við lærðaskólann um 100 kr. Sú reynsla hefur orðið á að undanförnu, að mjög erfitt hefur orðið að halda þeim dyraverði, sem hlutaðeigendum hefur líkað vel við, og orsökin er sú. að launin eru of lág. Það er satt, að þetta væri ekki óaðgengileg staða, ef þessi laun væru ætluð dyraverði einum. En það er ýmislegt, sem hvílir á honum; hann þarf að kaupa að mikla vinnu til að framkvæma störf sín, einkum þvotta, og það er dýrt að kaupa alla þvotta; hann þarf að hafa 2 kvennmenn við þvotta, og svo þarf hann að láta búa um rúm, sópa skólann o. fl. Það er því auðsjeð, að 900 kr. eru ekki bjóðandi nokkrum manni hjer í Reykjavík, sem þarf að halda fleiri en eitt hjú. Þess vegna hafa dyraverðir orðið svo skammvinnir. Reyndar hafa sjaldan orðið vandræði úr að fá menn fyrir dyraverði að nýju, en það hefur komið af því, að menn hafa sjeð þessar 900 kr. á pappírnum og ekki hugleitt, hvaða störf þeim fylgdu, og svo hafa þær ekki reynzt nægilegar, og þá hafa þeir sagt af sjer. Nú er þessi starfi laus af sömu ástæðu, og það er vonandi, að deildin fallist á að bæta þessum 100 kr. við; það er ekki nema lítilræði, og mjög vel gjörandi, ef sá fengist fyrir dyravörð, sem mönnum líkar við.

Svo er 15. tölul. við 13. gr. B III. c. 3. Þar er stungið upp á að færa niður í 1000 kr. úr 1500 kr. það fje, sem ætlað er til skólahússins utan stokks og innan, og þessi breyting stendur í beinu sambandi við staflið d um að veita 5000 kr. til aðalaðgerðar á skólahúsinu. Eins og menn muna, var stungið upp á 4000 kr. til þessa í neðri deild og þær teknar inn á fjáraukalögin fyrir 1884—85; en deildin hjer áleit það ekki eiga þar við, og því eru þær teknar hjer upp. Talan er að vísu hærri, en það jafnast við niðurfærsluna á hinum tölul. Meiri hluti nefndarinnar var að sönnu á því, að þetta fje væri öldungis ónógt til aðalaðgjörðar á skólahúsinu, og vildi því hverfa að þeim 2400 kr., sem stjórnin hafði stungið upp á til þess. En af því mönnum var

kunnug mótstaða sú, sem þessi uppástunga hafði fengið í neðri deild, þá áleit nefndin ekki til neins að vera að fara fram á slíkt og stappa þannig móti broddunum.

Þá er 18. tölul. Þar hefur nefndin leyft sjer litla breyting við 13. gr. C 3, nfl. um bókmenntafjelagið. Styrkurinn til þess var hækkaður í neðri deild um 500 kr., í því skyni að stuðla að því, að fjelagið gæfi út sýslumannaæfir og o. fl. Nefndin áleit ekki rjett að orða þetta þannig, að bókmenntafjelagið skyldi fyrst og fremst skyldugt til að gefa út sýslumannaæfir, en ekki t. a. m. tímaritið og aðrar því líkar bækur, og hún hjelt, að þetta mætti skilja sem svo, að þessar 1500 kr. væri styrkur til að gefa eingöngu út sýslumannaæfir, ef þær hrykkju ekki lengra, en hún vildi einnig styrkja það til að gefa út tímarit, og því hefur hún bætt við þessum orðum: til að gefa út tímarit. Þetta er þó ekki svo að skilja, sem nefndin hefði nokkuð á móti sýslumannaæfunum.

Þá kem jeg að þeirri stóru og miklu 16. gr., sem á síðustu árum hefur bólgnað nokkuð út frá því, sem hún var upphaflega. Þá var að eins veitt ein upphæð, nl. sú, sem nú stendur í 16. tölul. og stjórninni var þá veitt heimild til að verja þessu fje eins og hún vildi, til vísindalegra og verklegra framfara; henni voru engar aðrar skorður settar, en að þau fyrirtæki, sem hún veitti styrk til, miðuðu til vísindalegra eða verklegra framfara. Ef jeg man rjett, þá var þessi upphæð 12000 kr., þegar hún var veitt seinast ósundurliðuð. Svo tók þingið sjálft upp á að liða í sundur, og kveða á, hvað ætti að styrkja, og þá jafnframt einnig að lækka þá upphæð. sem stjórninni var ætlað til umráða. Sjálfsagt hefur það verið meiningin með þessari aðferð að spara. En nú hefur sú reyndin á orðið, að þessi liður, sem áður var 12000 kr., er nú kominn upp í 26,800 kr. Jeg skal heldur ekki neita því, að nefndinni óaði við hinni stóru upphæð í 16. gr. En þegar færa átti niður, þá var vandinn meiri, og þó hún hafi fært niður, þá er það ekki eins mikið, eins og margir nefndarmenn hefðu óskað. Þá skal jeg nú nefna einstaka töluliði, og er þá fyrst borgun til Þorvaldar Thoroddsens fyrir kostnað við jarðfræðisrannsóknir allt að 2000 kr. Þessi styrkur hefur verið veittur áður; en svo hefur Nd. nú bætt við 1000 kr., til þess að safna til jarðfræðislýsingar Íslands handa þessum manni á fjárhagstímabilinu. Nefndinni fannst nú, að 1000 kr. styrkur á ári við hliðina á embætti væri fallegur styrkur, og ekki væri ástæða til að veita meira. Nd. hefur ekki álitið þetta nóg, og bætt við 500 kr. á ári. En nú mun það kunnugt orðið, að þessi maður hefur fengið embætti hjer við latínuskólann, og þá mun hann ekki hafa eins mikinn tíma, eins miklar tómstundir og áður til jarðfræðisrannsókna, og því má búast við, að hann geti sparað nokkuð af þessum 1000 kr., sem ætlaðar eru til kostnaðar við rannsóknir, og varið því til að safna til jarðfræðislýsingar Íslands. Auk þess er hæpið að veita fyrir fram styrk til ritverka, sem menn hafa ekki ljósa hugmynd um, hvort nokkurn tíma verði til eða verði að gagni. Nefndinni verður alls eigi borin á brýn nein smámunasemi, að því er þennan mann snertir. Þessar 1000 kr. á ári er fallegur styrkur handa hverjum ungum vísindamanni, einkum þegar hann jafnframt hefur laun úr landssjóði.

Nefndin var ekki svo mjög áfram um að veita þetta mikla fje til laxveiða og laxræktar, sem hjer er farið fram á, þó ekki af því, að hún vilji ekki styrkja laxveiði og laxrækt, heldur af því, að henni þótti óvíst, að fjárveitingin næði tilgangi sínum. En hinsvegar, af því byrjað hefur verið að leggja fje úr landsjóði til þessa, og fenginn hefur verið útlendur fiskifræðingur í því augnamiði, þá áleit hún þó rjettast, að hinn sami fiskifræðingur væri fenginn aptur, svo að hann gæti kannað hinar helztu laxár, sem hann kynnti sjer ekki í fyrra. Eins og kunnugt er, ferðaðist hann síðast einkum um Norðurland, og því hefur nefndin lagt til, að honum skuli veitt fje «til að rannsaka laxár og laxveiðar á Suðurlandi og Vesturlandi». Af því áreiðanlegar upplýsingar eru um það, að hann gefur ekki kost á sjer fyrir minna en 3500 kr., þá sýndist nefndinni ekki til neins að vera að klípa af þeirri upphæð. Aptur hjelt nefndin, að það væri ekki til neins að fá útlendan laxaklaksmann að vetrinum. Ýmsir hjer hafa mikla trú á laxaklaki og ímynda sjer, að ef hægt sje að klekja út einhversstaðar og laxaungviðinu sje síðan hleypt í einhverja á, þá muni sú á fyllast laxi. En reynsla útlendra manna hefur sýnt, að ef gagn á að verða að laxaklakinu, þá verður það að vera stórfelt, bæði mörgu klakið út og ungunum haldið inni lengi eptir að þeim er útklakið,

þangað til að þeir eru orðnir nokkurn veginn sjálfbjarga. H. varaforseti (Á. Th.) hefur nýlega sýnt mjer bók eptir norskan mann, sem var á fiskisýningunni í London. Í þeirri bók segir, að reynsla sje fyrir því, og allgott þyki, ef af 1000 laxahrognum, sem í á eru látin, verði einn lax svo gamall, að hann verði ætur; en að vísu sjeu líkindi fyrir, að nokkuð meira fáist, ef útklakið ungviði sje látið í ána; en reynslan sýni þó, að það borgi sig ekki, að klekja út, nema það sje gjört í mjög stórum stíl. Eptir þessu ættu þá af þeim 25—30000, sem hjer var klakið út í fyrra, að verða 25—30 ætir laxar. Og jeg held að það sje ekki tilvinnandi, að kosta fje til laxaklaks, þegar gætt er að, hversu mikið hver af þessum löxum kostaði. Við þetta bætist og, að þeir, sem mestan áhuga hafa á þessu máli, Dalamenn, hafa mann, sem lærði í fyrra hjá Johnsen laxaklaksmanni á Reynivöllum, og hefur maður þessi fengið vitnisburð frá Johnsen um, að hann geti staðið fyrir laxaklaki í ekki stærri stíl en á Reynivöllum var. Þennan mann munu Dalasýslumenn geta notað, og munu þeir geta fengið styrk, bæði úr sýslusjóði og eptir meðmælum amtráðs, af fje því, sem ætlað er til eflingar búnaði, og þessi íslenzki laxaklaksmaður hefur þegar fengið 100 kr. styrk úr amtsjafnaðarsjóði, til að standast kostnað þann, sem leiddi af veru hans á Reynivöllum. Af þessum ástæðum hefur nefndin ráðið til, að þær 1200 kr., sem ætlaðar eru til að fá útlendan fiskiklaksmann, sjeu látnar falla burt.

Nefndinni virtist styrkurinn til Sigfúsar Eymundssonar oflítill til að taka hann upp á fjárlögin. Ef það er meiningin, að gefa út skrautverk, þá er styrkur þessi sama sem ekkert; en ef að eins er um einfalt myndasafn að ræða, þá er líklegt að það borgi sig að gefa það út styrklaust; en ef það gjörir það ekki, þá má minnast þess, að 6000 kr. eru ætlaðar til þess að stjórnin útbýti þeim til styrktar verklegum og vísindalegum fyrirtækjum.

Þá kemur 16. gr. 9. tölul. styrkur til Guðrúnar Waage til að læra sönglist; þennan styrk hefur nefndin fært úr 600 kr. niður í 300 kr. og hefur hún í því fylgt nefndinni í Nd.; hún áleit að 300 kr. væri laglegur styrkur til þess, sem hjer er farið fram á, enda var nefndinni ekki ljóst, hvert gagn landið hefði af að veita þannig einstakri stúlku styrk til söngnáms.

12. tölul. í 16. gr. «styrkur til að varna skemmdum af Hafursá 800 kr.» hefur nefndin lagt til að falli burt, þó ekki af því, að hún vildi ekki varna skemmdum af Hafursá, heldur af því, að hún var mjög óviss um, hvert gagn styrkur þessi mundi gjöra. Á þessi er jökulvatn, kemur úr Mýrdalsjökli, og rennur á aurum: hún kastast upp á bakkana til ýmsra hliða og flæðir yfir engjar ýmist að austan eða að vestan. Nú liggja engar skýrslur fyrir um, að hægt sje að fyrirbyggja þetta, og menn vita, hve hæpið það er að hlaða garða á aurum, sem standist hlaup í jökulám. Auk þess mundi, ef nægar skýrslur fengjust um að hægt væri að gjöra þetta verk fyrir 800 kr. og maður fengist til að standa fyrir verkinu, sem fyrir því væri trúandi, ekkert vera því til fyrirstöðu, að styrkur fengist til þessa af fje, því sem ætlað er til eflingar búnaði í Suðuramtinu, eigi síður en lagt hefur verið fram af því fje til viðgjörðar á Safamýri.

Þá er í sömu gr. 13. tölul. styrkur til handa bókara við hinn fyrirhugaða landsbanka til að kynna sjer bankastörf í Danmörku 1000 kr. Nefndin áleit, að það ætti ekki sem bezt við, að veita bókaranum styrkinn, heldur framkvæmdarstjóranum. Eins og framkvæmdarstjórinn verður að bera ábyrgðina, eins er það nauðsynlegt, að hann geti haft sem fullkomnasta þekkingu á bankastörfum. Því þarf hann að kynna sjer þau störf, og nefndinni fannst það ekki sem heppilegast, að bókarinn væri sendur utan, og síðan látin kenna framkvæmdarstjóranum; hitt þótti henni betra, að framkvæmdarstjóri væri þegar í upphafi svo vel að sjer í starfi sínu, að hann gæti sjálfur sagt fyrir um, hvað gjöra skyldi. Í sambandi við þetta hefur nefndin breytt 1000 kr. í 1500 kr., og sett í staðinn fyrir «í Danmörku» «erlendis», því að það vakti fyrir henni, að æskilegt væri, að hann gæti kynnt sjer bankastörf víðar en í Danmörku t. d. á Skotlandi, þar sem bankar munu vera líkari hinum fyrirhugaða landsbanka, en bankar í Danmörku, sem munu vera í stærri stíl.

Um styrkveitiug til cand. juris Páls Briem, í 16. gr. 14. tölul., var nefndin þegar einhuga, að ekki ætti við að taka upp í fjárlögin lánveiting, og tiltaka trygging-

una fyrir henni; það væri umboðsstjórnin, sem ætti að sjá um að ákveða nægilega trygging, og að peningarnir væru til, þegar á þyrfti að halda. Á þingi hjer fyr hefur komið fram beiðni um lán, gegn sams konar veði og hjer er boðið, og var þá neitað um það. Nefndin var í sjálfu sjer alls ekki á móti því, að lánið væri veitt, en hún vill að eins að stjórnin ákveði skilmálana. 2000 kr. virtist nefndinni nokkuð hár styrkur, því þegar það er styrkur, sem veitt er, þá er að eins um hjálp að ræða, en ekki að landssjóður leggi allan kostnaðinn fram; 1000 kr. virtist nefndinni góður styrkur. Í mínu ungdæmi þóttu 500 dalir jafnvel veglegur styrkur; en nú vilja menn láta það fara að hlaupa á þúsundum.

Þá hef jeg lokið að tala um breytingar nefndarinnar við fjárlagafrv. Nd.

En auk þess hefur hún stungið upp á að bætt sje nýjum tölulið inn í 16. gr. á undan 15. tölul., og að þar komi: «13. styrkur til Geirs kennara Zoëga til uð fullkomnast í frakknesku á Frakklandi 700 kr.». Hann hefur sótt um til þingsins að minnsta kosti 1000 kr. og borið fyrir sig, að áður hafi verið veittur líkur styrkur, og síðast fyrirrennara sínum, Sigurði kennara Sigurðssyni 700 kr.; reyndar var sá styrkur síðar nokkuð hækkaður. Því virtist nefndinni ástæða til að veita Geir kennara Zoëga sama styrk; hann hefur þar að auki á eiginn kostnað farið til Englands, til að kynna sjer þar ensku, og nú kennir hann við skólann bæði ensku og frönsku.

Síðast skal jeg fara fám orðum um breyt.till. annara deildarmanna, en nefndarinnar.

Er þá fyrst frá 2 h. þm. breyt.till. við 11. gr. 1.: «Launaviðbót til landlæknis Schierbecks 800 kr.» Nefndin hefur talað um þessa uppástungu, og orðið ásátt um, að leggja á móti henni. Nefndin var á því, að einhver sjerstök ástæða yrði að vera til þess, að hækka laun þess manns, sem þegar hefði 4000 kr. í laun á ári, en hjer var nefndinni engin slík ástæða kunn.

Þá er önnur breyt.till. á hinu sama blaði frá h. 6. kgk. Við hana er það að athuga, að í því formi, sem hún er, getur hún ekki komizt að, því að hún er sett sem breyt.till. við breyt.till. nefndarinnar, en er þó í raun og veru breyt.till. við frv. Nd.

Þá kemur breyt.till. frá h. þm. N-Þing. (B. Kr.) um að hækka styrkinn til Flensborgarskóla úr 2500 kr. upp í 2800 kr. hvort árið. Nefndin leggur líka á móti þessari breyting. Það er kunnugt, að Flensborgarskóli hefur fengið sjerstakan styrk úr landssjóði, síðan hann varð gagnfræðaskóli; árið 1882 fekk hann 1400 kr., 1883 1200 kr., 1884 1800 kr. og árið 1885 1000 kr. Nú er samþykkt af Nd., að veita honum 2500 kr. á ári, eða 1600 kr. meira fyrir næstkomandi fjárhagstímabil en hið yfirstandandi. Ef litið er á ástæður þær, sem í stjórnarfrv. eru teknar fram þessari miklu hækkun til stuðnings, þá eru þær: «að hann sje bæði verður fyrir ríflegan styrk og þurfandi fyrir hann». Þetta eru mjög góðar ástæður, en mjög ljósar eru þær ekki. Þó hefur nefndin ekki viljað leggja til, að farið væri að krukka í þessar 2500 kr. En æskilegt væri að vita, hversvegna hann þarfnist svo mikils meiri styrks en síðast, og sje hann svo stórum maklegri, að ástæða sje til, eins og h. þm. (B. Kr.) fer fram á, að hækka hann um 2200 kr. á fjárhagstímabilinu. Jeg bíð eptir ástæðum, og skal láta vera að geta til, hvernig þessi uppástunga er til komin.

Önnur breyt.till. hins sama h. þm. er: «Styrkur til að gjöra skipakví í Hvaleyrartjörn við Hafnarfjörð 1000 kr.» Það stendur: styrkur til að gjöra skipakví; en mjer er forvitni á að vita, hverjum á að veita þennan styrk og hver hafi beðið um hann. Jeg hefi að vísu sjeð í fundargjörð frá Hafnarfirði, að þar er farið fram á að styrkur þessi sje veittur, en ekkert talað um, hver hann eigi að fá. Er það sýslufjelagið? Eða er það eigandi Hvaleyrar, Flensborgarskóli? Þetta er áríðandi að fá að vita. Hjer er að eins farið fram á að veita lítinn hlut þess, sem starfi þessi mun kosta. Að vísu er ekki til nema óljós áætlun yfir kostnaðinn, eptir skýrslu tveggja danskra skipstjóra, sem naumast geta haft fullkomið vit á því starfi, sem hjer ræðir um. Þeir ætla, að tilbúningur skipakvínnar muni kosta hjer um bil 4000 til 5000 kr., og það mun vera óhætt að ætla, að minna muni það ekki kosta; jeg gæti vel trúað, að það kostaði helmingi meir. Eptir þessari áætlun vanta 3000—4000 kr. til að verkið verði fullgjört, þótt þessar 1000 kr. verði veittar. Nú liggur hjer ekkert fyrir, er sýni, hver muni leggja þær fram, og hið minnsta, sem heimtað verður, er þó, að landssjóður fái

vissu um, að verkinu verði framgengt og ekki hætt við það í miðju kafi, ef hann á að leggja fram fje til þess. Nefndin verður því að leggja mjög á móti, að fje verði veitt til þessa, á meðan hún hefur ekki fengið betri upplýsingar, en hún enn hefur fengið um, að þetta muni koma að notum. Á sýslufundi í Hafnarfirði kom það og fram, að sumir þilskipaeigendur álitu ekki mikið unnið við, að geta geymt skip sín í skipakví í Hvaleyrartjörn á vetrum, því að fullvel færi um þau að setja þau upp á þurt land í nánd við Flensborg.

Um breyt.tillögurnar við 15. gr. «styrkur til sjera Árna Böðvarssonar 100 kr.» hef jeg það að segja, að nefndinni þótti mjög varúðarvert, að veita styrk úr landssjóði þeim mönnum, sem eptirlaun hafa; en af því að hún veit, að þessi maður er mjög fátækur, hefur haft mikinn kostnað af tilraunum að leita sjer lækninga erlendis, og er kominn að fótum fram, þá vildi hún þó ekki leggja á móti, að *honum* væri veittur þessi styrkur.

Þá kemur síðasta breyt.till.: hún er um, að í 13. gr. A. b. bætist inn nýr töluliður: «Til launa handa aðstoðarpresti hjá dómkirkjuprestinum í Reykjavík 1200 kr.» Nefndin var ekki á að veita þessa upphæð, enda sýndi það sig á umræðunum í Nd. um þetta mál, að engin von er til, að það fái þar fram að ganga.

Jakob Guðmundsson: Jeg finn ekki ástæðu til að tala margt um hinar einstöku greinir; en ætla að gjöra fáar athugasemdir um nokkra liði í 16. gr. Framsögum (M. St.) tók fram, að meðan stjórnin hefði haft fje það til umráða og útbýtingar, sem vant hefur verið að veita á þessari gjaldagrein fjárlaganna, hefði upphæðirnar verið miklu minni en nú, og síðan þingið hefði farið að hafa hönd í bagga með, hefðu þær farið sí-hækkandi. Jeg skal nú ekki neita því, að búskaparlega tekið er þetta skaði fyrir landssjóðinn. En þetta er þó vissulega þjóðlegri stefna, sem þingið hefur tekið, og jeg skal bæta við, miklu frjálslegri stefna. Hún sýnir líka, að þingið er ekki svo smátækt, að þjóðin og þingið er ekki eins sparsamt, eins og þeim hefur verið borið á brýn. Viðvíkjandi hinum einstöku liðum þessarar greinar, þá er aðgætandi, að þegar maður tekur hvern lið fyrir sig, og ber hann saman við hina aðra liðina, þá hlýtur maður að játa, að svo jafnt er á komið um marga þeirra, að vandi er að sjá, hvað fella skal og hvað standa skuli. Já, menn hljóta að komast í bobba, þegar um það er að ræða, hvað af þessum liðum skuli nú fella, og hvað veita. Mjer dettur í sambandi við þetta eitt atriði í hug, og það er það, þar sem nefndin ræður til, að bæta 224 kr. við við árslaun læknisins á Ísafirði. Eins og framsögum. (M. St.) benti á, mun ástæðan til þess, að nefndin lagði þetta til, eigi hafa verið sú, að nefndin áliti, að þessi embættismaður hefði *rjettar*kröfu eptir strangasta lagaskilningi til þessarar viðbótar, heldur hitt, að hún áliti hann hafa sanngirniskröfu til þessarar viðbótar. Mjer datt í hug, að líkt mundi vera ástatt með þessa persónulegu launaviðbót, sem stungið hefur verið upp á handa landlæknum. Það er mjög líkt á komið; báðir hafa sanngirniskröfu; hvorugur líklega lagaheimild. Framsögum. tók fram, að lögin hefðu gripið fram í launahækkun læknisins á Ísafirði, svo hann næði ekki þeirri launahæð, er hann hefði ætlazt til, er hann sótti. Það er eptir minni meiningu mjög líklegt, að landlæknirinn hafi líka sótt um embætti með þeirri ætlun, að hann mundi verða þeirra launa aðnjótandi, sem embættinu þá fylgdu, og jeg veit ekki betur, en að hann hjeldi þeim launum fyrsta árið. Mjer finnst það því sanngjarnt, að farið verði eptir þeirri von, sem maðurinn hafði, þegar hann sótti um embættið. Þegar talað var um þessi laun landlæknisins hjer á þingi í hitt eð fyrra, hjelt jeg því fram, að þau ættu að vera ríflег, ekki af persónulegu tilliti til neins einstaks manns, heldur af tilliti til þess, að landlæknirinn hefur umfangsmikinn og vandasaman starfa á hendi. Hann hefur umsjón yfir öllum öðrum læknum landsins, og yfir öllum lyfjabúðum landsins. Sá maður þarf því að vera mjög vel að sjer, og hlýtur að hafa kostað miklu til þess að mennta sig og undirbúa undir þessa stöðu. Hann hlýtur að hafa orðið að kynna sjer ýmislegt utanlands og innan, kannske fara til fleiri landa til að ganga á spítala, rannsaka sjúkdóma, og útvega sjer miklu meiri og kostnaðarsamari verkfæri en hjer tíðkast. Jeg veit, að hinn núverandi landlæknir hefur mikinn áhuga á, að standa vel í sinni stöðu, enda mun hann almennt álitinn beztur sáralæknir hjer á landi eða betri en menn áður hafa haft reynslu af. Jeg fyrir mitt leyti verð að

segja, þegar jeg ber saman ástæður hans og læknisins á Ísafirði, þá finnast mjer þær mjög líkar, og finnst mjer jeg annaðhvort verða að greiða atkvæði með báðum eða móti báðum. Og af því mjer finnst mikil sanngirni mæla með, ætla jeg að geta atkvæði með þeim.

Viðvíkjandi 9. lið 16. gr., þá þætti mjer það óhappalegt, ef breyt.till. formsins vegna gæti eigi komizt að. Jeg hef hugsað um þetta mál. Það er að jeg ætla í fyrsta sinn, að kvennmaður biður þingið um styrk til vísindalegrar menntunar — jeg verð að telja sönglist vísindalega menntun —, og finnst því þingið naumast geta látið bæn hennar óheyrða. Auk þess kvað stúlka þessi vera heilsulaus, og ekki fær um að vinna fyrir sjer. Þar sem framsögum. (M. St.) tók fram, að það væri óvíst, hvort sönglist hennar yrði landinu að notum, þá skal jeg ekki fullyrða neitt um það, sem framtíðin ein getur leyst úr. Hitt ætla jeg örðugt að sanna, að hún geti *ekki* orðið landinu að notum.

Viðvikjandi 11. lið, þá hefur nefndin ekki hreift við þessum 1500 kr., sem ætlaðar eru til aðgerðar á Rifsós. Það er líka sannfæring mín, að ef mögulegt væri að framkvæma viðgerðina, þá væri slíkt mikið þarfaverk í verzlunarlegu tilliti og einkum nauðsynlegt fyrir þá þarna í kringum Jökulinn. En hvort verkið er framkvæmanlegt fyrir það fje, sem menn hafa áætlað, skal jeg láta ósagt, þótt jeg helzt haldi, að þessar 1500 kr., að viðbættum 500 kr., sem sýslunefndin leggur til, muni hvergi nærri verða nóg. En jeg geng út frá því, að sýslunefndin muni ekki byrja á því, sem hún ekki sjer sjer mögulegleika til að framkvæma og gef jeg því atkvæði mitt með þessu.

Viðvíkjandi 14. tölul., nfl. styrk til cand. Páls Briems, þá er það víst og satt, að 1000 kr. eru mikið þokkalegur styrkur; en eins og nú stendur, þar sem ætlast er til að lagakennsla komist á í landinu innan skamms, þá held jeg það væri æskilegt, þótt það væri nokkuð kostnaðarsamt, að veita einhverjum efnilegum manni ríflegan styrk til þess, að gjöra sig hæfan til að taka hana að sjer. Jeg er því fremur á, að láta styrkinn vera ríflegan en óríflegan.

Benedikt Kristjánsson: Jeg hefi komið fram með breytingar og viðaukatillögur þær, sem hjer liggja fyrir á borðinu, og finnst mjer því skylt að fara fáum orðum um þær, einkum þar sem þær hafa ekki fengið góðan byr hjá framsögumanni nefndarinnar. Önnur af þessum breytingar- og viðaukatillögum fer fram á það, að færa upp tillagið til Flensborgarskólans frá því sem það hefur verið ákveðið í frv. neðri deildar, og skal jeg til þess að færa ástæðu fyrir þessu minnast stuttlega á ástand skólans í fjárhagslegu tilliti. Þegar gerður var upp reikningur skólans við næstliðið nýár, var hann í 600 kr. skuld. Þar við bættist, að amtsráðið svipti skólann styrk þeim, sem honum var ætlaður úr sýslusjóði, og sem gjört hefir verið að undanförnu ráð fyrir í fjárlögunum að hann fengi eða honum yrði lagt til. (*Magnús Stephensen*: Flensborgarskólanum er veitt fjeð skilyrðislaust). Já, í síðustu fjárlögum; en ekki þar á undan. Jeg hefi enn fremur heyrt, að það eigi að krefja skólann um 450 kr., sem hann áður hefur fengið. Eptir þessu er nú auðsjeð, að hagur skólans stendur tæpt; og þegar enn fremur er litið til þess, að skólastjórnin hefur beiðzt styrks til þess, að gjöra við skólahúsið, sem staðið hefir aðgerðarlaust nú í 5 ár sökum fjárskorts, þá finnst mjer ástæða til þess fyrir þingið, að veita styrkinn nokkru ríflegri í þetta skipti. Það er auk þess brýn þörf á því fyrir skólann, að fá sjer sjerstakt herbergi til þess að geyma í því verkfæri og safn hans, sem haft er til afnota við náttúrufræðiskennsluna, svo verkfæri þessi sökum húsnæðisleysis verði eigi fyrir skemmdum. Þetta er stofnun, sem búið er að koma á fót af einstökum manni, sem af göfuglyndi sínu hefur gefið henni hús og jörð, og þessi stofnun hefur orðið landssjóði mjög kostnaðarlítil, að minnsta kosti í samanburði við aðra líka stofnun, sem komið hefur verið á fót fyrir norðan á kostnað hins opinbera. Jeg meina Möðruvallaskólann. Jeg get að vísu búizt við, að þessi stofnun standi eigi fullkomlega jafnfætis Möðruvallaskólanum hvað kennslu snertir, en jeg ætla að hún sje samt mjög nytsöm, og það sje allrar þakkar vert, að hún er til, því jeg ætla hana mjög nauðsynlega fyrir þennan hluta landsins. Það væri mjög áríðandi, að skólinn gæti haldið áfram; en til þess eru ekki fullar líkur, nema því að eins, að sá, sem stofnaði hann, leggi til fje honum til viðurhalds úr sínum eigin vasa og hafi hann fyrir handbendi. Jeg held það sje skylda þingsins eða hins opinbera, að styrkja stofnun þessa, meðal annars

í þakklætis- og viðurkenningarskyni við þann, sem komið hefur henni á fót. Það er ekki meining mín, að skólinn njóti þessa hækkaða styrks lengur en þetta fjárhagstímabil. Hækkun þessi er einungis miðuð við það atriði, sem jeg tók fram, að húsið þarf viðgerðar og umbótar.

Þá er önnur viðaukatillaga mín um 1000 kr. styrk til að gjöra skipakví í Hvaleyrartjörn. Það hefur verið haft á móti þessari viðaukatill., að eigi lægi neitt fyrir um það, hverjum ætti að veita þennan styrk, eða hverjir ættu að annast framkvæmd verksins; það þyrfti að leggja miklu meira fje til, ef duga skyldi. Jeg ætla að hjer standi líkt á og með Rifsós, að sýslunefndin taki lánið og gangist fyrir því að verkið verði framkvæmt, og það sem nauðsynlegt er í þessu tilliti. *(Magnús Stephensen:* Hefur sýslunefndin samþykkt að taka lánið?). Það veit jeg ekki með vissu; en jeg ætla, að fleiri en þetta sýslufjelag hefði gagn af kvíinni. Það mundu jafnvel allir þilskipaeigendur kringum Faxaflóa hafa gagn af henni. Jeg hef heyrt sagt, að hjer væri eigi auðvelt að setja skip á þurrt land til að standa þar uppi veturinn yfir, og jeg get trúað því, þótt slíkt að vísu sje gjört á Eyjafirði, því hjer er að ræða um miklu stærri og þyngri skip, en þar eru. Ef skipin eiga því að velkjast í fjörunni fyrir brimi og veðri eða liggja út á höfn vetrarlangt, þá er auðsætt, að þau mundu fljótt skemmast og jafnvel alveg eyðileggjast. Jeg ætla, að það sje ekki dæmalaust, að skip hafi alveg tapazt hjer syðra, tekið út og gjörsamlega horfið. *(Magnús Stephensen:* Það var ekki sett upp). Mjer virðist það enn fremur vera ósamkvæmni af þinginu, sem nú er, að veita 100 þúsund kr. til þilskipakaupa, en vilja svo ekkert gjöra til þess að vernda skipaútveginn. Jeg segi það sje nauðsynlegt, að veita þennan styrk til þess að uppörfa þá, sem lánið tækju, með því að veita þeim styrkinn til að leggja fje fram til að geta geymt þau skip, sem þeir ráðast í að kaupa, án þess að þurfa að eiga það á hættu, að þau skemmist eða eyðileggist af vöntun á stað til að geyma þau í á vetrum. Eptir skýrslu, sem jeg hefi fengið, mætti gjöra í þessari tjörn kví fyrir 50—100 þilskip, sem gætu geymzt þar, án þess að skemmast af brimi eða ís. Staðnum hagar svo til, að verkið yrði auðunnið og kostnaðurinn við það yrði tiltölulega lítill í samanburði við gagnið. Menn hafa víst sjeð hjer á lestrarsalnum skýrslu tveggja skipstjóra, sem hafa siglt hingað til landsins í 9 ár, og sem því má ætla að beri nægilegt skynbragð á þetta málefni og nauðsyn þess. Jeg get yfir höfuð eigi annað ætlað, en að rjettast væri fyrir þingið að veita þennan styrk.

Það gladdi mig, að nefndin hafði fellt burt þessar 300 kr., sem veittar voru af Nd. á 5. lið 16. gr. Jeg hefi talað við mann þann, sem hjer á hlut að máli, og hefur hann skýrt mjer frá, að hann alls eigi ætlaði að þiggja 300 kr. styrk þann, er honum er ætlaður í fjv., þar það væri með öllu ónýtt fje til fyrirtækis hans. Þessi styrkur er því betur óveittur og ópeginn en veittur og þeginn.

Viðvíkjandi breyt.till. við 9. lið 16. gr. gat h. þm. Dal. (Jak. G.) þess, að hún mundi eigi komast að sökum formgalla. Jeg skal ekki sjá eptir því, þótt svo verði, ef ástæða fyndist vera til að láta þessar 600 kr., sem Nd. veitti, standa. Jeg ætla það sje í fyrsta sinni, sem kvennmaður leitar styrks hjá þinginu til þess að mennta sig. Og jeg þykist því fremur hafa ástæðu til að ætla, að deildin láti sjer vel farnast við stúlku þessa, sem það hefur verið sagt um einstaka menn hjer í deildinni, að þeir væru klyntir kvennþjóðinni eða væru «kvennhollir» — svo jeg brúki hin rjettu orð —. Jeg hef heyrt það og lesið, að kvennmaður þessi hafi meir en í meðallagi hæfilegleika til náms í mennt sinni, og þegar menn nú ekki hafa þurft að verða skapillir af þrábeiðni kvennfólksins um styrk hingað til, vona jeg að menn bregðist nú vel við. Kvennmaður þessi hefur haft langvinnan heilsubrest og getur því ekki unnið fyrir sjer með vinnu, og öllum er kunnugt, að hún á eigi þau foreldri og frændur, er geti styrkt hana. Viðvíkjandi því, sem tekið hefur verið fram, að það væri óvíst, að landið nyti menntunar hennar síðar meir, þá skal jeg engar spár gjöra mjer í því tilliti. Hjer er um það að ræða, að hjálpa hæfilegleika, sem getur orðið þeim, er náttúran hefur gefið hann, til gagns og til heiðurs fyrir landið, hvort sem það nýtur ávaxta hans eða ekki.

Það gladdi mig, að framsögum. (M. St.) var ekki mótfallinn því, að veita þessar 100 kr., sem eiga að standa næst á eptir 15. gr., því það er alsannað, að hjer á í hlut fátækur og aðþrengdur maður, sem

hefur orðið að kosta miklu fje til lækningar sjer án þess þó að fá meinabót og heilsuna aptur. Dagar hans sýnast bráðum að vera taldir, og ef þessar 100 kr. gætu orðið til þess, að gjöra þau augnablikin, sem eptir eru, glaðari fyrir hann, álít jeg þeim vel varið.

Sighvatur Árnason: H. framsögum. (M. St.) talaði vel og rækilega fyrir áliti nefndarinnar í þessu máli, sem og fyrir skoðun hennar á breyt.- og viðaukatill. þeim, sem við málið eru fram komnar frá öðrum h. þingdm. Þó jeg þess vegna ekki þurfi að fara neitt ýtarlega út í málið, vil jeg þó leyfa mjer að fara fáum orðum um það í heild sinni, og, ef til vill, um nokkrar af breyt.till.

Það, sem umræður manna einkum og sjer í lagi hafa lotið að, er 16. gr., sem má segja, að sje sannur vandræðagripur í fjárlögum vorum. Út af orðum h. framsögum. (M. St.), þar sem hann sagði á þá leið, að sumir nefndarmenn hefðu verið á því, að færa upphæðir þær, sem nefndar voru í grein þessari, meira niður, en gjört hefði verið, þá skal jeg gjarnan játa, að jeg var og er einn af þeim nefndarmönnum, sem vildi færa sumar upphæðirnar meira niður, en gjört var, og skal jeg nú leitast við, að færa ástæður fyrir þeirri meiningu minni, að lækka þessar upphæðir, og jafnvel nema þær alveg burt, nefnil. alla 16. gr., nema ef vera skyldi síðasta tölul., sem mun vera 16. tölul. greinarinnar í frv. Nd., og má þó segja, að það sjeu vandræðaúrræði, að halda þeim tölul., en fleygja öllum hinum, þar sem þingið þar með fleygði frá sjer rjettinum til að skammta fje landssjóðs, hvað þær 6000 kr. snertir, og veitir þann rjett öðrum. En úr því menn nú fara meðalveginn, þá verð jeg að segja, að það sje vandræðamál, sem þingið á að fást við, með því það hjer hlýtur að «dæma milli bróður og bróður», sem er mikill vandi. Ástæður til þess, að jeg hefði helzt viljað stryka alla þessa tölul. út, eru einkum tvær. Ein ástæðan er sú, að þegar fje er veitt svona á ýmsum stöðum, og hver fjárveiting er óverulег, þá hlýtur það gagn, sem af fjárveitingum þessum leiðir, að verða óverulegt, og sjá lítinn eða engan stað. En þó nú segja megi, að þessar fjárveitingar, hver um sig, sjeu óverulegar, þá nema þær þó í einni heild nær 30,000 kr., sem gætu gjört mikið gagn, ef þeim væri varið til einhvers þess, er horfir landinu til sannra og verulegra framfara. Mig furðar á því, að þingið skuli enn eigi hafa veitt þessari skoðun meiri eptirtekt. Upphæðir þær, sem veittar eru á þessum gjaldliðum, yrðu þó sannarlega ekki neitt smáræði, ef þær væru dregnir saman í 3—4 ár, og mætti vissulega framkvæma nokkuð stórt með þeim. Þetta er aðalástæða mín á móti þessum smá-fjárveitingum, að þær gjöri lítið eða svo að segja ekkert gagn, á móti því gagni, sem þær gætu gjört, ef þær væru dregnsaman í eitt, og varið til einhvers mikils alþjóðlegs fyrirtækis í einu eða tvennu lagi. Jeg vil þó ekki segja, að það gæti komið fyrir, að rjett væri að styrkja eitthvert einstaklegt fyrirtæki eða einstakan mann, þó í smáu sje; en til þess ættu þá að vera sjerlegar ástæður. Önnur ástæðan, sem kemur mjer til að vera á þeirri skoðun, að helzt ætti að slá stryki yfir allar þessar upphæðir, sem 16. gr. hefur inni að halda, er sú, að mjer getur ekki betur fundizt, en að kringumstæðurnar, eins og þær eru nú, leyfi varla þessa gagnslitlu bruðlunarsemi. Fje þetta er veitt sitt í hverja áttina, og til fyrirtækja, sem lítil eða engin sönnun er fyrir, að komi að almennum notum. Maður veit ekki, hvað sterklega þessir stólpar standa framvegis, sem landssjóður byggist á, í því árferði sem er. Eins og menn vita, koma gjöld til landssjóðs einkum af lausafje í landinu sjálfu, af sumu, sem úr landi er flutt, svo sem fiski og lýsi, og ennfremur af nokkrum innfluttum vörum, svo sem tóbaki og vínföngum. En það, sem af þessu fæst, getur orðið og verður valt í óárum. Spari maður aptur um 30,000 kr. útgjöld úr landssjóði til slíks og slíkra hluta, sem nefndir eru í 16. gr., þá má eitthvað þarflegt með því fje gjöra, ef á lægi. Þessa skoðun hef jeg á málinu almennt talað og yfir höfuð. En úr því menn nú ganga hinn veginn, þá er jeg á því, að draga sem mest verða má úr þessum veitingum, þó sumir ekki virðist gjöra það, þar sem enn á ný eru fram komnar eigi all-fáar breyt.- og viðaukatill. um nýjar fjárveitingar og fjárhækkanir.

Jeg skal þá leyfa mjer að minnast lítið eitt á slíkar breytingartill., sem jeg ekki get gefið mitt atkvæði. Meðal þeirra er sjerstaklega sú breyt.till., sem fer fram á að hækka veitinguna til Flensborgarskólans. Jeg álít þingið hafi sýnt þessum skóla fullan sóma með þeirri fjárveitingu, sem Nd.

og nefndin í þessari deild hefur ákveðið honum í þetta sinn, og jeg hefi ekki getað sannfærzt af orðum h. þm. N-Þing. (B. Kr.) um, að brýna nauðsyn beri til að hækka veitinguna til þess skóla. H. framsögum. (M. St.) sýndi fram á, að þingið hefði fúslega viljað styrkja þennan skóla, og gjört það enn, og það mun meira en að undanförnu. Jeg sje nú ekki, hvað þetta á lengi að ganga; allt af er verið að biðja um meira og meira og allt af er eitthvað fundið til, til að fá meira fje til skólans. Jeg segi ekki, að skóli þessi komi ekki að nokkrum notum; fáeina utansveitarmenn mun hann mennta, en einkum munu á hann ganga börn og unglingar úr Hafnarfjarðarkaupstað og þar í grenndinni; skólinn er víst lítið annað en barnaskóli, sem þó stendur heldur styttri tíma á ári en barnaskólar á öðrum stöðum. Jeg ímynda mjer því, að nauðsynin hvað þessa fjárveitingu snertir sje ekki svo brýn, að hún geti staðizt gagnvart þeirri nauðsyn, sem á því er fyrir þingið, að fara nú á þessum árum varlega í því að ofþyngja landssjóði. Þá er að minnast á breyt.till. þá, er snertir skipakví í Hvaleyrartjörn. Jeg játa og játa því ekki, að fjárveiting í þessu skyni sje nauðsynleg. Jeg játa því því að eins, að rjett sje að veita úr landssjóði fje til þessa, að vissa sje fyrir því, að menn sjeu hjer til, er þekkingu hafa á því, að gjöra slíka skipakví; en þeir, sem beðið hafa um *þetta* fje, hafa ekki sýnt neina þá sönnun fyrir því, sem gefi næga tryggingu fyrir, að verkið verði svo af hendi leyst, sem vera skyldi. Eptir þeirri litlu verkgreind, sem jeg hefi, þá er það fje, sem hjer er beðið um, ekki $^1/_{10}$ partur af fje því, sem þarf til þess að gjöra þá skipakví, er svari tilganginum. Jeg efast því stórlega um, að rjett sje að veita þetta fje, meðan engin vissa er fyrir því, bæði að nóg ráð sjeu til að bæta við þessa fjárupphæð, eins og með þarf, og í öðru lagi, að næg trygging sje fengin fyrir því, að verkið yrði vel af hendi leyst. En hverjir hafa ráð og vilja á þessu? Hverjir biðja um þetta fje, og hverjir vilja bæta því við, er þarf til að gjöra skipakví þessa brúklega? Jeg er hræddur um, að hjer sje ekki verið að hugsa um að leysa af hendi gott, heldur ófullkomið verk. Jeg gæti máske útlistað fyrir mönnum, hvernig jeg hugsa mjer, að slíkt verk ætti að leysa af hendi, og þá mundu menn geta farið nærri um kostnaðinn eptir þeirri áætlun; en af því tíminn er naumur, þá sleppi jeg því í þetta sinn.

Þá skal jeg enn leyfa mjer að víkja fáeinum orðum að breyt.till., sem fara fram á hæstar tölur til útgjalda. Það er stungið upp á því að hækka laun Schierbecks landlæknis um 800 kr., og hefur þeirri launahækkunarviðleitni verið mælt talsverð bót. Eins og kunnugt er, hefur það legið fyrir á undanförnum þingum, að búa til ný launalög, og mun meiri hluti þingmanna hafa verið á því að lækka fremur hin hæstu laun, en á hinn bóginn poka hinum lægstu launum upp, til að koma á meira samræmi í launum embættismanna, og þá um leið í kjörum þeirra. Þessari skoðun hefi jeg fylgt fram á þingi og gjöri það enn. Mín skoðun er líka, að úr því launin eru orðin 4000 kr., eins og laun landlæknis eru, þá sjeu þau orðin full-sómasamleg, og jeg fyrir mitt leyti vil líka, að laun embættismanna sjeu sómasamleg, og það hefi jeg sagt áður á þingi hjer. En hvernig því kann að víkja við, að maður þessi hafi því að eins sótt um landlæknisembættið, að hann hafi gjört sjer von um betri kjör, þá er mjer það ókunnugt, nema það, að slíkt er ekki á þingsins ábyrgð.

Þá skal jeg að eins minnast á þær 1200 kr., sem hæstv. ldsh. hefur stungið upp á til aðstoðarprests í Reykjavík. Jeg ber ekki á móti því, að ástæður geti verið til þess, að dómkirkjupresturinn þurfi aðstoð; en svo kemur annað, sem gjörir, að jeg, því miður, ekki get gefið þessari viðaukatill. atkvæði mitt; og það er það, að ef slíkt fje verður veitt í þessu skyni, þá er ekki að eins hætt við, heldur sjálfsagt, að fleiri bænir muni streyma inn á eptirfarandi þing um fjárveitingu í sama skyni Ef presti á bezta og tekjumesta brauði landsins yrði veitt fje úr landssjóði til að launa aðstoðarpresti sínum, þá mundi þar af leiða, að prestar út um land, sem ekki treystast til að þjóna brauðum sínum, reyna að fara í sama farið, reyna að fá laun handa sínum aðstoðarprestum úr landssjóði, og þá gæti þingið ekki, ef það ekki vildi skerða sóma sinn, neitað slíkum mönnum um slíkt fje. Jeg finn því ekki fremur ástæðu til að veita þessum presti laun handa aðstoðarpresti sínum, en öðrum prestum, og jeg verð að segja, að jeg finn jafnvel *síður* ástæðu til að veita honum slíkt fje, en öðrum prestum, sem opt þjóna stór-

um og erfiðum brauðum út um landið og það með svo lágum launum, að þau eru stundum ekki hærri en þær 1200 kr., sem farið er fram á handa þessum aðstoðarpresti.

Úr því jeg nú er kominn nokkuð út í málið á annað borð, þá vil jeg þó minnast með fáum orðum á till. sjálfrar nefndarinnar, jafnvel þótt h. framsögumaður hafi tekið skýrt fram ástæður nefndarinnar fyrir till. hennar.

Jeg skal þá geta þess, að jeg var ekki í hug og hjarta með öllum till. meðnefndarmanna minna og vildi jafnvel að sumar fjárveitingar, sem nefndin hefur samþykkt, væru felldar úr, þó jeg ekki gjörði skoðun mína í þessu efni að ágreiningsefni í nefndinni. Þannig hefði jeg helzt óskað, að þær 4000 kr., sem ætlaðar eru til að gefa út stóra lagasafnið gamla, fjelli úr frv. Jeg álít í þetta sinn ekki mjög mikla þörf á að halda þessu lagasafni áfram, þó ekki gæfi jeg atkv. á móti því í nefndinni, því það er allur tími til stefnu með slíkt aptur síðar, þegar betur lætur en nú. Jeg vildi því gjarnan fella þessa fjárveiting nú, er til atkvæðagreiðslu kemur, en af því engin breyting liggur hjer fyrir um þetta atriði, þá skal jeg ekki fara lengra út í það.

Viðvíkjandi þeim 600 kr., sem h. þm. N.-Þing. (B. Kr.) mælti svo vel með handa þeim eina kvennmanni, sem hann sagði að farið hefði þess á leit að fá styrk úr landssjóði til að menntast, þá skal jeg játa, að jeg sje eptir því, ef till. h. 6. kgk. þm. (H. Sv.) um 450 kr. handa henni ekki getur komizt að formsins vegna. Að vísu hefi jeg alstaðar fast auga á því, að spara fje landssjóðs, en vil þó heldur í þetta skipti hlynna að því. að þessi stúlka fái dálítinn styrk, einkum þar sem hún, auk sinna góðu hæfilegleika til að nema sönglist, kvað vera svo heilsulítil, að hún á ekki hægt með að vinna. En þar sem ekki liggja aðrar tölur fyrir, en þær 300 kr., sem nefndin stingur upp á, og þær 600 kr. sem eru í frv. Nd., en ekki talan, sem þar er mitt á milli, nfl. þessar áminnztu 450 kr., þá held jeg, ef þessi síðasta miðlungstala ekki kemst til atkvæðagreiðslu, að jeg halli mjer þó heldur að hinni hærri tölunni af hinum tveimur, sem sje þeim 600 kr., sem Nd. hefur samþykkt.

Loks vil jeg enn víkja að því, sem jeg er búinn að færa ástæður fyrir, að nauðsynlegt sje að gæta allrar varúðar við þessar sjerstöku smáveitingar, í fyrsta lagi af því, að það er hættulegt að vera að eyða fje landsins til þess, sem lítil von er um að landinu verði til nokkurs gagns, og í öðru lagi af því, að því meira sem veitt er svona sjerstaklega á einu þingi, því meiri vandræði kemst næsta þing á eptir í, þegar svona mikið er veitt og beðið um í ár, sem mun helmingi meira en á síðasta þingi; þá má búast við að enn komi helmingi fleiri fjárbænir inn á næsta þing, en komu í ár. Þetta er, mjer liggur við að segja, ósiður, sem þingið ekki ætti að venja menn á, heldur að taka í þann strenginn, að venja slíkt af sjer aptur, og það alvarlega.

Skúli Þorvarðarson: Jeg skal eigi teíja umræðurnar með því að fara út í mörg einstök atriði, en vil leyfa mjer að lýsa því yfir, að jeg er þakklátur h. nefnd fyrir starfa hennar, og fellst jeg á flestar aðgjörðir hennar; en þó vil jeg eigi leyna því, að jeg er henni eigi að öllu leyti samdóma í öllu, sem hún hefur gjört, og ætla jeg að fara fáeinum orðum um það. Hið fyrsta, sem mjer þykir athugavert við breytingartill. við frv. Nd., er launahækkun Tómásar læknis Hallgrímssonar. Verið getur, að hann komist eigi vel af með laun þau, er hann hefur; en þegar þess er gætt, að hann tók við embættinu með 1800 kr. launum, og honum var á síðasta þingi veitt 600 kr. launaviðbót, þá finnst mjer þingið þegar hafa gjört honum góð skil, og get jeg því eigi gefið atkvæði mitt með því, að honum sje veitt ný launaviðbót á þessu þingi. Hin næsta athugasemd, sem jeg vildi gjöra, er við þá till. nefndarinnar, að 12. tölul. 16. gr., um styrk til að varna skemmdum af Hafursá í Mýrdal, sje numinn burt. Á það get jeg eigi fallizt. Af því jeg er sjerstaklega kunnugur um skemmdir þær, sem áin veldur, get jeg sagt, að þær eru mjög miklar fyrir næstliggjandi jarðir, og að miklu fje og vinnu hefur verið varið til að varna þeim; en þótt þær varnir hafi eigi verið einhlítar, þá hafa þær þó gjört mikið gagn; en þörf er á að halda þeim áfram og vil jeg því leyfa mjer að leggja það til, að þeim 800 kr. sje lofað að standa, sem veittar eru til þessa í frv. Nd. Jeg skal játa það, að eigi eru nægar sannanir fyrir hendi um það, að verkið verði einhlítt, og eigi heldur nægar upplýsingar um, hversu miklu fje þegar er búið að verja til

verks þessa, en af því jeg þekki til með það, álít jeg alla sanngirni mæla með því, að tölulíðurinn fái að standa. Hvað snertir hinar aðrar breytingartill., sem hjer í deildinni hafa verið reistar á fætur, að mjer virðist að óþörfu, gef jeg því sumum þeirra eigi atkvæði mitt. Jeg stend í sömu sporum sem á hinum tveimur næstundangengnu þingum, og jeg vil því eigi fremur nú en áður hækka laun landlæknisins um 800 kr.; hann hefur eins og kunnugt er 4000 kr. í laun, og þykir mjer það sómasamlegt, og hvernig sem ástæður hans kunna að vera, finnst mjer eigi ástæða til, að landssjóður hjálpi honum um fje fram yfir þörf hans til nauðsynlegrar brúkunar, og það hygg jeg, að 4000 muni nægja til. ef vel er á haldið, enda held jeg margir hafi minna að lifa við, og það embættismenn hjer í Reykjavík, þar sem nokkuð margir skólakennarar hafa ekki nema 2000, og liðugt það, og í þessu harða ári held eg varla vel sæma að hækka laun embættismanna, þegar alþýða verður að líða skort, og máske neyð. Hann hafði líka, að minnsta kosti fyrst eptir að hann kom, töluverða praxis, og getur mjer því eigi fundizt ástæða til að hækka laun hans. Þá er tillaga um launahækkun Þorvaldar læknis Jónssonar á Ísafirði um 224 kr. á ári. H. framsögumaður (M. St.) mælti með þeirri tillögu, af því að sanngirni mælti með launahækkuninni, þótt eigi væri ströng lagaheimild fyrir henni; en jeg verð að álíta, að eigi sje veruleg nauðsyn til að veita hana, af því að læknir þessi hefur nú þau beztu, eða næst þeim beztu læknislaunum hjer á landi; hann hefur 2216 kr. í árslaun, og eru þau laun í samanburði við laun annara lækna mjög góð; en jeg held líka, ef honum verður veitt þessi launaviðbót, að fleiri læknar fari á eptir; jeg veit eigi betur en að líkt standi á fyrir fjórum öðrum læknum og sem gætu gjört hina sömu kröfu sem hann; þessir fjórir læknar eru: Þorsteinn í Vestmannaeyjum, Hjörtur í Stykkishólmi, Fr. Zeuthen á Eskifirði og Þorgrímur á Akureyri. Þessir læknar hygg jeg hafi hinn sama rjett til launahækkunar, og getur slíkt orðið tilfinnanlegt fyrir landssjóð, og fellst jeg því eigi á þessa tillögu. Hvað snertir styrkinn til Guðrúnar Waage til að læra söng-list, þá er jeg því hlynntur, að hann verði eigi lækkaður frá frv. Nd.; hann er að eins veittur í eitt skipti fyrir öll, og fyrst stúlkan er efnileg og af fátækum foreldrum komin, auk þess mjög heilsuveik, þá er jeg eigi svo sparsamur, að jeg vilji lækka styrkinn frá frv. Nd. Það hefur verið talað um hinar 1200 kr. til launa aðstoðarpresti hjá dómkirkjuprestinum í Reykjavík, og er jeg samdóma þeim þingdm., sem talað hafa, og hygg nú eigi vera bráða þörf á aðstoðarprestinum, með því að nú þjónar sá prestur í Reykjavík, sem, eins og kunnugt er, flestum fremur er fær um að afkasta embættisverkum sínum, og álít jeg því eigi beina ástæðu til að veita þann styrk nú þegar. Þá er enn fremur till. um 100 kr. eptirlaunaviðbót til sjera Árna Böðvarssonar; jeg hafði hugsað mjer, að vera eigi með þeirri tillögu, með því að hann hefur einna hæst eptirlaun, sem uppgjafaprestar hafa hjer á landi; hann hefur 540 kr. á ári, og ef 100 kr. væri bætt við, hefði hann 640 kr., og það eru nokkuð rífleg laun í samanburði við aðra uppgjafapresta; en eptir umræðunum að dæma, þykir mjer hart aðgöngu, að neita þessum styrk, þar eð presturinn mun hafa hans þörf mikla, af því hann er heilsulítill og hefur þurft að kaupa sjer læknishjálp að miklum mun. Jeg get því í þessu tilliti vel breytt meiningu minnu og fallizt á tillöguna. Hvað snertir breyt.till. h. þm. N-Þing. (B. Kr.), um að auka tillagið til skólans í Flensborg um 300 kr. hvort árið á fjárhagstímabilinu. þá er jeg samdóma h. framsögum. (M. St.), að eigi sjeu nægar upplýsingar um sjerstaka þörf skólans, enda finnst mjer hann svo ríflega styrktur, að eigi sje ástæða til að hann heimti meira, eða verði veitt meira að þessu sinni; mjer eru heldur eigi kunnar framkvæmdir skólans, og get jeg því eigi fallizt á þá tillögu. Jeg hef þannig gjört grein fyrir atkvæðum mínum viðvíkjandi þessum breyt.till., og fer því ekki fleirum orðum um málið í þetta sinn, en greiði atkvæði eptir því, sem jeg hef látið á mjer heyra.

Landshöfðingi: Jeg hef því miður eigi getað verið viðstaddur umræðurnar hjer í deildinni, af því að jeg hef orðið að vera í Nd.; en jeg vil fyrst lýsa ánægju minni yfir því, hvernig h. nefnd hefur leyst starfa sinn af hendi á þeim stutta tíma, sem henni hefur verið afmarkaður. Jeg skal svo leyfa mjer að víkja að fáeinum till. nefndarinnar, og þó að eins að þeim, sem jeg hef nokkuð að athuga við. Mjer hefur verið skýrt frá, að nefndin hafi tekið aptur

breyt.till. sínar á forminu um sundurliðanirnar, og að sundurliðanir frv. því verði látnar standa, og felli jeg mig vel við það, og álít eigi ástæðu til að breyta því frá frv. Nd. — Þar sem h. nefnd hefur í 21. tölul. stungið upp á, að fella burt 1200 kr. til að fá útlendan laxaklaksmann að vetri, þá verð jeg að álíta þessa breytingu miður heppilega. Jeg álít, að laxaklakið sje hin praktiska hlið laxaræktarinnar, og að því sje mikilsvert, að verja nokkru fje til þess, meðan þekking laxræktunarinnar er að ryðja sjer til rúms. Jeg hygg, að árangur laxrannsóknarinnar verði minni, ef þessi praktiska viðbót fylgir eigi með; enn fremur er ferð laxfræðingsins einskorðuð við Suður- og Vesturlandið: það getur verið nauðsynlegt, að hann ferðist þar um, en í Nd. var talað um, að hann ferðaðist einnig um á Norðurlandi; en jeg skal eigi leggja áherzlu á það, með því að jeg ætla, að styrk þessum verði haldið áfram, og að fiskifræðingurinn geti því ferðast um síðar á Norðurlandi, þótt það verði eigi á næsta ári. Þar sem h. nefnd hefur stungið upp á, að breyta styrknum til bókara hins fyrirhugaða landsbanka til að kynna sjer bankastörf í Danmörku, og sem var 1000 kr., þannig, að hann sje veittur framkvæmdarstjóra bankans og hækkaður upp í 1500 kr., þá felli jeg mig vel við þá hækkun, og hugsunin var, þegar styrkurinn var ákveðinn, að nauðsynlegt væri, að einhver væri sá við bankann, þegar hann væri settur á stofn, sem hefði kynnt sjer hin praktisku daglegu bankastörf; getur þá hjer um bil staðið á sama, hvort framkvæmdarstjóra eða bókara er veitt fje til að kynna sjer störfin. Hvað snertir þá till. nefndarinnar, að styrkurinn til að varna skemmdum af Hafursá í Mýrdal falli burt, þá þykir mjer það ísjárvert, en ber að sönnu ótta fyrir, að styrkurinn, 800 kr., verði eigi nógur, en álít þó að hann muni verða að nokkru gagni, og finnst mjer líka fremur ástæða til að veita hann, þar sem það eru landssjóðsjarðir, sem verja þarf skemmdum. — Þá ætla jeg að leyfa mjer að minnast á breytingaratkv., sem jeg hef gjört, um laun handa aðstoðarpresti hjá dómkirkjuprestinum í Reykjavík, 1200 kr. á ári. Jeg kom fram með þá tillögu í Nd. eptir boði stjórnarinnar; en þar mætti þessi uppástunga mótmælum og náði ekki fram að ganga, og hef jeg því líka leyft mjer að bera hana upp í þessari h. deild, í þeirri von, að hún ef til vill verði samþ. hjer. Dómkirkjuprestsembættið er mjög erfitt sökum fólksfjölda safnaðarins, sem farið hefur mjög vaxandi nú hin síðustu árin, svo að ofvaxið er einum manni að veita honum prestsþjónustu, og af þeirri ástæðu er uppástunga þessi komin fram. Það hafði verið farið fram á, að stofna fast aðstoðarprestsembætti með 200 kr. launum; en þótt það hefði verið æskilegast, vildi stjórnin þó samkvæmt tillögum mínum ekki fara svo langt, þar sem álitið var, að hið minna einnig mætti verða að verulegu liði. Það hefur verið fært til sem ástæða móti þessari fjárveitingu, að hún mundi draga dilk á eptir sjer, og að aðrir prestar mundu biðja um hið sama, og þá væri eigi með sanngirni hægt að neita þeim; en þar við er þó athugandi, að hjer í Reykjavík stendur svo sjerstaklega á, að ekkert prestakall á landinu er eins fjölmennt og þar af leiðandi hvergi eins mörg prestsverk, og þess vegna hygg jeg, að varla þurfi að óttast slík tilfelli, þar sem eins sje ástatt, og því eigi ósamkvæmni, þótt þeim væri neitað, sem færu fram á líkt, þar eð eigi stendur eins á í nokkru öðru prestakalli. Jeg ætla enn fremur að leyfa mjer að minnast á hina fyrri breyt.til. h. þm. N-þing. (B. Kr.), um að hækka tillagið til Flensborgarskóla úr 2500 kr. upp í 28 kr. Þeirri tillögu er jeg hlynntur, því að jeg álít mjög maklegt, að þingið styrki skólann ríflega. Skólinn er gagnfræðaskóli, sem, eins og kunnugt er, er stofnaður af gjöfum privatmanns, sem hefur lagt mjög mikið fje til að koma honum á stofn, en skólinn þarf þó árlega mikinn styrk, til þess að vera í góðu horfi. Þetta fyrirtæki þessa manns er svo loflegt og ágætt, að skyldugt væri að styrkja það sem bezt, svo að það bæri sem beztan ávöxt. Enn er breyt.till. frá h. 6. kgk. þm. (H. Sv.) og h. þm. Dal. (J. G.) um 800 kr. launaviðbót til landlæknisins. Eins og kunnugt er, voru landlæknislaunin færð niður með lögum frá þinginu 1883. Þegar þau lög voru rædd, ljet jeg í ljósi, að eigi væri sanngjarnt, að sú launalækkun kæmi fram, meðan sá maður, sem þá var og er enn, væri í embættinu, vegna þess að honum hefði verið veitt embættið með hærri launum. Jeg er enn á sömu skoðun, og álít því sanngjarnt, að veita þessa upphæð, sem tekin var af með áminnztum lögum. Laun landlæknisins eru heldur eigi há í

samamanburði við önnur embættislaun, einkum laun forstöðumanns prestaskólans og jafnvel forstöðumanns lærðaskólans. Jeg skal svo eigi fara fleiri orðum um málið, sem nú liggur fyrir h. deild, og viðvíkjandi hinum öðrum breyt. till hef jeg eigi ástæðu til að mæla með eða mót, heldur vil jeg skjóta þeim eins og þau liggja fyrir undir atkvæði h. þingd.

Jakob Guðmundsson: Af því að tillagan nr. 398 er nýmæli, þá vil jeg tala nokkur orð um hana. H. hæstv. landshöfðingi svaraði að nokkru leyti mótmælum þeim, er tillagan mætti hjá h. þm. Rangv. (S. Á.), er hann hugði, að það mundi draga dilk á eptir sjer og aðrir prestar færu að biðja um hið sama, og þarf jeg því eigi að svara þeirri mótbáru. H. hæstv. landshöfðingi sagði, að hjer væri svo sjerstaklega ástatt með fjölda safnaðarins, að ofvaxið væri einum manni að þjóna honum; en jeg lít eigi eingöngu á erfiðleikana að prestsins hálfu, heldur lít jeg líka á söfnuðinn og kirkjuna. Þegar jeg lít á söfnuðinn og kirkjuna, sje jeg, að söfnuðurinn er stór, en kirkjan mjög lítil fyrir hann, og tel jeg því hæpið, þótt messað sje á hverjum sunnudegi, að fólk geti fengið annað en strjálar messur, af því kirkjan tekur svo fátt fólk; fyrir því verður að gjöra eitthvað, svo í viðunanlegu lagi sje, og liggur þá fyrir, að mjer finnst, annaðhvort að stækka kirkjuna til helmings, eða reisa aðra nýja kirkju; en hvað leiddi svo af því? Ef kirkjan væri stækkuð, væri að sönnu einn prestur nógur, en ef kirkjurnar yrðu tvær, þyrfti tvo presta; en það mundi kosta mjög mikið, að stækka kirkjuna. Til þess nú að bæta úr þessu, má til bráðabyrgðar koma á aðstoðarpresti, og þá gætu farið fram tvær messur sama daginn. Þessi skoðun kemur mjer til að fallast á þetta breytingaratkvæði að eins safnaðarins vegna, og vona jeg að hin h. þingd. líti með sanngirni á þá skoðun mína.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg vil að sönnu eigi lengja umræðurnar mikið; en jeg get eigi komizt hjá því að minnast á nokkur einstök atriði. Jeg vil fyrst yfir höfuð ljúka lofsorði á starfa nefndarinnar og álít að hún hafi í mörgu unnið vel og margar breytingar hennar sjeu til bóta; en þó vil jeg geta þess, að jeg get eigi fallizt á breytingar hennar allar. Það sem fyrst liggur fyrir og jeg vildi minnast á, er 11. gr., og hef jeg gjört breytingartillögu við hana. Jeg fellst á þá breytingu, sem h. nefnd hefur gjört við þá grein, um 224 kr. launahækkun á ári til Þorvaldar læknis Jónssonar, með því að h. framsögum. (M. St.) hefur komið með þær ástæður fyrir þeirri breytingu, sem hafa verið nægilega sannfærandi fyrir mig, að þótt eigi væri lagaheimild fyrir þeirri fjárveitingu, mælti þó *sanngirni* með henni. Einn h. þm. sagði, að sanngirnin kynni að verða svo dýr; en jeg hef heyrt menn segja, að eigi ætti að meta frelsi móti fje, og vil jeg bæta við því, að samgirni og rjettlæti á heldur eigi að meta móti fje. Þótt hundrað menn kæmu á eptir með sömu kröfu til landssjóðsins, eins góða og gilda, eins rjettláta eða sanngjarna, þá er það skylda hans og sómi, að sinna þeim öllum. Landssjóður á að sinna hverri rjettlætiskröfu, og er því rangt, að segja eða hugsa svo: Þessi maður hefur rjettlætiskröfu; en af því það kostar svo mikið, vil jeg vera ósanngjarn og veita honum hana ekki. Slíkt sæmir ekki ráðsmönnum landssjóðsins. Jeg hef nú líka ásamt h. þm. Dal. (J. G.) komið með breytingartillögu við 11. gr. um hækkun launa landlæknisins, einmitt af því, að við álitum, að hjer væri um mjög mikla sanngirni að ræða. H. hæstv. landshöfðingi skýrði frá tillögu sinni og skoðun á síðasta þingi, þegar rætt var um laun landlæknisins, og tók svo til orða, að eptir sínu áliti hefði landlæknirinn lagaheimild fyrir hærri launum, *þrátt fyrir* þau nýju lög, sem þá voru í smíðum, (*M. St.:* Það hefur hann víst aldrei sagt), og að minnsta kosti hefði hann hina sterkustu sanngirniskröfu til þess, að hin lækkandi launabreyting væri eigi látin ná til hans, meðan hann væri í embættinu. Jeg skal að sönnu eigi staðhæfa það; en þó mun hann hafa látið í ljósi skoðun sína í orðum, sem fóru í líka átt og jeg nú nefndi. Þegar landlæknirinn var veitt embættið, var honum veitt það með 800 kr. hærri launum, en hann nú hefur, og honum mun hafa verið sagt, að sú launalækkun, sem þá var spurning um, mundi þá eigi verða samþykkt, og úr því lögin um 3600 kr. voru eigi staðfest, gat engum dottið í hug, að önnur lækkun mundi eiga sjer stað; hann naut og fyrri launanna, þangað til lögin frá þinginu 1883 náðu gildi; en þá varð hann að sætta sig við þá ráðstöfun, sem hvorki ráðgjafanum eða honum sjálfum gat dottið í hug, þegar

hann sótti um og fjekk embættið. Mjer finnst því sanngirnisástæður mæla með því, að veita honum þessar 800 kr., sem af honum voru teknar með lögum 1883, en sem honum voru upprunalega veittar með embættinu. Hið sama má að miklu leyti segja um breyt.till. við 13. gr. B. I. a. um launaviðbót handa Tómasi lækni Hallgrímssyni, að sanngirni mæli með henni, og sanngirnin er því ljósari, sem kunnugt er, að hann hefur með núverandi launum sínum naumlega nóg til að framfleyta heimili sínu, þar sem hann á fyrir 3 börnum að sjá, og verður að haga vinnuhjúahaldi eptir því. Við það verða flestir að kannast, að þeim sje eigi vel farið hjer í Reykjavík, sem hefur í laun að eins 2400 kr. og hefur þó nokkra fjölskyldu, og þarf hann að spara mjög, ef hann á að komast sómasamlega af. Þar sem einn h. þm. gat þess, að þegar Tómas læknir hefði sótt um embættið, hefðu launin verið lægri, og hann hefði auk þess fengið viðbót á síðasta þingi, þá er þetta rjett; en þegar honum var veitt embættið, mun honum hafa verið gefið í skyn, að áreiðanlegt væri, að þingið mundi eigi láta hann sitja lengi við þau laun, sem þá voru ákveðin embættinu. Þau voru líka mjög lág, 1800 kr., og eigi sómasamleg nema fyrir einhleypan mann. Það má segja, að lengstan tímann hafi hann eigi haft meira en 1800 kr. í laun, og af því að þau laun hrukku eigi, hefur hagur hans ávallt orðið þrengri og þrengri; við það hefur hann þurft að eyða stofnfje sínu, hafi það nokkuð verið, og við það hafa skuldir hans aukizt. Mjer finnst því sanngirni að fylgja því, er nefndin hefur stungið upp á, og veita honum þessa launaviðbót.

Í 14. tölul. í breyt.till. hefur h. nefnd farið fram á að hækka laun dyravarðar latínuskólans úr 900 kr. upp í 1000 kr.; tel jeg það sanngjarnt, því að reynslan mun hafa sýnt, að laun hans eru hin allra minnstu. Jeg ætla að fylgja h. nefnd í þessu og yfir höfuð í flestum atriðum. Jeg ætla mjer þó ekki að fara út í hvern einstakan tölul. eða leiða rök að hverri fjárveitingu, enda munu röksemdaleiðslur mínar ekki hafa mikla þýðingu.

Þess var getið áðan, að Sigfús Eymundsson mundi eigi ætla að nota styrk þann, sem honum væri veittur, ef hann væri ekki hærri en 300 kr., og hefur þá viljað vel til, að h. nefnd hefur numið þann styrk alveg burt.

Þá vil jeg minnast lítið eitt á breyt. till. mína (nr. 386) um styrkinn til Guðrúnar Waage. H. framsögumaður (M. St.) gat þess, að þessi breyt.till. gæti ekki komizt að af formlegum ástæðum. En það get jeg engan veginn fallizt á, því að breyt.till. er við 23. tölul. í breyt.till. h. nefndar, og er jafnframt innan sviga getið þess, að það sje 16. gr. 9. tölul. frv.; er þá tekin talan 600 kr., sem stendur í 9. tölul. 16. gr. frv., og lagt til, að 600 kr. breytist í 450 kr. Ef menn vilja að eins brúka heilbrigða skynsemi, þá hljóta allir að geta skilið, hvað breyt.till. fer, og mjer getur ekki betur fundizt en að það sje einber hárklofning, ef menn geta ekki sjeð, að þetta er fullkomlega rjett. Vona jeg, að h. deild taki breyt.till. til greina, og þykist þess viss, þangað til h. forseti vísar henni frá, sem jeg vona að hann gjöri ekki. — En að því er sjálfa töluna snertir, þá er hún miðlunartala, því að þótt einhver vildi ekki greiða atkvæði með 600 kr., þá getur vel verið, að hann vilji greiða atkvæði með 450 kr., enda finnst mjer sú tala sómasamleg. Þótt 450 kr. nægi ef til vill ekki, þá eru þær þó verulegur styrkur. Ef h. þingdm. vilja ekki staðnæmast við 600 kr., þá vonast jeg eptir, að þeir fari ekki niður fyrir þessa miðlunartölu, 450 kr., sem jeg hef stungið upp á.

Það gladdi mig að heyra, að breyt.till. við 15. gr. hefur mælt velvilja h. þingdm., og það því fremur, sem hlutaðeigandi uppgjafaprestur er mjög bágstaddur, bæði sakir efnaleysis og einkum vegna heilsuleysis, sem hann hefur reynt að lina með mörgum tilraunum og miklum tilkostnaði, án þess þó að það hafi haft tilætlaðan árangur. Þetta gjald verður heldur varla tilfinnanlegt fyrir landssjóð, því að bæði heilsufar og aldur þessa heiðraða manns benda á, að hann muni ekki þurfa lengi að njóta þessarar fjárveitingar.

Jeg er mjög hlynntur breyt.till. (391) við 13. gr. B. V. c., um að hækka styrkinn til Flensborgarskólans upp í 2800 kr. H. hæstv. ldsh. og h. flutningsm. breyt.till. (B. Kr.) hafa svo rækilega tekið fram þær ástæður, sem mæla með þessari hækkun, að jeg þarf engu við það að bæta. Vona jeg, að h. deild verði með þessari breyt.till. Það kann

reyndar að virðast ísjárvert, að hækka fjárupphæðir þær, sem stjórnin hefur stungið upp á; en það þarf þó ekki að vera algild regla; og allrasízt að því er umrædda fjárveiting snertir, því að Flensborgarskólinn er alþýðuskóli að sínu leyti eins og Möðruvallaskólinn. Þótt nú styrkurinn til Flensborgarskólans fari vaxandi, getur það komið til af því, að styrkurinn að undanförnu hefur verið helzt til lítill. Þessi fjárveiting ætti því síður að vaxa mönnum í augum, sem hún er mjög lítil í samanburði við kostnaðinn til Möðruvallaskólans. Sá skóli kostar landssjóð um 8000 kr. á ári, fyrir utan það sem lagt var upphaflega til skólabyggingarinnar. Flensborgarskólinn kostaði ekki meira en $^1/_3$ af því, þótt honum væru veittar 2800 kr. Það má heldur ekki gleyma því, að það er að eins einn maður, sem með höfðingsskap sínum hefur komið þessum skóla á fót. Ætti því landssjóður að sýna höfðingsskap á móti höfðingsskap, og styðja skólann með fjárveitingum.

Jeg er fullkomlega meðmæltur viðaukatill. (391) við 16. gr., um 1000 kr. styrk til skipakvíar í Hvaleyrartjörn. Þessi fyrirhugaða skipakví miðar til að efla atvinnuvegina, því að eins og h. flutningsm. (B. Kr.) þessarar till. tók fram, er ekki síður mikilsvert að gæta fengins fjár en afla þess. Það er með öðrum orðum eins mikilvægt, að hafa öruggt skipalægi, eins og að koma skipunum upp. Það er heldur ekki ómögulegt, að menn afli sjer gufubáta, sem gangi hafna á milli á sumrum; en þá verður að vera eitthvert öruggt skipalægi, þar sem þeir gætu legið á veturnar. H. framsögum. (M. St.) barði því við, að enginn vissi, hverjum ætti að veita þetta fje; en það eru engin vandræði að bæta þessu við, og meira að segja binda veitinguna skilyrðum, ef mönnum sýndist svo; enda treysti jeg landsstjórninni vel til, að borga ekki þetta fje af hendi, án þess að hafa eptirlit með, hvernig það er notað og hvernig því er varið. Það hefur verið sagt, að ekki þyrfti að styrkja þetta fyrirtæki, því að það mundi gefa svo mikinn arð, að það borgaði sig fljótt; en menn hafa ekki ævinlega fje til að leggja í fyrirtæki, þótt arðsöm sjeu, og borguðu sig fljótt.

Þá er enn ein breyt.till. (398) um 1200 kr. fjárveiting á ári til launa handa aðstoðarpresti hjá dómkirkjuprestinum í Reykjavík. Jeg hef heyrt, að þessi till. er ekki mönnum að skapi, og að hún muni ekki verða langlíf. Það líður þá ekki yfir mig, þótt þessari fjárveiting verði synjað, því að jeg ætla ekki að stinga þessu fje í minn eigin vasa, heldur á það að ganga til aðstoðarprests, til þess að söfnuðurinn geti fengið enn fullkomnari þjónustu en jeg nú einn get látið í tje. Jeg leyfi mjer í þessu efni að skírskota til ræðu h. þm. Dal. (J. G.), sem sýndi svo greinilega og rækilega fram á *þarfir safnaðarins*. En það getur verið, að hvorki presturinn nje söfnuðurinn standi hátt í augum h. þingdm. Á það bendir meðal annars, að fjárbeiðslur úr Reykjavík fá jafnan öllu verri byr hjá þinginu en annarsstaðar að. (*S. A.* og *Sk. Þ.*: Nei! *J. P.*: Jú!). Já, þingið er ávallt tregara til að veita Reykjavík fje en öðrum stöðum landsins. Jeg verð að biðja menn að gæta að því, að jeg kem ekki fram sem málfærslumaður mín sjálfs, heldur mæli jeg með þessari tillögu *vegna safnaðarins*. Það hafa komið fram ýmsar ástæður á móti; þar á meðal var því kastað fram í h. Nd., að ef þessi tillaga væri samþykkt, mundi það draga *dilk* eptir sig, því að þá þyrfti landssjóður að borga aðstoðarprestum laun þeirra um land allt. Þessi mótbára hefur nú fallið í frjóvsaman akur hjer í deildinni, því að h. 2. þm. Rangv. (Sk. Þ.) þóttist sjá ekki að eins einn eða tvo dilka, heldur heila halarófu af dilkum, og þótt dilkar sjeu ofur meinlaus dýr, þá var h. þm. (Sk. Þ.) þó svo hræddur við þá, að hann þorir eigi að greiða atkvæði með tillögunni.

Ætlun mín er, að ekki þurfi að óttast, að þetta dragi dilk á eptir sjer, því að hjer stendur alveg sjerstaklega á, eins og hæstv. ldsh. tók fram. Hjer er ekki um örvasa prest að ræða, sem þarf að hvílast. Jeg hef ekki beðið um þennan aðstoðarprest til þess að hvílast sjálfur, eða setjast í helgan stein, heldur af því, að það er einum manni ofvaxið að gegna þessu embætti. Það er svo erfitt, að *einn* maður *getur ekki* veitt því þá þjónustu, sem söfnuðurinn hefur heimting á. Sumir h. þm. í Nd. hafa sett lof upp á mig fyrir, hve vel jeg gegndi embættinu. Jeg sting þeirri viðurkenning, — jeg vil ekki segja þeim gullhömrum, — í vasa minn. Þessum mönnum ferst svo sem opt á sjer stað, að um leið og þeir synja einhverjum um einhverja bæn, þá leggja þeir honum lofsyrði, eins og til að gjöra honum hughægra.

Það hefur verið sagt, að dómkirkjupresturinn ætti sjálfur að borga aðstoðarpresti sínum, eða þá að kljúfa ætti brauðið í tvennt. En allir sjá, að ekki yrði það ódýrara, að gjöra brauðið að 2 brauðum og hafa 2 kirkjur. H. þm. Dal. (J. G.) sýndi ljóst fram á, að slíkt gæti enginn sparnaður verið, og úr því að tekjur brauðsins hrökkva nú ekki nema handa einum presti, mundu þær ekki nægja handa 2 prestum. Menn hafa getið þess til, að tekjurnar hafi vaxið að sama skapi sem fólksfjöldinn hefur vaxið og brauðið þannig orðið erfiðara, og þess vegna ætti dómkirkjupresturinn að geta borgað aðstoðarprestinum. En þetta er ekki svo. Þegar jeg tók við brauðinu, voru íbúar þess 2500, en nú eru þeir orðnir 4000, eða þeir hafa fjölgað um 60%, og fyrirrennari minn, sem hvorki var örvasa nje ónytjungur, fór frá af því, að honum þótti brauðið orðið svo erfitt, að hann gat ekki gegnt því. Hvað skyldi þá nú mega segja um erfiðleika brauðsins? Jeg gæti sýnt tölur, sem sönnuðu, hve mikið embættisannirnar hafa aukizt; en jeg vil ekki þreyta h. þingdm. með þeim. En tekjurnar hafa ekki nánda nærri vaxið að sama skapi, því að fólksfjölgunin stafar mestmegnis af því, að menn hafa flutzt hingað úr sveitunum eptir hörðu árin, allslausir eða því sem næst, í þeirri von, að hjer væri hægra að komast af. En þar á móti hafa hinir hærri gjaldgreiðendur ekki fjölgað. Þegar jeg kom hingað, var brauðið metið um 3000 kr., en nú er það 3758 kr., að frádregnum þeim 800 kr., sem nú leggjast brauðinu úr landssjóði, en sem á að hætta að leggja til brauðsins við næstu prestaskipti En hvernig hef jeg nú komizt að þessu mati, sem gjört er eptir skýrslu minni um 5 ára meðaltal fyrir fáum árum? Hinar föstu tekjur nema ekki fullum 1600 kr. Það eru afgjald af jörðum um 460 kr., fyrir skólann 48 kr., fyrir hegningarhúsið 100 kr. (hvorugt af þessu verður þó eiginlega talið með föstum tekjum), úr landssjóði 800 kr., og rentur af söluverði kirkjujarðar og leigna-endurgjald c. 180 kr., sem verður alls 1588 kr. Allar aðrar tekjur eru lausar og meir eða minna óvissar. Menn hafa spurt mig að, hvort jeg margfaldaði ekki offratöluna með 4 kr., og fengi á þann hátt út þessa tekjugrein. En það er ekki svo, heldur hef jeg talið offrin eins og þau hafa goldizt. Þau hafa verið 79 að meðaltali, sem gjaldast *áttu*, en rúm 60, sem goldizt hafa, að meðaltali með 1077 kr. Hin síðustu ár hefur þessi tekjugrein rýrnað. Um aukaverk og dagsverk er það auðskiljanlegt, að þau eru næsta óviss gjöld og mjög mikið komin undir efnahag manna. Eða með öðrum orðum: hjer um bil $^2/_3$ allra tekna dómkirkjuprestsins eru meir og minna valtar tekjur. Þetta vona jeg að hafi gefið mönnum nokkrar upplýsingar um, hvort það sje sanngjarnt, að dómkirkjupresturinn sjálfur borgi aðstoðarprestinum, þótt menn ef til vill sannfærist ekki, og felli tillöguna. Ef svo fer, gjörir það mjer minna til en söfnuðinum. Jeg mun sjálfsagt hjer eptir sem hingað til, reyna til að leysa verk mín svo viðunanlega af hendi, sem jeg get yfir komizt, og gjörir það minna til, þótt jeg slíti mjer út eða *gangi mjer til húðar*, eins og menn segja. Þegar jeg endist ekki lengur, kemur einhver í minn stað. «Maður kemur manns í stað». Sem eitt dæmi af mörgum upp á erfiðleika þessa embættis, má nefna húsvitjanir, sem eru þó svo áríðandi embættisverk, að það er mjög skaðlegt að vanrækja þær. Sálnaregistrið eitt út af fyrir sig hefur verið frá 60 til 100 síður í arkarbroti árlega þessi síðari ár, og þarf ekki lítinn tíma til að hreinskrifa það, þó ekki sje annað. Jeg hef jafnvel orðið að fá mjer sjerstaka aukahjálp við þetta, sjálfsagt fyrir borgun úr mínum vasa, því skrifstofufje hef jeg ekkert; því að það er svo áríðandi, að húsvitjunarbækur sjeu færðar bæði rjett og fljótt, því að margs konar rjettindi eru komin meira eða minna undir þeim.

Það er enn eitt embættisverk, sem jeg hef ekki komizt yfir nærri svo sem skyldi; það er *vitjun sjúkra*. — Hjer er sjaldan messufall, sem víða annarstaðar vill verða. Að jafnaði eru hjer haldnar 60 messur á ári. Til þess að leysa þetta allt af hendi, þarf mikinn tíma, og ekki svo veika krapta. Í sjókdómsforföllum er engum á að skipa; söfnuðurinn getur þá staðið uppi þjónustulaus.

Að bænarskrá mín hefur mætt svo mikilli mótstöðu, og henni hefur verið vísað frá — jeg verð að segja, eptir atkvæðagreiðslunni í Nd. — með fyrirlitning, kemur víst að nokkru leyti til af óhöppum. Það átti að koma þessu atriði inn í fjárlagafrv. stjórnarinnar, og til þess kom það nógu snemma frá mjer; en fyrir einhverja tilviljun hefur það ekki orðið, en er komið fram sem breytingaruppástunga frá stjórninni.

það mundi ef til vill hafa verið tekið betur í þetta mál, ef það hefði komizt inn í sjálft fjárlagafrv. stjórnarinnar. Það hefur komið beinlínis frá safnaðarfundi hjer sú tillaga, að fá annan mann sóknarprestinum til aðstoðar; var það borið upp í sambandi við umkvörtun um danskar messur. Því verður ekki neitað, að söfnuðurinn yfir höfætti ekki að missa neins í við hinar dönsku messur, og hjá því mætti líka komast, ef aðstoðarprestur fengist, því að þá mætti messa tvisvar sama daginn. Það hefur verið sagt, að jeg hefði þó ekki svo mikið að gjöra, að jeg komist ekki til að vera þingmaður. En það er aðgætandi, að jeg hef aldrei haft jafnlítið að gjöra nokkru sinni áður sem í sumar. Í sumar á þingtímanum hef jeg sungið yfir að eins 7 líkum; í fyrra á jafnlöngum tíma 15; í hitt eð fyrra 26; en mislingasumarið söng jeg yfir á hverjdegi, í 25 daga samfleytt alls 106 líkum. Jeg ætla svo ekki að tala meira um þetta. Bið jeg menn að lyktum, að gæta einungis sanngirni og rjettlætis í þessu atriði, en hafa ekkert tillit til þess, að jeg er hjer persónulega viðstaddur, eða miða úrslit málsins við mig; því þetta er ekki styrkur til mín sjálfs.

Ásgeir Einarsson: Jeg skal ekki vera langorður að þessu sinni, því að mjer þykja umræður um þetta mál þegar orðnar nógu langar. Um eitt af þeim atriðum, sem að umtalsefni hafa orðið, skal jeg fara fám orðum; það er um skipakví í Hvaleyrartjörn. Jeg hefi átt þrjá dekkbáta og ýmist látið setja þá upp á þurrt land á vetrum eða haft þá á floti á stað ekki ólíkum og þessi fyrirhugaða skipakví mundi verða. Og það verð jeg að segja, að mjer þykja Eyfirðingar hafa sýnt hyggindi og framkvæmdarsemi í því að draga skip sín á þurrt land. Á þurru landi er miklu þægilegra að gjöra að þeim, bika þau og þess háttar, og þar geta þau þornað; þetta er allt miklu erfiðara, ef þau eru höfð á floti á vetrum. Jeg get því alls ekki fallizt á uppástungurnar. Auk þess er það, eins og þingm. Rangv. (S. Á.) minntist á, ekki gott að gjöra fyrir fram glögga áætlun um kostnaðinn, en vont að hætta við verkið hálfgjört fyrir það, að fje skorti til að ljúka við það. Þá skal jeg minnast á breytingartill. þá, sem jeg hefi komið með. Mjer finnst ekki einungis sanngirnisástæða mæla með henni, heldur líka misskunnarástæða. Jeg þekkti mann þann, sem um er að ræða, bæði á yngri árum og síðan. En nú þegar jeg fyrir skömmu sá hann, hafði honum svo stórum hnignað, að mjer datt í hug þetta: «sjáið manninn». Skal jeg svo hvorki orðlengja meir um breytingartill. nje málið í heild sinni

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með 10 atkv. 2. gr. samþ. í einu hljóði. 3. gr. samþ. í einu hljóði. 1. breyt.till. nefndarinnar við 4. gr. samþ. með 9 atkv. 2. breyt.till. nefndarinnar við 4. gr. samþ. með 10 atkv.; 4. gr. þannig breytt samþ. með 10 atkv. 5. gr. samþ. með 10 atkv. 6. gr. samþ. með 10 atkv. 7. gr. með breytingum, sem á kynnu að verða, samþ. með 10 atkv. 8. gr. samþ. með 10 atkv. 9. gr. samþ. með 10 atkv. 6. breyt.till. nefndarinnar við 10. gr. samþ. með 9 atkv.; 10. gr. með áorðnum breytingum samþ. með 10 atkv. Breyt.till. 385 við 11. gr. felld með 5 atkv. móti 4. 8. breyt.till. nefndarinnar við 11. gr. samþ. með 8 atkv.; 11. gr. þannig breytt samþ. með 10 atkv. 12. gr. samþ. með 10 atkv. Breyt.till. 398 við 13. gr. A. b. felld með 5 atkv. móti 4. 13. gr. A. samþ. með 10 atkv. 12. breyt.till. nefndarinnar við 13. gr. B. I. a. samþ. með 10 atkv. 13. breyt.till. nefndarinnar við 13. gr. B. II. a. samþ. með 9 atkv. 14. breyt.till. nefndarinnar við 13. gr. B. III. b. samþ. með 9 atkv. 15. breyt.till. nefndarinnar við 13. gr. B. III. c. samþ. með 8 atkv. Breyt.till. 391 tölul. 1 við 13. gr. B. V. c. felld með 5 atkv. móti 5.; 13. gr. B. þannig breytt samþ. með 10 atkv. 18. breyt.till. nefndarinnar við 13. gr. C. 3. samþ. með 10 atkv.; 13. gr. C. þannig breytt samþ. með 10 atkv. 14. gr. samþ. með 10 atkv. Breyt.till. 394 við 15. gr. samþ. með 10 atkv.; 15. gr. þannig breytt samþ. með 10 atkv. 20. breyt.till. nefndarinnar við 16. gr. samþ. með 9 atkv. 21. breyt.till. nefndarinnar við 16. gr. 4. tölul. a. og b. samþ. með 7 atkv. 22. breyt.till. nefndarinnar við 16. gr samþ. með 7 atkv. Breyt.till. 386 var vísað frá sökum form-

galla. 23. breyt.till. nefndarinnar við 16. gr. felld með 7 atkv. móti 2, og 9. tölul. frv. þar með skoðaður samþ. 24. breyt.till. nefndarinnar við 16. gr. samþ. með 6 atkv. 25. breyt.till. nefndarinnar við 16. gr. samþ. með 9 atkv. 26. breyt.till. nefndarinnar við 16. gr. felld með 5 atkv. móti 5, og var við haft nafnakall; sögðu þessir

já: Magnús Stephensen,
Ásgeir Einarsson,
Einar Ásmundsson,
Lárus E. Sveinbjörnsson,
Sighvatur Árnason;

nei: Hallgrímur Sveinsson,
Benedikt Kristjánsson,
Jakob Guðmundsson,
Jón Pjetursson,
Skúli Þorvarðarson.

27. breyt.till. nefndarinnar við 16. gr. samþ. með 7 atkv. Breyt.till. 391 tölul. 2 við 16. gr. felld með 6 atkv. móti 4. 16. gr. frv. tölul. 2 samþ. með 10 atkv. 16. gr. frv. tölul. 3 samþ. með 10 atkv. 16. gr. frv. tölul. 6 samþ. með 9 atkv. 16. gr. frv. tölul. 7 samþ. með 7 atkv. 16. gr. frv. tölul. 8 samþ. með 10 atkv. 16. gr. frv. tölul. 10 samþ. með 7 atkv. 16. gr. frv. tölul. 11 samþ. með 9 atkv. 16 gr. frv. tölul. 14 fyrri málsgrein, felld með 5 atkv. móti 5. 16. gr. frv. tölul. 14 síðari málsgr., felld með 6 atkv. móti 4. 16. gr. frv. tölul. 15 samþ. með 10 atkv. 16. gr. frv. tölul. 16 samþ. með 10 atkr.; 16. gr. öll með áorðnum breytingnm samþ. með 9 atkv. 17. gr. samþ. með 10 atkv. 18. gr. með áskildum breytingum á tölum eptir atkvæðagreiðslu samþ. með 10 atkv. 19. gr. samþ. með 10 atkv. 20. gr. samþ. með 10 atkv. Síðasta ákvörðunin samþ. með 10 atkv.

Frv. allt samþ. og vísað til 3. umr. með 10 atkv.

Fertugasti og sjöundi fundur, laugardaginn 22. ágúst kl. 6 e. h. Allir á fundi nema forseti (P. P.), 3. og 5. kgk. þm. (M. St. og L. E. Sv.), sem tjáð höfðu varaforseta forföll sín.

Varaforseti, sem stýrði fundinum, bar upp til atkvæða uppástungu frá 4 þingmönnum um ákveðna dagskrá, nfl. stjórnarskrármálið til 3. umr., og var hún samþ. með öllum atkvæðum.

Frumvarp til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands (C. 380; breyt.till. 386 og 387); 3. umr.

Framsögumaður (Benedikt Kristjánsson): Það er að eins mjög fátt, sem jeg þarf að tala um málið að þessu sinni, með því að ekki eru fram komnar við það aðrar breytingar síðan það var síðast til umr., en ein breyt.till. og ein viðaukatillaga frá meiri hluta nefndarinnar. Breyt.till. (nr. 397) fer fram á, að nema burtu úr frv. 53. gr. þess, er svo hljóðar: «Kviðdóma í sakamálum skal í lög taka svo fljótt, sem verða má». Eins og h. þingd. er kunnugt, ljet hæstv. landshöfðingi í ljósi mótmæli gegn því, að láta þessa ákvörðun standa í lögum sem þessum, um stjórnarskipun landsins. Nefndin hefur tekið ummæli hans í þessu efni til greina og fjellst á, að bezt væri að nema þessa ákvörðun úr lögunum. Má svo vera, að það líði langur tími, þar til menn finna ástæðu og þörf til að breyta dómsvaldsskipuninni á þann hátt, sem 53. gr. ákveður, enda mun samkvæmt 50. gr. frv. ekkert því til fyrirstöðu í þessum stjórnarskipunarlögum, að kviðdómar geti orðið innleiddir, ef til kemur, án þess slíkt sje breyting á stjórnarskipunarlögum.

Viðaukatill. (402) fer aptur fram á að bæta inn í 59. gr. frv. nokkrum orðum. 59. gr. er í þeim kafla frv., sem jeg leyfi mjer að segja, að sje um mannhelgi. Í þeirri gr. segir meðal annars: «Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms», og vill meiri hluti nefndarinnar, að hjer við bætist: «og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum». Með öðrum orðum: breytingin fer fram á, að sá, sem tekinn er fastur og situr í varðhaldi, hafi þann rjett, að dómarinn skuli leita atkvæðis hans um, hvort hann vilji sætta sig við dóm þann, er hann hefur verið dæmdur, eða áfrýja honum. Þar eð maður gjörir ráð fyrir, að hinn seki sje í varðhaldi, þá má gjöra ráð fyrir, að hann ekki hafi tök á að áfrýja dóm-

inum sjálfur. Það er líka svo í sakamálum, að dómarinn áfrýjar sjálfur dóminum, þegar sakamaðurinn lætur í ljósi, að hann vilji það. Þessi viðauki miðar því til að gjöra greinina orðfyllri, en hún er, jafnvel þó telja mætti það víst, að sjerhver dómari færi í slíkum tilfellum eptir sakalögunum.

Jakob Guðmundsson: Jeg ætla að það liggi ljóst fyrir h. þingd., að meiri hluti nefndarinnar hafi fallizt á till. hæstv. landshöfðingja, að fella burtu 53. gr. frv., af því að 50. gr. gjöri 53. gr. óparfa. 50. gr. segir svo: «Skipun dómsvaldsins skal ákveða með lögum». Þegar tími þykir til kominn, má því samkvæmt þessari grein stjórnarskipunarlaganna innleiða kviðdóma með lögum, og er 53. gr. því, sem sagt, óþörf.

Skúli Þorvarðarson: Jeg þarf ekki að halda langa tölu fyrir máli þessu; það hefur verið gjört svo rækilega við undanfarnar umræður þess; en með því jeg enn ekki hefi talað neitt í málinu, vil jeg þó leyfa mjer að gjöra grein fyrir atkvæði mínu, áður en gengið verður til atkvæða um málið. Það er þó ekki ætlun mín, að fara að tala um einstök atriði þessa máls, nje um það, í hverju stjórn þeirri, er vjer nú höfum, sje ábótavant, hvort heldur er stjórnin innanlands eða hin æðsta stjórn. heldur vildi jeg, af því jeg er í meiri hluta nefndarinnar, fara fáum orðum um mótmæli hæstv. ldsh. gegn þessu máli við undanfarnar umræður þess.

Fyrst og fremst hefir h. landshöfðingi látið í ljósi, að honum væri það kunnugt, að stjórnin fjellist ekki á neinar breytingar á stjórnarskránni, og skildist mjer að hann sjálfur vera samþykkur stjórninni í áliti hennar á þessu máli, því hann hefir við 1. og 2. umræðu fastlega ráðið þessari háttv. deild til að fella þetta frumvarp, en láta það ekki lengra fara. Vjer þjóðkjörnir þingmenn vorum nú sendir með mál þetta til þingsins, hver úr sínu kjördæmi, og vjer vitum fyrir víst, að þetta er þjóðarinnar mesta áhugamál, og jeg segi fyrir mig, að jeg er full-sannfærður um, að það horfir þjóðinni til vegs og farsældar, ef það fær framgang. Jeg get því engan veginn verið hæstv. ldsh. samdóma um, að rjett sje að fella það hjer í deildinni, svo það komist ekki lengra að þessu sinni; nei, þetta heilræði get jeg ekki notað mjer. Og þó þingið fái vitneskju um, að þetta eða annað mál sje stjórninni móti skapi, þá er það hvorki gild nje góð regla nje mjer liggur við að segja verðugt fyrir löggjafarþing, að taka slíkt yfir höfuð að tala til greina, eða framfylgja því einu, sem stjórninni líkar, en falla frá því, sem stjórnin ekki þykist geta gefið sitt samþykki til, því að þá hjeldi þingið lint á sínu þingræði og löggjafarrjetti þeim, sem konungur hefur veitt því og þjóðinni með stjórnarskránni, sem vjer nú höfum. Jeg get þá heldur ekki betur sjeð, en að þingið með þeirri aðferð neitaði sínum rjetti, og hegðaði sjer svo, sem löggjafarvaldið væri ekki hjá konungi og alþingi, eins og stjórnarskráin þó segir, heldur hjá konungi einum, eða í framkvæmdinni mundi það reynast svo. Nei, það er langt frá mínum vilja og skaplyndi, að sleppa í minnsta máta þingræði eða þjóðrjetti þeim, sem fenginn er. Máltækið segir ekki minna vert að gæta fengins fjár en afla, og getur það átt hjer við, eins og við margt annað.

Þá mun hæstv. landshöfðingi, að mig minnir, enn fremur hafa tekið það fram, að ef máli þessu yrði haldið áfram og það til lykta leitt hjer á þinginu, þá bakaði þingið með því landssjóði mikil útgjöld, þar sem ekki yrði hjá því komizt, að halda aukaþing að sumri komanda. Jeg skal fúslega játa, að það hefur þau útgjöld í för með sjer, að halda aptur þing næsta sumar, en það er skuld, sem allir landsmenn hljóta að gjalda, og þeir ganga að henni með vakandi augum, og, að því er jeg til veit og vil vona, einnig með fúsum vilja, svo þetta atriði út af fyrir sig álít eg ekki nægja ástæðu móti málinu, heldur afleiðing málsins. Þá gat landshöfðingi þess, að stjórnarskrá þessi, þótt hún yrði að lögum, veitti ekki alþingi meiri rjett eða þjóðinni meira frelsi, meira atvinnufrelsi, meira verzlunarfrelsi o. s. frv. Beinlínis kann það að mega álítast svo. Það er nú heldur ekki þetta, sem jeg hefi byggt mína von á, heldur hefi jeg þá von og trú, að ef stjórnarbreyting sú, sem þetta frumvarp fer fram á, kæmist á, nfl. að öll stjórn verði innlend og innlend dómaskipun, þá vinnist það, að bæði alþingi og stjórn vinni eptirleiðis saman með meiri eindrægni og meiri áhuga og meiri sameinuðum kröptum, en hingað til, að velferðarmálum landsins og þjóðarinnar, og það er von mín, að slík samvinna yrði til að efla hvers kyns heillavænlegar framfarir í landinu, framfarir bæði í vísindalegu og verklegu tilliti. Þetta er

það, sem jeg byggi von mína og traust á, og því er það, að jeg gef þessu nýja stjórnarskipunarlagafrv. óhikað mitt atkvæði. Jeg skal og að endingu geta þess, að jeg sem fleiri hefi þá von, að þegar stjórnin hefur rækilega yfirvegað þetta mál, þá muni hún ekki finna nægа ástæðu til að leggja á móti því, að konungur staðfesti það. En ef þetta móti von minni bregzt, og konungur vor skyldi slá því föstu, að samþykkja það ekki, eða neitt í sama efni, þá vildi jeg heldur fyrir mitt leyti, að það fjelli fyrir fótum konungsins, en þjóðkjörinna þingmanna í þessari deild; því þingmenn bera ekki ábyrgð nema fyrir því sem þeir gjöra.

Sighvatur Árnason: Jeg skal ekki vera langorður að þessu sinni, enda hefi jeg áður lýst yfir skoðun minni á þessu máli. Það er sjerstaklega út af einu atriði í ræðu h. hæstv. ldsh. við aðra umr. málsins, að jeg nú tek til máls, og skal jeg um leið geta þess, að jeg tek þakklátlega móti öllum bendingum frá hans hendi. Viðvíkjandi bending hans við 6. gr. þessa frv. skal jeg geta þess, að er jeg hafði heyrt orð h. hæstv. ldsh. um hana, þá fór jeg vandlega að íhuga greinina, og við þá yfirvegun hefi jeg enn betur sannfærzt um, að þar sje ekki, eins og h. ldsh. sagði, í nokkru farið fram á, að draga valdið úr hendi konungs. Í upphafi greinarinnar stendur: „*konungur skipar landsstjóra*“ og þar stendur: „*konungur víkur honum frá völdum*“, og í þriðja lagi stendur í sömu grein: „*landsstjóri hefur í umboði konungs*“ hið æðsta vald» o. s. frv. Hjer er að eins um umboð að ræða í nafni konungs; jeg get því ómögulega sjeð, að með þessum ákvæðum sje dregið hið minnsta af valdi konungs. Skal jeg ekki fara mörgum orðum um þetta; en af því að jeg hjó eptir þessum orðum h. hæstv. ldsh., þá fór jeg enn betur að íhuga þessa umræddu stöðu landsstjórans, sem hjer ætti að vera í umboði konungs, og hefi jeg fullkomlega komizt að þeirri niðurstöðu, að slíkur ráðsmaður sje ekki síður nauðsynlegur í stóru en smáu. Eins og maður getur naumast átt jörð utan hjeraðs, nema hafa þar umboðsmann sinn, þá er ekki síður von að konungur vor eigi erfitt með að stjórna þessu fjarlæga landi, án þess að hafa hjer umboðsmann sinn. Að endingu lýsi jeg því yfir, að því meir sem jeg íhuga þetta mál, því betur samfærist jeg um, að það muni affarabezt og hollast fyrir land og lýð, að stjórnin dragist sem mest og bezt inn í landið sjálft.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. við 53. gr. um kviðdóma, að hún falli burtu, samþ. í einu hljóði. Viðaukatill. (nr. 402) við 59. gr. samþ. í einu hljóði.

Frv. í heild sinni þannig breytt samþ. með 7 atkv. á móti 1, og kvað varaforseti það verða sent forseta Nd. aptur.

Fertugasti og áttundi fundur, mánudag 24. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1886 og 1887 (C. 389, breyt.till. 406); 3. umr.

Forseti gat þess, að leita yrði atkv. þingd., hvort viðauka- og breyt.till. þær, sem fram væru komnar, mættu koma til umr. á fundinum, með því að þeim hafði fyrst verið útbýtt á fundinum.

Hallgrímur Sveinsson kvaðst vona, að þingd. leyfði till. þessum að komast að, með því eigi hefði verið mögulegt að útbýta þeim á síðasta fundi, þar sem örstutt stund hefði liðið milli þess fundar á laugardaginn, sem fjárlögin voru til umr. á, og næsta fundar; fyrra fundinum á laugardaginn hefði verið slitið kl. rúmlega 5, og síðari fundurinn verið settur kl. 6 e. h. sama dag.

Forseti bar þá undir atkv., hvort till. mættu koma til umr. og atkvæðagr., og var það samþ. með 6 atkv.

Framsögumaður (Magnús Stephensen): Þær tvær tillögur, sem nú eru fram komnar, hafa eigi verið kunnar þingd. fyr en nú á fundinum. Nefndin hefur samt átt tal um þær, með því hún hafði heyrt áværing af, að till. í þessa átt væri von, og heldur nefndin við sömu skoðun, sem hún ljet h. þingd. í ljósi við 2. umr., að því er snertir þau atriði, sem till. þessar ræða um. Það verður heldur ekki sjeð, að síðan á laugardaginn hafi nein ný atvik komið fram, er gjöri það líklegt, að menn greiði atkv. sín öðru vísi um þessi tvö atriði, en fyrir tveimur dögum síðan. Jeg get ekki ætlað þingd., að hún sje ekki fastari í skoðunum sínum en svo, að hún samþ. í dag, það,

sem hún ekki vildi samþ. í fyrra dag. Viðaukatill. (nr. 410) er að vísu nokkuð öðruvísi orðuð. en till. sú um sama efni, er rædd var við 2. umr. málsins, þar sem hjer er bætt við því skilyrði, «að næg trygging sje fyrir hagkvæmri framkvæmd verksins og nægu fjárframlagi af annara hálfu». En það, að samþ. þetta skilyrði, er sama sem að neita um fjárveitinguna, því að betra er þó að neita um fjárveitinguna, en að setja skilyrði, sem ómögulegt er að framfylgja. Það er ekki mögulegt að segja, hvað kostnaðurinn við þessa skipakví verður mikill, því þó að tveir skipstjórar hafi skoðað staðinn og gjört lauslega áætlun um, að verkið muni kosta um 4000—5000 kr., þá eru skýrslur þessara manna eigi þannig, að löggjafarvaldið geti nokkuð á þeim byggt. Skýrslurnar sjálfar bera það einmitt með sjer, að það nær engri átt, að verkið verði framkvæmt, svo að gagni verði, fyrir svo litla fjárupphæð. Eptir skýrslunni þarf að dýpka fyrst og fremst útrennslið til hafnarinnar eða sundið, en til að dýpka niðri í sjónum þarf verkfæri, sem ekki fást hjer á landi; auk þess, sem slík verkfæri eru dýr í sjálfum sjer, leggst ennfremur á þau talsverður flutningskostnaður hingað til lands. Þar að auki er sagt í skýrslunni, að tjörnin sje 10 feta djúp, en sundið að eins 5 fet við stórstraumsflóð, og til þess að geta notað tjörnina fyrir skipakví þurfi því að dýpka sundið um 8—10 fet, til þess að sundið verði nærfellt eins djúpt eins og tjörnin. En þó þetta verði nú gjört, þá er ekki þar með fyrir það byggt, að sjórinn falli út og inn með aðfalli og útfalli. Þetta má þó sjálfsagt fyrirbyggja með slúsu; en það geta menn ekki vitað, hvað kostnaðarsamt það yrði, að setja slúsu í sundið. En þó maður nú setji, að gjöra megi skipakví á þessum stað með ærnum kostnaði, þá kemur spursmálið um það, hvort slík skipakví yrði hentug fyrir skip. Jeg heyrði reyndan sjómann og gamlan þingmann taka það fram afdráttarlaust við 2. umr. um fjárlögin hjer í þingd., að skip hefðu miklu verra af að liggja á vatni inni í kví, en að standa á þurru landi. Þess utan er það og skiljanlegt, að ef tjörninni er lokað með slúsu, svo að sjórinn kemst hvorki inn eða út um flóð og fjöru, þá hlýtur hið kyrra vatn í tjörninni að frjósa fljótt og verða þakið þykkum ís á vetrum. Það er því að minnsta kosti mjög vafasamt, hvort skipunum er hollt að liggja inni í slíkri kví; bæði er erfitt að koma skipunum út, þegar þarf að fara að halda þeim út til fiskjar, sem er snemma í marzmán, þegar frost einmitt jafnaðarlega eru mest, og svo er heldur ekki gott að þau liggi í þykkum ís meiri eða minna hluta vetrar, því að ísinn hlýtur að nudda skipin, draga sýið úr þeim, og skemma þau á annan hátt. Jeg álít því ekki rjett, að fleygja fje út úr landssjóði til fyrirtækis sem þessa. Það hefur líka verið tekið áður fram, að enginn hefur beðið um þetta fje. Sá, sem fyrstur bað um það hjer í deildinni, var h. þm. N.-þing. (B. Kr.), og nú hafa 3 menn beðið um það, sem allir eru geistlegir. Jeg get þó varla skilið, að þessir prír klerkar ætli sjer að standa fyrir framkvæmdum þessa verks, og leggja til það fje, sem á brestur, er þessar 1000 kr. væru þrotnar. Sýslunefndin í Gullbringu- og Kjósarsýslu hefur aldrei rætt þetta mál á fundum sínum og því heldur aldrei beðið um neitt fje úr landssjóði til þessa fyrirtækis. Þegar nú enginn biður um þetta fje, og engin trygging er fyrir því, að 1000 kr. hrindi málinu áfram, þá verð jeg og öll nefndin að vera á móti þessari fjárveitingu.

Hvað seinni breyt.till. snertir, þá kom sama till. fram við aðra umr. um fjárlögin; en hvort flutningsmenn hafa nokkrar nýjar ástæður fram að flytja máli þessu til stuðnings, aðrar en þeir þá komu með, er mjer óljóst. Hjer kemur þó eitt atriði til greina, sem enn ekki hefur verið tekið fram, og skal jeg því leyfa mjer að benda á það. Þegar landlæknisembættið losnaði, sem mun hafa verið árið 1881, þá kom lagafrv. fram á þinginu um að laun þessa embættismanns skyldu vera 3600 kr., og, ef það er áreiðanlegt, sem sagt er, þá buðust báðir umsækendurnir til að taka embættið, þó launin yrðu ekki hærri en 3600 kr. Nú eru launin þó orðin 4000 kr. eða hærri, en þeir vildu upprunalega ganga að. Hafi nú sá maður, sem nú er landlæknir, getað gjört sig ánægðan með 3600 kr., þá mætti líka vænta þess, að hann væri ánægður með 4000 kr. Auðvitað hefur hann gjört sjer aðra hugmynd um embættið þegar hann var að sækja um það, en hann hefur fengið um það síðan hann fekk það; hann hefur sjálfsagt gjört sjer miklar vonir um aukatekjur af lækningum hjer í bænum, en sem að líkindum hafa brugðizt; en hvort

þingið á að bæta honum halla þann, sem hann hefur orðið fyrir, eptir hans ímyndun, verð jeg að telja vafasamt. Það er þess utan tekið fram í veitingabrjefi þessa embættismanns, að hann verði að sæta öllum breytingum, sem verða kunna á launakjörum hans, og því verður hann að sætta sig við þau laun, sem þingið og konungur hefur ákveðið honum. Því hefur verið slegið fram, að ráðgjafinn hafi átt að segja honum, að þótt þingið setti þessi skilyrði, þá hefðu þau ekkert að þýða. En úr því sami ráðgjafi hefur sjálfur undirskrifað lög þau, sem þingið hefur samþykkt um laun þessa embættismanns, þá verða menn að ímynda sjer, að hann hafi ekki gefið þessum manni nein vilyrði um, að hann fengi að halda hærri launum en lögin ákveða. Að minnsta kosti skyldu menn ekki halda, að maður eins og ráðgjafinn lofi því, sem hann ekki ætlar sjer að halda. Að minnsta kosti verð jeg að bera slíkan áburð af ráðgjafanum, þar sem hann hefur sýnt, að hann ekki hefur viljað gjöra skilyrðið þýðingarlaust.

Benedikt Kristjansson: Jeg get gjört ráð fyrir því, að þingd. virði það sem þráa af mjer, að viðaukatill. sú, sem áður hefur verið felld hjer, er nú fram komin enn á ný; en jeg get fullyrt að eigi stendur svo á. Eptir því, sem mjer skildust umr. síðast, þá tók jeg þær svo, sem mótbárurnar móti þessari till. um skipakví í Hvaleyrartjörn væru sprottnar af tvennu. Í fyrsta lagi af því, að ekki væri ljóst, hver eða hverjir vildu fá þennan styrk og jafnframt ætluðu að leggja til fje á móti, og sjá um að fyrirtækið yrði framkvæmt; og í öðru lagi af því, sem mig minnir að h. þm. Strand (Á. E.) tæki fram, að betra væri að skip væru sett upp á þurrt land og stæðu þar yfir veturinn, eins og Eyfirðingar ljetu gjöra, en að byggja skipakví, og láta þau liggja þar í vatninu. Þessar sömu ástæður hafa nú enn á ný verið bornar fram móti þessu máli. Nú hefur það þar að auki verið tekið fram, að einungis þrír þingmenn í þessari deild hafi beðið um þennan fjárstyrk; en jeg vona, að enginn skilji það svo, sem þessir menn sjeu að biðja um þennan fjárstyrk handa sjer, eða þeir ætli að takast á hendur að sjá um framkvæmd á þessari skipakvíargjörð. Bústaðir þeirra og allar ástæður eru ekki svo, að þessi sje ætlun þeirra, enda mun þessu eigi viðbrugðið í fullri alvöru. Það er ljóst, að uppástunga um þennan fjárstyrk var fyrst borin upp í Nd. og það af þeim manni, sem vel má gjöra sjer í hugarlund að leggja mundi fram fje til að styrkja að sínu leyti þetta fyrirtæki, ef landssjóður leggur fram sinn skerf. Jeg verð líka að ætla, að sýslunefndin muni vera málinu hlynnt, og að hún einnig mundi leggja fram nokkuð fje, auk þess, sem gjöra má ráð fyrir, að þilskipaeigendur í grennd við þennan stað mundu leggja fram fje til fyrirtækisins, ef það yrði styrkt nokkuð af landssjóði. Jeg álít líka, að þingd. þurfi ekki að bera áhyggju fyrir þessu máli að svo komnu, þar sem fjeð ekki á að veita nema með því skilyrði, sem tilgreint er í till., að nægilegt fjárframlag komi í móti og að nægileg trygging sje fyrir því, að verkið verði hagkvæmt og svo vel af hendi leyst, að vissa sje fyrir, að það komi að góðu gagni.

Að öðru leyti skal jeg taka það fram, að jeg veit ekki betur en að samþ. hafi verið af báðum deildum þingsins frumv., sem veita fje þeim, sem þó ekki hafa beðið um það. Sjerstaklega liggur nú fyrir þessari h. þingd. frumv. um, að veita sýslunefndum lán til æðarvarpsræktar, og man jeg þó ekki til að sýslunefndir hafi beðið um neitt lán í þessu skyni; en lán og styrkur hlýtur þó að vera undir sömu reglum. Jeg álít ekki fremur ástæðu til að veita lán, sem ekki er beðið um, en að veita gjöf, sem ekki er beðið um, nema síður sje, enda er hjer ekki um að ræða að veita neina gjöf eða styrk, nema ákveðin skilyrði sjeu fyrir hendi, sem hafa í för með sjer ósk eða beiðni. Jeg ætla, að þetta sje nægilegt til að sýna, að þessi ástæða út af fyrir sig sje eigi fullgild fyrir deildina til að neita um þennan fjárstyrk. Þá hefur það verið sagt, að ekki væri þörf á neinni skipakví; það megi draga skipin á þurrt land, eins og Eyfirðingar gjöri; en jeg skal leyfa mjer að benda á, að skip Eyfirðinga eru miklu minni og ljettari, en þau, sem hjer er um að ræða. Hjer getur verið að ræða um skip, sem rúma frá 40 til 80 smálestir, sem eru miklu sterkari og þyngri en skip Eyfirðinga, með því þau eru byggð úr eikarplönkum, sem eru 3 þuml. á þykkt. Meðal þessara skipa eru hinir svonefndu «kúttarar», og er lestin í mörgum slíkum skipum múruð með sementi í botninn og milli bandanna. Jeg vil biðja h. þm. Strand. (Á. E.) að spyrja sjálfan sig, hvort það sje nú hægt eða jafnvel mögulegt, að setja upp

60 lesta skip með nægri ballest. Hitt væri óþægilegt fyrir skipaeigendur, að þurfa að höggva upp ballestina. Tillagan gjörir ráð fyrir, að landsstjórnin ekki veiti styrkinn nema trygging sje fyrir, að hann komi að fullum notum. Jeg get ekki sjeð, að hjer sje rennt meira blint í sjóinn en með önnur samkynja frv., því jeg ætla, að það megi óhætt treysta landsstjórninni til að annast um, að fullnægt verði skilyrðunum, og jeg álít ekki, að spurning geti orðið um að veita styrkinn, ef hann síðar álitist óparfur eða ef fyrirtækið yrði álitið svo kostnaðarsamt, að enginn treystist til að leggja til það fje, sem til vantar. Jeg skal að öðru leyti láta það ósagt, hvort betur fer um skip á þurru landi eða í vatni; jeg skal líka láta ósagt, hvort tjörn þessi mundi frjósa, svo það mundi tálma veiðiskipum frá að komast út í tækan tíma. Jeg hugsa, að skipeigendurnir, sem kunnugastir eru, muni lita á þetta og haga sjer eptir því sem þeim þykir hentugast, og aldrei kosta fje til þess, sem þeir áliti sjer til skaða eins, en ekki hags.

Jakob Guðmundsson: Viðaukatill. vor 3 þingmanna um styrk til skipakvíar í Hvaleyrartjörn hefur verið borin saman við annað mál, sem hjer liggur fyrir: lán til æðarvarpsræktar; en jeg skal taka það fram, að sá samanburður er ekki alls kostar heppilegur, því að styrkurinn til skipakvíarinnar á ekki að endurborgast, en til æðarvarpsræktunar er að eins beðið um lán, sem á að endurborga. En mjer dettur í hug 11. tölul. í 16. gr.: 1500 kr. styrkur til að gjöra við Rifsós, gegn því að sýslan leggi til 500 krónur. Hjer er mjög líkt á komið og með Hvaleyrartjörn; hjer er heitið 1500 kr. styrk, *ef* sýslan leggi til 500 kr. Þessum styrk er heitið, án þess að vissa sje fyrir, að verkið komi að haldi, því að jeg veit ekki til að þingið hafi nokkrar fullnægjandi skýrslur fengið um Rifsós. Þó hefur það gengið inn á að veita styrk þennan, af því að það hefur talið sjálfsagt, að sýslufjelagið færi ekki að kasta út 500 kr. til ónýtis. Sama er með Hvaleyrartjörn; þar er það skilyrði sett í viðaukatillögu vorri, að styrkurinn sje veittur því að eins, að «næg trygging sje fyrir framkvæmd verksins og nægu fjárframlagi af annara hálfu», og má þá telja það eins sjálfsagt, að hlutaðeigendur muni ekki fremur þar kasta út fje sínu til ónýtis. Sem sagt, mjer er ómögulegt að sjá, að ekki sje alveg eins ástatt með hvorntveggja styrkinn, og þar af leiðandi, að ef rjett hefur verið að veita styrk til að gjöra við Rifsós, þá sje jafnrjett að veita styrk til að gjöra skipakví í Hvaleyrartjörn. Þó er það engan veginn svo að skilja, að jeg sje mótfallinn styrkveiting til Rifsós; þvert á móti er jeg henni mjög hlynntur, og það því fremur, sem jeg veit, að hagur Snæfellinga er mjög bágur, og þeim örðugt fyrir með verzlun. Þá kem jeg til breyttill. um hækkun á launum landlæknis Schierbecks. Framsögum. (M. St.) tók fram, að ástæður mundu ekki hafa breytzt síðan málið var rætt síðast hjer í deild, nje heldur nýjar ástæður bætzt við, og því lægi ekkert hjer fyrir, sem snúið hefði getað huga nefndarinnar. Jeg verð að segja um mig, að fyrir mig eru þær og hinar sömu ástæður og þá. Hjer er um tvo menn að ræða, sem mjög líkt stendur á með, landlæknirinn og Þorvald læknir Jónssson á Ísafirði; síðan báðir þessir menn hafa fengið embætti, hafa verið samþykkt lög, sem hafa haft launahækkun í för með sjer fyrir þá báða. Þetta tók jeg allt fram um daginn. Jeg vona, að þegar verið er að miðla úr landssjóði, að þá gjöri ráðsmennirnir það með sem mestri sanngirni, en forðist að láta líta svo út, sem nokkuð persónulegt ráði miðluninni. Menn geta sagt, að hjer sje að því leyti ólíkt á komið með þessum tveim mönnum, að landlæknirinn hafi miklu hærri laun en hinn. Það er satt; en geta menn borið saman laun landlæknisins og laun við einfalt hjeraðslæknisembætti?

Jeg hef fyr tekið það fram, svo greinilega, sem mjer var auðið, hversu mikilsvert það væri, að landlæknir væri vel menntaður maður, reyndur, hefði gengið á marga spítala og sjeð margt. Þetta vil jeg ítreka enn þá einu sinni. Það mun almennt viðurkennt, að landlæknir Schierbeck sje töluvert fullkomnari handlæknir og sáralæknir, en menn hafa átt að venjast hjer. Jeg get til dæmis nefnt mann einn að norðan, sem þar hafði tvisvar verið tekið af fæti hans, en ekki heppnazt. Nú er þessi maður kominn hingað, og hefur landlæknirinn tekið af fótinn í þriðja sinn, og mun það vel heppnast. *(Magnús Stephensen:* Tók hann af fótinn í þriðja sinn?) Þingmaðurinn hefur víst heyrt getið um, að sami limurinn hafi verið «ampúteraður» optar en einu sinni; það er að segja: meira tekið af honum í annað og þriðja sinn, heldur en í fyrsta skipti. Jeg

er sannfærður um, að það væri skaði fyrir landið, og mundi standa hjer fyrir framförum í handlækningum, ef landlæknirinn yrði neyddur til að fara hjeðan af landi burt. En hins vegar er hann í svo góðu áliti erlendis, að hann mundi geta fengið þar miklu lífvænlegra embætti en þetta er. Jeg verð að játa það, að jeg er svo ramm-íslenzkur, að mjer fjell hálfilla fyrst, þegar jeg frjetti, að útlendur maður hefði fengið landlæknisembættið, en íslenzkum manni verið synjað um það. En síðan jeg hef fengið reynslu fyrir, hversu rækilega og kröptuglega hann hefur rekið embætti sitt, þá verð jeg þó, hversu íslenzkur sem jeg er frá toppi til táar, fastlega að mæla fram með honum. Jeg þarf ekki að taka það fram aptur, að hann muni hafa haft von um sömu laun framvegis við landlæknisembættið, og því fylgdu, þegar hann fjekk það. Jeg vona, að deildin taki tillit til þessa samanburðar milli hinna tveggja lækna, sem hjer er um að ræða, og til þess skaða, sem landið gæti haft af missi hans, og til þess, að landlæknirinn á að hafa yfirumsjón með öllum læknamálum hjer á landi, með læknakennslu, læknum, lyfjabúðum, sjúkrahúsum o. s. frv. Mjer sýndist hann því eiginlega eiga að hafa sömu laun og hinir bezt launuðu embættismenn þessa lands; af því vjer erum samsettir af sál og líkama, þá þurfum vjer yfirmann bæði andlegra og líkamlegra heilbrigðismála; því á meðan sál og líkami eru saman, þá þarf fyrir hvorutveggju að sjá, og báðir eru þó nokkuð líkra launa verðir.

Hallgrímur Sveinsson: Nafn mitt er riðið við báðar þær breyt.till., sem h. framsögum. (M. St.) fór svo hörðum orðum um, að hann sagði, að sjer þætti það jafnvel rýra álit deildarinnar, ef hún nú samþykkti þetta, sem hún hefði hafnað fyrir tveim dögum, með því að hann sagði, að ekki hefðu komið fram nokkrar nýjar ástæður síðan, sem sannfært hefðu getað þingmenn. En það er kunnugt, að opt hefur þurft að brýna sannleikann fyrir mönnum optar en einu sinni, og að mörg hafa þau mál verið, sem optar hefur þurft upp að bera en einu sinni, áður en þau næðu fram að ganga. Ef gengið væri út frá því, að skoðanir manna gætu ekki breytzt, og ef hætta skyldi við hvert það mál, sem einu sinni hefur verið hafnað, þá gætu þingstörfin vissulega bæði orðið einfaldari og umfangsminni. En nú er *factum* það, að menn hafa opt breytt sannfæring sinni; og þótt ekki sje langt um liðið síðan á laugardag, þá er ekki heldur neitt um það ákveðið, hversu langur sá tími er, sem menn þurfi stytztan til að breyta sannfæring sinni; það eitt er víst, að hann getur verið mjög stuttur; er því vel hugsanlegt, að hann hjer sje orðinn nógu langur fyrir einhvern af hinum heiðruðu þingdm. til að skipta skoðun sinni. Jeg *ímynda mjer*, að einhver h. þm. *hafi einhvern tíma* gengið í gegnum slíka andlega breyting, og *óska*, að svo *hafi nú verið*, og vona jeg þá, ef svo er, að það verði þeim til sæmdar, en ekki til vansa. H. þm. N-Þing. (B. Kr.) hefur tekið svo ljóslega fram það sem mælti með skipakvínni, að jeg get ekki gjört það betur, og h. þm. Dal. (J. G.) hefur tekið margt fram viðvíkjandi landlækni Schierbeck. Það hefur að vísu engin ný ástæða, *ekkert nýtt factum* komið fram í máli þessu, síðan við síðustu umræðu þess, nema *það, að öðrum manni, sem mjög líkt stóð á fyrir, hefur verið veitt launahækkun, en hinum synjað um hana.* Jeg vil spyrja h. þm., hvort *þetta factum* geti ekki leitt þá til að skoða huga sinn vandlega um, hvort ekki væri þó vert, að samþykkja breyt.till. vora, eða þá að öðrum kosti, — sem jeg þó alls ekki óska að menn gjöri — taka hina launahækkunina aptur.

Jeg verð að vísa frá mjer, ef því hefur verið beint til mín, sem h. framsögum. (M. St.) talaði um, að ranghermd mundi hafa verið orð ráðgjafans, eða hermd upp á hann loforð, sem hann aldrei hefði gefið. Um slíkt hef jeg ekki talað. En viðvíkjandi orðum hins hæstv. landshöfðingja, sem jeg vitnaði til við 2. umr. þessa máls, og einhver þingdm. sagði, að jeg hefði ekki farið rjett með, þá getur verið, að mjer heppnist nú að finna þeim orðum mínum stað. Jeg hef einu sinni áður, þegar líkt var ástatt, getað fært sönnur á mál mitt með tilvitnunum í alþingistíðindin, og þá heppnazt að fá kvittun fyrir rjetthermi mínu. Og verið getur, að mjer auðnist það sama nú. Hinn hæstv. ldsh. sagði nefnilega á þingi 1883, þegar verið var að ræða einmitt um sama manninn og sama atriðið, ef jeg má, með leyfi forseta, lesa upp fáein orð: ..... «Enn fremur ætla jeg að geta þess, að ef það gæti álitizt, að lögin ættu einnig að ná til landlæknisins frá 1. janúar

1884, þá er slíkt svo móthverft öllum rjettum grundvallarreglum, *ef taka á laun frá manni, sem kominn er í embætti, að jeg tel það mjög hæpið, að lögin þá nái staðfestingu konungs.* .... svo persónulegur á maður að vera, að maður ekki *með lagaákvæði skerði rjett nokkurs. Embættið var veitt með hinum eldri launum, og fyrirvarinn var bundinn við lög þau, sem komu frá þinginu 1881*, sem þá var óútkljáð um, hvort staðfest yrðu». (Alþt. 1883. B 512, sbr. 464, og A 295 og 296). Það sem jeg ætlaði mjer að sanna með þessari tilvitnun, var það, að þá, 1883, lagði h. hæstv. ldsh. mikla áherzlu á hin sjerstaklegu atvik við fyrirvarann við veitingu embættisins, og orð hans sýna, að hann hefur jafnvel álitið, að landlæknirinn hefði rjettarkröfu til hinna hærri launa. Þetta eru þær nýju ástæður, sem jeg hef fram að bera í máli þessu, auk þess, sem áður hefur verið tekið fram, að mjög líkt væri á komið með þessum tveim mönnum, þótt samþykkt hafi verið, að veita öðrum þeirra launaviðbót, en hinum synjað um hana.

Einar Ásmundsson: Út af þeim breyt.-till., sem hjer hafa komið fram, og út af umræðunum, sem um þær hafa orðið, lýsi jeg yfir því, að mjer þykir engin minnkun að breyta sannfæringu minni, þótt á stuttum tíma sje. En í þetta skipti hefur hún ekki breytzt síðan málið var rætt í fyrra dag, og því mun jeg greiða atkvæði móti báðum breyt.till. Hvað fyrri breyt.till. snertir, þá er jeg raunar fullkomlega á því, að æskilegt væri, að eiga vetrarhöfn fyrir þilskip vor; og þótt þau sjeu nú ekki mörg, þá vona jeg, að þau muni fjölga með tímanum. H. þm. N-Þing. (B. Kr.) mælti í dag töluvert sjómannlega fram með fyrri breyt.till., og h. þm. Strand. (Á. E.) mælti einnig töluvert sjómannlega á móti henni um daginn. Jeg er að vísu ekki sjómaður sjálfur, en jeg á að heita þm. þess hjeraðs, sem einna mestan þilskipaútveg hefur hjer á landi, og það get jeg sagt, að Eyfirðingum þykir bezt og hentugast að draga skip sín á land upp á haustum, og telja þau þannig bezt geymd yfir veturinn. Það er sjálfsagt, að því þyngri sem skipin eru, því öflugri áhöld þarf við setning þeirra; að vísu eru flest skip Eyfirðinga ekki stærri en 20—30 smálestir; en Norðmenn eiga einnig mörg skip við Eyjafjörð og flest þeirra allstór. Síðasta vetur munu þeir hafa átt þar um 20 skip; ljetu þeir flest þessara skipa liggja á floti á sjó, og slysaðist engu þeirra; munu þó vetrar eigi síður illviðrasamir á Norðurlandi en á Suðurlandi, og óhætt má segja, að síðast liðinn vetur hafi verið einn með þeim illviðrasamari þar. Á einni jörð við Eyjafjörð er tjörn, sem mun vera mjög lík þeirri við Hvaleyri. Þessi jörð heitir Syðri-Bakki, og er ein af Möðruvallaklaustursjörðum. Inn í tjörnina gengur ós og hafa skip stundum verið dregin eptir þeim ós inn í tjörnina; var fyrir nokkrum árum reynt, að láta þau liggja þar á vetrum, en það gafst svo illa, að við það hefur verið hætt. Vatnið í tjörninni ýmist hækkar eða lækkar, svo að skipin liggja stundum niðri í botnleðjunni, en eru stundum á floti; þau núast og við ísinn, sem á tjörnina kemur; skemmir hann þau og hefur út úr þeim sýið, sem stappað er milli plankanna. Jeg held, að mál þetta sje ekki fullhugsað og þurfi betri undirbúning. Áður en miklu fje er kostað til að gera við Hvaleyrartjörn, ættu menn að fullvissa sig sem bezt um, að skip geymdust þar vel. Jeg er á því, að mjög nauðsynlegt sje, að koma upp vetrarhöfn fyrir skip. en helzt, að hún sje út á sjó, og svo um búið, að hvorki ís nje sjórót geti grandað skipunum. Af þessari orsök og af þessari reynslu, sem jeg hefi um talað — jeg hef sjálfur átt þátt í skipi, sem geymt var í Syðri-Bakkatjörn — af þessu greiði jeg atkvæði á móti því, að breyt.till. fái fram að ganga að svo komnu.

Um síðari breyt.till. hefur h. þm. Dal. (J. G.) talað og mælt vel fram með henni, eins og hans er vandi til, og það með svo brennandi hita, að jafnvel ísjakar mundu bráðna við, þótt seinbræddir sjeu. Jeg er kominn norðan frá Ísafi og á máske nokkuð skylt við hafísjakana þar, en þó var jeg svo heppinn, að ræða h. þm. bræddi mig ekki. Það er mjög ólíku saman að jafna með þá tvo menn, sem hjer er um að ræða; annar þeirra hefur meir en helmingi minni laun en hinn; og hvað er það þá, sem gjörir það svo sanngjarnt, að bæta 800 kr. við laun þess, sem meira en tvöfalt hærri laun hefur fyrir, þótt laun hins mannsins sjeu hækkuð lítið eitt? Jeg þekki ekki kunnáttu þess manns, sem hjer ræðir um; mjer hefur ekki veizt sú virðing, að kynnast honum; en ef hann er slíkur framúrskarandi afbragðsmaður, sem látið hefur verið, mun ekki stór

hætta búin, að hann neyðist til að flýja landið fyrir atvinnuleysi, því að jeg tel sjálfsagt, að þótt Reykjavík megi ekki kallast stór bær, þá muni þó aðsókn að honum vera ákaflega mikil; því þótt menn sjeu ef til vill ekki almennt sem hyggnastir, þá leita þeir þó venjulega til þess læknis, sem bezt reynist, ef þeir eiga kost á, og sjúklingar hafa sjerstaka hæfilegleika til að finna, hver beztur er. En ef nú er líka leitað meira til annara lækna hjer, þá má undarlegt vera, ef hann er þeim stórum fremri. Það er ekki ávallt, að sá sje beztur læknir, sem mest hefur lesið, mest sjeð og flest reynt: það má h. þm. Dal. vita, og það meira að segja af eigin reynd, því jeg ætla að hann sje talinn góður læknir, þó hann hafi annað fremur lagt fyrir sig. Enn er eitt atriði, sem jeg verð að taka fram, og það er, að hin heiðraða Nd. hefur fellt bæði þessi atriði og verið einbeitt í því. H. Ed. hefði víst viljað koma töluvert fleiri breytingum að, en hún hefur gjört; en hún hefur orðið að brjóta odd af oflæti sínu, og tel jeg það happalegast og hyggilegast fyrir hana, að fella báðar þessar tillögur; hygg jeg, að hún geti gjört það með óskertum heiðri sínum

Hallgrímur Sveinsson: Jeg skal leyfa mjer að svara stuttlega mótbárum h. 2. þm. Eyf. (E. Á.), einkum að því, er snertir samanburð hans á þessum tveimur embættismönnum. Hann fann ekki annað til að bera saman, ekki annað samlíkingar-atriði, en það, að annar hefði um helmingi hærri laun en hinn; en hjer er sannarlega annað samanburðaratriði, sem h. þm., svo fundvís, sem hann er þó stundum, ómögulega gat fundið. Líkingin milli þessara embættismanna liggur ekki í því, að annar hefur hærri laun en hinn, heldur í hinu, að *eins* eða næsta líkt stendur á með báða að því leyti, sem um það er að ræða, að bæta báðum laun þeirra þannig, að þeir báðir fái þá launaupphæð, sem þeim var heitin, eða sem þeir höfðu fulla ástæðu til að búast við, þegar þeir fengu embættin. Það er *sanngirni* við báða þessa menn, sem hjer er aðalatriðið, sem hjer er samanburðar-atriðið milli þeirra, sú sanngirni, að þeir fái það, sem þeir hafa haft ástæðu til að vonast eptir, að þeir mundu fá, sem þeim jafnvel hefur verið lofað. Hvað þá ástæðu snertir, að Nd. hafi neitað þessari hækkun, sem breyt.till. fer fram á, þá ætla jeg, að mjer sje óhætt að fullyrða það, að *hún* einnig hafi neitað hinum embættismanninum, sem þessi h. deild hefur þó álitið sanngjarnt að láta fá viðbót í sömu grein fjárlaganna og á sama lið. Nd. hefir gert báðum jafnhátt undir höfði; hví skyldi það þá ekki að sínu leyti vera sanngjarnast, að Ed. ljeti þá báða njóta sömu sanngirni og lofaði þeim báðum að fylgjast að? Að öðru leyti held jeg það geti naumast orðið álitin óyggjandi regla fyrir Ed., að fylgja í öllu því sem Nd. þóknast að vera láta, og jeg held jeg geti fullyrt það, að hinn h. þm. Eyf. (E. A.) sje mjer stundum samdóma um það; mætti jeg ekki minna hann á svo sem eitt dæmi? Skyldi hann ekki kannast við frv. eitt, sem stundum heitir *frv. um verzlun lauskaupmanna*, en stundum *frv. um verzlun lausakaupmanna annarstaðar en á löggiltum höfnum?* Nd. hefur tvisvar látið álit sitt í ljósi um það og ekki fallizt á skoðanir eða meðferð Ed. á málinu; og þó er mjer næst að halda, að þm. Eyf. (E. Á.) muni ekki heykjast enn, heldur muni hafa hugdirfð til þess, að senda frv. enn þá til Nd. og þaðan til sameinaðs þings, einmitt sökum þess, að hann getur ekki sannfærzt um, að þó Nd. hvað eptir annað ónýti ákvæði Ed., að þær breytingar sjeu til bóta. Jeg held það sje ekki vert fyrir þessa deild, að láta atkvæði sitt vera bundið við álit Nd.; betra að fylgja þeim reglum, sem hver og einn eptir kringumstæðum álítur rjettastar.

Framsögumaður (Magnús Stephensen): Jeg hef ekki mörgu eða miklu við það að bæta, sem h. þm. Eyf. (E. Á.) hefur tekið fram. Jeg hef heyrt þær ástæður, sem flutningsmenn hafa tekið fram tillögum sínum til stuðnings, en get ekki fundið, að þeir hafi komið fram með neinar aðrar ástæður en þær, sem áður var búið að koma með. Þar sem h. þm. S.-Þing. (B. Kr.) lagði áherzlu á það, að nú væri búið að setja skilyrði fyrir styrk þeim, sem fyrri breyt.till. ræðir um, það skilyrði, «að næg trygging sje fyrir hagkvæmri framkvæmd verksins og nægu fjárframlagi af annara hálfu», þá er þess að gæta, að þetta skilyrði er ekki fólgið í öðru en því, sem æfinlega er heimtað áður en farið er að veita slíka styrki. Það eru margir, sem biðja um styrk, og það má ekki minna vera, en að þeir, sem biðja, leggi fram skýrslur um, að fullkomin trygging sje fyrir því, að styrkurinn verði brúkaður eptir tilgangi sínum, og verði að til-

ætluðum notum, og mjer finnst löggjafarvaldið ekki eiga að afsala sjer rjetti til að rannsaka og að ganga eptir því, að slík trygging sje fyrir hendi, en það gjörir löggjafarvaldið, ef þetta verður samþykkt, því þá fær það umboðsstjórninni þennan rjett í hendur. Þar sem h. þm. Dal (J. G.) bar því við, að líkt stæði á með Rifsós í Snæfellsnessýslu, að það lægju ekki fyrir neinar sjerstakar skýrslur um, hvort verk það, sem þingið vildi veita styrk til, væri framkvæmanlegt eða kæmi að tilætluðum notum, þá vil jeg geta þess, að þessi staður hefur samt verið rannsakaður og skoðaður. Fyrst skoðaði Sveinn búfræðingur hann og lagði á ráð um, hvernig þar mætti gjöra höfn og lending. Því næst skoðaði Torfi í Ólafsdal staðinn, og var Sveini samdóma um, að verkið væri vel framkvæmanlegt; einungis voru þeir ekki á sama máli um kostnaðinn. Eptir þeirri niðurstöðu, sem Sveinn komst að í því tilliti, vonuðu sýslubúar að geta framkvæmt verkið af eigin rammleik, en reynslan hefur sýnt, að Sveinn hefur áætlað of lítið. Eptir áætlun Torfa nemur kostnaðurinn að minnsta kosti 2000 kr. Það má því ætla, að þessar 1500 kr. muni nægja, því sýslufjelagið *hefur til* þessar 500 kr. Þar næst áleit þm. Dal. (J. G.), að það væri ekki heldur neinar sannanir fyrir því, að sýslunefndin, að því er Rifsós snertir, tæki að sjer að annast um framkvæmd verksins eða hefði beðið um styrkinn; en þetta er heldur ekki rjett; sýslunefndin hefur beðið um þennan styrk verkinu til framkvæmdar, og hún hefur til þessa upphæð, sem jeg gat um, til framlögu móts við hann. Rifsós og Hvaleyrartjörn eiga því lítið eða ekkert sameiginlegt að þessu leyti; en þau eiga það sameiginlegt, að hvorttveggja er ætlað fyrir skip, þótt Rifsós sje fremur ætlaður fyrir opin fiskiskip, en Hvaleyrartjörn fyrir hafskip.

Viðvíkjandi síðari breyt.till., þá hefi jeg ekki mörgu að bæta við það, sem þegar er búið að taka fram. Einungis skal jeg geta þess, að því er snertir samanburð h. 6. kgk. (H. S.), á sanngirniskröfu þeirra tveggja embættismanna, sem nefndir hafa verið, að það er ekki alveg eins ástatt með lækninn á Ísafirði og landlækninn. Þegar læknisembættinu á Ísafirði var slegið upp lausu, var þess getið í auglýsingu stjórnarinnar, að hún mundi fara þess á leit, að launin handa þessu embætti yrðu 600 *rdl.* til að byrja með og 100 rdl. viðbót á hverju 3 ára bili, auk dýrtíðarviðbótar. Svo var embættið veitt með von fyrir þann, sem það fjekk, um að það mundi haldast þannig. Því næst var frv. lagt fyrir ríkisdaginn, sem veitti embættinu 600 rdl. laun á ári, og það er vafalaust, að það var meining stjórnarinnar, að laun þessa embættismanns skyldu hækka um 100 rdl. á hverjum þrem árum. Þetta var veitt af ríkisþinginu, og stóð þannig þangað til fjárhagsaðskilnaðurinn varð. Svo komu læknalögin 1875, og þau settu ákvarðanir, sem jeg að vísu efast eigi um að eigi hafa átt að miða til þess, að þáverandi embættismenn skyldu nokkurs í missa, en sem stjórnin þó hefur lagt þann skilning í, að hinir eldri læknar hefðu eigi rjett til hærri launa, en þeir voru búnir að fá, er lögin öðluðust gildi. Aptur er það með landlækninn beinlínis tekið fram í veitingarbrjefi hans, að hann verði að sætta sig við þær breytingar, sem gjörðar kynnu að verða á embættislaunum hans, og þegar honum var veitt embættið, ímynda jeg mjer, að hann hafi eigi ætlað, að hann mundi halda 4800 kr. launum, heldur einungis 3600 kr. Þá var einmitt frv. fyrir frá þinginu, sem fór fram á það, að setja launin þannig niður. Menn mega þó ekki búast við því, að þegar þingið hefur samþykkt einhver lög, að stjórnin þá neiti þeim um staðfestingu.

Jeg legg að vísu ekki of mikla áherzlu á ákvæði eða tillögur Nd., og álít, eins og h. 6. kgk. (H. S.), að álit þeirrar deildar þurfi ekki að vera bindandi fyrir þm. þessarar deildar; en samt get jeg eigi annað fundið, en að það verði að takast til greina með öðru. Og þar sem h. 6. kgk. (H. Sv.) bar þetta atriði fjárlaganna saman við frv. um verzlun lausakaupmanna, þá er þess að gæta viðvíkjandi breytingunum við það, að mönnum er kannske ekki svo mjög mikið kappsmál um þetta frv., og álíta kannske, að landið gæti staðizt, þótt það kæmist ekki gegnum þingið, og að menn því bera það með jafnlyndi, þó svo færi; öðru máli er að gegna með fjárlögin; þau má þingið til að samþykkja, ef landinu á ekki að stjórna með bráðabyrgðarlögum; það má því ekki vekja neinn ágreining, sem gæti valdið því, að þau ekki yrðu samþykkt; og það er sjálfsagt tími enn til þess, þó áliðið sje orðið, ef ekki neinni stífni er beitt. Á hinn bóginn eru ekki mikil líkindi til annars en Nd. gjöri breytingu, ef þetta kemst að. Og þegar nú

eigi er annað líklegt eða mögulegt. en að fjárlögin komi fyrst á dagskrá neðri deildar til einnar umræðu á miðvikudaginn, og þó að eins með afbrigðum frá þingsköpunum, þá væri gaman að vita, hvernig h. 6. kgk. (H. Sv.) hugsar sjer, að þau geti orðið bæði til einnar umræðu hjer í deildinni og í sameinuðu þingi á fimmtudaginn.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. 410 felld með 8:3. Breyt.till. 411 felld með 6:5. Frv. í heild sinni samþ. í einu hljóði, og kvað forseti það mundu verða sent aptur forseta Nd., svo það yrði lagt fyrir þá deild.

Frumvarp til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir árin 1882 og 1883 (C. 351); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. umræðulaust í einu hljóði, og afgreitt síðan til ldsh. *sem lög frá alþingi.*

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1882 og 1883 (C. 341); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. umræðulaust í einu hljóði, og afgreitt síðan til ldsh. *sem lög frá alþingi.*

Frumvarp til laga um lán úr viðlagasjóði til handa sýslufjelögum til æðarvarpsræktar (C. 387); 3. umr.

Ásgeir Einarsson: Jeg er búinn að taka það fram við 1. umr þessa máls, þegfundið var að því, að sýslufjelögin ættu að hafa ábyrgð á láninu, að jeg hefði skýra áskorun og beiðni frá fundinum, sem haldinn var í Strandasýslu, um að mæla fram með, að þessu fyrirtæki mætti framgengt verða á einhvern heppilegan hátt. Sá fundur fór reyndar helzt fram á sjerstakan styrk fyrir Strandasýslu, þótt þeir væru í sambandi við Barðstrendinga; en jeg hef ekki viljað fara fram á það, meðan ekki er sjeð, hvernig þessu máli reiði af. Mál þetta hafði verið rætt á fundi sýslunefndar í Strandasýslu og samþykkt, og ljet sýslunefndin mikinn áhuga í ljósi á að fá þessu fram komið. Hjer er ekki heldur mikil hætta á ferðum, því neiti sýslunefnd einhver að sinna málinu, biður hún ekki um lánið, og jeg vona, að þingið samþykki þetta; það hefur samþykkt margt óþarfara. Það er almanna-áhugi, því annars verður allt æðarvarp skemmt eða eyðilagt af vargi.

Jón Pjetursson: Jeg get ekki fallizt á annað eins frv. og þetta er. Það er í fyrsta lagi svo ógreinilega orðað, að það má sumstaðar skilja á tvo vegu, og í öðru lagi er það mjög ranglátt, en það eiga lög ekki að vera; menn eiga að búa þau til svo sanngjörn, sem menn geta. 1. gr. má skilja á tvo vegu; menn geta ef til vill skilið hana á þann hátt, sem sumir skildu hana við 1. umr., að þessi orð: «ef þær beiðast þess», ættu við allar sex sýslurnar, og að þeim öllum sje boðið lánið í sameiningu. En því eru þær þá ekki taldar allar saman í einu, heldur verið að skipta þeim í tvennt eða tvo flokka? Það liggur því annar skilningur á þessari grein miklu nær, og hann er sá, að þessi orð: «ef þær beiðast þess», eigi að eins við seinna flokkinn eða 2 síðasttöldu sýslurnar, Mýra og Ísafjarðarsýslur; ættu þau að lúta til allra 6 sýslnanna, hefði orðið «veitist» átt að standa á undan þeim, og setningin þá vera þannig orðuð: sýslunefndunum í Snæfellsness, Dala, Barðastrandar, Stranda, Mýra, og Ísafjarðar sýslum veitist, ef þær beiðast þess o. s. frv.; en nú er það ekki, og virðist því af fyrtjeðum ástæðum, sem setningin eigi að skiljast þannig: sýslunefndunum í Snæfellsness, Dala, Barðastrandar og Stranda sýslum veitist samtals allt að 10,000 kr. lán o. s. frv., svo og Mýra og Ísafjarðar sýslum (sem sje samtals 10,000 kr. lán), ef þær beiðast þess. Svona ímynda jeg mjer, að flestir muni skilja þessa grein. Svona getur þá orðið spurning um, hvort Ísafjarðar og Mýrasýslur eigi ekki sjerstaklega að fá 10,000 kr. lán og hinar 4 líka 10,000 kr. lán. Svo er nú það líka, að ekkert er tiltekið, hvað mikið hverri sýslunni skal ætlað. Það er að eins sagt: «eptir þörfum»; en hver á að dæma um þarfirnar? Það er víst sýslunefndin í hverri sýslu, sem á að dæma um þarfirnar hjá sjer. Ein sýslan fær þá máske ekkert, ef hinar sýslurnar verða fyrri til að taka þessar 10,000 kr. Þannig er 1. gr. svo ónákvæm, að hún er ekki bjóðandi sem lög. Og svo kemur ákvæðið um að borga. Nú skyldi t. d. einn maður hafa fengið 1000 kr. lán, til að auka æðarvarp hjá sjer. Hver á að borga? Allir, eptir frv., sem dúntekjujarðir eiga, eiga að borga þetta lán hans með honum. Þetta kalla jeg hreint ranglæti, að skylda aðra að borga fyrir hann vexti og árlegar afborganir af því láni, sem þeir ekki hafa tekið. Látum

menn segja, að þeir í sýslunni, er æðarvarpsjarðir eiga þar, hafi gott af því, ef lán sje tekið til að eyða þar vargi; en ýmsar varpjarðir liggja svo, að þær hafa ekkert gott af því, þó vargur sje drepinn annarsstaðar, og er þá ekki ranglátt, að láta eigendur þeirra taka þátt í kostnaðinum? Frv. segir hvergi, að láni því, er sýslunefndirnar fái, skuli að eins verja til að drepa varg, heldur skul því varið til að rækta æðarvarp yfir höfuð. Ef sýslunefndin í Gullbringusýslu fengi leyfi til að taka til láns 10,000 kr. úr viðlagasjóði til að rækta æðarvarp í sýslunni; og setjum svo, að nú fengist 300 pund af dún í allri sýslunni, og helmingurinn af honum fengist úr Engey, og nú skyldi einn maður, sem hefur lítið æðarvarp, er hann vill auka, fá til þess 1000 kr. lán af fyrnefndum 10,000 kr. Afborgunin og vextir þar af yrðu 60 kr. Nú er hans dúnn 15 pund; þá er auðsjeð, að Engeyjarbóndinn yrði að borga helminginn af vöxtunum og afborgununum eða 30 kr. af láni því, er öðrum þó var veitt til að auka varp sitt, en sá, sem lánið fjekk, þyrfti ekki að borga nema 3 kr.; og svo má taka þetta gjald lögtaki hjá æðarvarpseigendum, sem annað almannagjald. Það var og slæmt, að það gleymdist, að setja það í lögin um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar. Rýrnar nú ekki t. d. Engey í verði við þessi lög? Ef einhver sýslunefnd fengi lán til að auka kartöplugarðarækt í sýslunni, og lánaði svo þetta fje út ýmsum, er vildu koma sjer upp kartöplugörðum, þá ættu eptir sömu reglu allir, sem kartöplugarða eiga í sýslunni, að taka þátt í að borga þetta lán fyrir þá, er lánið fengju. Þetta er svo ranglátt eptir minni meiningu, að jeg trúi ekki, að stjórnin mundi nokkurn tíma samþykkja slík lög, ef hún vissi, hvernig hjer hagaði til.

Ásgeir Einarsson: Aðalþrætueplið í þessu máli hefur verið það, hvort sýslunefndir eigi að skipta þessu láni. En sjá ekki allir, að ef þær ekki vilja lán, þá taka þær það ekki? Og er ekki auðsætt, að betra er að eiga aðgang að sýslunefndinni, en að þurfa að ganga fyrir hvers manns dyr og heimta það þannig aptur? Jeg þarf annars ekki að svara hinni löngu ræðu h. 2. kgk. þm. (J. P.); hún var einhvers konar prókúrators-ræða, og mjög ápekk landamerkjaræðunni hans forðum.

Magnús Stephensen: Jeg skal í stuttu máli taka það fram, að jeg varð þess var í vor, þegar jeg var vestra, að þetta var mjög mikið áhugamál hjá Vestfirðingum, og það svo mjög, að jeg hef ekki þekkt annan eins áhuga í neinu máli og það ekki einu sinni í stjórnarskrármálinu. Mjer skildist, að meiningin með þessu láni ætti að vera sú, að geta útrýmt vargi, sem eyðir æðarvarpi mjög fyrir mönnum, og þá vita allir heilvita menn, að ef það tekst, þá kemur það öllum að góðu, sem æðarvarp eiga, og því er áríðandi, að allir taki sig saman um að gjöra gangskör að því, að útrýma þessum vargi, og ef fjelag myndast til þessa, þá er meiri trygging fyrir, að það sje gjört að gagni Ef einhver einstakur varpeigandi friðar og elur varg hjá sjer, þá liggur hann ekki einungis á hans varpi, heldur einnig á annara manna varpi, og spillir því. Því er nauðsynlegt, að eitthvert stórt fjelag taki að sjer, að gjöra ráðstafanir til að útrýma veiðibjöllu og öðrum þess konar ránfuglum, og standa fyrir öðru, sem álitið væri hagkvæmast þessu til framkvæmdar. Það heyrðist á öllum, að þeim var það áhugamál, að fjelag þetta tæki að sjer að útrýma svartbak og fleiri þess konar fuglum, en það þótti þeim ekki mögulegt nema með styrk, og því var ákveðið, að fara þess á leit við þingmennina úr sýslunum við Breiðafjörð, að þeir útveguðu þetta lán hjá landssjóði, og hver varpjarðareigandi vildi taka þátt í þessum kostnaði öllum, og þess vegna er það skylda þingsins, að hlynna að þessu fyrirtæki, og það mega ekki heita nein útgjöld fyrir landssjóð, sem hjer er farið fram á, þar sem fjárframlagið að eins er lán; það er reyndar með nokkuð lengri afborgun en venjulega, en landssjóður lánar það með vanalegri tryggingu. Jeg er því fyrir mitt leyti mjög meðmæltur frv., og legg það til, að það verði samþykkt.

Jakob Guðmundsson: H. 3. kgk. þm. (M. St.) hefur svo greinilega lýst tilganginum með þetta lán. Hann sagði, eins og öldungis er satt, að það væri einungis ætlað til þess, að gjöra tilraunir til að útrýma vargi, en ekki til þess að búa til girðingar eða nývirki. Jeg vil út af því, sem h. 2. kgk. þm. (J. P.) tók fram, að það væri ranglátt, að allir varpeigendur væru skyldir til að endurborga lánið, hvort þeir vildu taka nokkuð af því eða ekki neitt, taka það fram, eins og h. 3. kgk. þm. (M. St.) benti á, að það hafa allir gott af því, sem

varp eiga, ef vargi væri eytt. Þó það sje nú ekki ætíð hægt, að koma á fjelagsskap og fjelögum á landi hjer, þá er jeg sannfærður um, að menn yrðu fúsari til fjelagsskapar í þessu en mörgu öðru; því ef þeir, sem fyrir utan fjelagið eru, vilja ekkert leggja til, þá gæti stundum farið svo, að bæði utanfjelagsmenn og þeir, sem í fjelaginu væru, biðu skaða af því. Jeg skal taka dæmi: Setjum svo, að bóndinn á Staðarhóli væri fyrir utan fjelagið; nú færu hinir að ráðast á varginn og fæla hann frá löndum sínum. Mundi þá vargurinn allur flýja þangað, sem honum væri ekkert mein gjört; hann mundi ásækja Staðarhólslöndin og eyðileggja þar varpið, því þar hefði hann friðland. En svo væri ekki þar með búið; vargurinn mundi fjölga þar, sem honum væri ekkert mein gjört, og fljúga svo aptur á varplönd hinna, sem væru að friða þau. Það væri hróplegt ranglæti, ef einn mætti spilla svona fyrir öðrum. Það var tekið fram hjer um daginn af einum h. þm., að hjer stæði nokkuð líkt á og með friðun lands fyrir tóum. Það var sýnt fram á, að það væri betra að borga margar þúsundir króna í eitt skipti fyrir öll, til þess, ef þeim yrði gjöreytt, en að vera á hverju ári að leggja stórar summur af hreppunum til að eyða þeim. Já, ef þeim yrði í eitt skipti fyrir öll gjöreytt, mundi það spara landinu margar, margar þúsundir króna. Jeg ætla, að öllum sje það ljóst, að þessir agnúar, sem h. 2. kgk. þm. finnur í 1. gr., eru einungis einhver misskilningur og heilabrot. Jeg þykist fullviss um, að engum dómstól geti þótt hún svo óljós, að eigi væri hægt að dæma eptir henni, og jeg er sannfærður um, að sjálfur h. 2. kgk. þm. (J. P.) mundi sem dómari, þegar hann færi að hugsa sig betur um, ekki verða í vandræðum með að finna hina rjettu meiningu út úr henni.

Jón Þjetursson: Jeg get ekki skilið, að þótt þetta kunni að vera áhugi manna fyrir vestan, að það sje fyrir það ástæða til þess fyrir þingið, að gjöra þetta frv. að lögum. Þessir varpeigendur geta gengið sjálfir í fjelög, fengið sjer lán og sett jarðir sínar að veði fyrir því. Það er eitthvað undarlegt, eins og að neyða menn til að ganga í og vera í fjelögum, hvort sem þeir vilja eða ekki. Það er alveg að gjöra menn ómynduga. Það er skrítið, að mega segja við þá: Þið verðið nú að borga hvort sem ykkur er ljúft eða leitt; þið hafið gott af því. Hvernig sem aðrir líta á, getur mjer eigi fundizt þetta annað en hreint og beint ranglæti.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 7 atkv., og kvað forseti það mundi verða sent Nd. til að leggjast aptur fyrir þá deild.

Landshöfðingi gat þess, að hann samkvæmt áskorun frá forseta Nd. hefði lengt þingtímann til 27. ágúst, að þeim degi meðtöldum.

Fertugasti og níundi fundur, þriðjudaginn 25. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frumvarp til laga um verzlun lausakaupmanna (C. 388, breyt.till. 388); ein umr.

Benidikt Kristjánsson: Þess eru víst fá dæmi á þingi, að nokkurt mál hafi orðið fyrir jafnmiklum hrakningum og þetta frv., þótt það á hinn bóginn sje of meinlaust til að sæta öðrum eins hrakningum. Við umræður þessa máls hefur komið fram nokkur mismunur á skoðun Nd. og Ed., og eins hafa deildirnar hvor í sínu lagi verið einhuga og samtaka í, að halda fast við sína skoðun. Mismunurinn á skoðun Nd. og þeirra manna, er hjer komu fyrst fram með þetta frv. og nú hafa komið með breyt.atkv. við það, er sá, að flutningsmenn þessa máls hjer í deild vilja, að lausakaupmenn borgi 50 kr. í eitt skipti fyrir öll fyrir það, að fá að verzla ekki eingöngu á löggiltum höfnum, heldur einnig á öðrum ólöggiltum verzlunarstöðum, það er að segja árlangt. En Nd. vill láta þá kaupa sjerstakt leyfi fyrir hvern stað, er þeir vilja verzla á, en gjalda fyrir það helmingi lægra gjald, nl. 25 kr. En aptur á móti hefur enginn ágreiningur orðið um það, að leyfa þeim að verzla, hvar sem þeir vilja, nje heldur um þá einu undantekningu með þær vörur, er þeir verzla með, nl. áfenga drykki, þar sem þeim er bannað að verzla með þá annarstaðar en á löggiltum höfnum. Þessi gjaldhæðarmismunur kemur reyndar í líkan stað niður. Ef lausakaupmaður verzlar ekki nema á einum stað, þá borgar hann helmingi hærra gjald eptir uppástungu deildarinnar hjer, en eptir uppástungu Nd.; en verzli hann á 2 stöðum, verður gjaldið hið

sama eptir báðum uppástungunum, en ef hann verzlar á 3 stöðum, þá verður gjald hans hærra eptir uppástungu Nd., en eptir uppástungu Ed. Jeg ímynda mjer, að tekjur sýslusjóða eða bæjarsjóða verði líkar eptir báðum uppástungum, en eptir uppástungu Nd. er sá hængur á, að það verður töluvert ómak og fyrirhöfn fyrir lausakaupmenn, að senda í hvert skipti til sýslumanna eða bæjarfógeta til að fá leyfi fyrir hvern sjerstakan stað, og að verja tíma þannig að gagnslausu er að kasta fje, ekki í bæjarsjóði eða sýslusjóði, heldur í sjóinn. Það kostar lausakaupmenn nokkuð, þó ekki sje nema eins dags dvöl til ónýtis, að halda menn og skip. Þetta mælir móti frv. Nd., en með breyt. flutningsmanna. Lítum á tilganginn, sem frv. átti að hafa. Fyrst og fremst var hann sá, að afstýra hinum sífelldu bænum, sem hafa komið til þingsins, um löggildingu kauptúna. Það voru ekki færri en 10 kaupstaðir löggiltir á þingi 1883, og það hefur sjálfsagt ekki verið ætlun þeirra, sem greiddu þá atkvæði með þeim, að það yrðu reistir reglulegir kaupstaðir á öllum þessum stöðum, heldur hefur sjálfsagt verið sá tilgangurinn, að veita lausakaupmönnum lagaheimild til að verzla á þessum stöðum, ef þeir vildu.

Annar tilgangurinn var sá, að ljetta undir vöruflutningum bænda, sveitakaupmanna og pöntunarfjelaga, því að hæpið má telja, að fastakaupmenn ljái skip sín til þeirra hluta. Menn munu segja, að hægt muni að fá vörur sínar fluttar með gufuskipunum. En margar eru þær hafnir, sem þau koma alls ekki á; á aðrar koma þau mjög sjaldan. Auk þess eru sumar af þessum höfnum svo viðsjálar, að ekki er ávalt hægt að flytja vörur úr skipunum í land, á meðan þau liggja á höfninni, nje heldur úr landi út í skipin. Margir menn segja, að það sje ekki rjett, eins og að hlynna að lausakaupmönnunum upp á kostnað fastakaupmannanna. En jeg verð að svara, að ef vert sje að löggjöfin hlynni að fastakaupmönnum, þá verði þeir að vera búsettir í landinu, og arðurinn af verzlun þeirra að verða að neyzlueyri í landinu sjálfu og eign landsbúa. En nú vita menn, að föstu kaupmennirnir eru fæstir búsettir hjer, þannig, að arðurinn að verzlun þeirra renni inn í landið; hin dæmin eru miklu fleiri, að arðurinn renni út úr landinu og að honum sje eytt þar eða hafður í arðberandi veltu. Jeg gjöri ráð fyrir, að hinir miklu mælskumenn í Nd. hafi fundið margar ástæður til að mæla fram með frv. sínu; en af því að jeg hef ekki haft þá ánægju að heyra þær, þá get jeg hvorki vegið þær hjer, nje heldur leitazt við að hrekja þær. Jeg tek því málið eins og það er, og blandast mjer ekki hugur um, að tiltækilegt sje að samþykkja frv. með þeim breytingum, sem lagt hefur verið til að við það sjeu gjörðar.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. nr. 404 samþ. með 9 atkv., og frv. með þessari breytingu samþykkt með 9 atkvæðum; og kvað forseti málið verða sent forseta sameinaðs þings.

Tillaga til þingsályktunar um að setja nefnd til að rita ávarp til konungs, (C. 406), hvernig ræða skuli.

Forseti skaut undir atkvæði deildarinnar, hvort nefnd skyldi setja, og var það samþykkt með 8 atkvæðum, og í nefndina kosnir: Hallgrímur Sveinsson með 7 atkv. Jakob Guðmundsson með 6 atkv., Einar Ásmundsson eptir hlutkesti, þar sem þessi þingmaður og Ásgeir Einarsson og Benidikt Kristjánsson höfðu allir sín 3 atkv. hver.

Forseti ákvað, að um málið skyldi að eins hafa eina umræðu, eptir að nefndarálit væri fram komið.

Tillaga til þingsályktunar um lán til að fullkomna ullarvinnuvjelar (C. 387), hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á, að hafa eina umræðu, og samþykkti deildin það í einu hljóði.

Forseti bar þá upp tillögu áhrærandi *skjalasafn alþingis*, að verja mætti allt að 100 kr. til að koma reglu á skjalasafnið, í samræmi við ályktun Nd. um það efni. Sú uppástunga var samþykkt í einu hljóði.

Fjórði fundur í sameinuðu þingi, miðvikudaginn 26. ágúst kl. 10½ f. m. Allir á fundi, nema Þórarinn Böðvarsson og Ásgeir Einarsson.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1884 og 1885 (C. 378).

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg skal

geta þess, út af því atriði, sem ágreiningur hefur verið um milli deildanna, um fje til viðgjörðar skólans, að fjárlagnefndin vill ekkert þrátt gjöra úr því atriði, og lætur sitja við það, sem Ed. vill vera láta.

Landshöfðingi: Jeg fyrir stjórnarinnar hönd sætti mig eptir atvikum við þetta fjáraukalagafrumvarp, eins og það nú er, og leyfi mjer að fela það hinni h. þingd. til sampykktar.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í einu hljóði, og afgreitt síðan til ldsh. sem *lög frá alþingi.*

Málið, hvernig ganga skuli til framkvæmdar á 2. og 3. gr. í reglum um gjöf Jóns Sigurðssonar (C. 290). Síðari umr.

Framsögumaður (Tryggvi Gunnarsson): Það liggur ekki fyrir nein breyt.till. og sje jeg því ekki ástæðu til að lengja þingræðurnar.

ATKVÆÐAGR.: Erindisbrjefið (C. 290) samþykkt í einu hljóði.

Forseti ljet síðan ganga til nefndarkosningar, og hlutu kosningu: Magnús Stephensen yfirdómari með 24 atkv., Eiríkur Briem docent með 12 atkv. og Björn Jónsson ritstjóri í Reykjavík með 12 atkv.

Frumvarp til laga um verzlun lausakaupmanna (C. 410; breyt.till. 421 og 422).

Th. Thorsteinson: Jeg hef leyft mjer að koma með breyt.till. (C. 422) við þetta frv., sem fer fram á, að þær 50 kr., sem standa í því, færist upp í 100 kr. Jeg skal játa reyndar, að jeg fyrir mitt leyti kann betur við, ef breyt.till. hinna tveggja háttv. þingmanna (C. 421) kæmust að. En af því jeg hjelt, að þær máske ekki gengju fram, þá kom jeg með þessa breyt.till., ef um það væri að gjöra, að frv. ætti óbreytt fram að ganga. Jeg hef áður látið þá skoðun í ljósi, að óviðurkvæmilegt sje, að gefa útlendum mönnum leyfi til að verzla hvar við land, sem þeir vilja, og jeg efast um, að slíkt eigi sjer stað hjá menntuðum þjóðum; þetta er svoddan stór-hnekkir fyrir kaupmannastjettina. Jeg skal játa, að hjer stendur reyndar nokkuð öðruvísi á hjá okkur; en jeg felli mig ekki við, að lausakaupmenn, sem til engra stjetta greiða neitt gjald, megi verzla hvar við land, sem þeir vilja, og að þeir borgi svo einar 50 kr. fyrir það leyfi. Tollgæzlan verður svo mjög erfið og nær því ómöguleg, ef slíkt á sjer stað. Rjettast væri, að lausakaupmenn, hvar sem þeir verzla, borguðu til allra stjetta, eins og aðrir, sem atvinnuvegi reka hjer við land; í öllu falli finnst mjer það gjald, sem hjer ræðir um, of lágt, og jeg vona því, að hið h. þing sampykki breyt.till. mína.

Arnljótur Ólafsson: Þessi breyt.till., sem jeg og h. 1. þm. S.-Múl. (Tr. G.) höfum komið fram með (C. 421), vona jeg að sje orðin mönnum kunn, bæði h. deildum hvorri fyrir sig, og svo nú h. þingi í sameiningu. Mismunurinn á breyt.till. okkar og frv. 1. gr. er ekki í öðru fólgin, en að lausakaupmenn eptir breyt.till. eiga að borga 25 kr. fyrir hverja höfn, ekki að eins fyrir hverja löggilta höfn, heldur einnig aðrar hafnir eður staði, þar sem frv. fer fram á, að þeir borgi 50 kr. í eitt skipti fyrir allar hafnir og staði. Svo og í öðru lagi, að gjald þetta á eptir breyt.till. að ganga til hlutaðeigandi bæjarsjóðs eða sýslusjóðs, þar sem í frv. stendur, að lausakaupmenn gjaldi þessar 50 kr. í landssjóð. Tilefni til, að við komum með þessa breyt.till., er það, að við álítum það rjett og sanngjarnt, að hver gjaldi fyrir þann rjett, sem hann fær og *notar*, en ekki fyrir þann rjett, sem ekki er notaður, og veittur er rjett út í loptið, án þess hann komi að gagni. Lausakaupmenn fá eptir breyt.till. rjett til að verzla á hverjum stað, sem þeir vilja. Hingað til hafa þeir ekki haft rjett til þess nema á löggiltum höfnum. Fyrir þennan rjett segir frv., að þeir skuli borga 50 kr. í landssjóð, hvort sem hann er notaður eða eigi notaður. En breyt.till. er miðuð við, að þeir *noti* sjer þennan rjett, þannig, að þeir borgi að eins 25 kr. fyrir þann stað, sem þeir nota og hagnýta sjer; það er líkt og með leyfisbrjef; þau eru leyst því að eins, að leyfið eigi að nota. Enn fremur leyfi jeg mjer að benda á þá frumreglu, sem ætti að gilda í þessu máli, og hún er sú, að nokkurs konar jafnrjetti sje milli fastakaupmanna og lausakaupmanna, og hún næst með þessu breyt.atkv. Fastakaupmaðurinn greiðir húsaskatt, atvinnuskatt og bæjargjald, og það gjald munar mestu. Við öll gjöld, bæði til landssjóðs og bæja, hafa lausakaupmenn verið lausir hingað til. *(Benidikt Sveinsson:* Og til sveitar líka). Þetta er ekki jafnrjetti, og ekki sanngjarnt, nema þingið vilji halla rjetti fasta-

kaupmanna, og bera hann fyrir borð, og það vill þingið sjálfsagt eigi gjöra. Í raun rjettri hefði verið rjettast, að sameina breyt.till. við 1. gr. frv. þannig, að lausakaupmaður skuli gjalda 50 kr. í landssjóð, eða 100 kr., eins og h. þm. Ísf. (Th. Th.) fer fram á, og svo þar að auki 25 kr. fyrir hverja höfu, sem þeir verzla á. Þá væri nokkurn veginn sett jafnrjetti milli lausakaupmanna og fastakaupmanna. Jeg skal leyfa mjer að benda á eitt dæmi. Coghill eða Slimon, sem eigandi verzlunarinnar, sendir sitt skip á margar hafnir í Húnavatns-, Skagafjarðar-, Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum, en hann geldur ekki mjer vitanlega einn einasta eyri fyrir þetta, þótt hann flytji út mjög mikið af lifandi fje. Jeg kem ekki með þetta dæmi af því, að eg unni ekki verzlun hans þessa; jeg ann henni mjög, og jeg viðurkenni fyllilega, að hún sje gagnleg fyrir oss alla; en þetta er ekki jafnrjetti við fastakaupmenn, sem þurfa að gjalda útflutningstoll, auk þess, sem jeg nefndi áður umfram lausakaupmenn, af þeim vörum, sem tollur hvílir á. Jeg leyfi mjer því að vona, að þingið fallizt á breyt.till. okkar tveggja þm., og jeg verð að segja það, að annars verð jeg að greiða atkv. móti frv., vegna þess, að með því er jafnrjetti lausakaupmanna og fastakaupmanna hallað. Jeg sje, að h. 2. þm. N.-Múl. (Ben. Sv.) hristir höfuðið. Það gera Kópaskerin! Mig furðar á, að hann skuli gjöra það, hann, sem vill styðja allt jafnrjetti, bæði í stjórnmálum og líklega öðru, og verð jeg að efast um, að jafnrjettishugmynd hans sje jafn víðtæk, og ella mátti við búast.

Einar Asmundsson: Þetta mál er orðið svo kunnugt, að ekki ætti að þurfa að skýra það með löngum umræðum. Ef jeg man rjett, þá er þetta í raun rjettri 12. umr. um það. Jeg get heldur ekki kvartað um, að jeg kannist ekki við þessar breyt.till., sem hefur verið útbýtt í þessu augnabliki. Önnur þeirra er gamall kunningi minn, það er að segja stærri breytingin. En jeg sný mjer fyrst að hinni smærri breyt.till. Þar er að eins um lítinn mun að ræða á gjaldinu fyrir verzlunarleyfið. Hvort það er sett 50 kr. eða 100 kr., það getur sízt orðið ágreiningsefni. Allt öðru máli er að gegna um hina breyt.till. Jeg vona, að öllum sje ljóst, að hjer er verið að semja lög fyrir landið, fyrir þjóðina, og til gagns fyrir bændur. (*Ýmsir:* heyr!). Það er ekki sjerstaklega um hag lausakaupmanna eða fastakaupmanna að ræða, heldur um nauðsynina fyrir þetta stóra og strjálbyggða land, þar sem lausakaupmönnum er nú bannað að koma til verzlunar annarsstaðar en á löggiltar hafnir. Menn vita, að einmitt sökum þessa hafa bænir og áskoranir streymt inn á þingið að undanförnu. Hjer eru teknar þær ákvarðanir, sem mundu koma í veg fyrir þess konar bænir, svo þær þyrftu ekki optar að koma, og því ættu ekki optar að koma.

H. 1. þm. Ísfirð. (Th. Th.) talaði nokkuð með stærri breyt.till. En mjer heyrðist hann gjöra ráð fyrir, að hjer væri einungis um útlenda lausakaupmenn að ræða, og *enga aðra*, en það geta líka verið til innlendir lausakaupmenn, og jeg vona, að með tímanum verði þeir flestir eða allir innlendir. (*Arnljótur Ólafsson:* Þeir hafa nú rjettindi). Ekki nema þeir sjeu fastir kaupmenn; en hjer er um lausakaupmenn að ræða, sem á sjó verzla. Það er einungis hagur landsins, sem vjer höfum fyrir augum, vjer, sem höldum því fast fram, að lausakaupmenn þurfi ekki að gjalda optar en einu sinni ár hvert, fyrir að fá verzlunarleyfi það, sem gefið er í frv. Með þessu viljum vjer greiða þeim götu. En það lítur svo út, sem breyt.till. hinna tveggja h. þm. (A. Ó. og Tr. G.) sje stíluð í þeim anda, að gjöra lausakaupmönnum ómögulegt að ljetta verzlun bænda, og gjöra þeim hina örðugu vöruflutninga nokkru ljettari. En þessir örðugleikar hafa það verið, sem knúð hafa menn til að senda inn á þing slíkan fjölda af bænarskrám, um að löggilda verzlunarstaði svo að segja á hverjum vogi og vík. Jeg verð fyrir mitt leyti að telja mjög óheppilega þessa miklu fjölgun löggiltra verzlunarstaða, og því höfum vjer komið fram með þetta frv. Eins og jeg sagði, er lausakaupmönnum gjört nálega ómögulegt, að flytja vörur heim til bænda, ef breyt.till. nær fram að ganga. Hjer stendur ekki svo óvíða svo á, að 3—4 sýslur liggja að einum flóa. Jeg skal taka Faxaflóa til dæmis, og set svo, að hingað til Reykjavíkur komi lausakaupmaður. Hjer fær hann verzlunarleyfi, og gengur það vel og umsvifalítið. En nú vill hann bregða sjer upp á Kjalarnes og verzla þar; þá verður hann að tefja sig á því að fara fyrst til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu; því þó það standi í frv., að umboðsmenn sýslu-

manna megi gefa lausakaupmönnum leyfisbrjef, þá gætu sýslumenn varla haft þá alstaðar, enda gæti það verið nokkuð ísjárvert að fela umboðsmönnum á hendi að selja slík leyfisbrjef sem þessi. Ef nú þessi sami lausakaupmaður svo vildi fara upp á Hvalfjarðarströnd, þá verður hann að fara til sýslumannsins í Borgarfjarðar- og Mýrasýslu; og ef hann vill fara vestur að Búðum, þá verður hann að fara til sýslumannsins í Snæfellsnessýslu. Þetta mundi baka honum óbærilega tímatöf og kostnað. Líkt er og ástatt við Breiðafjörð og Húnaflóa, því 3 sýslur liggja að hvorum þeirra. H. 1. þm. Eyf. (A. O.) lagði svo mikla áherzlu á, að allir ættu að hafa jafnrjetti. En þótt h. þm. sje mjög lagið að tala skýrt og ljóslega, fæ jeg þó ekki sjeð, að þetta sje jafnrjetti. Jeg get ekki sjeð, að það sje jafnrjetti, að láta t. d. bónda, sem fær sjer skip til að flytja vörur á ýmsa staði til að verzla á sjó, borga 25 kr. fyrir hvern þann stað. Jeg sje ekki, að þetta sje jafnrjetti við fastakaupmenn, sem þurfa að borga einar 50 kr. fyrir að mega reka fasta verzlun alla æfi, ef til vill í 50 ár, og auk þess verzla á sjó á ótal stöðum, hvar sem vera skal. Jeg veit, að verzlunarlögunum er undarlega beitt. Jeg veit ekki betur en að hjer sjeu fastakaupmenn, sem ekki hafa útvegað sjer neitt verzlunarleyfi, heldur halda áfram að nota heimild löngu látinna manna, og skal jeg nefna til dæmis Örum & Wulf, menn, sem voru uppi á næstliðinni öld og framan af þessari. Jeg þekki ekki þau lög, að þessir menn hafi getað útvegað leyfi fyrir sig og alla eptirkomendur sína til að reka verzlun, og það þótt verzlunin komizt jafnvel í annara manna hendur en erfingja þeirra. Þessir dauðu menn eru komnir ofan í jörðina og jeg veit ekki til að þeir hafi komið upp úr henni aptur, og mjer er sagt, að núverandi eigendur verzlana þeirra, sem alla tíð eru kenndar við þessa menn, hafi ekki álitið sig þurfa nýtt leyfi. Jeg vona, að h. þing sjái, að hjer er um nauðsynjamál að ræða, að hjer er í frv. farið fram á að ljetta að nokkru þá erfiðleika, sem leiða af strjálbyggð lands vors og stærð þess, og gjöra það á þennan hátt, sem hjer er farið fram á, heldur en með því að löggilda stórum fleiri hafnir en nú eru. Því þess má vænta, ef frv. þetta verður fellt, þá muni ekki færri óskir koma framvegis um löggilding víka og voga en hingað til, en að löggilda enn margar fleiri hafnir, álít jeg miklu ótiltækilegra, en að veita leyfi það, sem hjer er farið fram á að veitt sje.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg hef allt af reynt að líta á mál þetta í heild sinni og skoða það frá báðum hliðum, og jeg álít það skyldu þingsins, þegar það semur lög, að líta jafnt á hag allra þeirra landsbúa, sem undir lögunum eiga að búa, og þeim eiga að hlýða, hvort heldur það eru bændur eða kaupmenn. Þó játa jeg, að jeg hef heldur viljað hlynna að innlendri verzlun og kaupmönnum þeim, sem í landinu búa, og, að öðru jöfnu, viljað fremur, að þeim væri ívilnað, en útlendum kaupmönnum. En mjer sýnist h. 2. þm. Eyf. (E. Á.) ekki vilja fylgja sömu reglu, og að hann vilji víkja frá jafnrjetti, með því að veita útlendum kaupmönnum meiri rjett, en fastakaupmönnum. Þm. tók dæmi af Faxaflóa, og þótti honum það ófært, að lausakaupmaður, sem ætlaði sjer að bregða sjer upp á Akranes, þyrfti að senda eptir leyfi til þess til sýslumannsins í Borgarfjarðarsýslu. En jeg vil spyrja: hvort fara þeir skipstjórar og kaupmenn, sem til landsins koma? Þeir mega þó ekki selja eða losa skip sín fyr en þeir hafa sýnt «pappíra» sína sýslumanni *eða umboðsmanni hans.* Þessi fyrirskipun um skoðun pappíranna er einkum til þess, að fá vitneskju um heilbrigðisástand skipverja; en ef umboðsmönnum sýslumanna er trúandi fyrir þessu, þá er umboðsmönnum þeirra eigi síður trúandi fyrir, að afhenda lausakaupmönnum leyfisbrjef, svo framarlega sem meir er varið í heilsu landsmanna, en verzlunarleyfi fyrir einar 25 kr.; það er auðsjeð, að það er eintóm viðbára og annað ekki, þessi mikla óhægð, sem lausakaupmönnum á að vera gjörð með þessari breyt.till. H. þm. var að tala um, að fleiri en útlendir menn gætu verið kaupmenn og þó ekki búsettir hjer. En hverjir eru þessir innlendu menn, sem eru kaupmenn hjer og þó ekki búsettir? Jeg þekki að eins einn slíkan mann, og það er þó víst ekki meiningin hjer, að fara að búa til sjerstök lög handa einum manni. Jeg skal leyfa mjer að koma með dæmi máli mínu til styrkingar, og nefna Gránufjelagið; það borgar árlega 2—3000 kr. í opinber gjöld. Jeg nefni þetta fjelag af því einu, að það er óneitanlega innlent verzlunarfjelag og rekur þá stærstu verzlun, sem er hjer á landi. En svo kemur út-

lendur maður frá Noregi, Finnlandi eða einhverstaðar utan úr löndum, á einhvern þann stað, sem fjelagið rekur verzlan og greiðir öll skyldugjöld, maður, sem aldrei hefur sjezt hjer fyr, og líklega ekki sjest optar. Þessi maður selur hjer heilan timburfarm, eða hefur hjer miklu meiri verzlun; þó þarf hann ekki að gjalda einn eyri til almenningsþarfa hjer, eptir núgildandi lögum. Er þetta jafnrjetti, að útlendingurinn hafi engin gjöld til sveitar eða landssjóðs, en sá innlendi mikil? Breyt.till. okkar fer fram á, að jafna þetta nokkuð og leggja gjöld á lausakaupmenn, sem verzla á löggiltum stöðum, nokkuð upp í það, sem fastakaupmenn hafa að bera. Jeg vona að h. þing sjái, að þegar lög eru samin, megi ekki líta á annan flokkinn, heldur verði að taka tillit til beggja flokkanna, og það væri ekki óeðlilegt, ef frá jafnrjetti ætti að víkja, að þá sje heldur hallað í þá áttina, að íþyngja útlendingum en innlendingum. Þessari stefnu hef jeg allt af fylgt í þessu máli hjer í deild, og breytingar í þá þátt samþykktar; en sú stefna, sem h. Ed. hefur fylgt, virðist fara mjög í aðra átt, og tel jeg betra, að frv. þetta falli, en það fái fram að ganga, eins og það hefur verið samþykkt af h. Ed.

Arnljótur Ólafsson: Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að h. 2. þm. Eyf. (E. Á.) hefur líklega ekki *heyrt* það, sem jeg sagði áðan um hinn árlega kostnað, sem hvílir á fastakaupmanninum, sem lausakaupmaðurinn er laus við, svo til landssjóðs sem til sveitar. Jeg veit, að báðir tveir þurfa nú hjer eptir að kaupa borgarabrjef fyrir 50 kr.; í því er jafnt á með þeim. En jeg tók fram, að fasta kaupmaðurinn þyrfti og á það ofan að greiða húsaskatt, atvinnuskatt og útsvör, en lausakaupmaðurinn ekkert af þessu. Í staðinn fyrir þetta er farið fram á, að hann lúki 25 kr. fyrir hvern þann stað, er hann á verzlar. Hinu hefur h. 1. þm. S.-Múl. (Tr. G.) svarað, að fastakaupmaður þurfi eigi síður en lausakaupmaður að leita til sýslumanns, til að láta rita upp á skipsskjölin. Fastakaupmenn verða á hverri höfn að fullnægja ákvæðum laganna um sóttvarnir og tollgreiðslu á hverju löggiltu kauptúni, og, áður en þeir verzla á skipi á annari höfn eða stað, þurfa þeir að láta sýslumann eða bæjarfógeta þar rita á pappírana, svo í þessu efni er lausakaupmaðurinn engu ver farinn en fastakaupmaðurinn. Jeg held 2. þm. Eyf. (E. Á.) leggi annan skilning inn í 1. gr. en jeg held geti orðið lagður í hana. Hún er svo orðuð hjá h. Ed.: «*Lausakaupmaður*, sem enga fasta verzlun rekur hjer á landi, getur fengið heimild» o. s. frv.; en í breytingartill. stendur: «*Kaupmaður*, sem enga fasta verzlun rekur o. s. frv.». Þetta er að eins orðabreyting, því kaupmaður, sem enga fasta verzlun rekur, er lausakaupmaður. Munurinn á lausakaupmanni og föstum kaupmanni er að eins sá, að lausakaupmaður rekur *eigi fasta verzlun*. Lausakaupmenn, sem koma frá öðrum löndum, eru kaupmenn; þeir eru «farmenn» í fornri merkingu. Borgundarhólmsmenn eru farmenn í fornum skilningi, eða kaupmenn, og selja varning sinn á skipum með sama rjetti, sem fastakaupmenn í landi. Bændur eru kaupmenn, jafnskjótt sem þeir hafa leyst borgarabrjef, en í framkvæmdinni undir eins og þeir fengið hafa vörur. (*E. Á.:* Þarf borgarabrjef áður en þessi lög nái til þeirra?). Já, sjálfsagt. Jafnrjetti miða jeg við *nytsemi* þeirrar stofnunar, sem um er að ræða, og þá er hjer spurningin sú, hvort fastir kaupmenn sjeu ekki eins nytsamir eins og lausakaupmenn. Þar sem fastakaupmenn ná mestu magni, senda þeir skip sín út á ýmsa staði, byggja salthús og flytja mönnum vörur. Þingm. þekkja þetta af því, að bera Reykjavík saman við aðra verzlunarstaði, og sömuleiðis er á Akureyri. Þar eru það fastakaupmennirnir, sem byggja salthúsin og flytja mönnum vörur á ýmsa staði. Hvorugt þetta gjöra hinir útlendu lausakaupmenn. Hið *eina* gagn, sem þeir gjöra, er það, sem h. 2. þm. Eyf. (E. Á.) *ekki* tók fram, að þeir lækka verð á löggiltum kauptúnum meðan þeir liggja þar; en að þeir flytji meira af vörum út um landið, því neita jeg. Auk þess styðja og efla fastakaupmennirnir allan iðnað í kauptúnunum, og eyða meira eða minna af auði sínum, hver á sínum stað. Jeg sje því engan annan mun á frv. og breytingartillögunni, en að lausakaupmenn *gjalda hærra gjald eptir* breyt.till., *ef* þeir nota marga staði, lægra, ef þeir nota að eins einn, og svo, að gjaldið rennur í sýslusjóð eða bæjarsjóð á löggiltum höfnum, en ekki í landssjóð, og það getur varla verið ágreiningsatriði. Jeg skal svo að síðustu geta þess, að jeg álít ekki ástæðu til, að gefa útlendum lausakaupmönnum nokkurn forrjett fram yfir fastakaupmenn, t. d. Borgundverjum; því að slíkir lausakaupmenn eru sjálfsagðir farfuglar, sem fara

með arðinn af verzluninni út úr landinu; en það eru fastakaupmenn eigi. En um leið og verið er að draga stjórn og kostnað inn í landið, ætti ekki að gleymast, að draga líka sem mest inn í það *auðsæld* atvinnuveganna.

Sigfvatur Árnason: Allt til þessa hef jeg skoðað þetta frv. svo, og ímynda mjer, að það hafi legið svo í hug þingsins, að með því ætti að efla almennings gagn. En nú eru komnar hjer tvær ólíkar skoðanir fram. Efri deild hefur haldið því fram, sem jeg álít samkvæmt tilgangi frumv. og tilgangi alþingis, að greiða fyrir verzlun landsmanna sem mest og bezt. En hjer kemur annað upp. Það er farið að vega á vog hagsmuni einstakra manna, útsvör og gjöld fastakaupmanna og lausakaupmanna, en eins og lagt til hliðar, að láta almenningsgagnið vera með á voginni líka, og furða jeg mig á, að málið skuli vera komið í þetta horf. En út úr því sem h. 2. þm. Eyf. (E. Á.) sagði, skal jeg leyfa mjer að bæta því við og benda á eina sýslu á landinu; það er Skaptafellssýslu. Þar er að eins eitt kauptún, Papós, en sýslumaðurinn situr 3—4 dagleiðir þaðan, á Kirkjubæjarklaustri. *(A. Ó.:* Umboðsmenn!). Jeg heyri, að sagt er, að setja mætti umboðsmenn; en mjer þykir undarlegt, ef setja á mann fram af manni til að veita *leyfi*, að landstjórnin fleygi þannig valdinu frá sjer hingað og þangað hvað eptir annað; það er annað, þó hún feli umboðsmönnum skipaafgreiðslu. En jeg vildi vekja athygli á, að ef þetta kemst á, þá er það gagnslaust fyrir Skaptafellssýslu, sem þó hefði mesta þörf fyrir af öllum sýslum landsins, að greitt sje sem mest og bezt fyrir verzlunarviðskiptunum. *(A. Ó.:* Allt misskilið). Alls ekki. Jeg skal að endingu minnast á verzlun Slimons, að jeg held, að hún hafi sýnt, að það er ekki gjörandi, að setja lausakaupmönnum mikið stólinn fyrir dyrnar.

Benidikt Kristjánsson: H. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) hjelt langt erindi og snjallt um það, hvernig ætti að skilja breyt.till. hans við frv. þetta; en samt skal jeg játa, að mjer er enn þá ekki orðin ljós meining hennar, einkum fyrstu tvær línurnar. Þar stendur svo: «Kaupmaður, sem enga fasta verzlun rekur hjer á landi, getur fengið heimild til að verzla á skipi hjer við land, svo á löggiltum höfnum sem á öðrum stöðum». Jeg verð að óska nýrrar skýringar yfir þetta hjá h. þm. Jeg spyr: Hafa lausakaupmennn heimild til eptir núgildandi lögum, að verzla á löggiltum höfnum? *(A. Ó.:* Jú). Þá þarf ekki þessi breyt.till. að komast að, til að veita þeim það leyfi; en eptir minni kunnáttu í íslenzkri tungu er eigi hægt að skilja þessar línur öðru vísi en svo, að lausakaupmönnum sje hjer veitt leyfi til að verzla ekki að eins á ólöggiltum höfnum, sem væri það heimilað nú að lögum, heldur einnig löggiltum; en til þess hafa þeir nú lagaheimild. Þetta álít jeg mikla ónákvæmni í þessari breyt.till., og fyrir þann galla á orðaskipun verðskuldar breyt.till. naumast að verða tekin til greina.

Jeg skal játa það, að breyt.till. h. 1. þm. Ísf. (Th. Th.) er meinlaus, og skiptir það litlu, hvort verðið fyrir leyfisbrjefin er sett 50 kr. eða 100 kr.; en það var annað í ræðu hans, sem mjer virðist íhugunarvert. Hann gerði ráð fyrir því, að hjer við land væri að eins um útlenda lausakaupmenn að gjöra. Vera má að sönnu, að svo sje nú sem stendur; en tímarnir breytast, og vjer með þeim, og vjer getum búizt við, að fleiri þurfi að nota þennan rjett, en útlendir lausakaupmenn, og verði til þess. En í sambandi við þetta gat þm. um, að það mundi hvergi eiga sjer stað meðal menntaðra þjóða, að útlendingum væri gefinn opinn aðgangur inn á hverja vík og vog. Jeg get ekki sjeð, í hverju sambandi þetta stendur við menntunarástand þjóðanna, eða að það gjöri Íslendinga að skrælingjum eða ómenntaðri þjóð, þótt þeir leyfi útlendingum aðgang til verzlunar án ófrjálslegra skilyrða. Jeg hugði þvert á móti, að það mundi heldur vera vottur um menntun, að greiða fyrir samgöngum og gjöra verzlunarveginn opinn og frjálsan.

H. 1. þm. Eyf. (A. Ó.) talaði um einhverja frumreglu um jafnrjetti milli lausakaupmanna og fastakaupmanna, og skildist mjer svo, sem hann áliti það rjettara, að lausakaupmenn borguðu á hverjum stað, en að þeir borguðu í eitt skipti fyrir öll, því rjetturinn væri meiri sá, að verzla á mörgum stöðum, en að eins á einum. Jeg get nú ímyndað mjer það tilfelli, að einn lausakaupmaður hafi meiri verzlun á einum stað en annar á fimm stöðum. Er það þá jafnrjetti, að þessi síðari gjaldi fimmfalt meira en hinn? Jeg get ekki sjeð, að þetta sje jafnrjetti. H. þm. var að bera saman stöðu lausakaupmanns og fastakaupmanns, og sagði

að fastakaupmaðurinn þyrfti að gjalda atvinnuskatt og til sveitar, en lausakaupmaðurinn væri laus við það. Þetta væri að sönnu misrjetti, ef fastakaupmaðurinn væri bundinn við einn stað; en hann getur líka farið og verzlað á öllum höfnum, eins og hann vill, án sjerstaks leyfis, og án þess að borga einn eyri fyrir. Auk þess sem lausakaupmaðurinn verður og án efa að borga meira til sinnar sveitar fyrir þann rjett, að mega verzla sem lausakaupmaður. Ef hjer þess vegna er um það að ræða, að ná meiri jafnrjettisgreiðslu milli þessara manna, þá hygg jeg, að meira verði að gjöra í þessu efni en breyt.till. þessara 2 þm. gjörir, og vil jeg benda h. þm. á, að til þess að ná samkvæmni í þessu, hefði hann orðið að koma með breyt.till., sem gæti náð víðara yfir en þessi gjörir.

Að þetta frv. brjóti niður þá stefnu, sem löggjafarvaldið ætti að hafa í þessu máli, get jeg ekki sjeð. Flestir hinir föstu kaupmenn landsins eru útlendir menn og lendir því arður verzlunar þeirra hjá öðrum þjóðum. Jeg hygg því, að löggjafarvaldið hafi ekki neina sjerstaklega sterka hvöt til að hlynna að þessum útlendu, föstu kaupmönnum, á kostnað bænda. (*Fr. St.*: Heyr!). Jeg skal játa það, að á fastakaupmönnum hvíla talsverð gjöld: en þeir, sem feginsamlega taka þessari játningu minni, verða að borga mjer hana með því, að viðurkenna, að gjöldin eru tekin úr vösum bænda, (*H. Clausen:* Vasaþjófar!), vösum þeirra, sem við þá verzla. Jeg get ekki sannfærzt um, að ástæða sje til að breyta þeirri stefnu, sem er í frv., þeirri stefnu, að bæta úr og losna við hið sífellda nauð landsmanna um viðbót og fjölgun löggiltra verzlunarstaða. Af hverju er það sprottið, þetta sífellda nauð um löggildingar? Það er sprottið af þörfinni, og þessa þörf hygg jeg allir, sem til þekkja, verði að játa. Það eru ekki litlir peningar, sem ganga í þessar löngu kaupstaðarferðir, og ekki sízt af því, að þær verða ekki farnar, nema einmitt um þennan stutta bjargræðistíma. (*A. Ó.*: Hver borgar?). Þetta frv. hefur líka þann kost, að það kemur á verzlunarkeppni. Það getur að sjálfsögðu enginn láð kaupmanninum það, þótt hann selji vörur sínar með því hæsta verði, sem hann getur fengið fyrir þær; en það getur á hinn bóginn heldur enginn láð kaupandanum, þótt hann óski eptir að fá sínar nauðsynjar með bærilegu verði.

Eptir skriflegri áskorun frá 14 nafngreindum þm. bar forseti til atkv., hvort umr. skyldi hætta, og var það samþ. með 17 atkv gegn 9.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.atkv. 2 þingmanna (C. 421) var samþ. með 17 atkv. gegn 15, að viðhöfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu *já:* Eiríkur Briem, Eiríkur Kúld, Arnljótur Ólafsson. Benedikt Sveinsson, Egill Egilsson, Gunnlaugur E. Briem, Halldór Kr. Friðriksson, Holger Clausen, Jón Pjetursson, Lárus Blöndal, Pjetur Pjetursson, Tryggvi Gunnarsson, Þórður Magnússon, Þorkell Bjarnason, Þorlákur Guðmundsson, Th. Thorsteinson, Þorvarður Kjerulf. *Nei* sögðu: Benedikt Kristjánsson, Einar Ásmundsson, Friðrik Stefánsson, Grímur Thomsen, Hallgrímur Sveinsson. Jakob Guðmundsson, Jón Jónsson, Jón Sigurðsson, L. E. Sveinbjörnsson, Magnús Andrjesson, Magnús Stephensen, Ólafur Pálsson, Sighvatur Árnason, Skúli Þorvarðarson, Þorsteinn Jónsson.

Þar með var breyt.till. Th. Thorsteinssonar (C. 422) álitin fallin.

Því næst var frv. í heild sinni borið undir atkvæði, og voru þá með því 17 atkvæði, en 11 á móti. Með því að meira en þriðjungur þeirra manna, er atkvæði gátu greitt á fundinum, hafði greitt atkvæði á móti frv., þá var það með því fallið.

Forseti gat síðan þess, að fundur í sameinuðu þingi mundi verða haldinn á morgun, en um tíma og dagskrá kvað hann þingmenn síðar mundu fá að vita.

Landshöfðingi gat þess og, að hann mundi slíta þingi á morgun á þeim tíma, sem hann síðar mundi ákveða.

Fimmtugasti fundur í efri deild, miðvikudaginn 26. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi, nema þm. Strand. (Á. E.).

Forseti gat þess, að í nefndinni, sem

kosin var til að semja ávarp til konungs, væri kosinn formaður Hallgrímur Sveinsson og skrifari Jakob Guðmundsson.

Tillaga til þingsályktunar um lán til ullarvinnuvjela (C. 387); ein umr.

Framsögumaður (Benedikt Kristjánsson): Þar eð jeg hefi komið fram með þessa þingsályktunartillögu, skal jeg gjöra deildinni grein fyrir manni þeim, sem hjer er um að ræða, og vinnuvjelum þeim, sem farið er fram á að útvega honum lán til að fullkomna. Maður þessi er fátækur maður, sem hefur sjerstaka gáfu að því er kemur til aflfræði, og einkum er hann mjög vel hagur á járn. Þessi maður fjekk styrk til þess, að sigla og kynna sjer ullarvefnað og ullarvjelar, og dvaldi við klæðaverksmiðju, — jeg má segja það var í Kanpmannahöfn — nokkuð á annað missiri. Síðan fjekk hann liðsinni sýslunefndarinnar í Þingeyjarsýslu til þess, að fá 1800 kr. lán, sem sýslunefndin tók til láns, en lánaði honum það aptur móti veði í ullarvinnuvjel þeirri, er hann hafði keypt, og sumpart móti fasteignarveði. Þessu fje varði hann til að kaupa eða borga, ekki heila kembingarvjel, heldur part úr kembingarvjel, sem hann hjelt að mundi duga. Þessa vjel kom hann með heim til sín síðari hluta vetrarins 1884 og byrjaði þá að kemba fyrir þá, sem höfðu óunna ull. Þessi kembing fjell mönnum svo vel, að menn þar í kringum hann hafa síðan látið hann kemba fyrir sig. En af því þessi vjel er, eins og jeg sagði, að eins partur af heilli kembingarvjel, getur hún eigi kembt svo fullkomlega sem æskilegt væri, því áður en ullin er látin í vjelina, þarf fyrst vandlega að greiða hana, og það er ekki unnt, að láta ullina svo jafnt fyrir hana, að loparnir sem úr vjelinni koma verði ekki misgildir og hóllóttir. Þetta gjörir að vísu ekki mikið til, ef ullin er spunnin á vanalegan rokk; en þegar spinna á á handspunavjel, þá koma hólarnir á lopunum, sem spunnir eru, fram á þræðinum eða bandinu. Að þessu kveður svo, að engum dettur í hug að nota handspunavjel í sambandi við kembingarvjel þessa, eins og hún nú er. Að vísu hefur handspunavjel verið keypt; en jeg verð að láta það í ljósi, að slíkur spuni er ekki heppilegur, en að eins brúkanlegur þegar um tilbúning á stórgerðu prjónlesi eða grófum vaðmálum er að ræða. Jeg tók fram, að það væri ekki hægt að leggja svo í vjelina, að loparnir, sem úr henni koma, yrðu jafnir. En úr þessu má bæta með öðrum kembingarvjelum, hinum svokölluðu forkembingarvjelum. Fyrst þarf vjel, sem tætir ullina í sundur, áður en hún kemur í sjálfar kembingarvjelarnar. Ef vel væri, þyrfti tvær forkembingarvjelar, eða svo er það við allar fullkomnar verksmiðjur. En hjer er hugsað til að láta sjer lynda með að hafa einungis eina forkembingarvjel fyrst um sinn. Annars þykir þeim, sem láta kemba fyrir sig, tafsamt að greiða ullina, þegar eigi er nema ein vjel, og þó svo sje gjört, þó ullin sje greidd, er samt hætt við því, að vjelin skemmist af áreynslu, ef engin forkembingarvjel er, og er hún meðal annars þess vegna nauðsynleg. En til þess, að kembingarvjelarnar svari fullkomlega tilgangi sínum, þarf auk þeirra, er nú voru nefndar, svokallaðan úlf, eða greiðsluvjel. Og það er gjört ráð fyrir, að ef allt á að verða eins fullkomið og vera þyrfti, mundi ekki veita af 3000 kr. Hagur manns þessa stendur nú eigi svo, að hann af sjálfsdáðum sje fær um að leggja út í þennan kostnað; því þótt hann að sjálfsögðu hafi nokkurn hag af kembingunni, er þess að gæta, að auk þess, sem maðurinn hefur keypt vjelina fyrir lán, þá þyrfti hann að hafa annan meiri kostnað fyrir henni, svo sem að koma upp húsi fyrir hana, kosta til vatnshjóla og láta búa til rennur, sem flytja vatn að hjólunum.

Jeg efast ekki um, að þetta fyrirtæki gæti ekki að eins orðið manninum sjálfum til hagsmuna, þannig, að hann bæði stæðist kostnaðinn og hefði nokkurn arð af því, heldur mun það einnig leiða til þess, að ullarvinna aukist í hjeruðunum í kring um hann; og sú raun hefur jafnvel á orðið, að síðan þessi ófullkomna vjel komst á gang, hefur ullarvinna aukizt að mun í nálægum sveitum. Menn losast ekki að eins við að kemba ullina, heldur eru loparnir líka fljótspunnari, en kemburnar. En ef vjelin yrði fullkomin, efast jeg ekki um, að þeir, sem hafa stórt bú og mikla ull, mundu koma sjer upp handspunavjelum, enda er það mjög áríðandi, að ullarvinna gæti farið í vöxt í landinu sjálfu, þar sem ullin er mjög fallin í verði í útlöndum. Þess má líka geta, að vel unnin íslenzk ull í vaðmálum, prjónlesi og ullarbandi, er í töluverðu áliti erlendis. Það er brýnasta nauðsyn og sjálfsagður hlutur, að styðja verður að því, að

að bóndinn fái sem mest upp úr ull sinni, því að nú sem stendur vantar mikið á, að hann geti keypt fyrir ull sína það, sem hann nauðsynlega þarf af útlendum varningi. Af því hjer er ekki að ræða um neinn fjár-*styrk*, heldur að eins um lítið lán, þá treysti jeg því, að h. þingd. vilji styðja að því, að þetta lán geti fengizt, ef maður þessi getur útvegað nægilega trygging fyrir því; því jeg sje ekki, að hann með neinu móti geti fengið lánið hjá einstökum manni, nje heldur úr sjóðum, sem ætlið eru í útlánum.

Magnús Stephensen: Jeg skal leyfa mjer að leiða athygli h. flutningsmanns að því, hvernig tillaga þessi byrjar; hún byrjar svo: «*Alþingi* ályktar» o. s. frv.; en þar sem ákveðið er, að þingi verði slitið á morgun, þá er ekki við því að búast, að mál þetta geti fengið neina umr. í Nd. Jeg vil því leyfa mjer að skjóta því til h. flutningsmanns, hvort hann álíti ekki betra, að fá þessari umr. frestað, og till. til næsta fundar breytt þannig, að í staðinn fyrir orðin: «Alþingi ályktar», komi: «Efri deild alþingis ályktar», eða því um líkt. Ef alþingi í heild sinni á að álykta þetta, sje jeg ekki, að nein ályktun geti fengizt á þessu þingi; þar á mót gæti það orðið málinu til stuðnings, þó ekki nema Ed. ein gjörði þessa ályktun.

Flutningsmaður (Benidikt Kristjánsson:). Jeg tek þakklátlega á móti bendingu h. 3. kgk. þm. (M. St.); en úr því málinu er frestað, þá verður því ekki komið að í Nd. nema með afbrigðum frá þingsköpunum. En jeg ímynda mjer, að koma megi málinu fram með því að víkja frá þingsköpunum, því að ef málið ekki fellur nú hjer í þingd., þá má útbýta því milli þm. í Nd. í kvöld, og taka það á dagskrá í þeirri deild á morgun með leyfi hæstv. ldsh. og samþykki deildarinnar.

Hallgrímur Sveinsson: Má jeg leyfa mjer að benda á, að þó að mál þetta gangi fram hjer í deildinni á þessum fundi, og því verði útbýtt í Nd. í kvöld, þá getur það ekki orðið afgreitt af Nd., nema sú deild útkljái það á sama fundi, sem það er lagt fram. Jeg ætla því að það verði málinu til góðs, ef því yrði nú frestað og til næsta fundar breytt svo sem h. 3. kgk. þm. benti á.

Flutningsmaður (Benidikt Kristjánsson): Jeg efast ekki um, að landstjórnin mun taka þetta mál til greina, þó það að eins verði útkljáð af h. Ed., og þegar jeg lít á öll atvik, þá neita jeg því ekki, að mjer þykir þetta ráð fullt eins vænlegt eins og að freista þess, að fá það rætt í Nd. á morgun. Jeg vil því skjóta því til h. forseta, hvort eigi megi fresta umr. í þessu máli til næsta fundar, svo breyting verði gjörð við það í þá átt, sem nú var á vikið.

Forseti frestaði síðan umr. með samþykki þingd.

Fimmtugasti og fyrsti fundur, miðvikudaginn 26. ágúst kl. 6 e. h. Allir á fundi, nema þm. Strandamanna (Ásg. E.).

Frv. til fjárlaga fyrir árin 1886 og 1887 (C. 411; breyt.till. 422 og 423); ein umræða.

Framsögumaður (Magnús Stephensen): H. þingdm. munu þegar búnir að bera saman það frv., sem samþ. var við eina umr. í Nd., við frv. vort, eins og það fór hjeðan eptir 3. umr., og þeim mun vera það ljóst, að Nd. hefur gjört allmargar breytingar við frv. frá Ed., og flestar þeirra eru í því fólgnar, að setja frv. í líkt form og það var, þegar það kom hingað frá Nd. Nefndin hjer hefur nú íhugað þessar breyt.till. Nd., og hefur ekki getað sannfærzt um, að rjett sje að falla frá þeim skoðunum og þeim breytingum, sem hún hafði komið með og hjer voru samþ., heldur væri rjettara fyrir hana, að vera sjálfri sjer samkvæm og halda sínum sömu skoðunum fram. Það er svo sem vitaskuld, að Ed. hefur fullkomlega sama atkvæði um fjárlög, eins og Nd., og ef hún vill láta það hafa þýðingu, þá verður hún að halda fram sínum rjetti, þegar hún getur ekki sannfærzt um, að ástæða sje til að víkja frá fyrri skoðunum sínum. Nefndin hefur því sett aptur inn margar, en ekki allar, þær breytingar, er hún áður hafði gjört, en Nd. fellt burtu. Það er þá fyrst við 4. gr. viðvíkjandi Staðarbyggðarmýrum; þar vill Nd. borga vexti af láninu, eins og það var upphaflega, en Ed. vildi ekki láta greiða þá, nema af þeirri fjárhæð, sem er í skuld 31. des. 1885 eða við lok fjárhagstímabilsins nú. Nefndin getur ekki sannfærzt um, að það sje rjettlátt, að borga rentur af því, sem búið er að borga af

hinu upphaflega láni, sem er nálægt 1000 kr., það getur ekki verið rjettlátt, að greiða það um aldur og æfi. Ef ábúendur Staðarbyggðarmýra eiga að greiða vexti af öllu láninu, þá greiða þeir þar að auki vexti af því, sem þeir aldrei hafa haft not af. Það eru nfl. 800 kr., sem koma á eina jörð, sem er bændaeign, Kropp í Eyjafirði, eins og jeg gat um um daginn, og eigandi hafði neitað að greiða nokkra vexti af eða afborganir, og það er ekki tiltækilegt, að fá hann dæmdan til þess. Og ef því greiða ætti rentur af 9000 kr., þá kæmu renturnar af þeirri skuld, sem hvílir á Kroppi, til að lenda á hinum ábúendunum. Við 10. gr. C. 4. aths. hefur neðri deild sett inn aptur ákvörðunina um Hóla- og Eyðaskólana. Það var tekið hjer fram við 2. umr., að ef teknar væru fyrir fram 4000 kr. handa skólum þessum af því fje, sem landshöfðingi hefur yfir að ráða, þá væri það mjög tilfinnanlegt fyrir hin tvö ömtin, einkum fyrir vesturamtið, sem einnig hefur búnaðarskóla, er það hefur lagt sitt fje til og mun gera framvegis. Sömuleiðis er það tilfinnanlegt fyrir suðuramtið, því að þar eru byrjuð ýms búnaðarleg fyrirtæki, sem ætlazt var til að gætu fengið sama styrk eptirleiðis og sem vonazt er eptir. Það hefur og verið tekið fram, að ef menn vilja láta Hóla og Eyðaskólana fá þessa fjárupphæð, þá er innanhandar að fá um það tillögur amtsráðsins fyrir norðan, og þá mun landshöfðingi veita það fje, og þá þarf sú veiting ekki að skerða rjett hinna amtanna. Nefndin leggur því mjög fast á móti þessari ákvörðun, eins og hún nú er, og heldur því fram, að láta athugasemdina vera, eins og hún var undanfarin ár. Við 11. gr. 1. launaviðbót handa Þorvaldi lækni Jónssyni er deildinni kunnugt um, hvernig henni er varið, og eins við 13. gr. B. II. a. um launaviðbót til Tómasar læknis Hallgrímssonar, og þarf því ekki að taka neitt fram um það. Þá kemur til 16. gr. 1. Deildin hjer hafði fært styrkinn til Þorvaldar kennara Thoroddsens niður í 2000 kr., eins og hann hefur áður verið, en neðri deild hefur fært hann upp aptur um 1000 kr.; en nefndin hjer hefur ekki sjeð neina ástæðu, sem geti breytt skoðun hennar á þessu atriði. Jeg sje hjer er komin breyt.till. frá einum háttv. þm. í sömu átt: hún fer alveg fram á sömu upphæð og nefndarinnar tillaga, en vill að eins skipta henni í 2 liði. Jeg hef fyrir mitt leyti ekkert á móti henni, en hef ekki haft tíma til að fá álit h. meðnefndarmanna minna. Við 16. gr. 4. b. hefur nefndin ekki gjört neina verulega breytingu; hún hefur að eins viljað orða þann lið dálítið öðruvísi. Hún vill ekki einskorða veitinguna við styrk til að fá útlendan fiskiklaksmann, heldur veita almennt styrk til verklegs fiskiklaks; henni þótti veitingin um of einskorðuð hjá neðri deild, og þótti ekki víst, að hægt væri að fá útlendan fiskiklaksmann hingað að vetri eða fyrir þessa tilteknu upphæð, og vildi því heldur gefa umboðstjórninni það frjálst, að verja henni svo tilganginum yrði náð; þannig mætti hún verja því, ef útlendur maður ekki fengist, til þess, að innlendur maður, sem vildi læra fiskiklak erlendis, gæti fengið styrk til þess, og eins ef einhver hjerlendur maður kynni aðferð við fiskiklak, þá gæti hann fengið styrk til að framkvæma það. Við 13. tölul. hefur nefndin gert sömu breyt., sem felld var um daginn, hvort sem það var með vilja þingdeildarinnar eða ekki, því vildi hún reyna atkvæðagreiðsluna aptur. En nefndin er föst á því, að þegar um styrk er að ræða um eitt ár, þá sjeu 1000 kr. nægilegar; því þegar það er styrkur, þá er ekki meiningin að borga allan kostnaðinn, heldur að eins að styrkja til að greiða hann. Nefndin hefur aptur álitið rjett að bæta inn í styrknum til Geirs kennara Zoëga, af því að hún gat ekki sannfærzt um, að ekki væri eins mikil ástæða að veita þessum manni styrk, eins og hinum tveimur. Auk þess, sem neðri deild hefur fært frv. að mestu í sama horf, sem á því var, þegar það áður kom frá henni, þá hefur hún gjört breytingu við sjálfa sig: fyrst við 5. gr. 1, þar sem hún áður hafði samþ. að gefa eptir tillagið frá Oddaprestakalli, 700 kr. á ári, og sem hjer var samþ.; en svo fellir hún þetta aptur burtu, þegar frv. kemur til hennar hjeðan. Nefndin gat ekki sjeð ástæður til að breyta því, er samþykkt hafði verið við sex umræður, og hjelt það væri því ekki vel hugsað, og vildi gefa kost á að greiða atkvæði um það á ný, og ef deildirnar þá yrðu ekki ásáttar, þá mætti útkljá það í sameinuðu þingi; og þar að auki er það sannfæring nefndarinnar, að það sje rjett og sanngjarnt, að árgjaldið af Odda sje gefið eptir um fjárhagstímabilið. Við 16. gr. 11 hefur deildin sett inn nokkuð, sem er alveg nýtt, þar sem

hún hefur bætt við: «eða til launaviðbótar handa útlendum framkvæmdarstjóra 3000 kr.». Nefndin gat ekki fellt sig við þessa viðbót; hún skildi ekki, hvernig á því gat staðið, að ef framkvæmdarstjóri væri innlendur, þá skyldi hann ekki fá eða þurfa meira en 1000 kr. til að kynna sjer bankastörf, en ef tekinn væri útlendur maður til þess, þá ætti hann þegar að fá 3500 kr. á ári, eða svo skilst mjer það sje, þegar launin eru áætluð 2000 kr. á ári, en svo 1500 kr. viðbót á ári, ef hann er útlendur. Nefndin gat ekki heldur ímyndað sjer, að innlendur bankastjóri, sem búinn væri að kynna sjer bankastörf erlendis, yrði lakari, en útlendur maður; hann þekkti þó bæði menn hjer og alla tilhögun, sem hinn útlendi þekkti ekki, og ef innlendur maður fengi þekking á bankastörfum, þá mundi hann standa hinum fullkomlega jafnfætis. Nefndin fjellst því ekki á þennan viðauka og ræður til að fella hann burt. Þar að auki er hann einkennilegur frá formsins hlið; þessar 3000 kr. koma eiginlega hvergi fram, hvorki í þeirri upphæð, sem veitt er til vísindalegra og verklegra fyrirtækja í upphafi 16. gr., nje í 7. gr. í því fje, sem ætlað er til útgjalda á fjárhagstímabilinu; þar standa þær hvergi, og eru því einhvers konar utanveltufjárframlag, eða eins og hún stæði í eins konar fjáraukalögum; hún gerir því ekki annað en villa sjónir fyrir mönnum. Þess vegna sýnist mjer hún, þó ekki væri annað, þá frá formsins hlið alveg óaðgengileg.

Landshöfðingi: Jeg hefði helzt óskað, að ágreiningsatriðin yrðu sem fæst milli deildanna í þessu máli, úr því tíminn er orðinn svo naumur; en þessi ágreiningsatriði eru fleiri en jeg hefði búizt við. Æskilegast væri, að þegar til sameiginlegs þings kæmi, væru þessi ágreiningsatriði orðin mun færri, og helzt, að þau gætu horfið með öllu, svo að fjárlögin ekki þyrftu að koma í sameiginlegt þing. Jeg skal þó játa, að engin af þessum atriðum eru þannig, að jeg fyrir mitt leyti gjöri þau að sjerlegu kappsmáli. Jeg skal leyfa mjer að taka það fram, að tillögur fjárlaganefndarinnar í hinni háttv. Ed., að því er snertir lánið til Staðarbyggðarmýra, virðast mjer á fullum rökum byggðar, og skal jeg þar um í öllu tilliti skírskota til þess sem h. framsögum. (M. St.) tók fram um þetta atriði. Með tilliti til árgjaldsins af Oddaprestakalli, skal jeg leyfa mjer að taka það fram, að það mun hafa verið misskilningur af h. Nd., að fella úr frv. þessa ákvörðun, því að það er sjálfsagt, að á þessu tímabili á ekkert að greiða af þessu brauði til *landssjóðs*, en þar á móti á að greiða af því til annara brauða í byrjun næsta fjárhagstímabils. Það er því fullkomlega rjett, sem nefndin hefur lagt til í þessu efni.

Hvað snertir tillagið til eflingar búnaði, að því er kemur til hinna tveggja nefndu búnaðarskóla í Norður- og Austuramtinu, þá held jeg h. Nd. hafi ekki lagt svo mikla áherzlu á þá ákvörðun, sem deildin samþ. um þetta atriði, að hún sætti sig ekki við það, þó h. Ed. felli þessa ákvörðun hennar úr fjárlögunum, enda má við útbýting þessa fjártillags taka tillit til umræðu manna hjer á þinginu um þetta atriði.

Með tilliti til þess, sem h. framsögum. tók fram um hinn nýja gjaldlið um launaviðbót handa útlendum framkvæmdarstjóra við bankann, þá skal jeg leyfa mjer að skýra frá því, að meining h. Nd. var sú, að ef fenginn yrði útlendur bankastjóri, þá skyldi hann fá 4000 kr. laun á ári, þ. e.: þær 2000 kr., sem bankastjóra eru ætlaðar í bankalögunum, og aðrar 2000 kr. úr landssjóði. Nú var aptur búizt við, að bankinn mundi ekki byrja og enginn framkvæmdarstjóri verða tekinn fyr en hálft ár væri liðið af fjárhagstímabilinu, og að þess vegna kæmi ekki til að borga þessi laun nema fyrir $1\frac{1}{2}$ *ár*, og stendur þannig á þessum 3000 kr. Að 4000 kr. eru ætlaðar útlendum framkvæmdarstjóra, en innlendum að eins 2000 kr., er sjálfsagt byggt á því, að gjört hefur verið ráð fyrir, að sá innlendur maður, er þessi störf yrðu á hendur falin, hefði jafnframt annað launað embætti, en útlendur maður hefði ekkert annað embætti hjer á landi, og því engin önnur laun að lifa af, en þau er hann hefði sem framkvæmdarstjóri. Þannig kemur munurinn fram. Annars voru teknir fram ýmsir annmarkar við þetta í h. Nd., þó það, sem þótti tala fyrir því, rjeði úrslitunum. Þó þannig sje sett í fjárlögin, að, *ef til kæmi*, skyldi útlendur maður fá 3000 kr. launaviðbót, þá þótti þó öllum æskilegast, að fá til þessa starfa hjerlendan mann, ef nokkur fengist, er til þess væri hæfur. Í sambandi við þessa óvissu er það, að þessi upphæð er ekki útfærð á neinum útgjaldalið, en er að skoða sem heimild til, ef til kæmi, að taka þetta

fje um fram útgjöldin á fjárlögunum, og mætti þá síðar taka það inn á fjáraukalög. Útgjöldin yrðu þá hærri að vísu en hinar útfærðu tölustærðir í fjárlögunum benda á, en allt fyrir það get jeg ekki fallizt á, að þessi ákvörðun fyrir þessa sök sje óhafandi í fjárlögunum, eins og hún kemur fram.

Hvað snertir breyt.till. nefndarinnar við ákvörðunina um fjárveitinguna til fiskiklaks, þá get jeg vel fallizt á hana, því hún gefur stjórninni frjálsar hendur til að verja fje þessu eptir því sem henni þykir bezt við eiga. Um hin önnur atriði, er á milli ber, finn jeg ekki ástæðu til að gjöra neinar athugasemdir.

Skúli Þorvarðarson: Mjer þótti gott, að h. framsögum. (M. St.) var ekki breyt. till. minni mótfallinn, enda breytir hún nú ekki upphæðum þeim, sem h. fjárlaganefnd hafði ráðið til. Breyt.uppást. nefndarinnar fara fram á, að veita kennara Þorvaldi Thoroddsen styrk «til jarðfræðisrannsókna og til að safna til jarðfræðislýsingar Íslands 2000 kr.». Meining mín með minni till. var sú, að taka fram, hvað af þessu fje væri ætlað til endurgjalds ferðakostnaði hans eptir reikningi, og hvað af því væri ætlað sem styrkur til jarðfræðislýsingar. Og held jeg, að þessi sundurliðun geti átt vel við eptir atvikum. Að jeg fellst heldur að því, að hafa lægri tölur en þær, sem h. Nd. hefur samþykkt, kemur af því tvennu: fyrst, að jeg vil spara fje fyrir landssjóð eptir því sem verða má, og svo af hinu, að jeg held að þessi embættismaður geti ekki varið eins miklum tíma og hingað til til ferðalaga, þar sem hann er nú bundinn meir en áður. Jeg hef því stungið upp á, að ferðastyrkurinn verði færður niður í 1200 kr., og hinn styrkurinn niður í 800 kr. Það kann að vera, að mjer hafi ekki heppnazt að setja tölurnar heppilega; en hefi jeg þó hugsað, að þær sjeu nærri sanni. Þó jeg nú ekki fari fleirum orðum um þessar breyt.till. mínar, vona jeg, að deildin sjái, hvað mjer gengur til með þær.

Viðvíkjandi breyt.till. nefndarinnar hjer, þá skal jeg geta þess, að jeg er með þeim sumum, en móti sumum, því jeg hef ekki fundið ástæðu til að breyta skoðun minni frá því málið var hjer síðast fyrir og jeg greiddi atkvæði um það.

Framsögumaður (Magnús Stephensen): Nefndin er þakklát h. landshöfðingja fyrir undirtektir hans undir breyt.till.; henni skildist ekki betur, en að hann áliti sumar þeirra til bóta, og að hann hefði eiginlega ekki neitt á móti neinni þeirra. Að vísu þótti h. landshöfðingja þessar breyt.till. of margar til þess að ganga til sameinaðs þings; en úr því þær annars eru nokkrar og úr því eigi verður hjá því komizt, að málið gangi til sameinaðs þings, finnst mjer það litla þýðingu hafa, hvort breyt.till. eru fleiri eða færri. Jeg ætlaði einungis að geta þess viðvíkjandi því, sem h. landshöfðingi tók fram um þessar 3000 kr. handa hinum útlenda framkvæmdarstjóra, að jeg get með engu móti sjeð, að þessi veiting sje formlega rjett; því þó það hafi vakað fyrir deildinni, að þessi upphæð kynni eigi að verða notuð, þá á slíkt við fleiri áætluð gjöld, sem talin eru hjer í fjárlögunum, að það er gjört ráð fyrir, að þau kunni ekki að verða notuð, og þó eru þau talin með gjöldunum. Menn þekkja það t. d., að laun til embættismanna, laun til aukalækna og fleira verða varla öll notuð á fjárhagstímabilinu, og þó eru þau öll talin með tölunum, sem útfærðar eru sem veittar. Hjer eru þessar 3000 kr. alls ekki veittar eða taldar með þessum 25,700 kr., sem veittar eru í 16. gr. Jeg sje því ekki, að landsstjórnin, ef á þyrfti að halda, hafi heimild til að grípa til þessara 3000 kr., eptir því sem gr. nú er orðuð. Ef hún brúkar þær, yrði einungis um umframgreiðslu að ræða, og það kæmi til álita, hvort heimild hefði verið til hennar; en það verð jeg að álíta að ekki sje, eptir frv. Að öðru leyti lagði h. landshöfðingi ekki svo mikla áherzlu á athugasemdina; svo jeg vona, þótt þessi deild nú felli hana, þá álíti hann ekki, að það muni standa landsbankanum fyrir þrifum.

Landshöfðingi: Það er einungis stutt athugasemd, sem jeg ætla að gjöra. Það er það einkennilega við þá fjárveitingu, sem hjer er um rætt, — það skal jeg játa, — að það er ekki ætlazt til, að báðar upphæðirnar verði brúkaðar, heldur að eins önnur, og af því að ólíklegra þótti, að hin stærri yrði brúkuð, var hún sett innan stryks. Jeg skal eigi bera á móti því, að þetta kunni eigi að vera sem allra formlegast. En jeg held, að meining sú, með hverri athugasemdin var sett, hafi komið svo greinilega fram, að varla þyrfti að álíta það sem skort á heimild, þó upphæðin væri útborguð og svo ef til vill tekin upp í aukafjárlög síðar.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg ætla að þessu sinni að eins að gjöra örfáar athugasemdir, og þá sjerstaklega við breyt.till. nr. 433. H. uppástungumaður tók það fram, að hann vildi ekki breyta tölum nefndarinnar, sem samþykktar hafa verið hjer í deild, og fyrir því hefur hann lækkað báða þá liði, sem Nd. hefur skipt fjárveitingunni í, þannig að upp-hæð fjárveitingarinnar verði hin sama og hjer hefur verið samþykkt, það er að segja: 2000 kr. Þetta sýnist nú vera allt hið sama; en þó getur farið svo við atkvæðagreiðslu, að það verði ekki hið sama. Hjer eru tveir liðir, og ef greitt verður atkvæði um þá hvorn fyrir sig, þá gæti vel svo farið, að annar þeirra yrði samþykktur, en hinn ekki, og við það kæmi fram röskun á fjárupphæðinni, sem h. þm. þó ekki ætlast til. Önnur ástæða fyrir því, að mjer þykir sundurliðun þessi ekki sem ákjósanlegust, er sú, að þegar þannig er sundurliðað, þá má ekki verja meir en 600 kr. á ári til ferðakostnaðar; en fyrir það fje mundi ekki hægt að ferðast mikið, því að sum ferðalög eru dýr, þótt ekki sje svo langt farið. Jeg vildi, að öll fjárveitingin væri sett í einu lagi og ætluð til ferða. Því að jeg álít, eins og nefndin einnig mun ætlað hafa, að þessi vísindamaður, sem fær styrk þennan, muni finna hjá sjer hvöt til að rita um ferðir sínar og athuganir. Hvort sem hann þá ritaði sjerstaka ferðasögu eða það yrði liður í stærra verki, þá mundi það, sem hann ritaði, af sjálfu sjer verða *safn til jarðfræðislýsingar Islands*, svo að uppástungumaðurinn mundi þannig fá vilja sínum framgengt í þessu efni. Af þessum ástæðum vil jeg ekki rýra fyrri liðinn, og vil því samþykkja uppástungu nefndarinnar, og enda mælast til þess við uppástungumanninn, að hann taki breyt.till. sína aptur. Að vísu er mjer þetta ekki sjerlegt kappsmál. Að öðru leyti virtist mjer h. framsögum. (M. St.) taka röksamlega fram ástæðurnar fyrir því, að taka upp aptur og halda því, sem samþykkt hefur verið hjer í deild, en orðið hefur fyrir því óhappi, að falla fyrir voldugu sverði systurdeildar vorrar; sjerstaklega fundust mjer nálega óhrekjandi ástæður þær, sem hann færði móti breyting Nd. á athugasemdinni við 4. gr., eins og hún var samþykkt hjer í deild.

Jakob Guðmundsson: Það sem jeg að þessu sinni einkum vildi athuga, voru þessar 3000 kr., sem ætlaðar eru framkvæmdarstjóranum við bankann. Það er tekið fram með skýrum orðum af h. Nd., að veita skuli þær einungis *útlendum manni*. Mjer finnst það ekki heppilegt, að einskorða þessa fjárveiting við útlendan mann, því að ef hjer væri einhver, sem álitist vel hæfur til þessa starfs, eða á eigin kostnað vildi afla sjer þekkingar á bankastörfum, hvað væri þá á móti því, að veita honum þessar 3000 kr.? Jeg hef heyrt menn tala um, að ekki mundi hjer fást vel hæfur maður til að gefa sig við þessum starfa fyrir 2000 kr.; því tel jeg það heppilegt, að ekki sje kveðið á um það, hvort það skuli vera útlendur eða innlendur, sem þessa viðbót skuli fá. Það er auðvitað, að ef stjórnin neyðist til að taka fyrir framkvæmdarstjóra mann, sem jafnframt hefur annað embætti á hendi, þá muni hún ekki fleygja í hann þessum 3000 kr. En það tel jeg vel tilvinnandi, þótt hún verði að bæta þeim við vel hæfan innlendan mann, sem eingöngu gefur sig við þeim starfa, og það því fremur, sem jeg heldur kýs innlendan bankastjóra en útlendan, svo framarlega, sem hann er starfa sínum vaxinn.

Skúli Þorvarðarson: Út af athugasemd h. 6. kgk. (H. S.) get jeg ekki fundið ástæðu til að taka breyt.till. mína aptur. Atkvæði deildarinnar verða að sýna, hverja skoðun hún hefur á breyt.till. Meining mín var alls eigi sú, að annarhvor liðurinn þyrfti burtu að falla. En jeg bar breyt.till. upp, af því að jeg vel gat ætlað, að maður sá, sem hjer um ræðir, mundi ef til vill lítið eða ekkert ferðast, og þá átti hann að fá allan styrkinn til að safna til jarðfræðislýsingar Íslands og semja hana. (*L. E. Sv.*: Nei). Samt legg jeg ekki mikla áherzlu á þetta atriði, enda getur verið, að jeg misskilji hjer eitthvað; þá sýnist mjer bezt, að deildin fái að skera úr því með atkvæði sínu, því það er lítil fyrirhöfn fyrir hana og ekki mikil tímatöf að því.

Magnús Stephensen: Jeg vil leyfa mjer að bera það upp, hvort ekki sje ástæða til, áður en frv. þetta fer hjeðan í síðasta sinni, að setja inn í 19 gr. þau 4 frv., sem náð hafa samþykki þingsins, og breyta gjaldaupphæðunum, ef þau ná staðfestingu konungs.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. 431 við 4. gr. frv. samþ. með öllum atkv. Breyt.till.

431 við 5. gr. frv. samþ. í einu hljóði. Breyt.till. 431 við 10. gr. C. 4. frv. samþ. í einu hljóði. Breyt.till. 431 við 11. gr. 1 samþ. með 8 atkv. Breyt.till 431 við 13. gr. B. II. a samþ. með 8 atkv. Breyt.till. 433 við 16 gr. 1 felld með 6 atkv. mót 3. Breyt.till. 431 við 16. gr. 1 samþ. með 8 atkv. Breyt.till. 431 við 16. gr. 4 samþ. í einu hljóði. Breyt.till. 431 við 16. gr. 11 samþ. með 8 atkv. Breyt.till. 431 við 16. 13 felld með 5 atkv. móti 5, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu þessir

já: Magnús Stephensen,
Árni Thorsteinson,
Einar Ásmundsson,
L. E. Sveinbjörnsson.
Sighvatur Árnason;

nei: Hallgrímur Sveinsson,
Benedikt Kristjánsson,
Jakob Guðmundsson,
Jón Pjetursson,
Skúli Þorvarðarson.

Breyt.till. 431 við 16. gr., að nýr töluliður 14 bætist inn í, samþ. með 7 atkv.

Að inn í 19. gr. bætist nöfn á þessum 4 lögum:

1. Lög um stofnun lagaskóla á Íslandi.
2. Lög um stofnun landsbanka.
3. Lög um linun á skatti á ábúð og afnotum jarða og lausafje.
4. Lög um breyting á 1. gr. í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla — var samþ. í einuhljóði.

Frv. þannig breytt var samþ. í einu hljóði, og síðan sent forsetanum í sameinuðu þingi.

Fimmtugasti og annar fundur, fimmtudaginn 27. ágúst kl. 10 f. m. Allir á fundi.

Frv. til laga um friðun á laxi (C. 406, nefndarálit 410); ein umr.

Framsögumaður (Árni Thorsteinsson): Jeg ætla að reyna til að gjöra með sem fæstum orðum grein fyrir, hvernig á því stendur, að nefndin hefir ráðið deildinni til að fella ekki frv. þetta. Eins og deildinni er kunnugt, hafa komið fram margar aðfinningar og breytingartillögur við frv. Og hafa sumar breytingarnar eigi náð fram að ganga, en aptur á móti hafa sumar þeirra, og það þær, sem sízt mátti ætla, komizt að. Þar sem þetta frv. nú verður að álítast að hafa kosti fram yfir hin núgildandi laxalög, einkum að því leyti sem það inniheldur mikilsvarðandi ákvörðun um vikufriðun, sem nefndin álítur hið eina rjetta, ef laxafriðun á að verða að nokkru gagni, þá hefur nefndinni eigi þótt ástæða til, að ráða deildinni frá, að samþykkja frv. Það eru að vísu ýmsar ákvarðanir í því, sem ekki eru eins og nefndin hafði hugsað sjer; en þær eru þess eðlis, að minnsta kosti sumar þeirra, að þær hafa eigi svo mjög verulega þýðingu, þó þær heldur ættu að vera öðruvísi. Aptur á hinn bógin finnst nefndinni sumar ákvarðanir vanta, sem betra hefði verið að stæðu í frv. Þegar þess er gætt, hve varasamt það er, að setja lög, þar sem allir eru eigi á eitt sáttir um og margar breyt.till. því komu fram, og þegar þess er hins vegar líka gætt, að efni það, sem hjer er um að ræða, er svo vandasamt og flókið, þá verður þó eigi annað sagt, en að þetta frv., þó sumum þyki eitthvað að því, sje þó nokkur rjettarbót og muni verða betri en lögin frá 1876. Ef frv. þetta yrði ekki samþykkt, mætti búast við því, að nýtt frumvarp og nýjar breytingatilraunir kæmi fram; yrði þá aptur að taka til óspilltra málanna, ef til vill án þess að betra frumvarp yrði samið. Sem dæmi þess, hversu allt er á reiki, skal jeg geta eins, nl. ákvarðanarinnar í 1. gr. um friðunartímann. Í viðaukalögum frá 1876 er hann settur frá 20. maí til 1. sept. ár hvert, og kom tæplega neinum í hug að breyta þessu. Allt í einu kom þó fram breyt.till., sem ákveður friðunartímann til þriggja mánaða, en tiltekur þó ekki friðunartímann í neinu nákvæmar, og lá þó næsta nærri, að ákveða um byrjun hans á vissu tímabili, að vorinu til t. a. m. frá 20. maí til 6. júní. Það hefir áður verið tekið fram, að það væri tæplega rjett, að láta sýslunefndirnar ráða svo miklu sem ákveðið er í 1. gr., 6. og 7. gr.; en úr því að máli þessu hefir verið fylgt með svo miklu kappi, að sýslunefndirnar skyldu hafa þetta vald, þá liggur ekki annað fyrir en að láta reynsluna skera úr því. Sje svo, að sýslunefndirnar brúki það rjettilega, þá er allt í góðu horfi; en gangi þær rjetti

annara of nærri, má með nýjum lögum taka valdið frá þeim. En í nokkurs konar örvæntingu um, að þinginu í næsta sinn mundi takast betur en nú, þótt það kæmi með ný laxafriðunarlög, sje jeg ekki betur en að rjettast sje að fallast nú á frv., sem jeg í allmörgu álít betra, en hin núgildandi viðaukalög frá 1876, því ef reynslan sýnir, að þessum lögum sje ábótavant, er hægra að breyta þeim í haganlegri stefnu en semja alveg ný lög. Jeg tek það aptur fram, að jeg álít frumvarp þetta nokkra rjettarbót. Reynslan hefur sýnt, hve erfitt er að búa til álveg gallalaus lög um þetta efni, þar sem menn hefir greint á jafnvel um skilninginn á fyrirsögn viðaukalaganna frá 1876, og verður þó ekki sá gallinn á þessu frumvarpi.

Lárus E. Sveinbjörnsson: Þegar nefndin rjeði til að *fella ekki* frv. þetta, þá skildi jeg það svo, að hún heldur ekki rjeði til, að samþykkja það: að hún með öðrum orðum ljeti það liggja á milli hluta, hvort deildin samþykkti það eða eigi. Jeg álít ísjárvert, að samþykkja frumvarpið, af tveimur ástæðum: fyrst þeirri, að það inniheldur í 2. gr. ákvarðanir um, að sá hluti ár, sem eigi má þvergirða, skuli vera jafndjúpur eða kannske dýpri en hinn, sem þvergirtur er. Í þessari ákvörðun felst nokkurs konar lyst til þess, að koma öllum laxinum upp hjá, að gefa veiðina þeim, sem fyrir ofan búa, en svipta þá veiði, sem neðar eru og hafa átt hana, og sem faktiskt hafa og geta haft nokkurt verulegt gagn af henni. En til hvers er friðun á laxi, ef eigi til þess að náunginn geti haft sem mest gagn af henni?

Önnur ástæða mín er sú, að í 4. gr. er ákvörðun um, að drepa megi seli, nema þar sem látur sjeu í grennd eða eggver og komi þá fullt endurgjald fyrir. Með þessari ákvörðun er í rauninni girt fyrir, að mögulegt sje yfir höfuð að drepa sel, því einmitt þar, sem lagnirnar eru, þar er mest líkindi eða mögulegleiki til að drepa sel. Annarsstaðar en við lagnir heldur selurinn sig ekki mikið, eða þá hann er svo styggur og illt að komast að honum, að naumast er hugsandi til að geta drepið hann. Af því nú að jeg álít þessar 2 ákvarðanir varaverðar, en játa hins vegar, að frv. hafi nokkra kosti til að bera, þarf jeg enn að hugsa mig fáeinar mínútur um það, hvort jeg greiði atkvæði með því eða móti.

Benedikt Kristjánsson: Af því að jeg er einn af þeim, sem hafa skrifað undir nefndarálitið, þar sem meðal annars stendur, að nefndin vilji ekki ráða þingd. til að fella frv., þá vil jeg sjerstaklega gjöra grein fyrir, hvaða þýðingu jeg lagði í þessi orð. Jeg fyrir mitt leyti meinti það með þeim, að jeg rjeði þingd. til að samþ. frv., og það beint af þeirri ástæðu, að jeg álít, að með þessu frv. sje stigið verulegt spor til að friða laxinn, fremur en gjört er með hinum núgildandi veiðilögum. Sjer í lagi þykir mjer mikið varið í þá ákvörðun þessa frv., er ákveður vikufriðunartímann, eða það, að lax skuli friðhelgur 36 stundir í viku hverri, og er jeg í því efni alveg samþykkur því, sem h. framsögum. (Á. Th.) sagði um þetta efni. Jeg álít það mjög þýðingarmikið, að laxinn fái að ganga á þessum tíma alveg óhindraður upp eptir ánum, svo langt sem hann vill og getur gengið. Jeg hygg að helzta ástæðan á móti þessu frv. sje sú, sem og hefur verið tekin mjög skarpt fram í h. Nd. við síðustu umr. um málið þar í deildinni, að í frv. sje ákvæði, sem eins og vitni á móti fyrirsögn þess. Þessi ákvæði eiga að vera þau, sem standa í síðari málsgr. 2. gr., að ef einn eigi veiði í á, þá sje honum heimilt að veiða með þvergirðing, og sömuleiðis ákvörðunin, að ef á renni í fleiri kvíslum, þá megi þvergirða eina þeirra, ef meiri fiskiför er í annari, og einn eigi veiði í þeirri kvísl. Jeg skil nú þessi ákvæði svo, sem vikufriðunarákvörðunin standi óhögguð fyrir þeim. Hjer er einungis um það að ræða, að girða megi lengra en út í miðja á. Jeg get ekki lagt mikla áherzlu á það; því þegar vikufriðunartíminn er fenginn, þá hefur hann svo mikla þýðingu fyrir laxgönguna, þegar veiðieigandi er einn. Þegar margir eiga veiði í á og ein veiðivjelin er fyrir ofan aðra, þá hlýtur laxgangan að fara smátt og smátt þverrandi og minnkandi. Jeg get því ekki álitið, að mjög veruleg mótsögn sje í þessum lögum, svo að þau ekki geti heitið friðunarlög. Því þó að veiðiaðferðin sje eigi eins fast bundin, þegar einn á veiði í á, eins og þegar fleiri eiga veiðina, þá sje jeg ekkert á móti því, því að þó að þessi eini hafi nokkuð sjerstaka veiðiaðferð, þá haggar hún ekki rjetti annara, er engir eiga veiðirjett í ánni fyrir ofan hann, en trygging fyrir að laxinn geti tímgast. Jeg álít því, að vegna þess, sem jeg nú hefi talið, sje mikil rjettarbót fólgin

í þessu frv., og svo einnig vegna þess, sem hjer er ákveðið um ádráttarveiði, en um hana vanta ákvæði í veiðilögin frá 1876. Það er alkunnugt, að ádráttarveiði getur í mörgum ám orðið hin hættulegasta veiðiaðferð, bæði vegna þess, að sá, sem dregur á fyrir lax, getur alveg tekið laxinn frá þeim, sem ofar búa, og svo gjörsamlega eyðilagt alla laxveiði í ánni. Jeg vil því af þessum ástæðum sterklega mæla með því, að h. þingd. samþ. nú frv. eins og það liggur fyrir.

Jakob Guðmundsson: Hjer er um tvö atriði að ræða. Annað atriðið er það, að friða laxinn þannig, að hann geti komizt upp, orðið frjóvsamur og að gagni. Hitt atriðið er, að friða rjett þeirra manna til laxveiði, sem ofar búa við ár. Þessi eru aðalatriði málsins. Þegar menn nú hafa þessi tvö atriði fyrir augum, þá er um það að gjöra, að veita báðum pörtunum, laxinum og mönnunum, jafnan rjett. Þau ákvæði lagafrumv. þess. er veita laxinum sinn rjett, eru þau, að net þau og veiðivjelar, sem notaðar eru, sjeu þannig, að allur smálax komizt í gegnum þau, að möskvar á laxanetum sjeu, þá votir eru, ekki minni, en 9 þuml. ummáls, og að engin net sjeu tvöföld; enn fremur, að á hverri laxveiðivjel sjeu svo stór op, að 9 þuml. lax komist í gegn um þau. Þegar menn vilja vera sanngjarnir við alla, þá verða menn líka að hlynna þeim, sem ofar búa með ám og hafa sama rjett til veiði í ánni, sem þeir, er neðar búa. Þessarar sanngirni er líka gætt í þessu frv. Mjer virðist því þessa tvenns gætt hjer, að gefa laxinum rjett til að aukast og margfaldast . . . *(Árni Thorsteinsson:* «og uppfylla árnar»), já, öldungis rjett, og uppfylla árnar; þannig er laxinn friðaður sem lax. Hins vegar er öllum jafnt, hvort sem þeir búa ofar eða neðar við á, gefinn rjettur til veiðinnar, en það ekki liðið, að þeir, sem neðar búa, geti tekið alla veiðina frá hinum, sem ofar búa. Þannig miðar frv. til að gjöra laxveiðina arðsama og gagnlega í bráð og lengd öllum, sem rjett hafa til hennar, og því er það, að jeg gef þessu frv. óbikað mitt atkv.

Ásgeir Einarsson: Í dag er jeg ekki vel upplagður til að tala langt, enda ætla jeg ekki að gjöra það, með því líka, að jeg hef áður látið í ljósi meiningu mína um þetta mál. Þegar jeg lít til þess, hvernig á stendur í kjördæmi því, sem jeg bý í, — ekki því, sem jeg er þingmaður fyrir, — þá álít jeg þó betra af tvennu illu, að lög þessi sjeu samþykkt, en að þau sjeu felld; því að þótt gallar sjeu á þessum lögum, þá verður hægra að leiðrjetta þá síðar, þegar reynslan hefur sýnt mönnum, hvað óhaganlegast er af ákvörðunum þessa frv. Það er seinni hluti 1. gr., sem mjer þykir varúðarverður, og eins og jeg hef áður minnzt á, er jeg hræddur um, að fyrri hluti 2. gr. muni geta valdið ágreiningi og ójöfnuði. Það þarf ekki annað, en dálitið misdýpi í á, til þess að annar, sem land á að henni, megi veiða, en sá, sem land á hinum megin, ekki. 6. og 7. grein hefði jeg viljað að verið hefðu öðruvísi, og talaði jeg við aðaluppástungumanninn í Nd., að breyta þeim, en það hefur ekki getað orðið. Jeg hefði heldur viljað, að í 6. gr. hefði verið tekinn til $^1/_3$ eða $^1/_4$ hluti, en ekki að eins meiri hluti, því að með því gæti orðið beitt nokkuð miklu gjörræði. En eitt gullkorn hef jeg fundið í frv. þessu; það er um samlagsveiði; því að bæði jeg og fleiri álítum, að hið eina ráð að koma laxveiði í rjett horf, sje, að hafa samlagsveiði, og því vil jeg vona, að frv. þetta verði samþykkt.

Framsögumaður (Árni Thorsteinsson): Áður en umræðunum lýkur um þetta mál, vil jeg gjöra dálitla athugasemd. Umræðurnar virðast bera það með sjer, að mönnum þyki það linlega orðað í nefndarálitinu, að nefndin ráði til, að frv. þetta sje ekki fellt. Eins og kunnugt er, þá hefur meiri hluti nefndarinnar ekki fengið framgengt því, sem hann vildi, heldur hafa aðrir ráðið mestu um ýmislegt í frv. þessu, og þess vegna vill nefndin láta það vera á ábyrgð þessara manna, hvernig ráð þeirra gefast. Jeg vil segja það til dæmis, að það er ekki nefndinni að kenna, þótt sveitamaðurinn megi ekki, er hann hefur unnið allan daginn, bregða sjer í ána og veiða sjer lax til matar eptir náttmál. En þrátt fyrir alla galla frv., vil jeg þó heldur leggja til, að að það sje samþykkt; það má síðar breyta því, er óhagkvæmast reynist í því, og það engu síður en viðaukalögunum frá 1876, ef þau eru látin standa óbreytt, og þetta frv. fellt.

Sighvatur Árnason: Í tilefni af orðum h. framsögum. (Á. Th.) ætla jeg að tala fá orð í máli þessu. Þegar jeg sá nefndarálitið, þá hugsaði jeg, að nefndin væri nálega eindregið með máli þessu. En þegar

h. framsögum. segir, að það skuli á ábyrgð þingdeildarinnar, hvernig lög þessi reynast, þá sýnist mjer annað verða ofan á. En því verð jeg að lýsa yfir, að jeg greiði þó óhikað atkvæði með þessu frv. eptir mínum skilningi á því. Jeg álít, að það bæti úr stærstu göllunum á laxafriðunarlögum vorum, þótt jeg af annari hálfu játi, að nokkur sjeu þau ákvæði í því, sem jeg hefði kosið að öðruvísi væru. Þetta frv. bætir úr þeim aðalgalla, sem hingað til hefur á verið, að rjettur þeirra, sem ofarlega búa við veiðiár, hefur mjög verið fyrir borð borinn. En út af því, sem að h. 5. kgk. þm. (L. E. Sv.) þótti þingið blína um of á þá, sem ofar búa við ár, verð jeg að segja, að hann muni þar fylgja gamalli villu og blína vel mikið á þá, sem neðstir búa, og sem hingað til hafa haft svo mjög töglin og hagldirnar í því, sem til laxveiða hefur komið.

ATKVÆÐAGR.: Frumvarpið samþykkt í einu hljóði, og afgreitt síðan til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Tillaga um ávarp til konungs (C. 406, nefndarálit og ávarp 423); ein umr.

Hallgrímur Sveinsson: H. þingdeildarmenn hafa liggjandi fyrir sjer það ávarp til konungs og nefndarálit, sem nefndin hefur gjört úr garði, og bið jeg þá að leiðrjetta nokkrar prentvillur, sem slæðzt hafa inn í frv. Það er fyrst í 2. málsgr. 5. línu, að þar á að vera sívakandi, en ekki sívaxandi, eins og þar stendur nú; og síðar kemur sama villan fyrir: vaxandi fyrir vakandi; og svo eru nokkrar rangt settar kommur og fleira smávegis, sem þarf leiðrjettingar við. Eins og þingdeildarmenn sjá, er sjer í lagi síðasti hluti ávarpsins mikið til samhljóða síðasta hluta þess ávarps, sem h. Nd. hefur samið. Oss nefndarmönnum fannst sjerstaklega þessi hluti þess ávarps svo vel orðaður og fara í þá stefnu, að vjer treystumst ekki til að gjöra það betur, og svo þótti oss það betra, að hafa samræmi milli deildanna í þessu efni, en að fara að búa til eitthvað, sem ef til vill væri þá ekki betra. Vjer vonum, að það sje ekkert verulega athugavert við ávarpið, eins og það nú er. Í næst síðustu málsgr. getur það verið álitamál, hvort þar eigi að standa, eins og nú er: «Yðar Hátign álítið», eða «Yðar Hátign álítur»; jeg fyrir mitt leyti kann betur við: álítur. Svo er orðið «það» í næst síðustu línu komið inn af vangá; það á að svara til orðsins *„skipun"* í 3. línu, en ekki til orðsins «bræðraband», og ætti því að breytast. Fyrir mitt leyti kynni jeg bezt við, að í staðinn fyrir *það* kæmi: *þessi tilhögun á landsstjórninni.* Það er rjett, sem einn h. þm. benti mjer á í gær, að orðaskipunin í síðustu málsgr. mætti betur fara þannig, að á eptir: «Yðvar konunglega Hátign», komi: «Yðvart konunglega hús», en ríkisstjórnin, lönd og þegnar væru látin vera hvað á eptir öðru.

ATKVÆÐAGR.: Ávarpið með áskildum orðabreytingum samþykkt með 9 atkv., og síðan afgreitt til landshöfðingja (C. 438).

Tillaga til þingsályktunar um lán til að fullkomna ullarvinnuvjelar (C. 387; breyt.till. 425); framhald einnar umr.

Benidikt Kristjánsson: Af því h. þingd. er kunnugt um, hvernig á því stóð, að umr. var frestað, nefnil. til þess að gera dálitla breyt., þannig að sett yrði: «efri deild» fyrir «alþingi», og það af því, að menn óttuðust, að ályktun þessi gæti ekki orðið rædd í Nd., þá ímynda jeg mjer, að ekki þurfi umr. um hana, og ganga megi til atkvæða um málið eins og það liggur fyrir. Jeg leyfði mjer í byrjun umr. að skýra frá, hvernig á því stæði, að beðið væri um lánið og hvernig þessum ullarvinnuvjelum væri varið.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.til. 436 samþ. í einu hljóði, þingsályktunin þannig breytt samþ. í einu hljóði og afgreidd síðan til landsh.

Forseti þakkaði síðan varaforseta og skrifurunum fyrir þá hjálp, sem þeir hefðu sýnt, og öllum þingdeildarmönnum fyrir það umburðarlyndi, er þeir hefðu látið sjer í tje, og kvað sjer sjerstaklega skylt að geta þessa, þar sem það að líkindum yrði í seinasta sinni, sem hann yrði á alþingi.

Fimmti fundur í sameinuðu þingi, fimmtudaginn 27. ágúst kl. 12 á hádegi. Allir á fundi.

Forseti gat þess, að það væru afbrigði frá þingsköpunum, að mál það, er á dagskrá stóð, með breytingartillögunum, þingskjölun-

um nr. 437—447, væri nú þegar tekið til umræðu, en með samþykki þingsins og landshöfðingja var það tekið til umræðu ásamt breytingartillögunum.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1886 og 1887 (C. 426; breyt.till. 425, 435 og 436).

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg skal eigi vera langorður, enda tel jeg þess eigi þörf, með því að þau breytingaratkvæði, sem nú liggja fyrir, hafa áður verið til umræðu, og tel jeg víst, að þau munu vera orðin h. þm. nægilega ljós. Jeg ætla þó fyrst að fara nokkrum orðum um þær breytingar h. Ed., sem fjárlaganefnd Nd. hefur eigi getað orðið efri deildinni samdóma um. Það eru sjer í lagi tvær breytingar í tekjudálkinum, sem eigi hefðu átt að verða að prætuefni. Hin fyrri breyting er við 4. gr. um Staðarbyggðarmýralánið. Fjárlaganefnd neðri deildar og neðri deild ætlaðist til, að endurborgun þess láns yrði svo ljett, sem auðið væri, og til tók því, að greitt væri í afborganir og vexti 5% á ári; en þessu hefur hin h. Ed. breytt þannig, að greiddir skulu að eins vextirnir eða 4% á ári af því, sem óborgað yrði af láninu við næsta nýár. Síðan breytti fjárlaganefndin Nd. því í, að vextir skyldu greiðast 4% af hinni upphaflegu upphæð 9000 kr. Nd. þótti eðlilegt, með því að lánið var veitt til að bæta jarðirnar, að það væri endurgoldið smátt og smátt; en h. Ed. hefur eigi getað fallizt á það, heldur skyldi lánið verða lagt á jarðirnar, og afgjald þeirra hækkað að því skapi. Eins og kunnugt er, verður skuldin við næsta nýár 8025 kr., með því að búið er að borga af henni 975 kr., og er mismunurinn því af láninu að eins 39 kr. á ári. Með því fjárlaganefnd Ed. eigi gat fallizt á, að afborgun skyldi vera greidd af hinu upphaflega láni, þá hefur fjárlaganefndin slakað til að svo miklu leyti sem landssjóðsjörðunum ber að greiða hana; en ein jörð, sem landssjóðurinn á eigi, nýtur góðs af þessu láni, og er eigi rjett, að landssjóðsjarðir borgi þann hluta; við þetta kannast fjárlaganefnd Nd.; en hún felur landsstjórninni að skera úr, hversu mikinn hluta þessi jörð eigi að borga. Eptir tilætlun Nd. verður lánið endurborgað á 54 árum, og þegar eigi er að ræða um meiri fjárhæð en 39 kr. á ári, ætti það eigi að verða prætuefni milli deildanna.

Hið annað í tekjudálkinum, sem deildirnar greinir á um, er við 5. gr. tölulið 1. um afgjaldið af Oddaprestakalli. H. Ed. hefur ætlazt til, að það væri gefið eptir næsta fjárhagstímabil, en hvorki fjárlaganefnd Nd. nje h. Ed. hefur nokkru sinni ætlazt til þess, heldur að afgjaldið, sem eptir stæði ógreitt 31. des. 1885, væri gefið eptir, en frá þeim tíma væri afgjaldið lækkað úr 700 kr. ofan í 500 kr. á ári. Fjárlaganefnd Nd. kannaðist fyllilega við, að brauðið hefur rýrnað frá því, sem það var áður, en við því hefur nefndin gjört með því að lækka afgjaldið, en hún sjer eigi ástæðu til að fella afgjaldið alveg burt; til þess áleit hún að þyrfti að koma frekari sannanir en komnar eru fyrir því, að brauðið geti eigi greitt afgjaldið, en eptir skýrslum, sem fyrir hendi eru, ætlaði hún það nægilega sett niður, er það væri lækkað um 200 kr. á ári. Þessar tvær aðalbreytingar virðist h. Ed. hefði átt að þýðast og láta standa. Hin næsta breyting, sem h. Ed. hefur gjört, er við 13. gr. II. a. um launaviðbót til Tómasar læknis Hallgrímssonar. Það getur verið, að ástæða sje til að hækka laun þessa læknis; en sú ástæða er þó á móti því, að það er eigi samkvæmni í því, að veita honum launaviðbót, en neita öðrum, sem hefur sömu sanngirniskröfu til þess og ef til vill miklu meiri.

Viðvíkjandi 16. gr. 1., um styrkinn til kennara Þorvaldar Thoroddsen, hefur fjárlaganefnd Nd. lagað sig eptir h. Ed. með því að færa hann niður í 1600 kr. Jeg skal eigi tala frekara um hann; en þessi breyting er að eins gjörð af tilhliðrunarsemi við h. Ed.

Enn er 11. tölul. í 16. gr., sem deildirnar hefir greint á um; Nd. hafði stungið upp á, að veita 1000 kr. sem styrk handa bókara hins fyrirhugaða banka, en því breytti h. Ed. svo, að styrkurinn skyldi vera 1500 kr., og ganga til framkvæmdarstjóra. Á þá breytingu fjellst Nd., þó hún ef til vill teldi rjettara, að styrkurinn gengi til bókarans. En auk þess bætti Nd. við, að verja allt að 3000 kr. til að launa útlendum bankastjóra, sem fengin yrði til þess að vera hjer. Nd. gjörði ráð fyrir, að erfitt kynni að veita að fá hjer mann nú þegar, sem fær væri um, að standa fyrir bankastörfunum, og taldi því gott, að landshöfðinginn eða landsstjórnin hefði heimild til að fá útlendan vanan mann til að standa

fyrir störfunum fyrst um sinn, en á það hefur h. Ed. eigi geta fallizt, og hefur fjárlaganefnd Nd. stungið upp á breytingu við það, þannig að 3000 kr. skyldu veitast til að fá útlendan mann til að koma stofnuninni á fót, og verð jeg að vona, að h. þing sjái, að það er nauðsynlegt, og muni því samþykkja það. Enn hefur fjárlaganefnd Nd. komið með þá breyt.till., að 14. tölulið 16. gr. um styrk til skólakennara Geirs Zoëga til að fullkomnast í frakknesku á Frakklandi, falli burt, en þá fjárveitingu hafði h. Ed. samþykkt. Nefndin hefur ekki komið með þá breyt.till. af því, að hún sje verulega á móti þessari fjárveitingu í sjálfu sjer, en henni finnst óþarfi að setja hana inn í fjárlögin, en eðlilegast, ef þess þykir þörf, að Geir skólakennari eins og fyrirrennari hans leiti þessarar fjárveitingar til landshöfðingjans, af þeim 6000 kr., sem veittar eru til annara vísindalegra og verklegra fyrirtækja.

Þannig eru nú, eins og jeg hef bent á, eigi nema 6 atriði, sem hinar h. deildir greinir á um, og hef jeg nú rætt um þau.

Auk þessa eru ýmsar aðrar breytingar- og viðaukauppástungur komnar af nýju, sem jeg ætla að leyfa mjer að minnast á, en verð að biðja h. þm. að fyrirgefa, þótt jeg fylgi eigi gr. frv., heldur númerum þingskjalanna.

Þá er fyrst viðaukatill. 437 um 1000 kr. styrk til að gjöra skipakví í Hvaleyrartjörn, frá 3 h. þm. Þetta mál hefur verið rætt mjög mikið áður, svo að eigi er þörf að ræða það mikið nú, en hjer er þó ný viðbót, að styrkurinn veitist með því skilyrði, að næg trygging sje fyrir því, að verkið verði vel af hendi leyst og nægilegt fje fram lagt til þess af annara hálfu. Hver er hin nægilega trygging? Og hvað er nægilegt fje? Til þess, að þingið geti veitt þetta fje, þarf að fá nægar upplýsingar um, hvað gjöra þurfi, hve mikla peninga þurfi til þess, í þriðja lagi, hvaðan fjeð af annara hálfu eigi að koma, og í fjórða lagi, hvert gagn verði að þessari kví. Þessar upplýsingar eru eigi komnar enn; er því málið eigi nægilega undirbúið, til þess að þingið geti nú samþykkt fjárveitingu þessa.

Næst er viðaukatill. nr. 438 um að 2400 kr. gangi til skólans á Hólum og 1600 kr. til skólans á Eyðum af öðrum helmingi þess fjár, sem veitt er til eflingar búnaði í 10. gr. C. 4. Jeg álít að sönnu þörf, að styrkja skólana, en óþarft að gjöra þessa ákvörðun, enda er nægileg trygging fyrir, að skólar þessir fái þennan styrk, eptir orðum h. hæstv. landshöfðingja við síðustu umræðu þessa máls í neðri deildinni. En það er annað atriði, sem jeg vil benda á, og það er, að mjer þykir ísjárvert að ákveða *fast* tillag til skólanna meðan þeir eru eigi komnir á svo fastan fót, sem æskilegast væri. Allir eru að sönnu samdóma um, að nauðsynlegt sje að veita Hólaskóla styrk; en hægt er að treysta því, eins og jeg gat um, að landshöfðinginn muni veita skólanum styrkinn, ef skólinn sýnir sig hans verðugan. Eins verður með Eyðaskólann, að landshöfðinginn mun líka veita honum styrk, ef hann þarf þess við, og víst sje, að skólanum verði hann að verulegum notum.

Að því er snertir breyt.till. við 11. gr. 2. tölul., um að hækka laun aukalæknanna upp í 1000 kr. til hvers, þá skal jeg geta þess, að nefndinni fannst rjettast, að laun þeirra væru jöfn, en ekki eins og sett var í fjárlögunum í hitt eð fyrra, til eins 700 kr., til annars 800 kr., og til hins þriðja 900 kr. Hins vegar telur nefndin ekki rjett, að veita þeim jafnhá laun, sem reglulegum læknum, þ. e. 1500 kr. Mjer finnst það rjett, að veita þeim $^2/_3$ af hinum föstu launum; og fjárlaganefnd Nd. er ekki kappsmál um, hvort þessi laun eru 1000 kr. eða 900 kr.

Jeg er ekki eins hlynntur 2. tölulið breyt.uppást. h. þm. Borgfirðinga (Gr. Th.), um 150,000 kr. lán af innskriptarskírteinum viðlagasjóðsins, til þess að útvega mönnum atvinnu við gagnleg fyrirtæki. Í hitt eð fyrra var lagt til hjer á þinginu, að veita 100,000 kr. hallærislán, og nú 100,000 kr. lán til þilskipakaupa. Nú nema innskriptarskírteini viðlagasjóðsins ekki meiru en 308,000 kr. Ef lánaðar verða 100,000 kr. til þilskipakaupa, verður afgangurinn rúmar 200,000 kr., sem er sannarlega ekki of mikið til að grípa til, ef á liggur, því að það er ekki auðfengið aptur, þegar á þarf að halda, sem nú stendur í láni. Þótt ekki sje litið á annað, verður því þó ekki náð, nema með uppsagnarfresti. Jeg verð að treysta landsstjórninni til að lána, ef hún sjer sjer fært.

Þá kemur breyt.till. 445, um að nema burt launahækkun Þorvaldar læknis Jónssonar. Jeg er fremur með þessari till., af því að mjer finnst það athugavert, að veita þetta fje, meðan ekki er víst, hver afdrif

mál Þorgríms læknis hefur fyrir hæstarjetti, um að fá laun sín hækkuð, eins og jeg hef opt tekið fram.

Viðaukatill. 441 fer fram á, að veita 50 kr. til Þórðar Thorgrímsens. Jeg er á því, að úr því að Árni Böðvarsson fær 100 kr., þá sje sanngjarnt, að Þórður fái tjeða upphæð, því að hann hefur helmingi minni eptirlaun, og er bágstaddari en Árni prófastur. En jeg get ekki betur sjeð, en að veita megi báðum þessum uppgjafaprestum af þeim 3000 kr., sem ætlaðar eru til fátækra uppgjafapresta og prestaekkna. Það er að vísu satt, sem h. hæstv. ldsh. sagði um daginn, að þá mundi rýrna fje það, sem ganga á til prestaekknanna; en aðgætandi er, að þær fá styrk á ýmsan annan hátt, eins og kunnugt er.

Því næst kem jeg til breyt.till. 439 um hækkun á launum landlæknis Schierbecks um 800 kr., eða til vara 600 kr. á ári. Breyt.till. þessi stendur í sambandi við tillöguna um laun hjeraðslæknis Þorvaldar Jónssonar. Það er öllum kunnugt, hvernig hjer stendur á; skal jeg því ekki tala langt um þetta, og það því síður, sem allir hljóta að játa, að Schierbeck hefur miklar sanngirniskröfur til þessarar hækkunar. Mjer skal ekki vera það kappsmál, að hann fái 800 kr. launaviðbót; því hef jeg sett 600 kr. til miðlunar; ef hann fengi þá upphæð, yrðu laun hans eins há og forstöðumanns prestaskólans, og hjer um bil hin sömu sem forstöðumanns hins lærða skóla, þegar reiknaður er ókeypis bústaður í skólanum. Það hlýtur öllum að finnast sanngjarnt, að landlæknirinn hafi sömu laun sem þeir, eða ekki minni.

Aptur á móti kann jeg ekki við, að veita honum 300 kr. á ári fyrir að kenna yfirsetukvennafræði, og það því síður, sem hann á í máli um að fá borgun fyrir þá kennslu. En í sambandi við þetta skal jeg lýsa því yfir, að ef Schierbeck fær þessa 600 kr. launaviðbót, þá sleppir hann að gjöra nokkurt tilkall til borgunar fyrir kennslu yfirsetukvenna um þann tíma, sem hann nýtur þessarar 600 kr. launahækkunar, enda þótt hann vinni málið. Jeg hef umboð til að flytja þessa yfirlýsing frá honum.

Jeg ætla ekki að tala meira að sinni, en legg mál þetta á vald h. þings, til þeirra úrslita, sem því þykir rjettlátust og bezt.

Magnús Stephensen: Það hefur ekki gengið eins greitt með fjárlögin nú eins og með fjárlögin 1883; þá komust þau að eins til einnar umr. í Nd. og voru þar samþykkt. Nú hefur það ekki gengið eins vel; Nd. hefur ekki getað fellt sig við breyt.till frá Ed. og haldið fast fram fjárlögunum í því formi, sem þau voru í, þegar þau fóru þaðan frá 3. umr. — Ed., eða að minnsta kosti fjárlaganefndin þar, getur ekki kennt sjer um, að hún hafi beitt mjög miklu kappi í þessu máli, því annars mundi hún hafa gjört miklu fleiri breytingar, en hún gerði. Eins og menn muna, voru allmargar breyt. komnar frá nefndinni í Ed. við fjárlögin eptir 3. umr. Nd.; en þegar svo nefndin varð vör við, að nefndin í Nd. hjelt fastlega móti mörgum þeirra, þótt þær jafnvel ekki snertu nema formið, þá tók nefnd Ed. einar 9 eða 10 breyt.till. aptur af tilhliðrunarsemi við Nd., og vonaðist svo eptir sömu skilum af hendi Nd.; en hún hefur ekki orðið vör við mikla tilhliðrunarsemi enn þá. Þó er nú komið svo, að ekki eru eptir nema 6 ágreiningsatriðin milli nefndanna eða deildanna, og er þá fyrst lánið til Staðarbyggðarmýra í 4. gr. Það er öllum kunnugt, að þetta lán var veitt Munkaþverárklausturs-umboði, en ekki þeim mönnum, sem hafa mýrarnar til afnota. En hvað er umboðssjóður Munkaþverárklausturjarða? Ekki annað en partur af landssjóði. Þegar landssjóður því lánar þeim sjóði, þá lánar hann að nokkru leyti sjálfum sjer. Því tel jeg landssjóðinn mega vera ánægðan með að fá vexti af þessu láni, þó það sjálft verði ekki endurborgað; reyndar var í fyrstu áskilið, að greiða skyldi 6% af því, og skyldi því komið fyrir á þann hátt, að eptirgjaldið af jörðunum, sem eiga Staðarbyggðarmýrar, væri hækkað tiltölulega á hverri jörð svo, að öll afgjaldshækkunin næmi 6% af 9000 kr. eða 540 kr., og skyldi þetta haldast um óákveðinn tíma. Með þessu móti væri landssjóður búinn að fá höfuðstólinn endurborgaðan eptir 28 ár, en þar að auki hafa jarðir hans batnað fyrir lánið svo sem höfuðstólnum nemur, og hefði hann því þá fengið lánið tvíborgað; eigi hann nú að fá hækkað eptirgjald eptir jarðirnar, sem nemur meira en 4% af skuldinni, og halda því um aldur og æfi, þá getur hann fengið lán sitt nokkrum sinnum borgað. Þess vegna heldur Ed. því fram, að að eins sjeu borgaðir vextir af skuldinni eins og hún verður 31. des. 1885. Ed. telur athugasemdina jafnvel ekki rjett

hugsaða, eins og hún er orðuð hjá neðri deild. Framsögum. (H. Kr. Fr.) gat um það, að hún væri dálítið öðruvísi orðuð nú, þar sem standa ætti: «af hinni upphaflegu upphæð», en áður hefði staðið: «af hinni upphaflegu upphæð 9000 kr.». En jeg fyrir mitt leyti get ekki fundið neinn mun á þessu, og verð að álíta það alveg hið sama og eins óaðgengilegt. Að skylda ábúendur þjóðjarðanna við Staðarbyggðarmýrar til að greiða vexti af hinni upphaflegu upphæð, er að ætlun Ed. alveg ranglátt, því þá greiða þeir ekki einungis vexti af þeim hluta lánsins, sem þeir eru búnir að endurborga, heldur einnig af upphæð, sem þeir aldrei hafa notið góðs af, og sem átti að ávaxtast af leiguliða jarðarinnar Kropps, en sú jörð er ekki þjóðjörð. Þessi upphæð, sem upprunalega mun hafa verið 800 kr., er töpuð fyrir landssjóð, vegna þess, að ekki var sjeð fyrir, þegar lánið var tekið, að skuldbinda eiganda jarðarinnar til að borga vexti af þeim hluta lánsins, sem á þá jörð kom, og því síður afborganir. Þess vegna eru þær 800 kr. tapaðar og hin upphaflega upphæð lánsins því minnkuð að því skapi. 31. des. 1885 mun skuldin þannig verða alls um 7000 kr. og af þeirri upphæð vill Ed. láta greiða vexti. Þess má einnig geta, að ef litið er til landbúnaðarlaganna, sem samþykkt voru fyrir 2 árum, þá má sjá, að þau ekki ætlast til, að þegar landsdrottinn leggur fje til jarðabóta, þá skuli hann bæði fá vexti og höfuðstól.

Þá er þessu næst 5. gr. 1. tölul. Það kom efri deild mjög á óvart, að neðri deild skyldi fella burt það, sem samþykkt hafði verið við 3. umr. í báðum deildum, og það er jafnan nokkuð ísjárvert að fara að rugla í því, sem samþykkt hefur verið af báðum deildum, hvorri um sig. Mjer skildist á framsögumanni (H. Kr. Fr.) fjárlaganefndar neðri deildar, að hann hefði það mest á móti þessari undanþágu með árgjaldið af Odda, að það hefði aldrei verið meining neðri deildar að samþykkja hana; mig furðar að heyra, að Nd. skuli hafa samþykkt þessa eptirgjöf á móti vilja sínum, en um það get jeg fullvissað, að það var fullkomin meining efri deildar að veita eptirgjöfina, hún hefur haft fyrir sjer skýrslur um það, að það er sanngjarnt, að ekki sje borgað árgjald af Odda þetta fjárhagstímabil, enda var þingið í heild sinni búið að samþykkja það, og breyting sú, sem þingið hefur samþykkt á 1. gr. í prestakallalögunum, kemur ekki í bága við það, að því Oddann snertir, því hún kemur þá ekki til framkvæmdar fyr en árið 1888. Þessar nýju skýrslur, sem efri deild hafa borizt, sýna, að eyðing sú, sem Oddabrauð hefur orðið fyrir og aðrar kringumstæður, hafi rýrt tekjur brauðsins svo, að þær nema fullum 700 kr. minna heldur en þær eru taldar í síðasta brauðamati. Því er ekki rjett, að taka þennan viðauka burt, og ekki nema sanngjarnt, að samþykkja þessa undanþágu fyrir árin 1886 og 1887.

Í 13. gr. B. II. a vill Nd. færa niður þá upphæð, sem Ed. hefur tvisvar samþykkt; hún vill sleppa 400 kr. launaviðbót handa Tómasi lækni Hallgrímssyni. H. framsögumaður Nd. (H. Kr. Fr.) sagðist í sjálfu sjer ekkert hafa á móti þessari launaviðbót og taldi hana sanngjarna; og á því máli hygg jeg að flestir þingmenn muni vera. Það er kunnugt, að Tómas læknir er maður vel að sjer og ástundunarsamur í embætti sínu; það er því skaði að missa hann frá því, en hætt er við að svo fari, ef hann fær ekki launaviðbót. Það á alls ekki við, að bera hann saman við landlæknirinn, eins og h. þm. (H. Kr. Fr.) gjörði, því að það er allt annað, að hækka 2400 króna laun um 400 kr. eða að hækka 4000 kr. laun um 800 kr. Það mælir og fram með Tómasi lækni, að hann í 11 ár hefur verið embættismaður, haft lág laun, og ávallt sýnt skyldurækni.

Þá kemur 16. greinin. Ed. verður en að halda því fram, að styrkur sá, sem Þorvaldi kennara Thoroddsen hefur verið veittur, 2000 kr. um fjárhagstímabilið, sje sómasamlegur, og að eigi sje vert fyrir þingið að fleygja út meir en 1000 kr. á ári handa manni, sem hefur embætti á hendi og laun við það. Eins og menn vita, *getur hann vegna embættismanna ekki ferðast fulla 3 mánuði* á sumri, og hyggur Ed., að 1000 kr. sjeu nógar til að greiða með ferðakostnaðinn, að nokkur afgangur muni verða, sem hann þá geti varið til jarðfræðislýsingarinnar, og niðurskipunar á söfnum sínum. Nefndin í Ed. er einnig mótfallin viðbótinni við 11. tölul. í 16. gr., að fá útlendan bankafróðan mann til að koma stofnuninni á fót fyrir 3000 kr.: bæði er það nokkuð óákveðið, hvað meint er með að koma stofnuninni á fót, en einkum hneixlar þetta orð «útlendur» deildina. Það gæti þó hugsazt, að til væri innlendur maður svo bankafróður, sem hjer

nægði, eða að minnsta kosti að innlendur maður, þangað til bankinn kæmist í kring, gæti kynnt sjer bankastörf svo sem nægði, til að geta komið á fót og stjórnað ekki stærri banka, en hjer mun verða fyrst um sinn. En má þá þessi maður, eingöngu af því að hann er innlendur, ekki verða launaaukans aðnjótandi? Það er og hætt við, að þennan útlenda mann mundi vanta hjer ýms skilyrði; hann er hjer ókunnur mönnum og landsháttum, og þó hann kynni að hafa þekkingu á bönkum erlendis, þá mun ekki hlíta, að sníða banka hjer að öllu eptir útlendu sniði. Það er sjálfsagt æskilegt, að sá sem á að koma bankanum á stað, sje bæði kunnugur bankastörfum erlendis og landsháttum hjer; en vanti þekkingu á öðru hvoru, þá mun þekkingarleysi á landsháttum vorum engu síður geta orðið bankanum að fótakefli en skortur á þekkingu á bönkum erlendis.

Jeg hef ekki mikið að athuga viðvíkjandi Geir kennara Zoëga Ef jeg hefði tryggingu fyrir því, sem h. framsögum. Nd. (H. Kr. Fr.) sagði, að hann mundi fá styrk af fje því, sem ætlað er til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og stjórnin hefur til umráða, þá skyldi jeg ekki halda því máli til streitu. En það vill reynast svo, að það fje eyðist fljótt og reynist ónógt. En ef jeg heyrði eitthvað frá hæstv. ldsh. um, að fjeð mundi fást, þá mundi jeg láta mjer það nægja. En á meðan jeg heyri það ekki, þá finnst mjer eins mikil ástæða til að veita styrk Geir Zoëga eins og Þorvaldi Thoroddsen og Páli Briem. *(L. Bl.:* Hann er búinn að læra). Nei, ekki frakknesku; hann hefur lagt fyrir sig og lært hin fornu málin, og þessi styrkur, sem hjer er farið fram á, er þar að auki miklu minni, en til hinna tveggja, sem jeg verð að ætla, að líka sjeu búnir að læra. Að öðru leyti er jeg hinum h. framsögum. Nd. (H. Kr. Fr.) að miklu leyti samdóma um breyt.till. þær, sem komnar eru frá einstökum þingmönnum; en þó skal jeg geta þess, nefndin í Ed. heldur fast fram áliti sínu um styrkinn til eflingar búnaði. Hún álítur enga hættu fyrir, að þessir 2 skólar á Hólum og Eyðum fái ekki sína tilteknu upphæð af styrknum, þó hún sje ekki ákveðin þeim í fjárlögunum, því svo framarlega sem þeir þarfnast styrksins og verðskulda hann, þá mun amtsráðið í norður- og austuramtinu mæla fram með þeim til að fá hann, og landshöfðingi veita þeim hann, því að landshöfðingi úthlutar fjenu eptir tillögum amtsráðanna og hefur hingað til tekið þær til greina. Það sem nefndin í Ed. hefur á móti, að þessi ákveðna fjárupphæð sje tekin til handa skólunum á Hólum og Eyðum, er það, að ef þeir eiga að fá hana af fjenu óskiptu, þá er mjög svo skertur hlutur Suðuramtsins og Vesturamtsins. Að undanförnu hefur fje þessu verið úthlutað þannig, að Suðuramtið hefur fengið 3533 kr. 33 a; Vesturamtið 2466 kr. 67 a., Norður- og austuramtið 4000 kr. Seinni árin hefur fje það, sem Vesturamtinu hefur hlotnazt, verið látið ganga til skólans í Ólafsdal, og væri illt til þess að vita, ef hann ætti nú að missa talsvert af styrk þeim, sem hann undanfarin ár hefur notið, og ekki má án vera, eigi að halda honum í sama horfi og hingað til; en öllum, sem þekkja þennan skóla, ber saman um, að hann hafi gjört mikið gagn, ekki einungis Vesturamtinu, heldur og Norðuramtinu, og jeg veit, að h. þm. Húnv. (L. Bl.) muni játa, að Húnvetningar hafa haft gagn af lærisveinum frá Ólafsdal, og mun því ekki vilja hindra viðgang hans. *(L. Bl.:* Hinir þurfa að komast upp). Þeir fá einnig fjestyrk. Jeg fyrir mitt leyti er ekki mótfallinn breyt.till. 441, 50 kr. styrk til sjera Þórðar Thorgrímsen, nje heldur fyrra lið breyt.till. 444, um að laun aukalækna verði ákveðin 1000 kr. En aptur er jeg mjög mótfallinn síðari lið sömu breyt.till. Það lítur nærri svo út, sem h. þm. Borgfirðinga (G. Th.), sem hingað til hefur ekki haft færi á að koma með breyt.till., hafi viljað nota tækifærið, þegar það gafst, og þá ekki skera upp á neglur sjer. En hefur hann gjört sjer ljóst, hvort þessar 150,000 kr. í raun og veru verða til? H. þm. Reykv. (H. Kr. Fr.) hjelt reyndar, að þær væru til; en jeg verð að ætla, að þær sjeu það ekki. Tekjuafgangur um næsta fjárhagstímabil er áætlaður rúmar 5000 kr. En svo er til grein, sem heitir 19. gr., og hún getur haft ekki svo lítil útgjöld í för með sjer. *(G. Th.:* Ef að —). Já, ef að: í fyrsta lagi ef landsbankinn kemst á, þá eru til hans ætlaðar 25,000 kr., til stofnunar hans, seðlagjörðar o. s. frv. Í öðru lagi er lagaskólinn. Reyndar gjöri jeg ekki ráð fyrir, að hann komist á *fyrri en* á öðru ári hjer frá, en þá mun hann kosta um 10000 kr.; þá eru komnar 35000 kr. Svo er linun á ábúðar- og lausafjárskatti, og hefur verið

gjört ráð fyrir tekjumegin í fjárlögunum, að þeir skattar mundu nema á fjárhagstímabilinu 70000 kr., og þá nemur linunin 35000 kr. um fjárhagslímabilið. Þá eru komnar 70000 kr., sem líklega verða að takast af innskriptarskírteinum, ef ekki verður því meira fje fyrirliggjandi í landssjóði, sem ekki eru mikil líkindi til. *(Gr. Th.:* Veit þingmaðurinn það?). Það eru öll líkindi til þess, því að lausafjárskattur mun verða lágur á árunum 1884 og 1885, og menn vita, að nú sem stendur er útflutningsgjaldið af fiski mjög lítið, og enda aðflutningsgjald að minnsta kosti af vínföngum með minna móti. Þá hefur í morgun verið stofnað til nýrra útgjalda að ári, með samþykkt stjórnarskrárinnar, því að af því leiðir, að halda verður þing að ári, og mun ekki of sagt, þótt gjört sje ráð fyrir, að það muni kosta 20.000 kr. Eru þá komnar 90,000 kr. Þá koma 10,000 kr. til æðarvarpsræktar, eru 100,000 kr.; og svo má ekki gleyma 100.000 kr. láninu til þilskipakaupa. Þar eru þá komnar 200,000 kr., sem vel getur komið fyrir að selja þurfi innskriptarskírteini til að geta greitt. Þetta er nú fyrir utan alla smábitlinga, t. d. lán til ullarvinnuvjela og þess konar, og við þetta allt bætast svo þessar 150,000 kr. *(Gr. Th.:* allt að), já, allt að. En nú eru til í innskriptarskírteinum hjer um bil 307,000 kr, svo að um 40,000 kr. vantar til þess að þau geti verið nægileg, til að veita þetta fje. Þessar tölur, sem hjer hafa verið sýndar, geta að vísu breytzt ýmislega á fjárhagstímabilinu; en þær sýna þó, að þingið leggur sig í hættu með að veita fje þetta, og að minnsta kosti er hæpið að veita stjórninni heimild til að brúka upphæð, sem engin líkindi eru til að verði á reiðum höndum, ef til hennar ætti að taka. Um breyt.till. 437 er jeg samþykkur h. framsögum. Nd. (H. Kr. Fr.); en um breyt.till. 439 og 440 skal jeg ekki tala að sinni; en gefa öðrum h. þingmönnum færi á að láta í ljósi skoðun sína um þær

Þorkell Bjarnason: Jeg skal ekki svara h. framsögum. fjárlaganefndar Ed. (M. St.); jeg vona, að framsögumaður fjárlaganefndarinnar hjer í deildinni gjöri það. Jeg skal að eins minnast á viðauka- og breytingartillögur þær, sem hjer liggja fyrir; en áður en jeg minnist á þær, ætla jeg að minnast á fjárhag landssjóðsins yfir höfuð á þessu fjárhagstímabili. Eptir fjárlagafrv. Ed. verður afgangur tekja um fram útgjöld rúmar 5000 kr. á fjárhagstímabilinu; en ef frv. þau, sem nú eru samþykkt af þinginu, verða að lögum, þá verður kostnaðurinn, sem leiðir af því, samkvæmt því, sem h. þm., sem seinast talaði benti á, 70,000 kr. Eptir þessu lítur út fyrir, að undirballance verði um 65 þúsund kr., og þetta verður allt að takast af innstæðu viðlagasjóðs. Þrátt fyrir þetta, þótt fjárhagurinn sje svona, þá eru nú komnar hjer fram viðauka- og breyt.till., sem fara fram á að auka gjöldin enn um 4,200 kr., eða bæta 4,200 kr. við undirballancinn. Þessar breytingartill. eru fyrst tölul. 437 um 1000 kr. til að gjöra skipakví í Hafnarfirði; jeg játa, að þetta muni þarft fyrirtæki, og mjer er kunnugt um, að þeim, sem til þekkja, er þetta allmikið áhugamál, því á fundi, sem haldinn var í Hafnarfirði, varð jeg var við, að þetta var mönnum mjög hughaldið. En jeg get enga meiningu haft um það, hve mikils fjár muni þurfa til þessa fyrirtækis eða hver trygging sje fyrir framkvæmd þess. Þá er breyt.till. 439 um að bæta við laun landlæknis Schierbecks; jeg hefi talað áður um þetta mál og fer nú ekki út í það; þó verð jeg að segja, að mjer finnst eðlilegt, að þessi læknir vilji fá launabót, þegar annar læknir, sem fjekk launaviðbót á síðasta þingi, vill fá eða fær nú talsverða hækkun.

Þá er nr. 444, um viðbót handa 4 aukalæknum; jeg get ekki skilið í, að þessum læknum, sem ekki að minni ætlan eru bundnir við neinn lögákveðinn taxta — jeg ætla að jeg muni eigi rangherma það — skuli eigi geta nægt 900 kr. til að byrja með. Þetta eru ungir menn, sem ekki hafa fyrir fjölskyldu að sjá. Jeg held, að margir prestar megi láta sjer lynda að byrja með minna og hafa þó enga aukaatvinnu. Og jeg get eigi annað haldið, en að þessir læknar geti haft talsverða praxis.

Um breyt.till. 440 ætla jeg ekkert að tala.

Breyt.till. 441 fer fram á eptirlaunabót handa gömlum presti og ætla jeg eigi frekar um það að tala.

Breyt.till. 447 fer fram á að bæta við laun 4 lækna, nefnilega læknisins á Vestmannaeyjum, á Stykkishólmi, Akureyri og Eskifirði. Þessar viðbætur til samans nema fast að 2 þúsund kr., og jeg get ekki betur sjeð, en að þessir læknar hafi jafnan

rjett til þessarar viðbótar eins og læknirinn á Ísafirði. Enda munu menn sanna, að sú verður reyndin á, að þegar farið verður að veita einum viðbót, koma allir hinir á eptir og biðja þingið um launabót, sem menn þá ekki með sanngirni geta neitað um, þegar búið er að veita einum, og sjeu laun læknisins á Ísafirði bætt, væri í alla staði rangt, að synja hinum um viðbót. Það er auðvitað æskilegt fyrir menn þessa, að þeir fengi þessa launabót, en brýn nauðsyn sje jeg ekki að á því sje, auk þess sem þingið hlýtur að taka tillit til þess, að fjárhagur landsins er ekki ríflegur, og verður þá að viðhafa allan sparnað. Jeg vona því að þingið fylgi heldur því, sem fjárlaganefndin í Nd. hefur stungið upp á í þessu tilliti, nefnilega að færa heldur niður en upp útgjöldin, og yfir höfuð hafni þeim breytingar- og viðaukatillögum, sem ganga í þá stefnu, að hækka gjöld landssjóðs. Jeg held og, að það væri hyggilegast, að fylgja þessari reglu, eigi einungis sökum fjárhagsins, heldur og einnig og einkum sökum þess, að menn hljóta að minnast þess, að þegar stjórnarskráin var hjer á ferðinni, þá var það talið víst, að kostnaðurinn við hina nýju stjórn yrði ekki svo mikill; launin yrðu lág. Ef menn nú fara að hækka laun, þá er jeg hræddur um, að þjóðin trúi ekki þessum yfirlýsingum, og verði hrædd við kostnaðinn, sem leiða mundi af stjórnarbótinni. Jeg held, að það væri þinginu og stjórninni fyrir beztu, að þjóðinni væri ekki sagt annað, en það sem henni er óhætt að trúa. Jeg verð því að ætla, að það sje ástæða til þess fyrir þingið, að gefa atkvæði móti þessum tillögum, sem ganga út á að hækka launin; því þá sjer þjóðin að það muni satt, sem henni hefur verið sagt, að það er meining þingsins að hafa launin lág handa hinni nýju fyrirhuguðu stjórn.

Grímur Thomsen: Þótt mjer skildist svo, sem h. 3. kgk. (M. St.) teldi það eptir mjer, að fá það tækifæri, sem mig annars hefði skort til þess að fá orðið í máli, sem jeg í mörg ár er búinn að vera viðriðinn, þá ætla jeg eigi að síður að reyna að nota tækifærið til þess að verja breyt.till. mínar, og jafnframt stuttlega benda á stefnu h. fárlaganefnda í Ed. og Nd., í fjármálum landsins. Menn hafa nú heyrt ræður þessara tveggja h. framsögumanna fyrir fjárlaganefndir deildanna. (H. Kr. Fr. og M. St.). Menn hefðu máske geta búizt við að heyra af þessum fróðu og skörpu þingskörungum eitthvað talað um meginreglur í fjárlegu tilliti, þar sem hjer er um það að ræða, að setja fjárlög fyrir land og lýð um 2 ára tímabil. En um nokkrar slíkar meginreglur hafa ekki liðið mörg orð af þeirra vörum, því flest það, sem þeir hafa sagt, hefir meira snert efni heldur en form og sjer í lagi persónulegar fjárveitingar; og að undanskildu láninu til Staðarbyggðamýra í 4. gr. og að slepptri athugasemdinni við 5. gr., er allt hitt persónur og persónulegar fjárveitingar. Framsögumaður Ed. hefir sína menn, framsögumaður Nd. sína, og það er kannske ekki leyfilegt, að láta sjer detta í hug það sem maðurinn sagði forðum: «klípir þú mína, þá stjaka jeg við þínum». Einkum er 16. gr. ásteytingarsteinn þeirra. Það hefur áður heyrzt talað um hreppapólitík. Jeg held nú, að hjer sje ástæða til að tala um *þingdeilda-fjárlaganefndarframsögumannapólitík*, því nefndirnar ganga hver í sína átt, og streitast af öllu megni við að togast á og togast á, og láta eigi saman ganga fyr en málið er nú loks komið til sameinaðs þings, og við sjálft lá að stífni og ágreiningur nefnda og deilda leiddi til þess, að vjer eptir allt stritið fengjum bráðabyrgðarfjárlög til að lifa við. Þar sem um einhver meginatriði er að ræða, get jeg ekki láð neinum, þó hann haldi fast sinni stefnu; en þegar þessi ágreiningur er út úr einhverju smávegis, þá er annað mál.

Þegar jeg minnist á aðferð og skoðanir h. framsögumanna þessa máls, þá dettur mjer í hug það, sem hreppstjórinn fyrir vestan sagði um tvo stórhöfðingja þar, sem höfðingjakritur var svo ríkur hjá, að þeir aldrei vildu gista hvor hjá öðrum; hreppstjórinn sagði, að báðir væru heimfúsir. Eins ætla jeg megi segja um þessa h. framsögumenn. Þeir eru heimfúsir, annar til efri deildar og hennar skoðana, hinn til neðri deildar og hennar skoðana. Hvað hinar einstöku fjárveitingar snertir, skal jeg þó játa, að þær liggja mjer flestar í ljettu rúmi. Jeg get eins verið móti þeim eins og með þeim. Það er enginn sannfæringamunur, þegar spursmál er um, hvort veita skuli einum styrk fremur en öðrum, eða hvort einn styrkur skuli vera nokkru minni eða meiri. Skal jeg svo ekki orðlengja meira um annara breytingartillögur, en snúa mjer að breyt.till. mínum.

Önnur breyt.till. fer fram á, að styrkur-

inn til aukalækna verði hækkaður úr 900 kr. upp í 1000 kr., og virðist mjer h. framsögum. Nd. vera mjer samdóma um þessa breytingu, og jeg er viss um, að ef h. þingmenn vissu, hverjar ástæður eru til að fara fram á þessa hækkun, þá mundu þeir einnig gefa breyt.till. atkvæði sín. Jeg get t. d. skýrt frá því, að í Borgarfjarðarsýslu verða einstakir hinna efnabetri manna, 3 til 4 í mesta lagi, að skjóta saman fje til þess, að sá aukalæknir, sem þeir hafa ráðið til sín, geti fengið þau laun, er þeir hafa samið við hann um. Landssjóður styrkir þessa hreppa nú sem stendur með 900 kr. til að geta haldið lækni; þessir fáu efnamenn í hreppunum, þeir eru 3 eða 4, verða að skjóta saman 500 kr. til þess að læknirinn fái hinar umsömdu 1400 kr. Jeg fer nú ekki svo hátt, að jeg leggi það til að landssjóður borgi einnig þessar 500 kr, heldur fer jeg að eins fram á það, að styrkurinn verði 1000 kr. í stað 900 kr. Þessi viðauki virðist mjer svo lítill, að eins 100 kr. til hvers, að landssjóð, þó hann megi ekki ríkur kallast, muni ekki um hann. Jeg vona því, að h. þing veiti þessa litlu viðbót, og það því fremur, sem mjög er óvíst, hvort læknar fást í öll þessi aukalæknaembætti á fjárhagstímabilinu; jeg efast miklu fremur um, að þeir verði fleiri en tveir, sem komast í þessa stöðu á næsta fjárhagstímabili.

Þá er að minnast á hið annað breytingaratkvæði, er jeg hefi leyft mjer að bera fram; það er einkennilegt að því leyti, að það er hið eina atriði, sem framsögumönnum báðum kemur saman um, þ. e. kemur saman um að hafna með öllu. Þessi breyt.-till. mín fer fram á, að stjórninni veitist heimild til þess að verja allt að 150,000 kr. af innskriptarskírteinaupphæð viðlagasjóðs til lána handa sýslufjelögum og bæjarstjórnum, til þess að útvega mönnum atvinnu við gagnleg fyrirtæki. Jeg ætlaði, að enginn mundi líta svo á þessa tillögu, að hún væri sprottin af öðru en hreinum og góðum hvötum; hinn h. 3. kgk. (M. St.) hyggur þó, að hún sje til orðin eingöngu til þess að útvega mjer það tækifæri til að tala, sem jeg að öðrum kosti ekki hefði getað fengið. Jeg læt það nú vera; en á hinu furðar mig meira, hve skakka þýðingu hann lagði í tillöguna sjálfa. Þessi þm., sem er svo vanur að rannsaka hvort málefni sem er út í æsar og frá öllum hliðum, og svo skarpur að finna hvað eina, sem falizt getur í einu máli, bæði fjær og nær, hann gat í þetta skipti ekki fundið hina eðlilegu og rjettu þýðingu á þessari breyt.till. Hann kom fyrst með reikning yfir innskriptarskírteinaupphæð viðlagasjóðs, og vildi sýna, hvernig reikningurinn stæði eptir að búið væri að leggja fram allt það fje, sem fjárlögin og önnur lög ætlast til. Jeg skal ekki fylgja honum í reikningum, sem að miklu leyti eru áætlaðir; hvorugur okkar veit, hve miklu fje muni á fjárhagstímabilinu verða varið, hvort heldur til búnaðarskóla, eða þilskipakaupa; hvorugur okkar veit neitt um það, hver afgangurinn verður við lok þess fjárhagstímabils sem nú er að líða. En hvað stendur nú í breyt.till. sjálfri? Þar stendur: «Stjórninni veitist *heimild* til þess að verja *allt að* 150,000 kr». o. s. frv. Stjórnin er þannig ekki *skyld* til að veita neitt fje í þessu skyni, og allra sízt meira en henni er unnt og til er, og heldur ekki nema til gagnlegra fyrirtækja, sem útvegað geti þurfandi og vinnandi mönnum atvinnu; en veiti hún það, þá á það að vera með þeim vægari kjörum og þeim lengri borgunartíma, sem gjöri lánin aðgengileg fyrir lántakendur (sýslufjelög og bæjarstjórnir). Þetta átti h. 3. kgk. (M. St.) að geta skilið. Hvað gengur mjer nú til að koma fram með þessa till.? Sjálfsagt það, eins og h. 3. kgk. þm. sagði, að geta fengið tækifæri til að halda ræðu; en, með góðu leyfi h. 3. kgk., meðfram hitt, að gefa sýslu- og bæjarfjelögum kost á að fá fje með vægum og hentugum kjörum til eflingar atvinnuvegum og nytsamlegum fyrirtækjum. Mjer og öllum, sem gengið hafa hjer um höfuðstaðinn í sumar, er það vitanlegt, hvílíkt atvinnuleysi hjer er og hefur verið fyrirfarandi, af því bæjarstjórnin sökum fjeleysis hefur ekki getað látið framkvæma ýms góð fyrirtæki, sem sjálfsagt ætti að koma hjer fram. Hefði stjórnin haft heimild til að veita að láni nokkurt fje, þá efast jeg ekki um að bæjarstjórnin hefði notað tækifærið og fengið sjer lán til að framkvæma eitthvert af þeim mörgu góðu og nauðsynlegu fyrirtækjum, sem bær þessi parí að fá framkvæmt hið bráðasta. Jeg get nefnt t. d., hversu æskilegt það væri, að lagður yrði vegur inn í Laugarnar, þangað, er svo margt kvennfólk fer og verður að fara með þvotta úr höfuðstaðnum, svo að það þyrfti ekki að verða úti hjer á landareign höfuðstaðarins, eins og við bar í vetur er var.

Hjer er stofnað sundfjelag ekki alls fyrir löngu, og munu h. framsögumenn báðir vera í því fjelagi; en hjer er þó enn ekkert baðhús, sem þó er alveg nauðsynlegt við sundæfingar og böð; því að það er mjög hættulegt, að klæða sig úr og í fötin í köldu veðri. Slíkt hús getur bæjarstjórnin látið gjöra sem fyrst, þegar búið er að samþykkja tillögu mína, fyrst hún er, hvort eð er, ekki búin að því.

Jeg skal nefna þriðja fyrirtækið, sem bæjarstjórnin ætti að hugsa um. Hinn framliðni merkismaður vor, Dr. Jón sál. Hjaltalín, sagði opt, að ef sótt kæmi upp hjer í bænum, þá yrði tjörnin hjerna fyrir sunnan húsið sönn eyðilegging og drep fyrir bæinn. Þessa tjörn, sem er versta ólyfjan, mætti gjöra að sannri bæjarprýði, og það ímynda jeg mjer, að bæjarstjórnin mundi gjöra, ef hún hefði nægilegt fje undir höndum. Enn mætti nefna mörg gagnleg fyrirtæki, bæði hjer og annarsstaðar, sem margir fátækir menn hjer og víðsvegar um landið gætu haft beztu atvinnu við; því hjer er, eins og jeg áður sagði, atvinnuleysi, og þar af leiðandi örbyrgð, bæjar- og sveitarþyngsli. Jeg er á sömu skoðun og hinn mikli hagfræðingur, 1. þm. Eyf. (A. Ól.), að betra sje að veita fje landssjóðs til að útvega mönnum atvinnu við góð og gagnleg fyrirtæki, en að láta það ganga til hallærislána, sem opt er ýmislega útbýtt; og get jeg í þessu tilliti vitnað einnig til h. þm. Vestur-Skapt. (O. P.), sem talaði svo rækilega á móti þessum hallærislánum eigi alls fyrir löngu. Jeg hygg því, að það sje á góðum ástæðum byggt, að jeg hefi leyft mjer að leggja það til, að þetta fje verði lánað sýslufjelögum og bæjarstjórnum til að koma fram góðum fyrirtækjum. Hagfræðingarnir eru með mjer í þessu, og sjálfur Páll postuli mælir með því, er hann segir, að þeir, sem ekki vilji vinna, eigi heldur ekki mat að fá.

Þó að jeg, því miður, ekki dirfist að vonast eptir meðmælum h. framsögumanna fjárlaganefndanna með þessari till. minni, þá vona jeg þó, að aðrir h. þingmenn, að minnsta kosti allir þeir, sem vita, hversu illt það er að fá atvinnu og koma á nytsömum fyrirtækjum, vilji styðja að því með atkvæði sínu, að till. nái fram að ganga. Hjer er ekki verið að skylda stjórnina til að veita meira fje, en unnt er; en þingið gjörir með þessari till. sitt til, að hver *vinnandi* fátæklingur geti fengið atvinnu, og staðið straum af sjer; ungbörn og gamalmenni verða eptir sem áður, þar sem forsorgara missir við, sveitarstyrki háð. Ef h. framsögumenn fjárlaganefndanna ráðast aptur á mig og till. mína, sem gjörð er í góðri meiningu, þá á jeg aptur kost á að tala og svara þeim.

Halldór Kr. Friðriksson: Það voru 2 atriði hjá h. framsögum. Ed. (M. St.), sem jeg vildi minnast á. Þar sem hann sagði, að það væri eigi rjett, að höfuðstóllinn af Staðarbyggðarláninu væri borgaður, því að hann feldist í jörðunum, sem eru eign landssjóðs, þá er spurningin, hvort svo er í reyndinni; en í rauninni er hann ekki samkvæmur sjálfum sjer. Ef fylgja ætti samkvæmni, þá ætti að borga þeim aptur það, sem þeir eru búnir að borga af höfuðstólnum, eða hinu upphaflega láni; en jeg sje eigi, að það sje ósanngjarnt, þó að lánið verði endurborgað með svo vægum kjörum, sem hægt er að fá. Jeg skoða þetta sem samninga milli leiguliða og lánardrottins, og Munkaþverárklaustur hefur boðið þessi boð. Viðvíkjandi Oddaprestakalli skal jeg minna á, að í fjáraukalögunum, sem búið er að afgreiða til hæstv. ldsh., sendur, að gefnar sjeu eptir 2000 kr., með því skilyrði, að Oddaprestakall afsali sjer svo mörgum jörðum, að afgjald þeirra nemi 500 kr. Ef nú á að fara að gefa eptir, kemur hvað í bága við annað. Í fjárlögunum er líka gjört ráð fyrir þessum 500 kr. af Odda. Skal jeg svo ekki svara h. framsögumanni meira; munurinn er annars lítill hjá okkur. En mjer fannst h. þm. Borgfirðinga (Gr. Th.) vera nokkuð harðorður til mín og «collega» míns; þegar báðar deildir eru búnar að koma sjer saman um *„principið“* í lögunum, virðist ekki ástæða til að fara að breyta því nú, og hans breyting er sú eina af breytingum þeim, sem fyrir liggja, sem er «princip»-spursmál. Mjer finnst h. þm. sjálfur ekki vera laus við smápólitík, t. d. þar sem hann vill færa laun aukalæknanna upp um 100 kr. Mjer heyrðist eins og hann teldi það eitthvað sjerstaklegt, að fjárlögin skyldu komast í sameinað þing, og áliti stofnað í hættu með því, að engin fjárlög yrðu. En hjer er einmit engin hætta, og það er ekki heldur í fyrsta skipti, sem fjárlög hafa komizt í sameinað þing. (*Gr. Th.*: Einu sinni áður). Hvernig getur þm. búizt við, að deildirnar komi sjer jafnan svo saman um öll smáatriði, að

ekki sje eitthvað, sem sameinað þing þarf að skera úr? Hina síðari breytingu sína var h. þm. að afsaka með því, að hún væri eigi mikil, af því að stjórninni væri veitt að eins heimild til þess, sem hún fer fram á. En hvað er hún þó annað en áskorun um að veita allt það fje, sem til er? Það, að veita stjórninni slíka heimild, getur ekki skoðast öðruvísi en sem áskorun. Hinn h. 3. kgk. þm. (M. St.) sýndi fram á, að innskriptarskírteinin væru hjer um bil upp unnin, þegar þau lán væru veitt, sem áður er búið að samþykkja; en jeg skal minna h. þm. Borgf. (Gr. Th.) á síðustu athugasemdina aptan við fjárlögin, og það er um 50,000 kr. til stofnunar búnaðarskóla. Jeg skal að endingu fræða h. þm. um það, að Reykjavík hefur tekið lán, tekur lán og mun taka lán, þegar nauðsyn krefur, bæði til nytsamra fyrirtækja, og til að útvega atvinnu; hún hefur ekki skirrzt við það hingað til, og þarf ekki þessa áskorun; en þegar hún tekur lán, hugsar hún líka um, að hún verður að borga lánið aptur.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg álít það skyldu mína að tala fáein orð vegna viðaukatillögu þeirrar, sem jeg á hjer. Þegar jeg kom á þing, flutti jeg tillögu um það, að varið yrði allt að 100,000 kr. af viðlagasjóði til þilskipakaupa. Kjósendum mínum var það ljóst, að í þessu hallæri og fiskileysi mundi þetta vera hið eina úrræði til að verjast væntanlegum skorti. Í sambandi við þessa tillögu mína, sem h. þing hefur svo vel tekið, stendur sú viðaukatillaga, sem jeg nú hefi komið með. Jeg verð að álíta það tilgangslaust, að kaupa þilskip, ef maður gjörir sjer ekkert far um að varðveita þau, og öllum þeim, sem kunnugir eru, mun vera það ljóst, að þessi staður, Hvaleyrartjörn, er hinn hentugasti staður og bezt fallni til að geyma skip á öllu landinu. Jeg skal ekki fara að rifja upp ástæður þær, sem því hafa valdið, að viðaukatillaga þessi hefur áður fallið í báðum h. þingd., og það stundum með jöfnum atkvæðum. Jeg hef heyrt þá mótbáru, að það væri vont fyrir skipin, að vera stundum á floti, en stundum í leir; en nú er tjörninni svo hagað, að skipin geta allt af verið þar á floti, því að dýptin er nægileg, og hef jeg það eptir fróðum mönnum, að einmitt færi bezt um eikarskip, að vera allt af í sjó, en vera ekki sett upp á þurrt. H. framsögum. Nd. (H. Kr. Fr.) hafði það á móti þessari viðaukatill., að ekki væri hægt að fá nægilega trygging fyrir þessu fyrirtæki. En jeg held jeg þori að bjóða honum út þannig, að jeg taki þetta í ábyrgð, en hann það, sem hann áðan sagði um, að landlæknir Schierbeck mundi framvegis kenna yfirsetukonum kauplaust, ef hann fengi þessa launaviðbót. H. sami þm. spurði, hvort þetta fje væri nægilegt. Hjer er ekki spurningin um það, heldur hitt, hvort alþingi 1885 vill nokkuð gjöra til að varðveita þilskipaútveg, og jeg skal taka það í ábyrgð, að verði þetta fje veitt, þá mun verkið verða gjört. En tryggging fyrir verkinu er þá í rauninni fyrst nægileg, þegar verkið er gjört, og það sýnir sig, að menn nota tjörnina, enda er jeg þess full-viss, að það yrði ekki suðurland eitt, sem gagn hefði af þessu fyrirtæki, heldur mundi og margur fyrir vestan og norðan verða feginn líka að nota hana. Jeg hef komið enn þá fram með þessa viðaukatill. af því, að jeg hef viljað láta þingið fá tækifæri til að hugsa sig vel um, áður en það segði þvert nei við þessu máli. Jeg hef þá von um Íslendinga, að einhvern tíma muni svo mikið verða gjört fyrir atvinnuvegi landsins, að það þyki kynlegt að lesa það í sögu þingsins, að þessi tillaga hafi verið felld í sameinuðu þingi 1885. Það er af þessari ástæðu, að jeg hef haldið þessari viðaukatillögu til streitu, því að 1000 kr. eru þó ekki nema 1000 kr., og það er ekki svo mikið fje, að ekki verði þá hægt að fá það á annan veg.

Hjer er ein breyt.till. nr. 441, sem jeg held að enginn hafi virt þess, að minnast á hana. Hún fer ekki fram á neitt stórræði, einnar 50 kr., og frá mínu sjónarmiði er það mjög hart, að neita heilsulausum og snauðum uppgjafapresti um svona lítið. Jeg hygg, að sæmd þingsins og landsins sje í hættu, ef það lætur embættismenn sína, sem ekki geta lengur þjónað þeim, veslast upp í eymd.

Tillöguna um hinn útlenda bankastjóra gat jeg ekki skilið, þegar hún var hjer síðast fyrir. Hún er nú reyndar lítið skiljanlegri nú, enda hirði jeg ekki um að skilja hana til hlítar. Jeg mun greiða atkvæði móti henni, og vona, að flestir h. þm. gjöri það líka, því að mjer þykir vansæmd gjörð löndum mínum, ef endilega þarf að fá útlendan mann til að koma á þessum banka.

Síðari hluti breytingartill. nr. 444 inniheldur hugmynd, sem samkvæm er minni

skoðun, að sem mestu sje varið til eflingar búnaði og framkvæmda í landinu. Upphæðin kann að vera tekin til nokkuð há, en stjórnin getur að sjálfsögðu ekki veitt meira en hún hefur til umráða.

Jón Jónsson: H. þm. Borgfirðinga (Gr. Th.) talaði um skort á eindrægni og meginreglum hjá fjárlaganefndunum; en eitt finnst mjer þó hafa verið regla hjá fjárlaganefnd Nd., sem er rjett meginregla, að auka ekki laun einstakra embættismanna að óþörfu. Sumra laun eru ef til vill of lág; en ef á að fara að breyta því, er rjett að taka fyrir launalögin í heild sinni. Það er varlega farandi í að hlynna að einstökum mönnum af svokölluðum sanngirnisástæðum. Einn getur kallað það sanngjarnt, sem annkallar ósanngjarnt. Til hvorstveggja geta verið margvíslegar persónulegar hvatir og annað, sem verkar meira en rjett er. Ef aukið er við annan þessara lækna, sem eru kennarar við læknaskólann, er sanngjarnt, að hinn fái líka launaviðbót; og ef þingið finnur ástæðu til, að breyta því, sem það samþykkti 1883 um laun kennaranna við læknaskólann, er bezt að taka hann fyrir í heild sinni; en það liggur hjer ekki fyrir. Viðvíkjandi lækninum á Ísafirði skal jeg geta þess, að ef hann fær þessa launaviðbót, sem um er talað, þá virðist sanngirni mæla með, að hinir læknarnir, sem líkt stendur á fyrir, fái það líka; en það mundi verða ekki lítil byrði á landssjóðnum, sem von er, að þingmenn vilji forðast.

Eiríkur Kúld: H. framsögum. fjárlaganefndarinnar í Nd. (H. Kr. Fr.) var mótfallinn breyt.till. nr. 444 um styrk til 3 aukalækna, og bar það helzt fyrir, að þessi læknaefni væru ekki til; en jeg tek það fram, og hef áður tekið það fram, að þetta er einmitt hvöt fyrir stúdenta til þess, að leggja sig fremur eptir læknisfræði. Jeg hef ávallt verið hlynntur læknamálum hjer á þingi; en jeg vil þannig hlynna að einum, að jeg ekki verði ósanngjarn við hinn, og er jeg því samdóma, að ástæða sje til að hækka laun Tómasar Hallgrímssonar; en þá skil jeg ekki í, að h. Ed. hefur ekki líka viljað hækka laun þess læknis, sem hefur beiðzt launahækkunar, og sem einn af lagamönnum þingsins hefur sagt um, að væri á takmörkunum milli sanngirniskröfu og fullrar rjettarkröfu. Ef laun Tómasar verða hækkuð upp í 2800 kr., þá verða hans laun 400 kr. hærri en laun Schierbecks sem forstöðumanns læknaskólans. En af því jeg þóttist ekki viss um, að þessi till. um launahækkun Schierbecks um 800 kr. yrði samþykkt, hef jeg leyft mjer að koma með till. nr. 440, ásamt 2 öðrum h. þingmönnum, og verður tekin aptur, ef breyt.till. nr. 439 verður samþykkt.

Viðvíkjandi viðaukatill. nr. 441 skil jeg ekkert í skilningsleysi h. þm. Rvk. (H. Kr. Fr.), þar sem bæði hæstv. landshöfðingi og h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) reyndu að sannfæra hann við umr. málsins í Nd. og tóku það fram, að það væri ómögulegt að þessi prestur gæti fengið styrk af því fje, sem veitt er undir 13. gr. A. b. 6. Viðvíkjandi viðaukatill. nr. 437 er jeg sömu skoðunar og áður. Jeg hef kynnt mjer málið enn betur og sannfærzt enn betur um, að full ástæða sje til að veita þennan litla styrk.

Jeg felli mig illa við uppástungu h. Ed. við 16. gr. 14. tölul., þótt mikil sanngirni mæli reyndar með þeirri beiðni, þar sem 2 mönnum í sömu stöðu hefur verið áður veittur líkur styrkur, þótt sá styrkur hafi reyndar ekki verið veittur á fjárlögum.

Th. Thorsteinson: Mig gleður það, að bæði h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) og h. þm. A.-Skapt. (J. J.) sögðu, að menn ættu að vera jafnsanngjarnir við alla lækna; en jeg vil geta þess, að það er sjerstaklega ástatt með lækninn á Ísafirði, þar sem þar hefur nýlega verið stofnað apótek og læknirinn þess vegna má sitja uppi með vörur, sem hann annars hefði getað selt. Mjer finnst mega veita hinum seinna, þótt honum sje veitt núna einum.

ATKVÆÐAGR.: Eptir skriflegri ósk 12 nafngreindra þingmanna var samþykkt að hætta umræðunum. Var síðan gengið til atkvæða. Breyt.till. 443 við 4. gr. var samþ með 18 atkv. gegn 13; breyt.till. 443 við 5. gr. samþ. með 18 atkv. gegn 16, að viðhöfðu nafnakalli. *Nei* sögðu: Arnljótur Ólafsson, Ásgeir Einarsson, Benidikt Sveinsson, Benidikt Kristjánsson, Einar Ásmundsson, Hallgrímur Sveinsson, Jakob Guðmundsson, Jón Jónsson, Jón Pjetursson, L. E. Sveinbjörnsson, Magnús Andrjesson, Magnús Stephensen, Pjetur Pjetursson, Sighvatur Árnason, Skúli Þorvarðarson, Þórarinn Böðvarsson. Breyt.till. 438 við 10. gr. C. 4. felld með 20 atkv. gegn 14. Breyt.till. 447

við 11. gr. 1. felld með 23 atkv. gegn 7. Breyt.till. 439 við 11. gr. 1., fyrri uppást., felld með 17 atkv. gegn 13. Breyt.till. 439, varauppást., samþ. með 19 atkv. gegn 13. Breyt.till. 445 við 11. gr. 1. samþ. með 18 atkv. gegn 16, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu *nei:* Eiríkur Kúld, Ásgeir Einarsson, Benidikt Sveinsson, Benidikt Kristjánsson, Egill Egilsson, Einar Ásmundsson, Hallgrímur Sveinsson, Holger Clausen, Lárus E. Sveinbjörnsson, Lárus Blöndal, Magnús Stephensen, Pjetur Pjetursson, Sighvatur Árnason, Þórarinn Böðvarsson, Þórður Magnússon, Th. Thorsteinson. Breyt.till. 444 við 11. gr. 2 samþ. með 22 atkv. Breyt.till. 443 við 13. gr. B. II. a. felld með 20 atkv. gegn 14, að viðhöfðu nafnakalli. *Já* sögðu: Eiríkur Briem, Eiríkur Kúld, Ásgeir Einarsson, Friðrik Stefánsson, Jón Jónsson, Magnús Andrjesson, Skúli Þorvarðarson, Tryggvi Gunnarsson, Þórður Magnússon, Þorkell Bjarnason, Þorlákur Guðmundsson, Þorsteinn Jónsson, Ólafur Pálsson, Þorvarður Kjerulf. Breyt.till. 441 við 15. gr. var samþ. með 20 atkv. Breyt.till. 443 við 16. gr. 1 felld með 18 atkv. gegn 5. Breyt.till. 446 við 16. gr. 1 felld með 17 atkv. gegn 14. Breyt.till. 440 við 16. gr. tekin aptur. Breyt.till. 443 við 16. gr. 11 felld með 18 atkv. gegn 15. Breyt.till. 443 við 16. gr. 14 samþ. með 18 atkv. gegn 14. Breyt.till. 437 við 16. gr. felld með 17 atkv. gegn 17, að viðhöfðu nafnakalli. *Nei* sögðu: Eiríkur Briem, Arnljótur Ólafsson, Ásgeir Einarsson, Einar Ásmundsson, Grímur Thomsen, Halldór Kr. Friðriksson, Jón Jónsson, Lárus E. Sveinbjörnsson, Magnús Stephensen, Ólafur Pálsson, Pjetur Pjetursson, Sighvatur Árnason, Skúli Þorvarðarson, Tryggvi Gunnarsson, Þorlákur Guðmundsson, Þorsteinn Jónsson, Þorvarður Kjerulf. Breyt.till. 444 um viðbót við fjárlögin var samþ. með 19 atkv. gegn 13. — Frv. í heild sinni með áorðnum breytingum samþ. í einu hljóði, og afgreitt síðan til landshöfðingja sem *lög frá alþingi*.

Sjötti fundur í sameinuðu þingi, fimmtudaginn 27. ágúst kl. 4½ e. h.

Forseti skýrði frá störfum þingsins og úrslitum málanna.

Að því búnu stóð upp

Landshöfðingi, og kvað hinn lögboðna þingtíma, sem og þann tíma, er hann eptir umboði konungs hefði lengt þingið um, vera liðinn. Lýsti hann þá yfir því, að þessu alþingi væri slitið.

Þá stóð upp

Jón Sigurðsson og mælti: *lengi lifi konungur vor Kristján hinn níundi*, og tóku þingmenn undir það í einu hljóði.

Var síðan gengið af þingi.